Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Stjórnarskrárnefnd í Ed.

Á 4. fundi í Sþ., 14. jan., var útbýtt frá Ed.: *Till. til þál. um skipun stjórnarskrárnefndar* (A. 3).

Á 3. fundi í Ed., 17. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 4. fundi í Ed., 18. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Svo sem kunnugt er, hefur hæstv. ríkisstj. borið fram í hv. Nd. frv. til stjórnskipunarl., sem öll stjórnarskrárn. varð sammála um að leggja fyrir hæstv. Alþ. og taka skyldi gildi eigi síðar en 17. júní 1944.

Það hefur áður tíðkazt, þegar slíkar mikilvægar breyt. hafa verið gerðar á stjórnskipunarl. ríkisins, að sú deildin, sem frv. er ekki borið fram í, skipar þegar í upphafi n., sem gæti orðið samvinnun. hinnar d. um athugun málsins. Sú breyt. á stjórnskipunarl., sem hér á sér stað, er viðurhlutameiri og merkari en allar aðrar breyt., sem fram að þessu hafa verið gerðar á þeim l. Og þykir því sjálfsagt, að frv. fái svo rækilega þingmeðferð sem unnt er, og þá þar með, að þessi hv. d. taki nú þegar þátt í meðferð málsins. Enda er þá ráðgert, að nefndir beggja d. starfi að öllu saman um íhugun og undirbúning þessa mikla máls. Þess vegna hafa þeir þrír flokkar, sem nú standa að framburði og afgreiðslu málsins, þegar komið sér saman um að leggja til, að þessi hv. þd. skipaði þegar í stað fimm manna stjórnarskrárn., og felst það í þeirri till., sem hér liggur fyrir. Ég vil því mega vænta þess, að hv. d. samþ. þáltill.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég vil aðeins taka fram, að ég fyrir mitt leyti og Alþfl. fellst á, að sú till., sem fram er komin og hv. 1. flm. hefur nú lýst, verði samþ.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 13 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 13 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 3).

Forseti (StgrA): Samkvæmt þessari samþykkt, sem nú hefur verið gerð hér, ber að kjósa hér í hv. d. fimm manna stjórnarskrárn.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins benda á það, að þetta var ekki boðað á dagskránni, að n. yrði kosin, og ég sé, að það vantar menn í d. Ég vildi leggja til, að n. þessi yrði ekki kosin, nema hv. þm. vissu um það áður.

Forseti (StgrA): Ég skal geta þess viðvíkjandi því, að tilkynnt hefur verið útbýting þskj. á fundinum, að mér hefur verið sagt, að vegna rafmagnsleysis hafi ekki verið hægt að ganga frá prentun þeirra, svo að þeim verður sennilega ekki útbýtt á þessum fundi.
Mér þætti mjög æskilegt, að hægt væri að ljúka kosningu stjskrn. í dag, vegna þess að það liggur ekki fyrir hv. d. annað mál. Vil ég gera tilraun til þess með því að fresta fundinum til kl. 2.

NEFNDARKOSNING.
Síðar á sama fundi var gengið til nefndarkosningar. Fram komu fjórir listar. Á A-lista var GÍG, á B-lista HermJ, BSt, á C-lista BrB, á D-lista BBen, MJ. — A-listi fékk 2 atkv., B-listi 5, C-listi 3 og D-listi 7. Samkv. því hlutu kosningu:

Bjarni Benediktsson,
Hermann Jónasson,
Magnús Jónsson,
Brynjólfur Bjarnason,
Bernharð Stefánsson.

---

2. Veðurfregnir.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um veðurfregnir* (A. 43).

Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 17. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Flm. (Pétur Ottesen): Það getur engum blandazt hugur um það, að hér á okkar landi hagar svo til, að þess er ærin þörf, að landsmenn taki í sína þjónustu þau tæki, sem við höfum yfir að ráða í því að hagnýta okkur aðstöðuna til þess að geta spáð nokkuð fram í tímann um það, hvernig viðrar. Þessi skilningur hefur lengi verið uppi hér á landi, og má segja það, að tæknin til að ráða í um veðrið var tiltölulega ekki langt á veg komin, þegar hafizt var handa um að gera tilraunir til þess, að Íslendingar tileinkuðu sér þessa tækni. Atvinnuvegum okkar bæði til lands og sjávar er þannig háttað, að sennilega hvergi á byggðu bóli á atvinnurekstur jafnmikið undir veðurfarinu og hér á landi, enda er það ekki að undra, því að lega landsins er þannig, að það liggur á straumamótum, þar sem æstir vindar geisa um og mætast iðulega með þeim afleiðingum, sem mönnum er kunnugt um.

Loks var það, að hér var komið á fót stofnun, — og var það þó tiltölulega snemma, eins og ég tók fram áðan, — sem átti að hafa það hlutverk að gera veðurathuganir og spá fyrir um veðrið. Íslendingar áttu því láni að fagna, að hér var þá á landi gáfaður maður, sem hafði kynnt sér þessi efni og nú er forstjóri Veðurstofunnar, hr. Þorkell Þorkelsson. Þá var einnig við nám úti í Noregi Íslendingur, sem hafði lært þar veðurfræði og auk þess unnið að þessum störfum um nokkurt skeið í Bergen, einmitt á þeim stað, þar sem veðurskilyrði eru einna líkust því, sem er hér á landi. Þessi maður, Jón Eyþórsson, var einnig fenginn til þess að starfa hér á Veðurstofunni, og höfum við því búið að störfum þessara manna síðan. Hafa verið aldir upp menn í stofnuninni til þess síðar að taka við af þeim. Þessi veðurstofa okkar eða þau afköst, sem eftir hana liggja hér á landi, svo sem veðurspár, veðurfregnir og gögn fyrir atvinnuvegi landsmanna, hafa ekki staðið að baki slíkum stofnunum annars staðar úti um heim, þegar litið er á, hversu afstaða öll er erfið hér á landi til þess að afla slíkra gagna, sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að geta byggt á nokkurn veginn áreiðanlegar veðurspár.

Sú aðstaða, sem Veðurstofan hafði hér, þangað til stríðið skall á, var þannig, að hún náði til veðurstöðva á því umhverfi, sem talið var nauðsynlegt til þess að byggja á nokkurn veginn ábyggilegar veðurfregnir. Þannig hafði Veðurstofan samband við stöðvar á Bretlandseyjum, austurströnd Ameríku, Grænlandi, Jan Mayen og einnig í Noregi. Þannig var lagður grundvöllurinn að því, að nokkurn veginn var hægt að ráða í veðurlag hér á næstu dægrum. Það, sem á vantaði, að hér væri samfelld og nægileg aðstaða fyrir hendi, var það, að það er stórt hafsvæði, sem liggur milli Bretlands og Ameríku, og er það mikilsvert fyrir veðurspár hér á landi að geta haft nokkrar fregnir af þessu svæði. Nú stóð svo á, að svæði þetta var fjölfarið af skipum, og gat því Veðurstofan haft samband við þau og á þann hátt fengið við og við fregnir um veðurfar á þessu svæði. Einnig þetta stuðlaði að því, að veðurspár mættu að sem beztu gagni koma fyrir landsmenn.

Þannig var þá málum komið, þegar stríðið skall á. En það hefur nú haft þær afleiðingar í för með sér, að nú stöndum við Íslendingar, hvað þetta snertir, algerlega varnarlausir, því að strax eftir að styrjöldin skall á, missti Veðurstofan fyrst allt samband við Danmörku og Noreg, eftir að þau lönd voru hertekin, og síðan þau sambönd, sem hún hafði haft við Bretlandseyjar, Ameríku og Grænland. Eftir að Ísland var hernumið, voru menn úr brezka setuliðinu um skeið í samstarfi við Veðurstofuna, og fékk hún þá nokkuð slitróttar fregnir frá stöðvum á ströndum Bretlands og Grænlands.

Þannig var málum háttað, þangað til árið 1941, en í byrjun þess árs var það, að setuliðið hér flutti sig burtu af Veðurstofunni og kom sér annars staðar fyrir með sjálfstæðum veðurathugunum. Þar með lauk því sambandi, sem Veðurstofan hafði haft við setuliðið um það að fá veðurfregnir. Síðan hefur svo Veðurstofan ekki haft nokkurt samband við þá staði, sem hún áður byggði á allar sínar veðurathuganir og veðurspár, og hefur því að þessu leyti verið innikróuð. Það svæði, sem Veðurstofan ræður nú yfir og getur fengið fregnir af, er eingöngu strandlengja landsins, og eru þó á því annmarkar, því að ég ætla, að upp á síðkastið hafi verið nokkurt hlé á, að Veðurstofan hafi fengið fregnir frá Papey. Það eru sem sagt eingöngu þeir staðir á strandlengju landsins, sem veðurathugunarstöðvar eru á, sem Veðurstofan getur fengið fregnir frá. Það er því skiljanlegt, að ekki er hægt að spá fram í tímann til neins gagns um það, hvernig viðra muni hér á landi, og því síður á fiskimiðunum kringum strendur landsins, þar sem aðeins er hægt að fá fregnir af veðurfari á svo takmörkuðu svæði. Aðstaða Veðurstofunnar núna er því sú, að þær veðurspár, sem hún sendir út, eru algerlega gagnslausar, a. m. k. fyrir fiskimenn landsins, enda viðurkenna þeir, sem standa fyrir Veðurstofunni, að þetta sé aðeins til þess að halda starfseminni uppi, en geti ekki verið til neins verulegs gagns fyrir almenning, sem á svo mikið undir veðurfregnunum. Sjómenn hafa einnig rekið sig á, að veðurfregnir þær, sem nú eru sendar út, eru aðeins svipur hjá sjón við það, sem áður var, og hafa menn þess vegna vanizt af því að byggja nokkuð á þessum fregnum viðvíkjandi sjósókn eða störfum í landi. Hafa því þeir, sem eiga mikið undir veðrinu, algerlega horfið frá því að varpa nokkru af áhyggjum sínum yfir á þessar fregnir, vegna þess hve þessar veðurspár eru gersamlega haldlausar. Í þessum sporum stöndum við Íslendingar nú varðandi öflun veðurfregna, og þessi er aðstaða okkar nú til þess að geta spáð nokkuð fram í tímann um veðrið, spá, sem þá vitanlega kemur ekki að neinu gagni.

Önnur hlið þessa máls er sú, að samfara því, sem Veðurstofan hefur misst alla aðstöðu til þess að geta aflað sér fregna um veðurfar og veðráttuútlit til þess að byggja á veðurspár, hafa einnig verið gerðar takmarkanir hér innan lands á því, hvernig Veðurstofan getur komið þessum veðurfréttum á framfæri til landsmanna. Þessar veðurfregnir, sem sendar eru út í sambandi við þá útsendingu, hafa nú verið afmarkaðar við átta svæði hér við strendur landsins, sem má senda þessar fregnir á. Þessi svæði eru: S.-Vesturland, Faxaflói, Breiðafjörður, Vestfirðir, Norðurland, N.-Austurland, Austfirðir og S.-Austurland. Það verður að senda þessar fregnir afmarkaðar á hvern stað fyrir sig, og ekki má gefa neinar upplýsingar um veðurlag á næsta svæði, heldur eru þessar fregnir, hver fyrir sig, einangraðar við eitt af þeim svæðum, sem hér er um að ræða. Mér er t. d. sagt, að menn, sem staddir eru á Norðurlandi og eru að leggja af stað á skipi þaðan til Suðurlands og ætli að afla sér fregna um veðurútlit utan þess hrings eða hins takmarkaða svæðis, sem þeir eru staddir á, geti ekki fengið neinar upplýsingar frá Veðurstofunni um veðurfar á neinum hinna átta áðurnefndra svæða, nema aðeins á því svæði, sem þeir eru staddir á. Vera kann, að eitthvað hafi út af þessu brugðið, en við því eru sett allströng fyrirmæli.

Nú er það svo, að útsendingar þessara fregna eru sendar gegnum landssímann, og þekkja menn, hversu tafsamt oft er að koma skeytum eða samtölum gegnum landssímann út um byggðir þessa lands. Hefur það oft viljað til, að þessi skeyti eða fregnir, sem þannig hafa verið sendar, að borið hefur út af því, að þau kæmust í tæka tíð til þeirra staða, sem þau áttu að fara til. Þetta er ekki nema eðlilegt, því að þessar skeytasendingar eru háðar þeim takmörkunum, sem eru hér á landi á skeytasendingum og símtölum. Þessu er því þannig varið, að okkur er markaður mjög þröngur bás í því að koma þessum lítilfjörlegu veðurfregnum, sem Veðurstofan hefur yfir að ráða, á framfæri. En þetta er, eins og nú er komið, minna atriði, vegna þess að þær veðurfregnir, sem um er að ræða, eru svo lítils virði, að lítið eða ekkert er upp úr þeim að leggja. Þess vegna er það, að þessi takmörkuðu svæði út af fyrir sig eru ekki jafnstórt atriði fyrir okkur og ef við ættum frekari aðgang að öflun upplýsinga um þessi efni. En þá kæmi sú bætta aðstaða ekki að fullu liði, nema rýmkað yrði jafnframt um útsendingarmöguleika á skeytum til þeirra stöðva, sem gefa á upplýsingar.

Sama má segja um talstöðvar og loftskeytastöðvar í skipum, að svo var komið, að ekki var aðeins bannað að nota loftskeytastöðvarnar, heldur var byrjað um eitt skeið að taka þær úr skipunum. Fyrir ötula milligöngu íslenzkra stjórnarvalda var þó komið í veg fyrir þetta. En hins vegar voru þær hömlur lagðar á varðandi notkun loftskeytatækja og talstöðva í skipum og bátum, að í rauninni má ekki nota þessi tæki nema í lífsnauðsyn. Þannig hefur mér verið sagt það af sjómönnum, að notkun talstöðva í bátum sé markaður svo þröngur bás, að það megi ekki einu sinni tala um það, að verið sé að draga línu, og ekki heldur, að ekki sé verið að draga línu, því að í báðum tilfellunum má draga ályktanir um, hvernig veðrið sé á þessum stað. Með öðrum orðum, það má aðeins nota þessi tæki í skipum, ef um er að ræða yfirvofandi lífshættu. Þetta eru því ákaflega harðir kostir, sem Íslendingar búa hér við, ekki sízt þegar litið er á þau skilyrði og þá hörðu baráttu, sem Íslendingar verða að heyja hér fyrir tilveru sinni, auk þess sem sú barátta er nú, eins og sakir standa, einnig háð fyrir tilveru annarra, er njóta góðs af þeim aflafeng, sem hér er framleiddur, hvort heldur til lands eða sjávar.

Þessi aðstaða, að því er snertir öflun grundvallar undir veðurskeytin, sem má byggja á, og þar sem við höfum eingöngu yfir að ráða upplýsingum, sem hægt er að fá frá ströndum landsins, þá nær hún eins og gefur að skilja skammt, sérstaklega með tilliti til legu landsins. Stormsveipir og aftakaveður berast með ákaflega miklum hraða upp að ströndum landsins, en þegar hægt er að fá veðurfregnir af stórum svæðum, þá hefur það reynzt svo að undanförnu, að hægt er að vita um stefnu þessara stormsveipa og einnig að mæla hraða þeirra, og er þannig mögulegt að gera sér nokkuð ljósa grein fyrir því, hvenær þeirra sé að vænta á fiskimiðunum og við strendur landsins og hvenær þeir fari yfir landsbyggðina. Eins og nú standa sakir, stöndum við gersamlega varnarlausir gagnvart þessum aftakaveðrum og vitum ekkert, fyrr en þau eru skollin á með þeim afleiðingum, sem þau hafa í för með sér.

Nú er það svo, að Englendingar og Bandaríkjamenn hafa komið sér upp nokkuð mörgum veðurathugunarstöðvum hér á landi og hafa samband við allar þær stöðvar, sem íslenzka Veðurstofan hafði áður samband við, auk þess sem þeir geta aflað sér upplýsinga frá sínum eigin skipum, sem sigla um hið stóra hafsvæði milli Bretlandseyja og Ameríku og mjög mikilsvert er að geta haft spurnir af um veðurfar. Það vantar því ekki, að hér á landi séu margar stöðvar, sem hafa allar sams konar upplýsingar og íslenzka Veðurstofan hafði áður til þess að byggja veðurspár sínar á og þar á meðal þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir Veðurstofuna, þegar fárviðri eru í nánd, en það gæti oft orðið til þess að forða veiðarfæratjóni, bátatjóni og stórkostlegu manntjóni. Þessar upplýsingar liggja allar fyrir hér á landi, og þannig má ætla, t. d. í sambandi við hið mikla fárviðri, sem geisaði yfir fiskimiðin hér við vestur- og suð-vesturströnd landsins síðastliðinn laugardag, að ef Veðurstofan íslenzka hefði haft þessar upplýsingar, þá hefði verið hægt að afstýra því mikla tjóni, sem fárviðri þetta olli. En þessar veðurfregnir, sem setuliðið hér býr yfir, eru algerlega lokuð bók fyrir veðurfræðinga okkar og því ekki til neinnar varúðar fyrir fiskimennina, sem hætta sér út á fiskimiðin á hinum löngu og dimmu vetrarnóttum. Eru þessir menn algerlega sviptir þeirri

vernd, sem þeir gætu haft með því að fá aðvaranir um veðurútlit í tæka tíð.

Þess vegna liggur þetta mál þannig fyrir, að það, sem ég ætlast til með samþykkt þessarar þáltill., er það, að stj. vinni að því við hernaðaryfirvöldin hér, að íslenzka Veðurstofan fái sömu aðstöðu og áður til þess að afla sér veðurfregna til að byggja á veðurspár sínar, eða þá hitt, að setuliðsstj. hér eða menn hennar, sem hafa viðkomandi störf með höndum, láti Veðurstofunni í té í tæka tíð þær upplýsingar um veðurfar, sem þeir hafa, svo að Veðurstofan geti svo unnið úr þeim og komið þeim á framfæri til landsmanna í tæka tíð. Mér skilst, að það sé því eftir annarri hvorri af þessum tveim leiðum, sem við verðum að freista þess eftir ýtrustu getu að fá eitthvað unnið á frá því, sem nú er, því að eins og sakir standa, er það meðal annars af þessum sökum, sem sjósókn hér við strendur Íslands er engu síður hættuleg en orustur þær, sem stórþjóðirnar heyja, sem nú berast á banaspjót úti um víða veröld. Hér er því hvorki um meira né minna að ræða en það, að allar líkur eru til, að við verðum að halda áfram að fórna mannslífum á sjónum eins og hingað til, ef fiskimenn verða sviptir þessari vernd, sem veðurfregnirnar gætu veitt þeim, ef engin breyting fæst á þessu gerð. Þetta er því mjög ömurlegt hlutskipti, þegar Íslendingar hafa sjálfir stofnun í sínu eigin landi, sem gæti verið okkur mikil vernd í hinni hörðu baráttu, ef þessi stofnun fengi notið þeirrar aðstöðu, sem hún þarf að hafa og gæti haft til þess að geta aflað sér upplýsinga viðvíkjandi starfi sínu. Setuliðið hér hefur í hendi sinni allar þessar upplýsingar, og er aðeins um það að gera að fá það til þess að láta landsmönnum þær í té.

Það er ekki hægt að krefjast þess af ríkisstj., að hún geri hér nein kraftaverk. Hins má fullkomlega vænta, að hún reyni til þrautar að fá úrlausn á þessu máli eftir þeim höfuðleiðum, sem ég gat um hér að framan. Þeim aðilanum, sem við eigum undir úrlausn þessa máls, ætti að vera bezt skiljanlegt, hvers virði það er, að við getum aflað þess bjargráðs, sem þeir telja sér nú svo mikils vert. Ég veit, að hæstv. ríkisstj. og ekki sízt hæstv. utanrrh., sem hér verður eðlilega í fararbroddi, er allur af vilja gerður að gera það, sem hægt er til að greiða úr um þetta.

Það, sem ég sagði hér um það, sem við eigum í húfi, er sízt orðum aukið, aðeins blákaldur veruleikinn, eins og reynslan færir okkur heim sanninn um, hvað við blasir, ef ekki fæst úr bætt. — Ég hef enga till. um að vísa málinu til n. Það liggur ljóst fyrir, og full nauðsyn er að geta undið að því bráðan bug sem fyrst. Ég vænti þess, að hv. Alþ. geti fallizt á þessa till. eins og hún liggur fyrir og afgreiði hana síðan til hæstv. ríkisstjórnar.

Ég vil þakka hæstv. forseta, að hann hefur greitt fyrir framgangi þessa máls með því að taka það nú þegar á dagskrá, þó að það samkv. eðlilegum gangi þingmála hefði átt að bíða einum degi lengur.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Það er rétt hjá hv. þm. Borgf., að Veðurstofan er miklum mun verr sett með að gefa veðurfregnir en var fyrir stríðið. Þetta hefur mönnum verið ljóst, og hæstv. fyrrv. ríkisstj. reyndi að bæta úr því, sem áfátt var. Hið sama hefur núv. ríkisstj. gert. Það er rétt hjá hv. þm., að áður fékk Veðurstofan veðurfregnir frá Ameríku, Bretlandi, Grænlandi og Noregi, en það mun öllum ljóst, að stríðsaðilar líta svo á, að veðurfréttir séu hættulegt vopn í höndum andstæðinga. Þess vegna er í öllum þeim löndum, sem þátt taka í stríðinu, bannað að senda út veðurfregnir, og við það atriði er ekki hægt að ráða. Hins vegar mun það vera svo, að herstjórnin hér á landi fær ýtarlegar veðurfregnir og veðurspár, en hún er mjög fastheldin á þær af þeim ástæðum, sem ég nefndi áðan, og hún telur miklu máli skipta, að veðurfregnir hennar fari ekki til óvinanna. Það er ástæðan til þess, að treglega gengur að fá þá lausn, sem æskileg væri. Á síðastliðnu ári reyndi núv. ríkisstj. mjög mikið að hafa áhrif í þessu máli og setti fram greinilegar kröfur um, að losað yrði um þau höft, sem eru á Veðurstofunni. Hún bar fram óskir á þann hátt, sem hv. síðasti ræðumaður tók fram, að samvinna yrði höfð um þessi mál milli herstjórnarinnar og Íslendinga, en því miður með neikvæðum árangri, þó að við bærum fram öll þau rök, sem hv. þm. Borgf. nefndi áðan. Ríkisstj. tók þó málið upp aftur og hefur nú farið fram á hið sama með einbeittum kröfum og rökum. Hver árangur fæst, þori ég ekki að fullyrða, en ég fullyrði, að eftir því, sem minn máttur má, skal eftir þessu gengið og leitazt við að fá um þetta svo fljóta og greiða úrlausn sem nokkur kostur er á, og verður þetta gert, hvort sem sú till., sem hér liggur fyrir, verður samþ. eða ekki.

Um Veðurstofuna að öðru leyti vil ég taka það fram, að hún leysir sitt starf af hendi eftir þeim skilyrðum, sem fyrir hendi eru. Um það tilfelli, sem hv. þm. nefndi, þegar ofviðrið skall á, sem olli hinum hörmulegu slysum, er það að segja, að ég ætla, að Veðurstofunni hafi heppnazt að gefa út tilkynningu um, að stormur væri í aðsigi, er hafi verið send bæði til Vestfjarða og stöðva við Faxaflóa. Það breytir að vísu ekki því, að þörf sé á, að bætt sé um skilyrði Veðurstofunnar, og eins og ég sagði, verður lagt allt kapp á, að svo geti orðið.

Mér skildist á hv. þm. Borgf., að það kæmi fyrir, að landssíminn léti veðurskeyti sitja á hakanum. Ég vona, að þetta sé byggt á misskilningi. (*PO:* Ég sagði það ekki.) Þá bið ég afsökunar, enda ætti að vera í lófa lagið að hafa eftirlit með, að slíkt kæmi ekki fyrir í framtíðinni, og mun verða lagt ríkt á um það, að slíkt komi ekki fyrir.

Hv. flm. sagðist treysta á, að þetta yrði lagt fyrir ráðamenn herstjórnarinnar og reynt að fá þann árangur, sem nauðsynlegur er. En eins og ég sagði áður, hefur þetta þegar verið lagt fyrir hana með ákveðnum kröfum og rökum, og því

verður fylgt eftir að fá svör svo fljótt sem kostur er.

Flm. (Pétur Ottesen): Ég þakka hæstv. ráðh. góðar undirtektir um þetta mál.

Hæstv. ráðh. segir, að hann muni vinna að þessu máli áfram, hvort sem till. verður samþ. eða ekki. Ég hélt, að honum mætti þykja að því nokkur styrkur að fá þessa till. samþ. og fá fram einróma vilja Alþ. um málið, sem ég efast ekki um, að fáist. Ég ætla, að hæstv. ráðh. ætti að hafa nokkurn stuðning í baráttu sinni í því að fá slíka samþykkt nú. Hitt var misskilningur, að ég segði, að það væri af nokkurs manns völdum eða landssímans, að veðurskeytin teföust, en hitt er vitað, að tíðar símabilanir valda töfum, og auk þess eru svo mikil þrengsli á símanum, að margt nauðsynlegt verður af þeim ástæðum að sitja á hakanum. Ég var síður en svo að saka landssímann um það, að hann gerði ekki allt, sem hann gæti, til að koma veðurskeytum áleiðis. Um það, að Veðurstofan hafi sent út aðvörun um það, að stormur væri í aðsigi, er það að segja, að menn hafa reynslu af því, að veðurfregnir Veðurstofunnar eru nú óábyggilegar, hvort sem spáð er góðu eða illu. Auk þess var aðvörunin ekki gefin út þannig, að búast mætti við öðru eins fárviðri og á daginn kom, að hefði Veðurstofan vitað það, er ekki að efa, að hún hefði stílað aðvörun sína með öðrum hætti. Ég efast ekki um, að hún geri það, sem hægt er, eftir þeim aðstæðum, sem hún býr við.

Ég vil að lokum segja þetta: Ef svo reynist, að þeir menn, sem hér hafa um að ráða, daufheyrast við kröfum Íslendinga um það, að nokkuð sé rýmkað til, þá megi þeir fá að vita, að þeir eru hér að framkvæma glæpsamlegt athæfi gagnvart hinni íslenzku þjóð.

Gísli Jónsson: Það er bert, eftir þeim umr., sem hér hafa farið fram, að það er tilgangur hv. flm. að gefa hæstv. ríkisstj. styrk bak við sig um kröfur á hendur erlenda hervaldinu. Ég vil benda hv. flm. á, hvort ekki væri rétt að taka till. til nánari athugunar og breyta orðalaginu. Ef það er meiningin hjá hv. flm. að veita hæstv. ríkisstj. aðstoð, vildi ég ráðleggja honum að breyta þá orðalaginu þannig, að ríkisstj. skuli falið að láta Veðurstofuna senda til íslenzkra fiskiskipa þær veðurfregnir, sem hægt er að afla hér. Það mundi þá frekar verða skoðað af herstjórninni sem tilboð um samvinnu. Ég legg ekki til, að málið fari í n., en væri það ekki heppilegra með tilliti til þess, að árangur náist með samkomulagi við herstjórnina?

Flm. (Pétur Ottesen): Ég legg það á vald Alþ., hvort það vísar till. til n. eða ekki. Ég efast ekki um, að hæstv. ríkisstj. mun flytja þau rök, sem til eru í þessu máli, og till. er þannig orðuð, að ekki er hægt að misskilja orðalagið. Ég legg sem sagt enga megináherzlu á, hvort till. fer í n. eða ekki. Ég hygg, að þess sé ekki þörf. En ég legg áherzlu á það, að Alþ. afgreiði þetta mál nú og einmitt í tilefni af því, sem nú hefur verið að gerast og hægt er að benda á til rökstuðnings málinu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 56).

3. Eftirlit með skipum.

Á 11. fundi í Sþ., 1. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun á lögum um eftirlit með skipum og um athugun á framkvæmd skipaskoðunar (A. 22).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Flm. (Finnur Jónsson): Þessi till. fer fram á, að skipuð sé sérstök n. til að endurskoða l. um eftirlit með skipum og bátum, tilskipanir og reglugerðir um það efni, en jafnframt sé n. falið að athuga framkvæmd skipaeftirlitsins á gildandi ákvæðum.

Till. er fram komin vegna þeirra umræðna, sem nú hafa orðið um þessi mál. Þær umr. virðast benda til, að lögum og reglugerðum sé í ýmsu áfátt og þá ekki síður eftirlitinu í framkvæmd.

Fyrstu l. um þetta efni voru sett hér 1903. Lagafrv. var flutt af Jóhannesi Ólafssyni, þáv. þm. V-Ísf., og lét hann þau orð falla í ræðu, að það væri fram komið af því, að það mætti teljast lífshætta að stunda sjó á mörgum þilskipunum, það hefði jafnvel komið fyrir, að skip hefðu liðazt sundur á rúmsjó, og það ekki í vondu veðri.

Eftir því sem útgerð þróaðist og breyttist, hlaut löggjöfin vitanlega að taka breytingum og þar með tilskipanir og reglugerðir um þessi efni. Ný l. voru sett 1922 og tilskipun, sem enn er í gildi. L. hefur verið breytt nokkrum sinnum, síðast 1935 og 1938. Ástæðan til þeirra tíðu endurskoðana var vitanlega sú, að menn hafa fundið, að hvorki var þessi lagasetning eins örugg og vera þurfti né heldur framkvæmd hennar. Í 2. gr. l. frá 11. júní 1938 er svo fyrir mælt, að fyrir árslok 1938 skuli tilskipunin, sem ég nefndi, frá 1922 vera tekin til endurskoðunar. En það hefur ekki verið gert enn, hvernig svo sem á því stendur. Ég vil ekkert fullyrða um það, í hverju tilskipuninni frá 1922 muni einkum vera ábótavant, en hví hefur ekki verið framkvæmdur vilji Alþingis 1938? Það má ekki dragast lengur. Sá sljóleiki er Alþ. vanvirða.

Af blaðaummælum undanfarið virðist það nokkuð vel rökstutt, að mikið skorti á framkvæmd eftirlitsins. Meðal þeirra rökstuddu greina, sem

ég á við, skal ég minna á nokkrar. Í viðtali Alþýðublaðsins við Sigurjón Á. Ólafsson 23. jan. s. l. er m. a. kveðið svo að orði, að nú flytji togarar allt að helmingi meiri fisk til útlanda en þeir þóttu mega bera fyrir stríð. Í grein í sama blaði 26. jan., eftir sjómannafélaga nr. 563, um sjóslysin og öryggismálin, eru ræddar ýmsar till. þessu til bóta. Í grein eftir Guðmund Guðmundsson frá Ófeigsfirði í Vísi 28. jan. er kveðið líkt að orði og hjá S. Á. Ó. *um ofhleðslu skipanna og rökstutt á margan hátt og borið saman við það, sem var fyrir nokkrum árum.* Mér þóttu þessi ummæli furðu ótrúleg, þótt eftir góðum og gegnum mönnum væru, og fannst ástæða til að líta í opinberar skýrslur, áður en þetta málefni kæmi til umræðu hér í þinginu.

Samkv. skýrslu frá Fiskifélagi Íslands kemur þó í ljós, að ummæli Sigurjóns Á. Ólafssonar og Guðmundar Guðmundssonar frá Ófeigsfirði eru sönn. Togararnir flytja 60—100% þyngri farm en fyrir stríð, svo að um gífurlega ofhleðslu er að ræða, því að ekki hefur burðarmagn þeirra aukizt. Ég vil leyfa mér að lesa hér eftirfarandi útdrátt úr skýrslu Fiskifélagsins, þar sem tekin er fram rúmlestatala margra togara og mesta hleðsla 1939 annars vegar og 1943 hins vegar:

Arinbjörn hersir. Rúmlestir: 321; 1939: 93929; 1943: 205409.

Belgaum. Rúmlestir: 337; 1939: 120142; 1942: 159421; 1943: 214440.

Baldur. Rúmlestir: 315; 1939: 85725; 1942: 165506; 1943: 182060.

Egill Skallagrímsson. Rúmlestir: 308; 1939: 108407; 1942: 165506; 1943: 182060.

Geir. Rúmlestir: 309; 1939: 92482; 1942: 132893; 1943: 153021.

Gulltoppur. Rúmlestir: 405; 1939: 122225; 1942: 188671; 1943: 221678.

Gylfi. Rúmlestir: 336; 1939: 123825; 1942: 203454; 1943: 219456.

Gyllir. Rúmlestir: 369; 1939: 130454; 1942: 191592; 1943: 206622.

Hafsteinn. Rúmlestir: 313; 1939: 84480; 1942: 157351; 1943: 201295.

Haukanes. Rúmlestir: 341; 1939: 103784; 1942: 159359; 1943: 180784.

Helgafell. Rúmlestir: 314; 1939: 107136; 1942: 159563; 1943: 192430.

Hilmir. Rúmlestir: 306; 1939: 92964; 1942: 133045; 1943: 161899.

Júní. Rúmlestir: 327; 1939: 97536; 1942: 156845; 1943: 183705.

Júpíter. Rúmlestir: 394; 1939: 146214; 1942: 211518; 1943: 271424.

Kári. Rúmlestir: 344; 1939: 103154; 1942: 163004; 1943: 176632.

Karlsefni. Rúmlestir: 223; 1939: 108923; 1942: 157073; 1943: 177698.

Maí. Rúmlestir: 339; 1939: 104496; 1942: 159446; 1943: 192392.

Max Pemberton. Rúmlestir: 321; 1939: 108518; 1942: 159816; 1943: 199898.

Óli Garða. Rúmlestir: 316; 1939: 118059; 1942: 168656; 1943: 208940.

Rán. Rúmlestir: 262; 1942: 126809; 1943: 137033.

Sindri. Rúmlestir: 241; 1939: 96215; 1942: 125273; 1943: 139192.

Skallagrímur. Rúmlestir: 403; 1939: 153670; 1942: 215747; 1943: 243650.

Skutull. Rúmlestir: 314; 1943: 104039; 1942: 152501; 1943: 184435.

Snorri goði. Rúmlestir: 373; 1939: 186484; 1942: 179070; 1943: 204441.

Surprise. Rúmlestir: 313; 1939: 90932; 1942: 165290; 1943: 186309.

Tryggvi gamli. Rúmlestir: 326; 1939: 93662; 1942: 162814; 1943: 182245.

Venus. Rúmlestir: 415; 1939: 137765; 1942: 217487; 1943: 276161.

Vörður. Rúmlestir: 316; 1939: 107950; 1942: 198882; 1943: 215201.

Þorfinnur. Rúmlestir: 269; 1939: 87224; 1942: 124714; 1943: 139090.

Þórólfur. Rúmlestir: 403; 1939: 122530; 1942: 227000; 1943: 247967.

Ég mun leggja þessa skýrslu í heild fyrir þá n., er fær þetta mál til meðferðar. Í henni er margt fleira, og er þar m. a. skýrt frá meðalhleðslu togaranna, en ég hef hér lesið upp mestu hleðslu 1939 og síðan 1943, af því ég álít, að þær tölur sýni bezt ofurkappið, sem í þetta er nú komið.

Ég er ekki mjög kunnugur togaraútgerð, en þó þekki ég vel togarann Skutul, sem var einn af þeim, er ég las upp áðan. Hann er 314 smálestir eða sem næst meðalstærð togara. Ég var oft viðstaddur, er hann var hlaðinn af ísfiski á Ísafirði fyrir stríð, og þótti hann þá fullhlaðinn með 110—120 smálestum við bryggju, en viðurkennt er, að ísfiskurinn léttist um 10% á leiðinni. En upp úr þessum togara koma svo *184,5* smálestir 1943. Nú má vera í sambandi við þetta, að árið 1939 hafi togararnir siglt meira á austurströnd Bretlands en árið 1943, en það er lengri sigling, og því mætti segja, að hleðslan ætti að vera minni. En mér er þó óhætt að segja, að togararnir hafi ekki siglt meira en í þriðja hvert skipti á austurströndina 1943, og þó að það hefði verið oftar, þá er þetta hvergi nærri full skýring. Ég veit þetta bezt með því að gera samanburð á Skutli, sem þótti fullhlaðinn 1939 með 129 smálestum, en upp úr honum koma svo 184,5 smálestir úti á Englandi 1943. Hér er eingöngu um ofhleðslu að ræða, það er eina skýringin á þessu.

Í l. um skipaeftirlit eru eigendum, skipstjórum og útgerðarmönnum lagðar ýmsar skyldur á herðar. M. a. er þeim skylt að sjá um haffæri skipa. Það má spyrja, hafa þeir uppfyllt þessa skyldu? Skylda þessi er skýr í 4. gr. l., þar sem svo er kveðið á, að skipaskoðunarmaður hafi leyfi til að fastsetja skip, ef hann telur þau óhaffær. Vitanlega telst ofhleðsla hér undir.

Nú hefur verið sett í sérstaka reglugerð hér um útbúnað skipa frá 10. nóvember 1943, að öll farþega- og vöruflutningaskip þurfi að hafa hleðslu-

merkjaskírteini samkv. alþjóðal. og auk þess fiskflutningaskip, sem sigla á milli landa. Við þetta er það að athuga, að hleðslumerkin eru ekki athuguð, fyrr en skipin láta úr höfn. En á veiðunum hafa skipin mikið innan borðs af veiðarfærum og lýsi og eru létt um þetta upp á hleðslumerki, er þau koma af veiðum. Maður getur því ímyndað sér hleðslu þeirra við strendurnar, þegar þau flytja allt að 100% þyngri farm út en áður var hægt talið og þau eru byggð fyrir, eftir að þau hafa létt sig um veiðarfæri og lýsi.

Það má segja, að það sé e. t. v. ekki viðeigandi að deila opinberlega á skipaeftirlitið, en ég tel fram komnar svo rökstuddar ákærur, að slíkt megi ekki lengur kyrrt liggja.

Viðvíkjandi framkvæmd skipaskoðunarl. er svo fyrir mælt, að skipaskoðunarstjóri megi ekki hafa nein önnur launuð störf með höndum nema með leyfi ráðh. Nú hefur skipaskoðunarstjóri hins vegar verið trúnaðarmaður Eimskipafélags Íslands um breytingar á skipum þess og jafnvel gegnt fleiri launuðum störfum. Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort þetta sé með hans leyfi. Enn fremur er svo fyrir mælt, að ráðh. skipi skipaskoðunarmann í hverjum landsfjórðungi. Mér er ekki kunnugt um, að þetta ákvæði hafi verið uppfyllt, og eru þó þessi l. frá 1938. Má vera, að þessi vanræksla breyti litlu um hér og í Hafnarfirði, þar sem mesta togaraútgerðin er, þar eð skipaeftirlit ríkisins er hér. En út á landi gæti þetta haft þýðingu. Þá er í sömu l. ákvæði um það, að við aðalskoðun skuli vandlega athuga öryggi skipanna, og fari slík skoðun ávallt fram þegar skip eru keypt til landsins. Undanþágur má veita, þó aldrei um haffæri, ferðbúnað eða annað, er varðar lífsöryggi manna.

Ég hef hins vegar þá sögu að segja, að í fyrra kom ég eitt sinn niður á hafnarbakka og sá þar skip, sem nýbúið var að kaupa frá útlöndum. Það var verið að taka bönd úr þessu skipi, og voru borin upp á hafnargarðinn. En þau voru ekki borin í heilu lagi, heldur í pokum. Þau voru svo fúin, að moka varð þeim eins og ösku og flytja í pokum. Þessu skipi hafði verið siglt frá Ameríku af íslenzkum sjómönnum, og síðan var því tvisvar eða þrisvar siglt til Englands með ísfisk — með undanþágu, að mér er tjáð, — og lífi sjómannanna þannig stofnað í voða.

Eins og ég sagði áðan, þá er ég ekki gagnkunnugur togaraútgerð, en af sögunni um þetta fúna skip og burðarmagni Skutuls, sem ég gerði að umtalsefni áðan, má mikið ráða.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. Ég hef fulla trú á, að þessi till. verði samþ. En ástæðan til þess, að við flm. gerum ráð fyrir, að þessi n. taki strax til starfa og ljúki störfum fyrir 1. júní þ. á., er sú, að við teljum brýna nauðsyn vera til að notfæra sér þegar niðurstöður rannsóknar þeirrar, sem sjódómur Reykjavíkur er að framkvæma eftir boði atvmrh., með tafarlausri lagasetningu um þessi efni eigi síðar en þegar þ. kemur næst saman. En komi eitthvað mikilvægt fyrr fram, þá leysi ríkisstjórnin það með bráðabirgðalögum.

Við flm. höfum talið eðlilegast, að stéttasamtök sjómanna og útvegsmanna tækju sameiginlega þátt í skipun þessarar fyrirhuguðu n., en form. hennar væri skipaverkfræðingur, skipaður af ríkisstj. Ætlazt er til, að Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefni einn nm., en í því eru einkum stéttarfélög yfirmanna á skipum. Sjómannafélagi Reykjavíkur er ætlað að tilnefna annan nm., en það hefur ásamt félögum í Farmanna- og fiskimannasambandinu átt mestan þátt í að semja við útgerðarmenn um öryggismál sjómanna. Hins vegar get ég fyrir mitt leyti fallizt á, að Sjómannafélög Reykjavíkur og Hafnarfjarðar tilnefni þennan nm. í sameiningu. Er sanngjarnt, að sjómenn eigi þarna einn fulltrúa, ekki sízt þar sem miklu af rannsókn þessara mála er beint gegn ofhleðslu skipanna. Þriðji maðurinn sé tilnefndur af Landssambandi útgerðarmanna, en í því eru öll útgerðarfélög botnvörpuskipaeigenda. Fjórði nm. skal tilnefndur af Fiskifélagi Íslands, sem yrði þá fyrir smáútgerðina.

Till. okkar um skipun þessarar n. eru sniðnar við það að ná sem fyllstu samstarfi milli útgerðarmanna og fiskimanna til úrbóta göllunum. Einhliða valdboð á að forðast í þessum efnum, lagasetningin á að byggjast á samkomulagi þessara aðila. Ef það næst ekki, þá verður löggjafarvaldið sjálft að hefjast handa og úrskurða, hvernig ráða skuli fram úr þessu mikla og knýjandi vandamáli.

Menn hafa stundum bundizt samtökum hér um mikilvæg heilbrigðismál, svo sem útrýmingu berkla. Þó hefur sjórinn höggvið jafnvel stærra skarð í þjóðina en berklarnir. Það er því auðsýnt, að vinna verður að því með öllum þeim ráðum, sem í mannlegu valdi standa, að þessu ógurlega mannfalli linni.

Að svo mæltu óska ég eftir, að málinu verði vísað til allshn. og síðari umr.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Sþ., 2. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Við framsögu þessa máls beindi hv. þm. Ísaf. til mín tveim fyrirspurnum, sem ég vil nú svara.

Fyrri fyrirspurnin var um það, hvort það væri með mínu samþykki sem atvmrh., að skipaskoðunarstjóri væri um leið eftirlitsmaður með skipum Eimskipafélagsins. Ég hef ekki verið beðinn um samþykki til þess og því ekki veitt það, en til frekari upplýsingar þykir mér rétt að geta þess, að Eimskipafélagið mun fyrir mörgum árum hafa farið fram á það, að skipaskoðunarstjóri mætti hafa eftirlit með skipum þess, og mun það leyfi hafa verið veitt. Síðan — eða árið 1938, þegar þau l. voru sett, sem nú gilda um skipaskoðun, — þá mun hafa verið rætt um það í sjútvn. annarrar hvorrar hv. d., ég held Ed., hvort rétt væri að banna, að þessi aukastörf væru látin hvíla á herð-

um skipaskoðunarstjóra, og auka þá jafnframt kaup hans sem svaraði því, er Eimskipafélagið hafði greitt honum, en niðurstaða þingn. varð sú, að hún taldi ekki ástæðu til að gera þetta, því að launakjör *hlutaðeigandi embættismanns voru ekki bætt*, og hélt hann því áfram þessu aukastarfi. Enn fremur má geta þess, að þetta eftirlit er nú orðið miklu minna en áður var, og er aðeins um eftirlit að ræða, sem tekur tiltölulega lítinn tíma frá aðalstarfi *þessa embættismanns*. Ég vona, að hv. fyrirspyrjanda þyki þetta nægilegt svar af minni hálfu.

En hvað viðkemur þeirri fyrirspurn hv. þm., hverju sæti, að ákvæðin frá árinu 1938 um að skipa fjórðungsskipaskoðunarmenn hafi ekki verið framkvæmd, *er það að segja, að þessi ákvæði hafa* þegar verið framkvæmd, og hlýtur fyrirspurnin að vera komin fram af einhverjum misskilningi. Þessir menn voru skipaðir í s. l. mánuði. Ég skal taka fram, að það kom til mála að gera þetta á s. l. ári, *en með því að skipaskoðunartíminn var nærri á* enda, var þessu frestað þar til nú, að þeir voru skipaðir, um leið og endurskoðendurnir voru skipaðir, til fjögurra ára, frá 1944—1947. Það er ekki mitt að svara því, hvers vegna þeir voru ekki *skipaðir frá 1938 og þar til nú*. — Ég vona, að þessar upplýsingar séu fullnægjandi fyrir spyrjandann.

Um till., sem hér liggur fyrir, vil ég segja það, að mér virðist fyrri hl. hennar vera eðlilegur og *sjálfsagður. Mér finnst eðlilegt, að Alþ. eða ríkisstj.* skipi n. til að athuga þessi mál öll. Ég vil taka undir þau ummæli, sem hv. þm. Ísaf. hafði hér í gær, að það er sjálfsagður hlutur, þegar fram fara athuganir eins og þær, sem hér á að gera, *að þá séu að þeim athugunum loknum gerðar ráð*stafanir þær, sem slíkar rannsóknir sýna, að gera þurfi. Ég er því þess vegna samþykkur, að þessi hl. till. sé samþ.

Um seinni hl. till., að fela sömu n. og mönnum að *kynna sér, hvernig skipaeftirlitið er framkvæmt*, er það að segja, að ekki er nema gott, að n. geri þetta og færi Alþ. og þjóðinni að athugun lokinni grg. um það, hvernig þetta er gert. Ég er því eindregið meðmæltur, að slík athugun fari *fram og allt upplýsist í málinu*. Þó að ég geri ráð fyrir, að sú sjódómsathugun, sem nú fer fram, leiði þetta í ljós, sé ég ekki, að það sé til neinna meina, að n. fái þetta til athugunar líka.

Til hv. flm. eða þeirrar n., sem málið fer til eftir 1. umr., vil ég beina því, hvort það sé öruggt að nota í till. um nefndarskipunina orðið skipaverkfræðingur. Ég er ekki fullviss um, að maður með slíku nafni eða titli sé til í landinu, en þó getur það verið. Ég beini þessu aðeins til hv. flm., svo að tryggt verði, að ekkert það standi í till., sem ekki reynist framkvæmanlegt við nánari athugun.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég tel rétt, að mál þetta sé rækilega rætt þegar við þessa fyrri umr.

Hv. flm., þm. Ísaf., ber hér þungar sakir á skipaeftirlit ríkisins í sambandi við þau slys, sem orðið hafa að undanförnu. Tók hann þar mjög í sama streng og þeir, sem rætt hafa og ritað um þessi mál af minnstri þekkingu og lítilli samúð. Þykir mér rétt að mótmæla nú þegar þessum ásökunum, um leið og ég leyfi mér að benda á, að það gegnir furðu, að alþm. skuli velja sér það hlutverk að veikja á þennan hátt álit og tiltrú á þessari stofnun ríkisins, sem alþjóð manna verður að mega bera fullt traust til. Er ekki séð fyrir endann á því, hve miklu tjóni þetta kann að geta valdið. Hv. flm. er sjálfsagt vel kunnugt um það, að það eru ekki aðeins vinir og vandamenn, sem eiga fyrirvinnu sína, maka, feður, bræður og syni á hafinu, er verða að treysta þessari stofnun að fullu, heldur og vátryggingarfélögin, sem tryggja líf þessara manna, í því trausti, að öryggið sé eins og bezt verður á kosið. Má fara nærri um, hvaða áhrif það hefði, ef þessir aðilar festu trúnað á slíkum ummælum sem þeim, er hv. þm. Ísaf. hefur haft um eftirlitið.

Með því að hv. flm. á ekki sæti í allshn., sem mál þetta fær nú til ath., en ég á þar hins vegar sæti, þykir mér rétt að ræða við hann nokkuð þessi atriði, svo að öðrum hv. þm. megi verða ljóst, hve hv. þm. Ísaf. hefur farið í flestum atriðum með rangt mál.

Ég er sammála hv. flm. og hæstv. atvmrh. um það, að rétt sé að skipa n. og gefa henni það verkefni, sem um er getið í 1. málsl. till., þó að ekki sé til annars en fullvissa Alþ. og þjóðina um það, sem mér er persónulega vel kunnugt um, að ekkert land í heimi hefur jafnróttæk öryggisl. hvað siglingar snertir og Ísland. Væri það eitt nægilegt til að réttlæta kostnaðinn við nefndarskipunina. En ég get ekki fallizt á, að rétt sé að heimila þessari n. að framkvæma nokkra rannsókn á skipaeftirlitið. Og mig undrar satt að segja, að hæstv. ráðh. skuli mæla eins og hann sé þessu samþykkur, því að vitanlega heyrir það undir rn. að fyrirskipa rannsókn á eftirlitið, ef því þykir ástæða til bera, enda starfar stofnunin undir eftirliti rn. og á ábyrgð þess.

Eins og ég tók fram í upphafi, er það mikils vert fyrir þjóðina, að ekki sé hægt að koma inn hjá mönnum þeirri trú, að ekki megi treysta þessari stofnun. Það er því nauðsynlegt, að rn. sjálft láti fara fram nú þegar rannsókn á því, að hve miklu leyti ásakanirnar á hendur þessari stofnun eru á rökum reistar. Það er hvort tveggja í senn óvenjulegt og óþolandi, þegar svo þungar ásakanir eru bornar á ríkisstofnun, að rn. skuli ekki gera gangskör að því að hreinsa stofnunina af þeim, ef svo reynist, að þær séu ekki á rökum reistar, þá að láta viðkomandi aðila sæta ábyrgð fyrir ámælið. Ég get því ekki fallizt á, að þetta atriði till. sé orðað svo sem þar er sagt, en það verður að sjálfsögðu tekið til athugunar í n.

Þá vil ég minnast á það, sem hæstv. atvmrh. gat um, að verði orðinu skipaverkfræðingur haldið í till., þá verður að leita út fyrir Ísland, því að enginn skipaverkfræðingur er til á Íslandi. Það eru

að vísu til tveir menn, Bárður Tómasson á Ísafirði og Hafliði Hafliðason í Reykjavík, sem báðir hafa þekkingu á smíði tréskipa, en ég er viss um, að hvorugur þeirra er fær um að inna þetta verk af hendi. Hins vegar er Benedikt Gröndal sá maður hér, sem næst stendur skipaverkfræðingum að þekkingu, því að allt hans nám gekk út á vélaverkfræði, en þeir nemendur fylgjast að mestallan námstímann. Sama má og segja um Gísla Halldórsson verkfræðing. Ég veit, að þessir menn hafa mikla þekkingu á því, sem lýtur að hinum stærri skipum, en minni á hinum smærri, sem smíðuð eru úr tré. Hins vegar eru hér menn, sem hafa haft þessi störf með höndum, en ekki eru verkfræðingar. Er ég viss um, að þeir hafa meiri þekkingu á þessum málum vegna margra ára reynslu en þeir menn, sem af einhverjum eru kallaðir skipaverkfræðingar. Þá vil ég og benda á, að ég skil ekki, hvers vegna Fiskifélag Íslands á að skipa mann í þessa n. Ég teldi eðlilegra að láta Slysavarnafélagið gera það eða enn heldur Félag íslenzkra botnvörpuskipaeigenda eða jafnvel Slysatryggingafélag ísl. skipshafna.

Þá vil ég minnast á þau rök, sem færð voru fram í þessu máli í gær. Ég tel, að það varði ekki litlu, að rök, sem borin eru fram í jafnmikilsverðu máli, séu ekki alveg út í bláinn. Því undrar mig, að hv. þm. Ísaf., sem ég veit, að ætlast til, að ummæli sín séu tekin alvarlega, skuli flytja hér innan Alþ. jafnvillandi forsendur fyrir máli sínu og hann gerði í gær, þar sem hann sagði, að ofhleðsla togaranna næmi allt að 135% miðað við það, sem var fyrir stríð. Til stuðnings máli sínu las hann upp úr skýrslu Fiskifélags Íslands. Hann gat þess meðal annars, að Arinbjörn hersir hefði tekið hér um bil 94 tonn í ferð 1939, en rúml. 205 tonn 1943. En ég vil nú leyfa mér að lesa upp tölur um hleðslu Arinbjarnar hersis 1938 bæði frá Íslandi og til landsins:

Á útleið:		Á heimleið:	
94	*tonn af fiski*	330	*tonn af kolum*
40	— - ís	5	— - vatni
5	— - vatni	15	— - veiðarfærum
80	— - kolum	5	— - vistum
15	— - veiðarfærum		
1	— - vistum		
235	*tonn*	355	*tonn*

235 tonn hafði þetta skip í sér að jafnaði á útleið, en 355 á heimleið. Þó að skipið hafi aðeins *flutt þessi 94 tonn af fiski árið 1938, þá má* ekki skilja það svo, að það hafi ekki haft meira burðarmagn en þetta, heldur var ástæðan hin, að það var þá ekki unnt á 10—14 dögum að fylla skip við Ísland sama fiskmagni og nú, vegna þess hve mikil mergð skipa var þá á miðunum, enda þá ekki hægt að selja í Englandi hinar auðfengnu fisktegundir, svo sem karfa og ufsa, eins og nú er gert, auk þess sem flestum skipum okkar var þá úthlutað fiskmagni í hverri ferð, svo að farmur skipsins takmarkaðist af þeirri úthlutun, en ekki af því, sem skipin gátu borið. Einkum átti þetta sér stað um þau skip, sem sigldu til Þýzkalands og seldu afla sinn þar, en þau skip, sem sigldu til Þýzkalands árið 1938, voru miklu fleiri en hin, sem sigldu til Englands, vegna of mikils framboðs á fiski bæði í Þýzkalandi og í Englandi. Þess vegna varð að víkja frá gamla laginu, að sanka miklu af fiskinum í lestarrúmin hillulítið, og taka upp þá aðferð að setja allt að 5 til 7 hillur í lestarnar, svo að fiskurinn geymdist betur. Það leiddi svo aftur til hins, að skipin gátu ekki rúmað sama fiskmagn og áður, þó að þeim hefði verið leyft að sigla með fullan farm. Burðarmagn skipanna 1938 miðaðist því ekki við fiskmagnið, sem út var flutt, heldur við hitt, hversu mikið skipið flutti heim, eins og ég tók fram áður.

Nú ætla ég til samanburðar að skýra hér frá því, hvað þetta sama skip flytur alls mikinn þunga nú bæði út og upp.

Út flytur það sem hér segir: Af fiski 205 tonn, af ís 25 tonn, af vatni 5 tonn og 60 tonn af kolum. Áður hafði það jafnan 80 tonn af kolum á útleið, en nú eru 60 smál. látnar nægja, eða það eitt, sem *nægir til þess að öruggt sé að ná til* hafnar í Skotlandi, en þar vilja menn heldur fara inn til að bæta við sig kolum en að draga úr farminum og flytja kol að heiman alla leið til Englandshafnar. Auk þessa flytur skipið 5 tonn af veiðarfærum og 1 tonn af vistum, en þetta gerir alls 301 tonn eða 54 tonnum minna en skipið flutti *heim árið 1938 í hverri ferð.* — Svo er því haldið fram og það hér á Alþ., að nú sé skipið 135% hlaðnara en árið 1938, og það af manni, sem ég veit, að betur þekkir til þessara mála en fram kom í ræðu hans.

Mér þykir rétt að taka annað dæmi af skipinu Baldri. Hv. þm. lýsti yfir því, að árið 1938 hefði *það skip ekki flutt út nema 86 tonn. En hið* sanna er, að það flutti þá út 110 tonn af fiski, 40 tonn af ís, 30 tonn af vatni, 80 tonn af kolum, 15 tonn af veiðarfærum og eitt tonn af vistum, sem verður alls 376 smálestir. En þetta sama skip kom þá heim með 308 smálestir af kolum o. fl. Hvernig er svo þetta skip hlaðið nú á útleið? *Núna fer það með 291 smálest til Englands, sem* skiptist þannig: fiskur 200 smálestir, ís 30 smálestir, vatn 5 smálestir, veiðarfæri 5 smálestir, vistir ein smálest og kol 50 smálestir, og skal ég skýra nánar, hvers vegna það kemst af með svo lítinn kolafarm. Skip þetta notar ekki nema 8 tonn af kolum á dag. Það þarf ekki nema 32 *tonn á leiðinni til Shetlandseyja og síðan* 12 tonn þaðan til Humber. Þetta skip er í dag hlaðið 291 tonni til Englands, en 1938 var það hlaðið 308 tonnum heim frá Englandi. Á þetta skip eins og öll önnur fiskiskip, sem sigla yfir hafið, hefur nú verið sett hleðslumerki, sem gerir það að verkum, að ekki er leyft að setja meira í skipið. Þótt skipið fari nú með meiri fisk út, þá hefur sú hleðsla ekki önnur áhrif en þau að jafna meira farm skipsins, því að þessi viðbótarþungi, miðað við það, sem áður var sett aftur í skipið, gerir það betra

sjóskip, þvert ofan í það, sem haldið er fram bæði af hv. þm. og öðrum, sem um þetta ræða. Þegar menn nú nota þá aðferð í jafnmiklu alvörumáli og þessu að kasta fram órökstuddum og ósönnum tölum og bera síðan fyrir þeim stofnun eins og Fiskifélag Íslands, í því trausti, að það verði hægt að blekkja almenning á þann hátt, svo sem hv. þm. Ísaf. hefur gert, þá er alveg tilgangslaust að vera að ræða við þá menn um öryggismál þjóðarinnar, því að það er hverjum manni augljóst, að eitthvað allt annað en umbætur á öryggismálunum vakir því fyrir þessum mönnum.

Þá vil ég minnast hér nokkuð á botnvörpunginn Þórólf. Það skip flytur nú út 353 tonn, en árið 1938 flutti það heim 390 tonn, eða með öðrum orðum flytur skipið nú út nærri 40 tonnum minna magn en það flutti heim árið 1938. — Útkoman verður alls staðar sú sama, að skipin hafa verið þyngri frá útlöndum en til útlanda. Hitt er annað mál, og um það má deila, hvort skipin hafi þá ekki verið ofhlaðin frá útlöndum. En því er þar til að svara, að skipin voru jafnan hlaðin samkvæmt alþjóðareglum og aldrei yfir þau hleðslumerki, sem á þeim eru; því að hvað sem líður skipaeftirlitinu íslenzka, þá get ég fullvissað hv. þm. Ísaf. um það, að ekkert skip fær leyfi til að fara úr erlendri höfn, ef það er hlaðið yfir hleðslumerki, hvaða aðilar sem í hlut eiga. Hitt er rétt, að komið hefur fyrir, að á veiðum hafi þessi skip verið hlaðnari. Ég held, að það sé ekki hægt, hvernig sem lög og reglur eru, að girða fyrir slíkt. Það verður að treysta að fullu skipstjóra og skipshöfn í því efni.

Af öllu því, sem ég hef heyrt talað og séð skrifað um þessi mál, tel ég beztar og viturlegastar þær till., sem komu frá aðalfundi Sjómannafélags Reykjavíkur. Er sýnt, að þeir menn skilja þessi mál. Þar var lögð áherzla á, að þeir gæti þess sjálfir, að skipin séu ekki hlaðin fram yfir þau merki, sem sett eru á þau til öryggis skipunum og skipshöfnunum. Ég vildi sjá þann útgerðarmann eða skipstjóra, sem leyfði sér að reka þann skipverja í land, sem kvartaði yfir því við rétta aðila, að verið væri að fremja ólöglegt athæfi gagnvart honum, aðstandendum hans og öllum almenningi með ofhleðslu skipsins. Hann væri með því einungis að gera skyldu sína og ekkert annað.

Þá vil ég með nokkrum orðum víkja að skipaskoðun ríkisins og þeim ásökunum, sem bornar hafa verið á hana. Að vísu ætti hæstv. atvmrh. að bera af henni blak, en með því að ég er mjög kunnugur þeim málum eftir tuttugu ára reynslu og margvíslega samvinnu við þá stofnun, get ég ekki leyft, að hún sé borin hér á Alþ. þungum sökum að ástæðulausu, án þess að hreyfa mótmælum.

Hv. þm. Ísaf. gat þess í gær, að ekki væri farið að gefa enn út reglugerð þá, sem til er vísað í 2. gr. l. frá 1938. Í ráðherratíð Haralds Guðmundssonar var skipuð n. til þess að athuga l. og tilskipanir um öryggismál. Þessi n. gerði uppkast að þeim l., sem samþ. voru 1938 og hv. þm. vísaði til. Í n. þessari áttu sæti menn frá Sjómannafélagi Reykjavíkur, og þess utan var formaður n. Ólafur Sveinsson skipaskoðunarstjóri. Þessi n. starfaði frá því snemma á árinu 1938 og allt fram á árið 1939, og eftir hana liggja ýmsar endurbætur á löggjöfinni og reglugerðum í sambandi við l., m. a. er lokið að fullu reglugerð um eimvélar og mótora og einnig um rafmagn og allt það, er lýtur að því. Þá er og stórum kafla lokið um farþegaskip. N. hefur síðan 1939 látið gefa út ekki færri en sex til sjö reglugerðir, sem allar hafa verið birtar og farið eftir, en hún hefur ekki látið gefa út neina samfellda heildarreglugerð. Kemur það til af því, að þegar stríðið skall á, þótti ekki rétt að kosta upp á að gefa út allt þetta mikla verk, sem yrði ein stór bók, vitandi það, að það hlytu að koma breytingar á ýmis mikilsverð atriði, á meðan stríðið stæði yfir, svo sem á björgunartækjum o. fl. Það er þess vegna, að skipaeftirlitið hefur talið réttara að gefa út smáreglugerðir í stað þess að birta þetta allt í einni heild. Þetta gat hv. þm. Ísaf. fengið að vita, ef hann hefði viljað, en hv. þm. Ísaf. er nú svo lítið gefinn fyrir að vita hið rétta í þessum málum. Ég sé því ekki ástæðu til að ásaka hvorki skipaeftirlitið né hæstv. atvmrh., því að hér hefur verið gert það eitt, sem rétt var og skynsamlegt, eins og á stóð.

Hvað snertir dæmi það, sem hv. þm. Ísaf. nefndi, um skipið, sem keypt var frá útlöndum og var þannig, að böndin voru borin úr því í land í pokum, þá er það alveg rétt. En ég vil minna hv. þm. Ísaf. á, að þetta er langmesta sönnunin fyrir því, sem ég hef haldið fram, að eftirlitið íslenzka sé meira en hjá nokkurri annarri þjóð, því að þetta sama skip kom frá Bandaríkjunum og var með alveg nýútgefið haffærisskírteini, undirritað og stimplað af Bandaríkjaskipaeftirlitinu. Hitt er svo annað mál, hvort rétt hafi verið af skipaskoðuninni hér að leyfa þessu skipi að fara út úr íslenzkri höfn, fyrr en búið var að láta fara fram á því aðalskoðun. En það hefur verið regla, að eftirlitið hér hefur leyft undanþágu frá aðalskoðun, ef skipið hefur komið hingað til lands á annatíma eða vertíðartíma og hefur haft haffærisskírteini frá öðrum löndum. En þetta skip hafði einmitt slíkt skírteini frá Ameríku, eins og ég gat um áðan, sem gilti í tólf mánuði. Og sannar þetta bezt, að við Íslendingar gerum miklu meiri kröfur í þessu efni en nokkur önnur þjóð.

Það hefur líka jafnan verið svo, þegar skip hafa komið til Íslands, frá hvaða landi sem er, þótt þau hafi haft ný haffærisskírteini frá því landi, að orðið hefur að gera á þeim stórkostlegar breytingar til að uppfylla þær kröfur, sem gerðar eru til öryggis skipa hér. Ég segi þetta ekki vegna þess, að ég sé að kvarta undan þeim kröfum, sem hér eru gerðar um öryggi, heldur til hins, að sýna fram á, hve framarlega þjóð vor er í þessum málum. Og ég er miklu frekar stoltur af því, að við, þessi litla þjóð, skulum gera svona miklar kröfur til öryggis sjómannastéttinni. Þess vegna

finnst okkur, sem þekkjum þessi mál, það vera nokkuð hart, þegar aðrir koma hér fram og fullyrða allt annað en það, sem rétt er í málinu, ekki af því, að þeir viti ekki betur, heldur af hinu, að þeir vilja ekki vita betur.

Ég vil nú leyfa mér að benda hv. þm. á 3. gr. samningsins milli Norðurlanda frá 1925, er hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Hvert það skip, er hefur meðferðis góð og gild heimalandsskírteini eða jafngild sönnunargögn, svo sem um getur í 1. gr., skal, að því er snertir það, sem gögn þessi fjalla um, einungis sæta því eftirliti af hálfu opinberra yfirvalda í höfnum hinna samningsríkjanna, sem nauðsynlegt er, til að þau geti fullvissað sig um, að skipin hafi meðferðis skírteini þau eða sönnunargögn, sem vera ber.“

Þessi samningur gerði það að verkum, að það þótti aldrei nauðsynlegt hér á Íslandi að rengja í fyrstu þau skírteini, sem komu frá landi, sem hafði undirritað samning þennan. Hér var gagnkvæm tiltrú á báða bóga, og það er ekki hægt að ásaka skipaeftirlitið, þótt það treysti öðrum þjóðum á þessu sviði. Hitt er annað mál, að við höfum, því miður, séð skipin hverfa. Okkur er óljóst, af hvaða ástæðu, og ég tel mjög vafasamt, hvort rétt sé að eyða tíma í að tala mikið um það, af hvaða ástæðu skipin hafa farizt, meðan vátryggjendur eru að velta því fyrir sér, hvort þeir muni þurfa að bæta líf skipverja stríðsslysabótum, ef sanna mætti, að aðrar ástæður væru fyrir hendi, sem gæfi þeim rétt til lægri bótagreiðslu til handa aðstandendum. Ég hygg það vafasaman greiða. Og mig undrar það satt að segja, að blöðin, eins og t. d. Vísir, skuli leyfa sér að staðhæfa, af hvaða ástæðu mótorbáturinn Hilmir hafi farizt. Ætti ráðuneytið að hlutast til um að stöðva slík skaðleg ummæli, ef kostur er á, því að almenningur veit vel, að þessar persónur, sem svo tala, hafa ekkert máli sínu til stuðnings, ef þær væru dregnar fyrir lög og dóm og ættu þar að svara til gerða sinna. Þær hafa enga hugmynd um frekar en aðrir, af hvaða ástæðum þetta skip fórst, þótt hitt sé ljóst, að skipið fórst ekki fyrir ofhleðslu. Þetta er orðið svo mikið alvörumál, að rétt væri að taka það föstum tökum, áður en verra hlýzt af. Það þarf allt önnur vinnubrögð til þess að bæta úr því, sem aflaga fer, en þau, sem hér hafa verið viðhöfð, ef nokkur viðeigandi lausn á að fást á þessum málum.

Ég vil þá víkja að því atriði, sem bæði hv. þm. Ísaf. og hæstv. ráðh. ræddu um, hvort rétt væri, að skipaskoðunarstjóri hefði einkaeftirlit. Ég vil svara því til, að ég tel, að það eigi að launa þann mann svo, að hann þurfi ekki að sinna aukastörfum. Ég vil í sambandi við þetta leyfa mér að upplýsa, að það er engan veginn rétt, sem hæstv. ráðh. hélt fram, að störf hans við Eimskipafélag Íslands séu minni nú en áður. Fyrir stríðið var aðaleftirlit þessara skipa í Kaupmannahöfn. Nú er það flutt hingað heim. Og það er vitað, að þegar sum af þessum skipum hafa fengið viðgerð, sem nemur tugum hundraða eða jafnvel milljónum króna, þá hlýtur eftirlitið að vera meira en áður, en ekki minna. Ég vil einnig benda hv. þm. Ísaf. á það, að hann hefur sjálfur mælt með því, að skipaskoðunarstjóri skuli annast einkaeftirlit og hafa aukastörf með aðalstarfi sínu, því að það er ákveðið í fjárl., að þessi sami maður skuli hafa eftirlit með skipum ríkisins, en þar kemst hann í nákvæmlega sömu aðstöðu og hann kemst í með eftirliti fyrir Eimskipafélagið, því að það er alveg sama, hvort hér er um að ræða aukastörf fyrir Skipaútgerð ríkisins eða Eimskipafélagið. Hvort tveggja setur hann í þá aðstöðu, að hann á verra með að halda sér að settum reglum í aðalstarfi sínu, einkum ef hart væri sótt á hann um tilslakanir af hendi annarra húsbænda. Ég vil þó í sambandi við þetta upplýsa, að núv. skipaskoðunarstjóri hefur leyst þetta verk af hendi, án þess að árekstrar hafi orðið. En þetta er ekki til frambúðar, og þess vegna álít ég, að það ætti nú að taka það fullkomlega til athugunar, hvort ekki ætti að skilja þetta algerlega að.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Það eru aðeins örfá orð í tilefni af ræðu hv. þm. Barð. Hann beindi orðum sínum til mín í nokkrum tilfellum og á þann veg, að ég verð að gera við þau nokkrar athugasemdir.

Hv. þm. sagði, að hann vildi mótmæla því, að rétt væri, að eftirlit skipaskoðunarstjóra hjá Eimskip væri minna nú en áður hefði verið. Ég geri ráð fyrir, að þessi staðhæfing hans stafi af misskilningi. Ég hef orð skipaskoðunarstjóra sjálfs fyrir þessu. Ég veit, að hann er grandvar maður og segir ekki annað í þessu máli en það, sem rétt er. En til þess að gera frekar grein fyrir þessu skal ég upplýsa, hvernig þessu er háttað. Eimskip tekur af sér menn til þess að vera við eftirlitið, og af því hefur leitt, að störf skipaskoðunarstjóra eru minni nú. Þetta vildi ég bara upplýsa, af því að mér gafst tilefni til þess. Ég kom ekki inn á það atriði, hvort þessu ætti að breyta, en ég tel rétt að breyta því og að skipaskoðunarstjóri hafi ekki slík aukastörf með höndum. Ég vísa til þess, sem ég hef áður sagt, að það var á valdi Alþ. 1938 að kippa þessu í lag, en það var ekki gert þá. Það er að sjálfsögðu á valdi Alþ. nú að gera þetta, og ég tel það góða og rétta ráðstöfun að breyta þessu.

Hv. þm. sagði, að sig undraði, að ég sem atvmrh. skyldi hafa leyft Vísi að hafa þau ummæli, sem hann hefur viðhaft um þau slys, sem hér hafa orðið. Ég hef ekki veitt neitt leyfi, og ég hef ekki heldur verið spurður að því, því að ég hef ekki aðstöðu til að leyfa slíkt né banna, að blöðin segi eitt eða annað. Ef ummæli blaðanna varða við lög, þá geta þeir, sem þar eiga hlut að máli, sótt blöðin til saka, en atvmrh. hefur ekki vald til að segja blöðunum fyrir verkum.

Um hitt aðalatriðið, sem fram kom í orðum þessa hv. þm., að hann undraði, að ég skyldi láta þau orð falla, sem ég gerði í upphafi, og sagði hann í því sambandi, að það hefði staðið atvmrh.

nær að verja skipaeftirlitið, þegar á það er ráðizt. Í þessu sambandi nefndi hann ádeilu, sem fram kom á skipaeftirlitið og skiparannsóknirnar. Atvmrh. gerði þá það, sem ég álít, að rétt hafi verið, sem sé að fyrirskipa rannsókn í því máli. Að þeirri rannsókn lokinni, sem leiddi í ljós, að skipaeftirlitið hafði ekki vanrækt skyldur sínar né átt neina sök á því, sem fyrir kom, var skýrslan birt almenningi. Ég tel, að þar hafi verið gert rétt með því að láta rannsókn fara fram og þeir hafi fengið sinn rétt, er áttu. — Það sama er um að ræða nú, og að fyrirskipun rn. mun það verða athugað og rannsakað, hvort ofhleðsla togaranna eigi sér stað fram yfir þær reglur, sem í gildi eru. Með því er verið að leita eftir, hvort nokkur ástæða sé að áfellast skipaeftirlitið. Og ef rannsóknin leiðir í ljós, sem ég vona, að skipaeftirlitið hafi gert skyldu sína, þá kemur það á daginn, að rn. hefur gert það, sem rétt var til að fá það rétta í ljós og til þess að láta alla njóta réttar síns.

Viðkomandi því, sem ég sagði um niðurlag till., þá vil ég taka undir það með hv. þm. Barð., að það þarf að fá ró um þessi mál, en ég álít, að fyrst eigi menn að fá tækifæri til þess að kynnast því rétta í þessum málum. Ró um málin er bezt fyrir alla, sem hlut eiga að máli, hvort sem eru sjómenn, þeirra fólk, sem í landi er, útgerðarmenn eða vátryggingarfélög eða hverjir aðrir aðilar, sem eru. Og það fæst bezt og varanlegust ró í þessu máli með því, að málin upplýsist og það komi hreint fram, hvað er það rétta í þeim.

Forseti (GSv): Það verður sýnilega ekki lokið umr. um þetta mál á tilætluðum fundartíma nú, með því að fleiri hafa kvatt sér hljóðs en þegar hafa talað. En sá tími er að fullnast, sem ætlaður var þessum fundi eftir ákvörðun vegna annarra fundarstarfa. Verður því dagskrármálið tekið af dagskrá nú og umr. frestað.

Það er svo til ætlazt, að engir fundir verði háðir í Alþ. á morgun vegna minningarathafnar út af slysum.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Sþ., 8. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Flm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Það hefur upplýstst við umr. um þessa till., að fjórðungseftirlitsmenn með skipaskoðun, sem gert er ráð fyrir í l. frá 1938, hafa ekki verið skipaðir fyrr en í janúar 1942. — Þá hefur einnig verið upplýst af hæstv. atvmrh., að skipaskoðunarstjóri hafi aukastörf með höndum, a. m. k. fyrir Eimskipafélagið, og komst hæstv. atvmrh. að orði á þá leið, að það væri á valdi Alþ. — Ég vil í sambandi við þetta benda hæstv. atvmrh. á það, að samkv. 6. gr. l. um eftirlit með skipum eru aukastörf skipaskoðunarstjóra ekki á valdi Alþ., heldur á valdi ráðh.

Þá hefur það verið upplýst, að endurskoðun á tilskipun um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, sem gert er ráð fyrir í l. frá 1938, að fram færi þá fyrir árslok, hefur enn ekki verið framkvæmd. — Nú tel ég þessi þrjú atriði, sem ég nefndi hér, bera þess ljósan vott, að skipaskoðun ríkisins sé ekki framkvæmd eins og vera ber. Ég er ekki að ásaka hæstv. atvmrh. fyrir þetta, þar sem hann hefur ekki setið í þessu embætti lengur en eitt ár. En augljóst er af l., að skipaskoðunarstjóri er í rauninni eins konar skipaskoðunarstjóri skipaeftirlitsins, eða framkvæmdastjóri. Það má furðu gegna um rólyndi skipaskoðunarstjóra, ef hann lætur skipaskoðunina fara svo úr hendi sem þessi þrjú atriði benda til.

Hæstv. atvmrh. gat þess, að æskilegt væri að fá dóm um þetta mál, þar sem allir nytu réttar síns. Ég er alveg sammála hæstv. atvmrh. um það, en ég tel þó ekki, að það sé hægt að fá neina ró um þetta mál og ekki rétt að óska eftir neinni ró um það, fyrr en skorið hefur verið úr því, hvort l. um skipaskoðunina séu fullnægjandi og hvort framkvæmd skipaskoðunarinnar sé fullnægjandi. Ég tel, að þetta mál sé svo aðkallandi og svo mikilsvert, að um það megi engin ró fást, fyrr en skorið hefur verið úr þessu atriði. Það er líka sjálfsagt að láta alla njóta réttar síns, en við verðum þá líka að gæta þess, að það eru tveir aðilar, sem þurfa að njóta réttar síns í þessum efnum. Annar aðilinn er sá, sem framkvæmir skipaskoðunina, en hinn aðilinn er þeir, sem sækja sjóinn, og þeirra aðstandendur. Þeir hafa líka ótvíræðan rétt í þessu máli, og það er ekki síður nauðsynlegt, að þeir aðilar fái að njóta hans, heldur en hinir, sem eiga að framkvæma skipaskoðunina.

Hv. þm. Barð. sagði, að ekkert land í heimi hefði jafnróttæka öryggislöggjöf og Íslendingar um eftirlit með skipum, og minntist því til sönnunar á dæmi, sem ég hafði tekið hér, að komið hefði skip hingað til landsins frá Bandaríkjunum og haft hafærisskírteini þaðan. Þetta skip hafði siglt þrisvar sinnum milli landa fullhlaðið af ísfiski, en var þá svo fúið, að það var að detta í sundur, og eins og ég upplýsti, voru böndin úr þessu skipi borin í pokum upp á hafnargarðinn við vestanverða höfnina í Reykjavík. Ég get ekki talið, að þessi saga sé sönnun um ágæti skipaeftirlitsins, m. a. vegna þess, að það er beint lagabrot að láta skip sigla á milli landa, án þess að fram fari á því skoðun, þó að það hafi haffærisskírteini frá útlöndum. 11. gr. l. frá 1938 um eftirlit með skipum kveður svo á, að aðalskoðun skuli fara fram í hvert sinn, er skip kemur frá útlöndum, hvort heldur það er nýsmíðað eða notað. Það, sem hv. þm. Barð. telur þess vegna sönnun um ágæti skipaskoðunarinnar, verð ég að líta á sem vott um ótrúlegt skeytingarleysi. Enda þótt svo kynni að vera, að við hefðum mjög róttæka öryggislöggjöf, jafnvel þá róttækustu í heimi, eins og hv. þm. Barð. kvað að orði, hvað stoðar okkur samt slík löggjöf, ef hún er ekki framkvæmd? — og jafnvel þótt framkvæmd væri, mundi okkur ekki veita af því, því að ég held, að ekkert land í heimi eigi jafnmikið

á hættu að tiltölu við fólksfjölda um, að skipin séu vel útbúin, og Ísland.

Það var nokkuð rætt um þær till., sem fyrir liggja um skipun þessarar n., sérstaklega um það, hvort til væri nokkur skipaverkfræðingur hér á landi. Ég skal viðurkenna það, að sá maður, sem ég hef í huga, er ekki háskólalærður, hins vegar hefur hann tekið skipaverkfræðipróf frá háskóla í Danmörku og hefur síðan starfað í fimm ár í Bretlandi við skipasmíðastöð, sem smíðar stálskip, og hann er meðlimur í félagi brezkra skipaverkfræðinga. Ég tel, að þessi maður sé nægilega lærður, ef hann er fáanlegur til þess að fara í þetta starf, og hann hefur næga kunnáttu til að framkvæma það verk. Þessi maður er Bárður Tómasson. Hins vegar veit ég ekkert um það, hvort hann er fáanlegur til að fara í þetta starf, en hann mun koma til Reykjavíkur bráðlega og starfa með mþn. í sjávarútvegsmálum. En væri hann fáanlegur, mætti setja í till., að hann skyldi vera form. n.

Ég ætla ekki að fara að svara hv. þm. Barð. orði til orðs út af þessari till., en ég tel, að umr. um þetta mál hafi sýnt og sannað, að hér er stórkostleg þörf endurbóta.

Hv. þm. Barð. bar saman farmskýrslur frá 1938, en sú skýrsla, sem ég hafði í höndum, var frá árinu 1939, og að sjálfsögðu getur komið fram einhver mismunur á því, hvað skipin hafa flutt mest á árinu 1938 og '39. Það hefur vel getað komið fyrir, að eitthvert skip hafi ekki náð fullum farmi á öðru hvoru árinu. En þar sem hv. þm. Barð. bar saman tölur frá 1938, en ég '39, og hann komst að þeirri niðurstöðu, að ég hefði farið með rangt mál, þá vil ég benda honum á það, að hann var með annað ártal en ég. Hv. þm. Barð. virtist halda því fram, að sú skýrsla, sem Fiskifélagið hefur samið um þetta, sýndi ekki, að hér væri um neina ofhleðslu að ræða. Ég er honum ekki sammála um þetta vegna þess, að skipin hljóta alltaf að flytja einhverjar nauðsynjar á milli landa, bæði ís, vatn og kol og fleira þess háttar, og þó að eitthvað kunni að vera í skipunum nú minna af ís og kolum en áður, held ég, að hv. þm. Barð. mundi ganga illa að sanna það, að íslenzkir skipstjórnarmenn og íslenzkir útgerðarmenn hafi öll þau ár, sem togararnir hafa siglt fram að 1943, verið svo óhagsýnir að hafa 100 smálestum meira af nauðsynjum í skipunum á milli landa en þörf var á. En fiskimagn togaranna hefur yfirleitt vaxið um 100 smálestir í skipunum í ferð eða því sem næst. Ég tel ekki þörf á því að deila við hv. þm. Barð. um þetta, því að væntanleg n. mun eflaust skera úr um þetta. Í því dæmi, sem ég nefndi í frumræðu minni, sleppti ég alveg að geta þess, að fiskurinn léttist um 10—15%, frá því að hann er látinn í skipið og þar til skipað er upp í útlöndum, og ég hygg, að þessi rýrnun hljóti að vega upp á móti allmiklu af því, sem nú er farið að taka í land af lífsnauðsynjum. Annars hefur ásóknin í að flytja mikinn fisk milli landa gengið svo langt, að upp úr togurunum hafa verið teknir trollvírarnir, sem mun vera allnauðsynlegt að hafa um borð í skipunum, ef þau lenda í því að þurfa að bjarga öðrum skipum. En til þess er ekkert tillit tekið. Þær umr., sem hafa orðið um þetta mál, hafa orðið til þess, að það mun nú þegar vera farið að sigla togurunum nokkuð léttari en áður. T. d. voru nýlega tekin 18 tonn af fiski úr togara í Hafnarfirði og 7 úr öðrum, áður en þeim var leyft að fara af stað. Þessir togarar báðir komu til hafnar hlaðnir langt upp fyrir hleðslumerki. Ég hygg, að í þessum málum muni nokkurn veginn hið sama hafa átt sér stað og varð um togaravökuna, að ofurkapp hafði gert það að verkum, að menn höfðu leiðzt út í allmiklar öfgar. Þetta ofurkapp kemur ekki einungis niður á sjómönnunum sjálfum, heldur og aðstandendum þeirra og þjóðfélaginu í heild. Það er þess vegna þjóðfélagsmál að fá úr þessu bætt, og það má á engan hátt dragast.

Alþ. hefur verið kvatt saman óeðlilega snemma með tilliti til þess að ráða fram úr einu máli aðallega. Hins vegar er það svo, að það geta komið fyrir mál, sem ekki mega bíða, og ég tel, að þetta mál sé eitt þeirra. Ég vænti þess því, að þessum umr. megi ljúka nú á þessum fundi og n. hraði störfum svo mikið sem henni er unnt.

Ég hef, síðan ég flutti þessa till., átt tal við allmarga menn, sem sigla á togurum, og margir þeirra hafa sagt við mig, að skipin verði allt önnur skip, þegar þau séu búin að fá hálffermi, en hálffermi er um 100 smálestir eða það, sem áður var talið fullfermi. Með öðrum orðum, skipin eru ekki sjóskip lengur, heldur hættuskip, ef slíku heldur áfram. Og einn togaramaður komst svo að orði við mig, að það að sigla um hættusvæði og vinna á skipunum í stöðugum ótta um að komast ekki til lands, jafnvel í blíðskaparveðri, væri slík áreynsla, að enginn maður gæti til lengdar þolað að vera á togara.

Ég tel, að Alþ. og ríkisstj. megi ekki skilja svo við þetta mál, að ekki sé tryggt allt það öryggi, sem hægt er að tryggja. Ég álít, að það sé skylda okkar að koma skipaskoðuninni og eftirliti með skipum í það horf, að við getum allir þm., allir útgerðarmenn og allir menn í landinu rólegir látið sjómennina fara út í skipin, í stað þess að nú eru allir aðstandendur þeirra, sem á togurunum sigla, í stöðugum ótta um, hvort þeir muni koma aftur eða ekki.

Gísli Jónsson: Út af yfirlýsingu hv. þm. Ísaf. viðvíkjandi Bárði Tómassyni vil ég upplýsa það, að það var einmitt þessi Bárður, sem á sínum tíma skoðaði það skip, sem böndin voru borin úr í pokum, og hafði hann mælt með því, að þetta skip fengi að sigla yfir hafið þennan ákveðna tíma. En það var skipaskoðunin í Reykjavík, sem stöðvaði skipið, nokkru eftir að þessi maður, sem nú er ætlazt til, að verði aðalmaður skipaskoðunarinnar, hafði lýst yfir, að skipið mætti sigla áfram.

Hv. þm. Ísaf. gerði ekki tilraun til að hrekja það sanna í þessu máli, að íslenzka skipaskoðunin standi framar skipaskoðun annarra landa, enda

var honum það um megn, vegna þess að hægt er að færa fram sannanir á, að það gerir hún og gerir það vel. — Hv. þm. gat ekki heldur sannað, að ég hefði borið hér fram rangar upplýsingar um burðarþol togara eða annarra skipa. Það vita allir, að burðarþol skipa byggist ekki á því, hvað mikið er látið í þau af fiski. Ef lífshætta er að láta skip sigla með 200 smálestir af fiski og 100 smálestir af öðrum vörum, þá er áreiðanlega ávallt lífshætta að hafa 300 smálestir í skipinu. Nei, tilgangur hv. þm. Ísaf. með ræðu sinni var að slá á viðkvæma strengi, en ekki sá að leysa það, sem leysa þarf.

Ég vil einnig benda á, hve mál þetta er sótt af miklu ofurkappi og vanþekkingu, þegar farið er að halda því fram, að það sé lífshætta að taka burtu trollvíra af skipi, ef það kemst í aðstöðu til að bjarga öðru skipi. Svona langt er gengið í því að þyrla upp ryki um mál, sem þó er nauðsynlegt að leysa á rólegan og skynsamlegan hátt.

Ég vil að lokum geta þess, að fjölmargir sjómenn hafa komið saman á fund, síðan umr. um þetta mál fóru fram í Sþ. síðast, og ræddu þeir m. a. um skýrslu þá, sem hv. þm. Ísaf. las upp í sambandi við málið. Voru þeir allir á einu máli um það, að skýrslan hafi, í því ljósi, sem hún er fram sett, við engin rök að styðjast og sé algerlega röng.

Flm. (Finnur Jónsson): Út af þeim upplýsingum, sem hv. þm. Barð. kom með viðvíkjandi vélskipinu „Hamona", vil ég segja það, að ég hef fengið þær upplýsingar, að skipaskoðunarmenn á Vestfjörðum hafi fengið fyrirskipun frá Skipaskoðun ríkisins eða stjórnarráðinu um að fresta aðalskoðun á skipinu.

Viðvíkjandi hinu, sem hv. þm. Barð. upplýsti um, að stéttarfél. sjómanna í Reykjavík hafi haldið fund og komizt að þeirri niðurstöðu, að skýrsla mín um hleðslu togaranna sé röng, verð ég að segja, að ég hef þær upplýsingar, að á þessum fundi, þar sem saman voru komnir fulltrúar níu stéttarfléaga í Rvík og Hafnarfirði, hafi verið kosin n. til að rannsaka málið, ekki af því, að þeir álitu skýrsluna ranga, heldur af hinu, að þeir voru einhuga um, að núv. ástand um framkvæmd skipaskoðunar sé algerlega óþolandi. Ef þær upplýsingar, sem hv. þm. Barð. hefur að öðru leyti gefið í þessu máli, eru á álíka rökum reistar og þær, sem hann gefur um fundinn, þá skal ég ekki öfunda hann, þegar hann fær að sjá framan í fulltrúa þessara áðurnefndu félaga.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 31 shlj. atkv.

Á 18. fundi í Sþ., 18. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 22, n. 50 og 55).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Í till. þeirri, sem hér liggur fyrir, er farið fram á, að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að skipa fimm manna n. til að endurskoða l. um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra svo og tilskipun og reglugerðir, er settar hafa verið um þetta efni. Jafnframt sé n. falið að athuga framkvæmd skipaeftirlitsins á l. og reglugerðum þeim, er nú gilda um eftirlit með skipum.

N. hefur nú athugað þessa till. og var öll sammála um, að rétt væri að skipa slíka n. með tilliti til þeirra miklu sjóslysa, sem orðið hafa, og þeirra ásakana, sem bornar hafa verið fram sumpart á stofnun, sem er undir ríkiseftirliti, og sumpart á einstaka menn. Hins vegar varð ekki samkomulag að fullu um það, að hve miklu leyti væri nauðsynlegt, að sá hluti málsins væri rannsakaður, sem snýr að ásökunum á skipaeftirlitið og einstaka menn, en á það skyldi lagður að sjálfsögðu meginþunginn að rannsaka slysin almennt til þess, ef unnt væri, að fá þar eitthvað það fram, sem gæti orðið til þess, að treysta mætti öryggið. — Fyrirvari hv. 2. þm. N-M mun stafa af því, að honum mun þykja um of dregið fram, að rannsaka beri þá hlið málsins, sem snýr að ásökunum á þá aðila, sem ég hef minnzt hér á. Í sambandi við það vil ég leyfa mér að benda á, að það er ekki einskis virði, að hægt sé að halda uppi fullu trausti á þeirri stofnun, sem svo mikil ábyrgð hvílir á sem skipaeftirlit ríkisins.

Það er eitt meginatriði þessa máls, þegar verið er að rannsaka orsakir slysanna, ef eitthvað mætti af því læra, að upplýst sé, hvort hér hafi verið um nokkra vanrækslu að ræða af hendi þess opinbera, ekki til þess sérstaklega að hegna þeim aðilum, sem hlut eiga að máli, heldur einkum og sér í lagi til hins, að bæta úr, ef unnt er, ef þar kynni eitthvað að hafa miður farið. Og ef ekkert hefur verið gert, er áfellandi megi teljast, þá sé allri þjóðinni gert það ljóst, að þær ásakanir hafi ekki haft við rök að styðjast, sem bornar hafi verið á aðilana og þó einkum á eftirlitið.

Ég veit ekki, hvort þeir, sem leggja ekki mikið upp úr þessu atriði, hafa gert sér ljóst, að slíkur áróður á ríkisstofnun kann að lama svo traust hennar, að hvorki fjölskyldur, sem í landi búa og eiga fyrirvinnu sína og ættingja á skipunum, þættust öruggar um líf þeirra, né vátryggingarfélögin þættust trygg með gildandi iðgjöld, ef stöðugt er haldið uppi þeim ummælum, að menn séu aldrei öruggir um skyldulið sitt á hafi úti, svo lengi þeir eru á skipum, sem eru undir eftirliti þeirra manna, er ábyrgð bera á ástandi flotans, sem sí og æ er verið að rægja og svívirða. Ég hef því að sjálfsögðu lagt áherzlu á, að nauðsynlegt sé, að sú n., sem fær þetta mál til meðferðar, rannsaki einnig þessa meðferð málsins, þó að ég undirstriki það, að aðalrannsóknarefni n. sé að komast fyrir það, hverjar orsakir liggja til slysanna, svo að eitthvað megi af því læra, sem verða mætti til endurbóta í sjálfum öryggismálunum.

Þá er síðari málsl. 1. málsgr., sem er um það,

að jafnframt sé n. falið að athuga framkvæmd skipaeftirlitsins á l. og reglum þeim, er nú gilda um eftirlit með skipum. Það var viðurkennt af hv. þm. V-Sf., fulltrúa Alþfl. í n., og einnig af meiri hl. n., að hér væri ekki um að ræða neina réttarrannsókn á hendur skipaeftirlitinu, heldur ætti að rannsaka, hvernig bezt yrði komið fyrir framkvæmd þess í framtíðinni, m. a. með tilliti til þeirra breyt., sem kynnu að verða gerðar á löggjöfinni, og einnig, hvort því hefur verið hagað eins og heppilegast hefur verið nú að undanförnu. Var því fullt samkomulag um, að þessi málsgr., eins og hún hljóðar, skyldi ná fram að ganga óbreytt, en leggja hins vegar til, að síðari málsgr. verði breytt, eins og ég mun síðar koma að.

Það er harla óskiljanlegt, að n. skyldi þurfa að klofna um þetta mál. Það var enginn ágreiningur um, að þetta, sem hér er farið fram á, þyrfti að gera, heldur aðeins um hitt, hvernig bæri að haga framkvæmd þess. Upplýst var, að hæstv. stj. hafði, áður en till. var borin fram, skrifað Alþýðusambandinu og tilkynnt því með bréfi þann 31. jan., að hún hefði þegar falið sjódómi Reykjavíkur að rannsaka þessi mál öll og kveðja sér til aðstoðar sérfræðinga í þessum málum, og þegar þeirri rannsókn væri lokið, skyldi skipuð sérstök n. til að athuga og gera till. um þessi mál og fara með þau nákvæmlega á sama hátt og gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Komu þá þegar fram sterkar raddir í n., að eðlilegast væri, að málinu væri vísað til stj. í því fulla trausti, að hún héldi áfram á þessari braut, sem þegar hafði verið ákveðin, áður en till. var borin fram. En með tilliti til þess, að hér var um alveg sérstaklega alvarlegt mál að ræða, varð þó samkomulag um, að það mundi sýna betur þingviljann að samþ. þá till., sem hér liggur fyrir, með nokkrum breyt., svo að þjóðin mætti sjá, að það væri einnig fullkomlega vilji þingsins, að þetta verk yrði framkvæmt og hraðað eins mikið og hægt væri.

Þá var nokkuð rætt um þær breyt., sem gerðar voru á sjálfri till. Það þótti m. a. rétt, að í stað orðsins „skipaverkfræðingur“ í 2. málsgr. kæmi „sérfræðingur á því sviði“, þar sem ekki þótti öruggt, að unnt væri fyrir ríkisstj. að fá skipaverkfræðing til að taka að sér þetta verk. Hins vegar leggur n. mikla áherzlu á, að þegar form. verður skipaður af stj., verði til þess valinn maður, sem hafi sérþekkingu á þeim málum. Einnig var rætt um það í n., hversu skyldi skipa þessa n. Þótti rétt, að ekki eingöngu Sjómannafélag Reykjavíkur, heldur líka Sjómannafélag Hafnarfjarðar, sem hefur samvinnu við Sjómannafélag Reykjavíkur um öll þessi öryggismál, skyldu nefna sameiginlega einn fulltrúa í n., og hefur meiri hl. lagt til, að svo yrði. En einmitt út úr nefndarskipuninni varð raunverulega mestur ágreiningurinn, og einn nm., hv. 4. landsk., gat ekki fallizt á þær till., sem þar eru settar fram, og gaf því út sérstakt álit. Mun ég koma að því síðar.

Þá þótti rétt, að Stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna tilnefndi einn fulltrúa í n. í stað Fiskifélags Íslands. Það er svo um stjórn þessarar stofnunar, að rn. velur meiri hlutann, þ. e. þrjá menn af fimm, aðrir vátryggjendur velja einn, en útgerðarmenn einn. Þessi stofnun greiðir allar þær tugþúsundir, sem greiddar eru fyrir mannslífin, sem farast við sjóslysin, og í stjórn félagsins sitja nú umbjóðendur félaga, sem greiða skipin sjálf, ef þau farast á hafinu. Það þótti því eðlilegt, að þessir aðilar hefðu einn mann í n., enda mest trygging fyrir því, að þeir aðilar, sem hefðu mestra hagsmuna að gæta, legðu sig fram til hins ýtrasta til að gera öryggið svo mikið sem hægt er, bæði með l. sjálfum og eins eftirlitinu.

Þá þótti að síðustu nauðsynlegt að tryggja n. aðgang að öllum gögnum, sem mál þessi snerta, þar á meðal hjá sjódómi, sem nú er að rannsaka þau, svo og hjá hverjum þeim aðila, sem síðar kynni að fá þau til rannsóknar á einn eða annan hátt, svo að n., sem skipa á með þessari till., þyrfti ekki að vinna upp aftur sömu verkin. Það mundi aðeins gera starf hennar dýrara og tafsamara. Var því álitið rétt að setja inn í till., að n. skyldi hafa aðgang að þessum gögnum.

Þetta eru í meginatriðunum þær breyt., sem lagt er til að gera á till., og eru allir sex nm. sammála um að leggja til, að hún verði samþ. með þeim breyt., eins og fram kemur í nál. á þskj. 55.

Ég þarf ekki frekar að ræða um þessa hlið málsins, en vil með nokkrum orðum minnast á till. minni hl. n.

Það kom ákaflega bert fram, og það er í raun og veru athyglisvert og rétt, að þingið festi sér það í minni, einkum og sér í lagi þegar kemur að atkvgr. um þessi mál, að ágreiningur var raunverulega enginn milli nm. annar en sá, hvernig bæri að skipa n. Minni hl. lagði mikla áherzlu á, að Alþýðusamband Íslands fengi að skipa fulltrúa í n., en ekki sjómannafélögin, ekki mennirnir sjálfir, sem eru í þessu starfi og þessari hættu, heldur Alþýðusambandið. Og það kom ákaflega bert fram, að það var vegna þess, að þetta mál er hér gert að pólitísku máli. Það er barizt fyrir því, að ákveðin pólitísk öfl komi nú til að vinna og verka á þetta mál. Sjómannafélögin í Reykjavík og Hafnarfirði eru sannarlega hluti af Alþýðusambandi Íslands, og með því að þau skipuðu einn mann í n., var Alþýðusambandinu raunverulega tryggður fulltrúi í n. En það þótti ekki öruggt, að hann væri tilnefndur af þessum félögum, því að þá hefði minni hl. og flokkur hans enga vissu fyrir því, að maður úr þeirra flokki yrði valinn sem fulltrúi í n. Pólitíska ástandið er nú einu sinni þannig í sjómannafélögunum, að sósíalistar eru þar í minni hl., og því var tryggara að ákveða, að Alþýðusambandið skyldi tilnefna manninn, svo að tryggt væri, að hann hefði rétt hugarfar og réttan lit. Það var því aðallega og sérstaklega þetta, sem varð til þess, að minni hl. sá sér ekki fært að fylgja meiri hl. í þessu máli.

Ég vil þá minnast dálítið á annað atriði, sem kemur fram í nál. minni hl., og það er sú krafa, sem þar er sett fram af hv. 4. landsk., að nú

þegar séu skipaðir tveir menn til aðstoðar skipaeftirlitinu, sérstaklega til að hafa eftirlit með ofhleðslu og öryggismálum. Ég benti m. a. hv. þm. á, að þetta hefði verið gert fyrir meira en ári. Þá ákvað stj., að skipaeftirlitinu skyldi látin í té aðstoð tveggja manna, sem ættu sérstaklega að hafa eftirlit með þessum málum, bæði með ofhleðslu skipa og eins með öllum öryggisútbúnaði og þeir valdir úr sjómannastétt. Nú þótti hv. minni hl. þetta ekki tryggilegt, vegna þess, að mér skildist, að þessir menn voru einmitt ekki valdir úr Alþýðusambandinu. Ef hins vegar skipaeftirlitinu er þörf á fleiri mönnum, þá álít ég, — og ég hygg, að ég mæli þar fyrir hönd meiri hl. n., — að það sé skipaskoðunarstjóra að kvarta undan því við atvmrh., og þá ekkert því til fyrirstöðu, að rn. láti honum í té alla starfskrafta, sem hann þarf til að uppfylla þær kröfur, sem nauðsynlegar eru á því sviði.

Ég vil, áður en ég lýk máli mínu, benda á, að inn í þessi mál hefur verið fléttað svo sóðalegum pólitískum áróðri, að það gegnir furðu, að menn, sem vilja láta taka sig alvarlega annars vegar og hafa einhverja pólitíska ábyrgð hins vegar, skuli blanda slíkum áróðri inn í jafnviðkvæm mál. Eftir að nál. hefur verið gefið út, er sagt í Þjóðviljanum, að það sannist við þessa atkvgr. og umr. í þinginu, hvort afstaða þjóðstjórnarflokkanna, þ. e. a. s., að mér skilst, Framsfl., Alþfl. og Sjálfstfl., verði í miklu samræmi við grátmessurnar, sem þeir séu að efna til, þegar tugir hraustra sjómanna hafi fallið. Ég vil leyfa mér að spyrja fulltrúa þessa blaðs og þá m. a. hv. 4. landsk., hvort þeir eigi hér við það, að í hvert sinn, sem stórkostleg slys verða á Íslandi, slys, sem skapað hafa þjóðarsorg, hafa þm. talið viðeigandi að halda sérstakan minningarfund á Alþ. til þess að sýna aðstandendunum samúð. Þá hefur forseti Sþ. venjulega flutt ávarp til aðstandendanna, fullt samúðar og skilnings á þeim málum, og m. a. óskað þess, að þingheimur risi úr sætum til minningar um þá, sem fallið hafa. Ég vil gjarnan spyrja þessa menn, hvort það séu þessar grátmessur, sem þeir ræða hér um, og hvort þeir vilji beita sér fyrir því, að þær verði afnumdar. Ef svo væri, þá væri æskilegt, að þeir byrjuðu með því að sitja kyrrir í sætum sínum, þegar forseti óskar þess, að einnig þeir rísi upp í samúðar- og virðingarskyni við þá menn, sem fallið hafa í harðri baráttu fyrir því, að hinir, sem eru í landi, þar á meðal kommúnistar, njóti betri lífskjara en þeir hefðu gert, ef sjómennirnir hefðu ekki verið á þeim vettvangi, sem þeir féllu á. Ég öfunda ekki þessa menn, ef þeir ætla að hafa það efst á stefnuskrá sinni í framtíðinni að afnema þessar minningarathafnir á Alþ. Eða er það hitt, sem þeir meina, hinar venjulegu kirkjulegu minningar, sem hafa verið haldnar í sambandi við þessi sorglegu slys, og eru það þær, sem þeir kalla grátmessur þjóðarinnar? Ef svo er, þá er þar nýtt verkefni fyrir hina nýju lögreglu þeirra að hafa það sem prófstein að reyna að gera tilraun til að stöðva slíkar grátmessur hjá þjóðinni. En ég öfunda ekki þá menn, sem ætla að byrja á því að stöðva slíkar athafnir, því að ennþá eru á Íslandi menn, sem eru ekki sterkari en svo, að þeir þurfa aðra biblíu en Þjóðviljann og annan sálm en rússneska þjóðsönginn til að sækja í frið, þrótt og þrek, þegar eitthvað kemur fyrir þá, sem er meira en það venjulega og enginn mannlegur kraftur né hyggjuvit fær afstýrt. Þessi aðferð, að taka viðkvæmustu mál þjóðarinnar og nota fyrir pólitískan áróður, er svo langt fyrir neðan allt velsæmi, að ég skil ekki í, að sá flokkur, sem hefur leyft sér að gera það, fái fyrir það annað en andstyggð þjóðarinnar fyrr og síðar.

Ég vil svo leggja til, að þessi þáltill. á þskj. 22 með þeim breyt., sem fram eru komnar till. um á þskj. 55, verði samþ. og afgr. til hæstv. ríkisstj. Um leið vil ég geta þess, að n. leggur mjög mikla áherzlu á það, að hæstv. atvmrh. láti framkvæma þessi verk eins fljótt og unnt er og niðurstöður og till. í þessum efnum verið birtar þjóðinni eins fljótt og verða má.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Ég hef talið mér nauðsynlegt að skila hér sérstöku nál. í þessu máli, vegna þess að ég lít svo á, að með samþykkt þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 22, og með þeim breyt., sem meiri hl. hv. allshn. leggur til á þskj. 55, að á henni verði gerðar, séu ekki af hálfu hæstv. Alþ. þessu þýðingarmikla máli gerð nægileg skil.

Hv. frsm. meiri hl. allshn. lét falla hér orð áðan á þá leið, að hann teldi einkennilegt, að n. skyldi klofna um málið, því að, eftir því sem hann taldi, væri ágreiningsefnið svo lítið, að ekki hefði tekið því að kljúfa n. um það. Ég lít allt öðruvísi á þetta mál. Ég tel, að það séu þrjú veigamikil atriði, sem deilt er um á milli meiri hl. og minni hl. n., sem hvert um sig og því fremur þau öll saman gefi fulla ástæðu til þess, að n. klofni um atriði málsins. Þessi ágreiningur var fyrst og fremst um verkefni n., sem lagt er til, að skipuð verði eftir þessari þáltill. Í fyrsta lagi um það, hvort n. skyldi, áður en hún framkvæmdi þá endurskoðun, sem þáltill. gerir ráð fyrir, eins og hún er flutt, afla sér nýrra upplýsinga til þess að byggja starf sitt á. Í öðru lagi er veigamikill ágreiningur um samsetningu n. Og í þriðja lagi er ágreiningur um það, að ég legg á það áherzlu, að auk þess sem framkvæmd verði rannsókn á málinu og endurskoðun á þeirri löggjöf, sem hér er um að ræða, þá séu einnig nú þegar gerðar bráðabirgðaráðstafanir til þess að tryggja betur en gert hefur verið fram að þessu eftirlit með skipum og þá sérstaklega með hleðslu skipanna og öðrum farbúnaði, þ. e. a. s. hið daglega eftirlit með öryggi skipanna, sem á sjóinn sækja. — Öll þessi atriði eru svo veigamikil, að ég taldi ástæðu til að kljúfa n. um þau.

Ég vil þá með fáum orðum gera grein fyrir afstöðu minni til þessara atriða, sem ég taldi nauð-

synlegt að gera ágreining um við aðra nm. — Eins og hv. alþm. er kunnugt, þá er tilefni þess, að þáltill. á þskj. 22 hefur verið flutt, það, að óvenjulega tíð og stórfelld sjóslys hafa orðið hér að undanförnu, og um leið það, að almannarómur er á þá leið, — og hefur enda verið mikið skrifað um það í dagblöðin hér í Reykjavík að undanförnu og sagðar um það ýmsar sögur af sjómönnum, sem sjálfir hafa komizt í slíka reynslu, og hafa þær ekki verið hraktar, svo að ég hafi orðið var a. m. k., sem bendir til þess, að þessi hörmulegu og stórfelldu sjóslys eigi a. m. k. að einhverju leyti rætur sínar að rekja til þess, að eftirlit með þeim l., sem gilda um eftirlit með skipum og öryggi þeirra, annað hvort eða hvort tveggja, sé ekki svo traust sem vera skyldi. Og þetta, sem ég minntist á, virðist einnig benda til þess, að með því að setja um þetta strangari ákvæði og öruggara eftirlit í þessum efnum mundu vera möguleikar á því að koma í veg fyrir, að íslenzk sjómannastétt þyrfti að færa slíkar fórnir sem orðið hafa nú á síðustu tímum. — Þegar slíkt tilefni er til málsins hér á hæstv. Alþ., þá tel ég það alveg sjálfsagðan hlut, að ein af fyrstu ráðstöfunum Alþ. sé í þessu efni sú að láta rannsaka til þess ýtrasta, við hve mikil rök þær ásakanir styðjast, sem fram hafa komið í þessum efnum, og að með þeirri rannsókn og þeim upplýsingum, sem n. sú, er Alþ. mundi setja í þetta mál, fengi, væri fenginn sá grundvöllur, sem sú sama n. byggði á endurskoðun á l. um þessi efni, og einnig væru á þessu byggðar þær aðgerðir, sem þá e. t. v. kynni að vera talið nauðsynlegt að gera, til þess að eftirlitið með l. í þessum efnum yrði strangara og öruggara en verið hefur.

Hv. meiri hl. allshn. viðurkennir þetta líka í raun og veru í því nál., sem meiri hl. n. hefur lagt hér fram á hæstv. Alþ., þar sem komizt er svo að orði, að bæði sé æskilegt og rétt, að fram sé látin fara ýtarleg rannsókn á þessu máli öllu. En gallinn er bara sá, að í raun og veru er þetta aðeins varajátning hjá hv. meiri hl. n., vegna þess að meiri hl. n. hefur alls ekki viljað fallast á það, að inn í sjálfa þáltill. væru sett nokkur ákvæði, þar sem lagt væri fyrir n., sem skipuð yrði eftir þessari þáltill., ef samþ. verður, að rannsaka eða afla sér á annan hátt þeirra upplýsinga, sem hér er um að ræða og meiri hl. allshn. viðurkennir þó, að séu nauðsynlegar til þess að byggja á allar aðgerðir í málinu. Og þetta er eitt af ágreiningsefnum meiri hl. og minni hl. allshn., að ég tel nauðsynlegt, að um þetta séu sett skýr fyrirmæli í þáltill., þannig að lagt sé fyrir þá n., sem þar er gert ráð fyrir, að afla sér slíkra upplýsinga, til þess að hún geti á þeim byggt endurskoðun á löggjöfinni, sem síðar færi fram. Það kemur að vísu fram í einni af brtt. hv. meiri hl. allshn., að þessi fyrirhugaða n. skuli hafa aðgang að skjölum, sem varða þetta mál, þ. e. a. s. henni er eftir þeim till. gefin aðstaða til þess, ef hún af sjálfsdáðum vill eitthvað hnýsast í þetta, að hafa aðgang að þessum skjölum. En um verkefni þessarar fyrirhuguðu n. eru í þáltill. engin fyrirmæli til n. um það, að hún skuli afla sér þessara upplýsinga eða á annan hátt framkvæma nokkra rannsókn í þessum málum.

Eins og þegar hefur verið lýst, tel ég þetta grundvallaratriði og því sé alls ekki hægt að ganga fram hjá því, að í sjálfri þáltill. verði að koma fram, að það sé verkefni þessarar fyrirhuguðu n. að gera þetta, og því aðeins, að það sé tekið fram, sé hægt að gera ráð fyrir algerri endurskoðun af hálfu þessarar n. á viðkomandi löggjöf og þá um leið till. frá n. um frekari ákvæði um öruggara eftirlit með framkvæmd þessarar löggjafar, ef það að fram farinni rannsókn verður talið nauðsynlegt. — Þetta er sem sagt fyrsta ágreiningsefnið og að mínu áliti mjög veigamikið ágreiningsefni á milli meiri hl. og minni hl. allshn., og tel ég mig hafa gert grein fyrir því af minni hálfu.

Viðvíkjandi framkvæmd eftirlitsins tel ég mig ekki hafa kunnugleika til þess að dæma um það og tel ekki heldur þörf á því á þessu stigi málsins að dæma um það, hvernig framkvæmd eftirlitsins hefur verið og hvort því hefur verið ábótavant í veigamiklum atriðum eða ekki. En það verður þó tæplega varizt þeirri hugsun í sambandi við þau slys, sem orðið hafa, og í sambandi við þær sögur, sem sjómenn sjálfir segja um þau efni og m. a. hafa birzt í dagblöðum bæjarins, — þar sem sagt er frá ýmsum dæmum um ofhleðslu skipa, þegar þau í tiltölulega góðu veðri og alveg sjólausu hafa aðeins með naumindum komizt til lands, — það verður tæplega varizt þeirri hugsun með tilliti til þessa, að á vissum sviðum eftirlitsins a. m. k. hafi verið álitamál, að þess hafi verið gætt nógu vel. Og án þess að ég hafi neina sérstaka þekkingu í þessu efni, þá er grunur minn sá, að hinu daglega eftirliti með ferðbúnaði skipanna og hleðslu þeirra kunni að hafa verið nokkuð ábótavant og að skipaskoðunarmennirnir hafi fyrst og fremst litið á það sem hlutverk sitt að fylgjast með byggingu skipanna og þá væntanlega einnig marghátturðum breyt. á þeim, en þeir hafi hins vegar annaðhvort ekki talið sig hafa tækifæri til þess eða ekki litið á það sem verkefni sitt að fylgjast með daglegum útbúnaði skipanna og ferðbúnaði. Þess vegna hafi það komið fyrir hvað eftir annað, að skip hafa komið hér að landi meira hlaðin en telja má fært, en það hefur í ýmsum tilfellum orðið til þess, að skipin hafa stundum komizt að landi mjög nauðulega. Og um það er enginn til frásagnar, hvort ofhleðsla skipa hafi e. t. v. stundum orðið þeim að grandi.

Eins og ég hef sagt, eru það einnig þessar ástæður, sem liggja til þess, að mál þetta er til meðferðar hér á hæstv. Alþ. og að meiri hl. og minni hl. allshn. hafa talið nauðsynlegt, að Alþ. setti löggjöf með það væntanlega fyrir augum, að komið yrði í veg fyrir, að slíkir atburðir endurtækju sig í framtíðinni. En einmitt þegar sýnt er, að slíkir atburðir gefa tilefni til slíkra aðgerða, þá álít ég einnig nauðsynlegt, þegar slík endurskoðun á löggjöfinni er látin fara fram, að til

þess séu valdir þeir menn, sem sjálfir eiga mestra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta og eiga mest á hættu, þ. e. sjómennirnir, sem ekki eiga minna en sitt eigið líf í hættu í sambandi við það, að sem bezt og tryggilegast sé með þessi mál farið. Og með tilliti til þess álít ég, að n. eigi að vera saman sett eins og ég hef lagt til, að stéttasamtök sjómannanna sjálfra hafi meiri hl. í þessari n., sem fái að verkefni að endurskoða löggjöfina og annað, sem að gagni má koma í sambandi við þessi öryggismál. En um þetta atriði hefur orðið allmikill ágreiningur í allshn., og meiri hl. allshn. telur ekki nauðsyn á þessari tilhögun á skipun manna í þessa fyrirhuguðu n.

Nú vil ég vekja athygli á því, að þessari n. er ekki ætlað að hafa nokkurt löggjafarvald né að ganga á nokkurn hátt endanlega frá þessu máli. Það, sem frá þessari n. mundi koma, eru till. um það, hvernig hún álíti þessum málum bezt og skipulegast fyrir komið. Og ég held því hiklaust fram, að það sé langmests virði fyrir hæstv. Alþ. að fá um þetta till. frá sjómönnunum sjálfum og þess vegna sé bezt, að n. sé a. m. k. að meiri hluta skipuð fulltrúum frá sjómönnum. Síðan kemur til kasta Alþ. og ríkisstj. að meta þær till., sem kæmu fram frá sjómönnum. Og það er löggjafarvaldið, sem í þessum málum sem öðrum hefur úrslitavaldið um það, hvernig frá þessum málum verður gengið. Og ef eitthvað kemur fram frá þessari n., sem Alþ. telur varhugavert, þá getur það breytt þeim till. eftir því, sem þingvilji væri fyrir hendi á hverjum tíma. Fyrir löggjafarvaldið felst því engin minnsta hætta í því að leyfa sjómönnum að hafa meiri hl. í þessari n. En sú trygging fengist með því hins vegar, að í till. n. kæmi fram vilji þeirra manna, sem eiga þarna mest á hættu, þ. e. líf sitt. Og fram hjá því ætti hæstv. Alþ. ekki að ganga, ef það vill, að í þessari löggjöf felist trygging fyrir því, að dregið verði úr þeim hörmulegu slysförum, sem orðið hafa nú á undanförnum tímum.

Í sambandi við endurskoðun löggjafarinnar um þessi efni hef ég enn fremur talið rétt, að þegar á þessu stigi málsins væri kveðið nokkuð á um það, í hvaða átt sú endurskoðun ætti að ganga. Meiri hl. n. hefur hins vegar ekki viljað fallast á það. Og í upphaflegu till. var ekki heldur á það fallizt. Mér finnst það liggja í hlutarins eðli, að eigi endurskoðunin að miða að því að tryggja betur en verið hefur öryggi skipanna og sjómannanna, sem á þeim sigla, þá sé líka rétt, — og fellur það saman við það, sem ég hef áður sagt um samsetningu n., — þá sé rétt viðvíkjandi skipaeftirlitinu, sem ég gat um, að endurskoðunin ætti einnig að beinast að, að það sé ekki aðeins til bráðabirgða, heldur líka til frambúðar fært að meira eða minna leyti í hendur sjómanna eða þeirra, sem samtök þeirra tilnefna til þess. Ég álít, að mest trygging væri fengin fyrir því, að sem örugglegast væri frá þessu gengið á allan hátt með því, að þessir aðilar sjálfir, sem eiga líf sitt undir því, að sem örugglegast sé frá þessu gengið á allan hátt, beri sjálfir ábyrgð á eftirlitinu með framkvæmd þessara l. Hið faglega eftirlit í þessum efnum verður að vera í höndum fagmanna, sem hafa sérþekkingu á smíði skipa og þess háttar. En ef hið daglega eftirlit með ferðbúnaði skipa og hleðslu þeirra er í höndum stéttasamtaka sjómanna, þá hefði því verið betur fylgt eftir en lítur út fyrir, að gert hafi verið, og þá hefði sennilega verið komið í veg fyrir ofhleðslu skipa, sem e. t. v. í sumum tilfellum hefur orðið mönnum að fjörtjóni. Ég sagði ef til vill, því að ég fullyrði ekkert um það. En eftir frásögn manna af öðrum skipum, sem hafa verið svo ofhlaðin, að þau hafa sloppið nauðulega til lands, þá er ástæða til að líta svo á.

Ég tel nauðsynlegt vegna þess, hve þetta mál er geysilega þýðingarmikið, að ekki sé látið sitja við það eitt að skipa n. til þess að endurskoða löggjöfina, heldur séu jafnframt nú þegar gerðar raunhæfar ráðstafanir til þess að bæta úr því að einhverju leyti, sem ábótavant er í þessu efni. Og það, sem þegar er hægt að gera, áður en löggjöfin sjálf er endurskoðuð, er að bæta sjálft eftirlitið. Og þess vegna legg ég til í síðasta lið brtt. minna við þáltill., að til bráðabirgða séu skipaðir tveir fulltrúar eftir tilnefningu stéttasamtaka sjómanna, til þess ásamt þeim eftirlitsmönnum, sem nú þegar eru, að annast daglegt eftirlit með ferðbúnaði skipa og hleðslu þeirra. Ég tel, að það sé hægt að gera þetta án þess að brjóta í bág við fyrirmæli löggjafarinnar, eins og hún er nú, og þó að þetta sé ofurlítill kostnaðarauki, þá sé hann ekki það mikill, að ástæða sé til þess fyrir löggjafarvaldið eða ríkisstj. að horfa í það, ef með því væri hægt að tryggja, þó ekki væri nema ofurlítið betur en nú er, að ekki endurtaki sig slík stórslys, sem hafa orðið á sjó undanfarið. Og mig satt að segja furðar nokkuð á því, að hv. meiri hl. allshn. vill ekki fallast á þetta, og því fremur, ef hv. alþm. yfirleitt vilja ekki fallast á það, því að slíkt fyndist mér helzt til lítil alvara í máli eins og því, sem hér er um að ræða. Mér virðist ekki horfandi í þennan kostnað. Og mér virðist, að það gæti verið vottur um vilja Alþ. til þess að ráða bót á þessu máli, ef það sýndi lit á að tryggja öryggi sjómanna með þessu til bráðabirgða, þangað til gengið hefði verið frá endurskoðun l. og þá með nýjum lagafyrirmælum, sem tryggðu betur en áður hefur verið öryggi skipanna og sjómannanna, sem á þeim sigla.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara að eyða tíma í að svara ýmsum hnútum, sem hv. þm. Barð. var að kasta hér fram í framsöguræðu sinni. Það er þó eitt atriði, sem ég held, að ég verði að minnast ofurlítið á, þar sem hann var að vitna í grein í Þjóðviljanum, þar sem talað er um, að þetta mál, sem hér er til umr., mundi vera prófsteinn á það, hvort verk hinna ýmsu þingmanna nú yrðu í samræmi við þá framkomu, sem komið hefur fram, eins og það er orðað þar, í „grátmessum", sem hafi verið út af þeim sjóslysum, sem átt hafa sér stað. Og spurði hv. þm. Barð., hvort stefna okkar

sósíalista væri — og þá kannske aðalatriðið í þessu máli — að berjast fyrir því að afnema þær minningarhátíðir, sem haldnar hafa verið, og þá minningarfundi, sem haldnir hafa verið hér í hæstv. Alþ. út af þessum slysum. — Ég vil svara hv. þm. Barð. í þessu sambandi því, að það hefur ekkert komið fram um það, hvorki í Þjóðviljanum né annars staðar, og er þess vegna áreiðanlega ekkert stefnumál okkar að berjast á móti því, að eftirlifandi aðstandendum sjómanna sé sýnd samúð á einn eða annan hátt, þegar slík slys hafa orðið. Það er síður en svo, að við höfum nokkuð á móti því. En við viljum ekki láta þar við sitja. Og hinu leggjum við nokkuð upp úr, að í samræmi við þá samúð séu aðgerðir Alþ. um aukið eftirlit með skipum og aukna tryggingu gagnvart þeim sjómönnum, sem eftir lifa. Og það er það, sem við eigum við, en ekki, að hætt sé við að halda minningarguðsþjónustur og minningarfundi í Alþ. í tilefni af slíkum slysum.

Hv. meiri hl. n. getur um það, og hv. frsm. meiri hl. n. gerði það einnig, að raddir hefðu komið fram um það í allshn., að ekki væri ástæða til neinna aðgerða af hálfu Alþ. í þessu máli, heldur ætti að vísa því til ríkisstj., en að það hefði þó orðið ofan á í allshn. að gera það ekki, heldur halda sig við það, að Alþ. gerði um málið einhverja samþykkt. Telur meiri hl. n., að með því sé betur lýst vilja Alþ. um sem bezt öryggi í þessum málum. Það er náttúrlega ágætt, að meiri hl. allshn. lýsi yfir því, að hann vilji vinna að því, að vilji Alþ. komi sem bezt í ljós í þessu efni og að sem tryggilegast sé gengið frá öryggismálum sjómanna. En ég verð nú að álíta, að sá vilji Alþ., ef hann er raunverulega fyrir hendi, sem ég vona, að sé, kæmi betur í ljós með því að samþ. þó þáltill. með þeirri breyt., sem ég legg til, að gerð verði á henni, vegna þess að í henni kemur áreiðanlega fram miklu fyllri vilji til þess, að raunhæfar aðgerðir séu við hafðar til þess að tryggja öryggi skipa og sjófarenda í framtíðinni en í þáltill. eins og hún er flutt og með þeim breyt., sem meiri hl. allshn. vill á henni gera.

Eins og ég hef þegar lýst, þá eru það allveigamikil atriði, sem ágreiningur er um á milli meiri hl. og minni hl. allshn. Og ef hæstv. Alþ. vill samþ. þáltill. eins og ég legg til, þá tel ég, að miklu skýrar kæmi fram vilji Alþ. til þess að ganga tryggilega frá þessum öryggismálum en ef látið er nægja að samþ. þáltill. með brtt. meiri hl. n.

Finnur Jónsson: Þó að ég vilji, að þetta mál fái afgreiðslu á þessum fundi, langar mig til að segja nokkur orð, en ég skal vera stuttorður.

Ég skal geta þess, að umr. um þessi mál hér á Alþ. virðast þegar vera farnar að bera nokkurn árangur. Togarar fara ekki með eins mikið af fiski nú og þeir gerðu. T. d. veit ég um tvo togara í Hafnarfirði, að úr öðrum var tekið 12 smálestum minna en áður, en úr hinum vigtaðist 23 smálestum minna en áður hefur verið tekið úr þessu sama skipi. Þetta sýnir, að umr. þær, sem átt hafa sér stað í blöðunum og hér á Alþ., hafa ekki verið óþarfar. Og þær eiga vonandi eftir að bera enn meiri árangur.

Hv. 4. landsk. hefur lýst brtt. við till., sem ég er 1. flm. að. Ég get sagt, að ég er sammála forsendum hans að mestu leyti, en ég greiði atkv. með minni till. á sömu forsendum. Ég sé ekki annan mun á þeim en að önnur er flutt til að sýnast, en hin til að fá einhverjar niðurstöður í málinu. Ég tel, að í till. minni sé tryggt, að vilji sjómanna komi fram, þar sem tveir af fjórum eiga að vera skipaðir af samtökum sjómanna, og með samþykkt þeirrar till. næst fyllilega það, sem hv. 4. landsk. talar um, að aðgerðir Alþ. í þessum málum eigi að vera í samræmi við þá samúð, sem sýnd hefur verið. Eini verulegi munurinn er sá, að í till. hv. 4. landsk. er farið fram á, að tveir menn séu skipaðir við hlið skipaskoðunarstjóra honum til aðstoðar. Ég veit ekki, hvort l. eru fyrir því, að tveir menn gætu ráðið, ef hann ekki vildi. Ég tel því, að það væri meiri einlægni af hv. 4. landsk. að bera fram till. um, að Alþ. vísaði skipaskoðunarstjóra frá um stundarsakir, meðan embættisrekstur hans væri í rannsókn, og virðist mér það vera meira í samræmi við þær reglur, sem gilda um aðra embættismenn. Ef því einhver þm. treysti sér til að flytja till. um, að Alþ. lýsi vantrausti á skipaskoðunarstjóra, þá væri það einlægara.

Ég tel, að sú till., sem meiri hl. allshn. leggur til, að verði samþ., nái tilgangi þeim, sem felst í brtt. hv. 4. landsk.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum að þessu máli, en ég vil ekki með öllu láta ómótmælt því, sem hv. þm. Ísaf. sagði. Hann taldi sig að vísu samþykkan forsendunum að brtt. minni, en taldi sig ekki geta verið með henni, af því að hún væri flutt til að sýnast. Það hefði verið hyggilegra af honum að tala ekki þannig, því að *ég vil fullyrða, að það er sú till., sem hann er* 1. flm. að, sem flutt var til að sýnast. Hún var flutt, eftir að stjórn Alþýðusambands Íslands var búin að taka málið upp og skrifa ríkisstj. og óska samstarfs hennar um að tryggja sjómönnum meira öryggi. Hv. alþm. var að sjálfsögðu kunnugt um það, en meðan Alþýðusambandið beið eftir svari, þá flýtir hann og hv. 4. þm. Reykv. sér að bera þessa till. fram, og það var áreiðanlega gert af þeirra hálfu til að sýnast. Hitt er annað mál, að þegar búið var að taka þetta mál upp á þingi, — sem hefði áreiðanlega verið gert, hvort sem var, þegar árangur af till. Alþýðusambandsins var kunnur orðinn, — þá var rétt að snúast við því á þann hátt að reyna að fá till. breytt á þann veg, sem hverjum og einum fannst réttast og eðlilegast. Það er það, sem ég hef gert, ekki til að sýnast, heldur til þess, að málið fái þá afgreiðslu, sem ég tel heppilegasta.

Þá var hann að segja, að ekki væri hægt að telja, að brtt. mín fæli í sér neitt, sem ekki væri í till. hans með brtt. allshn. Þetta er ekki rétt.

Ég vil endurtaka, að í brtt. minni er gert ráð fyrir raunhæfum aðgerðum nú þegar, — að auka skipaskoðunina með því að bæta við tveimur mönnum, sem starfi eftir þeim reglum, sem um það kynnu að verða settar, en þar að auki sé endurskoðað það fyrirkomulag, sem nú gildir um skipaskoðun og skipaeftirlit. Það er ekki rétt að bíða í lengri tíma með að gera öryggisráðstafanir, heldur þarf nú þegar að tryggja, að fylgt sé þeim reglum, sem gilda um eftirlit með skipum.

Mér skildist, að hv. þm. telji till. mína vantraust á skipaskoðunarstjóra. Ég tel það ekki hans verk að hafa daglegt eftirlit með skipunum. Hann hefur of mikið annað að gera til þess. En framkvæmd skipaskoðunarl. er svo umfangsmikil orðin, að hún útheimtir meiri starfskrafta en nú eru fyrir hendi. Ég held, að skipaskoðunarstjóra væri ekki óljúft, að starfslið hans væri aukið. Það er því svo langt frá því, að vantraust á skipaskoðunarstjóra felist í brtt. minni, heldur yrði framkvæmd hennar til þess, að hann gæti fylgzt enn betur með, að fullnægt sé þeim kröfum, sem gerðar eru um útbúnað skipa.

Páll Zóphóníasson: Ég vil, vegna þess að ég skrifaði undir nál. með fyrirvara, segja fáein orð. Ég vil þá fyrst segja það, að ég er í einu og öllu sammála niðurstöðu meiri hl. allshn. og stend óskiptur með þeim. Hins vegar er ég ekki með öllum þeim forsendum, sem niðurstöðurnar eru byggðar á. Afstaða mín til nál. er því eingöngu byggð á því, að ég er ekki sammála forsendum till.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Ég þarf ekki að svara þeim miklu, er tekið hafa til máls við þessa umr. Hv. 2. þm. N-M. lagði áherzlu á, — og það geri ég einnig, — að traust skipaskoðunarinnar sé ekki rýrt með ósönnum áburði. En áður en umr. er slitið, finnst mér skylt að reyna að gera enn eina tilraun til þess að koma því inn hjá hv. 4. landsk., að þessa till. hans er búið að framkvæma fyrir meira en ári. Þá voru einmitt kjörnir tveir menn til að hafa þetta verk með höndum. Þetta er skýrasta sönnun þess, að verið er að flytja till. til að sýnast. Báðir menn-irnir, sem hafa verkið með höndum, eru frá samböndum sjómanna, báðir eru reyndir skipstjórar, og annar hefur meira að segja fengið kross frá ríkisstj. fyrir að hjarga tugum manna úr lífsháska. Ef hv. 4. landsk. vill ekki trúa þessu, þá er bezt, að hann gangi upp í skrifstofu eftirlitsins og láti sannfærast um, að þessir menn gera ekki annað en fylgjast með, hvernig skipin eru útbúin.

Ég vil aðeins víkja örfáum orðum að því, hvort meira öryggi kynni að vera í því að skipa alla mennina í n. samkv. tilnefningu alþýðusamtakanna, og vil í því sambandi benda á eftirfarandi: Fyrir skömmu efndi Samtrygging íslenzkra botnvörpunga til samkeppni um till. og teikningar af togara framtíðarinnar, þar sem sérstaklega væri tekið tillit til öryggis fólksins, sem á togurunum ynni. Var heitið ríflegum verðlaunum fyrir þrjár beztu tillögurnar. Hverjir sendu till.? Ef það væri rétt, sem hv. 4. landsk. segir, að sjómennirnir hafi mest vit á þessu og mestan áhugann fyrir umbótum og því eigi þessi mál að vera í þeirra höndum aðeins, þá virðist svo sem þeirra samtök hefðu átt að reyna að vinna til verðlaunanna, sem voru 10 þúsund, 7,5 þúsund og 5 þús. kr. En enginn af samtökum sjómannanna gáfu sér tíma til að hugsa um þetta mál. Allar úrlausnirnar komu frá mönnum, sem höfðu, sumir árum saman, sumir allt sitt líf, verið í þessu starfi, unnið hvað bezt fyrir þessar stéttir. Einmitt sú till., sem gekk langsamlega mest inn á öryggi sjómannanna, var drepin af sjómönnunum sjálfum, m. a. einum úr Alþýðusambandi Íslands. Það væri hollt fyrir hv. 4. landsk. að kynna sér þetta allt, áður en hann heldur því fram, að öryggi sjómannanna sé tryggt aðeins með því að láta það í hendur þessara manna.

Ég vil benda hv. 4. landsk. á, að það hefur nú verið hrakinn orðrómur um eitt slys, sem haldið hefur verið uppi áróðri út af í heilt ár. Menn sjá nú, að það var gert af allt öðru en sannleiksást eða af umhyggju fyrir öryggi á hafinu.

Sá maður, sem stendur hér upp og heldur fram, að það þurfi að skipa menn í stöður, sem búnir eru að vera skipaðir í heilt ár, þarf ekki að halda, að trúað verði þeim rökum, sem hann ber fram máli sínu til framdráttar.

Viðvíkjandi því, sem hv. þm. Ísaf. sagði, að 12 tonn af fiski hefðu verið tekin upp úr einum togara og rúm 20 úr öðrum, áður en þeir sigldu frá Hafnarfirði, þá eru þetta engin rök í því máli, að það hafi verið um ofhleðslu að ræða í fyrri ferðum. Það þarf ekki annað að vera en þeir hafi tekið með sér meiri kol nú vegna þess veðrahams, sem verið hefur og búast mátti við, til þess að tryggja meira eldsneyti til fararinnar, af því að þeir yrðu kannske lengur í ferðinni, og þá þurfti vitanlega að létta farm skipanna að sama skapi. Það er eins og þessi hv. þm. geti ómögulega skilið, að það sé sama að hafa jafnmikinn þunga af fiski í skipi og af öðrum vörum.

Frsm. minni hl. (Steingrímur Aðalsteinsson): Það er virðingarvert af hv. þm. Barð. að leggja á sig að reyna að sannfæra mig um, að skipaeftirlitið sé í bezta lagi og ekki þörf á að bæta það og að þegar í fyrra hafi verið skipaðir þeir tveir menn, sem ég fer fram á, að skipaðir verði. Það er varla hægt að tala um það þannig, því að það eru engir vissir menn, sem ég fer fram á, að skipaðir verði, en ég vil spyrja hann: Fyrst búið er að ganga svona rækilega frá þessum hlutum, hvers vegna hafa þá þeir togarar, sem komið hafa og farið ofhlaðnir, komizt það? Ég held það sé vegna þess, að ekki hefur verið að því gætt. Þess vegna legg ég til, að eftirlitið sé aukið.

Hann kvartar um, að ég vilji ekki trúa, hvað skipaeftirlitið sé gott. Ég vil heldur trúa staðreyndum en því, sem hv. þm. Barð. segir um það mál, þó að hann telji sig vita það og yfir höfuð allt betur en aðrir menn.

Viðvíkjandi samkeppninni um framtíðartogara og að engar till. hafi komið frá sjómönnum, er það að segja, að ef honum finnst þetta einkennilegt, þarf hann ekki annað en hugsa út í það, að hásetar eru ekki lærðir menn með tæknilega þekkingu á smíði skipa. Það er engin ástæða til, að þeir fari að taka þátt í slíkri samkeppni.

Það er líka ranghermi, að ég hafi sagt, að eftirlitið ætti að vera að öllu í höndum fulltrúa sjómanna. Því tekniska eftirliti er bezt komið í höndum þeirra, sem hafa tekniska þekkingu. En annað er bezt komið í höndum hinna.

Hv. þm. Ísaf. virtist halda, að það væri árangur af ræðu hans, að þessi 12 og 20 tonn voru tekin upp úr togurunum í Hafnarfirði. Ég skal ekki draga úr áhrifum þessarar ræðu, en benda á, að sjómennirnir í Hafnarfirði hafa tekið upp eftirlit með skipunum þar. Þetta er árangurinn af eftirliti þeirra. Það tel ég sönnun fyrir því, að eftirlitið sé bezt komið í höndum sjómannanna.

ATKVGR.

Brtt. 50 felld með 23:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SG, STh, StgrA, ÁkJ, BrB, EOl.

nei: IngJ, JJós, JPálm, JörB, LJóh, ÓTh, PHerm, PZ, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, ÞÞ, BG, BÁ, BBen, EystJ, FJ, GJ, HelgJ, GSv.

21 þm. (IngP, JakM, JS, JJ, KA, LJós, MJ, PÞ, PM, SB, SvbH, ÞG, ÁÁ, BSt, EE, EmJ, GÞ, GÍG, GTh, HG, HermJ) fjarstaddur.

Brtt. 55 samþ. með 24 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm, JörB, LJóh, ÓTh, PHerm, PZ, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, StJSt, ÞÞ, BG, BÁ, BBen, EystJ, FJ, GJ, GSv.

SigfS, SG, STh, StgrA, ÁkJ, BrB, EOl greiddu ekki atkv.

21 þm. (GÍG, GTh, HG, HermJ, JakM, JS, JJ, KA, LJós, MJ, PÞ, PM, SB, SvbH, ÞG, ÁÁ, BSt, EE, EmJ, GÞ, GG) fjarstaddur.

Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 60).

4. Vélskipasmíð innan lands.

Á deildafundum 17. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsókn á nauðsynlegri fyrirgreiðslu vegna vélskipasmíða innan lands (A. 5).

Á 13. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég vil að mestu leyti láta nægja að vísa til þeirrar ýtarlegu grg., sem fylgir þessari þáltill. Öllum er það ljóst, að það hlýtur að leiða til mikilla vandræða, ef skipasmíðar innan lands leggjast niður vegna verðhækkunar, og nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að bæta úr því og sjá til þess, að hér verði ekki minni skipasmíðar en undanfarin ár. Hér hafa ekki verið smíðuð önnur skip en tréskip. Ætti að vera nægilegur vinnukraftur í landinu til þess að smíða 600 smálestir af tréskipum á ári og auk þess að halda uppi nauðsynlegum viðgerðum og breytingum á skipastólnum.

Nú hefur farið fram nokkur athugun á kostnaði við skipasmíðar hér og komið í ljós, að hver smálest mun ekki kosta minna en 10 þús. kr. Smálestin kostar í Svíþjóð 4—5 þús. kr. og í Bandaríkjunum 7 þús. kr. Athugun hefur einnig sýnt, að mismunur á kostnaði við að koma efni og vélum til landsins nú og fyrir stríð, þ. e. flutningskostn., vátrygging, stríðstrygging og tollar, mun vera um 3 þús. kr. á smálest.

Ég vona, að hæstv. ríkisstj. fái frá Alþ. till. um, hvað gera megi til að tryggja það, að tréskipasmíðar innan lands þurfi ekki að leggjast niður, og að veittur verði styrkur úr ríkissjóði til þess.

Ég óska þess, að málinu verði vísað til 2. umr. og síðan til hv. allshn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 30 shlj. atkv.

Á 19. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 22. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 5, n. 58).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Allshn. hefur orðið sammála um að leggja til, að till. verði samþ., þó með þeirri breyt. að fella niður leiðbeiningarnar um lækkun tolla og flutningsgjalda. Brtt. þessi er gerð til samkomulags, þó að ýmsir nm. telji, að timbur og vélar í fiskibáta eigi að njóta beztu tollkjara og lægstu flutningsgjalda.

Skipasmíðar eru eðlilegur og sjálfsagður iðnaður hér á landi, og verður þess ekki sízt þörf að ófriðnum loknum að búa svo í haginn fyrir skipasmíðastöðvar, að þær verði færar um að standast alla erlenda samkeppni.

Leggjum við nm. því eindregið til, að till. verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 58 samþ. með 26:4 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 69).

5. Niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins (fyrri till.).

Á 2. fundi í Sþ., 12. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins og um rétt danskra ríkisborgara, heimilisfastra á Íslandi (A. 2).

Á 3. fundi í Sþ., 13. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 4. fundi í Sþ., 14. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Samkvæmt ósk þriggja flokka þingsins, Sjálfstæðisflokksins, Framsóknarflokksins og Sósíalistaflokksins, er þetta þing, sem er hið reglulega þing ársins 1944, kvatt saman rúmum mánuði fyrir lögmæltan dag, til þess að það geti afgreitt hæfilega snemma á árinu ályktun um dansk-íslenzka sambandslagasamninginn og stjórnskipunarlög sökum áformaðrar breytingar á stjórnarformi ríkisins úr konungdæmi til lýðveldis, er ráðgert er, að taki gildi á fyrra missiri þessa árs, að undangenginni þjóðaratkvgr. um bæði málin.

Mþn., skipuð átta mönnum, tveimur frá hverjum þingflokki, sem þeir höfðu sjálfir valið, hefur undirbúið málin. N. lauk starfi 7. apríl s. l. og lét prenta nál. ásamt till. sínum, er útbýtt var hér í þinginu á s. l. vori, en frumritið var samtímis sent ríkisstj. til geymslu, án þess að n. eða þingið óskaði þá neinna aðgerða af stj. hálfu í málunum, enda var þeim ekki hreyft, er þingið kom aftur saman til funda s. l. haust.

Með yfirlýsingu hér í þinginu 1. nóv. s. l. lýsti stj. í meginatriðum afstöðu sinni til þessara mála, ef til hennar kasta kynni að koma að sýsla um þau. Í samræmi við þessa yfirlýsingu og í samráði við áðurnefnda þingfl. ber stj. fram till. þá til þál., sem hér liggur fyrir, óbreytta frá því, sem mþn. gekk frá henni, enda þótt stj. telji ekki æskilegt, að till. verði samþ. óbreytt.

Um till. hafa verið ákveðnar tvær umr., og stj. óskar, að þingið skipi sérstaka n. til þess að fara með málið og íhuga till. Þegar n. hefur tekið til starfa, mun stj. koma athugasemdum sínum og till. til breyt. á framfæri. Tel ég því óþarft á þessu stigi málsins að vekja umr. um þau atriði, sem stj. telur æskilegt, að breytt væri í till. Enn fremur tel ég ekki nauðsynlegt að rekja nú aðdraganda þessa máls, því að hann er þingheimi og öllum almenningi kunnur.

Steján Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Á þessu stigi málsins þykir mér rétt að segja nokkur orð út af því.

Eins og hæstv. forsrh. hefur lýst yfir, liggur hér til umr. till., sem samin var á sínum tíma af mþn. í stjskr.málinu, og fjallar till. um það að fella úr gildi sambandslagasáttmálann frá 30. nóv. 1918 og að hann verði felldur niður af báðum þeim aðilum, er að honum stóðu af Íslands hálfu, sem voru Alþ. og íslenzkir kjósendur.

Ég þarf naumast að lýsa því, enda hefur það verið tekið fram af hæstv. forsrh., að þetta þing er kvatt saman eftir beiðni þriggja flokka hér á þingi til þess að afgreiða væntanlega á þessu þingi fyrir sitt leyti, eða réttara sagt að undirbúa í hendur þjóðarinnar afgreiðslu á þeim tveim þáttum málsins, sem snertir annars vegar fulla niðurfellingu sambandslagasáttmálans frá árinu 1918 og hins vegar setningu nýrrar stjskr., þar sem konungdæmi er breytt í lýðveldi.

Mun ég nú með orðum mínum hér á Sþ. aðallega beina máli mínu að þeim þætti, sem snertir aðeins niðurfellingu sambandslagasáttmálans, en mun að engu leyti, nema þar sem það er óhjákvæmilegt, víkja að hinum þættinum, sem er meira jákvæður, en hann fjallar um að samþ. undir þjóðaratkv. nýja stjskr. fyrir lýðveldið Ísland. Mun mér síðar gefast tækifæri til að láta í ljós skoðun mína um þetta stjskr.frv., er umr. hefjast um það í Nd., og mun ég þá gera grein fyrir afstöðu minni sérstaklega, en mér þykir rétt, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að taka það fram, sem öllum þingheimi og alþjóð að vísu er kunnugt um, að Alþfl. hefur fyrir löngu lýst yfir þeirri afstöðu sinni, að hann vildi fella úr gildi sambandslagasáttmálann, þegar tími væri til þess kominn, og stofna lýðveldi á Íslandi. Þetta kom ljóst fram á Alþ. árið 1928, að gefnu tilefni frá Sigurði Eggerz, þáv. þm., og var það þá, að Alþfl. einn allra flokka orðaði þá skoðun sína, að þegar sambandslagasáttmálinn væri fallinn úr gildi, ætti að stofna lýðveldi á Íslandi. Árið 1937 kom fram sama afstaða Alþfl. um niðurfellingu sambandslagasáttmálans, og á flokksþingi Alþfl. árið 1940 var gerð endurnýjun á samþykktinni þess efnis, að flokkurinn vildi, þegar þess yrði kostur, láta stofna lýðveldi á Íslandi. Síðan kemur samþykkt miðstj. Alþfl. frá 29. júní 1943 um afstöðu sína til þessa máls að láta stofna lýðveldi á Íslandi, og gerði miðstj. flokksins þá ákvarðanir sínar um það, með hverjum hætti það ætti fram að fara, en á afstöðnu þingi Alþfl. í nóv. s. l. orðaði Alþfl. fyrir sitt leyti stefnu sína í þeim efnum að stofna lýðveldi og gerði nokkra grein fyrir því í samþ. sinni, sem nýjust er, og vildi ég með leyfi forseta lesa upp fyrri hl. þeirrar samþykktar, og hljóðar hún þannig:

„Alþýðuflokkurinn hefur frá upphafi haft það á stefnuskrá sinni, að Ísland taki öll mál sín í eigin hendur og að stofnað yrði sjálfstætt og fullvalda lýðveldi á Íslandi án stjórnarfarslegra tengsla við nokkurt annað ríki. Þessi afstaða flokksins var skýrt mörkuð með yfirlýsingu hans á Alþingi árið 1928 og síðan einnig á þingum flokksins t. d. árið 1940, og stendur hún óhögguð þann dag í dag.

Með ályktun Alþingis 17. maí 1941 var því einróma lýst yfir, „að lýðveldi verði stofnað á Íslandi

jafnskjótt og sambandinu við Danmörku verður formlega slitið“ og „að af Íslands hálfu verði ekki um að ræða endurnýjun á sambandslagasáttmálanum við Danmörku, þótt ekki þyki að svo stöddu tímabært, vegna ríkjandi ástands, að ganga frá formlegum sambandsslitum og endanlegri stjórnskipun ríkisins, enda verði því ekki frestað lengur en til styrjaldarloka.“

Flokksþingið lýsir sig samþykkt þeirri stefnu, sem felst í framangreindum ummælum ályktunarinnar, og felur miðstjórn og þingflokki að ákveða nánar afstöðu flokksins eftir því, sem hin breytilegu viðhorf málsins krefjast á hverjum tíma fram til næsta flokksþings. Leggur þingið á það megináherzlu, að í engu verði hvikað frá öruggum réttarlegum grundvelli um brottfall sambandslaganna og að ekki verði að nauðsynjalausu gengið frá formlegum skilnaði, fyrr en sambandsþjóðirnar hafa fengið tækifæri til að ræðast við um málið, enda geti þá lýðveldisstofnunin farið fram með þeim virðuleik og hátíðleik, sem þeirri athöfn hæfir.“

Ég ætla því, að það megi slá því föstu, að það sé enginn ágreiningur milli stjórnmálaflokkanna á Íslandi um hið neikvæða atriði, að ekki beri að endurnýja sambandslagasáttmálann, og ég ætla líka, að um það sé heldur enginn ágreiningur milli íslenzkra stjórnmálaflokka, að stofna eigi lýðveldi hér á Íslandi. Ágreiningur er aðeins um það atriði, sem lýsa má með tveim orðum, hvenær og hvernig það skuli gert. Það er um þetta atriði, sem leiðir hafa skilið, og einmitt, þegar komið er að þessari till., sem hér liggur fyrir til fyrri umr., álít ég rétt að víkja að þeim þætti, hvenær og hvernig mér fyrir mitt leyti virðist að ganga eigi frá niðurfellingu sambandslagasáttmálans. Ég tel það beinlínis skyldu fyrir hið háa Alþ. og hæstv. ríkisstj. að gefa þjóðinni, sem nú á að segja sitt síðasta orð um þessi málefni, sem fyllstar upplýsingar um málið, forsögu þess og allt, sem máli kann að skipta. Í því sambandi harma ég mjög, að ekki skuli hafa verið birt þau plögg, sem farið hafa á milli íslenzkra stjórnarvalda og erlendra, svo sem danskra, brezkra og amerískra út af þessu máli. Það hefur aðeins verið birtur lítill hluti af þessum viðskiptum, og harma ég það mjög, eins og ég sagði áðan, að öll þessi skjöl skuli ekki hafa verið gerð þjóðinni kunn. Alþ., sem nú undirbýr þetta mál, á að veita þjóðinni allar þær upplýsingar, sem kostur er á að afla, áður en hún á að leggja sinn lokadóm á það, sem fram á að fara.

Stj. flytur nú till. til þál. á þskj. 2, og eins og ég sagði áðan, er hún samin af mþn. í stjskr.málinu, en um till. þessa má það segja, að það vantar enn þau tvö atriði, sem ágreiningur hefur myndazt um, því að í henni er ekkert um það sagt, hvenær þessi þál. eigi að afgreiðast bæði hér á Alþ. og meðal þjóðarinnar, né hvernig hún eigi að afgreiðast. Að þessum atriðum tel ég rétt að víkja nokkrum orðum, þegar rætt er um það að fella niður sambandslagasáttmálann, því að til þess, að það verði gert, hljóta að liggja sterk rök, og vil ég segja það, að þau rök eiga að vera ótvíræð, skír og ákveðin.

Ýmsar kenningar hafa komið fram um það, hvers vegna við ættum nú þegar að fella sambandslagasáttmálann úr gildi, án nokkurs tillits til uppsagnarákvæðanna í 18. gr. hans. En aðallega eru þær þrjár: Sú fyrsta er, að réttur þjóða til sjálfstæðis sé ofar öllum samningum, eins og Einar Olgeirsson hefur sagt í grein, sem hann skrifaði nýlega í Andvara, en kom upprentuð í Þjóðviljanum í gær. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er skýlaus réttur vor Íslendinga sem þjóðar, hvenær sem vér viljum, að taka öll mál vor í eigin hendur og verða algerlega sjálfstæð þjóð. Slíkt er helgur, óafseljanlegur réttur hverrar þjóðar, sem engrar stoðar þarfnast í frelsisskrám eða sáttmálum. Það getur enginn svipt oss þeim rétti, engin kynslóð Íslendinga svipt komandi kynslóðir honum. Sá réttur er öllum sáttmálum æðri og verður aldrei af oss saminn, hve slæma sáttmála sem valdhafar Íslands á undanförnum árum hafa gert eða á komandi árum kynnu að gera.“

Slíkt kann að láta vel í eyrum. En ég vil spyrja: Hvar væri íslenzka þjóðin á vegi stödd, ef hún lýsti yfir þeirri skoðun, að hún gæti í viðskiptum sínum við aðrar þjóðir vikið til hliðar öllum gerðum samningum með skírskotun til réttar, sem stæði ofar slíkum skuldbindingum? Er það ekki einmitt þetta, að þjóðir eða ríki skuli hafa tekið sér rétt til þess að rjúfa gerða samninga, þegar þeim hefur sýnzt, sem nú hefur leitt til hinnar ægilegu blóðsúthellingar yfir gervallt mannkyni? Ég vil vona, að Alþ. búi ekki niðurfellingu sambandslagasáttmálans í hendur þjóðarinnar með slíkum forsendum.

Önnur kenningin er hin svonefnda vanefndakenning — að hægt sé að fella sambandslagasáttmálann úr gildi vegna vanefnda danskra stjórnarvalda og þar með dönsku þjóðarinnar á honum. Sú kenning er í fyrsta lagi svo um deild, að hæpið er að byggja sambandsslitin á henni. Og þó að Alþ. hafi í ályktunum sínum 1941 áskilið okkur vanefndaréttinn til riftingar sambandslagasáttmálans, til þess að vera við öllu búið, sem að höndum kynni að bera, er þar með ekki sagt, að nauðsynlegt sé að tefla á tæpasta vaðið, þegar um aðra örugga leið er að velja. Það er og vitað, að núv. ríkisstj. hefur ekki viljað skírskota til vanefndaréttarins, enda hefur vanefndakenningin mælzt illa fyrir meðal þjóðarinnar, svo að ekki sé minnzt á afstöðu dönsku þjóðarinnar til hennar. Og tvö vinsamleg stórveldi hafa ráðið okkur ákveðið til þess að fella sambandslagasáttmálann ekki úr gildi á grundvelli neins vanefndaréttar, heldur þá fyrst, þegar sáttmálinn er tvímælalaust út runninn, eins og það var orðað af öðru þeirra, eða að við skyldum halda okkur stranglega að ákvæðum sáttmálans sjálfs, eins og sagt var af hinu. Ég álít því, að við eigum ekki að byggja neitt á vanefndarétti.

Þriðja kenningin, sem fram kom í yfirlýsingu ríkisstj. 1. nóv. s. l., er sú, að það ástand, sem skapaðist 9. apríl 1940 og síðan hefur haldizt

óbreytt, veiti okkur rétt til sambandsslita. Engin rök hafa verið færð fyrir þessari staðhæfingu hingað til, og ég get ekki séð, að það veiti okkur neinn slíkan rétt. Nú vita þm. hins vegar, að við höfum rétt til sambandsslita samkvæmt sambandslagasáttmálanum sjálfum, ef löglega er að farið. Og í því sambandi vil ég benda á það, sem margir virðast ekki gera sér fullkomlega ljóst, en í þessu máli er þó aðalatriði — að sambandslagasáttmálinn er enn í gildi, þó að framkvæmd hans hafi fallið niður að mestu leyti um nokkurt skeið. Þar af leiðandi er 18. gr. hans, þ. e. uppsagnarákvæðin, einnig í gildi. Og sambandslagasáttmálinn sjálfur verður því ekki löglega úr gildi felldur nema því aðeins, að fylgt sé uppsagnarákvæðum hans þar að lútandi, — þar á meðal við þjóðaratkvæðagreiðsluna um málið.

En þar sem engin aðkallandi þörf knýr til þess að ganga nú þegar formlega frá sambandsslitum, hefði ég langhelzt kosið, að sambandsslitunum yrði frestað, þar til frjálsar viðræður hefðu farið fram milli sambandsþjóðanna. Það teldi ég eðlilegustu, öruggustu og drengilegustu leiðina og algerlega áhættulausa fyrir okkur, ekki sízt, þegar á þau loforð er litið, sem tvö vinsamleg stórveldi hafa gefið okkur í sambandi við sjálfstæðismálið.

En nú er svo að sjá sem þrír flokkar þingsins telji það þjóðhættulegt að bíða þess, að hin ágæta *bræðraþjóð okkar fái aftur frelsi sitt. Og því mundi* ég vilja vinna það til samkomulags að fallast á, að sambandsslitunum yrði ekki frestað svo lengi, heldur aðeins þar til eftir 19. maí 1944, þegar löglegt má teljast að fella sambandslagasáttmálann niður, með því að þá eru þrjú ár liðin frá því, að dönskum stjórnarvöldum bárust ályktanir Alþ. 17. maí 1941, eins og til skilin eru í sambandslagasáttmálanum frá því að upsögn hans er boðuð og þar til hann er úr gildi felldur. Eftir 19. maí 1944 er því hægt að ákveða á lögformlegan hátt á Alþ. að fella sambandslagasáttmálann úr gildi og láta fara fram um það þjóðaratkvæði — fyrr ekki.

Við erum smáþjóð og getum ekki treyst á neitt vopnavald í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir. Þar getum við aðeins treyst á lagaleg og siðferðileg vopn. Þetta hefur líka oft verið viðurkennt og þó alveg sérstaklega vel verið fram tekið af tveimur þjóðkunnum lögfræðingum, þeim Bjarna Benediktssyni í grein, sem hann skrifaði í Andvara 1940, en þar segir svo: „Hún (ályktun Alþ. 10. apríl 1940) afnemur ekki konungsvald á Íslandi og sviptir konung ekki tign sinni. Ísland er eftir sem áður konungsríki, og hinn rétti konungur tekur aftur við völdum, þegar Alþ. telur skilyrði *vera fyrir höndum, að svo megi verða... Þar sem* Íslendingar eru varnarlaus og vopnlaus þjóð, verða þeir umfram allt að gæta vel þeirrar einu varnar, sem þeir hafa, en það er að ganga hvergi á rétt annarra og styðja allar gerðir sínar við ströngustu réttarákvæði.“

Hinn þjóðkunni maðurinn er núverandi forsrh., Björn Þórðarson dr. juris. Í útvarpserindi, er hann flutti 1942 og birt er í jólahefti tímaritsins „Helgafells“, segir hann, með leyfi hæstv. forseta: „En samkvæmt sambandssáttmálanum sjálfum höfum vér það í eigin hendi að ráða sambandsmálinu til lykta. Sú eina skylda, sem á oss hvílir gagnvart Dönum þar, er að virða lög og rétt. Sjálfstæðið höfum vér öðlazt á grundvelli laga og réttar, og því aðeins getum vér orðið hlutgengur aðili í samfélagi þjóðanna, að enginn skuggi falli á mannorð vort í því efni, þar megum vér aldrei tefla á tæpasta vaðið.“

Það er sannarlega þess vert að hafa varnaðarorð þessara tveggja merku manna í huga, þegar Alþingi ætlar að taka ákvörðun um þetta mál. Ég mundi telja, að með samþykkt Alþingis eftir 19. maí 1944 væri unnt að gera þetta samkvæmt ákvæðum sambandslagasamningsins, og að því búnu gæti þjóðaratkvæðagreiðsla farið fram. Mér virðist mega telja, að ályktun Alþ., sem tilkynnt var sambandsþjóð vorri 19. maí 1941, feli í sér uppsögn á sambandslagasamningnum samkv. 17. gr. hans. Ég staðhæfi einnig og get rökstutt það síðar, ef þarf, að danska ríkisstj. hafi með svari sínu gefið til kynna, að hún skildi þetta svo, að það jafngilti kröfu um endurskoðun samningsins, sbr. *og bréf ísl. ríkisstj. 23. júní 1941. Ég veit,* að ríkisstj. vorri muni kunnugt, ef hún hefur athugað skjöl, sem utanrrn. varðveitir, og um leið ummæli í dönskum blöðum, að sá skilningur var almennt *í þetta lagður af sambandsþjóð vorri,* að það samsvaraði kröfu um endurskoðun. Nú er það ákvæði í sambandslagasamningnum, að ef ekki náist innan þriggja ára samkomulag um endurnýjun, geti hvort ríkið, sem er, ákveðið einhliða, að hann sé fallinn úr gildi. Ég tel, að þar sem þessi ályktun Íslendinga, sem um ræðir, var svo víðtæk, sem allir vita, og skorinorð um það, að Íslendingar ætluðu ekki að endurnýja, hafi engin ástæða verið fyrir Íslendinga að hefja neinar samningaumleitanir, og af Dana hálfu hafa þær ekki verið hafnar, þótt unnt hefði verið á tímabili að gera það. Það er því 19. maí í vor, eftir 3—4 mánuði, sem við höfum öðlazt rétt eftir sambandslagasamningnum til að fella hann úr gildi með samþykktum Alþ. og þjóðaratkvgr. Ég hefði kosið, að beðið hefði verið með það til stríðsloka, því að það má teljast viðurkennt siðalögmál þjóða milli, að eigi beri að rifta samningum, nema aðilar hafi talazt við. En ég vil bjóða það fram sem samkomulagsgrundvöll, að úrslitum þessarar till. á Alþ. verði aðeins frestað fram yfir 19. maí n. k. — En þar yrði þó að fylgja með atriði, sem ég mun koma nánar að í umr. Nd. um stjskrfrv. Það er, að stjskrbreyt. verði ekki látin ganga í gildi fyrr en eftir að konungi *hefur gefizt tækifæri til að segja af sér. Ef hann* notar tækifærið, er það ágætt. En ef hann gerir það ekki, höfum við að mínu áliti rétt til að stofna lýðveldið á löglegan hátt. Það er alveg það sama, sem fyrir mér vakir með þetta atriði og hitt, að þessu sé ekki hrundið fram að þarflausu, meðan Danir eru ekki orðnir aftur frjáls þjóð. Kristján konungur 10. er nú ímynd hinnar glæsilegu andstöðu, sem danska þjóðin hefur sýnt í þrengingum

sínum. Það stafar ljóma frá þessum gamla Aldinborgaraðalsmanni, svo að ég noti orð víðfrægs skálds um hann. Við höfum heyrt þessa dagana, hvernig enskur utanríkisráðherra talar um þennan *aðalsmann og þjóðhetju, sem allur heimur dáir nú.* Þó að við Íslendingar skuldum honum máske ekkert annað, skuldum við honum viðurkenning þess, hvernig hann hefur nú reynzt sinni eigin þjóð. Við skuldum sæmd Íslands það að koma drengilega fram við þennan virðulega þjóðhöfðingja.

Þá er að lokum komið að því atriði, að þjóðin á að standa saman í þessu máli. Mér er það e. t. v. ekki óljósara en þeim, sem mest hafa um það talað. En mér er líka ljóst, að til þess að þjóðin geti staðið saman, verður að nást samkomulag um heilbrigða lausn og ekki óheilbrigða. Það er ekkert samkomulag að ákveða að knýja fyrirætlun meiri hl. fram hvað sem tautar og hvernig sem málstaður kann að reynast og skipa minni hl. að gefast upp og styðja meiri hl. Eins og það er fyrir miklu, að þjóðin standi saman út á við, er hitt enginn gróði og enginn vegsauki fyrir íslenzku þjóðina, þó að hún stæði saman um óréttlæti og vafasamar ákvarðanir. Á grundvelli réttar og ótvíræðs velsæmis verðum við að sameinast. Það er kunnugt, að menn úr öllum stjórnmálaflokkum hafa nú tekið höndum saman til að sporna við vafasamri afgreiðslu málsins. *(BrB:* Hverjir úr Sósfl.?). Ég hygg Þorvald Þórarinsson vera þar í flokki *(BrB:* Nei, sá maður er alls ekki í flokknum). Síðan á skólaárum hefur hann talið sig fylgja flokknum, hvað sem páfi flokksins, sem svipuna og burtrekstrarvaldið hefur, segir nú, og má vera, að fáir hætti á að eiga þá svipu yfir höfði sér. Alþfl. hefur ekki bundið einstaka flokksmenn í þessu máli, hann þarf þess ekki og telur það styrk sinn.

Ég tel, að Alþfl. geti óskiptur gengið að þeirri miðlunarlausn, sem ég hef nú lýst, að ég gæti fellt mig við til samkomulags við aðra flokka þingsins. Vilji til slíks samkomulags er fyrir hendi meðal þjóðarinnar, og lýst hefur verið yfir af mönnum í öllum stjórnmálaflokkum, að þeir telja brýna þörf að hverfa frá hinni einskorðuðu stefnu þingmeirihl. *í málinu og fylgja í þess stað algerlega* ákvæðum 18. gr. sambandslagasamningsins. Ef þeim ákvæðum er fylgt, er málstaður okkar traustur, og það er ekki einskis virði. Samningurinn verður ekki úr gildi felldur nema því aðeins, að fylgt sé uppsagnarákvæðum hans þar að lútandi, þar á meðal við þjóðaratkvæðagreiðsluna um málið. Og náist samkomulag um meðferð málsins, ætti enginn að þurfa að kvíða því, að ekki fengist sá meiri hl. við *þjóðaratkvgr., sem tilskilinn er í samningnum.* Og þar með væri réttarheiðri okkar í sambandi við afgreiðslu málsins fullkomlega borgið.

Því aðalatriði megum við enga stund gleyma.

Ólafur Thors: Öllum þeim, er af einlægni hafa þráð og barizt fyrir fullu stjórnarfarslegu frelsi Íslendinga, er það mikið gleðiefni, að tillaga sú, sem hér er til umr., skuli hafa verið lögð fram á Alþingi Íslendinga og eiga að baki sér öruggt þingfylgi. Er því fjarri mér að rifja nú upp fyrri ágreining við þá, sem nú eru samherjar. Og ekki mun ég heldur deila hart á hv. 4. þm. Reykv., því að hvort tveggja er, að *hann og ég höfum í* allýtarlegum blaðadeilum lagt málstað okkar fyrir dómstól almennings, sem og hitt, að enda þótt sigur málsins sé nú tryggður, þykir mér samt nokkru skipta, ef auðið mætti reynast að sameina alla þjóðina um lausn þess. Ég tel mig þó til neyddan að víkja nokkuð að ræðu hans, jafnframt því að fara fám orðum um málið í heild.

Það yrði allt of langt mál að rekja hér höfuðdrættina *í sjálfstæðismáli Íslendinga. Ég skal ekki* heldur freista þess að draga upp skýra mynd af því, er gerzt hefur síðustu árin. Læt nægja að stikla á einstökum stóratriðum.

Ég hef lengi litið svo á, að því mætti treysta, að Íslendingar bæru gæfu til að hagnýta sér óskertan þann rétt, er felst í 18. gr. sambandssáttmálans. Voru vonir þær m. a. reistar á ummælum forustumanna allra flokka hér á Alþ. 1928, en einkum þó 1937. Atburðir síðari ára hafa allir hnigið að því, að þjóðinni bæri að stefna beint að settu marki, hiklaust og með fullum hraða. Hafa og allar fyrri ákvarðanir Alþ. bent til þess, að svo mundi verða, og það án alls ágreinings. Nefni ég þar til samþykkt Alþ. í maí 1941, þar sem Alþ. fellst á og byggir á þeim rétti til tafarlausra sambandsslita, er Íslendingar hafi öðlazt vegna vanefnda Dana. Á þeim rétti var og byggt á vorþinginu 1942, enda var þá fullt þingfylgi fyrir stofnun lýðveldis á Íslandi á því ári. Voru þar í forustu og engum óskeleggari þeir, sem nú deila harðast á aðra fyrir að fresta ekki afgreiðslu málsins, þar til fram hafi farið viðræður við Dani og einkum þó konung. Minni ég enn á, að 7. apríl í fyrra var stjórnarskrárnefnd allra flokka á einu máli um stofnun lýðveldisins eigi síðar en 17. júní 1944. Við unnendur málsins höfum því með fullum rétti mátt vænta allsherjareiningar og eigum skilyrðislausa kröfu á hendur þeim, er nú hafa brugðizt fyrri málstað, að þeir segi satt og rétt til um, hvað veldur.

Ég tel mér skylt að víkja aðeins að því, hvað *réð því, að stjórn sú, er ég veitti forstöðu á árinu* 1942, efndi ekki það heit að stofna lýðveldið á því ári. Veit ég þó, að a. m. k. nær allir þm. eru þeim hnútum kunnugir. Eins og vitað er, hétu allir flokkar því við sumarkosningarnar 1942, að á því hausti yrði endir bundinn á málið. Að afloknum kosningum lagði sérstakur erindreki Roosevelts forseta leið sína um Ísland. Í viðtali við mig lét hann þá orð falla um, að ef til vill mundi *mér bráðlega berast boð frá forsetanum þess efnis,* að hann bæri fram ósk um, að Íslendingar frestuðu skilnaði við Dani fram yfir árslok 1943. Tók ég mjög þunglega á því máli, en rek viðtalið eigi frekar að sinni. Hinn 26. júlí 1942 bárust mér þó þessi skilaboð, er voru upphaf langra nótuskipta. Er efni þeirra öllum kunnugt, en endirinn varð sá, að Íslendingar töldu sér ráðlegast að fallast á tilmæli og rök forsetans, gegn því að

stjórn Bandaríkjanna gaf hinn 14. október 1942 út yfirlýsingu um það, að hún hefði ekkert við það að athuga, að Íslendingar stofnuðu lýðveldi, einungis ef lýðveldisstjskr. kæmi ekki til framkvæmda fyrr en eftir árslok 1943. Með þessari yfirlýsingu hafði tekizt að tryggja fyrirfram samþykki og viðurkenningu voldugasta lýðræðisríkis veraldarinnar á lögmæti stofnunar íslenzks lýðveldis, því að sjálfsögðu gátu Bandaríkin ekki lýst yfir, að þau hefðu ekkert við það að athuga, sem þau töldu ólögmætt. Þykist ég vita, að er fram líða stundir, muni gildi þeirrar yfirlýsingar rétt metið. Sjálfur taldi ég þá unninn veigamikinn sigur í sjálfstæðisbaráttunni. Þykir mér rétt að skýra frá því, að nokkurs ágreinings gætti síðar á haustinu 1942 um skilning þessarar yfirlýsingar stj. Bandaríkjanna, milli hennar og mín, sem þó lauk með fullri viðurkenningu á íslenzka sjónarmiðinu, því, að Íslendingar að dómi Bandaríkjanna gætu þegar haustið 1942 gengið að fullu frá stofnun lýðveldis, að því einu tilskildu, að hún kæmi ekki til framkvæmda fyrr en eftir árslok 1943.

Öll saga þessa máls segir skýrt frá um stefnu Sjálfstfl. í því. Við vildum binda endi á það 1942, en féllumst á að fresta því. En mér vitanlega hefur engum þm. Sjálfstfl. komið til hugar, að sá frestur næði fram yfir 17. júní 1944, og sannast sagna datt mér til skamms tíma ekki í hug, að slíkar raddir mundu heyrast hér á Alþ.

Ég tel, að í raun og veru sé sjálfstæðismálið útrætt. Sigur þess er tryggður. Frá því sjónarmiði er tilgangslaust að fara nú að tæta sundur ummæli og rökvillur hv. 4. þm. Reykv. Ég mundi heldur ekki geta bætt miklu við það, sem ég hef áður opinberlega um málið sagt og þjóðinni er löngu kunnugt um. Samt sem áður get ég ekki stillt mig um örstuttar athugasemdir.

Hv. þm., sem er form. þess flokks, sem lengst af hefur miklazt af skeleggri forustu í málinu, hefur nú snögglega gerbreytt um skoðun. Það á að sönnu að stofna lýðveldi, en bara ekki strax, heldur þegar tími er til kominn. Eru hér ekki á ferð gamlar afturgöngur? Hafa ekki þessar vofur alltaf ásótt alla, sem eitthvert spor vildu stíga fram á veginn í sjálfstæðisbaráttunni? Hefur því ekki alltaf verið við brugðið, að tíminn væri ekki hentugur, þótt stefnan væri í sjálfu sér rétt? Frestur, nýr frestur og framhaldsfrestur. Það eru vopnin, sem jafnan hafa bitið íslenzka málstaðnum bezt. Hv. 4. þm. Reykv. er svo sem ekki einn á báti, Fjöldi merkra utanþm. er í andófinu með honum. Einnig nokkrir flokksbræður hans á þingi. Mér dettur ekki í hug að hallmæla þessum mönnum. Sumir þeirra a. m. k. hlýða rödd samvizku sinnar. En ég hef aldrei skilið þá og geri það víst ekki úr þessu. Ég er jafnsannfærður í dag sem hv. 4. þm. Reykv. var 1941 og 1942 og síðast 7. apríl 1943 um rétt Íslendinga. Og nú minni ég hann og alla þá, er nú fylgja honum að máli, á, að réttur er sama og skylda. Ég get ekki sannað, að Íslendingum stafi voði af bið í málinu. En ég hef margleitt rök að því, að það sé líklegt eða geti a. m. k. allt eins orðið. Og hver er sá, sem þorir að staðhæfa, að þetta sé ekki a. m. k. hugsanlegt? Og vill þá nokkur bera ábyrgð á afleiðingum þess, að nú sé látið undir höfuð leggjast að nota skýlausan rétt meðan gatan er greið? Og fyrir hvern er svo þetta gert? Dani, konung, er svarað. En er nokkuð fyrir þá gert með þessu? Og sé svo, er þá ekki einmitt ástæða til að óttast afleiðingarnar? Ekki er Dönum neinn hagur í biðinni, og ekki konungi, nema því aðeins, að töfin bæti aðstöðu þeirra, sem alltaf hafa og alltaf munu vilja tengja saman ís og eld, Dani og Íslendinga. Og fyrir þá og þann málstað má enginn Íslendingur neitt gera.

Nei, lagalegi rétturinn er ekki hæpinn, eins og hv. 4. þm. Reykv. segir. Okkar vitni í því máli, íslenzk og erlend, eru þar gild og góð. Og siðferðisrétturinn er ekki heldur hæpinn, þótt hv. 4. þm. Reykv. vilji nú telja það. Sannleikurinn er sá, að lagaréttur okkar er ótvíræður, og okkur ber siðferðisleg skylda til að hagnýta hann tafarlaust. Verum þess minnugir, að sú þjóð, sem sjálf vefengir sinn helgasta rétt, á sér hvergi athvarf þegar í eindaga er komið, og gætum þess nú, að hvað sem líður kurteisi og umgengnisvenjum, þá hvílir nú á okkur skyldan, þung ábyrgð og heilög skylda gegn einum og eingöngu einum aðila, þ. e. gegn komandi kynslóðum á Íslandi.

Við höldum í dag á fjöregginu. Gætum þess að brjóta það ekki.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi segja nokkur orð um þáltill., áður en henni verður vísað til þeirrar n., sem fyrirhugað er að kjósa. Ég vil ekki trúa því, fyrr en ég má til, að miklar deilur þurfi að standa um þá meðferð á sambandsmálinu og við lýðveldisstofnunina, sem nú er fyrirhuguð, og ræð ég það bæði af málavöxtum og af forsögu málsins. Íslendingar hafa flestir litið á tímann síðan 1918 sem millibil eða undirbúningstíma, unz sambandslagasamningurinn yrði felldur úr gildi og þeir tækju öll mál sín á eigin hendur. Um þetta vitna yfirlýsingar frá öllum flokkum. Framsfl. lét í ljós, að hann vildi eindregið stuðla að því, að þetta yrði gert jafnskjótt og tími væri til kominn skv. sambandslögunum.

Menn vissu ekki, hvaða áhrif þessi styröld kynni að hafa á gang málanna, en líklegt var, að þau gætu orðið mikil, og mátti muna stríðið 1914—18 og styrjöldina 1802—14. Samband Íslands og Danmerkur hafði þá slitnað í bæði skiptin og tengslin orðið Íslendingum ákaflega lítils virði, þegar mest á reyndi. Var þetta orðið öllum ljóst, að ekki væri annars að vænta. Danmörk var síðan hernumin 1940 og Ísland af öðrum hernaðaraðila. Af því leiddi þá breyting hins æðsta valds í landinu, sem öllum er kunnug, og fer síðan ríkisstjóri með vald konungs. En utanríkismál sín hafa Íslendingar tekið öll í eigin hendur. Með þessu var teningunum kastað. Það er ekki hægt að snúa aftur til þeirrar skipunar málanna, sem var fyrir stríðið.

Fram hafa komið mismunandi raddir um, hvern

formlegan hátt væri rétt að hafa á sambandsslitunum, þegar þörf yrði að ganga frá þeim til fulls. Menn hafa bent á þær vanefndir samningsins, sem leiddi af einangrun Danmerkur við hernámið, og vildu sumir láta leiða af því full sambandsslit þegar árið eftir. Aðrir töldu réttara að bíða, en taka greinilega fram, að Íslendingar teldu sig hafa þann rétt, sem af vanefndum leiddi, og kynnu síðar að grípa til hans, ef svo bæri undir, þótt þeir ka·rðu sig ekki um það þá þegar. Þessi skoðun sigraði á Alþ., og í samræmi við hana voru ályktanir þess vorið 1941 og störf þess síðan. Ég tel, að þar með hafi allir þm. svarizt í bræðralag um það, á hverjum grundvelli byggja skyldi frekari framkvæmdir. Í ályktun um sjálfstæðismál landsins frá 17. maí 1941 er því slegið föstu af öllum þm. með skírskotun til sambandslaganna, að við höfum öðlazt rétt til sambandsslita, og með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að lýsa yfir því: að það telur Ísland hafa öðlazt rétt til fullra sambandsslita við Danmörku, þar sem Ísland hefur þegar orðið að taka í sínar hendur meðferð allra sinna mála, enda hefur Danmörk ekki getað farið með þau mál, sem hún tók að sér að fara með í umboði Íslands með sambandslagasamningi Íslands og Danmerkur frá 1918," — enn fremur, „að af Íslands hálfu verði ekki um að ræða endurnýjun á sambandslagasáttmálanum við Danmörku, þótt ekki þyki að svo stöddu tímabært vegna ríkjandi ástands að ganga frá formlegum sambandsslitum og endanlegri stjórnarskipun ríkisins, enda verði því ekki frestað lengur en til styrjaldarloka."

Þar með var fastráðið, að lýðveldið skyldi stofnað og mál okkar tekin öll á íslenzkar hendur eigi síðar en í styrjaldarlok. Hv. 4. þm. Reykv. átti sinn fulla þátt í þessari samþykkt og því meiri en aðrir, að hann var utanrrh. og bar því öllum öðrum meiri skylda til að kveða upp um það, ef honum þótti þá uggvænt, að samþ. þessi stæðist ekki gagnvart öðrum ríkjum, en það gerði hann ekki. En í ræðu hans áðan gat ég ekki betur heyrt en hann efaðist mjög um, að Íslendingar væru, jafnvel enn, búnir að fá þennan rétt, sem þeir byggðu á 1941, eða nokkurn vanefndarétt yfirleitt, og ef þeir færu ekki nákvæmlega eftir samningnum frá 1918, fremdu þeir ekki aðeins lagabrot, heldur freklegt siðferðisbrot. Gegnir þetta furðu.

Nú er ekki í þáltill. frá 1941 gert út um það, hvenær Íslendingar skuli lýsa yfir af sinni hálfu, að sambandssáttmálinn sé felldur úr gildi. En ég fullyrði, að þegar þetta var gert, gerðu menn sér ekki í hugarlund, að undir nokkrum kringumstæðum yrði beðið lengur en til ársins 1944.

Ég skal upplýsa um leið, að um þessar mundir, eða rétt áður en þessi sáttmáli var gerður hér á Alþingi, kom flokksþing framsóknarmanna saman til að ráðgast um afstöðu sína í skilnaðarmálinu, og þá var ákveðið af flokksins hálfu, að hann fylgdi því, að lýðveldi yrði stofnað á Íslandi eigi síðar en í styrjaldarlok og eigi síðar en árið 1944. Og þó að þetta sé ekki tekið fram í þeirri ályktun, sem gerð var á Alþingi, þá fullyrði ég, að það var fleirum í hug en framsóknarmönnum, að ekki yrði beðið lengur en til ársins 1944, þó að styrjöldinni yrði ekki lokið þá.

Frá því, að þessi þál. var samþ., og þangað til meðferð málsins var endanlega ákveðin af þremur þingflokkum nú í nóv. s. l., komu fram ýmsar till. um, hvenær Íslendingar skyldu stofna lýðveldið. Það kom fram till. veturinn 1942 um að stofna það þá um sumarið, og var þeirri till. haldið fast fram af þremur flokkum, Sjálfstfl., Alþfl. og Sósíalistafl., í sambandi við annað mál, sem var óheillamál, en ég skal ekki blanda inn í þessar umr. Framsfl. hafði álitið skynsamlegast að bíða þar til árið 1944, eins og flokksþingið ákvað 1941, en hins vegar litið svo á, að þótt einhver flokkur hefði sérstöðu, þá ætti hann ekki að gera ágreining um þá meðferð á þessu máli, sem meiri hluti Alþingis ákvæði. Þess vegna lýsti Framsfl. því yfir 1942, að hann mundi fylgja lýðveldisstofnun þá, þó að hann væri áður búinn að taka þá stefnu, að rétt væri að bíða til ársins 1944, ef styrjöldinni lyki ekki fyrr. Þannig álít ég, að eigi að halda á þessu máli, standa saman um það, sem meiri hl. ákveður. Þannig álít ég, að minni hl. eigi að koma fram nú, og þá ekki síður, þegar þess er gætt, að hann hefur á fyrra stigi málsins gengið fullkomlega inn á, að við stöndum á öruggum réttargrundvelli. Það er ekki hægt fyrir þennan minni hl. að segja nú, að við stöndum ekki á öruggum réttargrundvelli. Það er ekki hægt að skerast þannig úr leik, eftir að menn eru búnir að lýsa yfir ákveðinni réttarstöðu Íslendinga. Það er talað um hraðfara leið í þessu máli og jafnvel óðagot. Út af því er rétt að taka fram, að Alþingi lýsti yfir því 1941, að Ísland hefði vanefndarétt-inn. Margir Íslendingar hafa litið svo á, að við höfum þar að auki þann rétt, sem skapazt hefur við það, að sambandssáttmálinn er búinn að vera óvirkur í fjögur ár. Samt er farið svo gætilega í þetta mál, að menn láta sér ekki nægja að byggja á þessum tvöfalda rétti, heldur taka þann kostinn, sem tvímælalaust er skynsamlegast, að bæta við sjálfum samningsréttinum eftir sambandslögunum, sem við þó álítum, að sé úr gildi fallinn, með því að bíða þangað til nú í vor. Þess vegna er sá kostur tekinn að stofna lýðveldið 1944, þegar 25 ár eru liðin frá því, að sáttmálinn var gerður, og þegar liðin eru 3 ár frá því, að endurskoðun átti að fara fram, en að þeim 3 árum liðnum, höfum við einhliða rétt til að segja upp samningnum. Það er sannarlega ófyrirsynju talað um, að teflt sé á tæpt vað og áhættuleið valin í málinu.

Þá er einnig ætlunin að halda þannig á málinu, að Alþingi geri ekki eitt út um það, hvort stíga skuli þetta skref, heldur er einnig gert ráð fyrir þjóðaratkvgr. Það hefði verið ástæða fyrir hv. 4. þm. Reykv. að telja óviðurkvæmilega haldið á málinu, ef ekki ætti að fara fram þjóðaratkvgr. um sambandsslitin og lýðveldisstofnunina. M. ö. o., við göngum svo langt, að við tökum fullt tillit til samnings, sem við álítum þó, að sé úr sögunni. Þessi stefna er einnig tekin með tilliti til þeirrar þjóðar,

sem við höfum gert þann samning við, og til þess að sýna svart á hvítu, að við viljum ekki á nokkurn hátt nota okkur það ástand, sem nú ríkir í Danmörku, til þess að slíta þessu sambandi.

Það er því að mínum dómi alveg óviðurkvæmilegt að bregða þeim, sem standa að þeirri málsmeðferð, sem nú er fyrirhuguð, um það, að þeir ætli sér að flana að þessu máli. Það er fjarstæða, að Danir geti með rökum fundið að þessari meðferð málsins. Það er óskiljanleg viðkvæmni fyrir því, sem kann að hrærast í brjósti einstöku Dana, sem misskilja þetta mál algerlega, sem kemur fram hjá þeim, sem nú beita sér gegn stofnun lýðveldis í vor.

Dönum kemur ekki á óvart það, sem við erum að gera í þessu máli. Við höfum keppzt við að láta í ljós þá skoðun, að við ætluðum okkur ekki að endurnýja sáttmálann við Dani, svo að þeir þyrftu ekki að vaða í villu og svíma um það, og forðazt að gefa þeim undir fótinn um framhald sambandsins. Þetta kom líka greinilega fram fyrir styrjöldina. Þess vegna er ekki hægt að bera okkur á brýn, að við höfum notað okkur ástandið í Danmörku til þess að stíga þetta skref.

Ég vil því vona, þrátt fyrir það, sem fram hefur komið, að hægt verði að fylkja mönnum öllum um þessa úrlausn. Mér finnst vera svo hóflega á þessu máli haldið, öll rök svo sterk og hníga að einni og sömu niðurstöðu, að ég trúi því ekki, fyrr en ég tek á, að við getum ekki allir sameinazt um þessa málsmeðferð. Og þegar við látum atkvgr. fara fram um þetta mál, þá er öllum ljóst, að okkur ætti ekki að verða skotaskuld úr að láta þá atkvgr. sýna, að þjóðin vill þetta, og okkur ætti ekki heldur að verða skotaskuld úr því að láta atkvgr. uppfylla þau skilyrði, sem upp eru sett í sambandssáttmálanum, og væri það þýðingarmikið, þótt hann sé úr gildi fallinn. Ef sú ógæfa henti okkur, að við stæðum ekki jafnvel saman og ráðgert er í 18. gr. sambandslaganna, þá er það ekki fyrir annað en þá andstöðu, sem nú er haldið uppi í landinu gegn sambandsslitum nú. Einu áhrif þessarar mótstöðu verða þau að veikja okkur í atkvgr. og þar með að veikja aðstöðu okkar út á við eftir á. Ég vil vona, að hamingjustjarna þeirra manna, sem í andófinu sitja, sé svo hátt á lofti, að þeir verði ekki til þess að koma sundrung til leiðar. Ég geri ráð fyrir, að þótt þeir reyni með nokkru kappi að hafa áhrif á meðferð málsins á Alþingi, þá nái það ekki lengra, og að þegar málinu hefur verið ráðið til lykta hér á Alþingi, þá verði staðið saman um það, sem hér verður ákveðið.

Þá ætla ég að minnast þess að síðustu, vegna þess, sem kom fram hjá hv. 4. þm. Reykv. um konungssambandið, að á sama tíma og alþm. gerðu bandalag 1941 og fylktu sér saman um þá stefnu, sem kom fram í þál. um sambandslögin á því ári, var einnig gerð önnur þál. um stofnun lýðveldis, og hún var auðvitað engu þýðingarminni en hin þál., og hver einasti alþm. 1941 galt henni jákvæði sitt eins og hinni. Sú þál. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að lýsa yfir þeim vilja sínum, að lýðveldi verði stofnað á Íslandi, jafnskjótt og sambandinu við Danmörku verður formlega slitið.“

Með þessu eru gerð samtök um það, að lýðveldi skuli stofnað, jafnskjótt og sambandinu er slitið. Lýðveldisstofnunin er með þessu móti tengd sambandsslitunum, og er ekki hægt að slíta málin sundur, nema með því að taka upp algera stefnubreytingu frá því, sem ákveðið var 1941. Ég ræði þetta ekki nánar í sambandi við þessa þál., en frá mínu sjónarmiði er málefnalega rangt og gæti einnig verið hættulegt að aðskilja þessa tvo þætti. Við höldum því fram, að það sé réttur okkar að ákveða sjálfir, hver fari með æðstu stjórn landsins, og það er alveg tvímælalaust í beztu samræmi við eðli sambandsins við Dani og við konunginn, að þessu verði hvoru tveggja breytt í senn.

Ég vil svo láta þetta nægja um málið á þessu stigi, og það var í raun og veru aðalerindið að lýsa yfir því, að Framsfl. stendur óskiptur að þeirri þáltill., sem hér er til umræðu, og að hin er flutt, ef svo mætti segja, í umboði hans og tveggja annarra flokka þingsins.

Einar Olgeirsson: Tíminn er lítill, þar til kaffihlé hefst. Ég mun því ekki byrja á aðalatriðinu, heldur segja nokkur orð út af einu atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. kom hér með áðan.

Hann var að bjóða flokkunum samkomulag og lýsti því, hvað hann vildi ganga inn á til samkomulags. Það væri allt í bezta lagi, ef hann og flokkur hans gæti fengið tækifæri til að ræða við Dani, áður en gengið væri endanlega frá þessu máli. Mig langar til að athuga ofurlítið, hvers vegna Alþfl. er að óska eftir þessu, hvað reynslan segir okkur um framkomu þessa hv. þm. í þessu máli og hve vel má treysta á skilning hans í þessu máli.

Alþfl. var búinn að taka þá ákvörðun 1928, eins og hv. 4. þm. Reykv. hefur yfir lýst, að hann vildi, þegar sáttmálinn rynni út 1942, segja skilið við Dani og stofna lýðveldi. Hann varð þannig á undan öðrum flokkum að lýsa þessu yfir. Árið 1937 lýsir hann aftur yfir, að hann sé búinn að taka ákvörðun sína og samningnum verði sagt upp og lýðveldi stofnað á Íslandi strax eftir 1943. Er það ekki rétt? Alþfl. bjó sér til stefnuskrá 1938 og setti það í stefnuskrána, að hann vildi gera Ísland að lýðveldi strax og sáttmálinn rynni út. Hv. 4. þm. Reykv. var þá kosinn formaður Alþfl., m. a. til að framfylgja þessari ákvörðun. Alþfl. ögraði öðrum flokkum á þingi 1937, hvort þeir stæðu ákveðnir eins og hann að því, að sáttmálanum skyldi ekki aðeins sagt upp, heldur skyldi hann ekki verða endurnýjaður og lýðveldi stofnað á Íslandi. Afstaða Alþfl. var því alveg ákveðin og ljós. Hann var búinn, eins og aðrir þingflokkar fram að 1937, að taka þá afstöðu, að sáttmálanum skyldi sagt upp.

Svo gerast þau tíðindi árið 1939 um sumarið, að nokkrir merkir danskir stjórnmálamenn koma í heimsókn til Íslands, þar á meðal formaður sósíaldemókrataflokksins í Danmörku, Stauning. Hann talaði hér við ýmsa merka stjórnmálamenn, vafa-

laust ekki sízt við flokksbróður sinn, hv. 4. þm. Reykv., þáv. form. Alþfl., eins og hann er enn. Ég efast ekki um, að hv. 4. þm. Reykv., sem hafði staðið svo skeleggur að vígi í sjálfstæðismálinu, hefur þá sagt forustumönnum Dana, og þá fyrst og fremst forsrh. þeirra, að Alþfl. væri búinn að taka ákveðið þá afstöðu í málinu og hann stæði að því ákveðnastur allra flokka, að lýðveldi yrði stofnsett á Íslandi þegar eftir 1943.

Síðan fer Stauning aftur til Danmerkur. Honum er samferða einn ráðherra Íslands, maðurinn, sem segir okkur nú, að allt sé í lagi, bara ef við fáum tækifæri til að tala við Dani. Stauning kemur út og lætur í ljós skoðun sína og segir frá því áliti, sem hann hafi fengið á Íslandi um afstöðu þeirra. Og þessa vitneskju fær hann af viðræðum þeim, sem fram höfðu farið milli þeirra dönsku og íslenzku stjórnmálamanna, sérstaklega milli form. Alþfl. á Íslandi og form. sósíal-demókrataflokksins og forsrh. Dana, Staunings. Stauning segir frá þessu áliti sínu og afstöðunni heima á Íslandi í viðtali við „Politiken" 11. ágúst 1939. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Jeg vedkender mig gerne, at jeg ønsker Forbindelsen mellem de to gamle Nordbo-Nationer, Island og Danmark, bevaret og jeg tror, at mange i Island nærer det samme Ønske."

Hann á viðtöl við fleiri af dönskum blöðum, þegar hann kemur þarna út. Það eru birtar fallegar myndir af Stauning í dönskum blöðum. M. a. birtist 11. ágúst í Aftenbladet mynd af Stauning og Stefáni Jóh. Stefánssyni, þar sem þeir eru um borð í Gullfossi. Þar segir Stauning svo í blaðviðtali, með leyfi hæstv. forseta: Blaðamaðurinn spyr Stauning: „Hvad mener De selv om Unionen?" Því svarar Stauning svo: „Jeg lægger skam ikke Skjul paa, at jeg haaber, at den bliver fortsat, og jeg ved, at mange Islændinge har det paa samme Maade .... saa nu faar vi se." Næst heilsar fréttaritarinn Stefáni Jóh. Stefánssyni.

Síðan er viðtölunum haldið áfram, og oft birtast myndir af þeim saman Stefáni Jóh. Stefánssyni og Stauning. Enn þá birtist viðtal í Social-Demokraten 11. ágúst. Það er auðséð, að Stauning stingur algerlega undir stól öllu því, sem formaður Alþfl. hefur sagt honum um hina skeleggu afstöðu Alþfl.

Hefur hv. 4. þm. Reykv., þáv. ráðh., formaður Alþfl., alveg gleymt að skýra þessa þjóðlegu afstöðu flokks síns fyrir Stauning í síðasta sinn sem hann átti þess kost í viðtali? Gleymdi hann að segja honum frá því, að íslenzki Alþfl. beitti sér fyrir því að segja upp sambandslagasamningnum eins fljótt og það væri hægt og stofna lýðveldi? Gaman að fá að vita það! En ef ég má trúa fréttaritara hins danska blaðs Socialdemokraten, sé ég ekki betur en orð hans séu skýr. Hann spyr núv. hv. 4. þm. Reykv.: „Hvad mener Ministeren om Forbindelsen?" Nú fær hann tækifærið til að segja skorinort vilja sinn og Alþfl., sem hefur í 12 ár ögrað öðrum flokkum með því, hvort þeir þori að standa með því að slíta sambandið og stofna lýðveldið. Hverju svarar hann? „Jeg kan ikke udtale mig herom, da mit Parti endnu ikke har taget Standpunkt."

Hvernig færi, ef við gæfum þessum fyrrv. hæstv. utanríkisráðherra sjálfstæðismálið í hendur og sendum hann til að halda á því fyrir þjóðina? [Fundarhlé.]

Herra forseti. — Ég lauk máli mínu síðast þar, sem ég hafði lýst afstöðu hv. 4. þm. Reykv., þegar hann kom til Kaupmannahafnar með Stauning í ágústbyrjun 1939.

Við skulum nú leggja allt út á betri veg fyrir honum. Við skulum gera ráð fyrir, að hann hafi setið góðar veizlur með Stauning, hafi þótt vinátta hans góð og ekki viljað hryggja hann, eða jafnvel, að hv. fyrrv. félmrh. hafi glúpnað fyrir Stauning og hans stóra, virðulega skeggi. Við ættum þó a. m. k. að geta gengið út frá því, að afstaða sú, er hann tók þá og lýsti yfir, hefði ekki þurft að hafa áhrif á afstöðu Alþfl. Þessu er þó ekki til að dreifa. Alþfl. sjálfur virðist hafa breytt um stefnu í sambandi við þessa heimsókn, því að 15. ágúst 1939 birtir Alþýðublaðið leiðara, sem ég vil leyfa mér að lesa upp úr með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„En hitt mun óhætt að segja, að enginn þessara flokka mun enn út af fyrir sig hafa tekið neina endanlega ákvörðun um það, hvort stefna beri að því að slíta því sambandi, sem verið hefur við Danmörku samkvæmt sambandslagasamningnum frá 1918, til fulls eða gera samning um það á öðrum grundvelli."

Alþýðublaðið, höfuðmálgagn Alþfl., lýsir því þar með yfir, að flokkurinn hverfi frá fyrri ákvörðunum um þetta mál og sé ekki búinn að taka neina endanlega ákvörðun um afgreiðslu sambandsmálsins, geti jafnvel komið til mála að gera nýjan samning. Og það er ekki nóg með, að blaðið lýsi burtu fallið það, sem flokkurinn hafði áður ákveðið í málinu, heldur segir það ósatt um afstöðu annarra flokka. Það segir, að enginn þeirra hafi tekið ákvörðun í þessu máli. Bæði Sósfl. og Sjálfstfl. höfðu lýst því yfir, að þeir vildu ekki endurnýja samning við Dani, er sambandslagasamningurinn væri útrunninn, og 1. marz 1937 sagði Ólafur Thors, form. Sjálfstfl., í þingræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Við Íslendingar viljum nota heimild 18. gr. sambandslaganna til þess að krefjast þess, að strax eftir árslok 1940 verði byrjað á samningum um endurskoðun sambandslaganna. Í öðru lagi viljum við enga samninga gera í staðinn, heldur hagnýta ákvæði sömu gr. um að fella samningana með öllu úr gildi þremur árum eftir að þessi endurskoðunarkrafa kemur fram."

Það lágu m. ö. o. fyrir yfirlýsingar frá yfirgnæfandi meiri hluta þings um að láta sambandssáttmálann falla úr gildi, þótt Alþýðublaðið fari með fyrr greind ósannindi með það fyrir augum að byrja baráttu fyrir því, að svo verði ekki gert. Með þessu breytti Alþfl. algerlega um stefnu.

Maður skyldi nú ætla, að hv. 4. þm. Reykv. og flokkur hans hefði ekki verið ginnkeyptur fyrir því að semja við hina flokkana eftir þessu að dæma. Það virtist þó á annan veg. Alþfl. var gefinn kostur á að taka þátt í aðgerðum 1942 með tveimur öðrum

þingflokkum, þess efnis að taka ákvörðun um að samþykkja stjskr. fyrir Íslendinga, er átti að koma til framkvæmda á því ári. Þetta gerði flokkurinn. En þá kom til íhlutunar Bandaríkjanna. Þá var kosin 8 manna n. frá öllum flokkum til þess að athuga, hvað gera skyldi. Í n. þessari kom fram uppástunga um að leysa málið á þann hátt að samþ. stjskr. það haust, en láta hana ekki koma til framkvæmda fyrr en 17. maí eða 17. júní 1944. Ég ætla ekki að fullyrða, hver átti þessa uppástungu og setti tímatakmarkið, en ég man ekki betur en það væri hv. 4. þm. Reykv. og væri tíminn tiltekinn með það fyrir augum, að þriggja ára uppsagnarfrestinum væri þá fullnægt. Þá var það rætt milli flokkanna, hvort hægt væri að mynda samtök í þinginu um að mynda stjórn um þessa lausn málsins. Sjálfstfl. leitaði svara frá hinum flokkunum um þetta, og svar Alþfl. var á þá leið, að flokkurinn væri reiðubúinn að fara þessa leið og standa að stjórn um þetta mál, ef hinir flokkarnir fengjust til þess. Það kom yfirlýsing frá flokknum um þetta. Þá var ekki minnzt á yfirdrepskap gagnvart Dönum eða konungi. Því var aðeins skýrt og skorinort lýst yfir, að Alþfl. væri reiðubúinn að standa að þessari lausn, ef hinir flokkarnir væru það. Það náðist hins vegar ekki samkomulag um þessa leið. En það sýnir bezt, að fulltrúar Alþfl. voru enn á þessari braut, að þeir héldu áfram starfi sínu í stjskrn. og undirskrifuðu álit hennar 7. apríl.

Síðan hefur það svo gerzt, að einnig hefur verið hlaupið frá þessu. Hvað hefur gerzt í millitíðinni? Hafa komið ný skilaboð, hafa farið fram skriflegar viðræður, eða hefur náðst líkt samband við Danmörku og 1939? Svo mikið er víst, að Alþfl. þverbrýtur stefnu sína vorið 1943 og hleypur frá fyrri afstöðu. Áður hafði flokkurinn sína stefnuskrá í þessu máli og ögraði öðrum til að fylgja sér. Síðan stríðið byrjaði og vont samband varð í Danmörku, rétti hann sig af og var kominn á réttan rekspöl 1942. En eftir tæpt ár er aftur hlaupið frá þeirri afstöðu. Mér þykir því nokkur áhætta að eiga nokkuð undir þessum flokki í þessu máli. Það er betra fyrir þjóðina að byggja kröfur sínar á ótvíræðum rétti en loforðum hv. 4. þm. Reykv. um viðræður við Dani og úrslitum þeirra viðræðna.

Það geri ég að aðalatriði, á hvaða rétti við byggjum kröfur okkar um algert sjálfstæði. Hv. 4. þm. Reykv. talaði um, að okkar lagalegi og siðferðislegi réttur væri hæpinn. Ég held, að það sé réttara að orða þetta svo, að við byggjum kröfur okkar á almennum mannréttindum og þjóðarvirðingu. Hv. þm. las hér upp kafla úr grein, sem ég hef skrifað í „Andvara". Ég held það sé rétt, að ég lesi meira upp úr þeirri grein, með leyfi hv. forseta:

„Það er skýlaus réttur vor Íslendinga sem þjóðar, hvenær sem vér viljum, að taka öll mál vor í eigin hendur og verða algerlega sjálfstæð þjóð. Slíkt er helgur, óafseljanlegur réttur hverrar þjóðar, sem engrar stoðar þarfnast í frelsisskrám eða sáttmálum. Það getur enginn svipt oss þeim rétti, engin kynslóð Íslendinga svipt komandi kynslóðir honum. Sá réttur er öllum sáttmálum æðri og verður aldrei af oss saminn, hve slæma sáttmála sem valdhafar Íslands á undanförnum árum hafa gert eða á komandi árum kynnu að gera.

Þessu megum vér aldrei gleyma, þótt vér kjósum oft frekar að byggja frelsiskröfur vorar á gamla sáttmála, eins og Jón Sigurðsson gerði, eða á sambandslagasáttmálanum frá 1918, svo sem gert hefur verið upp á síðkastið. Hefði gamli sáttmáli aldrei verið gerður, heldur eins konar Kópavogshylling farið þá fram, þá væri réttur vor hinn sami, — óskráði, óafseljanlegi réttur þjóðar til frelsis, — og Jón Sigurðsson mundi þá vafalaust hafa byggt þjóðfrelsiskröfur vorar á mannréttindunum sjálfum, í stað þeirra ákvæða gamla sáttmála, sem hinir erlendu drottnar höfðu rofið.

Grundvöllurinn fyrir þjóðfrelsiskröfum vorum er fyrst og fremst vilji þjóðar vorrar til fulls frelsis. Þá einföldu og sjálfsögðu staðreynd er nauðsynlegt að leggja áherzlu á, einmitt þegar hætta er á, að flækt verði skilnaðarmálið við Dani með lögfræðilegum útskýringum eða kröfum um ýmiss konar samninga um mál, sem vér einir höfum réttinn til að ákveða um.

Hitt er svo annað mál, að vér þurfum ekki að beita hinum óskráða frelsisrétti vorum í þeim ákvörðunum, sem nú skal taka. Vér getum haldið oss við lagalegan, samningslega viðurkenndan rétt vorn."

Ég verð að segja það, að ég bjóst ekki við að upplifa, að nokkur maður lýsti því yfir á þingi þjóðar sinnar, að þjóð hans hefði ekki þennan rétt. Mér datt ekki í hug, að önnur eins rödd gæti heyrzt um þennan eilífa og óafseljanlega rétt. Hitt höfum við upplifað, að þjóðir, sem heimtuðu þennan rétt sér til handa, viðurkenndu hann ekki fyrir aðrar þjóðir. En að svo langt sé gengið að virða ekki þessi grundvallarréttindi eigin þjóð til handa, það hygg ég sé dæmalaust. Við erum hér ekki að ræða um neinn saltfisksamning eða þess háttar. Við erum að ræða um rétt þjóðar til að ráða sér sjálf, og það á ekkert skylt við venjulega milliríkjasamninga. Þetta verður að athuga, þegar um þetta mál er rætt. Réttur til lýðræðis og þjóðfrelsis er ekkert skyldur lagalegum rétti. Það getur enginn selt sig í þrældóm, þannig að það sé viðurkennd réttmæt sala eða hægt sé að tala um lögformlegan gerning. Það gildir sama um þjóðir, sem búa við skipulag, sem ekki byggist á lýðréttindum. Þær hafa óskráð mannréttindi til að taka rétt sinn, þótt það sé þvert ofan í gildandi lög. Þessi réttindi eru ofar öllum lögum, þau eru grundvöllur þjóðfélagsins. Það er því undarlegt að heyra því gagnstæða haldið fram 150 árum eftir frönsku stjórnarbyltinguna og amerísku mannréttindaskrána.

Mér datt ekki í hug, að nokkur maður mundi verða til þess að mótmæla þessu. Hitt gat ég vel skilið, að við þyrftum að breyta þessum óskráða frelsisrétti, og ég vil geta þess, að ef skilningur hv. 4. þm. Reykv. ætti að vera sá rétti, þá hefðu Íslendingar með því að gera gamla sáttmála, ef hann hefði verið haldinn, afsalað sér um alla eilífð réttinum til þess að ráða þessu landi. Gamli

sáttmáli er hinn lagalegi réttur, og ef hann hefði verið haldinn og Noregskonungar hefðu haldið sínu valdi áfram, þá ættu þeir þennan rétt enn í dag, ef skilningur hv. 4. þm. Reykv. á þessu máli væri hinn rétti. Hitt er svo allt annað mál, þó að við viðurkennum og undirstrikum þennan rétt okkar í sambandi við þjóðfrelsi og lýðræði til þess að þjóðin megi ráða sér sjálf, en við viðurkennum þar með alls ekki, að það veiti rétt til þess að brjóta milliríkjasamninga eða rifta þeim, svo sem ef við hefðum gert samning við eitt ríki um fisksölu eða annað slíkt. Þegar við gerðum sambandslagasamninginn við Dani, þá vorum við þannig settir, að við gátum ekki annað en gengið að þeim kostum, sem þar voru settir, en við viðurkennum aldrei, að við með því höfum afsalað okkur nokkrum öðrum rétti. Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að vegna þess, að þessu „principi“ væri haldið á lofti, sem ég held fram, þá ætti styrjöldin sér stað, ætti þjóðarkúgun sér stað. En þetta er einmitt þveröfugt. Vegna þess, að þetta „princip“ er brotið, vegna þess, að þessi réttur hverrar þjóðar til þjóðfrelsis og lýðræðis er ekki viðurkenndur, einmitt vegna þess stendur heimurinn í þeim ósköpum, sem hann á nú í. Það, sem gert hefur verið meðal annars, er það, að þröngvað hefur verið upp á þjóðirnar sáttmálum, sem þeim síðan hefur verið haldið fast að að standa við, og þessir sáttmálar hafa síðan verið kallaðir lög og réttur, þó að þeir hafi verið í andstöðu við frelsi þjóðanna og hafi ekki gefið þeim neinn rétt til þess að fá sitt frelsi aftur. Það er einmitt vegna þess, að þetta „princip“ um rétt hverrar þjóðar hefur verið brotið, að hin ægilega styrjöld nútímans er háð.

Ég læt svo útrætt um þetta spursmál, sem mér datt ekki í hug, að þyrfti að fara að ræða í alvöru hér á hæstv. Alþ.

Þá er annað atriði, sem ég ætla að minnast á, það er uppsagnarákvæðið. Hv. 4. þm. Reykv. tók það fram, að hann áliti, að það ætti að fylgja stranglega reglum 18. gr. um uppsögn. Við vitum, hverjar þessar reglur eru; að Alþ. Íslendinga, ⅔ hlutar þm., greiði atkv. með uppsögninni, síðan fari fram þjóðaratkvgr., þar sem ¾ mæti við atkvgr. og ¾ greiði atkv. með uppsögn. Hvers konar reglur eru nú þetta? Eru þessar reglur um atkvgr. í samræmi við lýðræði og þjóðfrelsi? Eru þessar reglur í samræmi við það, sem fullvalda þjóð mundi semja um við aðra fullvalda þjóð um að fá sér til handa fullt frelsi í sínum málum? Nei, — þessar reglur eru keyptar. Íslendingar hefðu ekki samið svona, ef þeir hefðu verið alveg frjálsir að setja þessi ákvæði, þeir gátu aðeins samið svona vegna þess, að þeir áttu frelsi sitt að sækja undir aðra og urðu að ganga að þessum kostum, ef þeir áttu að fá fullveldið viðurkennt. Þeir höfðu um það að velja að hafna samningnum eða taka honum með þessum ákvæðum, þó að þessi ákvæði væru eins og fleinn í holdi fullveldisins. Það var í rauninni ekki að viðurkenna fullveldi einnar þjóðar að heimta af henni, að hún framfylgdi þessum ákvæðum. Við vitum, hvað þessi ákvæði gætu þýtt, ef rúmlega ⅓ hluti þm. sæti hjá við atkvgr., — þá væri ekki hægt að segja sáttmálanum upp. Ef rúmlega ¼ hluta þjóðarinnar vantaði við atkvgr., þó að hver einasti maður, sem kæmi, segði já, — þó að 75% Íslendinga segðu já — þá væri samt ekki hægt að segja sambandslagasáttmálanum upp. Það var að afneita grundvelli þjóðfrelsis og lýðræðis að setja þessi ákvæði. Með þessum ákvæðum var verið að gera minni hl. að drottnandi aðila og ofurselja íslenzku þjóðina sambandi við Dani. Þess vegna er það eðlileg afstaða að viðurkenna ekki réttlæti þessa ákvæðis. Ég fyrir mitt leyti lít svo á, að það sé óréttlátt að afsala okkur þeim rétti, sem við eigum. Hitt er svo allt annað mál að reyna að sameina þjóðina um það að greiða svo röklega atkv., að 90% hennar standi með uppsögn. En það er einmitt í sambandi við þetta, sem hv. 4. þm. Reykv. er að reyna að leita að átyllu til þess að geta barizt á móti þessari uppsögn. Hann vill nota sér þessi röngu, einræðislegu ákvæði til þess að hindra það, að Ísland nái rétti sínum. Í því sambandi langar mig til að spyrja, hvort menn muni halda, að það séu margir Danir, sem mundu vilja halda við það nú, að svona ákvæði væru í samningi þeirra við Íslendinga, og heimta, að þessum bókstaf væri fullnægt, og viðurkenna ekki rétt Íslendinga til lýðveldisstofnunar. Ég er viss um, að meginþorri dönsku þjóðarinnar mundi ekki vilja halda þessum ákvæðum fram, — hann mundi álíta það fyrir neðan virðingu sína að halda svona skilyrðum. Danska þjóðin metur meira rétt sinn og annarra þjóða til þjóðfrelsis en svo, að hún mundi vilja viðhalda svona ákvæðum. Ég skal ekki segja um það, hvað Knud Berlin mundi segja, en ég skal vera viss um, að Stefán Jóhann væri áreiðanlega í röð afturhaldssömustu Dana, þar sem hann stendur með því, að þessum ákvæðum verði stranglega framfylgt. Mér datt það í hug út af hugleiðingum, sem fram komu hjá honum um rétt þjóðanna til þjóðfrelsis, að hann vildi einskorða þann rétt við lagalegan rétt. En við Íslendingar þurfum ekki bara að byggja á þessum almenna rétti, við höfum líka lagalegan rétt. En ég vil spyrja hv. 4. þm. Reykv.: Hvaða rétt hefur minnsta þjóð Norðurlanda, færeyska þjóðin, til sjálfstæðis? Hvar er hennar lagalegi réttur? Hún hefur ekki neinn sambandslagasáttmála við Dani, hennar land er hluti af danska ríkinu, henni er meira að segja fyrirskipað að kenna erlent mál í sínum skólum. Hvaða rétt hefur þessi þjóð til þjóðfrelsis? Hefur hún máske engan rétt, eða á hún að eiga það undir náð meiri hl. hjá Dönum, hvenær hún öðlast þennan rétt? Hefur hún ekki þennan rétt í krafti þess að vera þjóð, ef hún hefur vilja til þess að fá þennan rétt sinn viðurkenndan? Ég hefði gaman af að heyra afstöðu hv. 4. þm. Reykv. til þessa atriðis. Ég álít t. d., að færeyska þjóðin hafi rétt til þess að lýsa yfir sjálfstæði sínu, þegar meiri hl. þjóðarinnar vill það, án tillits til allra laga, sem um hana gilda hjá Dönum. Ég álít, að öðrum þjóðum beri skylda til að virða þá

yfirlýsingu hennar, viðurkenna þjóðfrelsi hennar. Hins vegar ber að viðurkenna, að samkvæmt þessum sama rétti hefur hún líka rétt til þess að ganga sem sjálfstæð þjóð inn í hvaða aðra ríkisheild sem væri; ef hún kýs að vera í sambandi við Dani, þá hefur hún rétt til þess. En þó að Færeyingar hafi þennan rétt, þá þýðir það ekki það, að þeir hafi rétt til þess að rjúfa saltfiskssamning t. d. við Englendinga.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði svo í ræðu sinni, sem við, með því að stofna lýðveldi, værum að taka eitthvað frá Dönum, en þetta er alger misskilningur. Ekki eiga þeir okkar þjóðfrelsi, og sízt af öllu vildum við verða til þess að skerða þeirra frelsi. Ég efast ekki um, að nú á tímum er vinarhugur Íslendinga í garð Dana meiri en hann hefur verið nokkurn tíma áður allar þessar aldir, en það er svo langt frá því, að við viljum taka nokkuð frá Dönum, sem þeir hafa vald yfir, og ég hef ekki heyrt slíkar raddir nema úr einni átt í sambandi við þær umr., sem fram hafa farið um sjálfstæðismálið, að við ættum að taka eitthvað frá Dönum af því, sem þeir hafa vald yfir nú, að einhverju leyti að reyna að skerða þann rétt. Þessi rödd kom fram frá einum manni, sem sæti á í stjórn Alþfl., Ingimar Jónssyni. Þessi maður segir svo í blaðagrein, sem hann skrifaði fyrir nokkru:

[Vantar í hndr.]

Þessi yfirlýsing liggur fyrir frá einum af forustumönnum Alþfl. Hann vill fresta að lýsa yfir sjálfstæðinu til þess að geta heimtað Grænland af Dönum. Ég er hræddur um, að þegar Stefán Jóhann talar um það af miklum þjósti, að hér séu einhverjir menn innan þingsalanna, sem vilji níðast á Dönum, og bregður þeim um ódrengskap, þá er ég hræddur um, að hann þurfi eitthvað að prélika yfir flokksbróður sínum, Ingimar Jónssyni. Þessi maður talar um það að taka Grænland af Dönum, og þá fer ég kannske að skilja betur, hvers vegna hv. 4. þm. Reykv. vill ekki gera mikið úr rétti þjóðanna og þjóðfrelsinu, — hann vill byggja meira á gömlum lagalegum útskýringum heldur en rétti þjóðanna til þjóðfrelsis. Hann álítur máske, að Ísland eigi einhvern rétt yfir Grænlandi, við eigum rétt til að ráða yfir grænlenzku þjóðinni. Þá fer ég að skilja, hvers vegna þessi maður vill gera lítið úr rétti þjóðanna til frelsisins, ef hann skoðar Grænland sem nýlendu okkar, af því að við viljum það sjálfir, þó að við höfum alls ekki rétt til þess. Ég sé ekki betur en að hvar, sem drepið er niður, fari svo fjarri því, að nokkuð af þeim rökum, sem þessi hv. þm. hefur komið með viðvíkjandi sjálfstæðismálinu, fái staðizt. Hann minntist á, að við ættum að bíða þangað til Danir eru frjálsir, konungurinn frjáls o. s. frv. En það er einnig rétt að athuga í því sambandi: við höfum gert þennan samning, við höfum okkar þjóðfrelsisrétt. Ef erlent stórveldi brýtur Danmörku undir sig, eins og nú hefur gerzt, þýðir það, að við höfum ekki rétt til þess að lýsa yfir lýðveldisstofnun og taka okkur sjálfstæði. Ef Hitler hefði tekizt að sigrast á rauða hernum, eins og var ósk Alþýðublaðsins, þegar hann hélt í austurveg, hvað lengi skyldu Danir þá hafa orðið að búa við ófrelsið, sem þeir eiga nú við að búa? Var það þá skylda okkar Íslendinga að bíða allan þennan tíma, til þess að geta talað við kónginn, sem við einu sinni áttum? Átti Hitler að ráða því, hvenær Ísland yrði lýðveldi?

Ég held, að það sé alveg sama, hvernig á þetta mál er litið, — röksemdirnar, sem þessi hv. þm. færir fram, fá ekki staðizt. 25 árin eru liðin frá því, að sambandslagasáttmálinn var gerður, og 17. júní er þriggja ára fresturinn liðinn og meira en það, ef við vildum líta svo á, að við værum því skuldbundnir. En rétt okkar, sem við höfum til að ráða okkar þjóðskipulagi, — í krafti allra nútíma mannréttinda, — byggjum við á yfirlýsingum gefnum út á tímum frönsku þjóðbyltingarinnar og allt til þess, er Atlantshafssáttmálinn var gefinn út. Sósfl. stendur því eindregið með því frv., sem rætt verður í hv. Nd. um stjskr., og þeirri þáltill., sem hér liggur fyrir. Við munum vera með því at athuga þessa till. í n. og gera breyt. á henni. Við höfum frá upphafi staðið með þeim aðgerðum, sem þingið hefur gert í þessum málum, og það þó að það hafi ekki alltaf verið beitt mikilli tillitssemi í samningatilraunum við Sósfl. í þeim málum, eins og beitt hefur verið til þess að reyna að fá Alþfl. til að standa á grundvelli þeirra yfirlýsinga, sem hann hefur gefið. 10. apríl 1940, þegar sú yfirlýsing var gefin, sem við nú byggjum okkar aðgerðir á, voru stjórnarflokkarnir búnir að sitja á fundum alla nóttina og búnir að koma sér niður á því, hvað gera skyldi, og ég býst við, að þeim hafi verið það ljóst, að mikið var undir því komið, að fulltrúar íslenzku þjóðarinnar á þingi — hver einasti — stæðu að þessari yfirlýsingu, sem þá var gerð, en við þm. sósíalista vorum ekki kallaðir til umræðna um þetta mál. Þegar hinir flokkarnir höfðu komið sér saman um þetta mál, var kallaður saman opinber þingfundur til að taka ákvörðun um málið, og þá fengum við sósíalistar einar 10 mínútur til þess að taka ákvarðanir okkar um þetta mál, og þrátt fyrir þessar aðfarir gagnvart okkur þm. Sósfl., og þrátt fyrir það, þó að við værum í harðvítugri andstöðu við hæstv. ríkisstj., þá þurftum við ekki nema 5 mínútur til þess að koma okkur niður á því, hvað við vildum gera. Við svöruðum því allir játandi á þessum fundi að flytja konungsvaldið inn í landið, af því að okkur fannst nauðsyn á því, að allir þm. — hver einasti — stæðu að þessari yfiringu. Það hefur ólíkt verið farið að við Alþfl. með allar þær tilraunir, sem gerðar hafa verið til þess að fá hann til þess að standa með þessu máli, og mætti næstum því segja, að þar launi kálfur illa ofeldi sitt, þegar við sjáum árangurinn af því, eftir yfirlýsingar hv. 4. þm. Reykv. En ég vona hins vegar, að það muni sýna sig, þó að hann taki þessa afstöðu, að meginið af Alþfl., eins og allir aðrir flokkar, standi saman um þær ákvarðanir, sem um þetta hafa verið teknar. Það hefur hingað til aldrei komið fyrir, að íslenzka þjóðin

hafi ekki staðið á bak við þingið í sjálfstæðismálum sínum, og það mun ekki heldur verða nú.

Umr. frestað.

Á 6. fundi í Sþ., 18. jan., var fram haldið fyrri umr. um till.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Mér þykir rétt að gera, nú þegar á þessu stigi málsins, nokkra grein fyrir afstöðu minni til þáltill. þeirrar, sem hér liggur fyrir, og þá um leið til skilnaðarmálsins í heild sinni. En þar með meina ég bæði þáltill. og frv. stjskrn. til lýðveldisstjskr. Allir þingfl., allir þm. og, að ég hygg, landsmenn allir, eru sammála um höfuðatriði þessa máls, þau: *að* hinu stjórnarfarslega sambandi við Dani skuli að fullu slitið og *að* lýðveldi skuli stofnað hér á Íslandi. Um meðferð málsins virðist hins vegar verulegur ágreiningur. *Þrír af fjórum* þingflokkunum hafa opinberlega lýst því yfir, að þeir sameiginlega og hver þessara flokka um sig í heild hafi skuldbundið sig til að taka málið upp á Alþ. eigi síðar en nú hefur gert verið og að gildistaka stjskr. skyldi nú þegar ákveðin 17. júní.

Alþfl. hefur ekki talið rétt að gera það að flokksmáli, hvenær málið yrði tekið upp í þinginu og ekki heldur gildistökudag stjskr., hvort hann skyldi ákveðinn nú þegar eða síðar. Það, sem ég hér segi um þessi atriði, segi ég aðeins fyrir sjálfan mig, en tala þar ekki í umboði Alþfl. Ég get ekkert um það fullyrt, hversu margir af flokksmönnum mínum eru sömu skoðunar um þau og ég. En hitt veit ég, og það er alþjóð kunnugt, að Alþfl. er einhuga bæði um að sambandinu skuli slitið og lýðveldi stofnað. Afstaða mín til málsins kemur nokkurn veginn glögglega fram í bókun stjskrn., sem gerð var 30. nóv. s. l. og ég vil leyfa mér að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta. Þetta er bókað á 27. fundi n., 30. nóv. s. l. Þar segir: „Haraldur Guðmundsson tekur fram, að hann sé því samþykkur, að stjórnarskrármálið (þ. e. lýðveldisstjórnarskráin og ályktun um formleg sambandsslit) verði afgreitt á Alþingi nægilega snemma til þess að þjóðaratkvæðagreiðslu sé lokið fyrir 17. *júní n. k. og gildistaka* ákveðin þann dag, en telji ekki ástæðu til að flýta upptöku málsins meira en svo, að þetta náist, og að nota beri tímann til að reyna að ná samkomulagi um afgreiðslu þess.“ Með öðrum orðum: Ég tel höfuðatriði þessa máls, að samkomulag náist með okkur sjálfum innbyrðis um afgreiðslu þess. Á það ber að leggja alla áherzlu. Hitt skiptir í mínum augum litlu máli, hvort málið er flutt á Alþ. nokkrum vikum fyrr eða síðar, nema ástæða sé til að óttast, að það torveldi samkomulagstilraunir. Hins vegar tel ég sjálfsagt að stefna að því, að stjskr. taki gildi 17. júní og haga afgreiðslu svo, að meðferð málsins sé að fullu lokið fyrir þann tíma.

Fyrir fundi n. 30. nóv. s.l. lá bréf frá fjórtánmenningunum svokölluðu, þar sem gerð var grein fyrir till. þeirra um *afgreiðslu skilnaðarmálsins.* Ég skal ekki ræða efni þeirra till., en það tel ég, að ekki megi draga í efa, að með þessu bréfi er beinlínis látið í ljós, að þeir, sem undir það rita, vilja vinna að því að draga úr þeim ágreiningi, sem upp er kominn, og gera sitt til þess að fá samkomulag um lausn málsins. Ég hefði því talið, hvað sem maður annars segir um einstakar till., sem í bréfinu voru, að það hefði verið rétt að reyna enn, hvort ekki væri unnt að ná samkomulagi við þá um málið, því að ef samkomulag hefði náðst við þessa menn, má hiklaust fullyrða, að allur ágreiningur hefði niður fallið. Því taldi ég ekki ástæðu til að flýta svo upptöku málsins, að ekki yrði reynt til þrautar að ná samkomulagi. En meiri hluti stjskrn. ákvað þá að taka málið upp á Alþ. í fyrri hluta janúar og gera ekkert til að jafna ágreininginn. Fulltrúar Sjálfstfl., Sósfl. og Framsfl. lýstu því yfir á fundinum, að þeir 3 flokkar þeirra væru sammála um það að bera málið *fram á Alþ. fyrri hl. janúarmánaðar, ef* það yrði ekki gert fyrr, sem einn flokkanna vildi ákveða þá þegar. Mér þykir nú rétt að gera með örfáum orðum grein fyrir því tvennu: Í fyrsta lagi, hvers vegna ég er sammála því, að rétt sé að miða gildistöku stjskr. við 17. júní, og í öðru lagi, hvers vegna ég ekki vildi eiga þátt í samtökum um það að taka málið upp á Alþ. strax í byrjun þessa árs.

Ég skal víkja fyrst að fyrra atriðinu. Ég tel og hygg, að um það séu flestir sammála, að meginástæðan til þess, að sambandslagasáttmálinn við Dani var samþ. 1918, hafi verið sú, að með því fengu Íslendingar viðurkenndan skýlausan rétt til þess, að liðnum 25 árum eða í árslok 1943, að taka öll mál sín í eigin hendur og gera fullan stjórnarfarslegan skilnað við Dani. Höfuðröksemdin fyrir því, að samþykkja bæri samninginn, var einmitt sú, að með honum öðluðust Íslendingar óvéfengjanlega viðurkenningu Dana á þessum rétti. Það er alveg augljóst af ræðum og blaðagreinum frá þeim tíma, að *höfuðástæðan til þess, að samn*ingurinn var samþ. við þjóðaratkvgr. 1918, var einmitt sú, að menn vildu ekki missa tækifærið til að fá þessa skýlausu viðurkenningu. Að vísu voru nokkrir meinbugir á í þessum efnum, en það voru hin ströngu skilyrði, sem sett voru í 18. gr., uppsagnarákvæðin. Þau voru mér og ýmsum öðrum þyrnir í augum. En það breytir í engu því, að meginástæðan til þess, að samningurinn var samþ., var sú, að þjóðin vildi fá þennan skýlausa rétt til þess einhliða að slíta sambandinu, enda yfirlýst í sambandi við umr., að þjóðin ætlaði að nota sér réttinn til uppsagnar strax og tími væri til kominn. Þessar yfirlýsingar hafa síðan margsinnis verið áréttaðar, og skal ég aðeins minna á þær helztu þeirra. Það mun öllum hv. þm. í minni, að árið 1928 kom fram og var samþ. á Alþ. skýlaus og einhuga yfirlýsing frá öllum flokkum í þinginu fyrir munn allra þm., þess efnis, að það væri ætlun Íslendinga, strax og samningstíminn væri útrunninn, að taka öll sín mál í eigin hendur. Árið 1937 var aftur samþ. á Alþ. þáltill. í sambandi við þetta mál, og kom glögglega fram í umr. um till. skýlaus

vilji alls þingsins og allra flokka um það að slíta að fullu sambandinu við Dani strax og samningstíminn væri útrunninn og hefja þegar undirbúning þess að taka við þeim málum, sem við þá ekki höfðum í okkar höndum. Ég vil enn fremur minna á samþ. þá, sem gerð var hér í þinginu í apríl 1940 einnig einhuga og án þess að nokkur þm. skærist úr leik. Þá var samþ. þál. þess efnis, að Íslendingar tækju öll mál sín í eigin hendur, einnig meðferð hins æðsta valds, af þeim orsökum, sem hv. þm. eru í fersku minni, — ástæðum, sem hvorki konungur, Danir né við sjálfir gátum við ráðið. Einnig um þessa ályktun var fullkomin eining og samkomulag, ekki aðeins allra flokka, heldur og allra þm., og ég hef aldrei annað heyrt en að á bak við hana hafi og verið einhuga vilji þjóðarinnar allrar. Í maí 1941 er svo komið, að í meira en eitt ár hefur sambandinu við Dani raunverulega verið að fullu slitið og við Íslendingar höfum allan þann tíma orðið að búa við bráðabirgðaskipulag, sem ómögulegt var að búa við til frambúðar, þ. e. að ríkisstj. fari með konungsvaldið. Það var þá og fyrirsjáanlegt, að enn um langan tíma, — hversu langan vissi enginn, — mundi ekkert samband nást við Dani eða konung. Þá samþ. Alþ. yfirlýsingu og ályktun, sem felur í sér það, sem nú skal greina:

Í fyrsta lagi, að Ísland hefur þá þegar öðlazt rétt til fullra sambandsslita við Dani, einhliða.

Í öðru lagi, að um endurnýjun sambandslagasáttmálans verði ekki að ræða.

Í þriðja lagi, að formlegum sambandsslitum verði ekki frestað lengur en til stríðsloka.

Í fjórða lagi, að það sé vilji Alþ., að lýðveldi verði stofnað jafnskjótt og formlega sé gengið frá sambandsslitum.

Einnig um þessar ályktanir allar voru allir flokkar og allir þm. sammála, og ég veit ekki annað en að á bak við þessa ályktun hafi verið og sé enn einhuga vilji þjóðarinnar.

Ég skal ekki blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram um það, hvort sá réttur til einhliða riftingar, sem Alþ. lýsti yfir, að það teldi Ísland hafa, sé óvéfengjanlegur eða ekki. Ég vil aðeins á það minna, að ríkisstj. sú, er þá fór með völd, hafði að sjálfsögðu látið fara fram nokkra athugun á réttarhlið málsins. Sú athugun hefur þá verið talin fullnægjandi, því að það var að fengnum þeim upplýsingum og athugunum, sem fyrir hendi voru af hálfu ríkisstj., sem þm. greiddu atkv. um ályktun þá, sem ég áður hef greint, og var hún samþ. einhuga af þingheimi öllum, eins og áður er sagt. Mér er um það vel kunnugt, að meðal lögfræðinga er deilt mjög um þetta atriði, réttinn til riftingar, og að sjálfsögðu eru einnig um það skiptar skoðanir meðal leikmanna. Ég er ekki lögfræðingur og enn síður fræðimaður í þjóðarétti, og skal ég því ekki leggja þar dóm á, en hitt vil ég fullyrða, að hafi það verið rétt, sem ég hygg, að við hefðum slíkan rétt 1941, þá getur það ekki leikið á tveim tungum, að sá réttur er stórum öruggari, að ég ekki segi meiri, nú, eftir að liðin eru þrjú ár frá því að þessi samþykkt var gerð. Allan þennan tíma var fullkomlega ómögulegt að framkvæma sambandslagasamninginn, og neyddumst við því til að byggja upp stjórnskipulag með innlendum þjóðhöfðingja, og er það nú farið að festast í framkvæmd og vitund þjóðarinnar. Það er löngum svo, að lögfræðinga greinir á, og er það eðlilegt, — ella væri lítið fyrir lögfræðinga að starfa. En ég lít svo á, að það sé fullkomlega rétt, sem einn reyndasti maður í utanríkisþjónustu Íslendinga hefur sagt í einu bréfi sínu til ríkisstj. varðandi einmitt þetta mál, að það eru ekki lögfræðingar og fræðimenn, sem eiga að taka ákvörðun í þessu máli, það eru stjórnmálamennirnir, — þeim er lögð sú skylda á herðar, og undan henni geta þeir ekki skotið sér. Það er þeirra að taka ákvörðun um þetta mál. Að sjálfsögðu eiga þeir að kynna sér lögfræðilegar röksemdir, en þeir verða að síðustu sjálfir að taka ákvarðanir um málið, eins og Jón Krabbe réttilega bendir á í bréfi sínu. Um annað atriði yfirlýsingarinnar, að ekki verði um endurnýjun sáttmálans að ræða, hygg ég, að óþarft sé að fjölyrða. Það er yfirleitt ekki deilt um það atriði nú. Um þriðja atriðið, að formlegum sambandsslitum skuli ekki frestað lengur en til stríðsloka, neyðist ég til að segja aðeins örfá orð. Ég hef haldið allt fram undir síðustu mánuði, að um þetta atriði væri einn og sami skilningur þm. allra, sem sé sá, að þetta þrennt hafi verið haft í huga, þegar þessi ályktun var gerð, í fyrsta lagi: að jafnskjótt sem stríðinu lyki, í síðasta lagi, skyldi gengið frá formlegum sambandsslitum og lýðveldi stofnað, þótt samningstíminn þá ekki væri á enda; í öðru lagi, að ef svo bæri að höndum, að samningstíminn rynni fyrr út, þ. e. a. s., ef stríðið stæði lengur en til ársloka 1943, þá skyldu sambandsslit fara fram þá þegar, enda það eitt í samræmi við fyrri ályktanir Alþ. um þetta efni. Í þriðja lagi mun það hafa verið haft í huga, að þær breyt. gætu orðið á stjórnarháttum í Danmörku, að það væri sérstök ástæða til að slíta sambandinu fyrr. Í mínum huga hefur aldrei verið skuggi af efa um það, að það væri ætlun þm., — og það var ætlun mín, þegar ég greiddi atkv. með þessari till., — að hvort sem fyrr bæri að höndum, að samningstíminn væri útrunninn eða stríðinu lyki, þá væru það þau tímamót, sem formleg sambandsslit skyldu miðast við, nema sérstök ástæða væri til að slíta sambandinu fyrr. Um það er ekki hægt að deila, að hefði styrjöldinni lokið fyrir árslok 1943, þá lá fyrir einhuga viljayfirlýsing Alþ. um, að sambandinu skyldi þá þegar slitið, án tillits til ákvæðanna um gildistíma samningsins. Það er svo skýrt, að um það er ómögulegt að deila. Alþ. hefur því 1941 alveg tvímælalaust talið sig hafa rétt til að rifta sáttmálanum að fullu og öllu, hvenær sem það taldi heppilegast og ákvað, að svo skyldi gert eigi síðar en í stríðslok, en að sjálfsögðu fyrr, ef samningstími væri áður út runninn eða stjórnarfar Danmerkur gæfi tilefni til. Þetta þrennt verður að hafa í huga, þegar rætt er um og vísað til ályktana Alþ. frá

1941. Að því er snertir lýðveldisstofnunina, þá er það svo skýlaust tekið fram sem unnt er, að vilji Alþ. er sá, að hún fari fram samtímis formlegum sambandsslitum, jafnskjótt og formleg sambandsslit eru gerð, enda verð ég að segja, að mér finnst það í alla staði eðlilegt og sjálfsagt, að lýðveldisstofnunin fari fram um leið og vald konungs fellur niður. Ég fæ ekki séð, að síðan þessi ályktun var gerð, hafi nokkuð það fram komið, sem gefi tilefni til þess að hverfa frá því, sem áður var ályktað og yfirlýst af einhuga Alþ. með atkv. allra þingm. Sá tími, sem um getur í sambandslagasáttmálanum, er nú útrunninn, og hafa tilkynningar verið sendar konungi og dönsku stj. um þann vilja og þá ákvörðun Alþ. í þessu efni, að þegar eftir 1943 sé ætlun Íslendinga að taka öll mál sín í eigin hendur og stofna lýðveldi á Íslandi. Ég fæ því ekki annað séð en till. um að ganga frá sambandsslitum og stofna lýðveldi 17. júní n. k. sé rökrétt og eðlilegt framhald af gerðum Alþ. til þessa.

Mér þykir nú hlýða að víkja að hinu, hvers vegna ég vildi ekki bindast samtökum við hina 3 flokka þingsins um að taka málið upp 10. jan. s. l. Ástæðan var sú, að ég tel ekki enn hafa verið reynt til hlítar að ná hinni einu sæmilegu lausn á máli þessu, þ. e. að fá fullkomna einingu um afgreiðslu málsins.

Hv. þm. G-K. komst svo að orði í ræðu sinni við fyrri hl. þessarar umr., að hann sjái alls enga hættu í sambandi við fyrirhugaða lausn þessa máls. Ég er honum ekki sammála, því að ég þykist sjá eina hættu, stóra eða litla, það er matsatriði, en hún er ekki lítil í mínum augum. Hún er sú, að ef Íslendingar skipa sér inn í fylkingar, sem deila hart, þá leiðir það ef til vill til þess, að verulegur hluti þjóðarinnar greiðir atkv. gegn till. um sambandsslit og lýðveldisstofnun. En ef svo illa tekst til, þá er ég hræddur um, að hér verði iskyggilegar horfur, ekki aðeins í okkar innanlandsmálum, heldur, og jafnvel sérstaklega, út á við. Ef við hugsum okkur, sem engan veginn er ósennilegt, að einstakir menn meðal Dana vilji véfengja rétt okkar til þessara aðgerða, þá liggur í augum uppi, hversu mjög það hlýtur að veikja aðstöðu okkar, ef verulegur hluti þjóðarinnar greiðir atkv. gegn sambandsslitum og heldur því fram, að hér sé verið að fremja réttarbrot og lögleysu. Ég hygg það vera ofmælt hjá hv. þm. G-K., að það séu aðeins fáir menn í engum flokki, sem séu andvígir till. í því formi, sem hún hefur og eins og hún er fram borin, því miður. Ég geri ráð fyrir, að hv. þm. mæli svo til að sýna kjark sinn og karlmennsku og reyna að telja öðrum hv. þm. trú um, að engin veruleg andstaða sé gegn málinu. En hún er til, því miður. Það kann að þykja kjarkleysi að láta sér vaxa þetta í augum, að taka ekki heldur upp harða baráttu. Ég segi frómt frá því, að ég vildi heldur kjósa, að hjá slíku yrði stýrt. Þess vegna fagna ég þeirri yfirlýsingu, sem hv. 4. þm. Reykv. gaf í ræðu sinni við fyrstu umr. þessa stórmáls í Nd. Yfirlýsinguna skildi ég svo, að hann væri reiðubúinn til að samþykkja till. um sambandsslit, ef ekki færi fram lokaatkvgr. um hana, fyrr en eftir 19. maí n. k. Mér skildist enn fremur á honum, að hann mælti þetta einnig fyrir munn fjórtánmenninganna svokölluðu og þeirra, sem að baki þeim standa, og það eins, þótt ekki gefist fyrir þann tíma tækifæri til að ræða þetta mál við Dani. Ég fagna þessu, og mér virðist nú hafa dregið svo nærri fullu samkomulagi, að líklegt megi telja, að ekki þurfi til ágreinings að koma.

Að því er snertir gildistökutíma stjskr., þá vil ég enn minna á yfirlýsinguna frá 1941 um það, að hér verði stofnað lýðveldi jafnskjótt og gengið hefur verið frá formlegum sambandsslitum, og verð ég því að vænta, að um það þurfi heldur eigi að verða ágreiningur. Ég vil því leyfa mér að beina því til n. þeirrar, sem fær málið til meðferðar, að gera allt, sem í hennar valdi stendur, til þess að finna leið til samkomulags. Mér virðist það unnt með því að fresta þjóðaratkvgr. um till. þar til eftir 19. maí og lokaafgreiðslu hennar á Alþ. þar til í júní. Þótt það yrði gert, er samt nægur tími til að ákveða gildistöku stjskr. 17. júní, sem ég tel rétt og sjálfsagt að gert sé, nema óviðráðanleg atvik hamli. Fyrir þann tíma ætti þá og að vera hægt að tilkynna Dönum og konungi úrslit þjóðaratkvgr. og fá vitneskju um afstöðu hans. Ég vil ekki skoða yfirlýsingu hv. 4. þm. Reykv. sem hans síðasta orð í málinu, heldur sem ábendingu um leið til að ná því marki að fá fullkomna einingu um afgreiðslu málsins. Ég veit, að honum er það áhugamál ekki síður en mér, en eins og ég hef áður sagt, tel ég þá lausn eina vera örugga og sæmandi okkur Íslendingum, að við stöndum saman, allir sem einn, við lokaatkvgr. um málið. Ég vona, að svo megi verða. Ég á bágt með að sætta mig við þá tilhugsun, að það verði hlutskipti þeirra ágætu manna, sem nú virðast á öndverðum meiði við okkur hina um meðferð málsins, að greiða atkv. gegn till. um sambandsslit og gegn lýðveldisstjskr. fyrir Íslendinga. Ég vona, að til þess þurfi ekki að koma. Við vorum einhuga 1940 og 1941. Svo mun enn verða. Ég vil enn beina því til n., sem fær málið til meðferðar, að hún vinni að því að ná einhug um afgreiðslu málsins á þeim grundvelli, sem ég hef bent á.

Forseti (GSv): Ég vildi beina þeirri spurningu til hv. þm., hvort þeir telji kleift að halda áfram fundi þrátt fyrir rafmagnsleysið.

Stefán Jóh. Stefánsson: Úr því að hægt var að hefja umr., eftir að farið var að dimma, ætti eins að vera hægt að halda þeim áfram nú.

Forseti (GSv): Má ég geta þess, að þegar fundur var settur, var bæði von um, að rafmagnið lagaðist, og eins er hitt, sem hv. þm. ætti að vita, að það dimmir meira og meira, eftir því sem á kvöldið líður. Hv. 4. þm. Reykv. hefur orðið.

Stefán Jóh. Stefánsson: Hæstv. forseta er það ljóst, að þegar er fundur var settur, var kveikt

á kertum, og eins ætti að vera hægt að halda áfram að vinna við kertaljós.

Ég vil aðeins geta þess, að eins og vænta mátti er það rétt frá skýrt hjá hv. 3. landsk., að Alþfl. hefur ekki lagt bann við því, að einstakir flokksmenn tali á annan hátt en þing flokksins og miðstjórn gerir fyrir sitt leyti. Alþfl. hefur þar fylgt annarri stefnu en hinir flokkarnir, sem reyna að kæfa niður gagnrýni af hálfu þeirra, sem ekki vilja hlíta forsjá forustunnar. Alþfl. sér ekki ástæðu til að meina neinum að láta álit sitt í ljós. Eins og hv. 3. landsk. tók fram, hefur flokksþing og miðstj. Alþfl. samþ. að mæla með því sáttatilboði, sem fram hefur komið frá þeim mönnum, sem bundnir eru samtökum um að reyna að hafa áhrif á afgreiðslu þessa máls.

Ég mun nú víkja að ræðu hv. þm., sem töluðu s. l. föstudag af hálfu hinna þriggja stjórnarflokka og gerðu grein fyrir afstöðu sinni og sinna þingflokka til málsins, sem hér liggur fyrir, og sérstaklega vil ég minnast á það, sem að mér og Alþfl. var beint.

Hv. þm. G-K. fór nokkrum orðum um afstöðu mína í mþn., en ég hef á fundi í Nd. í gær gert grein fyrir henni og sé ekki ástæðu til að eyða fleiri orðum í það, þar sem ég vil reyna að forðast endurtekningar í umr. Það er þó eitt atriði úr ræðu hans, sem ég get ekki látið ómótmælt standa, sérstaklega af því, að þau orð voru síðar tilgreind í flokksblaði Sjálfstfl., Morgunblaðinu, að ég hafi hótað afskiptum tveggja stórvelda gegn þeim ákvörðunum, sem Alþingi kynni að taka. Mín orð voru þau, að vanefndakenningin hefði mælzt illa fyrir, og ég nefndi sem dæmi, að fulltrúar þeirra tveggja stórvelda, sem hér hafa mikil völd, hefðu látið þær skoðanir í ljós, að Íslendingar yrðu að fylgja sambandslagasáttmálanum út í æsar og slíta honum ekki, fyrr en hann væri útrunninn. Þegar 17. maí 1941 var látin fara fram atkvgr. á réttmæti vanefndakenningarinnar, og varð niðurstaðan sú, að einn þeirra, sem lét álit sitt í ljós, hélt fast við kenninguna, 2. og 3. maður vildu enga ábyrgð á henni taka, en sá 4. taldi kenninguna ekki rétta. Þetta vil ég, að komi fram á þessu stigi málsins.

Hv. þm. G-K. sagðist ekki vilja tefla á tvær hættur í þessu máli. Það vil ég ekki heldur. En afstaða mín er sú, að mesta áhætta, sem Alþingi, ríkisstj. og þjóð gæti tekið, væri að tefla á tvær hættur um það, hvort skilnaður við Dani yrði framkvæmdur nú að réttum lögum, sérstaklega þegar hægt yrði að framkvæma hann að réttum lögum innan skamms tíma. Að mínu viti tefla þeir menn á tvær hættur, sem endilega vilja hraða þessu máli, án þess að vilja hugsa um aðra möguleika til lausnar. Eins og hv. 3. landsk. beindi því til mín, að hann vænti þess, að ég hefði ekki sagt mitt síðasta orð í þessu máli, eins ætla ég að beina því til hinna þriggja flokka, að ég vænti þess, að þeir hafi ekki sagt sitt lokaorð.

Hv. þm. G-K. endaði ræðu sína í gær með því að segja, að ef til væri samkomulagsgrundvöllur í þessu máli, þá vildi hann leita eftir honum. Mér finnst þetta drengilega mælt, og ég vil segja, að þess grundvallar er ekki langt að leita, og á honum gætum við staðið saman og reynt að leysa málið í sameiningu. Þessi sami hv. þm. sagði líka í gær, að utan þings væru fáir menn í engum flokki á móti þessu máli, en bágt á ég með að trúa því, að Sjálfstfl. vilji prýða lista sína með nöfnum þeirra manna, sem ekki eru í flokknum .... á lista Sjálfstfl. við síðustu kosningar. Ég veit ekki til þess, að hann hafi síðan horfið úr þeim flokki. En út af því, sem gripið var fram í ræðu mína, um þennan utanþingsmann, og sérstaklega út af því, sem hv. 5. þm. Reykv. sagði, að hann muni meðal hinna tilgreindu manna, sem einn af forustumönnum samtaka utanþingsmanna, þá er það kunnugt, að áður en hann fór í siglingu, þá var hann skuldbundinn í flokki þessa hv. þm. *Að vísu greiddi hann ekki iðgjöld sín, meðan hann* var erlendis, en mun hafa leitazt við að greiða þau, eftir að hann kom úr för sinni, en ekki fengið það, og má vera, að það sé þessi refsiaðgerð, sem hann er beittur fyrir að hafa persónulega og sjálfstæða skoðun í þessu máli, hvað sem liði forustunni í þessum flokki, sem hann tilheyrði.

Um ræðu hv. 2. þm. S-M. þarf ég lítið að tala, sérstaklega fyrir þá sök, að nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hans í Sþ., bar einnig á góma í Nd. í gær og voru rædd okkar í milli þá. En þó kemst ég ekki hjá því að minna menn á það, að þessi hv. þm. S-M. lagði mikla áherzlu á það, að það væri vikið frá samkomulaginu 17. maí 1941, ef farið væri inn á þá braut, sem ég tilgreindi og ég taldi af minni hálfu sem möguleika til þess, að menn gætu staðið saman um lausn málsins. Það er mjög vafasamt, hvort nokkuð sé vikið frá þeim samþ., og ég verð að segja, að það mætti engu síður halda því fram, að þeir, sem nú vilja endilega á þessu ári koma lýðveldismálinu í gegn, að óbreyttu ástandi, að þeir hafi ekki síður vikið frá þeim grundvelli, sem lagður var 17. maí 1941. Sé ég ekki ástæðu til að fara frekar inn á það.

En það var annað atriði í ræðu hv. 2. þm. S-M., sem hann drap á og ég vildi fara um nokkrum orðum. *Hann gat þess, að hans eigin flokkur* hefði viljað leita að samkomulagi um lausn málsins. Þetta er rétt. Ég get vottað, að fulltrúar Framsfl. í stjskrn. leituðust eftir því, að reynt væri að ná samkomulagi allra flokka um afgr. þessa máls. En þegar hinir tveir flokkarnir, Sjálfstfl. og Kommúnistafl., vildu ekki gangast inn á slíkt samkomulag, þá sagðist Framsfl. ekki lengur geta haldið því áfram. Og einmitt þessi hv. 2. þm. S-M. brýnir það fyrir mér og okkur Alþfl.mönnum, að við ættum að hafa þann sama sið og Framsfl. í þessu máli. Það væri ekki það að leita eftir ákveðnum till., sem gætu orðið til lausnar málinu. En ef till. minni hl. yrði hafnað af meiri hl., þá ætti minni hl. samt sem áður að fylgja meiri hl. í málinu. Þetta getur nú verið. Það fer eftir því, hvernig málið er vaxið og eðli þess er, hvort það væri hyggilegt að beygja sig fyrir meiri hl. og hegða sér eins og hv. 2. þm. S-M. drap á. En ég held, að í jafnþýðingarmiklu máli og því, sem nú á að afgr. hér á Alþ., að ef menn hefðu ekki á því ákveðna skoðun, að það væri ekki í því

fólgin nein þjónusta við íslenzku þjóðina, við þetta stolt manna, að láta undan og fara inn á þær brautir, sem menn teldu ekki í samræmi við rétt lög og drengskap. Ég legg þann mælikvarða á þetta, að minni hl. eigi ekki að beygja sig, ef meiri hl. hefur rangt fyrir sér, jafnvel þótt æskilegt væri, að samkomulag yrði um það mál, sem um væri að ræða. En einmitt vegna þess, hve Alþfl. er það ljóst, að það er mjög þýðingarmikið, að sameining geti orðið um þetta mál, hefur hann teygt sig til samkomulags, lengra en hann hefði talið æskilegt, en þó þannig, að borgið væri réttlæti og drengskap. Og ef ekki yrði samkomulag sem næst þeim grundvelli, þá væntum við þess, að hv. 2. þm. S-M. skilji, að það sé ekki ástæða til þess að láta af þeim skoðunum, ef menn telja þær réttar, og þótt menn séu í minni hl. Með því hefði aldrei unnizt neitt á um góð málefni, ef þeir, sem voru í minni hl., hefðu alveg beygt sig, og það þótt málið væri stórt. Ég veit, að hv. 2. þm. S.-M., sem er í flokki, sem ekki hefur meiri hl. meðal þjóðarinnar að baki sér, og er jafnmikill bardagamaður, mundi gangast inn á þetta. Ég veit, að ef hann áliti, að meiri hl. manna í öðrum flokki færi með rangt mál, væri það ekki hans háttur yfirleitt að beygja sig. Þá þekki ég illa siðgæðisreglur þessa ágæta þm., ef svo væri ekki.

Þá kom hv. 2. þm. Reykv., og eins og við var að búast, stóðu spjótalög hans til Alþfl., og ég harma það ekkert. Ég hef fyrir mitt leyti ekkert við það að athuga. Það er ekki nýtt, að þeim sé beint orðið nokkuð hart til Alþfl. úr þessu horni. Það þarf engra skýringa við. En það er líka annað, sem þarna kom í ljós og áður hefur verið minnzt á, og það er það, að þessi hv. þm. og flokksbræður hans fylgja dyggilega þeirri reglu, sem fyrir liggur frá alþjóðasambandsþingi kommúnista, þar sem sagt er, að þeir mættu ekki vanmeta þjóðréttarbaráttu meðal þjóðanna og þeir yrðu að kosta kapps um, ekki aðeins að fylgja eftir öðrum flokkum í þessu efni, heldur færi og bezt á því, að þeir tækju höndum saman við Sjálfstfl. um forustuna. Þetta er nú í bréfi frá Moskva, og ég veit, að þessu hefur verið fylgt, og það er ekki sök hv. 2. þm. Reykv., ef hann er ekki forustumaður í þessu máli. Það er þá vegna þess, að Sjálfstfl.foringjarnir hafa viljað láta á því bera, að þeir standi honum framar. En gert hefur þessi hv. þm. það, sem máttur hans og megin frekast leyfðu, til þess að fylgja þessu máli. Ég skal senda honum vottorð upp á það, ef það mætti verða honum að gagni.

Þessi hv. þm. dró nokkuð inn í deilurnar látinn merkismann, fágætan og ágætan mann, alþýðuforingja í Danmörku, Th. Stauning. Vildi hann sérstaklega segja, að heimsókn Staunings til Íslands, sumarið 1939, ætti að hafa haft sérstök áhrif á Alþfl., og að mér skildist, þá hefðu áhrifin ekki einna sízt orðið fyrir tilstilli þess, að ég varð honum samferða á skipi frá Reykjavík til Kaupmannahafnar. Ég vil leyfa mér að benda á, að á því skipi voru og samferða fleiri ágætir menn, og má þar m. a. nefna hæstv. forseta hér í Sþ. og fleiri, og ég veit, að hæstv. forseti mun bera það með mér, að lítið hafi þessi maður reynt að hafa áhrif á stjórnmálaskoðanir okkar í sambandsmáli Íslendinga og Dana. Og ég veit, að þeir, sem til þekkja og áttu orðræður við þennan merkismann, muni á sama máli um þetta, og m. a. form. Sjálfstfl., sem kann að meta þennan ágæta Dana og átti margar orðræður við hann þetta sumar, að hann hafi ekki reynt að hafa áhrif á skoðanir þeirra um skilnað Dana og Íslendinga. Ég veit, að þessir menn, hæstv. forseti þessa þings og form. Sjálfstfl., munu geta borið vitni um þetta. En ég veit einnig, að aðrir, að ég ekki nefni hv. þm. Str. og hv. 2. þm. S.-M., áttu ekki minni samtöl við þennan danska stjórnmálamann en ég, og ég hugsa, að enginn þeirra vildi bera honum það á brýn, að hann hafi leitazt við að hafa áhrif á þá um afstöðu þeirra til sambandsmálsins. Og ég skora á þessa menn, hæstv. forseta þessa þings, form. Sjálfstfl., hv. þm. Str. og hv. 2. þm. S.-M., sem áttu margar samræður við þennan ágætismann, að láta hið sanna í ljós.

En ég veit það hins vegar, að ég hafði oftar en einu sinni — og ekki að fyrra bragði — átt samtöl við danska menn, og þá hefur viðkvæðið jafnan verið þetta, að sjálfir ráði Íslendingar, hvað þeir geri. Það er aðeins eitt, sem þeir leggja áherzlu á, það, að allt fari fram í bróðerni. Og ég hugsa, að það hafi ekki verið mikill átroðningur á íslenzku stjórnmálamennina, þá menn, sem ég nefndi. *(SigfS:* Stóðust hann allir nema Stefán Jóhann?) Ég er nú ekki að svara þessum fyrrv. flokksbróður, sem var að gjamma fram í, hef varla skap í mér til þess, eftir þá kynningu, sem ég hef haft af honum fyrr og síðar.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. um viðtal við mig í Social-Demokraten, og þar átti að hafa komið fram sönnun fyrir því, að ég væri undirlægja Dana í samskiptum Íslendinga og Dana og að þar hafi verið varpað fram spurningu af dönskum blaðamanni um það, hvað ég segði um sambandslagasamninginn. Því er nú að svara, að hv. 2. þm. Reykv., sem verið hefur blaðamaður lengi, ætti að vita það, hversu nákvæm samtölin eru í blaðaviðtölum. En hvað sem um það er, þá man ég bókstaflega ekkert, hvernig þessi orð féllu. En jafnvel þótt þau hefðu fallið á þessa lund, sem hv. þm. telur, hvað var það þá annað en rétt? Við vorum að vísu alltaf ákveðnir í því og erum það enn í dag eins og í gær að stofna lýðveldi, þegar þess væri kostur, en það er svo óendanlega margt í sambandi við það, sem enginn flokkur er búinn að taka afstöðu til. Má t. d. nefna þau atriði, er varða fiskveiðar Færeyinga, og verður að leita sér annarra raka en hv. 2. þm. Reykv. var með í því efni, en ég met tilburði hans, sem ég þekki vel og kippi mér undurlítið upp við.

Þá vitnaði sami ræðumaður í grein í Alþbl. 1939, þar sem talað væri um mörg spursmál og atriði í sambandi við skilnað Íslendinga og Dana. Það, sem væri rétt 1939, það væri rétt 1944. Það eru svo margir liðir, sem eftir er að athuga, og þegar við samþ. þessa till., þá er ekki búið að ganga frá sambands-

lagasáttmálanum og eftir að semja við Dani um marga hluti. Hv. 2. þm. Reykv. telur, að það væri ekkert sérstaklega álitlegt að fela mér og öðrum Alþfl.mönnum það verkefni að semja við Dani, eftir þá frammistöðu, sem við hefðum sýnt, og eftir að ég nú hefði verið samferða Th. Stauning til Danmerkur og það hefði birzt mynd af mér í blaði þar. Því væri ekki heppilegt að senda mig þangað. Ég veit vel, að hv. þm. ber ekkert traust til Alþfl., svo að það er varla við því að búast, að hann treysti honum í þessu sambandi. En ég hefði mátt ætla, að allmargir menn væru hér á landi, sem teldu, að fulltrúar kommúnista væru ekki heppilegir til að segja þar síðasta orðið.

Það var fyrir allmörgum árum, þegar verið var að ræða um það í innsta hring Kommúnistafl., hvað ætti að gera til þess að bjarga íslenzkri alþýðu, ef stríð mundi skella á. Þá var almennt álitið, að þetta stríð mundi meira að segja beinast að Rússlandi og það mundu verða engilsaxnesku stórveldin, a. m. k. Stóra-Bretland, sem snerust gegn Rússlandi. Þá kom þessi hv. þm. með það, hvernig þessi flokkur ætti að láta íslenzka alþýðu bregðast við. Það var m. a. að koma því til leiðar, að togaraáhafnirnar sigldu togurunum til Rússlands, en þá áttu og aðrir að vera tilbúnir að sprengja upp olíugeymana hér við Skerjafjörð. Að vísu var þessi till., sem flutt var í innsta hring Kommúnistafl., aldrei samþ., en þessi till. var flutt af þessum utanríkisspeking þeirra, og hún átti að verða til þess að vernda fjöregg og sjálfstæði íslenzku þjóðarinnar út á við og inn á við. Þið hafið þá góða liðsmenn með ykkur að hafa þá með ykkur. Þá eyddi hv. 2. þm. Reykv. æði mörgum orðum að því, hversu hugsun mín væri frábrugðin öllum rétti og velsæmi, að virða þannig sambandslagasamninginn, sem gerður var 1918 milli tveggja ríkja! Hann tók að vísu fram, til þess að fyrirbyggja allan misskilning, að við ættum að halda verzlunarsamninga, sem við hefðum gert við Dani. Við ættum að halda þá, því að það væru pappírsmiðar, sem ekki mætti rífa; annað væri með samninga, sem settir væru um íslenzk stjórnmál. Þá þyrfti ekki að halda, ef mönnum þóknaðist svo. Og það átti að vera vegna þess, að sjálfstæðinu 1918 hefði verið neytt upp á Íslendinga. En við, sem kynnzt höfum verzlunarsamningum og fylgzt með, þegar verzlunarsamningar hafa verið gerðir, vitum, að ekki eru alltaf allir ánægðir með þá. Íslendingar hafa gert marga verzlunarsamninga, sem allir hafa ekki verið sammála um. En hv. 2. þm. Reykv. segir, að slíka samninga ætti að halda í heiðri, en bara ekki þjóðréttarlega samninga, þá á ekki að halda í gildi. Ég vil leyfa mér að láta í ljós þá skoðun, að sú hugsun liggi til grundvallar ræðu hv. 2. þm. Reykv., að ef máttur meiri hl. fólksins á Íslandi ætti að ráða, þá ætti þjóðin að taka sér meiri rétt en hún hefur, — þá væri henni það heimilt, hvað sem liði öllum samningum, sem gerðir hafa verið við önnur ríki. Það er einmitt þessi hugsun, sem leitt hefur til þeirra mestu átaka, sem nú eiga sér stað í heiminum. Þjóðverjar sögðu: Verzlunarsamningum var þröngvað upp á okkur, við þurfum ekkert að halda þá, — og það var sama og að segja: Þýzka þjóðin krefzt þess, að þeim sé kastað í bréfakörfuna. Og það var gert, og við höfum séð afleiðingarnar. Og bandamenn hafa lýst yfir því, að þetta stríð væri háð m. a. til þess að koma í veg fyrir, að sú stigamennska viðgangist í viðskiptum þjóða, að samningar séu ekki haldnir.

Ég held þess vegna, að ég blygðist mín ekkert fyrir það, og tel mig þess vegna engu lakari Íslending en hv. 2. þm. Reykv., þótt ég haldi því fram, að það sé stolt og heiður íslenzku þjóðarinnar að halda gerða samninga milli tveggja ríkja og halda þeim uppi, samtímis því, sem við erum að gerast fullkomlega sjálfstæður aðili í samneyti við aðrar þjóðir. *(ÓTh:* Hvernig á að halda 18. gr. þessa samnings?) Þá spyr hv. þm.: Hvernig á að halda 18. gr. þessa samnings? Já, ég gleymdi að geta þess, að hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. G.-K. minntust ekkert á það, að það er ýmislegt, sem ég vildi slá föstu í sambandi við það, að sambandslagasáttmálanum yrði ekki slitið, nema þjóðaratkvgr. fari fram eftir 18. gr. sambandsl. Ég tel því, að það vanti enn þá skýringu á þessu atriði, en hv. 2. þm. Reykv. er ekki lengi að afgr. það. Hann talaði um það, að sambandslagasáttmálinn væri að vísu í gildi, en sagði, að við værum ekkert skyldugir að halda hann. Það væri réttur þjóðarinnar að ákveða slíkt, hvað sem hverjum sýndist. Ef maður hugleiðir málið, sést, hve fráleitt er að halda slíku fram. En þjóðin hefur ekki verið kúguð til að halda í heiðri gerða samninga. Það var búið svo um samninga þjóðarinnar, að til þess að segja þeim upp, þurfti að vera ákveðinn meiri hl. því fylgjandi. Það er alltaf búið svo um stjórnskipulög hverrar þjóðar, að til þess að breyt. á þeim sé gild, þá þurfi að vera ákveðinn meiri hl. kjósendanna í landinu, sem fylgi henni, eins og hér á Íslandi er einnig ákveðið til þess að þessi stjórnarskrárbreyt. gangi í gildi. Þetta er haft svo af nauðsyn þess, að það sé ekki verið að rugla í stjórnskipulögunum oftar en skyldi, þó að ákvæðin um einfaldan meiri hluta gildi um samþ. margs annars hjá þjóðunum. Um þennan mikla meiri hl., sem þarf eftir sambandslagasáttmálanum til þess að hægt sé að breyta sambandsl., má segja, að Danir hafi óskað eftir ákvæðinu um hann. En af Íslendinga hálfu hefur þetta heldur ekki verið talin nein frágangssök, þar sem sambandsl. voru samþ. af þjóðinni með 12.500 atkv. gegn 1.000 og öllum atkv. gegn 2 í hvorri d. þingsins. Þjóðin taldi því ekki óeðlilegt, að það þyrfti þetta til þess að breyta eða fella úr gildi þennan gerða milliríkjasamning. Ég held þess vegna, að það sé hrein fásinna að halda því fram, að af því að hér sé um tiltekinn meiri hluta að ræða, þá þurfi þjóðin ekki að virða það, sem hún hefur gengizt inn á um þennan meiri hluta, af því líka, að það er engin hætta á ferðum, ef farið er að l. og leitað eftir samkomulagi meðal þjóðarinnar og þingsins. Það er ofur einfalt að fella sambandsl. úr gildi samkv. ákvæðum þeirra. En þeir, sem vilja tefla á tæpasta vað um það, hvernig á að fella þau úr gildi, kynnu að reka sig á óþægilega agnúa í sambandi við það. En þá er

það ráð hv. 2. þm. Reykv., að ekkert þurfi að virða þau.

Hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, hvað ég vildi segja t. d. um rétt Færeyinga sem sérstakrar þjóðar. Ég fyrir mitt leyti mundi vilja ljá málstað Færeyinga lið og mæla með því, að þeir fengju það, sem þeir óskuðu eftir, m. a. gagnvart Íslandi. En það er ekkert um slíkt í því máli, sem hér liggur fyrir. En það má kannske breyta því *(Raddir af þingbekkjum:* En gagnvart Dönum?) Hvað mundi hv. þm. sjálfur gera í þessu sambandi? *(BBen:* Hvað mundi hv. 4. þm. Reykv. gera, ef um það væri spurt?) Ég mundi ekki verða eftirbátur annarra í því efni. En út af þessum orðum hv. 2. þm. Reykv. dettur mér í hug, að ég skrifaði einu sinni grein í Alþýðublaðið um íslenzka utanríkispólitík og sagði, að vegna þess, að Íslendingar væru smáþjóð og gætu ekki byggt sjálfstæði sitt á öðru en siðferðislegum og lagalegum kröfum, þá væri eðlilegt, að þeir tækju undir óskir allra smáþjóða um frelsi, og tiltók ég Eystrasaltsríkin. Þá fékk ég nú svolitla dembu í Þjóðviljanum út af því, að ég vildi, að þessi litlu ríki við Eystrasalt væru frjáls, ef þau óskuðu eftir því. Þá var það ekki vesalings litla Danmörk í sárum, heldur hið stóra og volduga Rússland, sem hér átti ágæta talsmenn. *(SigfS:* Hvað segir hv. þm. um Indverja og Íra og fleiri góðar þjóðir?). Þessi hv. framígrípandi ætti að tala um Indverja og Íra svolítið, — en ég veit ekki, hvort það bætti nokkuð úr fyrir frelsiskröfum þeirra þjóða. *(BrB:* Kannske hv. þm. sé fúsari til að tala um Finna?). Ég man, að hér á lokuðum fundi hefur verið talað um Finnland, — og ég mun aldrei gleyma málblænum í ræðu þessa gamla skólabróður míns, þegar hann minntist á þá þjóð.

Að lokum klykkti svo hv. 2. þm. Reykv. út með því, að það væri ekki við góðu að búast frá mér og mínum flokki — við hefðum óskað Hitler sigurs. En það hef ég auðvitað aldrei gert. En hitt er það, að maður heitir Molotov úti í Rússlandi. Og í blaðinu Isvestia sagði sá maður, að það væri smekksatriði, hvort menn væru með eða móti Hitlerismanum. En þá var líka bandalag á milli þessara tveggja stórþjóða. Og ég býst við, að íslenzkir kommúnistar hefðu ekki brugðizt þessum húsbændum sínum með það á þeim tíma að viðurkenna líka, að það væri smekksatriði, hvort menn væru með eða móti nazismanum þýzka. Og það getur vel verið, að það eigi eftir að koma í ljós seinna í afstöðu þeirra til þeirra þjóða, smárra og stórra, um frelsi þeirra og sjálfstæði, hve vel og drengilega þeir taka undir þetta. Og gætum við kannske nokkuð af því metið, hversu þeim er mikil alvara, þegar þeir tala um íslenzku þjóðina.

Forseti (GSv): Nú er sá tími dags kominn, þegar venjulega er veitt fundarhlé til kl. 5. Ef ekki koma fram mótmæli gegn því, þá hef ég ætlað mér, við sömu upplýsingu í salnum, þ. e. a. s. með kertaljósum, að halda áfram fundi síðdegis. *(Raddir frá þingmönnum:* Það þýðir ekki neitt.) Ef það þykir ekki gerlegt, þá verður því ekki haldið til streitu. *(Raddir frá þingmönnum:* Það má vel halda áfram fundi við þessar kringumstæður). Þar sem menn greinir á um þetta, verður látin fara fram atkvgr. um það, hvort fundi skuli fram haldið eftir kl. 5,15.

ATKVGR.

Till. um að halda áfram fundi kl. 5,15 síðdegis var felld með 20:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: STh, SkG, StJSt, SvbH, BG, BBen, EOl, GJ, GÍG, JPálm, JS, KA, LJós, ÓTh, PO, SigfS, SG, GSv.

nei: SÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, BrB, EystJ, FJ, GTh, HG, HelgJ, HermJ, IngP, LJóh, MJ, PHerm, PZ, PÞ, SB, SEH, SK.

EE greiddi ekki atkv.

13 þm. (StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, EmJ, GÞ, GG, IngJ, JakM, JJós, JJ, JörB, PM) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Á 7. fundi í Sþ., 19. jan., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Bjarni Benediktsson: Hv. 4. þm. Reykv. hefur gert mér þann sóma að vitna hér í umr. í Sþ. og hv. Nd. í ummæli, sem ég hef haft um þau málefni, sem hér er um rætt. Hv. 4. þm. Reykv. hefur einkanlega fært fram máli sínu til stuðnings orð, sem ég hef ritað í Andvara 1940, á þá leið, að þar eð Íslendingar væru varnarlaus og vopnlaus þjóð, yrðu þeir umfram allt að gæta vel þeirrar einu varnar, sem þeir hafa, en það er að ganga hvergi á rétt annarra og styðja allar gerðir sínar við ströngustu réttarákvæði.

Við þessi ummæli stend ég vissulega enn, svo og þeir, sem mér eru sammála um afgreiðslu sambandsmálsins nú. Við reisum mál okkar á þessum grundvelli og höfum hvergi af honum vikið, því að bæði er, að okkur Íslendingum ríður á að reisa mál okkar á öruggum réttargrundvelli og hitt, að vegna þess að við erum vopnlaus og varnarlaus þjóð, þá verðum við að beita því eina vopni, sem við eigum, og það er rétturinn. Aðrar þjóðir, sem hafa her sér til stuðnings, geta frestað ýmsum aðgerðum til síðari tíma, af því að þær hafa vopnavald við að styðjast og geta komið fram málum sínum, hvort sem þær hafa á réttu eða röngu að standa, en lítil þjóð verður að halda í rétt sinn, standa fast á honum og afsala sér honum í engu, af því að rétturinn er hennar eina vopn. Vilji hún ekki neyta réttar síns, þá er víst um það, að hann verður ekki virtur af öðrum. Sú hugsun, sem í orðunum felst, má sannarlega vera leiðarstjarna við afgreiðslu sambandsmálsins. Í þessu máli er réttur okkar alveg ótvíræður, og réttur okkar er með þeim hætti, að við megum ekki sjálfir hvika frá honum, því að þá eru allir frelsismöguleikar okkar í framtíðinni í veði.

Hv. 4. þm. Reykv. vildi í ræðum sínum mjög reyna að rengja rétt okkar til þeirra aðgerða, sem nú eru ráðgerðar, og hefur oftar en einu sinni talað eins og við ætlum að fara með ofbeldi og rangindum á hendur dönsku þjóðinni, sýna henni fjandskap slík-

an, sem einræðisríkin hafa sýnt nágrönnum sínum og allur hinn menntaði heimur hefur snúizt til baráttu gegn.

Það er í rauninni harla einkennilegt að heyra *ummæli* sem þessi höfð við á Alþingi Íslendinga, og ekki sízt af þeim hv. þm., sem ber þau fram.

Um réttarstöðu Íslands gegn Dönum mætti tala langt mál, og hún verður ekki rakin til hlítar í þessum umr., en í stuttu máli má segja, að yfirráð Dana hér á landi og afskipti dönsku þjóðarinnar af málum Íslendinga hafi lengst af verið algerlega löglaus og strítt móti öllum réttarreglum. Afskipti dönsku þjóðarinnar af málefnum Íslendinga hafa hvílt á valdi þess, sem meiri máttar er, en ekki stuðzt við neinar réttarsetningar. Það þarf ekki nema lítið yfirlit yfir Íslandssögu til þess að sjá, að yfirráð dönsku þjóðarinnar á Íslandi hvíldu ekki á lögum eða rétti, heldur á valdi. Á úrslitastundum var það vopnavaldið, sem var látið skera úr. Við munum herskipasendingu til Íslands eftir aftöku Jóns Arasonar og sona hans. Við minnumst herdeildar með vopnin á lofti á Kópavogsfundinum 1262. Við minnumst vopnaðs herflokks, sem kvaddur var til Íslands 1851, vegna þjóðfundarins, sem Íslendingar töldu, að kvaddur væri saman af konungi *til þess, að þeir fengju notið þess réttar að setja* sjálfum sér stjórnlög. Í skjóli vopnavaldsins var frelsisfundi þjóðarinnar hleypt upp. Við minnumst þess og, þegar dönsku vopnavaldi var á okkar dögum beitt til þess að gera íslenzka fánann upptækan á Reykjavíkurhöfn. Afskipti dönsku þjóðarinnar af málum Íslendinga hafa því ekki hvílt á rétti, heldur á valdi, — ofbeldi.

Hv. 4. þm. Reykv. segir nú e. t. v. gegn þessu, að þetta hafi breytzt með gildistökunni samkvæmt sáttmálanum 1918. Í gær bar hann og á móti því, að þessi samningur hafi að nokkru leyti verið nauðungarsamningur. Ég skal ekki fjölyrða um þetta, enda má segja, að það skipti litlu máli um gildi hans, hvort hann var nauðungarsamningur eða ekki. Um þetta ber þó að hafa það, sem sannara er. Og sannleikurinn er ótvírætt sá, að sambandslögin eru nauðungarsamningur, sem Íslendingar gerðu til að kaupa sig undan fyrra ofbeldi.

En við skulum gera ráð fyrir, að samningurinn hafi verið gerður af frjálsum vilja. Hvaða ástæður *geta þá legið til þess, að Íslendingar hafa* afsalað annarri þjóð svo miklum réttindum yfir sínum eigin málefnum, hafi það ekki verið gert af nauðung? — Það er einungis ein ástæða, sem heyrzt hefur fyrir þessu réttindaafsali. Ástæða, sem einn af forustumönnum undanhaldsmanna nú flutti t. d. 1939, þegar hann var að túlka nauðsyn þess, að sambandinu við Danmörku væri haldið, einnig eftir að gildistími sambandsl. væri liðinn. Þessi ástæða er sú, að Íslendingar væru svo lítil þjóð, að þeir væru þess ekki umkomnir að gæta sjálfir hagsmuna sinna gegn öðrum, einkum á styrjaldartímum. Þess vegna væri þeim nauðsynlegt að vera í skjóli annarra, sem vernd gætu veitt þeim.

En þessi eina ástæða, sem færð hefur verið fram fyrir því, að sambandssamningurinn sé eðlilegur, brást, þegar á reyndi. Það er ekki sagt Dönum til lasts, þó að þeir reyndust þess ekki megnugir að veita okkur neitt skjól. Hv. 4. þm. Reykv., sem á þeim tíma, þegar þeir atburðir gerðust, sem hér hefur mest verið um rætt, var utanrrh., ætti að vita það allra manna bezt, að því fer fjarri, að við hefðum þá stoð af þessu sambandi við danska ríkið, þvert á móti töldu forustumenn Íslendinga þá, að sambandið við Dani færði yfir okkur aukna hættu frá því, sem ella hefði verið. Danir eru 30 sinnum fleiri en við, en á mælikvarða stórþjóða er Danmörk samt smáríki, og hún er enn þá auðsóttara land og enn þá opnara fyrir árásum en Ísland, og því er það síður en svo skjóls að vænta, eins og reynslan hefur sýnt. Menn verða að gera sér ljósa þá staðreynd, að sá siðferðilegi grundvöllur, sem gat verið undir yfirráðum Dana hér á Íslandi, brast, þegar á reyndi, og eru því forsendur sambandsins rofnar. Ef menn lokuðu augunum fyrir þessu, væri það tilraun til að blekkja *báðar þjóðirnar og stærri þjóðinni ekki síður ósam*boðið en okkur, hinni minni. En það er beinlínis lífsnauðsynlegt okkur, að við gerum okkur þetta ljóst.

Ég veit að vísu, að fyrri hluta árs 1940 voru margir til og e. t. v. fleiri en þorðu að segja það opinberlega, sem töldu bezt að halda í framtíðinni konungssambandi við Danmörku og sem mestu þjóðréttarlegu sambandi við hana. Síðan breyttist þetta með breyttu viðhorfi, og ég var svo bjartsýnn, að ég hélt, að allir hefðu öðlazt þann lærdóm, að við gætum ekki byggt frelsi okkar á öðru en því að verða óháð lýðveldi, og skilið, að við höfðum fengið rétt til að rifta sambandslagasamningnum hvenær sem væri. Mér fannst þetta hljóta að vera eins augljóst og sólarljósið verður blindum manni, þegar hann fær sjónina. En því miður er það svo, að menn, sem hafa á sínum tíma séð þetta og skilið, eru nú slegnir þeirri blindu, að þeir sjá það ekki framar og keppast við að loka augunum til að sjá það ekki. Hv. 4. þm. Reykv. kemst ekki undan að verða talinn í hópi þessara blindu sleginna manna.

Það kom fram, einkum í orðaskiptum hans í umr. málsins við hv. 2. þm. S-M. og raunar ekki síður í frumræðu hans, að yfirlýsing Alþ. frá 17. *maí 1941, þar sem atriði þessa máls eru fast*ráðin, sé samkomulagsyfirlýsing, sem hann hefði viljað hafa mjög á annan veg og hann hafði í rauninni nauðugur fallizt á. Út af fyrir sig er það nú mjög athugavert, að maður, sem var þá utanríkisrh. landsins og bar því öllum öðrum framar að samþykkja ekki neitt annað en hann taldi sér fært að túlka af sannfæringu gagnvart öðrum þjóðum, það er ærið varhugavert, að hann skuli nú, þegar á reynir, vera að skjóta sér undan ábyrgð á þeirri ályktun, sem hann sjálfur flutti á Alþ. í félagi við meðráðh. sína. En þar við bætist, að til eru margföld rök, sem sýna, að hv. núv. 4. þm. Reykv. var í góðri trú, en ekki illri, eins og hann nú vill vera láta, er hann flutti till. 1941, og mælti þá af heilum hug, en ekki til þess eins að

reyna að koma saman einhverju óheilu samkomulagi. Skal það nú lítið eitt rakið.

Fyrri hluta ársins 1942 hófst í Alþbl. og Tímanum deila um það, hverjir væru fyrstir og helztir forustumenn sjálfstæðismálsins. Í Alþbl. 31. marz er grein, þar sem gerð eru að umtalsefni skrif Jónasar Jónssonar í Tímanum um það, að „allmargir menn í Framsóknar- og Sjálfstæðisflokknum“ hafi strax í fyrra (þ. e. 1941) viljað stofna lýðveldi hér á landi, en „frá Alþýðuflokknum hafi engin rödd komið í þá átt.“ Um þetta segir Alþbl., með leyfi hæstv. forseta:

„Ætti þó Jónas frá Hriflu að vita það bezt sjálfur, að í hans eigin flokki var það fellt á miðjum vetri í fyrra að ganga á þann hátt til fullnustu frá stjórnskipun landsins á þeirri stundu. Það stóð þá ekki á Alþýðuflokknum, heldur á meiri hluta Framsóknarflokksins.“

Í sömu grein, þ. e. í marzlok 1942, segir síðar:

„Alþýðuflokkurinn hefur alltaf verið og er alltaf reiðubúinn til þess að taka sjálfstæðismálið upp til fullnaðarafgreiðslu í samvinnu við aðra flokka. — Og ef Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn eru þeirrar skoðunar, að engin ástæða sé lengur til að fresta því — þá stendur ekki á Alþfl. Hann er reiðubúinn.“

Lítum því næst á Alþýðublaðið 30. apríl 1942:

Þá birtist forustugrein í Alþýðublaðinu undir fyrirsögninni „Lausn sjálfstæðismálsins“.

Þar segir meðal annars:

„Að sjálfstæðismálið var ekki endanlega leyst í fyrra (þ. e. 1941), stafaði fyrst og fremst af opinberri og ákveðinni andstöðu Framsfl. gegn því, að svo yrði gert.“

Síðar í þessari sömu grein er lögð áherzla á það, hversu Alþfl. og fulltrúar hans hafi lagt skynsamlega til þeirra mála, að fullnaðarafgreiðsla sjálfstæðismálsins færi fram á árinu 1942. Er þar vitnað í aðgerðir og till. Ásgeirs Ásgeirssonar í stjórnarskárnefndinni á eftirfarandi hátt:

„Tillaga Ásgeirs Ásgeirssonar er í stuttu máli þessi:

Kjördæmamálið verði samþykkt á þessu þingi, en jafnframt verði sett milliþinganefnd til þess að koma sér niður á endanlega lausn sjálfstæðismálsins. Síðan fara fram kosningar. Hið nýkjörna Alþ. samþykkir svo bæði málin, kjördæmamálið í síðara sinn og sjálfstæðismálið í fyrra sinn. Síðan fara á ný fram kosningar eftir hinni nýju kjördæmaskipan og næsta þing afgreiðir svo sjálfstæðismálið endanlega, án þess að neinar aukakosningar þurfi að fara fram þess vegna. Getur það orðið þegar í haust.“

Um þessa tillögu segir Alþýðublaðið:

„Um þessa lausn málsins ættu allir þeir flokkar að geta sameinazt, sem meina nokkuð með því, að þeir vilji flýta lausn sjálfstæðismálsins eins og kostur er á, úr því sem komið er.“

Næst er það Alþýðublaðið 23. maí 1942.

Þá birtist í Alþýðublaðinu fyrirferðarmikil tvídálka innrömmuð frétt undir aðalfyrirsögninni: „Sjálfstæðismálið verður afgreitt í sumar“.

Efni fréttarinnar er á þessa leið:

„Sameinað Alþingi samþykkti í gær með 25 atkvæðum á móti 19 að skipa milliþinganefnd í sjálfstæðismálið til þess að undirbúa fullnaðarafgreiðslu þess á þingi í sumar.

Þessi tillaga var borin fram af fulltrúum Alþfl. og Sjálfstfl. í stjórnarskrárnefnd neðri deildar.

Í nefndina voru kosnir: Stefán Jóh. Stefánsson fyrir Alþfl., Gísli Sveinsson og Bjarni Benediktsson fyrir Sjálfstfl. og Jónas Jónsson og Hermann Jónasson fyrir Framsfl.“

Þá er það Alþýðublaðið 2. júní 1942:

Þá birtist í Alþýðublaðinu forustugrein undir fyrirsögninni: „Forustan“. Þar kvartar blaðið undan því, að „Sjálfstæðisflokkurinn hæli sér nú mikið af því í seinni tíð, að hann hafi tekið „forustuna“ í kjördæmamálinu og sjálfstæðismálinu.“ En út af þessu segir Alþýðublaðið:

„Því að það var, sem kunnugt er, ekki hann (Sjálfstæðisflokkurinn), heldur Alþýðuflokkurinn, sem frá upphafi hafði frumkvæðið og forustuna í kjördæmamálinu á hinu nýafstaðna þingi og benti jafnframt á hina hagkvæmu leið til þess að leysa sjálfstæðismálið í sambandi við það á væntanlegu þingi í sumar“ (þ. e. sumarþingið 1942).

Þann 12. júní 1942 skrifaði Ásgeir Ásgeirsson grein í Alþýðublaðið undir fyrirsögninni: „Lausn kjördæmamálsins og sjálfstæðismálsins“.

Þar segir hann í lok greinar sinnar:

„Það á að ganga hreint til verks um að leysa viðfangsefnin, sem fyrir liggja, þótt umdeild séu.

Þeirra á meðal eru kosningaskipulagið og sjálfstæðismálið. Og það er gleðiefni, að meiri hluti Alþingis hefur orðið ásáttur um að ljúka þeim á þessu ári. Kosningafyrirkomulagið er kallað viðkvæmt mál. En þar ber að líta meir á viðkvæmni þeirra, sem verða fyrir misréttinu, en hinna, sem njóta þess.

Sjálfstæðismálið er einnig að færast í burðarliðinn. Þau 2 ár, sem liðin eru síðan sambandið við Norðurlönd slitnaði, hafa skilað því nær markinu. Þjóð okkar verður það til sóma að hafa leyst bæði málin á þessum viðsjártímum í öruggri von um, að frelsi og jafnrétti haldi velli í heiminum. En fari allt á annan veg en við vonum, þá verða þó þessar ákvarðanir okkar sams konar leiðarljós og uppörvun og Eiðsvallarfundurinn var Norðmönnum í nærfellt heila öld.“

Þessu næst má sjá Alþýðublaðið 2. ágúst 1942:

Þar er birt viðtal við formann Alþfl., Stefán Jóh. Stefánsson, um verkefni hins væntanlega þings, sem þá var að koma saman, og er aðalfyrirsögn þessa viðtals: „Kjördæmabreytingin og sjálfstæðismálið verða aðalmálin“.

Í þessu viðtali segir Stefán Jóhann, að fyrsta verkefni þingsins verði væntanlega að endursamþykkja kjördæmabreytinguna, sem kosið hafði verið um í nýafstöðnum alþingiskosningum, og kemst því næst þannig að orði:

„Síðan fær þessi stjórnarskrárbreyting (þ. e. kjördæmabreytingin) staðfestingu ríkisstjóra, og að því búnu er tímabært að taka fyrir á Alþingi lýð-

veldisstjórnarskrána. En eins og kunnugt er, hefur milliþinganefnd starfað að undirbúningi þess máls og getur væntanlega lokið störfum snemma á þingtímanum, eftir að einstakir nefndarmenn hafa borið ráð sín saman við flokksmenn sína. Þess er fastlega að vænta, að allir flokkar á Alþingi standi einhuga saman um lausn þessa máls.

Samþykkt þessara tveggja stjórnarskrárbreytinga, annarrar endanlega og hinnar í fyrsta sinn, leiðir óhjákvæmilega til nýrra alþingiskosninga, auk þess, sem gera má ráð fyrir, að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um endanleg slit sambandssáttmálans við Dani. En varla er þó að vænta þess, að þær kosningar geti farið fram, fyrr en síðast í september eða fyrri hluta októbermánaðar."

Er nú ekki ófróðlegt að bera allt það, sem að framan er skráð, saman við hin fjálglegu orð sama blaðs og forustumanna sama flokks, Alþýðuflokksins, um drengskaparleysið, ókurteisina og lögleysurnar, sem þessir aðilar nú í seinni tíð, öllum af óskiljanlegum ástæðum, hafa tekið sér fyrir hendur að boða, að í því felist að stofna lýðveldið á yfirstandandi ári. Nú gæti einhverjum dottið í hug, að Alþbl. hefði túlkað annað viðhorf en hv. 4. þm. Reykv. hafi raunverulega haft og blaðamenn farið óvart rangt með orð hans og vilja. Fyrir kemur, að sitthvað skolast hjá þeim, og hv. 4. þm. Reykv. sagði í gær, að ekki hefði hann nú í huga allt, sem hann væri búinn að segja um ævina við blaðamenn — og þeir að nota eftir sínu höfði. En fyrir hendi er ein heimild, sem ekki hefur getað skolazt og sker úr um stefnu hans, skrifuð með eigin hendi hans sjálfs 15. júlí 1942 í gerðabók mþn. Þá hafði verið rætt um verkefni n. í heild og hvort verk hennar hefðu mikla þýðingu. Í þessu tilefni óskaði hv. 4. þm. Reykv. sérstaklega að taka þetta fram og hefur bókað með eigin hendi, „að stjórnarskrárfrv. dómaranna væri undirbúið af sérfræðingum með það eitt fyrir augum að breyta þingbundinni konungsstjórn á Íslandi í þingbundna lýðveldisstjórn, en frv. væri að engu leyti samið með hliðsjón af ákveðnum stefnum um það, á hvern hátt lýðveldisstjórn og skipun Alþingis væri bezt borgið með stjórnarskrárákvæðum. Hins vegar væri það hlutverk stjórnmálaflokkanna að gera sínar tillögur um ákveðið fyrirkomulag þessara mála, og hefði því verið mjög eðlilegt og sjálfsagt að skipa milliþn. þá, er nú hefði starfað að þessum málum. Kvaðst hann fyrir sitt leyti vera sammála öðrum nm. um það, að tímum væri nú svo háttað í heiminum, að ekki væri rétt á þessu augnabliki að ganga varanlega frá mörgum öðrum atriðum stjórnarskrárinnar en þeim, sem óhjákvæmilega þyrfti að gera til stofnunar lýðveldisins, sem hann teldi rétt að gera nú þegar. Hins vegar taldi hann rétt að ræða endanlega breytingar á lýðveldisstofnuninni í upphafi sumarþingsins og áskildi sér rétt til ráðagerða við flokk sinn varðandi ákvæðin um val og valdsvið forsetans, áður en hann tæki afstöðu um skipun þeirra atriða."

Það er ljóst af þessari bókun, að Stefán Jóh. Stefánsson, hv. 4. þm. Reykv., sá þá ekkert því til fyrirstöðu, að n. sneri sér að einstökum atriðum stjórnarskrármálsins í fullu trausti þess, að við hefðum rétt til lýðveldisstofnunar, sem hann taldi rétt að framkvæma þá þegar.

Þessi vitnisburður er ritaður eigin hendi þessa hv. þm. í bók n., sem Alþ. hafði skipað til að fjalla um skilnaðarmálið. Fram hjá þessum vitnisburði kemst hann ekki. Hann gæti sagt, að sér hafi síðan snúizt hugur, og það væri karlmannlegast fyrir hann að kannast við það, en því hefur hann neitað. En á hvern annan hátt getur hann skýrt muninn á framkomu sinni þá og nú?

Gangur málsins er því sá, að þegar þessi hv. þm. er utanríkisrh., leggur hann fyrir þingið till., sem lýsir yfir ótvíræðum rétti Íslendinga til að rifta sambandslagasamningnum þegar í stað 1941, og síðan lætur hann kjósa sig í n., sem á að gera ráðstafanir til þess, að sú rifting geti farið fram 1942. Maður í slíkum trúnaðarstörfum hlýtur að hafa gert sér fulla grein fyrir, hvað hann var að gera. Þau ummæli sjálfs hans og málgagns hans, sem ég hef vitnað til, sýna og til fulls, að honum hefur þá verið ljóst, hvað í athöfnum hans fólst. En nú vill hann sjálfur láta svo, sem hann hafi mælt um hug sinn í hinum miklu trúnaðarstöðum, er hann gegndi, og þar með margfaldlega brugðizt því trausti, sem landslýðurinn hafði á hann sett.

Eina fræðilega ástæðan, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur fært fyrir afstöðubreyt. sinni, eini fræðimannsdómurinn, sem nýr er í málinu, eru ummæli höfð eftir prófessor Knud Berlin og eru á þá leið, að lagaréttur okkar til riftingarinnar sé vafasamur, en siðferðilegi rétturinn fyrir neðan allar hellur. Þessu hélt þm. ekki fram meðan hann var ráðh. og skeleggur skilnaðarmaður. Mætti því við hann segja svipað og forðum var sagt: Þú kemur fullseint til slíks móts, lítill sveinn. Ef álit umheimsins á siðferði íslenzku þjóðarinnar er í voða, ef nú er farið að álykta Alþ. 1941, þá bar sannarlega þessum hv. þm., þáverandi hæstv. utanríkisrh., skylda til þess að bera aðvaranir sínar fram strax 1941, í stað þess að flytja till. um að fremja það, sem hann telur alveg siðferðislega rangt. Vel má vera, að þing og þjóð hefði tekið aðra stefnu í málinu, ef hv. þm. hefði 1941 talað eins og hann talar nú. Hitt er svo nokkuð vafasamt, hvað Íslendingar græði á því að fara að ráðum Knud Berlins og hvort það hefði ekki dregizt, að Íslendingar fengju fullveldi sitt, ef hann hefði ráðið. Hætt er við, að við værum komnir heldur skammt áleiðis, ef við ætíð hefðum fylgt ráðum hv. 4. þm. Reykv. og ekki aðhafzt annað í sjálfstæðismálum okkar en það, sem Knud Berlin taldi lagalegan og siðferðislegan rétt Íslendinga. Kynni hæstv. dómsmrh. að geta skýrt þingheimi frá viðureign sinni fyrr og síðar við Knud Berlin um frelsiskröfur Íslendinga.

Talað er um, að við höfum fengið aðvaranir í blöðum á Norðurlöndum. Auðvitað er gott að heyra vinsamlegar raddir og ráðleggingar. En það ætti

hv. þm. að vita, að Íslendingar hafa aldrei stigið neitt spor svo í sjálfstæðisbaráttu sinni, að ekki hafi lostið upp köllum og aðvörunum frá vinum okkar á Norðurlöndum um, að þetta mættum við alls ekki gera, sízt þegar svona stæði á eins og verið hefur í það og það skiptið. Ég hef ekki tekið upp slíkar úrklippur blaða frá 1908 og 1918, en þær má fá t. d. úr sænskum blöðum og rifja þar upp orði til orðs þær ádeilur, sem við höfum heyrt á okkur úr sömu átt síðustu mánuðina. Oft vill verða svo, að sá sterkari á fleiri vini en sá, sem veikari er. Og hætt er við, að ef Íslendingar standa ekki sjálfir á rétti sínum, þá verði þeir fáir, sem af sjálfsdáðum halda uppi réttindum slíkra smælingja.

Þessi hv. þm. hefur stimplað okkur, stuðningsmenn þáltill., sem stuðningsmenn eða liðsmenn nazista, af því að við viljum slíta síðustu ófrelsisböndin, sem binda okkur við Dani. Það er fróðlegt að heyra, hvernig þeir líta á þau mál, sem nú standa sjálfir í baráttunni gegn nazismanum. Ameríkumaður einn ferðaðist á örskömmum tíma víða um heim til að mynda sér skoðun á eðli baráttunnar gegn nazismanum, ræddi við fremstu foringja og óbreytta liðsmenn fjölda þjóða og gaf út bók eftir heimkomuna um inntak þess, sem hann hafði lært í ferðinni. Hann rifjar jöfnum höndum upp það, sem fyrir foringjum og liðsmönnum vakir í þeirri heljarbaráttu, sem nú stendur yfir. Af bók þessari seldust síðan fleiri eintök næstu mánuðina en nokkurri annarri í landi hans, — ég á við bókina „One world" eftir Wendell Wilkie. Þar segir hann m. a.: „Við höldum, að þessi ófriður hljóti að þýða endalok á yfirráðum einnar þjóðar yfir annarri." „En heimurinn hefur að lokum vaknað til vitneskju um, að stjórn einnar þjóðar á annarri er ekki frelsi og ekki það, sem við eigum að berjast fyrir." Síðar segir hann: „Ef við viljum tala um frelsi, verðum við einnig að eiga við frelsi fyrir aðra á sama hátt og fyrir sjálfa okkur."

Ég efast ekki um það, að danska þjóðin hefur nú lært það undir ánauð útlends hers og fjandsamlegrar leynilögreglu, að sannleikurinn um frelsi eða ófrelsi þjóða er sá, sem hinn vestræni höfundur segir, og að hún muni fylgja þeim lærdómi í skiptum sínum við Íslendinga. En það er fleira, sem við getum lært af Wendell Wilkie, þessum víðförla stjórnmálamanni. Hann segir:

„Sumir segja, að við eigum að þegja um þessi efni þar til eftir stríð." Það á að fresta málinu þar til eftir stríð. Könnumst við ekki við þessa setningu? Hann heldur áfram:

„Sannleikurinn er þessu alveg gagnstæður. Eindregin átök til þess að finna nú framtíðarlausn á málefnunum í framsóknarátt munu verða styrkur málefni okkar. Munið eftir því, að þeir, sem eru á móti þjóðfélagsbreytingum, bera alltaf við augnablikserfiðleikum."

Betra er að bíða stríðsloka, segja undanhaldsmennirnir íslenzku. En hinn mikli ameríski stjórnmálamaður segir: „Að ófriðnum loknum geta breytingarnar orðið of litlar og um seinan." Enn segir hann: „Við höfum allir mikla freistingu til að takmarka það, sem við berjumst fyrir. Af kaldri veraldarhyggju kunnum við að vona, að stóru orðin, sem við höfum mælt, verði minni við friðarborðið, að við getum sloppið við þær dýru og erfiðu breytingar, sem þarf til að koma á og verja raunverulegt frelsi fyrir allar þjóðir." Að lokum næstsíðasta setningin í bókinni:

„Þess er vænzt af okkur nú, en ekki eftir stríð, að við notum geysiafl okkar til að efla frelsi og réttlæti."

Þeir, sem eru á móti auknu frelsi og réttlæti, segja það náttúrlega ekki beinlínis. En þeir segja hið eilífa orð undanhaldsmannanna, „frestum því til morguns" í þeirri von, að alltaf verði eitthvað til að draga á langinn, svo að þeir a. m. k. þurfi ekki að horfa upp á breytinguna.

Það hefur verið talað um það hér, að við hefðum átt að reyna að koma á sættum í sjálfstæðismálinu, og vissulega væri gott, ef hægt væri að koma þeim á. En það er nú svo, að það samkomulag, sem gert hefur verið með yfirlýsingum, með eiginhandarundirskriftum o. s. frv., hefur ekki verið haldið, svo að það er nokkuð hæpið að gera nýtt samkomulag, — hætt við, að það yrði litlu haldbetra en það, sem gert hefur verið. Í þessu máli verða því héðan af engar aðrar sættir gerðar en ef undanhaldsmennirnir biðja þjóðina um að taka sig í sátt.

Talað hefur verið um, að sjálfsagt væri að birta öll skjöl varðandi þetta mál, og er það vissulega svo um allt, sem á við að birta um milliríkjasamninga. En geta þeir, sem þessa kröfu gera, látið sjálfir öll sín skjöl koma fram í dagsljósið? Er ekki eitthvað í fórum þeirra, sem þjóðin veit ekkert um? Það þyrfti fremur að upplýsa, hvernig á breyttri afstöðu þessara manna stendur, heldur en hitt, að við skulum standa á ótvíræðum rétti þjóðarinnar á örlagastundu.

Ég hygg rétt það, sem kemur fram í Alþbl. 9. sept. 1942, en blaðið segir:

„Og þó að ekki hafi nú tekizt að ná því marki í bili, sem fyrirhugað var í sjálfstæðismálinu á hinu nýafstaðna þingi, mun enginn flokkur auka álit sitt hjá þjóðinni með því að skerast úr leik í því máli. Þjóðin lítur á sjálfstæðismálið sem hafið yfir allan flokkaríg og heimtar undirhyggjulausa og einlæga samvinnu allra flokka um það."

Hvernig var með undirhyggjuleysið 7. apríl 1943, blaðaummæli 1942, bókun í fundargerðabók stjskrn. 1942 o. s. frv.?

Þann 10. sept. 1942 segir Alþbl.:

„Til skamms tíma mundi enginn hafa trúað því, að nokkur flokkur hér á landi vildi verða til þess að stofna til sundrungar og ófriðar um sjálfstæðismálið. Til þess virtist engin ástæða vera. Í því máli liggja fyrir svo skýrar og ótvíræðar, sameiginlegar yfirlýsingar allra flokka frá síðustu árum, að engum gat dottið annað í hug en að þeir mundu halda áfram að fylgjast að í því."

Þetta er vissulega rétt. Það er eins rétt og það, sem blaðið sagði daginn áður, að enginn flokkur

mundi auka álit sitt með því að skerast úr leik í þessu máli. Er því vonandi, að gifta þessara manna verði svo mikil, að þeir nú hverfi frá því að stofna til sundrungar um þetta mál og nái á þann veg að sættast við þjóð sína.

*Jónas Jónsson:** Hér hafa verið fluttar margar ræður og stórar um endurreisn hins íslenzka þjóðveldis. Er nú svo komið, eftir margra alda undirokun framandi þjóða, að meginþorri allra Íslendinga samfylkir um till. þá, er hér liggur fyrir til umr. Eru hér mikil vegamót og gott umhorfs að líta í tvær áttir, fram á við til fullkomins frelsis og nokkuð til baka yfir aðdraganda þeirra atburða, sem hér eru að gerast.

Það er táknrænt, að meginhluti Alþ. og þjóðarinnar allrar gengur nú samstíga að lausn þessa máls, en nokkrir menn hika enn við hvert fótmál og taka upp ótrúlega málsvörn, þá er mjög minnir á orðræður þeirrar frændþjóðar, sem við eigum nú lokaskipti við. Hefur sú saga endurtekið sig um langa stund, að nokkrir Íslendingar, helzt sumir þeirra, er stundað hafa nám í Danmörku á unga aldri, hafa á efri árum hneigzt til fylgis við danskan skoðunarhátt, en meginþorri þjóðarinnar, einkum bændastéttin, hefur verið óhvikull við íslenzka málstaðinn. Er það frægt frá baráttutíma Jóns Sigurðssonar og Benedikts Sveinssonar, að bændur stóðu öruggir með þeim í hverri raun, en stjórn Dana valdi sér konungkjörinn lífvörð úr sveit þeirra embættismanna, sem lengi höfðu dvalizt í Danmörku, meðan þeir voru á léttasta skeiði. Var það alla stund höfuðeinkenni í stjórnmálabaráttu Íslendinga, að þar var jafnan til taks nokkur sveit dugandi manna, sem stóð í öllum sínum lífsvenjum og aðgerðum mitt á milli íslenzkrar og danskrar stefnu. Var það að öllum jafnaði erfiðara fyrir forsvarsmenn hins íslenzka málstaðar að vinna bug á mótþróa landa sinna en Dana sjálfra.

Þegar núverandi flokkaskipun gerðist á árabilinu 1916—1923, var aðalforingi Morgunblaðsmanna, Jón Þorláksson, mjög hægfara í skilnaðarmálinu. Hafði hann á yngri árum beitt sér eindregið gegn íslenzkum fána og hafði sætt sig vel við till. meiri hl. í mþn 1908. Í Alþfl. voru kunnustu leiðtogarnir, Jón Baldvinsson og Héðinn Valdimarsson, mjög ákveðnir skilnaðarmenn, eins og síðar kom í ljós. Af forustumönnum Framsóknar voru leiðtogar Sambandsins, Hallgrímur Kristinsson og bræður hans, Sigurður og Aðalsteinn, og Jón Árnason, eindregnir lýðveldissinnar. Sama mátti segja um okkur Tryggva Þórhallsson. Eftir því sem fram kom í samtölum við verkamenn og bændur, taldi meginþorri þeirra sjálfsagt, að Íslendingar endurreistu þjóðveldið, þegar sáttmálinn frá 1918 væri útrunninn. Tregðu og þyngsla varð eins og áður helzt vart hjá mönnum, sem höfðu dvalizt lengi við nám í Danmörku eða voru þar venzlum bundnir.

Þegar Framsfl. myndaði ríkisstj. haustið 1927, var það takmark flokksins að lyfta þjóðinni með alhliða framförum á hærra stig að menningu allri og gera hana færa til að standa á eigin fótum bæði stjórnarfarslega og í öllum greinum nútímastarfsemi vestrænna þjóða. Mikil stund var lögð á samgöngubætur á sjó og landi, húsabætur bænda og verkamanna og ræktun landsins. Þá voru reist frystihús kaupfélaganna, stór mjólkurbú, síldarbræðsla ríkisins á Siglufirði, strandgæzlan endurbætt, skólar reistir, jarðhitinn nytjaður, sundíþróttin gerð að föstum lið í almennri menntun. Árið áður, 1926, höfðu framsóknarmenn beitt sér fyrir, að þúsund ára hátíð Alþ. yrði haldin 1930 og svo til hagað, að Ísland gengi þá í fyrsta sinn fram í fylkingu nútímaþjóðanna. Þessi undirbúningur var frumskilyrði fyrir því, að þjóðin gæti staðið á eigin fótum. Með þeim eina hætti var hægt að undirbúa þjóðveldismyndun á Íslandi, svo að nokkurt öryggi væri í framkvæmdum. Hins vegar höfðu hinir raunverulegu skilnaðarmenn ekki uppi háværar bollaleggingar um frelsisdrauma sína.

Sú þögn var samt rofin 1928 með fyrirspurn Sigurðar Eggerz um vilja ríkisstj. til að undirbúa það, að Íslendingar gætu tekið í sínar hendur utanríkismál þjóðarinnar eftir 1943. Allir þingflokkarnir svöruðu fyrirspurninni játandi. Tryggvi Þórhallsson og Magnús Guðmundsson voru sammála í till. sínum, en Héðinn Valdimarsson gekk mun lengra og lýsti yfir hreinlega, að Alþfl. léti sér ekki nægja, að þjóðin tæki við framkvæmd utanríkismála sinna, heldur væri stofnun lýðveldis 1943 ákveðið stefnumál flokksins. Svör Héðins Valdimarssonar og Jóns Baldvinssonar voru svo ákveðin bæði af því, að þeir voru ákveðnir skilnaðarmenn, en þó ekki síður af hinu, að andstæðingar þeirra í Íhaldsfl. sóttu á Alþfl. fyrir það, að hann fengi fjárstuðning frá dönskum jafnaðarmönnum og væri af þeirri ástæðu háður stuðningsmönnum sínum í Danmörku. Eftir að Héðinn Valdimarsson hafði gefið sitt hreystilega svar fyrir flokksins hönd og sýnt meiri dirfsku en hinir tveir stærri flokkarnir, mátti kalla, að erfitt væri að bera Alþfl. brigzlum fyrir undirgefni við danska valdamenn.

Fyrirspurn Sigurðar Eggerz hafði litla þýðingu. Hún snerti ekki sjálft meginmálið, skilnaðinn. Hún hafði engin áhrif nema umtal það, sem hún vakti. Það stóð ekki á bak við fyrirspurnina né svör þingflokkanna ákveðinn framkvæmdavilji, og þrátt fyrir hinar samræmdu yfirlýsingar var ekkert gert sérstaklega til að undirbúa stofnun þjóðveldis. Þar var hin þögula og margþætta umbótastarfsemi landsmanna enn sem fyrr meginatriðið í frelsissókninni.

Þó kom til greina árið 1931 atvik, næstum kátlegt, sem sýndi, að jafnvel hinir skeleggu Alþfl.-menn gátu leyft sér að fara léttum höndum um skilnaðarmálið. Svo sem kunnugt er, lagði Tryggvi Þórhallsson til við konung vorið 1931, að Alþ. væri rofið og efnt til nýrra kosninga þegar í stað. Sjálfstfl. og Alþfl. höfðu hugsað sér aðra skipun þessara mála. Undu þeir illa við þingrofið og héldu því fram, að konungur hefði gerzt sekur um þing-

* Handrit að ræðu þessari hefur glatazt, og hef ég því endursamið hana eftir minni sumarið 1947. — JJ.

ræðisbrot og vítaverða misnotkun á valdi sínu. Lýstu Alþfl.menn yfir, að þeir vildu sýna konungi í tvo heima og setja hann frá völdum. Rituðu þeir Jóni Þorlákssyni bréf og buðu Sjálfstfl. samstarf um að svipta Kristján X. völdum á Íslandi og mynda lýðveldi. Ekki leizt Jóni Þorlákssyni vel á þessa ráðagerð og bar því við, að ekki væri nóg þingfylgi til þessara aðgerða, þar sem Gunnar Sigurðsson á Selalæk vildi ekki veita sjálfstæðismönnum og Alþýðuflokknum umbeðinn stuðning í þessu máli. Féll nú niður allt umtal um skilnað, og liðu svo nokkur ár, að lítt var á hann minnzt.

Árið 1937 gerðust ýmsar þýðingarmiklar breytingar í landsmálastarfseminni. Haustið áður hafði Héðinn Valdimarsson beitt sér fyrir því, að Framsfl. skyldu settir úrslitakostir um stjórnarsamvinnu við Alþfl. Skyldi samstj. þessara tveggja flokka taka upp víðtækan ríkisrekstur eða slíta samstarfi, sem verið hafði löngum með þessum flokkum um nálega 20 ára skeið. Framsfl. hafnaði þessu boði. Samhliða þessu óx kommúnistum fylgi meðal verkamanna, og nokkurt samstarf komst á í nokkrum hinum stærri verkamannafélögum með kommúnistum og sjálfstæðismönnum móti Alþfl., sem hafði um langt skeið haft meginforustu um öll málefni verkalýðsins. Eftir að Alþfl. hafði vegnað illa í kosningum þeim, er hann hafði sótzt eftir 1937, þokaði Héðinn Valdimarsson sér í átt til kommúnista, með allmiklu fylgi úr Alþfl. Var samstjórn Framsóknar og Alþfl. nú orðin mjög líðvana í kaupstöðunum, eins og glögglega kom fram, þegar Héðinn Valdimarsson hersetti Hafnarfjörð með Dagsbrúnarmönnum úr Reykjavík, þar sem kommúnistar og verkamenn úr Sjálfstfl. voru í meiri hl., en leikurinn til þess gerður að beygja Alþfl. í Hafnarfirði undir samstjórn andstöðumanna í verkalýðshreyfingunni. Meðan þessi þróun var að gerast í verkalýðsmálunum, hafði Jón Þorláksson beiðzt lausnar frá formennsku í Sjálfstfl., en við tók varaformaðurinn, Ólafur Thors, Um þessar mundir andaðist Jón Baldvinsson, en Héðinn Valdimarsson gekk úr flokknum og hvarf nokkru síðar frá þingsetu. Stefán Jóhann Stefánsson var kjörinn eftirmaður Jóns Baldvinssonar til forustu Alþfl.

Um þessar mundir þótti mér tími til kominn að leitast við að efla borgaralega samvinnu í þjóðmálum, og bar margt til þess. Flokkur kommúnista hafði eflzt og var sýnilega undir áhrifum valdamanna í Rússlandi. Stóð atvinnulífi og frelsi þjóðarinnar bein hætta af starfsemi hans. Í öðru lagi var Alþfl. orðinn of fáliðaður í þéttbýlinu til þess *að hann gæti með Framsfl. haldið uppi athafnasamri landsstjórn.* Keppni verkalýðsflokkanna gerði kröfur um ótímabæra þjóðnýtingu að daglegu brauði. En ofar öllum þessum dægurmálum var sjálfstæðismálið. Vegna þess, þótt ekki væru aðrar orsakir, var nauðsynlegt að koma á nokkru samstarfi milli framsóknar- og sjálfstæðismanna. Fram að þessu hafði allajafnan verið mikil andstaða milli mín og Ólafs Thors og hún stundum mjög hastarleg. Nú braut ég upp á takmörkuðu samstarfi milli flokkanna, og tók hann því allvel, en með varúð, eins og við mátti búast eftir undangengnum samskiptum. Sömdum við fyrst um, að Sjálfstfl. skyldi hafa nokkra af forsetum þingsins, þó að hann væri ekki stjórnarflokkur um þessar mundir. Ritaði ég allmikið í Tímann um þörf á borgaralegu samstarfi. Hafði það nokkur áhrif, en þó var mikil óánægja í mörgum af höfuðkempum framsóknar- og sjálfstæðismanna, ef einhver grið kynnu að verða sett milli flokkanna. Sáu þeir ekki, að tímarnir voru nú breyttir og að tilkoma byltingarflokks, sem starfaði undir útlendri stjórn, gerði óhjákvæmilegt samstarf þeirra manna á Íslandi, sem vildu halda fast við íslenzka þjóðhætti og vestrænt frelsi. En þrátt fyrir þessa andúð í tveimur herbúðum urðu um þessar mundir þáttaskipti í stjórnmálasögu landsins.

Meðan Jón Þorláksson var forustumaður sjálfstæðismanna, lét flokkurinn lítið til sín taka um undirbúning skilnaðar við Dani, en Ólafur Thors hafði á þessu máli mikinn áhuga. Jón Þorláksson hafði taglskert flokkinn með íhaldsheiti. Ólafur Thors hafði ráðið nokkru um nafnskiptin og vildi fylgja fram skilnaðarstefnunni. Féll vel á með okkur um aðgerðir og undirbúning í þessu máli. Gerðum við munnlegt samkomulag um að undirbúa þjóðveldismyndun um leið og sáttmálinn frá 1918 væri útrunninn. Var okkur báðum ljóst, eins og síðar kom fram, að í báðum flokkum mundi verða allmikil *mótstaða gegn skilnaði*, en að meginþorri kjósenda mundi fylgja skilnaðarstefnunni, ef örugglega væri á málum haldið. Þóttumst við vita, að nokkru kappi mætti koma í báða flokkana um að verða ekki eftirbátar annarra, þegar um var að ræða endanlega lausn frelsismálsins. Héðinn Valdimarsson var enn sem fyrr skeleggur í málinu. Voru nú í öllum borgaraflokkunum samtök um ákveðna skilnaðaryfirlýsingu, og var hún samþ. mótatkvæðalaust á Alþingi 1937. Var nú tekið að vinna skipulega að undirbúningi skilnaðar. Jón Árnason framkvæmdastjóri og ýmsir aðrir áhugamenn höfðu unnið að því, að Ísland tæki myndarlegan þátt í heimssýningu í New York, í því skyni að kynna Ísland í Vesturheimi og freista að ná þar föstum markaði fyrir íslenzkar framleiðsluvörur. Var svo til hagað, að tveir athafnamenn í stærstu flokkunum höfðu forustu í sýningarmálinu. Var Thor Thors formaður sýningarráðs, en Vilhjálmur Þór framkvæmdastjóri sýningarinnar. Árið 1938 ferðaðist ég í fjóra mánuði milli Íslendingabyggða í Ameríku, bæði í Kanada og Bandaríkjunum. Hélt ég fyrirlestra um íslenzk málefni í flestum Íslendingabyggðum. Leitaðist ég við að koma föstu skipulagi á samstarf Íslendinga beggja megin Atlantshafs. Hafði aldrei skort þjóðlega umhyggju fyrir Íslandi og málum þess hjá löndum í Vesturheimi, en fólkið í heimalandinu hafði allt of lítið sinnt frændsemishug Vestmanna. Vildi ég, að byggð yrði andleg brú yfir hafið og að milli þjóðarbrotanna væri gagnkvæmur andlegur skilningur. Má kalla, að viðunanlegur árangur hafi orðið af vesturför minni 1938, því að síðan hafa orðið sívaxandi kynni og skipti milli Íslendinga austan hafs og vestan. Hefur Íslandi orðið marghátt að

stuðningur að auknu sambandi við landa í Ameríku, einkum eftir að styrjöldin skall á. Höfðu Íslendingar vestan hafs bæði beint og óbeint áhrif til gagns á viðhorf Ameríkumanna til Íslands í frelsismálinu, auk þess sem mörg hundruð ungra Íslendinga tóku þá að stunda nám í Ameríku. Áttu þessir námsmenn jafnan hauk í horni þar, sem Íslendingar voru búsettir vestan hafs.

Samstarf okkar Ólafs Thors varð brátt mjög náið um allt, sem laut að undirbúningi skilnaðarins. Áttum við báðir sæti í utanríkismálanefnd öll þau ár, sem barátta var háð um málið. Komum við því brátt til leiðar, að utanríkismálin voru gerð að sérstakri deild, með sérstökum skrifstofustjóra. Áður hafði fulltrúi í stjórnarráðinu farið með þessi mál og unnið í smáherbergi, þar sem naumast var nægt að snúa sér við. Nú fékk hin nýja stjórnardeild viðunanleg húsakynni og starfsskilyrði. Þá var að tilhlutun utanríkismálanefndar stofnaður sérstakur skóli til að búa unga menn undir að vinna fyrir landið erlendis sem ræðismenn og sölumenn íslenzkrar framleiðslu. Var lögð áherzla á að búa þessa tilvonandi þjónustumenn hins íslenzka lýðveldis sem bezt úr garði um þekkingu í tungumálum, hagfræði, milliríkjaviðskiptum og þá ekki sízt í verklegri kunnáttu. Að tilhlutun utanríkismálanefndar var nemendum viðskiptaháskólans komið fyrir sumarlangt hjá mörgum stærstu viðskiptafyrirtækjum landsins, bönkum, útgerðarfélögum, verksmiðjum og kaupfélögum. Sýndu forráðamenn þessara fyrirtækja mikinn þegnskap í þessu efni, og var sýnilegt, að ef viðskiptaháskólinn hefði fengið að starfa í friði um langa stund, mundi hann hafa alið upp marga duglega viðskiptaforkólfa. En eftir nokkur ár tókst fáráðum mönnum við Háskóla Íslands að innlima skólann í embættismannaverksmiðju landsins. Nemendur viðskiptaháskólans hafa reynzt mjög efnilegir menn, en eftir að þessi deild var innlimuð í háskólann, hefur ekki orðið vart annars en venjulegrar launamannaframleiðslu. Mun síðar koma í ljós, hve mikið tjón það verður í markaðsmálum þjóðarinnar að leggja að velli þá stofnun, sem gat alið upp og mótað nægilega marga dugnaðarmenn til að starfa fyrir hlut að vörusölu erlendis, en vera jafnframt umboðsmenn Íslands í fjarlægum löndum, án þess að þurfa að vera á launum frá þjóðfélaginu.

Árið 1939 varð örlagaríkt í sögu skilnaðarmálsins. Langvarandi kreppa lamaði þjóðina. Sjálfstfl. var mjög óánægður yfir að hafa um svo langa stund verið haldið utan við stjórn landsins. Framsókn og Alþfl. gátu ekki farið einir með völd, ef kommúnistar, sjálfstæðisverkamenn og flokksbrot Héðins Valdimarssonar í verkalýðsfélögunum stóðu saman móti ríkisstj. Nú var mjög tekið að draga nærri þeirri stund, þegar Íslendingar áttu að geta orðið algerlega sjálfstæð þjóð, en nokkuð uggvænt um þá barátttu, ef hatrammleg barátta væri milli borgaraflokkanna. Auk þess mátti segja, að undirbúningur heimsstyrjaldar lægi í loftinu. Hafði friðnum verið bjargað með naumindum haustið 1938. Af öllum þessum ástæðum lagði ég mig fram um að fá komið á samstjórn allra borgaraflokkanna, og voru kommúnistar þá einir í andófi. Þetta tókst með miklum erfiðismunum. Tveir af ákveðnustu skilnaðarmönnum Sjálfstfl.„ Ólafur Thors og Jakob Möller, komu inn í landsstjórnina með framsóknarmönnum og Alþýðuflokknum. Sló nú að mestu undan deilum þessara flokka, og samkomulag var viðunandi milli ráðherranna, þó að þeir hefðu áður borizt á banaspjót. Var þjóðin um þessar mundir óvenjulega samstillt, enda reyndi brátt mjög á, er heimsstyrjöldin brauzt út, nokkrum mánuðum eftir að þjóðstjórnin var mynduð.

Sumarið 1939 gerðust nokkrir þeir atburðir, sem sýndu, að Dönum mundi mjög ókært, ef til skilnaðar drægi. Stauning forsætisráðherra Dana kom þá í sumarleyfi sínu til Íslands, og var alkunnugt, að hann hafði fullan hug á að freista að afstýra því, að skilnaður yrði milli landanna. Meðan hann dvaldist hér, átti hann mest samskipti við tvo af ráðherrunum, Hermann Jónasson og Stefán Jóhann Stefánsson. Mun hann þess vegna hafa alveg sérstaklega myndað sér skoðun af viðræðum við þessa menn og að öllum líkindum treyst á aðstoð þeirra, þegar málið yrði tekið til meðferðar. Stauning hitti Ólafs Thors, en kom þar ekki inn á skilnaðarmálið. Daginn áður en hann fór heimleiðis, áttum við, að hans ósk, tal saman í sendiherrabústað Dana. Spurði hann mig um skoðun mína á skilnaðarmálinu. Gaf ég honum glögg svör. Taldi ég, að skilnaður og endurreisn þjóðveldis væri söguleg nauðsyn fyrir Íslendinga. Reynsla þjóðarinnar í meira en þúsund ár sannaði, að þegar þjóðin var frjáls, vegnaði henni bezt, en hnignaði því meir sem útlendar þjóðir blönduðu sér í málefni hennar. Benti ég honum á, að Dönum væri undarlega farið í stjórnmálaefnum. Engin þjóð sýndi meira hugvit og ráðsnilld við að gera sitt eigið land að fyrirmyndarríki. En jafnskjótt og Danir tækju að stjórna öðrum þjóðum, færi sú stjórn þeim jafnóhöndulega og heimastjórn þeirra væri með ágætum. Stauning spurði þá, hvort sameiginlegur konungur gæti ekki tengt þjóðirnar saman. Ég kvað það ekki vera. Íslendingar hefðu þau ein kynni af konungsvaldi, sem þeim væru viðkvæm og ógeðfelld. Konungar Íslands hefðu jafnan verið útlendingar og framandi þjóðinni. Um Kristján X. gat ég þess, að hann hefði verið skyldurækinn konungur yfir Íslandi og fylgt út í æsar réttum þingstjórnarreglum. En eins og þessi konungur væri hold af holdi dönsku þjóðarinnar og að verðleikum ástsæll þar í landi, þá væri hann ætíð útlendingur á Íslandi og mjög framandi þjóðinni. Nefndi ég um þetta nokkur dæmi, þó að þau verði ekki hér rakin. Stauning lét ekki sjást þykkjumerki yfir þessari bersögli, en síðar kom í ljós, að hann var minnugur samfunda okkar.

Um þessar mundir var sendiherra landsins, Sveinn Björnsson, líka staddur í Reykjavík. Hann hafði staðið vel í stöðu sinni fyrir Íslands hönd, en var jafnframt því mjög handgenginn dönskum stjórnmálaleiðtogum, ekki sízt Stauning. Sendiherrann hafði aldrei verið skeleggur í baráttumálum Íslendinga um pólitískt sjálfstæði, þó að hann væri dyggur embættismaður við framkvæmdastörf fyrir þjóðina erlendis. Hafði hann fylgt hinni svokölluðu langsum-

stefnu á tíma fyrri heimsstyrjaldarinnar og var nokkuð undanlátssamur á þeim vettvangi. Nú hélt sendiherrann útvarpsræðu um sjálfstæðismálið og lét síðar prenta hana í Morgunblaðinu. Lagði Sveinn Björnsson áherzlu á, að uppsögn sambandssáttmálans næði ekki til konungs, og væri íslenzka þjóðin bundin honum með erfðahyllingum og alveg sérstaklega með Kópavogseiðnum. Þótti mér nú úr hófi keyra áróður fyrir danskt konungsvald og svaraði sendiherra með grein í Tímanum. Benti ég honum á, að engin þjóð viðurkenndi gildi nauðungareiða. Hafði Hitler þá með ofbeldi og sviksemi kúgað Tékka til nauðungarheita, og spurði ég sendiherra, hvort hann gerði ráð fyrir, að Tékkar vildu halda þessi nauðungarheit, ef þeim væri nokkur von að geta rofið þau. Sendiherra reyndi ekki að verja þessa fljótfærnisskoðun sína um Kópavogshyllinguna, og féll það mál þá niður að sinni. En íslenzkum skilnaðarmönnum þótti einsætt, að Danir ætluðu að bjarga konungsvaldinu yfir Íslandi með nýjum millilandasáttmála og fleiri þáttum sambandsins eftir því, sem um kynni að semjast. Kjarninn í útvarpsræðu Sveins Björnssonar og lokaspurning Staunings til mín um sameiginlegan þjóðhöfðingja fyrir bæði löndin voru tvær greinar á sama tré. Aðstandendur konungsvaldsins og danskir forráðamenn ætluðu að halda sambandi landanna við og hindra lýðveldismyndun á Íslandi og njóta til þessa samkomulags stuðnings þeirra Íslendinga, sem voru á einn eða annan hátt bundnir andlegum tengslum, hagsmunum eða venzlum við dönsku þjóðina eða einstaka menn þar í landi.

Þegar Stauning kom til Danmerkur, var hann ekki myrkur í máli um sambandsvilja Íslendinga. Hann sagðist ekki leyna því, að hann vonaði, að samband Íslands og Danmerkur mundi halda áfram, og sér virtist margir Íslendingar vera á sömu skoðun. Síðan tók hann dýpra í árinni og sagði, að það væri ekki nema einn Íslendingur með sambandsslitum, og sá maður væri Jónas Jónsson. Stefán Jóhann Stefánsson var samskipa Stauning til Danmerkur í þessari ferð. Þegar dönsk blöð spurðu hann um álit hans á sambandsmálinu, sagði hann, að Alþfl. hefði ekki enn tekið afstöðu til þess. Fáum dögum síðar var sömu skoðun haldið fram í leiðara í Alþýðublaðinu.

Þegar ófriðurinn mikli skall á síðari hluta sumars 1939, er aðstaðan í sambandsmálinu á þessa leið: Danska konungsættin og allir helztu stjórnmálamenn Dana, að undanteknum Christmas Möller, vilja mikið á sig leggja til að viðhalda pólitísku sambandi milli landanna. Mesti áhrifamaður í stjórnmálum Dana, Th. Stauning, gerir sér ferð til Íslands, sem er þó óvenjulegt um þess háttar menn. Hann ræðir málið í kyrrþey við leiðtoga Alþfl. og Framsfl., sem þekktu hann áður að góðvild og greiðasemi um ýmis minni háttar mál. Af viðtali við þessa menn kemst hann að þeirri niðurstöðu, að íslenzka þjóðin vilji endurnýja sáttmálann frá 1918 með einhverjum breytingum. Hann verður þess að vísu var, að einn maður í Framsfl. telur skilnað æskilegan og óhjákvæmilegan, en hann fær jafnframt þá vitneskju hjá þeim mönnum, sem hann umgengst í Alþfl. og Framsfl., að þessi skilnaðarmaður sé einn síns liðs og af honum stafi engin hætta. Stauning er svo fullviss um, að Danir hafi tryggt sér sigurinn, að hann segir óhikað í blaðaviðtali í Kaupmannahöfn rétt eftir heimkomuna, að um mótstöðu sé varla að ræða af hálfu Íslendinga, þar sem ekki sé vitað nema um einn (þing)mann, sem vilji beita sér fyrir skilnaði.

Sú viðleitni um undirbúning skilnaðar, sem við Ólafur Thors höfðum haft sameiginlega, mætti nú fyrstu opinberu mótstöðunni. Framsóknarmenn og Alþfl. höfðu opinberlega heitið að bindast fyrir endurreisn þjóðveldis á Íslandi. En nú var komið svo mikið hik á ráðherra þessara flokka í þjóðstjórninni, að sýnilegt var, að þeir voru — í bili að minnsta kosti — hættir við skilnað og farnir að hugsa gott til að vera framvegis í tvíbýli með Dönum um sama konung. Danir hugsuðu ekki hærra en að ná þessu takmarki. Þeir töldu, að ef konungur Dana réði framvegis yfir Íslandi, þá yrði eins og hingað til litið svo á, að Ísland væri hjálenda eða nýlenda Dana og Danir yfirþjóð Íslendinga. Með þessu móti var bjargað síðasta þætti í yfirþjóðardraumi danskra valdamanna.

Heimsstyrjöldin breytti á margan hátt aðstöðu Dana til að tryggja áframhaldandi völd yfir Íslandi. Vorið 1940 lagði Hitler Danmörku og Noreg undir veldi sitt í skjótri svipan, og mánuði síðar hernámu Bretar Ísland, með fyrirheiti um að fara burtu frá landinu með allan herafla sinn á sjó og landi, þegar lokið væri styrjöldinni. Nú hafði styrjöldin slitið í bili öll formleg tengsl milli Danmerkur og Íslands. Danmörk var gersamlega svipt öllu frelsi og sjálfstæði. Ísland var um allt, er laut að hernaðarmálefnum, á valdi Breta, en hélt að öllu öðru leyti fullri sjálfstjórn. Alþingi tók í sínar hendur hið æðsta vald yfir landinu og lagði það í hendur ríkisstj. Þjóðstjórnin fór í eitt ár bæði með vald konungs og ríkisstj., en slíkt skipulag gat ekki staðið nema stutta stund.

Sumarið 1940 leið svo, að ekki bar til tíðinda um frelsismál Íslendinga. Heiminum var, eins og stundum fyrr, skipt í tvennt. Þjóðverjar drottnuðu yfir meginlandinu, en Bretar yfir hafinu. Til mála gat komið, eins og á tímum Napóleons, að sú skipting héldist um alllangt árabil. Konungur Dana, sem jafnframt var konungur Íslands, var fangi Þjóðverja eins og danska þjóðin öll. Það mátti telja fullvíst, enda kom það fram í þýzku útvarpi, að sá, sem ætti Danmörk, ætti líka Ísland. Í augum ákveðinna skilnaðarmanna var sambandið við Danmörku nú orðið stórhættulegt fyrir frelsi Íslendinga. Hið ægilega kúgunarvald Þjóðverja hlaut eftir eðli sínu að freista að nota samband Íslands og Danmerkur til að draga Ísland stjórnarfarslega undir nazista. Þetta var því sjálfsagðara, þar sem Ísland var miklum mun þýðingarmeira en Danmörk sjálf í baráttunni um heimsyfirráðin við Engilsaxa.

Á þessum grundvelli hóf ég sókn í skilnaðarmálinu með greinum í Tímanum veturinn 1940—41. Leitaðist ég við að sýna fram á hættuna af áframhaldandi sambandi við Danmörku og að þar sem

Danir gætu, af auðskildum ástæðum, ekki staðið við sáttmálann frá 1918, þá væri hann fallinn niður sökum vanefnda. Væri nú rétt fyrir Íslendinga að feta í spor Norðmanna 1814, þegar Danmörk var hertekin og sigruð. Norðmenn tóku sér þá það vald að ráðstafa sjálfum sér með þjóðfundinum á Eiðsvelli, sem endurreisti konungdóm í Noregi, og sömdu handa norsku þjóðinni fyrirmyndar stjórnarskrá, sem er enn að mestu leyti í góðu gildi. Ég lagði til, að haldinn yrði þjóðfundur á Þingvelli, slitið sambandinu við Dani og þjóðveldið endurreist. Um stund var ég einn, eins og Stauning hafði búizt við. Samherjar mínir í þingflokki framsóknarmanna þögðu. Sama mátti segja um Alþýðublaðið og blöð Sjálfstfl. En þó að blöðin væru þögul, var þjóðin vakandi. Úti um allt land átti þjóðfundarhugmyndin miklu fylgi að fagna. Ef leiðtogar Alþfl. og sjálfstæðismenn hefðu hiklaust stutt tillöguna, mundi langsamlega mestur hluti íslenzku þjóðarinnar hafa fylkt sér um þjóðfund, skilnað og lýðveldisstofnun þegar í stað.

Þegar ég bar fram þjóðfundartillöguna, gat ég búizt við tvenns konar ávinningi fyrir skilnaðarhugsjónina. Ef unnt var að sameina þjóðina um þessa lausn, þá var ekki einungis unninn fullnaðarsigur í frelsismáli Íslendinga, en jafnframt tryggt, að mikil þjóðarvakning mundi lyfta landsfólkinu upp úr sinnuleysi stríðsgróða og hersetu. Þjóðin gat tekið á þessu máli — líkt og Norðmenn 1814 — á þann veg, að ylur frelsistökunnar vermdi hugi Íslendinga öldum saman. En jafnvel þó að þetta tækist ekki, þá var með tillögunni hafin opinber mótstaða gegn þeim skoðunarhætti, sem valdamenn Dana höfðu leitazt við í kyrrþey að skapa. Þegar leið fram yfir áramót, kom svarið. Hermann Jónasson beitti sér fyrir mótstöðunni. Áttum við í Tímanum nokkur orðaskipti um málið. Mér hafði, frá því er tekið var að undirbúa skilnaðinn 1937, verið fullljóst, að hann vildi halda áfram konungssambandi við Danmörku. Hann trúði í mörg ár á lokasigur Þjóðverja og gat ekki á fyrstu mánuðunum eftir komu Breta dulið, að hann hafði enga samúð með baráttu Breta gegn nazismanum og enga trú á gengi Engilsaxa. Nú skaut hann sér undir það, að Bretar og Bandaríkjamenn legðu á móti því, að skilnaður yrði framkvæmdur meðan stóð á stríðinu. Mér var vel kunnugt um, að sendiherra Breta, Mr. Howard Smith, hafði lagt á móti skilnaði. Árið 1814 höfðu Bretar og öll hin stórveldin ráðlagt Norðmönnum að hætta við að setja sér stjórnarlög og reyna að verða sjálfstæð þjóð. En Norðmenn urðu ekki við þessum óskum stórveldanna. Þeir endurreistu norska konungsveldið, og það ríki stendur enn. Eitt sinn er ég ræddi þetta mál við enska sendiherrann, lagði hann áherzlu á helgi konungdómsins og að þess vegna væri ekki siðferðislega rétt af Íslendingum að stofnsetja lýðveldi. Ég svaraði þessari röksemd með því að benda Mr. Howard Smith á, að allir vissu, að brezka þjóðin væri allra þjóða konunghollust og að konungdæmið væri Bretum afar mikils virði. En samt væru ekki nema fáein ár síðan Bretar hefðu sett frá völdum ástsælan þjóðhöfðingja, af því að þeir töldu þjóðinni ekki henta tilteknar ráðstafanir, sem konungurinn gerði og snertu að mestu einkalífið. Ég benti sendiherranum á, að úr því að hin konungholla brezka þjóð setti umsvifalaust frá völdum valinn og vinsælan þjóðhöfðingja, um leið og framkoma hans þótti ekki henta hagsmunum þjóðarinnar, þá væri vissulega ekki hægt að áfellast Íslendinga, þó að þeir segðu skilið við konungsveldi, sem hefði um mörg hundruð ár verið landsfólkinu til angurs og ama. Sendiherra fann, að þetta voru röksemdir, sem ekki var auðvelt að mótmæla, en hann flutti engu að síður boðskap stjórnar sinnar, og af því að konungdómurinn átti enn nokkurt leynilegt fylgi, var sýnilegt, að þjóðfundartillagan mundi ekki verða framkvæmd. En hún hafði engu að síður úrslitaþýðingu fyrir endanlega lausn málsins.

Kosningar áttu að fara fram vorið 1941, og boðuðu framsóknarmenn flokksþing á útmánuðum, eins og venja var til, þegar alþingiskjör stóð fyrir dyrum. Var flokksþingið vel sótt og vel skipað. Höfðu þjóðfundarumræðurnar orðið til þess, að margir áhugamenn sóttu þetta landsmót. Skiptist flokksþingið í tvær sveitir. Fylgdu Hermanni Jónassyni margir af þingmönnum flokksins og aðkomumenn, sem voru á einn eða annan hátt háðir konungssinnum. Vildu þessir menn drepa öllu málinu á dreif, bíða með allar aðgerðir, þar til stríðinu væri lokið og hægt að tala við Dani og konunginn. Á móti voru margir af helztu mönnum kaupfélaganna og Sambandsins, stofnendur Framsfl. og áhugamenn víðs vegar að af landinu. Sótti þetta lið fast fram, en fast var tekið á móti. Gerðu skilnaðarmenn þá kröfu, að flokksþingið festi þau heit að framkvæma skilnað í síðasta lagi eftir þrjú ár, en fyrr, ef sýnileg hætta stafaði af drætti í sambandi við átökin á vígvöllunum. Til bráðabirgða skyldi Alþingi kjósa ríkisstj., er færi með konungsvald, þar til lýðveldið hefði verið stofnsett og kjörinn forseti. Hermann Jónasson og fylgismenn hans höfðu ætlað að slá á frest öllum ákvörðunum, en þungi almenningsálitsins var svo mikill, að þeir sáu sitt óvænna og sættu sig við, að skilnaður yrði framkvæmdur í síðasta lagi eftir þrjú ár. Tillögur þessar voru síðan lagðar fram á Alþingi og samþykktar að kalla mátti óbreyttar nokkrum vikum eftir að hinu sögufræga flokksþingi framsóknarmanna var slitið. Nú var sá sigur unninn, að þing og þjóð voru formlega bundin við fasta og þjóðlega ákvörðun í skilnaðarmálinu.

Þjóðstjórnin hafði nú setið að völdum í tvö ár á hættutíma. Hún tengdi saman alla borgaraflokkana og tryggði pólitískan vinnufrið, m. a. í lýðveldismálinu. Meðan sá friður hélzt, var hægt að vonast eftir, að þjóðarskútan gæti haldizt á réttum kili, þó að byljasamt væri í stjórnmálum heimsins. Nokkur hætta var á, að metingur og reipdráttur kynni að verða um ríkisstjórakjörið. Ég mælti í Framsfl. eindregið með Sveini Björnssyni. Þegar Danmörk var hernumin, kom hann heim til Íslands og hafði ekki verið fengið starf, sem hæfði hæfileikum hans og reynslu. Hann hafði ekki unnið sér álit með flokkspólitískri framgöngu á dögum „langsum“-

umbrotanna og ekki heldur með skýringum sínum á Kópavogshyllingunni, sem fyrr er að vikið. En hann hafði um langa stund starfað erlendis fyrir þjóðina alla og leyst þar af hendi mörg vandasöm verk. Við þau störf hafði hann einnig öðlazt reynslu varðandi formshlið stjórnarstarfanna, sem hentaði vel fyrir ríkisstjóra í nýju ríki. Varð gott samkomulag í þinginu, og tók Sveinn Björnsson þegar við starfi ríkisstjóra, án mótstöðu frá nokkrum stjórnmálaflokki.

Fáum dögum eftir að Alþingi hafði fest heit í skilnaðarmálinu vorið 1941, réðst Hitler á Rússland, en það breytti á margan hátt fyrirætlunum Breta í ófriðnum. Vildu þeir nú gjarnan draga lið sitt burt frá Íslandi, en að Bandaríkin, sem voru ekki enn komin í stríðið, tækju að sér vernd Íslands. Var um þetta gerð samþykkt á Alþingi. Var þess farið á leit við Bandaríkin, að þau tækju að sér hervernd landsins meðan stríðið stæði. Fylgdu allir stuðningsmenn þjóðstjórnarinnar þessari málaleitun, en kommúnistar voru á móti. Kom þá þegar fram, að Rússum væri lítið gefið um, að Bandaríkin sýndu Íslendingum vinarhug í verki. Á hinn bóginn varð hervernd Bandaríkjanna á styrjaldartímanum eitt hið mesta happ, sem íslenzka þjóðin hefur orðið fyrir síðan land byggðist. Áður höfðu flestir þjóðhöfðingjar, sem skiptu sér af málum Íslendinga, reynzt þjóðinni þungir í skauti, en með Roosevelt forseta varð reyndin önnur.

Vorið eftir að þessi tíðindi gerðust, rofnaði þjóðstjórnin, og dró til fullkominnar óvináttu milli tveggja ráðherranna, Ólafs Thors og Hermanns Jónassonar. Ólafur myndaði svo sem kunnugt er þriggja manna ráðuneyti úr Sjálfstfl., er naut sumarlangt nokkurs stuðnings frá báðum verkamannaflokkunum. Stjórn Ólafs Thors tók sér fyrir hendur að leysa lýðveldismálið þá þegar. Fram að þessu höfðu borgaraflokkarnir allir þrír staðið saman, a. m. k. á yfirborðinu, um þau skref, sem stigin höfðu verið í skilnaðarmálinu. Nú taldi Hermann Jónasson sig eiga í höfuðófriði við sjálfstæðismenn. Fengu framsóknarmenn engan forseta og engan formann í nefnd á sumarþinginu 1942. En þrátt fyrir þennan innanþingsófrið tókst þeim framsóknarþingmönnum, sem vildu skilnað undandráttarlaust, að halda svo á málum, að flokkurinn studdi Ólaf Thors í þessu eina máli, þó að ófriður væri um flest önnur viðfangsefni. En þegar leið á sumarið, sendi Roosevelt forseti sérstakan sendiboða til Íslands og lagði eindregið að íslenzku stjórninni og Alþingi að fresta framkvæmd skilnaðar fram á árið 1944. Jafnframt hét forsetinn Íslendingum fullum stuðningi við að mynda lýðveldið, ef farið yrði að óskum hans. Hér var að vísu um mikið undanhald að ræða, en á hinn bóginn var vissan um viðurkenningu Bandaríkjanna til handa íslenzku þjóðveldi svo mikils virði, að telja mátti, að hin misheppnaða skilnaðartilraun hefði að öllu samtöldu orðið skilnaðarhreyfingunni til mikils framdráttar. Meðan Ólafur Thors stóð í skilnaðarbaráttunni 1942, hafði orðið allmikil uppreisn í liði hans utan þings. Höfðu um 60 vel metnir borgarar sent Alþingi mótmælaskjal, þar sem mjög var ráðið frá því að skilja við Dani án þess að ræða málið við þá. Voru þessir mótmælendur nálega eingöngu nemendur úr dönskum skólum eða venzlaðir dönsku fólki með mægðum. Alþingi sinnti ekkert þessari málaleitun og þótti undirskrifendur sverja sig mjög í ætt til hinna konungkjörnu smá-Dana fyrr á öldum. En þegar ljóst var, að Alþingi mundi halda fast við stefnu sína og framkvæma skilnað í síðasta lagi 1944, þá hófst ný mótmælaalda, og urðu undirskrifendur í það sinn hátt á þriðja hundrað, að langmestu leyti embættis- og launafólk úr Sjálfstfl. Var öllum nú ljóst, að þegar Stauning talaði drjúglega um vini sína og skoðanabræður á Íslandi, þá hafði hann þar nokkuð til síns máls. Hitt var honum dulið, að meginþorri kjósenda í landinu var óhvikull í trúnaði sínum við fullkomna frelsisstefnu.

Þó að Ólafi Thors hafi vafalaust orðið nokkur vonbrigði að sjá, að svo margir af samherjum hans voru veikir í trúnni á þjóðlegt sjálfstæði, þá fékk málstaður hans mikinn stuðning úr annarri átt innan flokksins. Bjarni sonur Benedikts Sveinssonar hafði um stund verið kennari í lögum og sérstaklega í þjóðarétti. Hann hafði fetað í spor föður síns um viðhorf í íslenzkum frelsismálum. Hafði hann tekið mikinn þátt í undirbúningi sáttmálagerðar við Bandaríkin um hervernd landsins og í viðbúnaði um ný stjórnlög handa endurreistu þjóðveldi. Auk þess hafði hann ritað nokkrar fræðilegar ritgerðir, sumpart fyrir Andvara, um vanefndarétt þann, er Íslendingar gætu byggt á, ef til skilnaðar kæmi áður en biðtími sáttmálans frá 1918 væri útrunninn. Höfðu þessar ritgerðir og ræður Bjarna Benediktssonar mjög mikla þýðingu fyrir skilnaðarhreyfinguna. Bætti hann með framgöngu sinni, eftir því sem hægt var, nokkuð fyrir það tjón og álitshnekki, sem stallbræður hans frá háskólanum og úr dönskum embættaskólum höfðu bakað landinu með undirskriftaflani á bak við þær stofnanir í landinu, sem bar réttur og skylda til að koma fram fyrir hönd þjóðarinnar í frelsismáli hennar.

Einn af þeim mönnum, sem tekið hafði áberandi þátt í þessum undirskriftum, var núverandi hæstv. forsrh., dr. Björn Þórðarson. Hafði hann auk þess haldið útvarpsræðu um sjálfstæðismálið seint á árinu 1942, fulla af úrtölum um málstað Íslendinga. Litlu síðar fól ríkisstjóri þessum manni að mynda ríkisstj. á Íslandi, meðan ekki yrði mynduð þingræðisstjórn. Mæltist þessi ráðstöfun misjafnlega fyrir. Var ekki með öllu álitlegt, ef um baráttu var að ræða um hin dýrmætustu þjóðréttindi, að hefja þau átök undir stjórn manns, sem var í þessu efni á öndverðum meið við meginþorra þjóðarinnar. Það bætti að vísu mjög úr skák í þessu efni, að tveir af meðráðherrum Björns Þórðarsonar, þeir Björn Ólafsson og Vilhjálmur Þór, voru eindregnir skilnaðarmenn.

Nefnd sú, sem starfað hefur að undirbúningi lýðveldisstjórnarskrár síðan vorið 1942, hefur leitazt við að sameina flokka og einstaklinga um skilnaðarmálið og orðið mikið ágengt. Rituðu fulltrúar allra flokka á Alþingi undir sameiginlegt álit, og er till. sú, sem hér liggur fyrir, niðurstaða af starfi nefndar-

innar, auk tillagna hennar um orðalag á óhjákvæmilegum breyt., þegar þjóðin hverfur frá konungdæmi að lýðveldisstjórn. En nokkru eftir að nefndin hafði gengið frá samþykkt sinni, kom hik á annan fulltrúa Alþfl., hv. 4. þm. Reykv. (StJSt). Tók hann upp svipaða afstöðu og hinir framangreindu undanhaldsmenn, vildi fresta öllu málinu og hefja viðræður við stjórn Dana, konung Dana o. s. frv. Hefur þessi hv. þm. flutt af miklum eldmóði ræður við meðferð þessa máls um nauðsyn undanhaldsins. Má segja um þær ræður, að þær hafi verið hinar ánægjulegustu fyrir þá, er á hlýddu, að öllu öðru leyti en að efni til. Var sérstaða þessa þm. svo ákveðin, að flokkur sá, sem hann stýrir, hefur ekki viljað vinna að flutningi þeirrar till., sem hér liggur fyrir Alþ. Eftir að hv. 4. þm. Reykv. hafði komizt að þessari niðurstöðu, komu í ljós sömu veikleikamerki í hv. þm. Str. (HermJ). En þegar kom á fund í miðstjórn Framsfl., var svo hart tekið á öllu undanhaldi, að þessi hv. þm. hvarf aftur til sinnar fyrri aðstöðu og undirskriftar. Hefur mál þetta síðan verið borið uppi af óskiptu þingfylgi framsóknar- og sjálfstæðismanna. Aftur hefur verið bundið allmiklum erfiðleikum í stjórnarskrárnefnd að fá samþykki beggja verkalýðsflokkanna, og hafa um það efni staðið þrálátar málamiðlanir. Kommúnistafl. telur sig að vísu allgunnreifan í málinu, og skortir forustumenn hans ekki stór orð um ættjarðarást sína. En þar sem vitað er, að þessum flokki er um öll málefni, sem nokkru skipta, stjórnað frá Moskva, er aldrei hægt að reiða sig á stuðning flokksins við neitt mál. Hinar skeleggu skilnaðarræður hv. 2. þm. Reykv. (EOl) stafa af því, að samherjar hans sjá, að málið er vinsælt og að það muni ná fram að ganga. Í öðru lagi vonast þeir eftir, að Ísland muni verða eftir skilnaðinn lausara á velli um norrænt samstarf. Hyggjast kommúnistar þá að treysta sem bezt bræðraböndin við Rússland, en vinna af alefli gegn því, að Ísland njóti, eins og hingað til, verndar Vesturveldanna. Eftir að formaður Alþfl. hefur tekið þá undarlegu aðstöðu í skilnaðarmálinu, sem nú hefur verið lýst, hafa kommúnistar séð leik á borði að einangra Alþfl. í höfuðmáli þjóðarinnar og láta hann koma út úr frelsistökunni rúinn að fylgi og tiltrú. Innan Alþfl. er mikill meiri hluti kjósenda öruggur í fylgi sínu við lýðveldismyndun nú þegar, en nokkrir af leiðtogum flokksins vefjast þar fyrir, en skynja þó, að hætta er á ferðum. Má þess vegna telja fullvíst, að áður en lýkur meðferð þessa máls hér á Alþ., muni hv. 4. þm. Reykv. hafa brotizt úr þeirri herkví, sem hann er nú í, til mikillar ánægju fyrir höfuðandstæðinga hans, kommúnistana, og standa eftir öruggur við hlið hinna þingmannanna og kjósenda í hinum borgaralegu flokkum.

Í þeim þætti sjálfstæðisbaráttunnar, sem háður hefur verið síðan 1937, hafa komið fram sömu megineinkenni og jafnan hafa komið ljóslega fram í athöfnum Íslendinga, síðan frelsismálið var tekið til meðferðar eftir 1830. Þjóðin hefur ætíð verið tvískipt. Allir þjóðlegir menn hafa barizt fyrir frelsi og sjálfstæði Íslands. En á öllum tímum hafa verið til allmargir Íslendingar, sem hafa spurt við hvert fótmál: „Hvað segja Danir um þetta?“ „Hvað vill danska stjórnin og konungurinn?“ Þessir menn hafa jafnan vafið og tafið frelsismálið. Þegar Stauning kom til Reykjavíkur 1939, leitar hann samfunda við þessa menn, og þeir heita honum stuðningi. Það á ekki að verða skilnaður milli landanna, heldur nýr sambandssáttmáli, og konungur Dana á framvegis að vera jafnframt konungur Íslendinga. Vinir Staunings gerast þá svo bjartsýnir að fullyrða við hann það, sem hann síðan fullyrðir við dönsku þjóðina, að það sé ekki nema einn Íslendingur, sem vilji þjóðinni til handa fullt frelsi, „den fulde Frihed“. Aðstaðan breytist við styrjöldina, hernám Danmerkur og Íslands, og allra mest við hervernd Bandaríkjanna og fyrirheit Roosevelts 1942 um að viðurkenna íslenzkt þjóðveldi 1944. Þegar hér er komið sögu, sjá þeir menn á Íslandi, sem höfðu vonazt eftir að geta haldið við konungssambandi milli Danmerkur og Íslands, þann kost vænstan að tefja málið, þar til ófriðnum er lokið og í von um, að þá komi ný hjálp úr ýmsum áttum. Þá gætu áhrifamenn í Danmörku og Svíþjóð tekið upp þráð Staunings frá 1939. Danska konungsættin er nátengd konungum Svíþjóðar og Englands, og mátti vænta þaðan áhrifa andstæðra fullu frelsi Íslands. Þegar kemur til aðgerða á friðarfundi að loknum þessum ófriði, er Ísland eftirsótt land í undirbúningi stórveldanna um valdaátök til heimsyfirráða.

Þeim Íslendingum, sem vildu „fullt frelsi“, — og þeir voru margir — stóð aðeins einn vegur opinn, að sækja fram í skilnaðarbaráttunni eftir öllum færum leiðum. Sáttmálinn frá 1918 var vanefndur. Þess vegna mátti skilja hvenær sem var. Þjóðfundur gat leyst málið, ef þjóðin vildi standa saman um þá lausn. En eftir að fyrirheit Roosevelts var fengið um algerða sjálfstæðisviðurkenningu Íslands 1944, var óhjákvæmileg skylda allra þjóðrækinna Íslendinga að fylkja sér um skilnaðaraðgerðir nú í vetur og vor, eins og ráð er gert fyrir í þessari tillögu. Með því móti er skilnaður framkvæmdur hiklaust, áður en friður er saminn og áður en unnt er að magna eftirkomendur hinna konungkjörnu snata á Íslandi til að rísa, líkt og forfeður þeirra, gegn „fullu frelsi“ Íslendinga.

Samkomulag það, sem við Ólafur Thors gerðum milli tveggja borgaraflokka 1937, að loknum heitum kosningum, hefur staðizt marga eldraun. Framsfl. og Sjálfstfl. hafa staðið hvor við annars hlið í þessu máli. Jafnvel 1942, þegar Hermann Jónasson sótti gegn Ólafi Thors og samherjum hans, hvar sem koma mátti við ófriði, studdi Framsfl. skilnaðarmálið með sjálfstæðismönnum, þó að þá væri freklega reynt á þolinmæði í sambúð flokkanna. Í báðum þessum flokkum voru undansláttarmenn. Í Sjálfstfl. bar mest á andófi hinna fjölmörgu háskólamanna, sem litu á Danmörku eins og nokkurn hluta síns andlega fósturlands. Í Framsfl. var Hermann Jónasson ákveðnastur í hinni leyndu mótstöðu gegn „fullu frelsi“, en eftir átökin á flokksþingi framsóknarmanna 1941 sá hann, að honum mundi ekki verða ágengt á þeim vígstöðvum með trúboði Staunings frá 1939.

Nú er svo komið, að leiðin til fullkomins frelsis er rudd. Yfirgnæfandi meiri hluti íslenzku þjóðarinnar er nú staðráðinn í að ljúka hinni löngu frelsisbaráttu á vori komanda. Þáltill., sem hér liggur fyrir, mun verða samþ. Stjórnarskrá hins nýja lýðveldis verður samþ. Alþjóð manna mun samþykkja skilnaðinn. Og á Alþ., sem haldið verður á Þingvöllum í vor, mun verða höggið á þann óheillaþráð, sem Hákon gamli lagði milli Íslands og norrænna konungsvelda á 13. öld. Bandaríkin munu efna loforð sitt og viðurkenna þjóðveldið. Þá munu öll önnur ríki, sem máli skipta, fylgja í slóð Bandaríkjanna. Innan nokkurra mánaða verður á Íslandi endurreist það glæsilega lýðveldi, sem forfeður vorir stofnsettu á Þingvöllum við Öxará árið 930.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Það verða aðeins örfá orð, því að mál þetta hefur nú fengið þá meðferð hér í Sþ., að ekki er ástæða til að bæta þar við mörgum orðum.

Það voru nokkur orð í ræðu hv. 4. þm. Reykv. í gær, sem hann beindi sérstaklega að mér, sem urðu tilefni þess, að ég kvaddi mér hljóðs.

Það hefur komið hér greinilega fram, eins og menn reyndar vissu áður, að eigi eru allir hv. þm. í flokki hv. 4. þm. Reykv. honum sammála um það, hversu halda skuli á þessu máli, og vék hv. 4. þm. Reykv. að þessu í sinni ræðu og sagði, að af þessu mætti marka það, að talsvert öðruvísi hefði verið haldið á þessu máli innan Alþfl. en í öðrum flokkum. Í Alþfl. hefði ekki verið amazt við því, þó að menn héldu skoðunum sínum, enda þótt þær færu í bága við þá leið, sem meiri hluti flokksins vildi stefna. Og í því sambandi sló hv. 4. þm. Reykv. því fram, að í öðrum flokkum mundi mjög hafa verið amazt við skoðanafrelsi manna í þessu máli, og gaf í skyn, að í sumum flokkum mundu menn fylgjast með málinu vegna þægðar við formenn flokkanna, enda þótt þeir hefðu aðra skoðun á málunum en þá, sem kemur fram í þessari þál.

Út af þessu vil ég taka það fram, enda þótt það sé kunnugt áður, að innan þingflokks framsóknarmanna er enginn ágreiningur um þá lausn, sem fyrirhuguð er samkv. þessari þáltill., enda þótt það sé af flokknum látið afskiptalaust, hversu menn haga afstöðu sinni til þessa máls. Hver einasti framsóknarþm. er sannfærður um það, að sú lausn, sem hér er stefnt að, sé sú eina rétta í málinu og sú eina, sem virðingu okkar er samboðin og í samræmi við það, sem við höfum haldið fram um þetta mál fyrr og síðar. Þetta er mér óhætt að fullyrða.

Hv. 4. þm. Reykv. hneykslaðist nokkuð á því, að mér skildist, að ég skyldi halda því fram, að menn ættu að taka tillit til þess við endanlega úrlausn í málinu, hvert meiri hl. Alþ. vildi stefna. En til dæmis um það, að þetta væri viðeigandi, skýrði ég frá því, að árið 1942 lýsti Framsfl. því yfir, að hann væri reiðubúinn til að fylgja hinum flokkunum í því að stofna lýðveldi þá þegar, enda þótt hann teldi heppilegra og meira í samræmi við þá stefnu, sem tekin hafði verið, að draga það til ársins 1944. Þetta gerði flokkurinn vegna þess, að hann taldi réttargrundvöllinn fyrir hendi og vildi þá ekki láta ágreining um meðferð málsins draga úr því, að skilnaðurinn og lýðveldisstofnunin gæti farið fram á sem glæsilegastan hátt. Ég held því fram, að þetta sé ekki dæmi til varnaðar, heldur til eftirbreytni fyrir hv. 4. þm. Reykv.

Framsfl. tók upp nokkra málamiðlun um formsatriði í þessu máli í des. s. l., sem þó að sjálfsögðu raskaði því í engu, að lýðveldi yrði stofnað 17. júní 1944, en átti að verða til þess að gera hv. 4. þm. Reykv. auðveldara að vera með málinu. Á þessa málamiðlun var ekki fallizt af fulltrúum Sósfl. eða fulltrúum Sjálfstfl. og ekki heldur fulltrúum Alþfl. Mér skildist hv. 4. þm. Reykv. vilja leggja Framsfl. það út til lasts eða lítilmennsku, að hann hefði, þrátt fyrir það, þótt þessari miðlunartill. væri hafnað, beitt sér fyrir þeirri leið, sem nú er afráðin, ásamt hinum flokkunum tveimur. Málsatriði það, sem Framsfl. lagði fram til miðlunar, var alls ekki þannig vaxið, að til mála gæti komið, að flokkurinn léti það hafa áhrif á stefnu sína í málinu, þótt ekki yrði á það fallizt. Framsfl. er ráðinn í því — og hefur alltaf verið ráðinn í því — að láta ekki einstök málsatriði valda því, að hann geri ekki allt, sem í hans valdi stendur, til þess að lýðveldi verði stofnað á Íslandi á þessu ári, og það með sem mestum glæsibrag.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði enn fremur, að það gæti staðið þannig á, að það væri engin þjónusta við þjóðina né stolt manns sjálfs að falla frá vilja sínum um einstök málsatriði. Ég játa, að það eru til svo mikilvæg málsatriði í sjálfstæðismálinu og lýðveldismálinu, að það er hvorki þjónusta við þjóðina né sjálfan mann að falla frá þeim til samkomulags. Þetta á við um kjarna málanna. En ég held, að engum blandist hugur um það, eftir að hafa hlustað á umr. hér, að þau atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. setur fyrir sig, eru ekki þannig vaxin, að sæmandi sé að láta þau verða til þess, að menn skerist úr leik um sambandsslit og stofnun lýðveldis 17. júní. Um stolt manna er bezt að tala sem minnst. Það er skylda hvers Íslendings að láta öll persónuleg sjónarmið víkja algerlega í máli sem þessu og hafa fullan vilja á því, hvað sem á undan er gengið, að teygja sig til samkomulags um meginkjarna málanna.

Hv. 4. þm. Reykv. tók það sérstaklega fram í ræðu sinni, að hvorki ég né — ég held, að hann hafi sagt hv. þm. G-K. — höfum mælt á móti þeim skilningi hans, að það væri ekki hægt að losna við sambandslagasáttmálann, þ. e. nema hann úr gildi, nema eftir 18. gr. sáttmálans sjálfs, jafnvel þótt hann væri vanefndur. Ég verð að segja, að þegar ég heyrði hv. þm. halda þessu fram, þá fannst mér þetta slík fjarstæða, að það tæki varla að mótmæla því. Mér virðist það liggja í augum uppi, að hafi samningurinn verið vanefndur, þá sé ekki fremur ástæða til að binda sig við 18. gr. sáttmálans en aðrar gr. hans. Þá

er auðvitað nægilegt að lýsa yfir því, að sambandssáttmálinn sé fallinn úr gildi. — Fyrst hv. 4. þm. Reykv. benti á, að þessari kenningu hans hefði ekki verið mótmælt, vildi ég láta þessi orð falla.

Annars vil ég í þessu sambandi minna á annað, sem komið hefur fram hjá hv. 4. þm. Reykv. og mér finnst vera sorglegur vottur þess, hversu komið er um alla röksemdafærslu fyrir þeim málstað, sem sá hv. þm. mælir fyrir. Hv. 4. þm. Reykv. er sem sé farinn að halda því fram, að sú stjskr., sem breytir stjórnskipulaginu úr konungdæmi í lýðveldi, geti ekki öðlazt gildi, nema hún sé undirrituð af konungi eða handhafa konungsvaldsins. Hann hefur lagt mikla áherzlu á þetta atriði. Það hefur nú verið tekið fram af öðrum, að þetta er í ósamræmi við allt, sem þessi hv. þm. hefur haldið fram um þetta efni áður. En látum það ekki skipta máli nú, hvað hann hefur áður sagt. Við skulum nú athuga, hvert kenning hv. 4. þm. Reykv. í þessu efni getur leitt, þegar þess er gætt, að jafnframt krefst hann þess, að frestað sé úrslitum þangað til sambandi er náð við konung. Ef sú leið væri farin og gengið inn á skilning hv. 4. þm. Reykv., þá leiddi það til þess, að Íslendingar gætu ekki stofnað lýðveldi, nema konungurinn vildi staðfesta það með undirskrift sinni, en ef hann færðist undan því að skrifa undir lýðveldisstjskr., þá væri ekki hægt að stofna lýðveldi. Til þessa virðist hugsanagangur hv. 4. þm. Reykv. geta leitt, og er þá komið nokkuð langt frá hinum íslenzka málstað og rétti landsmanna til þess að ráða æðstu stjórn landsins. Hv. 4. þm. Reykv. heimtar, að svo kallaður erfðaréttur konungs á Íslandi sé meira metinn en réttur þjóðarinnar til þess að ákveða sitt eigið stjórnskipulag. Það er ekki hægt að komast fram hjá þessu. Það er langt síðan ég hef heyrt þessu haldið fram. Þó hefur þessi skoðun skotið upp höfðinu fyrr, en verið kveðin niður. Það eru ekki margir Íslendingar, sem líta á þetta mál eins og hv. 4. þm. Reykv. Ég teldi nauðsynlegt, að hv. 4. þm. Reykv. gerði grein fyrir því, hvernig hann færi með þetta mál eftir sínum leiðum, ef konungurinn færðist undan því að segja af sér og neitaði að skrifa undir lýðveldisstjskr.

Þar sem málið allt hefur nú verið rækilega tekið fyrir og hv. 4. þm. Reykv. hefur heldur litlar tilraunir gert til þess að skjóta fram nýjum rökum fyrir sínum málstað, en yfirleitt sneitt hjá því að svara þeim málefnarökum, sem færð hafa verið gegn honum, mun ég ekki ræða málið öllu meira að þessu sinni.

Ég vil enn benda á það, að sú málsmeðferð, sem nú er fyrirhuguð, er sú eina, sem er í fullu samræmi við þann sáttmála, sem gerður var hér á Alþ. 1941 í þremur þál. um meðferð þessa máls. Ég vil leyfa mér að leiða athygli að því, sem hér hefur verið fullkomlega sannað og öllum er augljóst, að þessi sáttmáli var gerður fyrirvara- og vafningalaust af öllum þm. og margstaðfestur á ýmsar lundir síðan. Enn fremur vil ég draga það fram að lokum, að það er ekki hægt að efast um rétt okkar til þess að halda á málum eins og við ætlum okkur nú að gera, né heldur hinn siðferðilega rétt. Þær ástæður, sem nú eru færðar fyrir því að breyta um stefnu í málinu, eru svo veigalausar, að þær hljóta að verða að skoðast sem tylliástæður og geta ekki orðið metnar að neinu til úrslita í málinu. Enn fremur vil ég leyfa mér að leggja áherzlu á það, sem ég hef komið að áður, að fullkomin óvissa ríkir um stofnun lýðveldisins, ef farið væri að ráðum hv. 4. þm. Reykv. og lýðveldisstofnuninni drepið á dreif nú. Hitt er svo annað mál, að það er sjálfsagt að reyna allar hugsanlegar samkomulagsleiðir um formshlið málsins. En allt hlýtur að miðast við það, að lokamarkinu verði náð á þeim tíma, sem ákveðinn hefur verið.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Hv. 4. þm. Reykv. mælti nokkur orð til mín í sinni stóru þingræðu, einni af hans „stóru“ ræðum, eins og hans blað kallar þær, sem „geymast munu í þingsögunni“ — einni af þessum ræðum, sem líklega munu geymast, þegar orð Jóns Sigurðssonar eða Benedikts Sveinssonar eða annarra slíkra eru gleymd, eftir því, sem hans blað virðist hugsa. — Það þýðir nú kannske lítið fyrir eins litla karla og mig og mína líka að ætla að fara að tala við þessa stóru menn, sem þeirra eigin blöð lyfta svona til skýjanna.

En ég vildi leiðrétta þann misskilning, að spjótalög til hv. 4. þm. Reykv. hafi verið hvössust frá mér. Ég held, að þau spjótalög, sem hann hefur sviðið mest undan, hafi komið frá honum sjálfum. Það er nú einu sinni svo, þegar menn eru að berjast við sína eigin fortíð og jafnvel þegar það bezta úr þeirra eigin fortíð rís upp úr gröfinni til þess að ásaka þá, þá svíður menn meir undan því heldur en mörgu af hinu, sem frá okkur kemur, þegar við erum að kljást við þá frá okkar sjónarmiði. Hv. 4. þm. Reykv. sýndi nokkra viðleitni í þá átt að bera af sér þessi spjótalög, sem honum fundust hvössust. Og sérstaklega var það viðtalið við danska blaðið Social-Demokraten og yfirlýsingar Alþýðublaðsins, sem hann vildi gera sem minnst úr í þessu sambandi. Ég vil rétt ítreka það aftur, til þess að hans útúrsnúningar í því sambandi standi ekki ómótmæltir, að þáv. hæstv. utanrrh. Íslands, Stefán Jóh. Stefánsson, var samferða forsætisráðherra Dana, Stauning, til Kaupmannahafnar. Og í viðtali við þetta blað sagði núv. hv. 4. þm. Reykv., að hann ætti erfitt með að segja um sambandsmálið, vegna þess að flokkurinn hefði ekki tekið afstöðu í því máli. Þetta segir hann eftir að hann er búinn að lýsa því yfir við hlið Staunings — eins og þeir herma í dönskum blöðum — að hann óski þess, að sambandið milli Íslands og Danmerkur haldi áfram, sambandslagasáttmálinn verði framlengdur, og honum virðist, að margir Íslendingar séu á sömu skoðun. Þetta segir formaður Alþfl., þegar hann veit um þær yfirlýsingar, sem Stauning er að gefa og koma í dönskum blöðum og brjóta algerlega í bága við

yfirlýsingar, sem Alþfl. er í 12 ár búinn að gefa í blöðum. Hv. 4. þm. Reykv. vildi svo nú skjóta sér á bak við það, að ekki væri allt sem réttast haft eftir í blöðum, og blaðaviðtöl væri ekki vel að marka, og að hann myndi ekki sérstaklega vel eftir þessu. Bágt á ég með að trúa því, að þessi foringi, Stefán Jóh. Stefánsson, hafi gleymt allri þeirri baráttu, sem Alþfl. háði allt þetta langa skeið, að hann hafi allt í einu ekki munað eftir baráttu Alþfl., en munað samt eftir því, að það þurfti að semja um handritin í Árna Magnússonar safninu og annað slíkt, þegar hann sagði, að Alþfl. væri ekki búinn að taka afstöðu í þessu máli. Og jafnvel þótt það væri eins og dauður punktur allt þetta, sem skeði næstu dagana eftir að „Dronning Alexandrine" í ágústbyrjun 1939 kom til Kaupmannahafnar, þá eru þó yfirlýsingar Alþýðublaðsins á sama tíma hér, sem eftir er að athuga. Alþfl. hafði áður, sem sagt, marglýst því yfir, að hann vildi ekki endurnýja sambandslagasáttmálann. En 15. ágúst sama ár birtir Alþýðublaðið leiðara undir fyrirsögninni „Sambandsmálið". Þar segir fyrst, að allir flokkar hafi ákveðið að vera með því að segja upp sambandslagasáttmálanum, og síðan kemur orðrétt: „En hitt mun óhætt að segja, að enginn þessara flokka mun enn út af fyrir sig hafa tekið neina endanlega ákvörðun um það, hvort stefna beri að því að slíta því sambandi, sem verið hefur við Danmörku samkvæmt sambandslagasamningnum frá 1918, til fulls eða gera samning um það á öðrum grundvelli." Sem sé Alþýðublaðið lýsir því skýrt og skorinort yfir, að Alþfl. sé alveg reiðubúinn jafnt til þess að gera sáttmálann á nýjum grundvelli eins og að slíta honum. Eftir að Alþfl. er í 12 ár búinn að lýsa því yfir og taka það árið 1938 á stefnuskrá sína, að sambandinu við Dani skuli slitið til fulls, þá lýsir Alþýðublaðið yfir því, að Alþfl. geti alveg eins verið með því að endurnýja sáttmálann. Þetta er óþægileg staðreynd, sem Alþýðublaðið getur ekki losað sig frá. Það er sannað mál, að haustið 1939 er Alþfl. búinn að gera algerða stefnubreyt. í sambandsmálinu frá því, sem áður var, frá því að vera skelegglasti flokkurinn um það, að sambandslagasáttmálanum væri sagt upp og lýðveldi stofnað á Íslandi, og yfir í hitt, að ætla sér jafnvel að endurnýja sáttmálann.

Hv. 4. þm. Reykv. talaði allmikið um Stauning, hinn látna forsrh. Dana, í þessu sambandi. Ég hef ekki verið að reyna að kasta neinni rýrð á þann mann. En hitt vil ég segja í sambandi við það, sem hv. 4. þm. Reykv. var að tala um, að mér þykir hann hafa breytt í afstöðu sinni gagnvart þjóðfrelsi Íslands á þessum tíma mjög miklu öðruvísi en forustumaður sænsku sósíalistanna gerði á sínum tíma í afstöðu hans til þjóðfrelsis Norðmanna. Það var vitað, að 1905, þegar Norðmenn börðust fyrir því að fá þjóðfrelsi og sjálfstæði sér til handa, þá barðist Hjalmar Branting, formaður sænska sósíalistaflokksins, svo skarplega fyrir rétti Norðmanna til þess að skilja að fullu við Svía, að hann var a. m. k. einu sinni dæmdur fyrir landráð af sænskum rétti fyrir þessar sakir. Branting hélt því fram, að norska þjóðin hefði fullan rétt til þess, þótt ekki væri í neinum sáttmála, að ákveða að koma á fullum skilnaði við Svíþjóð. Og fyrir þessu barðist sænska verkalýðshreyfingin. Og þegar því var lýst yfir í Noregi einn góðan veðurdag, að sænski konungurinn sé ekki lengur konungur Noregs, þá barðist sænski verkalýðsflokkurinn, undir forustu Brantings, fyrir því, að Norðmenn fengju þennan rétt. Og sænska yfirstéttin lét Branting afskiptalausan, og fengu svo Norðmenn að ráða sér sjálfir. Og það er ekki sízt fyrir baráttu Brantings, að Noregur skildi við Svíþjóð þá. — En Staunings síðustu orð um sambandið milli Íslands og Danmerkur voru: „Jeg lægger skam ikke Skjul paa, að jeg haaber, að den bliver fortsat, og jeg véd, að mange Islændinge har det paa samme Maade ... saa nu faar vi se."

Hann óskar, sem sagt, og reynir að hafa áhrif í þá átt, að sambandslagasáttmálinn haldi áfram. Það var ólíkt því að berjast fyrir því, að Íslendingar hefðu rétt til þess að vera alveg óháðir öðrum og að ekkert væri sjálfsagðara en að Íslendingar réðu sér sjálfir.

Hitt er svo mál, sem sagan á sínum tíma leiðir í ljós, hvað það var, sem breytti skoðun Alþfl. í júlí og ágúst 1939. Það er ekki undarlegt, þó að það sé sett í samband við heimsókn Staunings.

Og þegar sambandið við Norðurlönd svo slitnar og Alþfl. verður svo skeleggur í skilnaðarmálinu eins og lesið hefur verið hér upp, hvað hefur þá breytt afstöðu flokksins aftur? Og enn kemur svo afstaða flokksins nú. Sumir vilja kannske dæma um þessa nýju afstöðu flokksins eftir reynslunni 1939, en sannanirnar liggja ekki fyrir um það efni. Þær eru kannske í þessum leynilegu skjölum, sem einhvern tíma verða birt og koma í ljós.

Þá minntist hv. 4. þm. Reykv. á það, hvaðan Sósfl. kæmi það, að hann væri allt í einu farinn að slást, og nokkuð skelegglega, fyrir réttindum þjóðar sinnar. Hann minntist í því sambandi á það, sem gerðist 1931. Ég skal segja hv. 4. þm. Reykv., hvaðan sósíalistar og íslenzka verklýðshreyfingin yfirleitt hefur það. Þetta er arfur frá sósíalistum. Það er eitt af inntakinu í því að berjast fyrir mannréttindum með hverri þjóð, að hún fái að stjórna sér sjálf. Eitt af því, sem sósíalistahreyfingin hefur starfað að, meira og minna undir merkjum marxismans, hefur verið að koma slíkum málum í höfn. Og þetta var eitt af erfðunum frá Alþfl. 1928 er það Alþfl., sem gengur fram fyrir skjöldu á Alþ. Íslendinga til þess að sýna fram á, hvernig íslenzka þjóðin eigi að berjast í þjóðfélagsmálum sínum, og skorar á aðra flokka að fylgja sér. Og 1931 er það Alþfl., sem reynir að sýna í framkvæmd, hvernig verkalýðurinn á úrslitastundum eigi að taka forustuna frá þeim, sem þeir þá kölluðu íhaldsmenn. Og vegna þess, hvað hv. 4. þm. Reykv. talaði mikið um þetta, skal ég gjarnan rifja þetta ofurlítið upp fyrir honum, til þess að hann sjái, hvernig Alþfl. hefur barizt stundum hér áður fyrr og ekki sérstaklega verið með neitt íburðarmikla

kurteisi við kónginn sinn, heldur verið flokka skeleggastur í að taka forustuna í þjóðfrelsisbaráttunni.

Um miðjan apríl 1931 gerðist atburður, sem menn kannast við. Af hálfu Sjálfstfl. og Alþfl. var ekki tekið mjög vægilega á þeim málum, sem þá voru á döfinni í sambandi við það, sem þá gerðist. Þá voru kallaðir saman fjöldafundir til þess að mótmæla því þingrofi, sem þá fór fram með tilstyrk konungs. Og m. a. var kallaður saman einn slíkur fjöldafundur í húsi hér við hliðina á þessu húsi, sem við erum í. Og Alþýðublaðið 15. apríl segir frá þessum fundi og vitnaði í ályktun, sem gerð var þar og stóð í blaðinu, með leyfi hæstv. forseta:

„Fundurinn telur, að þau tíðindi, sem nú hafa gerzt, hafi sýnt og sannað, að krafa Alþýðuflokksins um íslenzkt lýðveldi nái fram að ganga nú þegar.“ Þá var ekki verið að skera utan af því, þegar Alþfl. var að sýna, hversu skeleggur hann væri í þessari baráttu. Svo var haldið áfram. Það átti nú ekki alveg að gefast upp. 18. apríl segir Alþýðublaðið: „Krafa Alþýðuflokksins um að gera Ísland að lýðveldi svo fljótt sem auðið er er nú rædd um land allt. Hefur valdaránstilraun Framsóknarflokksstjórnarinnar með tilstyrk konungs gert nauðsyn þessarar kröfu miklu skýrari fyrir mönnum. Berast nú hingað fregnir bæði frá verklýðsfélögum og mönnum utan þeirra um land allt, að land vort verði gert að lýðveldi nú þegar. Síðustu atburðir hafa gert það mjög ljóst, hversu hættulegt það er, að erlendur konungur hafi áhrif á mál vor.“

Þá var ekki verið að tala um skort á drengskap eða því um líkt. Þá var ekki verið að tala um nauðsyn þess að ræða við konung. Þeir voru ekki myrkir í máli í Alþýðublaðinu í garð konungs dagana þá.

Þá sagði Alþýðublaðið frá ræðu, sem þáv. þm. Ísaf., en núv. hv. 3. landsk., Haraldur Guðmundsson, hafði haldið á fundi þessa dagana. Þar segir svo:

„Sagði hann, að svo hefði heitið, að hér ætti að vera þingbundin konungsstjórn. En það, sem Alþýðuflokkurinn vildi, væri, að hér væri konunglaus þingstjórn, þ. e. lýðveldi.“

Og það var ekki látið sitja við blaðaskrifin ein. Sjálf stjórn Alþfl. tekur málið í sínar hendur. Hún sendir Sjálfstfl. bréf. Í því bréfi er Sjálfstfl. boðið samstarf um að halda þingi áfram og stofna lýðveldi. Að halda þinginu áfram og stofna lýðveldi er það, sem Alþfl. býður Sjálfstfl. upp á að framkvæma.

Svo skýrir Alþýðublaðið frá 22. apríl, hvernig farið hafi með þetta mál og tilboð flokksstjórnarinnar. Þar segir svo: „Þegar Kristján konungur hafði svarað því, að hann vildi ekki fara eftir því, sem meiri hluti Alþingis lagði til,... lá ekki annað fyrir en að meiri hluti þingsins, þ. e. a. s. fimm Alþýðuflokksmenn og 17 íhaldsmenn, settust inn í þingsalinn, settu þing, tilnefndu bráðabirgðastjórn og gerðu síðan ráðstafanir, sem nauðsynlegar væru í samræmi við það, að konungur hafði neitað því að fara að vilja meiri hluta þings, en fyrsta ráðstöfun hlaut auðvitað að vera að lýsa yfir, að Ísland væri lýðveldi. En þegar til kom, brast Sjálfstæðisflokkinn áræði.“

Svo hljóða orð Alþýðublaðsins. Það vantaði ekki. Nú átti með mikilli röggsemi og skörungsskap að taka forustuna úr hendi borgaraflokkanna. Nú átti að sýna, hver átti þjóðfrelsishetjurnar. En það var eins og vant var. Íhaldið rann, uppi stóðu fimm Alþýðuflokksþingmenn, sem nú bjóðast til þess að setja konung af í hvelli og mynda lýðveldi. En þótt sjálfstæðismenn brygðust, átti samt enn ekki að gefast upp. Daginn eftir, 23. apríl, kemur grein í Alþýðublaðinu undir stórri fyrirsögn: „Lifi lýðveldið. Niður með íhaldið og konunginn!“

Ég veit ekki, hvort hv. 4. þm. Reykv. hefur munað eftir þessu, þegar hann talaði um, að það væri sjálfsögð drengskaparskylda að tala við konung, áður en ákveðið væri að stofna lýðveldi á Íslandi, hvort hann hefur munað eftir því, sem Alþfl. ætlaðist fyrir árið 1931, drepa íhaldið, setja konunginn af og stofna lýðveldi.

Hins vegar held ég eins og nú er komið málum, að enginn flokkur ætli sér að gera það, sem Alþfl. ætlaði sér 1931. Ég held, að enginn af þeim flokkum, sem standa nú að stofnun lýðveldis, geri kröfu til að hafa heiðurinn af forustu í þessu máli. Þeir gera ráð fyrir, að það sé forusta Alþ., sem þar kemur til greina. En Sósfl. vill vinna sitt til þess, að verkalýðshreyfingin láti ekki sitt eftir liggja og að þeim skildi, sem Alþfl. talar um, að sé haldið hreinum, verði haldið hreinum áfram, og það vænti ég, að muni takast.

Hv. 4. þm. Reykv. minntist á í ræðu sinni, að sú þjóðfrelsisbarátta, sem áður var, en aðrir vildu kalla chauvinisma, væri það hættulegasta, sem hægt væri að hugsa sér. Ég hef aldrei fundið betur, hversu gersamlega hann misskilur inntak alls þjóðfrelsis, en þegar hann útlagði það íslenzka orð „þjóðfrelsi“ með útlenda orðinu „chauvinisma“, sem er notað til að marka á soramark verstu yfirgangsstefnu, sem ekkert á skylt við þjóðfrelsisstefnu þjóðanna, því að hún er algerð andstæða chauvinismans, sem afneitar rétti þjóðanna til að ráða sér sjálfum.

Hv. þm. var að tala um, að hér væri um þjóðréttarlega samninga að ræða. Það er eins og þessi hv. þm. vilji aldrei skilja, hvað eru grundvallaratriði og hvað eru smærri atriði. Grundvallaratriðið í öllum rétti manna til að ráða sér sjálfum er réttur hverrar þjóðar til að ráða sér sjálf. Það, sem er um að ræða, er, að þessi réttur verður aldrei af þjóðunum tekinn. Hvaða ofbeldisráðstöfunum sem beitt er til að taka frelsið af þjóðunum, þá eiga þær alltaf þennan rétt, og hann verður aldrei af þeim tekinn. Það er hægt að gera slæma verzlunarlega samninga, en það heimilar ekki að brjóta þá eða rifta þeim. En hitt er ekki hægt að gera samninga um að hefta eða afnema frelsi þjóðanna og halda fram á eftir, að þeir samningar eigi að hafa gildi. Það væri í mótsetningu við það, sem við byggjum okkar nútíma mannfélag á. Þegar Norðmenn tóku frelsi sitt 1905, gerðu þeir það á

grundvelli réttar norsku þjóðarinnar að ráða sér sjálf. Stórþingið lýsti yfir, að það væri sænski konungurinn ekki lengur konungur Norðmanna. Þetta var ekki gert út frá neinum sáttmála, — það var gert út frá þessum helga rétti, sem hv. 4. þm. Reykv. er að gera gys að, og á þeim grundvelli stendur þjóðfrelsi hverrar þjóðar.

Ég verð að segja, að ég er alveg hissa á, hvað þessi hv. þm. getur gengið langt, þegar hann er að reyna að verja það, sem Íslendingar hafa verið óánægðastir með í þeim samningi, sem þeir hafa gert. Hann fer að verja það ákvæði, að það skuli þurfa ¾ hluta kjósenda til að greiða atkv. með uppsögn samningsins og ¾ hluta greiddra atkv. að vera með uppsögninni. Hann lýsir því yfir, að Íslendingar hafi verið ánægðir með þetta 1918. Íslendingar voru óánægðir með gagnkvæma borgaralega réttinn og sérstaklega óánægðir með þann meiri hluta, sem heimtaður var til uppsagnar. En þeir gengu samt inn á samninginn vegna þeirrar viðurkenningar, sem í honum fólst. Ég skil ekki, hvernig sá maður, sem vill halda fram, að lýðræði eigi að gilda, leyfir sér að halda fram, að atkv. eins Íslendings, sem vil halda við samningnum við Dani um að láta þá fara með utanríkismál okkar, á að gilda á við atkv. þriggja Íslendinga, sem vilja, að Ísland sé sjálfstætt ríki. Ég skil ekki, hvernig hægt er að halda því fram, að slíkt geti samræmzt nokkru lýðræðishugtaki. Það er ómögulegt að gera það. Þetta er mótsetning í sjálfu sér. Þetta er ennþá kyndugra, þegar athugað er, að til að samþ. stjskr., sem gerir Ísland að lýðveldi, þarf ekki nema einfaldan meiri hl. þjóðarinnar, kannske tvennar kosningar, en til þess að mega skilja við Dani, taka utanríkismálin í okkar hendur, þarf ¾. Eins og þetta sé nokkurt samræmi. Eins og þetta sé nokkuð annað en kúgunarákvæði, sem Íslendingar neyddust til að ganga að 1918.

Við skulum láta Dani sjálfa dæma um þetta. Dönum hefur verið sjálfum boðið upp á að gera dálítið líkan samning við Þjóðverja eins og Íslendingar gerðu við Dani 1918. Við vitum, hvernig Danir hafa lýst skoðun sinni á því tilboði. Þeir hafa kallað það örgustu kúgun, sem það og var. Nei, við skulum ekki fara út í að verja slíkt. Ég er hissa á, að hv. 4. þm. Reykv. skuli láta fá sig til að verja annað eins ákvæði. Hitt er allt annað mál, hvort Íslendingar geta með þjóðaratkvgr. skilað til atkvgr. ¾ hlutum kjósenda og ¾ atkv. verði með skilnaðinum, eins og heimtað er í sambandslagasamningnum. En að viðurkenna, að okkur beri að heimta ¾ hluta, nær engri átt.

Ég veit ekki, hvort ég á að fara langt út í að deila um þjóðfrelsisrétt annarra þjóða við hv. 4. þm. Reykv., sem virðist ekki meta þjóðfrelsi sinnar eigin þjóðar meira en hann hefur sýnt í þessari afstöðu sinni, en ég er til í að gera það, hvenær sem vera skal. Ég hef ekki neitt á móti því að koma inn á það í sambandi við þetta mál, af því að hann gerði það að fyrra bragði. Ég ætla að rifja upp við hann, af því að hann minntist á Eystrasaltsríkin. Árið 1918 voru litlu ríkin þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, og Ukraina og Hvíta-Rússland og önnur slík, búin að taka sér þjóðfrelsi í krafti þess valds, sem bjó hjá fólkinu sjálfu, hrista af sér kúgun rússnesku keisarastjórnarinnar og skapa með sér bandalag, þar sem hvert af þessum ríkjum hafði rétt til að fara úr því, þegar því þóknaðist. Eitt af þessum ríkjum notaði sér það, Finnland. Lýðræðisflokkarnir, sem kölluðu sig svo, sem réðu Rússlandi fram í nóvember 1917, neituðu Finnum um þann rétt að mega mynda sitt ríki sjálfir. Kerenskistjórnin neitaði um það. Það var fyrst, þegar bolsevikastjórnin kom, þegar rússneskir bændur og verkamenn gerðu byltinguna og komu á þjóðfrelsi og sósíalisma, að þessi réttur var viðurkenndur. Finnar ákváðu strax að nota sér þennan rétt og sendu menn til Pétursborgar, sem þá hét svo, til að þakka bolsevikastjórninni fyrir þennan rétt. Hins vegar áttu þjóðirnar, sem voru að mynda með sér þetta bandalag, um sárt að binda. Þýzku hervaldi tókst að brjóta nokkuð af þessum löndum undir sig. Í Lettlandi, Litháen og Eistlandi var stjórnum, sem þá höfðu verið myndaðar þar, sem höfðu stundum kannske 90% þjóðarinnar á bak við sig í venjulegum kosningum, steypt af þýzku hervaldi og stofnaðar þar fasistastjórnir, sem síðan sátu þar allt fram til 1940. Árið eftir að þetta gerðist, tókst pólska hernum að sigrast á her bænda og verkamanna og lagði undir sig hluta af Ukrainu og Hvíta-Rússlandi og innlimaði í sitt ríki þvert ofan í þjóðréttarákvæði, þvert ofan í þau ákvæði, sem samþ. voru í Versalasamningunum. Eftir því, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur haldið fram, ættu þessi ríki, sem þannig hafa verið rænd frelsi sínu, ekki að mega fá það aftur, fyrr en búið væri að semja um það við fasistana, sem tóku frelsið af þeim. Annars er þetta allt miklu lengra mál en svo, að tími sé til að fara út í það nú, en ef hv. þm. óskar þess, þá er ég reiðubúinn til að fara út í þá sálma.

Þá er annað, sem hv. þm. sagði, sem ég má til að minnast á. Hann sagði hér skemmtilega lygasögu, og ég má nú til að segja honum aðra miklu betri. Hann sagði, að þessir kommúnistafl. væru voðalegir flokkar, þeirra innstu hringir sætu á leynifundum og legðu á ráð um að sprengja mannvirki, kveikja í húsum og eyðileggja verðmæti o. þ. h. Nú skal ég segja honum aðra lygasögu. Það var einu sinni kommúnistafl. í Þýzkalandi. Innsti hringur hans sat á rökstólum og kom sér saman um að gera byltingu í landinu, en til þess að fá fólkið til þess, þyrftu þeir að gera eitthvert skammarstrik til þess að láta fólkið taka eftir sér, og því væri um að gera að gera nú eitthvað stórt. Þeir sátu á rökstólum um þetta dag eftir dag og fengu auðvitað boð og fyrirmæli erlendis frá. Loks komst innsti hringur þeirra að þeirri niðurstöðu, að það væri alveg tilvalið að kveikja í þinghúsinu. Og þá fór ekki eins hrapallega og í kommúnistalygasögunni, sem hv. 4. þm. Reykv. var að segja, að till. væri felld. Nei, hún var samþ. Síðan kveiktu þeir í þinghúsinu. En það skemmtilega við þessa lygasögu er, að henni hefur verið trúað.

Hún er ekki eins og lygasagan, sem hv. 4. þm. Reykv. var að segja, sem engum manni dettur í hug að trúa. Nei, þegar þessir honum snjallari lygasöguhöfundar fundu upp þessa lygasögu, trúði fólkið henni. Og í krafti þess var tækifærið notað í Þýzkalandi að banna verkalýðsflokkinn og smám saman alla flokka aðra en nazistaflokkinn. Verkið var framkvæmt af nazistunum sjálfum til þess að reyna að koma því á kommúnista. En þau blöð voru til á Íslandi, sem trúðu þessari lygasögu. Þau sögðu sem svo: Hvernig er það, er ekki ástæða til að fara að athuga málin hér? Ætli það fari ekki bráðum að loga hér við Austurvöll? — Svo vítt náði þessi lygasaga. Svo víða var henni trúað þessari lygasögu, sem fundin var upp, þegar nazistarnir þurftu að beita einræði og ofbeldi við andstæðinga sína.

Ég vil að síðustu ræða nokkuð við þennan hv. þm., af því að hann gaf tilefni til þess, um, hvernig á því mundi standa, að hann heldur fram öðrum eins skoðunum og hann heldur fram hér. Hann minntist á það sjálfur í ræðu sinni, að hann væri engu lakari Íslendingur en hver okkar hinna. Nú vil ég segja honum, og ég segi það af fullri hreinskilni, ekki sízt vegna þess, í hversu hörðum deilum ég hef áður átt við hann, að ég er honum fyllilega sammála. Ég álít hann engu lakari Íslending en hvern okkar hinna. Ég tala þar ekki út í bláinn. *Ég held sjálfur, að ég hafi reynt það.* Ég álít, að ég hafi reynt það 1941, að þegar eitthvað mikið gekk á, þegar á þurfti að herða og á reyndi, þá væri Stefán Jóh. Stefánsson, sem þá var utanrrh., ekki lakari Íslendingur en hver og einn okkar hinna. Það getur verið, að það hafi þurft að ganga nokkuð mikið á, til þess að það kæmi í ljós, en þá kom það líka í ljós, og ég vil gjarnan unna honum þess sannmælis. En það, sem gildir afstöðu hans í máli eins og þessu, er að því er mér virðist sumpart flokksofstæki, vil ég helzt segja, og stundum virðist mér hann vera undir annarlegum áhrifum, og það verður til þess, að þótt hann stundum taki ágæta afstöðu í svona málum, þá umsnýst hann, þegar hann kemst undir áhrif sérstakra flokksbræðra sinna, og tekur afstöðu, sem er í algerðu ósamræmi við allt, sem flokkur hans hefur oft og tíðum vel gert, og í andstöðu við það, sem ég get bezt trúað, að vilji *hans sé inni við beinið*. Það, *sem styður þetta*, er það, að hann virðist vera svo fastur í einhvers konar bókstafstrú og einhvers konar deyfandi formalisma. Það er hugmyndakerfi hans, sem orsakar þetta, sem stendur í sambandi við flokksviljann, sem hann tilheyrir í „teoriunni". Það er það, sem villir hann hvað eftir annað, er hann á að taka afstöðu í öðrum eins stórmálum og þessu. Hann sér ekki aðalatriðið fyrir aukaatriðum, sér ekki skóginn fyrir tómum trjám, sér ekki grundvallaratriðin í rétti Íslendinga til fullkomins frelsis og sjálfstæðis fyrir nokkrum lagagreinum. Öðru hverju virðist hann hafa séð eins og sjá á. Hann er ekki verri Íslendingur fyrir þetta, en það gæti orðið til að fella frelsi Íslands að halda svona fast í lagakrókana. Það gæti orðið til þess, að eina tækifærið, sem við fengjum til að endurheimta fullt frelsi Íslandi til handa, félli á eintómum formalisma. En hv. þm. er svona gerður, og þetta er honum kannske meira og minna óafvitandi. Það er skortur á skilningi í sambandi við þetta mál, sem verður til þess, að hann hengir sig í aukaatriði og lagakróka, og þegar hann er kominn undir annarleg áhrif, fer svo, að hann sér að lokum ekki, hvað aðalatriðið er. Þetta er það, sem hefur leitt lýðfrelsi og þjóðfrelsi margra þjóða í gröfina á síðustu árum. Þjóðfrelsi og lýðræði hverrar þjóðar skapast með því valdi og viljakrafti, sem þjóðin hefur til að taka sér það þvert ofan í þau lög og form, sem fyrir eru. Það var þessi trú og þessi kraftur, sem stóð á bak við frönsku stjórnarbyltinguna 1789 og amerísku byltinguna, þar sem þessar þjóðir risu upp móti kúgun og harðstjórn. Þær hefðu seint öðlazt frelsi sitt, ef þær hefðu trúað á bókstaf og hengt sig í lagakróka, sem drottnararnir höfðu sett. Einmitt sá flokkur, sem hv. 4. þm. Reykv. tilheyrir, gerir sig sekan í þessari bókstafstrú, sem felldi lýðræðið í Þýzkalandi. Þegar stj. í Prússlandi var sett af með valdboði, vildi meiri hl. alþýðunnar vernda lýðræðið og gera verkfall. En flokksbræður hv. 4. þm. Reykv. sögðu: „Nei, við höldum okkur við lögin og skírskotum til þýzka ríkisréttarins." En þá mundi bara enginn *ríkisréttur vera til í Þýzkalandi. Tækifærinu* var sleppt, þýzka lýðræðinu var sleppt. Þýzka lýðræðinu var grafin gröf. Það var hengt í einum af þessum lagakrókum, sem flokksbræður þessa hv. þm. héldu, að væru aðalatriðið. Þess vegna skil ég svo vel, að honum finnist það bylting, þegar ákveðið var af íslenzku þjóðinni 1940 og 1941, að hún skyldi sjálf ráða því, hvaða stjórnskipun hún hefði, án tillits til lagabókstafs og án tillits til konungs. Það er þetta hugmyndakerfi, sem veldur því, að afstaða hans er þannig, að hann hengir sig og flokk sinn á þeim lagakróki. Til allrar hamingju verður það ekki til þess, að Íslendingar afsali sér sjálfstæði sínu. Viljalýsing Íslendinga um sjálfstæði sitt er svo ótvíræð, að ekki verður um villzt. Árið 1908 var í raun og veru gert út um það. Árið 1918 var samið bráðabirgðaskipulag um tilhögun þess. Árið 1928 og aftur árið 1937 var gefin út yfirlýsing af hálfu Alþ. um, að þjóðin mundi nota sér ákvæði sambandslaganna um sambandsslit. Árin 1940 og 1941 var tekið að móta það fyrir alvöru og nákvæmlega hugsað, hvernig stjórnskipulagið skyldi vera. Vilji þjóðarinnar hefur því alltaf verið jafnákveðinn í þessu máli og réttur hennar. Það hefur verið talað um það, hvernig við munum standa að vígi, ef erlendar þjóðir eða erlend þjóð grípi inn í og banni okkur að nota okkur þennan rétt. Það kom fyrir 1942, að slíkt var gert, og því hefur verið haldið fram, að það megi ekki leggja okkur í þá hneisu að verða að hætta við það í annað sinn. Það var ekki hneisa 1942 að verða að láta undan — fyrir Íslendinga —, heldur fyrir viðkomandi ríki. Og ef við verðum að gera það aftur, þá verður það hneisa fyrir viðkomandi ríki,

en ekki okkur. Að það skuli koma fram, að það sé notað sem rök á móti því, að við tökum sjálfstæði okkar, að það kunni að geta verið, að aðrar þjóðir vilji banna það, er neðan við allar hellur. Það hefur engin þjóð í heimi fengið réttindi sín að gjöf frá öðrum, heldur bara af því, að hún hefur viljað það sjálf og að sú þjóð, sem hún hefur þurft að krefja um það, hefur látið það í té.

Ég vil segja að lokum, að það reynir ekki sérstaklega á Íslendinga sem þjóð við lýðveldisstofnun nú. Það hefði kannske reynt meira á undir öðrum kringumstæðum. Við eigum aðallega í baráttu við trúleysi innan þjóðarinnar sjálfrar, trúleysi og kjarkleysi þeirra, sem finnst við of fáir og smáir. Við erum í þeim átökum, sem nú fara fram, að binda enda á okkar gömlu sjálfstæðisbaráttu við Dani. Það þarf trú til þess og kjark að vinna það verk, sem liðnar kynslóðir hafa ætlað okkur.

Hitt er annað mál, að þó að við endurheimtum sjálfstæði okkar, þá er baráttunni ekki lokið. Það er enginn efi á því, að við eigum eftir að heyja hana þar, sem reynir meira á krafta okkar og manndóm en gerir nú. En við verðum illa búin undir þá baráttu, ef við stöndum ekki sameinaðri en við gerum nú um það, að Íslendingar hafa óvéfengjanlegan rétt til sjálfstæðis. Þess vegna er það, að samtök okkar núna verða prófsteinn á þjóðina. Það, hversu okkur tekst að sameina krafta okkar nú, hefur gildi fyrir alla framtíð. Þess vegna er það, að þær raddir, sem þarna eru að telja úr og reyna að sanna, að við höfum ekki þann rétt, sem við höfum hugsað að taka okkur, eru svo hættulegar, að þær ættu ekki að heyrast.

Ólafur Thors: Í þeim fáu orðum, sem ég mælti, eftir að hv. 4. þm. Reykv. flutti ræðu sína, gat ég þess, að ég mundi lítið ræða lögfræðilega hlið málsins. Til þess eru mér hæfari menn í þeim flokki, sem ég tilheyri, og öðrum flokkum. Þetta hefur verið gert mjög ýtarlega bæði hér í Sþ. og Nd. í sambandi við umr. um stjskr., og vísa ég sérstaklega til ræðu hv. 6. þm. Reykv. hér í þ.

Það eru því aðeins örfá atriði, sem mér þykir ástæða til að víkja að að þessu sinni og þá að gefnu tilefni frá hv. 4. þm. Reykv.

Ég hafði látið í ljós undrun mína yfir því, að hann skyldi ekki sjá þá agnúa, sem hann nú þykist sjá, á þessu máli, er hann 7. apríl 1943 undirritaði með öðrum meðlimum stjskrn. þá till., sem hér er til umr. Þessi hv. þm. sagði nú, að hann teldi sig ekki þurfa að gefa á þessu neinar skýringar, því að það hefði hann gert við umr. um stjskr. í Nd.

Ég var í Nd. við þær umr. Ég hlustaði með gaumgæfni á ræðu hv. 4. þm. Reykv. Ég fann þar enga minnstu skýringu á því undarlega stjórnmálafyrirbrigði, sem hér hefur orðið.

Ég held, að hæstv. forseti hafi vikið að því, að þessar skýringar hafi ekki fallið í Nd. eða þá, að þær hafi verið þess eðlis, að þm. hafi ekki skilið þær. Ég mundi því enn kalla á þær, ef ég ekki væri orðinn sannfærður um, að þær eru ekki til, a. m. k. ekki í því formi, sem við getum skilið.

Hv. þm. endurtók hvað eftir annað þau orð, að eftir að tvö stórveldi hefðu aðvarað okkur um að stíga ekki lokasporið, fyrr en sambandslagasamningurinn væri útrunninn, þá ættum við að framfylgja því bókstaflega. Hann margendurtók þetta máli sínu til stuðnings og framdráttar.

Ég veit ekki, hvernig hægt er að orða það skýrar, að hér sé um dulbúnar hótanir að ræða, eins og þessu máli er fram fylgt. En annars held ég að hv. þm. þurfi ekki að vera svona kvíðinn. Frá þessum aðilum er úr þessu ekki andstöðu að vænta. Eins og ég áður gat um, tókst mér, haustið 1942, að fá skýra yfirlýsingu annars þeirra um, að l. sé fullnægt með þeirri aðferð, sem nú er viðhöfð.

Hv. þm. skaut því til mín, hvort einn merkasti stjórnmálamaður Dana, Stauning forsrh., sem nú er látinn, hefði reynt að hafa áhrif á mig í sjálfstæðismálinu. Ég vil ekki láta undir höfuð leggjast að lýsa því yfir, að ég man ekki eftir, að Stauning forsrh. hafi gert allra minnstu tilraun, beint eða óbeint, að ræða málið við mig. Ég hygg einnig, að hann hafi vitað svo vel um sögu málsins, að það mundi tilgangslaust að tala um það við mig, sem árið 1937 hafði gefið skýlausar yfirlýsingar um, að Ísland mundi nota fyrsta tækifæri til að segja upp samningnum og ætlaði engan að gera í staðinn og enn fremur, að Íslendingar ætluðu sér að taka þá þegar í sínar hendur öll yfirráð allra sinna mála. Þetta efast ég ekkert um, að hann hafi vitað.

En hvort sem svo er eða ekki, þá tel ég rétt að gefa þá yfirlýsingu, sem ég hef nú gefið.

Ég talaði um sambandsl. við annan merkan og heimskunnan stjórnmálamann Dana, Christmas Möller kom hingað vorið 1939 til þess m. a. að heilsa upp á mig. Ég hafði aldrei talað við hann áður. Hann talaði við mig um sambandsl. Spurði hann mig m. a., hvernig uppsagnarákvæðin væru. Ég skýrði honum frá því, og til samanburðar á afstöðu hans og þeirra Íslendinga, sem nú telja sig tala fyrir göfugmennsku í garð Dana, skal ég skýra frá því, sem hann lét um mælt, — og um sannleika þess getur hann borið, því að hann er, sem kunnugt er, á lífi: „Hvað sem líður þessu ákvæði um að 75 af hundraði eigi að sækja kjörstaði og 75 af hundraði af þeim að segja já, þá dettur engum Dana í hug, að því þurfi að fullnægja. Ef einfaldur meiri hluti ber fram þá ósk, ber að sjálfsögðu að fara eftir henni.“ Þetta voru ummæli hans. Mér þykir sanngjarnt að geta þess, að þessi stjórnmálaskörungur er einstakur um víðsýni og réttsýni, en ég hygg, að beztu menn Dana hugsi í þessum efnum líkt og hann.

Ég vil einnig í þessu sambandi, til þess að fyrirbyggja misskilning, geta þess, að í Sjálfstfl. var ekki gerð minnsta tilraun til að knýja menn til samkomulags um þetta mál. Menn hafa verið á einu máli, og flokkurinn stendur óskiptur bak við það og hefur gert um langan tíma.

Hv. 3. landsk., sem í sinni rökföstu ræðu studdi

málið, gerði eitt atriði í minni ræðu að umtalsefni. Hann sagði, að ég hefði haft um það fullyrðingar, að það væri engin hætta á ferðum, ef við héldum stefnu eins og nú væri stýrt. Hann sagðist vona, að þetta væri ekki úr lausu lofti gripið, en óttast þó, að svo gæti verið.

Ég held, að hv. þm. þurfi engan kvíðboga að bera fyrir þessu. Sú eina hætta, er nú vofir yfir okkur, stafar frá okkur sjálfum. Óeining og stöðugar fullyrðingar um, að réttur okkar sé hæpinn, er til hins verra. En það eitt gæti þó leitt til voða, ef þessar tungur næðu eyra þjóðarinnar og fengju talið kjark úr henni. Það má aldrei ske. Það skal aldrei ske.

Ég hef svo mikla trú á dómgreind þjóðar minnar, að ef hún gæti heyrt þessar umr. og ætti að ganga til atkv. með eða móti sambandsslitum nú, þá mundi hún hiklaust segja já. Ég er sannfærður um, að ef við gætum lagt þau gögn á borðið fyrir þjóðina, sem lögð hafa verið hér fram, þá mundi vart finnast sá Íslendingur, sem mundi fylgja þeim sorglega málstað, sem hv. 4. þm. Reykv. hefur tekið að sér að standa fyrir. Það er ekkert, sem getur gefið þeim von um fylgi, annað en það, að þjóðin fái ekki að heyra rétt rök með og móti. En hún skal fá að heyra þau. Ég er sannfærður um, að ef við nú stofnum lýðveldi okkar, verður engin rödd utan að, sem treystir sér til að standa í gegn því. Við höfum meðmæli eins stærsta og voldugasta ríkis heims. Hver mun mótmæla þeim rétti Íslendinga, sem Bandaríkin hafa viðurkennt? Enginn. Ég er sannfærður um það. En ég er líka sannfærður um, að ef við látum undir höfuð leggjast að nota tækifærið, þá þarf ekki nema andblæ til að blása burtu sjálfstæði þeirrar þjóðar, sem ekki þekkti sinn vitjunartíma. Ég er jafnöruggur, ef beint er stefnt og hiklaust, og ég er kvíðinn um framtíðina, ef við vanrækjum skyldu okkar nú.

Við þessar umr. hefur tvennt sannazt. Í fyrsta lagi réttur okkar Íslendinga til þess að stíga það spor, sem gert er ráð fyrir í því frv., sem nú liggur fyrir Alþ. Í öðru lagi hefur það einnig komið í ljós, að málsvörn flóttamanna er vonlaus.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að ræða hv. 4. þm. Reykv. hefði verið svo, að hann vildi taka undir það, að hún hefði verið flutt af áhuga, og hann vildi tjá sig ánægðan með allt annað en efni hennan, og ég skal viðurkenna, eins og ég hef tekið fram í aths., að ég heyrði þennan hv þm. tala með meiri eldmóði en ég á að venjast. En einmitt þessi varnægli hans og annarra í málsvörninni er ekki fyrir hendi. Mér er óskiljanlegt, hvað hér hefur komið fyrir. Ég hef aldrei, hvorki í pólitískum ferli mínum né í eftirgrennslan minni eftir því, sem skeð hefur bæði hér og annars staðar, séð nokkur dæmi þess, að nokkur flokkur hafi gengið jafnt í berhögg við viðurkennda velferð eigin þjóðar sinnar og heilbrigða skynsemi og nokkur hluti Alþfl. hefur gert.

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 20. jan., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Ásgeir Ásgeirsson: Það eru 3 hv. þm., sem hafa gert mér þann heiður að ávarpa mig í þessum umr., ekki með illum orðum, heldur í óviðkunnanlegum tón. Þau stóru orð, sem hafa fallið í þessum umr., eru, að mínu viti, óþörf, þó að mikil framför sé að vísu frá því, að hér heyrðust orð eins og quislingar og landráðamenn.

Það, sem beint var að mér í umr. um þetta mál, var, að árið 1942 hafi ég unnið að því, að takast mætti að framkvæma sambandsslitin þá strax, skv. vanefndakenningunni. Hæstv. forseta Sþ. virðist jafnvel hafa skilizt, að ég hafi staðið í samkeppni við hann um forstöðu í því, en það er alger misskilningur. Það er rétt hermt, að í stjskrn. 1942 bar sjálfstæðismálið á góma og það á þann veg, að sumir nm. álitu nauðsynlegt að taka það upp þá, en ég benti á, að ef það væri gert, væri réttara að gera það við seinni kosningar. Á þetta féllst meiri hl., en minni hl. hikaði ekki við að fara sínu fram.

Árið 1942 stóð sérstaklega á um að hreyfa þessu máli. Þá höfðum við í 1 ár notið verndar Englands, sem við höfðum mótmælt, en árið 1941 barst okkur málaleitun þess efnis, að við samþykktum eða leyfðum, að Bandaríkin tækju að sér vernd Íslands. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess, að þá vann Alþ., að mínum dómi, það bezta verk, sem það hefur unnið í stríðinu í sambandi við framtíðarfullveldi Íslands. Þá var ástandið í Evrópu hörmulegt, og mátti búast við loftárásum hér eða innrás, sem ekki var víst, að rönd yrði við reist. Bandaríkin voru þá ekki komin í stríðið, en vitanlegt, að Englandi var það mikil nauðsyn, að Bandaríkin gætu tekið að sér hervernd Íslands. Nú segja margir, að Bandaríkjaher hefði komið hingað til Íslands, jafnvel þótt við hefðum neitað um leyfi, en ég er ekki viss um það, því að Bandaríkin hafa gamlar traditionir, sérstaklega viðvíkjandi því að skipta sér ekki af málefnum Evrópu. Þegar Alþ. tók þá ákvörðun að óska eftir vernd Bandaríkjanna, var því leystur hnútur, sem hafði mikla þýðingu. Í þessari ákvörðun er falin viðurkenning á ýmsum staðreyndum, sérstaklega því, hvaðan íslenzka þjóðin á sér einhvers góðs að vænta. Þessi ákvörðun Íslendinga, sem ekki hefur verið mikið rædd, er ein sú stórkostlegasta vörn og stórkostlegasta röksemd, sem við getum, bæði nú og í framtíðinni, borið fram í sambandi við okkar málefni, þegar við skiptum við Englendinga og Bandaríkjamenn.

Í afstöðu minni 1942, og eins nú, var ekki um að ræða baráttu eða ótta við Dani. Ég var hræddur um allt annað. Hættan, sem stafaði af sambandinu við Dani 1942, orsakaðist af því, að þá leit út fyrir, að Danir yrðu herteknir af þjóð, sem einskis góðs var af að vænta um sjálfstæði okkar. Það kom fram m. a. í yfirlýsingu þýzka útvarpsins, sem kallaði Ísland danska eyju og hafði ráðagerð um innlimun Íslands í hið nýja skipulag. Þá var ekki vitað, hvernig Danir mundu snúast við væntanlegri hertöku og hvaða hætta okkur gæti stafað af þessu. Ég vil, sem sagt, benda á þá breyt. frá 1942, að sú hætta, sem yfir okkur vofir, virð-

ist ekki lengur eins veruleg, því að nú falla öll vötn í hina áttina og allt útlit er fyrir, að þær þjóðir sigri, sem ég og margir aðrir hér hafa aldrei óttazt í sambandi við framtíð Íslands, en það eru Danir, Englendingar og Bandaríkjamenn.

Í sambandi við þessa málaleitun 1942 átti ég tal við þáv. forsrh., hv. þm. G-K., um að áður en til framkvæmda kæmi í sambandsmálinu, yrði að fara hina diplomatisku leið. Þetta var ekki gert í tíma, en ekki ásaka ég hann fyrir það, því að ríkisstj. áleit, að í sambandi við þetta mál ættum við ekki að hafa tal af öðrum þjóðum. Það er að vísu rétt, að við eigum ekki að spyrja, hvað við megum gera, en við þá, sem eru vinir okkar, eigum við að tala opið og frjálst á hverjum tíma. Það hefur tvisvar eða þrisvar komið fram, að það var vanhyggja að gera þetta ekki. Það fór sem fór, að Bandaríkjamenn sendu hingað Harry Hopkins til viðtals við íslenzku ríkisstj. Hann flutti sömu ósk og Bretar áður, að sambandsslitum yrði frestað, og það varð úr, að þingheimur varð við þessum tilmælum.

Mér þykir einkennilegt af mönnum, sem tóku þátt í þessu undanhaldi í tvö skipti, að leggja svo mikið upp úr því nú að afgreiða málið strax, þegar um er að ræða skoðanamun, sem ekki er að vita, hve stór er, þegar til kemur. Árangurinn af undanhaldinu 1942 var sá, að ríkisstj. tókst að fá yfirlýsingu frá Bandaríkjunum um það, að þeir mundu ekki amast við sambandsslitum, ef þau væru ekki framkvæmd fyrr en eftir að sambandslagasáttmálinn er útrunninn, en mér hefur alltaf skilizt, að Bandaríkjamenn hugsuðu eins og Bretar, að sambandsslit yrðu samkv. sambandsl. að öllu leyti. Annar árangur af þessari viðleitni var stjskr.-breyt., sem ákvað, að stofnun lýðveldisins gæti á sínum tíma farið fram með einni alþingissamþykkt og staðfestingu við þjóðaratkvgr. En nú heyrir maður, að ekki megi bíða einn dag lengur með afgreiðslu málsins, og sumir vilja jafnvel fá það afgr. fyrir 15. febr., en aðrir telja sjálfsagt, að 17. júní sé dagurinn. En hér er farið fram á frest nokkra daga frá þessu. Þessi mikla deila um dagsetninguna og vikuna heimtar ekki slík stór orð, sem notuð hafa verið í þessu sambandi. Og það er ástæðulaust fyrir þá, sem búnir eru að bíða í þessi ár, að sýna það bráðlæti að geta ekki beðið nokkra daga eða vikur, til þess að standa klárir að halda uppi l. og reglum. Og ég hefði alltaf átt að skilja það svo, að þar sem við hefðum samning við Dani og yfirlýsingar frá Englendingum og Bandaríkjamönnum, þá væri allur þingheimur á því, að þá ætti þessi skilnaður að fara fram samkv. sambandsl. Samninga ætti að virða. Og mér kom á óvart, þegar ég heyrði, að sumir hefðu viljað, að þessi skilnaður færi ekki eftir sambandsl., heldur eftir einhverri annarri kenningu. Þetta kom mér á óvart. Það er ekki svo, að ég vilji færa nein rök á móti hinni svonefndu vanefndakenningu. En hitt er það, að það hefur greinilega komið í ljós, að vanefndakenningin er véfengd, bæði af mörgum innanlands og eins af þeim þjóðum, sem allur þingheimur mun taka nokkurt tillit til.

Þegar þál. 17. maí 1941 var samþ., þá áskildum við okkur allan rétt, og ég tel, að sú till., í öllum þrem gr., hafi bæði verið hyggileg og skynsamleg á því stigi. En þið skuluð gá að einu. Ef sambandsl. hefðu runnið út 1941, þá hefði sú till. aldrei verið samþ. og vanefndakenningin aldrei verið fram sett, heldur hefðum við þá skilið við Dani, samkv. þeim rétti, sem allir hafa sætt sig við, allt frá 1918 til 1941. Í öllum þeim yfirlýsingum, sem hafa komið fram um það, að Íslendingar ætluðu ekki að framlengja sambandslagasamninginn, að þeir ætluðu að slíta honum og gerast fullkomlega sjálfstætt lýðveldi, þá hefur aldrei verið hætta á því, að Íslendingar mundu reyna að sneiða framhjá ákvæðum sambandsl. Ég verð að segja, að vanefndakenningin hefur alltaf haft mikið til síns máls, en hún er véfengd. Hún hefur aðallega verið fram sett til þess að beita henni, ef Íslendingar skildu við Dani, áður en sambandsl. rynnu út. Vanefndakenningin var þannig eins og lítill bátur, sem þingheimur treysti sér út í, ef á þyrfti að halda. En þar fyrir er engin ástæða til að halda sér við þá fleytu, ef öruggt skip og sjófært er fyrir hendi. Ég vil nefna dæmi um það, hversu þessi vanefndakenning er véfengd, að þegar ríkisstj. gaf yfirlýsingu sína í sjálfstæðismálinu seint á síðasta ári, þá treysti hún sér ekki til að byggja á þessari kenningu og finnur upp aðra ennþá veikari, sem kölluð hefur verið „hefðarkenningin“ eða „ástandskenningin“. Sú kenning er, að minni hyggju, svona brot af fyrri kenningunni, og skal ég ekkert álasa þeim mönnum, sem hafa komið fram með þessa kenningu. Mér finnst þeir hafa nokkur rök að mæla. En þegar við finnum öruggari og fastari jörð undir fótum en hvor þessara kenninga hefur að bjóða, þá þurfum við ekki að stikla á steinvölum, sem rúlla undan fótum okkar.

Það er ekki hægt að sanna það ákveðnar, að Íslendingar ætli sér að verða fullvalda og sjálfstætt ríki, en ástandið í þessu hefur gert. Að það eru bæði vegalengdir og ýmislegt annað, sem veldur því, að á slíkum tímum geti Danmörk ekki einu sinni haft samband við Ísland, og þegar það dregst frá ári til árs, þá eru þetta viðbótarrök fyrir því, að þetta samband sé ekki lífvænlegt og að það hafi engan rétt á sér. En þar á ég við þennan almenna rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. talaði um, en ekki hinn, sem felldi niður sambandsl. undir öllum kringumstæðum.

Það var spurt hér í gær, og með nokkrum þjósti, hvaða breyt. hefði hér orðið á, að það séu hér menn, sem ekki vildu lengur byggja á vanefndakenningunni, heldur sambandsslitum á sáttmálanum sjálfum, hvaða breyt. hér hefði orðið á hjá þessum mönnum, sem gerðu að heimta skjölin á borðið. Þetta er einfalt mál. Það er orðin sú breyt., að það er fresturinn, sem við getum nú byggt á skilnað okkar við Danmörku, þ. e. a. s. á sambandsl. sjálfum. Það er vitað, að allir þeir aðilar, sem hafa að gera í sambandi við þetta mál, viðurkenna rétt okkar gagnvart sambandsl. Og þegar þetta er vitað, því þá ekki að nota þennan rétt? Hvers vegna þá að halda fast við gamlar hjólbörur sínar, ef maður er búinn að fá góðan bíl? Í viðbót við þessa

kenningu, sem hefur við rök að styðjast, þá hefur mér skilizt, að hv. 2. þm. Reykv. vilji ekki á öðru byggja en hinum heilaga rétti þjóðanna. Mér skildist á ræðu hans, að honum væri verr við að byggja nokkuð á samningsréttinum. Og þetta hefur að vissu leyti nokkuð til síns máls, að því leyti, að meðan staðið er í baráttunni, er það hinn heilagi réttur, mannlegi réttur og sögulegi réttur, sem staðið er á. Og þetta höfum við lengi gert, og þyrftum að gera ennþá, ef við hefðum engan samningsrétt. En ef við höfum samningsbundinn rétt, því þá ekki að nota hann? Úr því að Alþ. hefur beðið þar til í ár, þá þykir mér, að hér sé verið að óvirða alla sjálfstæðisbaráttu okkar, ef það vill ekki fara eftir sambandsl., því að sambandsl. 1918 eru árangur af langri og strangri baráttu, og þau voru samþ., af því að þau fela í sér réttinn til fullkominna sambandsslita við Dani.

Þennan rétt viljum við heimta, og því þá ekki að gera það samkv. þessum samningi, sem þjóðin hefur verið ánægð með um áratugi? Það getur aðeins verið ein ástæða til þess að afneita þessum rétti, og það er hræðslan við það, að þjóðin fengi ekki fullan skilnað, eða hræðslan við það, að færri en ¾ sæktu kjörfund og færri en ¾ af þeim greiddu atkv. með uppsögn sambandsl. En ef nú hægt væri að ná sameiningu hér á þingi og meðal þjóðarinnar um þessa till., ef það skyldi nást fullkomið samkomulag um hana, hvað er þá að óttast? Eigum við ekki að hressa okkur við og nota þennan rétt, í fullu trausti þess, að þjóðin ætli sér það líka? Með þessu, sem ég nú hef sagt, þá er ég ekki að fullyrða það, að við kannske komumst ekki upp með að fara aðra leið. En ég segi, að þetta er hin beina braut til að ná settu marki, og hún er okkur frjáls. Og því þá ekki að halda þessa leið? Og ég er raunar hissa á því, að ríkisstj. með forsrh. í broddi fylkingar skyldi ekki halda sér að þessu, í stað þess að koma með nýja kenningu, sem er í rauninni veikust af þeim kenningum, sem fram hafa komið.

Ég ímynda mér, að meiri hl. þjóðarinnar vilji fara þessa leið og þjóðin telji bæði öruggara og ánægjulegra, að ekki væri hikað við að fara þessa leið. Það er álitið mikilsvert að skapa einingu um þetta meðal þjóðarinnar. Þá er að gá að því, að þegar sköpuð er eining á þingi, þá verðum við líka að hafa augun á því, að sú eining sé um leið meðal þjóðarinnar og allt, sem orðið getur til þess að skapa þessa samstilltu einingu, ber að gera. Og ég vil bæta við, að það er allt gott, ef við Íslendingar stöndum saman sem einn maður. En það er þó eitt, sem við mættum bæta við, og það er, að það verði líka eining milli okkar og annarra þjóða, sem við höfum átt við að skipta, og þá væri fyrst fullkomin eining, og henni hygg ég megi ná með þeim hætti að byggja á sambandsl. En þó að í till., sem hér liggur fyrir, sé ekkert ákvæði um það, að eftir sambandslögunum sé farið, þá ber hún það með sér, að einfaldur meiri hl. ráði. Ég tel, að það væri kostur, ef það kæmi fram í till. sjálfri, að það verði ¾ hl. þjóðar, því að það skapar meiri einingu meðal þjóðarinnar en ella. Og svo er annað atriði, sem mér finnst vanta í till., og það er um það, að réttur Færeyinga hér framlengist um óákveðinn tíma. Við erum lítil þjóð gagnvart öðrum þjóðum, og Færeyingar eru lítil þjóð gagnvart okkur, og ég veit ekki, hvernig færi fyrir þeim, ef við tækjum þennan rétt af þeim. Það væri ekki gott, þegar við kæmum meðal stærri þjóða, ef við hefðum ekki sýnt þeim þessa miskunn. En ég hygg, að ekki verði ágreiningur um þetta atriði. En það varðar nokkru, hvernig við komum fram við þjóð, sem er minni en við.

Það er þetta um sambandsl. og niðurfelling þeirra. Við erum sammála um það, að sambandsl. verði ekki framlengd, og sammála, að það geti ekki verið ágreiningur um það, að við höfum rétt samkv. þeim sjálfum til þess að afnema þau. Og um hvað er þá verið að deila, ef eining næst og menn þurfa ekki að óttast, að mikil andstaða verði við atkvgr.? Svo er hitt annað mál, og í sjálfu sér óskylt, og það er um það, hvenær við eigum að skipta á konungdómi og forsetadómi. En um það er greint í stjskr., svo og, að til þess að samþ. fullnaðarbreyt. þurfi ekki nema einfaldan meiri hl. atkv. En ég tel sjálfsagt fyrir okkur að sýna alla gætni í sambandi við niðurfelling sambandslagasáttmálans.

Nú, þó að konungurinn sé enn þá að vissu leyti æðsti maður þjóðarinnar, höfum við rétt til þess að segja honum upp, og þá höfum við rétt til að standa á, að íslenzka þjóðin ráði sér sjálf og hvernig hún skipar æðsta valdið í landinu. En hitt getur verið umræðuefni, og getur verið þjóðinni ágreiningsatriði, hvernig og hvenær ber að beita þessum rétti. Nú stendur það í þessu frv., að þetta skuli ske fyrir 17. júní. Ég segi fyrir mitt leyti, að í fyrra, er menn fóru að koma með þetta ákvæði, þá var ég mótfallinn þeirri aðferð, að það sé verið að koma með dagsetningu langt fram í tímann, þegar rás viðburðanna er svo hröð og við vitum lítið, hvað framundan er. Þar fyrir er ég ekki að segja, að við eigum ekki að beita þessum rétti fyrir 17. júní eða 17. júní eða eftir 17. júní, ég er ekkert að segja um það á þessu stigi og tel, að Alþ. ákveði slíkt með tiltölulega stuttum fyrirvara. Nú segja menn alls konar hættur yfirvofandi, og ég heyrði tvo hv. þm. halda því fram, að stórhætta væri, ef stríðinu lyki áður en þetta væri leitt til lykta. En hvers vegna eru menn að setja þennan frest, ef stórhætta er á því, að stríðinu ljúki áður en hann er útrunninn? Því að segja 17. júní? Því segja menn ekki 15. febrúar, eins og bæjarstj. Seyðisfjarðar, og eitthvað þess háttar? Við getum ekkert sagt um það, hvernig ástandið verður í heiminum 17. júní. Við getum ekkert um það sagt, hvort stríðið verður búið eða hvort langt verður eftir. Getum ekkert sagt, hvernig þá verður háttað um okkar gamla konung og samband okkar. Það hefur komið fyrir þjóðina, að hún hefur viljað fresta hátíðahöldum vegna einhverra örðugleika. Og ég hef aldrei heyrt út á það sett. Og þeir möguleikar eru fyrir hendi, að þingið kjósi sér meira frjálsræði en svo, að í stjskr. sé þetta búið

að tjóðra við ákveðinn dag. Hitt væri hyggilegra, ef þessi ábyrgi meiri hl. og sú stj., sem stendur á bak við þann ákveðna meiri hl., segðu, að nú skyldum við hafa allt undirbúið, hafa ákveðið, að þingið notaði þennan rétt að láta fara fram þjóðaratkvgr., hvenær sem hentugt þætti, en að breyt. kæmi ekki í gildi, fyrr en Alþ. sjálft ákvæði. Það eru ýmsir menn hér, sem hafa verið utanrrh. og fengið að kenna á því, að í málum, sem ekki eingöngu varða þá sjálfa, getur verið betra að binda sig ekki of fast, hvað sem í kynni að skerast. En auk þess, hvað er heppilegt og sómasamlegt, eins og ég sagði, þá er þetta varhugaverður tími, og má búast við því, að þetta ár verði eitthvert örlagaríkasta ár mannkynssögunnar.

Það er venja sjómanna að hafa „klóna“ lausa, ef óvissa er framundan, og ég býst við, að hver þingmeirihl. og þingmeirihlstj. mundi hugsa eitthvað á líkan hátt í sambandi við þetta. Það hafa komið fram ýmsar raddir í sambandi við afnám konungsvaldsins. Við skulum fyrst virða fyrir okkur, hvað konungurinn er fyrir okkur Íslendinga. Hann er „suspenderaður“, og allir eru sammála um, að honum verði ekki fengin völdin í hendur aftur. Og fyrir utan þetta er hann varnarlaus. Hann getur ekki haft neina sérstaka þýðingu fyrir okkur, eins og t. d. að tákna þjóðernið, eins og hjá Dönum, eða þjóðasambandið eða alríkið, eins og hjá Englendingum. Slíkur konungur getur ekki reynzt okkur, og er það honum ósjálfrátt. Það er því ekki um það að ræða, að konungsvaldið sé ekki afnumið, heldur hið ytra form. Og það hefur verið hugmynd margra, að það væri æskilegt, að þessi atburður gæti verið hátíð, sem að vísu væri ekki haldin til minningar um það, hvað við, þessir stóru menn á Alþ., værum búnir að gera, heldur til minningar um þá miklu baráttu, sem staðið hefur á annað hundrað ár og var að mestu lokið áður en við komum til, þ. e. minningarhátíð og viðurkenningarhátíð, sem margir hafa þráð, að gæti farið fram í sambandi við slíka breyt. Og jafnvel hefur sumum mönnum dottið í hug, að þegar við höldum þá hátíð vegna þessarar síðustu formsbreyt. um konungsvaldið, þá væri viðeigandi, að hér í landinu gæti verið ríkisstj., sem styddist við meiri hl. þings, og í landinu þing, sem hefði meiri virðingu þjóðarinnar en þingið hefur nú sem stendur, og þjóð, sem er einhuga og þá innan um aðrar þjóðir, sem ættu ekki eins annríkt og þær nú hafa við það að hugsa um önnur efni. Ýmsum slíkum brevt. hafa menn óskað eftir í sambandi við þessi hátíðahöld. Og ég tek undir það, að hafi sár Danmerkur tekið á okkur árið 1940 og 1941, þá er enn meiri ástæða til að það, að Danmörk sé í sárum, hafi áhrif á okkur nú. Því að nú hefur Danmörk risið upp gegn ofurefli, hún hefur boðið því byrginn. Það eru blóðugir dagar í Danmörku nú, og konungurinn er í fangelsi. Og ég kann illa við það, að hér er talað um danska hermenn, rétt eins og Danir mundu, þegar þeir losna alblóðugir úr klóm nazista, þá mundu þeir ráðast á okkur. Þetta hefur ekki verið sagt með þessum orðum, heldur í þessum tón. Og við höfum ekki ástæðu til að espa Dani upp á móti okkur eða láta þá halda, að við búumst við illu af þeim. Þá erum við, ef við gerum það, að berjast við vindmylnur, sem við höfum sjálfir byggt upp. Og við höfum ekki heldur andstæðinga þar, sem eru þær þjóðir, sem voldugastar eru á höfunum.

Ég er því eindregið meðmæltur, að það sé ekki dagsetning í stjskrfrv., sem ákveður um gildistöku stjskr., heldur sé haldið í seglklóna af því viti, sem þingmeirihl. hefur á hverjum tíma, en dagsetningin sé ekki sett föst nú. Ef slík breyt. á stjskrfrv. gæti skilað til samkomulags, svo að þjóðin yrði meira einhuga heldur en ella, þá sé ég ekki, hvað þingmeirihl., þótt sterkur væri, ætti að geta haft á móti þessari breyt. Það má að vísu segja, að þetta eigum við ekki að draga of lengi. Og ef einhver kæmi með till. um það, hvað við ættum undir öllum kringumstæðum að draga þetta lengst fram yfir stríðslok, þá mundi ég mæla með henni. Ég veit ekkert um stríðslok, hvenær þau muni verða eða hvað skeður til stríðsloka. En ég vil, að hæstv. Alþ. hafi frjálsar hendur og hafi málið þannig tilbúið, að það hafi til engra að leita nema sjálfs sín um gildistöku stjskr. Ég get varla látið hjá líða að minnast á það, að ég kann þeim röksemdum mjög illa að segja, að friðurinn sé hættulegur fyrir okkur í þessu máli. Það er sagt svo, að ef eigi að draga okkur inn að friðarsamningaborðinu eins og óskilakind, hvað verði þá um okkur? Sambandinu við Danmörku verður þá slitið að öðru leyti en því, að sambandið við konunginn verður þá eitt eftir, ef því verður þá ekki einnig slitið, þegar að því kemur. Og það kemur ekki til umr. við það borð. Hv. þm. G-K. hefur t. d., eftir því sem ég hef frá honum heyrt undanfarin ár, alveg haft traust á þeim þjóðum, sem umlykja það haf, sem við búum í, þ. e. Norður-Ameríkuþjóðunum, Bretum og svo öðrum þjóðum, sem nú eru herteknar. Og ég hef aldrei heyrt hann tala með tortryggni í garð þessara þjóða, nema kannske nú, í því, hvaða hætta gæti stafað af þessu fólki, ef við segjum ekki að öllu upp sambandsl. nú. En höfum við ekki alltaf lagt þetta á hættu síðan 1918? Og var ekki gengið út frá því, að friður ætti helzt að komast á áður en gengið yrði frá þessum l. og helzt áður en gengið yrði frá sambandsslitum samkv. þeim sjálfum? Þetta hefur alltaf verið lagt á hættu. Og nú, þegar við erum búnir að stíga fyrsta sporið, sem við gerðum í upphafi þessa stríðs, þá er mikils um vert, að við temjum okkur réttar umgengnisvenjur við aðrar þjóðir, en að við séum ekki í innanlandsbaráttu okkar að vekja tortryggni með því t. d. að segja, eins og hv. 2. þm. Reykv. hefur sagt: Hvernig fer, ef hægri mennirnir komast að í Bandaríkjunum? Ég tel óheppilegt, að við séum með slíkt tal, sem getur vakið tortryggni. Ég þarf ekki frekar að svara þessu, vegna þess að hv. 6. þm. Reykv. vitnaði mikið í Wendel Willkie, sem er einn aðalforingi hægri manna í Bandaríkjunum og líklegastur er til þess að verða forsetaefni þeirra við næstu kosningar. Svona ganga kenningarnar á víxl. En það snertir

mig illa, þegar talað er að ástæðulausu af tortryggni í garð þeirrar þjóðar, sem við höfum ekki yfir að kvarta. En í þessu liggur viss klofningur, sem kannske kemur til með að varða meira sjálfstæði landsins heldur en annað, sem við erum að ræða um hér, klofningur í trausti manna á öðrum þjóðum, sem við eigum við að skipta, og í hinu, hvort við eigum stuðning að l. við þær till., sem við gerum nú, eða hvort við eigum að kasta öllu slíku fyrir borð og tala aðeins um hinn náttúrlega rétt. Sá réttur er að vísu undirstaðan undir allri réttarbaráttu okkar. En ef alltaf ætti að beita honum, þá væri ekki friðsamt meðal þjóðanna og ekki heldur í þjóðfélaginu. Því að það er margur náttúrlegur réttur, sem ekki er viðurkenndur með l., og ef menn ætla að sækja hann með höndunum, þá verður það vafasöm kenning. Ég get ekki tekið undir með þeim mönnum, sem eru að bera það, sem nú er að gerast árið 1944, saman við það, sem gerðist 1940. Og ég get ekki borið það, sem nú er að gerast, saman við það, sem gerðist 1851 og 1874, og mörg fleiri ártöl gæti ég nefnt. Mér virðist þeir, sem nú sitja hér á hæstv. Alþ., eigni sér með þessum samanburði nokkuð stóran skerf að þjóðfrelsisbaráttu okkar Íslendinga. Þær ákvarðanir, sem nú standa fyrir dyrum í sjálfstæðismálinu, eru undirbúnar af eldri baráttu, og það er lítið annað eftir í því efni en að beita þeim stimpli, sem fortíðin hefur fengið okkur í hendur. Og þegar okkur greinir á um hin smærri atriði í því, hvernig að þessu skuli farið, þá ættum við að geta fengizt við þau atriði á þann hátt, að það sé ekki eins og við ímyndum okkur, að við stöndum hér í slíkri sjálfstæðisbaráttu, að Jón Sigurðsson verði allt að því afsettur af þeim hetjum, sem hér eigast við. Og ég vil segja, að það er orðinn svo lítill lífskraftur eftir, bæði í sambandsl. og í konungsvaldinu, að það þarf hvorki að hafa hin sterkustu orð manna um það né heldur hafa hina mestu stífni í sambandi við till., sem fram eru bornar, eða annað í sambandi við þetta mál. Allir eru sammála um það, að við höfum rétt til þess að skilja við Dani, og við ætlum að skilja bæði við Dani og konungsvaldið. Undanfarin ár hafa sýnt, að þetta samband er óeðlilegt. Og erlendur konungur getur aldrei gert okkur hið sama gagn og innlendur þjóðhöfðingi. Og við erum líka sammála um það, að undir öllum kringumstæðum dragist ekki lengur en til 19. apríl 1944 að skipta á konungsvaldi og forsetavaldi. Og mér *finnst ekki, að það þurfi að detta gullhringarnir* af þeim stóru mönnum, sem hér hafa talað, þó að þeir ræði um það við aðra þingmenn, hvort *heppilegra muni ekki vera um þáltill. að fara að* sambandsl., og í öðru lagi að ríghinda sig ekki í stjskr. við fastan gildistökudag, í þriðja lagi um rétt Færeyinga hér á landi. Og í fjórða lagi vil ég nefna, hvort ekki sé öruggast að setja það í stjskr., að þjóðinni sé ætlað sjálfri að kjósa forsetann. Og það kann að vera ýmislegt fleira, sem aðrir kunna að vilja nefna. En ég tala um málið eins og það sé enn á umræðustigi og enn þá á samningastigi. Og ég sé ekki heldur, að það eigi að þurfa að óttast á neinn hátt um framtíð Íslands, *gæfu eða gengi, þó að nú séu enn hafðar umr.* um þetta mál. Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. En það eru margir, sem hér hafa talað þann *veg eins og samningar standi enn yfir og* þeir séu reiðubúnir til þess að athuga um breyt. á því, sem fyrir liggur, sem gæti orðið til öryggis og eng*in aukaáhætta stafar af. Og mér* þykir ekki illa horfa með samkomulag í þessum efnum, ef skynsamlega er á málum haldið.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Sú till. til þál., sem hér liggur fyrir og flutt er af hæstv. *ríkisstj., fer fram á:*

1. að lýsa yfir því, að niður sé fallinn sambandslagasamningurinn milli Dana og Íslendinga.
2. að allir danskir ríkisborgarar, sem þegar hafa öðlazt heimilisfesti á Íslandi, skuli, þar til öðruvísi verður ákveðið með lögum, halda *jafnrétti við íslenzka ríkisborgara.*
3. að þjóðaratkvæðagreiðsla skuli fara fram um þessa tillögu, og þurfi einfaldan meiri hluta til þeirrar samþykktar, og eru engin skilyrði sett um lágmark þátttöku.
4. að samþykki tveggja þinga þurfi til þess, að *tillagan öðlist gildi.*

Till. fjallar eingöngu um sambandsl. sjálf, en ekki um konungssambandið eða stofnun lýðveldis. Það er tekið til meðferðar í stjskrfrv. því, sem liggur fyrir neðri deild. Mun ég því ekki ræða hér þau atriði, heldur aðeins sambandsslitin sjálf og þessa þáltill.

Þessar umr., sem hafa staðið yfir í nokkra daga, hafa farið um of í annan farveg en ákjósanlegast hefði verið. Þær hafa að miklu leyti orðið uppgjör og ádeilur milli einstakra þm., og stjórnmálaflokka um fortíð þeirra og fyrri yfirlýsingar, stefnuhvörf o. fl. Ég hefði kosið fremur, að umr. hefðu snúizt um meginefni málsins: Hvort till. þessi um sambandsslit er byggð á öruggum réttargrundvelli.

Hv. 4. þm. Reykv., *Stefán Jóh. Stefánsson*, hefur ekki aðeins dregið í efa, heldur jafnvel mótmælt því ákveðið, að sambandsslit samkv. till. væru lögleg. Hann virðist telja, að þau séu lögleysa. Alþ. og íslenzka þjóðin væru að fremja réttarbrot að alþjóðal., ef þessi þáltill. yrði samþykkt. Hinu sama hefur verið haldið fram af mörgum greinarhöfundum í ritlingi þeim, er út kom fyrir skömmu og nefnist: „Ástandið í sjálfstæðismálinu“, enn fremur í *ávarpi fjórtánmenninganna og í blaðinu* „Varðbergi“.

Meginrökin í máli þessu hafa komið fram í blöð*um og tímaritum, og má sérstaklega varðandi rift*ingarréttinn nefna grein hv. 6. þm. Reykv. í „Andvara“ 1941. En þessi rök hafa ekki verið dregin *fram ýtarlega í þessum umr.* Ég tel því rétt að rekja þau nokkuð frá mínu sjónarmiði og ræða nánar þá leið, sem 18. gr. sambandsl. gerði ráð fyrir.

Sú réttarregla, sem hæstv. Alþ. — og *ríkisstj.* að mínum skilningi — byggja hin fyrirhuguðu sambandsslit á, er regla þjóðaréttarins um, að samningsaðili megi rifta samningi, segja sig lausan frá honum,

ef gagnaðili fullnægir ekki fyrirmælum samningsins. Þessi regla gildir ekki aðeins í þjóðarétti, heldur einnig landsrétti um samninga manna í milli. Hún er nefnd reglan um samningsrof eða vanefndir.

Í umr. um sambandsl. hefur heitið „vanefndir" aðallega verið notað um þetta tilvik, „vanefndakenning" og „vanefndaréttur".

En af hálfu þeirra, sem fylgja frestun í máli þessu, hefur orðið „vanefnd" verið gersamlega misskilið og rangtúlkað. Vanefnd að l. er algerlega hlutlaust orð og hugtak að því leyti, að það á jafnt við, hvort sem aðili fullnægir ekki samningi af ráðnum hug eða honum að ósekju, t. d. vegna þess, að hann getur ekki fullnægt honum fyrir þá sök, að annar hefur gert honum það ómögulegt. Vanefnd tekur yfir þetta hvort tveggja, bæði að landsl. og þjóðarétti.

Þessi misskilningur hefur einkum komið fram hjá mönnum, sem hafa ekki numið lögfræði og er því e. t. v. ókunnugt um þetta réttarhugtak. Þess vegna segir einn greinarhöfundur í „Ástandinu í sjálfstæðismálinu", bls. 47, að vanefndatalið sé smekklaust, því að Danir hafi gætt þess að halda sambandsl. í öllum þeim greinum, er þeir gátu.

Annar frestunarmaður segir í „Andvara" í fyrra, bls. 32: „Hefur þó að sjálfsögðu orðið að viðurkenna, að hér er ekki um neina sök af Dana hálfu að ræða, eins og legið gæti í orðinu".

Þessi mistúlkun er mjög skaðleg, því að hún hefur afvegaleitt hugi sumra á þá lund, að Alþ. væri að ásaka Dani fyrir samningsrof. Vitanlega er enginn svo fávís, að honum detti í hug að saka Dani um það, að sambandsl. hafi orðið óframkvæmanleg.

Vanefnd á jafnt við sjálfráð sem ósjálfráð atvik. Ef A gerir vinnusamning við B um að koma í vinnu til hans ákveðinn dag, en svo líður mánuður og hann kemur ekki, er það vanefnd á samningnum af hendi A, þó að ástæðan sé sú, að hann hefur lagzt veikur eða er hafður í haldi af stigamönnum. B. getur rift þeim samningi, þó að A eigi vitaskuld enga sök á því, að hann kom ekki til vinnu á tilskildum degi. Eins er um þjóðaréttinn.

Ég tel nú rétt að rekja hér nokkru nánar reglurnar um áhrif vanefnda og rétt til riftingar samnings af þeim sökum.

Ekki skapar hvers konar vanefnd rétt til riftingar, hvorki í landsrétti né þjóðarétti. Þar hefur tvennt áhrif. Í fyrsta lagi: er vanefndin veruleg eða óveruleg, þ. e. snertir hún mikilvæg atriði samningsins eða smávægileg eingöngu. Í öðru lagi: á gagnaðili sök á vanefndinni, var tilgangur hans að rjúfa samninginn, eða var honum það ósjálfrátt. Síðara atriðið, sök eða sakleysi, hefur að l. minni þýðingu af eðlilegum ástæðum. Þeim, sem fyrir vanefndinni verður, er hún oftast jafntilfinnanleg og getur valdið sama tjóni, hvort sem hún var gagnaðila að kenna eða ekki.

En fyrra atriðið skiptir meira máli. Í landsrétti allra Norðurlandaþjóða og flestra annarra veitir veruleg vanefnd samnings riftingarrétt, án tillits til sakar eða sakleysis, en óveruleg vanefnd yfirleitt ekki. Í þjóðarétti er það viðurkennt af öllum þjóðréttarfræðingum, sem ég þekki til, að veruleg vanefnd veiti þeim, er fyrir verður, riftunarrétt, hvort sem hún er sjálfráð eða ósjálfráð. En riftingarréttur í þjóðrétti er að því leyti viðtækari en að landslögum, að jafnvel óveruleg vanefnd getur skapað riftingarrétt. Um nánari skilyrði hans eru þjóðréttarfræðingar ekki sammála. Sumir telja hann alltaf heimilan, en aðrir aðeins ef aðili á sök á vanefnd.

Það, sem hér liggur fyrir, er því að athuga, hvort um verulega vanefnd er að ræða á sambandsl. Ef svo er, tel ég, að allir þjóðréttarfræðingar séu samdóma um riftingarréttinn. Til þess að gera því efni skil þarf að athuga sambandsl. og einstakar gr. þeirra.

1. gr. samningsins er yfirlýsing um, að Ísland og Danmörk séu frjáls og fullvalda ríki. 2.—5. gr. fjalla um konungserfðir o. fl. Engin þessara gr. snertir þetta mál. Nokkrar aðrar gr. samningsins hafa ýmist enga þýðingu lengur eða skipta ekki máli um þetta atriði. 9. gr. fjallar um myntskipun landanna, 10. gr. um hæstarétt, 11. gr. um skipting kostnaðar milli landanna af meðferð mála, 12. gr. um samninga um ýmis mál, er snerta báða aðila, svo sem samgöngumál, verzlunarmál o. fl., 13. gr. segir, að þær 60 þúsundir, sem ríkissjóður Danmerkur hefur greitt til Íslands, og Garðsstyrkur, falli niður, 14. gr. um sáttmálasjóð, 15. gr. um að hvort land fyrir sig ákveði, hvernig hagsmuna þess skuli gætt í hinu landinu, 16. gr. um dansk-íslenzka ráðgjafarn. og 19. gr. um að Danmörk tilkynni erlendum ríkjum, að hún hafi viðurkennt Ísland fullvalda, og að Ísland lýsi yfir ævarandi hlutleysi og hafi engan gunnfána. Þessar gr. virðast ekki skipta máli í þessu sambandi. 17. gr. fjallar um gerðardóm, ef ágreiningur verður um skilning á ákvæðum sambandsl., og 18. gr. um form og aðferð við uppsögn samningsins.

Það eru aðeins þrjár gr. samningsins, sem fjalla um þýðingarmikil efnisatriði, er hér koma til athugunar. Fyrst er 6. gr., um jafnréttisákvæðið. Það er framkvæmt af báðum aðilum, að því er bezt er vitað. Næst er 7. gr., en upphaf hennar er á þessa lund: „Danmörk fer með utanríkismál Íslands í umboði þess". Hér er komið að einu allra veigamesta ákvæði sambandsl., ef ekki því veigamesta. Utanríkismálin eru ein þýðingarmestu og viðkvæmustu mál hverrar þjóðar. Það er tvímælalaust, að Íslendingar hafa jafnan litið á 6. og 7. gr. samningsins, jafnréttisákvæðið og meðferð utanríkismálanna, sem meginatriði þessa samnings. Danir hafa ekki getað rækt í tæp fjögur ár þá meðferð utanríkismála Íslands, sem þeim er falin samkv. 7. gr. Á þessu tímabili hefur ekki verið unnt að ná til utanrrh. eða utanrrn. Dana. Danskir sendiherrar og ræðismenn hafa ekki getað sinnt þessum störfum. Vér höfum sjálfir orðið, síðan 1940, að byggja upp vora eigin utanríkisþjónustu, sendisveitir, sendiherra og ræðismenn.

Í 8. gr. segir, að Danmörk hafi á hendi gæzlu fiskveiða í landhelgi undir dönskum fána, þar til Ísland kynni að ákveða að taka hana í sínar hend-

ur að öllu eða nokkru leyti á sinn kostnað. Að því leyti sem Danir höfðu þessa gæzlu enn á hendi í ársbyrjun 1940, hafa þeir ekki getað framkvæmt sinn hluta af henni.

Af þessum þrem efnisatriðum sambandsl., 6., 7. og 8. gr., hefur því tveim ekki verið fullnægt síðan er Danmörk var hernumin, og er annað þeirra sjálf utanríkismálin. Enginn mun geta vefengt, að hér er um veruleg atriði samningsins að ræða, að vanefnd þeirra er veruleg og jafnvel alger, og riftingarréttur því tvímælalaus. En ofan á þetta bætist, að konungur, sem var grundvöllur undir sjálfum sambandsl., gat ekki, síðan Danmörk var hernumin, rækt störf sín sem þjóðhöfðingi Íslands. Það gerir rétt og rök Íslendinga til riftingar að meiri.

Að vísu mætti orða, að jafnvel þótt vanefnd snerti veruleg atriði samnings, væri einhliða rifting ekki heimil, ef vanefndin stæði mjög stuttan tíma. Því er ekki til að dreifa hér. Hún hefur staðið yfir nærfellt fjögur ár, og í fullkominni óvissu nú, hvenær henni lýkur.

Samkv. hinni svonefndu vanefndakenningu tel ég því, að Íslendingar hafi öruggan réttargrundvöll til að segja upp sambandssamningnum.

Eini lögfræðingur íslenzkur, sem til skamms tíma hefur vefengt þennan rétt, hefur numið fræði sín í Danmörku undir handleiðslu prófessors Knud Berlin, sem lengst af hefur beitt sinni miklu þekkingu gegn íslenzkum málstað, enda gerir þessi lögfræðingur í ritsmíðum sínum yfirleitt allar lögskýringar Berlins að sínum.

Nú hefur bætzt við hv. 4. þm. Reykv. Það er nýtt fyrirbæri. Hann hefur áður viðurkennt riftingarréttinn með afstöðu sinni 17. maí 1941 og einnig með undirskrift sinni undir nál. stjskrn. 7. apríl 1943. Mér virðast eiga við orð Benedikts Sveinssonar um Halldór Kr. Friðriksson í lagaskólamálinu forðum, þegar Halldór Kr. Friðriksson, sem ár eftir ár hafði flutt það mál, lagði á gamals aldri á móti því. „Hann er búinn að greiða svo oft atkvæði með, að það er lítt takandi mark á því, þótt hann greiði nú einu sinni atkvæði á móti". Hv. 4. þm. Reykv. er svo oft búinn að greiða atkv. með riftingarréttinum, að það verður að taka því með varúð, þó hann fari nú að vefengja hann.

Gagnvart riftingarréttinum eru engin rök færð nema þau, að hann sé vafasamur og umdeildur. Ég tel mig hafa leitt rök að því, að hann er ekki vafasamur.

Því er haldið fram, að ríkisstj. hafi ekki treyst sér til að byggja á vanefndakenningunni. Hún hafi byggt afstöðu sína á öðru en riftingarréttinum. Á það get ég ekki fallizt. Í yfirlýsingu sinni frá 1. nóv. 1943 leggur hún áherzlu á, að það ástand, sem ríkt hefur undanfarin tæp fjögur ár, skapi oss rétt til sambandsslita. Þetta getur ekki þýtt annað en að samningurinn hafi þennan tíma verið óframkvæmanlegur og því vanefndur. Ég get ekki skilið afstöðu og yfirlýsingu ríkisstj. á annan veg en þann, að hún byggi á nákvæmlega sömu hugsun og réttarafstöðu eins og ég hef verið að gera tilraun til að skýra. Það er sama hugsunin, að við höfum orðið að taka málin í okkar hendur, sem Danmörk átti samkvæmt samningnum að sjá um.

Loks vil ég til viðbótar geta þess, að Danir hafa viðurkennt, að vér höfum haft rétt til ákvarðana vorra 1940. Í því felst viðurkenning þeirra á því, að þeir hafi ekki getað fullnægt sambandssamningnum að því er þessi mál varðar.

Næsta atriði, sem ég vildi ræða, er sú kenning hv. 4. þm. Reykv., að jafnvel þótt við hefðum rétt til riftingar, yrði sambandslagasamningurinn ekki heldur samkv. þeim rétti felldur úr gildi með öðrum hætti en samkv. 18. gr. samningsins, þ. e. að samþykki ⅔ hl. þm. þyrfti, og enn fremur ¾ kjósenda, bæði um þátttöku og jáyrði. Hv. þm. rökstuddi þetta þannig: Sambandslögin eru enn í gildi. Þau eru ekki niður fallin, eins og sumir virðast álíta. Þess vegna verðum við að fara eftir 18. gr. þeirra, ef við viljum afnema samninginn, þó að það afnám sé byggt á riftingu eða vanefndarétti. Þess vegna telur hann, að þáltill. fullnægi ekki gildandi ákvæðum sambandsl., þar sem í henni sé aðeins áskilinn einfaldur meiri hl. á þingi og með þjóðinni, í stað hins aukna meiri hl. samkv. 18. gr.

Það atriði er rétt, að samningurinn er enn formlega í gildi. Til þess að fella hann niður nægir ekki vanefndin ein, heldur þarf til að koma yfirlýsing um, að ríkið ætli að segja upp samningnum hennar vegna. En að öðru leyti er þessi kenning ekki rétt. Hún er byggð á þeim misskilningi, að með riftingu vegna vanefnda riftum við aðeins vissum hlutum sambandslagasamningsins, þá líklega helzt 7. og 8. gr., um utanríkismál og landhelgisgæzlu. En hið rétta er, að vegna vanefnda á verulegum, jafnvel mikilvægustu ákvæðum samningsins, riftum við samningnum í heild, 1.—19. gr., að báðum meðtöldum, og öllu, sem þar er á milli. Á því er ekki snefill af vafa, að veruleg vanefnd á mikilvægum atriðum heimilar riftingu samningsins í heild og þar með 18. greinar. Það þýðir, að Íslendingar hafa sjálfdæmi um aðferð uppsagnarinnar. Þeir geta áskilið einfaldan meiri hl. eða aukinn meiri hl. eftir vild, alveg án tillits til 18. gr., sem með riftingu samningsins er úr gildi fallin eins og aðrar greinar hans.

Þetta má skýra nánar með einföldu dæmi: Maður gerir húsaleigusamning eða vinnusamning með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Annar aðili efnir ekki samninginn í mikilvægum atriðum. Þá er hinum heimilt að lýsa samninginn úr gildi *fyrirvaralaust*. Með öðrum orðum: honum er ekki aðeins heimilt að segja upp samningnum með þessum þriggja mánaða fyrirvara, heldur gerir vanefndin og riftingarrétturinn það að verkum, að hann getur *rift samningnum í heild*, þ. á m. ákvæðinu um þriggja mánaða uppsagnarfrest.

Ég hef gert riftingarréttinn allýtarlega að umræðuefni, vegna þess að mér þykir sem þessi fyrri umr. megi ekki hjá líða án þess að fram komi sem gleggst þau rök, sem hin fyrirhuguðu sambandsslit byggjast á, og til þess að uppræta þann

misskilning, sem mjög hefur verið ríkjandi um riftingarrétt og vanefndakenningu.

Ég vænti, að af þessu sé ljóst, að ég tel till. hæstv. ríkisstj. reista á fullum rökum og rétti.

Nú má vera engu að síður, að einhverjir séu tortryggnir gagnvart þessum riftingarrétti. Vér skulum því taka til athugunar, hvort ekki muni einnig vera til annar réttargrundvöllur, er heimili oss einhliða uppsögn, til viðbótar þeim rétti, sem ég nú hef lýst, og gæti hann þá orðið okkur styrkur, ef einhverjir kynnu að vera í vafa um vanefndaréttinn.

Ein leiðin, sem orða mætti um uppsögn sambandsl., er þessi: að fylgja strangasta bókstafsskilningi þeirra: Þar sem endurskoðunar hafi enn ekki verið krafizt, og hennar sé í rauninni ekki hægt að krefjast fyrr en í stríðslok, verði að líða þrjú ár frá því, er sú krafa kemur fram, til einhliða uppsagnar. Þessi leið er svo ósanngjörn og skilningurinn svo óeðlilegur, að enginn getur ætlazt til, að hún sé farin. Þess vegna eru frestunarmenn einnig fallnir frá því að halda þessu fram. En þeir benda nú á annan skilning og aðra leið. Hún er þessi: Ályktun Alþ. 17. maí 1941, um að sáttmálinn verði ekki endurnýjaður, megi skoða sem kröfu um endurskoðun, og því megi slíta sambandinu einhliða þrem árum eftir að sú krafa kom fram, sbr. 18. gr., eða með öðrum orðum 19.—20. maí 1944, og er þá miðað við það, hvenær Danastjórn varð kunnugt um þá ályktun.

Þessi skilningur er að vísu vefengdur af ýmsum, enda hefur ályktunin tæplega verið hugsuð þannig af Alþ. Þannig virðist þó hafa verið litið á af dönsku stjórninni, og það hefur sína þýðingu, því að Danir ættu þá ekki að geta vefengt, ef eftir þessari leið er farið.

En jafnvel þótt gengið væri inn á þennan skilning, eru allar líkur til, að ályktunartill., sem fyrir liggur, fullnægi henni. Gangur málsins verður vafalaust þessi:

Till. verður samþ. nú. Síðan fer fram þjóðaratkv., sem tæplega getur orðið fyrr en í vor. Alþ. samþ. till. síðan endanlega, vafalaust eftir 17.—20. maí.

Þriðja leiðin, þriðji skilningurinn sýnist mér þó langeðlilegastur og sanngjarnastur.

Hann er í stuttu máli á þessa leið:

Fyrir 1940 hafði því verið skýlaust yfir lýst af Alþ., sbr. ótvíræðar yfirlýsingar allra flokka 1928 og ályktun Alþ. 1937, að vér mundum neita uppsagnarákvæðis sambandsl. svo fljótt sem lög leyfðu. Þ. e. krefjast endurskoðunar strax í ársbyrjun 1941, endurnýja ekki samninginn, segja honum svo upp í ársbyrjun 1944.

Þessi ákvörðun, þessi stefna var bæði Dönum og Íslendingum kunn. Ef ekkert óvænt hefði fyrir komið, værum vér því nú að ganga frá sambandsslitum samkv. 18. gr. sambandsl.

Í ársbyrjun 1941 var hins vegar orðið ómögulegt, að endurskoðun færi fram. Þess vegna var tilgangslaust að krefjast hennar. Þessi ómöguleiki stafaði af hertöku Danmerkur. Ég get ekki fallizt á, að sú staðreynd, að Danmörk var hernumin og henni ómögulegt að semja, geti svipt oss nokkrum rétti eða frestað möguleikum vorum til fullrar uppsagnar. Þetta þýðir, að vér eigum að njóta sömu kjara og ef allt hefði verið með felldu. Ómöguleikinn á því að semja kom þannig í stað kröfunnar um endurskoðun. Ég trúi því ekki, að neinn alþjóðadómstóll mundi líta svo á, að vér ættum að verða fyrir þeim réttarspjöllum að þurfa að bíða sambandsslita, af þeirri ástæðu, að Danir gátu ekki samið. Mér finnst þessi skilningur eðlilegastur, og samkv. honum höfum vér því nú, í janúar 1944, ótvíræðan rétt til einhliða uppsagnar samkv. 18. gr. sambandsl. Og vissulega væri það kaldhæðni, ef samningurinn, sem átti að tryggja oss yfirráð allra íslenzkra mála eftir 25 ár frá 1918, yrði til þess að hindra, að vér fengjum þessi yfirráð nú.

Þessum skilningi, þessum réttargrundvelli fyrir einhliða uppsögn vil ég bæta við vanefndaréttinn, ef þau ólíkindi yrðu, að hann yrði vefengdur að lokum af Dönum eða alþjóðadómstóli.

Því má að vísu varpa fram eftir þessum skilningi, hvort ætti að heimta ⅔ og ¾ atkv. samkv. 18. gr. Ég er sannfærður um, að hvor tveggja meiri hl. náist, og það er fjarstæða að láta sér detta annað í hug. Ég tel, að það væri til athugunar fyrir þá n., sem fær málið til meðferðar, hvort rétt væri að setja í till. ákvæði um hinn aukna meiri hl. Ef það mætti áorka því að ná samkomulagi milli allra flokka í Alþ. og allra hv. þm., tel ég það mjög mikils virði. Fullt samkomulag um þetta mikla mál mundi verða okkur Íslendingum styrkur og sómi inn á við og út á við.

Þeirri skoðun, að endurskoðun hafi verið óframkvæmanleg og krafa um hana því þýðingarlaus, hefur verið mótmælt af einum manni, en það er í hinni fyrrnefndu gr. í Andvara frá 1943. Þar segir greinarhöfundur, á bls. 38, að það sé hrein fjarstæða, að ekki hafi verið hægt að koma á framfæri kröfu Íslendinga um endurskoðun. A. m. k. hafi ekkert verið hægara en að koma henni til danska sendiherrans í Reykjavík. En jafnvel þótt það hefði verið gert, varð sendiherrann annaðhvort að fara eftir fyrirmælum dönsku stj. í Kaupmannahöfn, sem var undir þýzku áhrifavaldi og því ekki sjálfráð gerða sinna, eða hann varð að fara eftir eigin höfði, og þá var viðbúið, að gerðir hans yrðu vefengdar og að engu hafðar af stj. Danmerkur.

Þetta var því jafnómögulegt og hitt hefði verið, að láta utanríkismál okkar vera áfram í höndum dönsku utanríkisþjónustunnar, eftir að hún var komin undir þýzk áhrif.

Nú hefur danska stj. litið á ályktun Alþ. frá 17. maí 1941 sem kröfu um endurskoðun sambandslagasamningsins, án þess að hún hafi gert neitt til þess, þá eða síðar, að endurskoðun færi fram, t. d. með því að tilnefna samningamenn. Það sýnir, að danska stj. hefur talið viðræður um endurskoðun óframkvæmanlegar. Kenning Andvarahöfundarins hefur því hvorki stoð í íslenzkum skilningi né í skilningi danskra stjórnarvalda.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að ég tel, að till. sú, sem fyrir liggur, sé í samræmi við alþjóðal., hvort sem vér byggjum á riftingar-

og vanefndaréttinum eða á hinum eðlilegasta skilningi á 18. gr. sáttmálans, miðað við þau atvik, sem skapazt hafa. Ég tel því till. byggða á öruggum og ótvíræðum réttargrundvelli.

Ég hef vikið hér að hinum lagalega rétti. Í umr. hafa verið rakin hin sögulegu rök Íslendinga til þess að ráða einir öllum sínum málum. Það hefur verið lýst sjálfsákvörðunarrétti þjóðanna, og þarf ég engu við þær umr. að bæta.

En athugum þá næst hin siðferðislegu viðhorf. Hv. 4. þm. Reykv. hafði það eftir Knud Berlin, að hvað sem liði hinum lagalega rétti, væri siðferðislegur réttur Íslendinga til sambandsslitanna neðan við allar hellur.

Einn þeirra, sem skrifað hefur í ritið „Ástandið í sjálfstæðismálinu", segir á bls. 89, að sér fyndist það viðbjóðslegur endir sjálfstæðisbaráttu vorrar, að vér þægjum í rauninni hina síðustu frelsisskrá vora úr föðurhöndum böðla Norðurálfunnar.

Að vísu sýnir veraldarsagan, að margar þjóðir hafa fengið sjálfstæði sitt upp úr styrjöldum, og má jafnvel segja, að margar þeirra eigi styrjöldum fullveldi sitt að þakka. Vér burfum ekki að fara lengra aftur en til stríðsins 1914—1918 til að minnast þess, hver áhrif sú styrjöld hafði á sjálfstæði margra þjóða. Og hún átti vissulega mikinn þátt í því, að Íslendingar fengu fullveldi. Það er því lítt skiljanlegt, hvað greinarhöfundur sér viðbjóðslegt í því, að rás viðburða færi þjóðum sjálfstæði. En sleppum því.

Það, sem vér Íslendingar erum að gera, er það eitt að taka þann rétt, sem sambandslagasamningurinn gerði ráð fyrir, að vér fengjum þegar eftir árslok 1943. Vér erum að festa það ástand, sem verið hefur um fjögurra ára skeið. Hvað er viðbjóðslegt í því? Hvað gerum vér Dönum til miska, þótt vér losum þá við sáttmálaskyldur, sem vafasamt er, hvort þeir óska framar að standa undir? Er það árás á Danmörku, að vér tökum utanríkismál vor í eigin hendur eða landhelgisgæzlu? Er það ósiðlegt eða móðgun að slíta sambandsl. eftir 25 ár, eins og Danir sjálfir samþ. 1918 — og hafa alltaf vitað, að vér mundum gera?

Eftir slíkum ummælum og orðum fleiri frestunarmanna mætti ætla, að vér Íslendingar værum að leggja undir okkur Dani, kúga þá með einokun, til að auðga íslenzka kaupsýslumenn, selja þeim maðkað mjöl og fúinn við.

Ég efa ekki, að ýmsum þeirra, er vilja frestun málsins, gengur gott eitt til. En hvatir frestunarmanna eru svo ólíkar, að varla er hægt að tala um þá í sömu andránni. Fyrir sumum mun vaka samúð með Dönum í þrengingum þeirra, fyrir öðrum kann það að vera virðing fyrir lögum, rétti og samningum. Og mér er kunnugt um, að þannig litu margir af hinum 270 undirskrifendum á. Fyrir enn öðrum kann að vaka, að betra sé að bíða, unz unnt sé að semja við Dani um endurheimt skinnbóka og forngripa, sem vér eigum hjá þeim í geymslu. En loks eru þeir, sem í raun og veru eru að villa á sér heimildir. Þeir heimta frest, en eru í reynd andvígir skilnaði. Það, sem þeir vilja, er að halda við konungssambandinu og sambandslagasamningnum, lítt eða ekki breyttum.

Ég þekki að vísu enga slíka menn innan þings, en mér er kunnugt um þá utan þings. Enda hafa sumir þeirra lýst þeim vilja sínum skýrt og skorinort áður fyrr, þótt nú sé dregin fjöður yfir, til þess að hylja hinn raunverulega tilgang. Þessir menn segja ekki nú: Við viljum halda sambandinu vegna þess, að það er gagnlegt fyrir Íslendinga. Nei, þeir segja: Við viljum ekki ráðast á bræðraþjóð í sárum. Þá samúð með bræðraþjóðinni, sem er svo rík í hugum Íslendinga, vilja sumir þessara frestunarmanna nota til að hylja sinn innri hug: að koma í veg fyrir skilnað. Einn frestunarmanna talaði um viðbjóðsleg endalok sjálfstæðisbaráttunnar. Ef eitthvað í þessu mikla máli er viðbjóðslegt, þá er það framkoma *þessara* manna.

Samvinna vor við aðrar Norðurlandaþjóðir mun engan hnekki bíða, þótt sambandslagasamningurinn sé úr gildi felldur, heldur hverfa með honum ýmsar hindranir úr vegi.

Grundvallarskilyrði norrænnar samvinnu er fullkomið jafnrétti hinna norrænu þjóða. Oft hefur gætt tortryggni og misskilnings milli Dana og Íslendinga. Einnig á hinum síðari árum. Danir hafa oft reynt að koma fram sem yfirþjóð. Þá sögu má segja t. d. frá ýmsum mótum, þar sem mætt hafa fulltrúar Norðurlandanna allra. Við Finna, Norðmenn og Svía hefur oss fallið ágætlega og farið vel á. En hvað eftir annað hefur misklíð og misskilningur komið upp milli Íslendinga og Dana. Ég er sannfærður um, að eins og sambúð Norðmanna og Svía batnaði stórum, eftir að þeir slitu ríkistengsl sín, muni fljótt batna milli okkar og Dana, eftir að skilnaður er alger.

Frá nokkrum blöðum á Norðurlöndum hafa komið aðvaranir. Þar virðist talið hættulegt, ef vér tökum öll vor mál í eigin hendur.

Ég átti þess kost á einu norrænu móti, fyrir 9 árum, að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að Íslendingar mundu, strax og lög leyfðu, segja upp sambandslagasamningnum og taka sjálfir öll sín mál í eigin hendur, og að þetta mundi ekki spilla norrænni samvinnu, heldur greiða fyrir henni. Eftir kynnum mínum af norrænum stúdentum á því móti, verður riftun sambandsl. og stofnun lýðveldis á Íslandi innan skamms tekið með skilningi á öllum Norðurlöndum, þótt fram kunni að koma *misskilningur í bili. En ef* það er skilyrði fyrir samvinnu Norðurlanda, að Danir hafi yfirráð yfir málum Íslendinga, þá vil ég ekki kaupa norræna samvinnu því verði.

Að lokum vil ég biðja þá n., er fær málið til meðferðar, að taka eftirfarandi atriði til athugunar:

Í fyrsta lagi, hvort 2. liður till. er ekki of þröngur, þar sem jafnréttið er bundið við þá, sem þegar hafa öðlazt heimilisfesti á Íslandi, og á ég þar fyrst og fremst við fiskveiðar Færeyinga hér við land.

Í öðru lagi, hvort ekki væri rétt að setja í till. ákvæði um, að ¾ hl. atkv. þyrfti við þjóðaratkvgr.

Og í þriðja lagi, hvort þetta form, þingsályktun, er

fullnægjandi til að tryggja fyrst um sinn, þangað til endanlega er gengið frá samningum, jafnrétti danskra ríkisborgara, sem hér eru nú búsettir; hvort ekki þarf að setja bráðabirgðaákvæði í stjskrfrv. Ég geri ekki ákveðnar till. um þessi atriði, en varpa þeim fram til athugunar.

Stefán Jóh. Stefánsson: Á þeim fáu mínútum, sem hæstv. forseti hefur leyft mér til aths., get ég aðeins örfáu svarað, þótt umr. hafi gefið mér miklar ástæður til þess að tala alllangt mál. Ég hefði óskað, að ræða hv. þm. Snæf. (GTh) hefði komið fram fyrr, því að bæði er gott að ræða við þann, sem fer svo hóflega og stillilega með máli sínu, og fram komu hjá honum þau flóknu atriði, sem þyrftu ýtarlegrar umr. En bæði virtist mér hann fara létt yfir sögu um vanefndakenninguna og rétt okkar til riftingar. Ég álít það flóknara mál en svo, að þessi almennu orð þm. gætu nægt nokkrum gætnum manni. Sú kenning, sem á að vega þungt í málinu, að ég sé tvisvar búinn að ganga inn á vanefndaréttinn, fyrst með því að fylgja samþ. Alþ. 17. maí 1941 og síðar með því að undirrita nál. 7. apríl s. l., er lítið annað en hugarburður, eins og ég er búinn að skýra. Það lágu fyrir 1941 álitsgerðir um hinn umdeilda rétt okkar til einhliða samningsslita, og ég vildi ekki fyrirbyggja, að leitað yrði þess réttar, þótt vafasamur væri, ef nauðsyn krefði þess að gera það. Í nál. frá 7. apríl minnist ég hins vegar ekki, að vanefndakenningarinnar sé getið að neinu. Í bókum þeirra fræðimanna, sem um slíkar samningsaðstæður sem þessar hafa fjallað, svo sem Oppenheim's og Antalossi, auk þess sem nefna má dr. jur. Einar Arnórsson, þar er að finna ýmsar kenningar, sem vafasamt er þó, að nota megi um þessar kringumstæður. Hér er ekki tími til að ræða það nánar.

Hv. þm. Snæf. viðurkenndi, að sambandslagasamningurinn væri enn í gildi að forminu til, og er hann í því fremri ýmsum flokksbræðrum sínum. En hann vildi ekki fallast á, að fylgja þyrfti ákvæðum 18. gr. samningsins við uppsögn hans. En hví eigum við að tefla á tvær hættur um það? — Ég vísa um það efni til frumræðu minnar. Út frá þessu öllu saman fór hv. þm. Snæf. að minnast á þá leiðina að fylgja ákvæðum samningsins við uppsögnina, og hefði þurft að fylgja því efni betur eftir. Það kom fram í greininni í Andvara, að gera varð ráð fyrir, að samkomulagsumleitanir færu fram milli vor og Dana eftir 19. maí 1941. Það mun ekki fyrir standa, þótt umleitanir þær yrðu engar. Í sambandi við það atriði vildi ég minnast á, hvort ekki mundi vera nægilegt, að lokaákvörðunin um sambandsslit færi fram eftir 19. eða 20. maí n. k., þótt búið yrði áður að samþ. þau á fyrri stigum málsmeðferðarinnar, og frá mínu sjónarmiði tel ég það nægilegt, ef þjóðaratkvgr. fer fram að 19. eða 20. maí liðnum. Mér virðist koma þar til greina gamla stærðfræðireglan, að sama sé í hvaða röð margfaldað sé með faktorunum. Formleg lokaákvörðun verður það ekki, þótt Alþ. byggi málið áður undir þjóðaratkvæðagreiðsluna.

Ég hef því miður engan tíma til að víkja að ræðu hv. þm. Snæf. Hún var prúðmannleg og eins vel rökstudd og málstaður hans leyfði.

En það var viðvíkjandi hinum 270, þótt ég hafi ekkert umboð til að tala fyrir þeirra hönd. Ég hygg, að í hópi hraðskilnaðarmanna séu einnig margir, sem ekki voru skilnaðarmenn áður. En það er ekkert við þeirri þróun málsins að segja, þótt þeir, sem áður voru óákveðnir, hafi nú gerzt ákveðnir.

Ég mun nú í örfáum orðum víkja að þeim atriðum, er hafa beinzt að mér, og mun reyna að takmarka mál mitt. Hv. 6. þm. Reykv. og hv. þm. G-K. töluðu um, að upplýsa þyrfti, hverju stefnubreyting Alþfl. sætti, sem hefði talað um skilnað og möguleika fyrir honum 1942. Ég skal hispurslaust játa, að 1942 voru menn í flokknum, sem vildu athuga möguleika fyrir skilnaði. En hvað skeði í sambandi við það, að af stað var farið? Það komu aðvaranir frá Bandaríkjunum, frá sendifulltrúa okkar í Danmörku, frá Íslendingum í Danmörku, sem jafnan hafa verið þeir skeleggustu í sjálfstæðismáli okkar. Aðvaranirnar komu bókstaflega úr öllum áttum. Þessir atburðir hafa gefið gætnum og athugulum mönnum reynslu í þá átt að leggja ekki aftur út á hálan ís að þarflausu. Þetta kom fram í ágætri ræðu, sem núv. forsrh. hélt þá 1. desember. Það er ekki hægt að álasa mönnum, þótt þeir vilji ekki tefla á tæpt vað í þessum efnum, þegar lausnin er tryggð á öruggan hátt, ef hann er hafður. Þetta er raunverulega alveg nægilegt svar við því moldviðri, sem þyrlað hefur verið upp um afstöðu mína og annarra Alþflm. í þessu máli. Ég ætla ekki að fara fram á það, að þjóðin taki okkur í sátt, eins og hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, enda mælir hann fyrir munn lítils hluta hennar. Ég veit ekki heldur, hvort hann vill bera fram þær bænir eða hvort þær yrðu okkur til mikils hagræðis. Við verðum að taka áhættuna af afstöðu okkar, og vil ég taka þessum ráðleggingum í hlutfalli við hugarfarið, sem á bak við þær býr.

Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um ræðu hv. þm. S-Þ., enda er hann ekki viðstaddur, enda var hún áreitnislaus á flestan hátt. En af henni mátti ráða, að það hefði raunverulega ekki verið nema einn maður, sem viljað hafi sjálfstæði Íslands, og verðum við hinir að sætta okkur við það. En hv. þm. fór miður skemmtilegum orðum um afstöðu Norðurlandaþjóðanna til sjálfstæðis okkar. Var þar allt annar tónn en hjá hv. þm. Snæf., og ætla ég og, að sá síðarnefndi hafi haft betra tækifæri til að kynna sér hugi manna á Norðurlöndum. Ég get ekki síður en hver annar dæmt um þetta af eigin reynslu, og verð ég að segja, að ég hef aldrei heyrt eitt orð í Svíþjóð eða Noregi, sem vefengdi sjálfstæði Íslands. Við höfum ekki heyrt neinum andmælum hreyft gegn fullu frelsi þjóðarinnar, en látið hefur verið í ljós, á hvern hátt skemmtilegast væri, að samningnum lyki. Sambúðina við Norðurlönd þarf ekki að óttast, — aðalatriðið er, hvernig sambandsslitin fara fram.

Ræðu hv. 2. þm. S-M. þarf ég ekkert að svara. Hann ræddi mikið um það sama og áður hefur komið fram. Þó vil ég benda á barnalegar fullyrðingar hjá honum. Í öðru orðinu talaði hann um, að sáttmálinn væri úr gildi fallinn, en í hinu orðinu talaði hann um, að lýsa þyrfti því yfir, að hann væri úr gildi fallinn.

Þá var það hv. 2. þm. Reykv., sem talaði hér langt mál. En það var mikið til það sama og áður, og þarf ég ekki að endurtaka svör mín við sambandi mínu við Stauning og þjóðfrelsinu. Um utanríkispólitík ræði ég ekki við hv. þm. fyrr en síðar. En út af brunanum á ríkisþinghúsinu í Berlín, skal ég játa, að það hefur hjálpað kommúnistum mikið út um allan heim, hve nazistar hafa jafnan dreift út um þá lognum sökum, því að alltaf hefur dr. Göbbels af nógu að taka. Þetta minnir á það, sem við könnumst við, að hér hafa allir jafnan verið kallaðir kommúnistar, ef þeir hafa ekki verið í framleiðendafylkingunni. En þótt stundum hafi verið breiddar út ósannar óhróðurssögur um kommúnista, þá var sú sönn, er ég sagði.

Hv. þm. ræddi nokkuð um föðurlandssást mína og bar mér ekkert illa söguna, svo að ég er ekkert að vanþakka það. Hins vegar óska ég ekkert eftir að leggja hana í dóm hans eða annarra andstæðinga. Það hefur verið talað nokkuð um ættjarðarást í grein, sem nýlega birtist í Helgafelli. Það er talað um, að hún geti verið kyrrlát og staðbundin, eins og konunnar við ána, og á hinn bóginn svo víðfeðm, að hún nái til endimarka Garðaríkis. Þannig er ættjarðarástin með ýmsu móti, og er ekkert við því að segja. Þar fer hver eftir sínum áhugamálum og hagar sér eftir því, sem hann er maður til.

Ég vil ekki endurtaka það, sem áður er sagt. En ég vildi minnast á nokkuð í ræðu hv. þm. G-K. og skal vera fáorður.

Hann talaði um þá, sem beita sér gegn hinum íslenzka málstað. Þetta er hans mat á þeim, sem eru á annarri skoðun en hann. En ég kynni betur við, að hv. þm. vendi sig af þessu orðalagi, sem honum er tamt. Það er eins og hann eigi einhvern einkarétt á hinum íslenzka málstað.

Sömuleiðis talaði hann um „að láta kné fylgja kviði". Það er nú einmitt það, sem mér hefur þótt nógu mikið um. En það fer eins og verkast vill. Hv. þm. endaði mál sitt á því, að við hefðum beðið alvarlegan álitshnekki og gengið í berhögg við málstað þjóðarinnar. Því vil ég svara til, að ég kýs mér hann ekki sem æðsta dómstól í þeim sökum.

Ég vil svo enn endurtaka, að flokkur minn vill taka þátt í að afgreiða þetta mál á þann hátt, að fylgt verði ákvæðum sambandsl. bæði um tímabil og aðferð. Ég þakka þau orð, sem komu fram í ræðu hv. þm. Snæf. um að athuga möguleika á því að koma til móts við þetta álit. Eins vil ég vænta styrks hjá hæstv. ríkisstj., sem lýst hefur yfir því, að hún telji það m. a. hlutverk sitt að sameina þjóðina um þetta mál. Ekki sízt vænti ég árangurs af þessu, þar sem hæstv. forsrh. er þekktur sáttasemjari, þótt aðallega hafi verið í vinnudeilum. Alþfl. er fús til að gera um þetta það samkomulag, sem ég hef lýst, og vill vænta þess í lengstu lög, að úr því samkomulagi geti orðið.

NEFNDARKOSNING.

Samþ. var með 42 shlj. atkv. að kjósa 12 manna n. (skilnaðarnefnd) til að fjalla um málið. — Hlutfallskosning var viðhöfð, og bárust forseta tveir listar, sem hann merkti A og B. Þar sem á listunum voru jafnmörg nöfn og kjósa skyldi menn í nefndina, fór kosning fram án atkvgr., og varð n. svo skipuð:

Af A-lista: Stefán Jóh. Stefánsson.

Af B-lista: Gísli Sveinsson,
Eysteinn Jónsson,
Einar Olgeirsson,
Bjarni Benediktsson,
Hermann Jónasson,
Brynjólfur Bjarnason,
Ólafur Thors,
Sveinbjörn Högnason,
Magnús Jónsson,
Bernharð Stefánsson,
Gunnar Thoroddsen.

Umr. frestað.

Á 22. fundi í Sþ., 24. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till. (A. 2, n. 70).

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Íslendingar voru öldum saman háðir erlendu valdi, en þeir viðurkenndu aldrei, að það vald hvíldi á rétti. Íslendingar héldu því fram, að það væru landsmenn sjálfir, sem úrslitaráð hefðu yfir málefnum þjóðarinnar, og þó að þeir tækju sér konung búsettan í erlendu ríki og fengju honum síðan einveldi, þá gættu þeir þess ætíð að fela öðru ríki aldrei nein yfirráð yfir málefnum íslenzku þjóðarinnar. Þess vegna var það, að þegar hinn einvaldi konungur afsalaði sér einveldi sínu, þá héldu Íslendingar því fram, að það vald, sem hann hefði haft yfir íslenzkum málum, ætti af sjálfu sér að hverfa á ný til íslenzku þjóðarinnar. Og þeir viðurkenndu aldrei, að danska ríkið, löggjafarstofnun þess, né aðrir aðilar þar í landi, hefðu neinn rétt til að skipta sér af íslenzkum málum. Þess vegna var það, að Íslendingar heimtuðu 1848 og síðar, að þjóðfundur eða sérstakt stjórnlagaþing væri kallað saman í landinu sjálfu, til þess að ákveða stjórnskipun þess og stjórnartilhögun. Og þess vegna var það, að er Danir urðu ekki við þessum kröfum né héldu þau loforð, sem gefin höfðu verið í þá átt, þá mótmæltu þeir eindregið setningu stöðulaganna, sem voru einhliða lögboðin af dönskum stjórnarvöldum án samþykkis Íslendinga. En í þeim var svo ákveðið, að Ísland skyldi vera óaðskiljanlegur hluti af Danaveldi. Íslendingar mótmæltu, þ. e. Alþingi mótmælti þá þegar og ítrekaði mótmæli sín síðar, er tilefni gafst til.

Og Íslendingar reyndu eftir getu að forðast á allan hátt beint samþ. þessara ráðstafana síðar, þó að þeir ættu á stundum óhægt um vik, þar

eð umbætur og aukinn réttur landsins var á stundum tengdur því, að á hina dönsku skoðun væri fallizt. En Íslendingar vildu aldrei viðurkenna hana af sinni hálfu og töldu sem sagt, að afskipti danska ríkisins af málefnum Íslendinga væru með öllu óheimil og gegn réttum réttarreglum. Og þess vegna var það einnig, að þær umbætur eða þau ákvæði, sem í framkvæmdinni veittu Íslendingum töluverðar umbætur á stöðu þeirra, eins og stjórnarskráin 1874 og stjórnskipulögin 1903, áttu ekki þeim vinsældum að fagna, sem gera hefði mátt ráð fyrir, né heldur vildu Íslendingar við þær umbætur una til frambúðar, vegna þess að þrátt fyrir umbæturnar, þá var grundvöllurinn ætíð sá, að úrslitaráðin voru í höndum danskra stjórnvalda. Þetta sama sjónarmið kom ekki hvað sízt mjög glögglega fram, þegar fram kom samningsuppkastið, sem gert var 1908 og lagt var fyrir Alþingi 1909. Í því frv., sem samþ. var af samninganefnd Dana og Íslendinga, voru vissulega fjöldamargar umbætur frá því, sem verið hafði um framkvæmdir, en íslenzka þjóðin reis þá öndverð gegn setningu þeirra laga, vegna þess að þar með áttu Íslendingar að skuldbinda sjálfa sig til þess að fela dönskum stjórnvöldum meðferð margra íslenzkra mála, sumra óuppsegjanlega, en annarra um 37 ára skeið. Á þetta vildu Íslendingar ekki fallast. Þeir beygðu sig að vísu undir valdið, lutu þeirri stj., sem hér var, en þeir vildu ekki sjálfir samþ. þau afskipti danskra stjórnvalda, sem þeir höfðu aldrei viðurkennt, að rétt væru.

Sambandslagasamninginn frá 1918 verður einnig að skoða í þessu ljósi. Af helztu frumkvöðlum hans af Íslendinga hálfu var því beinlínis yfirlýst hér á Alþingi, að hann bæri að skoða sem eins konar verzlun af Íslendinga hálfu; að Íslendingar hefðu með honum tryggt fullveldisviðurkenningu sína, gegn því að láta dönskum stjórnvöldum í té afskipti af íslenzkum málum, sem Íslendingar héldu fram, að dönsk stjórnvöld hefðu engan rétt til að blanda sér í. En Íslendingar töldu það þess virði að kaupa fullveldisviðurkenninguna þessu verði, vegna þess að afskiptaréttur Dana af hinum íslenzku málum var svo tímabundinn. Í meðferð sambandslaganna 1918 er einmitt megináherzla lögð á það, að sú verzlun borgi sig, að kaupa fullveldisviðurkenninguna gegn því, að Danir færu með tiltekin íslenzk mál um nokkurra ára skeið, gegn því, að Íslendingar, að þeim tíma liðnum, tækju þau mál einnig í eigin hendur úr Dana höndum. Og það er áherzla á það lögð, að þetta tímabil þurfi eigi lengur að standa en um 25 ára skeið. Íslendingar höfðu áður neitað að fela Dönum meðferð hliðstæðra mála, bæði óuppsegjanlega og um 37 ára skeið, en töldu síðar fært að ganga svo langt að láta þá fá meðferð íslenzkra mála um 25 ára bil, að því áskildu, að Íslendingar hefðu það þá í hendi sér að losna að fullu undan yfirráðum Dana, ef þeir svo kysu.

Í þessu sambandi er rétt að rifja nú aðeins upp, hvert raunverulegt efni sambandslaganna er. Í stuttu máli má segja, að meginefnið sé fullveldisviðurkenning Dana til handa Íslendingum. Viðurkenning á rétti, sem Íslendingar höfðu ætíð haldið fram, að þeir ættu, og aldrei höfðu afsalað sér. Enn fremur er samið um það í þessum sambandslögum, að meðan þau séu í gildi, skuli sami konungur vera á Íslandi og í Danmörku, og eru tiltekin ákvæði sett því til tryggingar. Þá er ákveðinn gagnkvæmur jafn réttur ríkisborgara hvors landsins í hinu. Þá eru einnig fyrirmæli um það, að Danmörk skuli fara með utanríkismál Íslands í umboði þess, Danmörk skuli fara að öllu eða nokkru leyti með landhelgisgæzlu Íslands, að danskur hæstiréttur skuli vera hæstiréttur í íslenzkum málum. Þá eru fyrirmæli, þar sem komizt er að samkomulagi um fjárskipti landanna, en þeim var svo háttað áður, að Íslendingar töldu sig eiga stórfé hjá Dönum, en Danir höfðu uppi fjárkröfur á hendur Íslendingum. En í sambandslögunum var endanlega um þetta samið. Þá eru einnig fyrirmæli um svo kallaða dansk-íslenzka ráðgjafarnefnd, sem átti að stuðla að vinsamlegri sambúð landanna. Enn eru ákvæði um, hvernig ágreiningi varðandi samninginn skuli ráðið til lykta. Enn fremur uppsagnarákvæðin í 18. gr., ákvæði um gildistöku samningsins og loks um ævarandi hlutleysi landsins. Þessi ákvæði eru í eðli sínu mjög ólík. Sum eru, eins og fullveldisviðurkenningin, gefin í eitt skipti fyrir öll og verða ekki afturkölluð. Þessi viðurkenning fellur ekki úr gildi, þótt sambandslögin sjálf falli úr gildi. Önnur eru þessu fyrirmæli hliðstæð. Eins og ég drap á áðan, var endanlega samið um fjárskipti landanna, og þau fyrirmæli standa, hvað sem um gildi sambandslaganna verður. Um hlutleysisyfirlýsinguna má segja, að hún sé nánast einhliða yfirlýsing Íslands, sem ekki skapar danska ríkinu neinn rétt, en getur a. m. k. ekki skapað því rétt lengur en sambandstíminn stendur. En svo eru einnig önnur fyrirmæli, sem mátti nema úr gildi, áður en sambandslögin sjálf féllu úr gildi, og eru það bæði fyrirmælin um landhelgisgæzlu og hæstarétt Dana. Íslendingar settu strax árið eftir gerð sambandssáttmálans, eða 1919, löggjöf um það, að stofna íslenzkan hæstarétt. Hins vegar hélzt hin danska landhelgisgæzla allt þar til árið 1940. En þau efnisfyrirmæli, sem þá eru eftir og bundin eru við a. m. k. 25 ára samningstímabilið, ef engin sérstök atvik ber að höndum, sem leiða til breytinga fyrr, eru þá fyrst og fremst samningarnir til þess að tryggja sameiginlegan konung, samningar um gagnkvæman rétt ríkisborgaranna, samningar um meðferð Dana á íslenzkum utanríkismálum í umboði Íslendinga og svo loks auðvitað 18. gr. sambandslaganna sjálf, auk réttarfarsákvæðanna um ráðgjafarnefndina og gerðardóm.

Eins og ég sagði áðan, þá kom það strax fram við meðferð sambandslaganna 1918, að Íslendingar ráðgerðu, að krafizt yrði endurskoðunar á sambandslagasamningnum þegar er unnt væri, og samningnum yrði sagt upp samkvæmt sambandslögunum að 25 árum liðnum. Og íslenzku samningamennirnir lögðu einmitt megináherzlu á, að þótt þau ákvæði, sem þar eru um uppsögn sambandslaganna, virtust nokkuð ströng, þá væri á ýmsa vegu hægt að draga úr strangleika þeirra með því að setja löggjöf bæði

um heimakosningar, um skyldu til þess að greiða atkv. *og jafnvel um opinberar kosningar og annað slíkt*, til þess að tryggja næga þátttöku. Og það kemur bæði fram í þessu og í mörgu öðru, að Íslendingar — eða a. m. k. verulegur hluti þeirra, og þeir þeirra, sem réðu úrslitum um, að að sambandsl. var gengið, gerðu það strax í upphafi með þeirri forsendu, að samningunum yrði slitið strax að hinu 25 ára tímabili liðu. Og á næstu árum eftir 1918 kom þetta sama einnig glögglega fram, fyrst svo, að úr skar þó á árinu 1928. En þá bar, eins og kunnugt er, Sigurður Eggerz fram í hv. Nd. fyrirspurn *til ríkisstj.* um uppsögn sambandslagasamningsins, sem ég, með leyfi hæstv. forseta, ætla að lesa upp, þar sem hann spyr:

„Vill ríkisstjórnin vinna að því, að sambandslagasamningnum verði sagt upp eins fljótt og lög standa til, og í því sambandi íhuga sem fyrst, á hvern hátt utanríkismálum vorum verði komið fyrir bæði sem haganlegast og tryggilegast, er vér tökum þau að fullu í vorar hendur?"

Þessu svaraði þáv. forsrh., Tryggvi Þórhallsson, afdráttarlaust á þann veg: „Ríkisstjórnin og Framsóknarflokkurinn telur það alveg sjálfsagt mál, „að sambandslagasamningnum verði sagt upp eins fljótt og lög standa til," og þar af leiðandi er ríkisstjórnin og flokkurinn reiðubúin til „að vinna af því". — Síðan vitna aðrir framsögumenn flokka í þessi ummæli. Magnús Guðmundsson, sem þá var málsvari Íhaldsflokksins, sem var fyrirrennari Sjálfstfl., segir um þetta atriði: „Get ég þar alveg tekið undir það, sem hæstv. forsrh. (TrÞ) sagði viðvíkjandi uppsögn samningsins." Og Héðinn Valdimarsson, þáv. málsvari Alþfl., segir í þessum sömu umr.: „Við getum fallizt á svör þau, sem hæstv. forsrh. (TrÞ) gaf hv. þm. Dal., það sem þau náðu."

Sem sagt, þá er því lýst yfir í einu hljóði, fyrir munn alls þingheims á Alþingi Íslendinga, að menn telji það alveg sjálfsagt mál, að sambandslagasamningnum verði sagt upp eins fljótt og lög standi til, og skuldbindi sig allir til þess að vinna að því, að svo verði gert. Þessar yfirlýsingar voru svo endurnýjaðar á Alþ. 1937, þar sem í sameinuðu Alþ. var samþ. svo hljóðandi þáltill. í einu hljóði, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa nú þegar, í samráði við utanríkismálanefnd, þá tilhögun á meðferð utanríkismála, innan lands og utan, sem bezt kann að henta, er Íslendingar neyta uppsagnarákvæðis sambandslaganna og taka alla meðferð málefna sinna í eigin hendur." o. s. frv.

Á þessum tíma, 1937, þykir vera svo nærri komið þeim tíma, að uppsögn sambandsl. muni eiga sér stað, að það er beinlínis skorað á ríkisstj. um beinar aðgerðir til þess að undirbúa meðferð Íslendinga á utanríkismálum þeirra. Og í umr. um málið á hæstv. Alþ. kemur með margvíslegu móti fram, að Íslendingar standa þá enn fast á þeim grundvelli, sem lagður var strax 1918 og staðfestur 1928, um, að sambandsl. beri að fella úr gildi svo fljótt sem lög standi til. Forsrh. þáv. (1937), Hermann Jónasson, lýsir því berum orðum yfir, að þegar árið 1928 hafi um þetta málefni verið gefin yfirlýsing af Framsfl., „sem stendur enn alveg óbreytt," eins og hann segir. Og hið sama segir þá málsvari Bændaflokksins, Þorsteinn Briem. Hið sama kemur einnig glögglega fram í ummælum fulltrúa Alþfl., ekki sízt Haraldar Guðmundssonar, sem ráðgerir, að mjög skammur tími sé þá eftir af sambandstímanum við Danmörku. Einna glögglegast tók þá til orða formaður Sjálfstfl., Ólafur Thors, sem þá sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjálfstæðisflokkurinn krefst þess, að uppsagnarákvæði 18. gr. sambandsl. séu hagnýtt þegar í stað, *er lög leyfa, og taki þá Íslendingar í sínar hendur* alla stjórn allra sinna mála, og séu landsins gæði hagnýtt landsins börnum einum til framdráttar."

Og síðar í sömu umr. segir hann:

„Við Íslendingar viljum nota heimild 18. gr. sambandsl. til þess að krefjast þess, að strax eftir árslok 1940 verði byrjað á samningum um endurskoðun sambandsl. Í öðru lagi viljum við enga samninga gera í staðinn, heldur hagnýta ákvæði sömu gr. um að fella samningana með öllu úr gildi þremur árum eftir að þessi endurskoðunarkrafa kemur fram."

Það er því alveg ótvírætt, að þingheimur á Alþ. 1937 gerir ekki síður ráð fyrir því heldur en 1928, að sambandsl. verði úr gildi felld sem fyrst eftir árslok 1943, og taldi þann tíma þá vera orðinn svo nálægan, að ástæða væri til og óhjákvæmilegt, að ríkisstj. undirbyggi þá meðferð íslenzkra mála, og þá einkum utanríkismála, sem við yrðum að hafa eftir þann tíma.

Eftir að þessar yfirlýsingar voru gefnar og áður en endurskoðunar sambandsl. yrði krafizt samkvæmt 18. gr. sambandsl., bar að höndum þá atburði, sem okkur eru öllum kunnir og leitt hafa til þess, að þessi mál hafa nokkuð farið um annan farveg en í upphafi var ráðgert. Árið 1940 urðu Íslendingar fyrirvaralaust að taka í sínar hendur meðferð allra þeirra mála, sem um var samið í sambandsl., að Danir skyldu með fara fyrir Íslendinga hönd, og voru þá í rauninni ekki önnur orðin en utanríkismálin og landhelgisgæzlan auk ákvæðanna um konungssamband. Landhelgisgæzluna máttum við með einfaldri samþykkt taka í okkar hendur. En taka utanríkismálanna í hendur Íslendinga braut auðvitað ótvírætt alveg skýran bókstaf sambandsl. Eins má segja, að aðgerðir Íslendinga, þegar þeir ákváðu að taka handhöfn konungsvaldsins inn í landið, brjóti í bága við fyrsta kafla sambandsl., og enn fremur, að niður hefur fallið starf og kosning í hina svo kölluðu ráðgjafarnefnd. Og þurftum við þá að horfast í augu við þær staðreyndir, að lífið sjálft hafði feykt burtu, fyrr en til stóð og fyrr en Íslendingar höfðu ráðgert og búið sig undir, því, sem eftir var af sambandsl. öðru heldur en fyrirmælunum um jafnrétti ríkisborgaranna, sem Íslendingar hafa af fullri eindrægni fylgt fram til þessa dags, og okkur er ekki heldur annað kunnugt en samningsaðili okkar hinn, danska ríkið, hafi fylgt af sinni hálfu. En við sjáum af þessu, að hin veigamestu fyrirmæli sambandsl. hafa þannig af sjálfu sér horfið úr sögunni, og þýðing þess, sem eftir er, eins og fyrirmælin um jafnrétti

þegnanna, er í raun og veru orðin allt önnur og miklu minni, meðan eðlilegar samgöngur eru tepptar milli ríkjanna, heldur en annars hefði verið.

Það hefur nú orðið nokkur ágreiningur um, hvernig meta ætti gildi þessara staðreynda, hver réttaráhrif ætti að telja, að þessar staðreyndir hafi haft. Það er nú öllum hv. þm. kunnugt, geri ég ráð fyrir, hver mín skoðun hefur verið í því efni, sem sé, að sjálfur hef ég talið, að það lægi í hlutarins eðli, — og ég hef reynt að færa að því margvísleg rök —, að þessar staðreyndir, þessi breyttu viðhorf, það, að danska ríkið gat ekki farið með þau málefni, sem það hafði tekið að sér að fara með af Íslands hálfu, hlutu að hafa áhrif um gildi samningsins í heild, hlutu að skapa Íslendingum annan og aukinn rétt til niðurfellingar samningsins heldur en þeir höfðu samkv. 18. gr. sambandslagasamningsins. Þetta hefur eigi verið einkaskoðun mín, því að hæstv. Alþ. sjálft lýsti því yfir 17. maí 1941, að það telur Ísland hafa öðlazt rétt til fullra sambandsslita við Danmörku, þar sem Ísland hafi þegar orðið að taka í sínar hendur meðferð allra mála sinna, enda hefur Danmörk ekki getað farið með þau mál, sem hún tók að sér að fara með í umboði Íslands með sambandslagasamningi Íslands og Danmerkur frá 1918, og að af Íslands hálfu verði ekki um að ræða endurnýjun á sambandslagasáttmálanum við Danmörku, þótt ekki þyki þá að svo stöddu tímabært vegna ríkjandi ástands að ganga frá formlegum sambandsslitum og endanlegri stjórnarskipun ríkisins, enda verði því ekki frestað lengur en til styrjaldarloka.

Þarna hefur Alþ. lýst því yfir tvímælalaust og einum rómi, að það teldi Ísland hafa rétt til þess að slíta sambandslagasamningnum eftir öðrum reglum en í 18. gr. sambandsl. segir. Hitt er svo allt annað mál, að frá upphafi hafa ýmsir landsmenn, góðir og gegnir, talið óheppilegt að vitna til slíks réttar. Sumir þeirra hafa jafnvel dregið í efa, að hann væri til, en aðrir hafa sagt, að þar sem við hefðum fram undan örugga leið, sem leiddi til sambandsslita, væri ástæðulaust og raunar fávíslegt að taka áhættusamari leið, sem um mætti deila og til þess væri löguð að vekja tortryggni og illindi í okkar garð hjá okkar gömlu sambandsþjóð.

Ég skal nú ekki um það dæma, hvort sjónarmiðið hefur meira til síns máls. Ég tel það, eins og komið er, litlu máli skipta. Það hefur orðið ofan á, fyrir atvikanna rás meira en fyrir okkar eigin vilja, að þetta mál er nú eigi tekið til endanlegrar afgreiðslu á Alþ. Íslendinga fyrr en eftir árslok 1943, þ. e. a. s. ekki fyrr en eftir að liðinn er sá 25 ára samningstími, sem ráðgerður var strax 1918. Það er að vísu rétt, að atvikin hafa einnig leitt til þess, að Íslendingar hafa ekki um endurskoðun og uppsögn sambandsl. getað farið svo að, sem í 18. gr. sambandsl. segir. Sú endurskoðun, þau viðtöl, sem ráðgerð eru í 18. gr., hafa ekki átt sér stað. Og ég vil sérstaklega taka það fram hér, að þau hafa ekki getað átt sér stað. Sumir menn hafa að vísu á síðari mánuðum sagt, að það væri vanræksla af Íslendinga hálfu að hafa ekki látið þessi samtöl eiga sér stað fyrr, því að það hefði a. m. k. árum saman verið mögulegt að láta þau fara fram í Svíþjóð. Þetta er að mínu viti og margra annarra algerlega rangt þegar af þeirri ástæðu, að allan tímann frá 1940 hafa dönsk stjórnarvöld verið eins og í fangelsi, ekki ráðandi gerða sinna, og þess vegna með öllu óbær um að taka þátt í slíkri samningagerð sem þessari. Það er því alveg öruggt, að það hefur ekki verið hægt að öllu leyti að fara eftir 18. gr. sambandsl. En liðinn er sá tími, sem í upphafi var ráðgert, að sambandsl. stæðu. Og þar við bætist, að Íslendingar, bæði 1928, 1937 og einkum 1941 létu það alveg ótvírætt uppi, að þeir mundu ekki semja á ný. Hvort þessar yfirlýsingar, og þá einkum yfirlýsingin 1941, verður talin jafnast á við kröfu um endurskoðun, skal ég ekki ræða um hér. Sumir menn hafa sér til gamans gert að halda því fram, og ég skal ekki mæla á móti því. Það getur meira að segja vel verið, að það geti verið hagkvæmt frá vissu sjónarmiði, að við látum opnar dyr standa fyrir þeim skilningi. Hitt er ljóst, að sú krafa eða yfirlýsing fullnægir ekki bókstaf sambandslaganna. En víst er, að þegar málið var tekið upp til endanlegrar íhugunar í stjórnarskrárn. á síðasta ári, 1943, þá var það alltaf ráðgert og beinlínis í hugum manna, með nokkurri hliðsjón af yfirlýsingunum frá 17. maí 1941, að láta sambandsslit ekki eiga sér stað fyrr en þrjú ár væru liðin frá þeim tíma, eða 17. júní í ár. Það var sjónarmið, sem þá þegar var haft í huga og menn þá þegar gerðu sér grein fyrir, þó að stjórnarskrárn. þá teldi, og ég vil segja meiri hluti manna nú, bæði hér á Alþ. og í skilnaðarnefnd, telji, að þetta geti engum úrslitum ráðið.

— Það er þess vegna ljóst, að nú er sá tími fullnaður, hvernig sem á er litið, sem ráðgert var í upphafi, að sambandsl. þyrftu að standa. Og hvort sem menn nú vilja telja, að þeir atburðir, sem gerzt hafa, hafi áhrif til þess að veita Íslendingum aukinn rétt frá því, sem áður var, eins og ég fyrir mitt leyti hef talið, en aðrir hafa viljað véfengja, þá hygg ég, að það geti engum blandazt hugur um, að þessir atburðir eru ekki þannig vaxnir, að þeir geti skuldbundið Íslendinga til þess að verða bundnir við nauðungarsamninginn frá 1918 — eða verzlunarsamninginn, ef við viljum nota það orð í þeirri merkingu, sem það var notað 1918 — lengur en upphaflega var ráðgert. Og þess vegna er það, að skilnaðarnefnd Alþingis hefur nú á þeim grundvelli, sem ég hef reynt að lýsa, orðið sammála um að mæla með þáltill. að meginefni til. Og ég vonast til þess, að þótt í ræðu minni nú hafi mitt eigið sjónarmið e. t. v. nokkuð komið fram, þá hafi ég reynt að forðast að halla á skoðanir annarra hv. þm. Svo ánægjulega hefur til tekizt, að skilnaðarn. hefur orðið sammála um að mæla með þessari þáltill. að meginefni til. Það má segja, að í skilnaðarn. hafi verið ágreiningur um það eitt, hvort í till. ætti að vera það ákvæði um aukinn meiri hluta við þjóðaratkvgr., sem til er tekinn í 18. gr. sambandsl. Meiri hluti n., 11 nefndarmenn, allir nema einn, töldu, að slíkt gæti ekki komið til mála þegar af þeirri ástæðu, að þeir telja, að þeir atburðir, sem

að höndum hefur borið og enn standa yfir, en hóf-ust 1940, hafi gefið Íslendingum rétt til þess að fella samninginn niður með öllu og einfaldur meiri hluti við þjóðaratkvgr. nægi til þess og einfaldur meiri hluti á Alþ. Einn nm., Stefán Jóh. Stefáns-son, hefur aftur á móti talið, að aukins meiri hluta, svo sem segir í 18. gr. sambandsl., beri að krefjast, bæði á Alþ. og við þjóðaratkvgr. Nú er vitað, að á Alþ. er fyrir hendi það atkvæðamagn, sem nægir til þess að samþ. till. með hinum aukna meiri hluta sem í 18. gr. segir. Og það er ekki heldur að efa, að ef allir þeir landsmenn, sem vilja sambandsl. og skuldbindingar þeirra úr sögunni sem fyrst, — ef allir þessir leggjast á eina sveif við þjóðaratkvgr. um að fá þau nú felld úr gildi, þá mun einnig hinn aukni meiri hluti, sem hv. 4. þm. Reykv. telur, að nauðsynlegur sé, nást við þjóðaratkvgr. Hv. 4. þm. Reykv. vill *samkomulag jafnóðfús og við, og þó* að hann telji þá leið, sem til þess liggur, vandfarnari en við hinir, þá varð að samkomulagi í n. að láta þennan ágreining að svo stöddu liggja á milli hluta, og það er víst, að það er á valdi Íslendinga að láta hann aldrei vakna á ný, með því móti að fjölmenna til þjóðaratkvgr. á vori komanda og greiða svo einhuga atkvæði, að ekki verði um villzt, hver vilji þjóðarinnar sé, að þjóðin greiði því nær öll atkvæði og allir verði sammála. Þá er sá ágreiningur úr sögunni, og var það vissulega mikils virði eftir allt, sem á milli hafði borið, að samkomulag náðist við hv. 4. þm. Reykv. um það, að við legðumst allir á eitt um að eyða ágreiningnum á þennan heppilega hátt, sem raunar er sá eini rétti í þessum efnum.

Svo sem menn muna, voru í till., eins og hún var lögð fram, fyrirmæli um það, að danskir ríkisborgarar búsettir hér skyldu hafa jafnrétti við íslenzka borgara, þar til öðruvísi væri ákveðið. Að betur athuguðu máli þótti nefndinni sýnt, að bezt væri, að um þetta væru sett sérstök lög. Þótti þá bezt að taka þessi fyrirmæli alveg úr till., en undirbúa í þess stað löggjöf um það, sem ég held, að nú hafi verið samin og undirbúin af hæstv. dómsmrh., sem til þess er allra manna færastur, vegna afskipta sinna af því máli, fyrr og síðar, og mun það frv. hafa verið lagt fram á Alþ. Þar er og ráðgert, að allir danskir ríkisborgarar haldi þeim réttindum, sem þeir hafa samkv. 6. gr. samningsins, þar til 6 mánuðum eftir að samningar geti tekizt milli landanna um þessi efni.

Rétturinn er því tímabundinn, en nokkru víðtækari en gert er ráð fyrir í till. Menn hafa ekki talið ástæðu til að skerða hann frá því, sem nú er. M. a. ræðir þar um tillit til frænda okkar í Færeyjum, sem við viljum ekki láta gjalda þeirra aðgerða, sem við beitum nú.

Þá var líka í n. um það rætt, hvort setja ætti í till. sjálfa fyrirmæli um það, hvenær atkvgr. færi fram. Ég held, að einn nm. hafi talið það skipta nokkru máli, að atkvgr. færi ekki fram fyrr en 20. maí. Við hinir höfðum ekkert á móti þessu, vegna þess að veðurfari og öðrum aðstæðum er þannig háttað hér á landi, að ekki er heppilegt að láta atkvgr. eiga sér stað fyrr, auk þess sem aldrei skaðar að hafa vaðið fyrir neðan sig. Og ef þessi dagsetning gæti orðið til þess, að sumum mönnum veittist það auðveldara að fylgja till. en ella, þá er það auðvitað sjálfsagt mál. Um þetta var þó ekki sett ákvæði í sjálfa till., heldur var ákv. um þetta sett í frv. til laga um þjóðaratkvgr., og hefur það nú verið lagt fram í Ed. Var það samið af hæstv. dómsmrh. í samráði við lýðveldisnefnd að meginatriðum til, en stjórnarskrárn. hefur síðan haft það til athugunar. Er ráðgert, að þjóðaratkvgr. hefjist um 20. maí n. k. og standi í nokkra daga.

Þá voru líka gerðar nokkrar breytingar á till., aðeins vegna þess, að betur þótti fara, en án þess að það breytti nokkuð efni málsins.

Niðurstaðan varð því sú, að skilnaðarnefnd varð sammála um að mæla með hinni upphaflegu till., sem samin var af stjórnarskrárn. og flutt af hæstv. *ríkisstj., óbreyttri* að efni um *meginatriði*.

Nefndin varð sammála um, að sjálfsagt væri að samþ. till., og það er einlæg ósk mín og allra nm., að svo megi einnig fara hér á Alþ., að Alþ. geti nú sameinazt um þetta mál og afgr. þessa till. hið allra fyrsta. Er þess síðan að vænta, að öll þjóðin fylki sér um það fordæmi, sem nefndin og Alþ. hafa þannig gefið, og hún standi saman öll sem einn maður og hristi af sér þá ófrelsisfjötra, sem á íslenzku þjóðinni hafa hvílt um aldir.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Herra forseti. — Eins og kunnugt er, lagði stjórnin fram þál. þá, sem hér um ræðir, en vildi gera á henni nokkrar breytingar. Ég hef með öðrum fylgzt með og tekið þátt í störfum þessarar n. og hef komið fram með þær athugasemdir, sem stjórnin og ég höfum að gera við till. Ég get þó lýst yfir ánægju minni yfir því, að þær athugasemdir hafa verið teknar til greina. Ég get lýst því yfir, að ég er samþ. till., og vænti, að stjórnin í heild sé henni einnig samþ., eins og hún nú er orðuð. Annars þykir mér rétt — með því að *ekki hefur verið* tekið til máls af hálfu stj. nema mjög stuttaralega við upphaf þessara umr. — að láta nokkuð í ljósi skoðun mína á þessu máli, rétti okkar til þess að fara nú að eins og við höfum ákveðið. Raunar hef ég á öðrum stað látið nokkuð uppi um það, en tel rétt, að það komi líka fram á Alþ. Ég get verið stuttorður, því að hv. frsm. hefur rakið mjög skilmerkilega sögu okkar við Dani áður og allt til þessa tíma og farið vel í þau atriði, sem *varða rétt okkar til þess að slíta þessu sambandi* við Dani, þegar bornar voru brigður á það, að við hefðum rétt til þess að fara að eins og við ætlum okkur nú. Það þarf ekki að fara út í þann siðferðislega rétt, sem er og ætti að vera viðurkenndur, til þess að Íslendingar ákveði sína stjórnskipun, setta samkv. þjóðarétti annarra landa, því að það fylgir líka með, að þeir, sem sjálfstæðir vilja vera og hafi til þess skilyrði, fái að vera það. Við getum allir verið sammála um það, að siðferðislegur réttur Danmerkur — ég held kónginum fyrir utan þetta, því að till. ræðir ekkert um samband okkar við hann — til þess að fara með íslenzk mál, getur ekki verið viðurkenndur af okkur, og það er rétt, sem

hér hefur verið haldið fram, að samningarnir 1918 voru að vissu leyti verzlun, nauðungarsamningar mætti segja, af því að fullveldisviðurkenningin og þau réttindi, sem áskilin eru í 18. gr. sambandslaganna, voru keypt fyrir það að veita dönskum ríkisborgurum jafnrétti hér á landi og enn fremur fyrir það, að dönsk stjórnarvöld fóru með íslenzk utanríkismál í 28 ár. Án þess hefðu þessi mikilvægu réttindi ekki fengizt. En okkur var það ljóst, að þetta voru upplögð skilyrði til þess að geta á löglegan hátt losnað úr því sambandi við Dani, sem við höfðum svo lengi haft við þá.

Um hinn lagalega rétt hafa menn deilt. Það hafa komið fram mörg sjónarmið. Eitt þeirra er þetta: Ef einhverjir óvanalegir atburðir hefðu gerzt, hefðum við í ársbyrjun 1941 getað krafizt endurskoðunar á sambandslögunum, samkv. 18. gr. En atburðirnir hafa gerzt og valdið því, að endurskoðun er nú orðin ómöguleg og liðinn sá tími, sem þurfti að líða samkv. 18. gr. til þess að slík endurskoðun gæti farið fram. Nú er það sjálfsagt, að ekki ættum við að gjalda þess, að atvikin hafa hagað því svo, að endurskoðun hefur orðið ómöguleg. Mér finnst þetta sjónarmið vera mjög aðgengilegt, og þar sem þessi þriggja ára tími hefur liðið, án þess að hægt hafi verið að nota hann, sé ég ekki betur en byggja megi þá aðferð, sem við höfum valið, einnig á þessu atriði.

Þá er það annað atriði, sem er mjög skylt, það, að við tækjum í okkar hendur meðferð allra þeirra mála, sem áður höfðu sætt meðferð Dana og konungs okkar. Þetta er gert með þál. 10. apríl 1940 strax og Þjóðverjar höfðu hernumið Danmörku. Það verður ekki um það deilt, að við höfum sjálfir farið með þessi mál, að við höfum sjálfir farið með utanríkismál okkar, og það hefur ekki verið talsmál danskra stjórnarvalda að hafa hér landhelgisgæzlu á hendi, eins og ráð er fyrir gert í 18. gr. sambandslaganna. Um þetta geta menn ekki orðið ósammála, því að það er staðreynd. Afleiðingarnar af þeirri staðreynd má orða á tvennan hátt. Það má orða það þannig, að hér hafi vanefnd átt sér stað, eins og margir hafa haldið fram. Þegar orðið vanefnd er skýrt þannig, að það merki alls ekki vilja á vanrækslu, heldur bara þá staðreynd, að hluturinn hafi ekki verið inntur af hendi, er ekkert við það að athuga, og þessa skýringu hafa sumir gefið. En það má líka fara hina leiðina, sem er mjög skyld, og segja sem svo: *Við höfum alltaf frá upphafi til dagsins í dag ætlað okkur að taka þessi mál í okkar hendur, þegar tíminn væri kominn.* En fyrir rás atburðanna hefur tíminn komið fyrr en ætlað var í fyrstu. Nú eru liðin 4 ár frá því, að við tókum þessi mál í okkar hendur. Það eru því þessi tvö mál, utanríkismál og landhelgisgæzla. En það skiptir auðvitað litlu máli og jafnvel engu. Ég sé ekki ástæðu til að fara nánar inn á það. Nú segja aðrir: Engum Íslendingi dettur í hug að afhenda Dönum þessi tvö höfuðmál, og ég held, að það sé satt. Ég skal ekki véfengja það, að það er þeirra að afhenda þessi mál ekki aftur, og ég geri ekki ráð fyrir, að þeir ráðamenn, sem nú eru í Danmörku, hafi látið sér detta í hug, að við mundum afhenda umboð utanríkismálanna óneyddir í þeirra hendur. Það er rétt, að ýmsir menn, sem gera miklar kröfur til formsatriða, vilja ekki viðurkenna, að þetta sé rétt og það ástand, sem nú hefur ríkt í 4 ár, veiti okkur rétt til þess að taka þessi mál í okkar hendur. Ég fyrir mitt leyti er sannfærður um, að þótt ekkert annað væri fyrir hendi en þetta, þá væru það nægilegar ástæður, nóg rök í sambandi við það, sem á undan er gengið, bæði ákvæði sambandslaganna og þær yfirlýsingar frá Alþ., sem hafa komið á réttan hátt til dönsku stjórnarinnar. Í sambandi við þær yfirlýsingar allar er áreiðanlegt, að þetta fjögurra ára ástand er alveg nægileg rök til þess — þótt ekkert væri annað — að við afhentum þessi mál ekki aftur. Ég hef stundum orðið þess var, að sumir óttast gerðardóm í þessu máli fyrir það að hafa brotið lög á Dönum. Ég fyrir mitt leyti er mjög laus við að óttast þetta. Mér dettur ekki í hug, að ráðamenn Dana mundu nokkurn tíma krefjast gerðardóms í þessu máli. En setjum svo, að þeir gerðu það og dómurinn gengi á móti okkur. Hver yrði afleiðingin? Hún yrði sú, að Danir settu yfirrétt til þess að fara með íslenzk utanríkismál, eftir samkomulagi. Það þýddi það, að Alþ. Íslendinga mundi strax krefjast endurskoðunar á sambandslögunum, og endurskoðunin, sem mundi geta skoðazt sem tilraun til nýrra samninga, gæti staðið í 3 ár. Þá yrði sambandinu formlega slitið eftir 18. gr. sambandslaganna. Ég geri ekki ráð fyrir, að ráðamenn Danmerkur mundu byrja á slíku, því að hvað væri unnið við það? Ef til vill að fara með íslenzk utanríkismál í 3 ár. Ég mundi ekki gera það í þeirra sporum. Ég get því ekki fengið ótta við þessa grýlu. Annars vil ég taka það fram, að ég get ekki séð, að *við séum með þessari till. að svipta Dani nokkrum réttindum*, ekki nokkrum einustu lagalegum réttindum. Það getur ekki verið réttur fyrir þá að gæta íslenzkrar landhelgi, bara fjárútgjöld. Það segir ef til vill einhver, að þeir væru að gæta fiskveiðiréttar Færeyinga hér við land. En ef við getum gætt fiskveiðiréttar okkar, getum við eins gætt fiskveiðiréttar Færeyinga, og Danir hafa sjálfir ekki litið svo á, að þeim væri fenginn réttur með þessu. Þeir hafa bara litið svo á, að það væri skylda, og ég held ef til vill, að þeir líti á það sem náðarbrauð til okkar, að þeir gæti lands okkar. Ég get ekki séð, hvaða rétt við erum að brjóta á Dönum, þótt *við höldum áfram að fara með utanríkismál okkar.* Aftur á móti er eitt í sambandslögunum, sem ekki hefur verið brotið og við erum sammála um, að hafi verið framkvæmt, þrátt fyrir stríðið, og það er jafnréttarákvæðið. Danskir menn búsettir hér og enda fleiri hafa notið hér sama réttar og þeir nutu áður, og ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en íslenzkir ríkisborgarar í Danmörku hafi líka notið þeirra sömu réttinda, sem þeir nutu eftir sambandslögunum. Við viljum ekki á nokkurn hátt koma fram þannig, að það gæti orkað tvímælis, að við færum drengilega að gagnvart Dönum, og þar sem svo er ástatt og það skiptir máli, þá er það sjálfsagt, að danskir ríkisborgarar séu framvegis tryggðir

sömu réttindum og þeir hafa áður haft. Það mundi yfirleitt talið óviðeigandi, eins og á stendur, að við færum að skerða þann rétt nú þegar. En hitt er annað mál, að þegar samgöngur komast aftur á milli landanna, þá verði samið um þessi réttindi. Hvernig samningar það verða, veit ég ekkert um. Ég vil segja það aftur, að ég get ekki séð, að nokkur réttur sé brotinn á Dönum með því að lýsa því yfir, að samningurinn frá 1918 sé niður fallinn, þegar við bætum því við, að við látum jafnréttarákvæðið gilda sem áður. Ég tel að sjálfsögðu mjög vel farið, að hv. nefndarmenn, hvaða flokki sem þeir tilheyra, hafa getað sameinazt um þessa till. Skoða ég það sem a. m. k. mjög mikla tryggingu fyrir því, að við þjóðaratkvgr. greiði það mikill meiri hluti till. atkvæði, að skilyrði því, sem sett er í 18. gr., sé fullnægt, og þá er einnig þeim mönnum, sem ekki eru alls kostar ánægðir, fullnægt að þessu leyti.

Ég get búizt við, að það verði einhverjir, sem ekki telja fært að ganga að þessari till., en ég vona, að það verði ákaflega fáir.

Ég skal svo að lokum þakka n. fyrir gott samstarf við mig og okkur tvo úr ríkisstj., sem setið höfum á fundum hennar og starfað með henni, það hefur verið ánægjulegt og allt farið þar fram með skilningi og friði.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Það eru aðeins nokkur orð, sem ég sé ástæðu til að taka fram á þessu stigi málsins.

Við fyrri hluta þessarar umræðu gat ég þess, bæði að ég óskaði þess eindregið og Alþfl., að það gæti orðið fullt samkomulag um lausn þessa máls, auk þess sem ég þá benti á nokkur atriði, sem ég legði mikið upp úr, af lagalegum og öðrum ástæðum, að yrði fullnægt. Nú hefur náðst það samkomulag í skilnaðarn., sem ég fyrir mitt leyti get vel við unað, og tel ég þá það hafa unnizt á, sem allir lýstu yfir, að æskilegt væri, að menn gætu að lokum staðið sameinaðir um lausn þessa máls. Atkvgr. um brottfall sambandslagasáttmálans fer ekki fram fyrr en eftir 20. maí, og þar sem fullt samkomulag er um það milli allra flokka að vinna að því, að þessi atkvgr. verði sem bezt sótt og jáatkvæði sem flest, þá get ég tekið undir það með háttv. framsöguræðumanni og dómsmrh., að ég álít ekki nokkurn vafa á, að þátttaka verður svo mikil og jáatkvæði það mörg, að þar verði einnig fullnægt þeim skilyrðum, sem ég tel rétt að fullnægja og eru í 18. gr. sambandsl. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að ræða um málið. Ég get vísað til framsöguræðu háttv. 6. þm. Reykv., sem ég, í öllum höfuðatriðum, er sammála, að svo miklu leyti sem hann mælti almennt fyrir till., og öll ræða hans var á þá lund, að hún gefur ekki af minni hálfu tilefni til andsvara.

Þau rök, sem ég hafði fram að færa, hef ég áður flutt hér og mun ekki endurtaka þau. En ég vænti þess, að sú atkvgr., sem nú fer fram á Íslandi, sýni einhug íslenzku þjóðarinnar, sem með virðuleik og festu virðir gerða samninga og stofnar nýtt skipulag íslenzka ríkisins, — að það verði gert með þeirri festu og virðuleik, sem styrki okkur innbyrðis og auki líka álit okkar út á við sem einhuga þjóðar, er veit hvað hún vill og hyggst í aðferðum sínum gagnvart öðrum þjóðum að sýna fullkomið réttlæti og viðurkenna gerða samninga.

ATKVGR.

Brtt. 70,1 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

Brtt. 70,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Till. til þál. um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918.

Á 23. fundi í Sþ., 25. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 85).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 51 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, KA, LJóh, LJós, GSv.

1 þm. (GG) var fjarstaddur vegna sjúkleika.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 90).

---

6. Virkjun Andakílsár (útvegun efnis).

Á deildafundum 26. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um útvegun á efni til virkjunar Andakílsár í Borgarfjarðarsýslu (A. 92).

Á 24. fundi í Sþ., 29. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Þessi till., er við hv. þm. Mýr. flytjum á þskj. 92, skýrir sig sjálf. Þar er aðeins farið fram á að taka út úr þáltill. þeirri um þetta efni, sem samþ. var á síðasta þingi, ákvæðið um, að efni til virkjunar Andakílsár verði keypt í Bandaríkjunum. Nú er sú breyting á orðin, að hagkvæmara þykir að kaupa þetta efni frá Svíþjóð. Hv. fjmrh. telur réttara, að þetta ákvæði sé tekið út úr till. og það látið standa opið, hvar efnið sé keypt. Við flm. viljum fara fram á, úr því að ekki er um aðra breyt. að ræða, að málið fái afgreiðslu, án þess að till. sé vísað til n., þó að við leggjum ekki á það áherzlu, ef það kynni að sæta andmælum.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Hér er aðeins um formsatriði að ræða, og mætti e. t. v. deila um, hvort ríkisstj. hefði ekki fulla heimild til að framfylgja fyrri þál. Þó kýs hún að fá henni

breytt að einu leyti, að efniskaupin verði ekki bundin við Ameríku. Það væri óeðlilegt, þar sem vitað er nú, að efnið til þessarar virkjunar er fáanlegt annars staðar með mjög miklu vægara verði. Það er því eðlilegast að kaupa það þar, sem hagkvæmast er.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 144).

7. Hafnargerð í Ólafsfirði.

Á 23. fundi í Sþ., 25. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um efniskaup til hafnargerðar í Ólafsfirði (A. 87).

Á 24. fundi í Sþ., 29. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Með þessari till. á þskj. 87 er farið fram á heimild fyrir ríkisstj. til að verja 200 þús. króna vegna efniskaupa til hafnargerðar í Ólafsfirði. — Þessi till. kann nú að þykja nýstárleg, en ekki er langt síðan Alþ. gaf fordæmi með þál., er samþ. var 12. nóv. s. l. um efniskaup til rafveitu Reykjaness, og fleiri sams konar heimildir munu hafa verið veittar.

Á síðasta þingi voru samþ. hafnarl. fyrir Ólafsfjörð. Í sambandi við það var þá upplýst með rökum, að svo mikil nauðsyn væri þar á hafnarbótum, að í rauninni væri ekki nema um tvennt að velja, að leggja niður byggð í Ólafsfirði eða bæta höfnina. Var þá að því ráði horfið að bæta höfnina, og stóð til að hefja framkvæmdir á næsta sumri til að gera það allra nauðsynlegasta, svo að útgerð gæti haldið þar áfram. Efni hefur verið tryggt til þessara framkvæmda og útflutningsleyfi fengið fyrir því í Ameríku.

En nú er svo komið, að Ólafsfjarðarhreppur hefur ekki getað fullnægt 2. gr. hafnarl. um tryggingu fyrir væntanlegu láni til hafnargerðarinnar. Sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, sem áskilið er, að gangi í bakábyrgð, hefur synjað um hana, — ekki af því, að hún vilji ekki styðja að framgangi málsins, heldur af því, að henni þykir löggjafarvaldið ganga of langt í því að krefjast ábyrgðar sýslnanna fyrir lánum, er einstakir hreppar taka til hafnargerða og annarra framkvæmda, og skorar á Alþ. að breyta þessum lögum.

Það er farið fram á það með þessari till., að stj. verði heimilað til bráðabirgða að kaupa þetta efni til þess að missa ekki af því. Að sjálfsögðu vakir það ekki fyrir okkur flm. að fá þetta efni gefið, heldur að ríkisstj. kaupi það og selji hafnargerðinni í Ólafsfirði, þegar hún getur fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir lánstryggingu. Ég efast ekki um, að þeim verði hægt að fullnægja í vor. Og yrði þessi till. samþ., þá gæti verkið hafizt eins og til stóð.

Annaðhvort mun sýslunefndin breyta afstöðu sinni eða Ólafsfirðingar grípa til fullnægjandi ráða til að tryggja sér lán.

Ég býst við, að rétt þyki að láta fjvn. fjalla um þetta mál, og geri það því að till. minni í því trausti, að hún bregðist vel við og greiði svo fyrir því, að það geti fengið þinglega meðferð og fullnaðarafgreiðslu á þessu þingi eða áður en því verður frestað. Að draga málið til hausts er sama og gera það þýðingarlaust í framkvæmd, því að þá verður Ólafsfjarðarhreppur óefað búinn að fullnægja þeim skilyrðum, sem þarf til að útvega lán.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 26. fundi í Sþ., 6. marz, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 87, n. 118, 150).

Frsm. (Pétur Ottesen): Fyrsti flm., hv. 1. þm. Eyf., gerði grein fyrir því við 1. umr., hver orsök lægi til þess, að þessi till. var borin fram. Það hafði atvikazt svo, að á nýafstöðnum sýslufundi í Eyjafirði synjaði meiri hl. sýslun. um ábyrgð fyrir því láni til hafnarbóta í Ólafsfirði, sem hér er gert ráð fyrir, en það veldur því, að ábyrgð ríkissjóðs fyrir þessu láni fæst ekki, þar sem þá er ekki hægt að uppfylla skilyrðið fyrir því. Nú stendur svo á, eins og hv. 1. þm. Eyf. skýrði frá, að búið er að festa kaup á efni, sem nemur, komið til Ólafsfjarðar, 200 þús. kr. að verðmæti, og undirbúningur að framkvæmd þessara aðgerða á sumri komanda hafinn.

Þessi aðgerð er að því leyti aðkallandi, að af völdum ár, sem rennur út í höfnina, berst mikið af sandi og möl upp að bryggju þeirri, sem þar er, og það svo, að þessi bryggja, sem notuð er fyrir bátaútgerðina í Ólafsfirði, verður af þeim sökum ónothæf nema fyrir minnstu báta. Þessi aðgerð er miðuð við það, að tekið verði fyrir þennan aðburð að bryggjunni, og að því leyti er framkvæmdin mjög aðkallandi. Nú leiðir af sjálfu sér, að hætta verður við efniskaupin til verksins, ef ekki er gripið til annarra ráða til að fá úr þessu bætt. Í þessari þáltill. er farið fram á, að ríkið hlaupi

undir bagga til að leysa út þetta efni. Fjvn. er hv. flm. sammála um það, að þær ástæður, sem fyrir hendi eru, séu þess eðlis, að rétt sé, eins og ástatt er, að hlaupa undir bagga, og hefur fallizt á að mæla með till., bæði að því er upphæðina snertir og þá aðferð, sem lagt er til, að höfð verði. Hins vegar leggur n. mikla áherzlu á, að undinn sé bráður bugur að því heima í héraði, að fullnægt verði skilyrðum 2. gr. hafnarl. fyrir Ólafsfjörð, svo að ríkissjóður fái framlagið til efniskaupanna endurgreitt, enda er frekari framkvæmd verksins sýnilega háð því, að framkvæmdin sé reist á ákvæðum hafnarl.

Lífsafkoma þeirra, sem þarna búa, er undir því komin, að þetta mál verði leyst, og málið verður að leysa. Það er ekki hægt að láta við það sitja, að mál, sem framtíð þessa staðar byggist á, sé kyrkt í fæðingunni. Fáist það ekki leyst með því, að Eyjafjarðarsýsla gangi í ábyrgðina, eins og ráð er fyrir gert í hafnarl. Ólafsfjarðar, þá er ekki um annað að gera en þetta kauptún leiti eftir að fá bæjarréttindi og geti þannig haldið þessum framkvæmdum áfram, sem hér er stofnað til, þannig að ákvæðum hafnarl., sem þá mundi breytt með hliðsjón af því, sé fullnægt.

Það er ekki neitt í hættu fyrir ríkissjóð að leggja þetta fé fram, því að í fyrsta lagi hefur hann alveg í hendi sér þessa tvo fimmtu hluta af fjárframlaginu og auk þess það að fá fulla endurgreiðslu á láninu við framhaldandi framkvæmd verksins. Að því leyti er ekki í neina hættu stefnt, en hins vegar nauðsynlegt, að greitt verði úr þessum erfiðleikum Ólafsfjarðar. Með þessu er ekki heldur skapað fordæmi. Hér er einungis um bráðabirgðafrávikningu frá gildandi reglu að ræða, sem ekki á sér langan aldur.

Hér hefur verið borin fram brtt. frá hv. þm. Barð., þar sem hann leggur til, að í staðinn fyrir, að ríkissjóður leggi fram þetta fé, veiti hann ríkisábyrgð fyrir allt að 120 þús. kr. Þetta er þó ekki fullnægjandi til úrlausnar. Hv. þm. hefur ekki talað fyrir þessari brtt., en ef það hefur vakað fyrir honum, að einhverju væri í hættu stefnt með þessu framlagi, þykist ég með því, sem ég hef nú sagt, hafa sýnt fram á, að svo er ekki. Sé ég því ekki ástæðu til frá því sjónarmiði séð að hverfa frá þeirri till., sem hér liggur fyrir og fjvn. mælir með, enda er þessi brtt. sýnilega á misskilningi byggð. Ég álít, að ríkissjóði sé það jafntryggt að leggja fram það fé, sem hér um ræðir, og að fara að taka ábyrgð á þeirri upphæð, sem til er tekin í brtt. hv. þm. Barð.

Ég hef svo ekki miklu meira um þetta mál að segja, en vil þó taka fram, að Ólafsfjörður er sérstaklega vel settur að því leyti, að hann liggur bezt við af öllum útgerðarstöðvum á þessu svæði að því leyti, hve örstutt er þar á fiskimiðin, en um miklu lengri sjósókn að ræða frá öðrum stöðum. En eins og hann er vel settur, hvað fiskveiðaaðstöðu snertir að þessu leyti, er hann illa settur með samgöngur á landi. Íbúar Ólafsfjarðar eiga þess ekki kost að eiga landsamgöngur við það hérað, sem þeir tilheyra, nema þá yfir hásumarið. Eina samgönguleiðin er að fara yfir Lágheiði yfir í Fljótin í Skagafjarðarsýslu. Er nú verið að vinna að umbótum á þessari leið. Í Ólafsfirði býr dugnaðarfólk, sem hefur sýnt mikla atorku í störfum sínum, bæði í útgerðinni og eins því að hagnýta þá mjög svo takmörkuðu landkosti, sem þar er um að ræða. Ólafsfirðingar hafa beitt sér fyrir margháttuðum framförum, t. d. í rafmagnsmálum og eins í því að hagnýta sér jarðhitann, sem er þó í nokkurri fjarlægð frá kauptúninu. Þeir hafa og fest kaup á því landi, sem kauptúnið stendur á, og meiru, sem hægt er að græða út, svo að íbúar geti átt ítök í landbúnaðinum, sem er óneitanlega mikilsvert atriði. Það, sem hér skortir á, eru umbætur á hafnar- og lendingarskilyrðum. Það verkefni munu Ólafsfirðingar einbeita sér við á næstu árum, enda þörfin til úrbóta á því sviði brýn og aðkallandi. Ég vildi láta það koma fram, að hér er verið að gera ráðstafanir til að hjálpa þeim, sem hafa sýnt í verkinu, að þeir verðskulda sannarlega, að þeim sé rétt hjálparhönd, og þá ekki sízt, er eins stendur á og nú. Ég legg því til fyrir hönd fjvn., að till. verði samþ. í því formi, sem hún er í nú.

Gísli Jónsson: Út af ræðu hv. þm. Borgf. vil ég segja það, að þessi till. mín er ekki komin fram af andúð á málinu sjálfu. Hún er komin fram til að samrýma það tvennt að leysa úr vandræðum Ólafsfjarðar og brjóta þó ekki í bág við þær reglur, sem Alþ. hefur sett sér í þessum málum. Og ég hygg, að hefði till. mín legið fyrir hv. fjvn., áður en hún gaf sitt álit, þá hefði hún fallizt á hana. Ólafsfjörður fékk í fyrra sín hafnarl., og Alþ. hefur, eins og kunnugt er, tekið þá stefnu að neita engum um hafnarl., ef uppfyllt eru þau skilyrði, sem l. ákveða, en það er, eins og hér stendur á, að Ólafsfjörður leggi fram ⅗, sem ríkissjóður þó lánar, gegn ábyrgð sýslun. á móti ⅖ framlagi frá ríkissjóði. Nú hefur ekki verið hægt að uppfylla þau skilyrði í þessu tilfelli. En ef það væri uppfyllt, sem tilskilið er í l., þyrfti Ólafsfjörður ekki a hærri upphæð að halda en 120 þús. kr. Nú er ég ekki viss um, að dregið verði úr framlagi til hafnargerðar Ólafsfjarðar á næstu fjárl. Ég gæti a. m. k. frekar trúað, að þessi fjárupphæð, 200 þús. kr., yrði sett inn á næstu fjárl. Það er ekki ósennilegt. Það, sem Ólafsfjörð vantar, eru 200 þús. kr. Þar sem hann getur fengið lán, 120 þúsund kr., og 270 þús. kr. samkvæmt fjárl., þá hefur náðst sú upphæð, sem hafnargerðin í Ólafsfirði þarf alls til þess að bjarga sér út úr vandræðunum, sem hún á við að stríða. Samtímis er svo þeirri stefnu haldið fram, að veita ekki aðra upphæð á sama árinu en ákveðið hefur verið í fjárl. undanfarin ár.

Ég vil í sambandi við þetta mál leyfa mér að benda á, að ef farið er inn á þessa braut, hvar er þá stíflan fyrir því, að aðrir komi á eftir? Mér er vel ljós þörfin um land allt fyrir auknar hafnarbætur og játa, að Alþ. á mjög erfitt með að uppfylla allar þær óskir og þarfir. En ég tel ekki nauðsynlegt að brjóta þær reglur, sem settar hafa verið,

ef allt á ekki að fara í öngþveiti í þessum málum, og vil því leggja áherzlu á það, að till. mín er ekki komin fram af neinni andúð á málinu. Þess vegna vænti ég þess, að flm. dragi til baka sitt atkv. með þál. og till. verði samþ. hér eins og hún liggur fyrir á þskj. 150.

Bernharð Stefánsson: Ég vil tjá hv. fjvn. þakkir mínar fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli, og sömuleiðis vil ég þakka hv. formanni n. fyrir lofsamleg ummæli um Ólafsfirðinga. Út af þeim aths., sem komu fram í nál. og einnig í ræðu frsm. um það, að þetta ætti aðeins að vera bráðabirgðaráðstöfun og sjálfsagt væri, að fullnægt yrði síðar ákvæðum 2. gr. hafnarl. fyrir Ólafsfjörð, þá vil ég taka undir þetta. Ég gat um það hér við fyrri umr. þessa máls, að þetta væri hugsun okkar flm., og hafði það aldrei verið ætlun okkar að pretta ríkissjóð með þessari till.; heldur að þetta gengi fyrir sig á eðlilegan hátt. Það yrði aðeins veittur þessi stuðningur í bili, af því að það atvik kom fyrir, sem Ólafsfirðingar gátu ekki vitað um fyrir fram, að þeir geta ekki í bili lagt fram þær tryggingar fyrir lánunum, sem gert er ráð fyrir í hafnarl. Ég tel alveg sjálfsagt, að þessum ákvæðum 2. gr. um tryggingar fyrir lánunum, sem ríkissjóður tekur ábyrgð á, verði fullnægt á sínum tíma.

Eins og formaður fjvn. sagði, þá eru til tvær leiðir í þessu máli; í fyrsta lagi, að sýslun. Eyjafjarðarsýslu breyti afstöðu sinni og veiti þessa ábyrgð, eða í öðru lagi hitt, að Ólafsfjarðarkauptún fengi bæjarréttindi. Og þá vil ég skilja það svo, að þar með væri fallin niður og ómerk orðin ákvæði hafnarl. um að áskilja ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu. Þegar kauptún er gert að bæjarfélagi, fær það algert sjálfræði í fjármálum sínum, þeim sem áður heyrðu undir sýslun. og sýslufélagið. Mér þætti vænt um að heyra álit stj. um það, hvort þetta væri ekki rétt skilið hjá mér.

Út af þeim brtt., sem þm. Barð. flytur á þskj. 150, skal ég ekki hafa mörg orð. Ég vil þá segja það fyrst, að í sjálfu sér vil ég ekki hafa neitt á móti því formi, sem hann vill hafa á þeim stuðningi til Ólafsfirðinga, að þingið veiti ríkisstj. heimild til að veita þeim ábyrgð til lánanna. En sannleikurinn er sá, að eftir viðtal við ýmsa menn hér á þingi, þá hurfum við frá því að hafa slíkt form, því að margir töldu það koma algerlega í bága við þá venju, sem þingið hefði haft, að fara að veita þessa ábyrgð, áður en fullnægt væri ákvæðunum um tryggingarnar. Við sáum okkur beinlínis ekki fært að bera till. fram í því formi, vegna þess að við bjuggumst við, eftir þær undirtektir, sem við höfðum heyrt, að slík till. mundi ekki fá náð fyrir augum þingsins. Þó að hv. flm. þessarar till., hv. þm. Barð., reikni hlutfallið eða hvernig eigi að skipta framlaginu, þá kemur það beinlínis ekki þessu máli við. Ábyrgðin er veitt eftir till. hans án ábyrgðar sýslun. Eyjafjarðarsýslu. Og það má kannske orða það svo, að þetta hefðum við flm. ekki þorað að fara fram á. — Hann sagði, að þessi till. væri ekki borin fram af neinni andúð til Ólafsfjarðar, og ég trúi vel, að svo sé ekki, og hef enga ástæðu til að væna hv. þm. um það, en ég held samt, að till. yrði samkv. þessu, er ég sagði, til þess að eyðileggja málið, þó að ég efist ekki um það, að hún sé borin fram í góðum tilgangi.

Viðvíkjandi upphæðinni, sem hann tiltekur þar, þá er það að segja, að við settum í till. okkar upphæð allt að 200 þús. kr. og eftir beinni ráðleggingu hv. vitamálastjóra. Hann taldi, að það þyrfti fyrir þetta efni 190 þús. kr., sem Ólafsfirðingar hafa ekki ráð á að leggja fram í bili, öðruvísi en þeir fengju lán ellegar efnið fengist keypt með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í till. Ég er hræddur um, að þessi útreikningur þm. hafi verið byggður á eitthvað vafasömum forsendum. Það virtist vaka fyrir honum með flutningi þessarar till., að hjálpin væri veitt eftir sömu reglum og áður, en eins og ég hef sýnt, er það ekki, þar sem ábyrgð sýslun. vantar. Sú ábyrgð, sem Ólafsfirðingar báðu sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu um, var 400 þús. kr., og það er enginn kominn til að segja, að sýslun. hefði neitað um 120 þús. kr., eins og hv. þm. talaði um í ræðu sinni.

Hann átaldi það, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu hefði synjað um þessa ábyrgð. Ég skal ekki verja sýslunefndina og skal geta þess, eins og ég vék að við fyrri umr. þessa máls, að þá vakti það ekki fyrir sýslun. að tortryggja Ólafsfjörð eða snúast á móti málefnum hans varðandi hafnargerðina. Mér er kunnugt, að sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu hefur litið svo á í mörg ár, að löggjafarvaldið gengi allt of langt í því að áskilja sér í ýmsum efnum ábyrgð sýslufélaga. Og hann hafði vitanlega mælt fyrir þessari skoðun sinni í sýslun. En eftir því sem mér skilst á samþykkt sýslun., þá felst einnig í henni áskorun til Alþ. um að breyta ýmsum lagaákvæðum í þessu efni, og sýslun. mun hafa látið það ótvírætt í ljós, að hún mundi vilja taka á sig ábyrgð á hluta af því láni, sem til hafnargerðarinnar þurfti, og þá til annarra svipaðra framkvæmda í sýslunni, en taldi nauðsynlegt að neita þessari ábyrgð ákveðið, eins og hún lá fyrir, og til þess að koma hreyfingu á þessi mál, að kröfum um ábyrgð sýslufélaga væri frá hennar sjónarmiði meir stillt í hóf en gert hefur verið. Ég hef beðið um nánari skýringu á þessu, en ekki fengið hana. En ég get vel fallizt á, að það kunni að vera byggt á mjög heilbrigðri hugsun þetta, sem sýslun. Eyjafjarðarsýslu heldur fram, að áskilja nokkuð viðráðanlega ábyrgð sýslufélagsins, þegar svipað stendur á, til þess að ekki sé ráðizt í slíkar framkvæmdir, kannske í fljótræði og án þess sýslufélagið, sem hlut á að máli, geti risið undir þeim skuldbindingum, sem ætlazt er til, að það taki á sig. En sem sagt, ég er alveg sannfærður um, að þetta málefni verður lagað á einhvern hátt heima fyrir nú alveg á næstunni, og þess vegna er ég og við flm. þakklátir, ef hæstv. Alþingi vill nú að ráði hv. fjvn. veita þessa bráðabirgðahjálp, því að eins og hv. frsm. tók fram, er það í raun og veru engin ábyrgð, sem ríkissjóður tekur á sig samkv. till. okkar. Ég vil því samkv. því, sem mér kemur þetta mál fyrir sjónir, mælast til, að brtt. á þskj. 150 verði felld. Ég gæti að vísu sjálfur samþ. hana, ef

upphæðin yrði hækkuð í 200 þús. kr., en þá gæti ég búizt við, að hún fengi minna fylgi á þingi með því móti, og þess vegna mæli ég með því, að hún verði felld, en aðaltill. samþ., eins og hv. fjvn. hefur lagt til.

Forseti (GSv): Ég hafði nú búizt við því, að umr. yrðu ekki langar um þetta mál. En horfur eru á, að það verði rætt nokkuð að sinni. Það voru á dagskrá nokkur fleiri mál, sem þurfa að verða tekin fyrir, og þegar kl. er 4, verður fundi frestað til kl. 5. Umr. um þetta mál er frestað.

Umr. frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 7. marz, var fram haldið síðari umr. um till.

Emil Jónsson: Ég skal verða við tilmælum hæstv. forseta og stytta mál mitt.

Í fyrsta lagi vil ég skýra frá því, að hér er um að ræða verk, sem ekki mun kosta aðeins 200 þús. kr. eða 300 þús. kr., heldur 500 þús. kr., — það, sem ætlazt er til, að gert verði í sumar. Ríkisábyrgð sú, sem farið er fram á í brtt. á þskj. 150, yrði því alls ekki fullnægjandi, til þess að verkinu yrði lokið. Það, sem farið er fram á í þáltill. á þskj. 87, er aðeins, að ríkissjóður kaupi sjálfur efnið, sem nú hefur fengizt útflutningsleyfi fyrir frá Ameríku, *en það verður að svara næstu dagana annaðhvort* nei eða já, annars er engin von til, að efnið komi í tæka tíð, svo að hægt sé að vinna að hafnargerðinni á þessu sumri. En vegna synjunar sýslun. Eyjafjarðarsýslu um ábyrgð á láni fyrir Ólafsfjarðarkauptún til hafnargerðarinnar er þessi leið farin, svo að efniskaupin gangi ekki kauptúninu úr greipum.

Þegar lögreglustjóri Ólafsfjarðar fór fram á sýsluábyrgð, lá fyrir loforð frá peningastofnun hér um 300 þús. kr. gegn ábyrgð. Eins lá fyrir 275 þús. kr. frá ríkissjóði og loks loforð frá annarri stofnun um lán að upphæð 125 þús. kr. Málið lá þannig fyrir, að eðlilegt virtist, að sýslun. Eyjafjarðarsýslu hefði ekki látið á sér standa. Í langflestum tilfellum hafa sýslun. gengið í ábyrgð fyrir sama hluta og ríkissjóður, og ég er ákaflega hræddur um, ef einni sýslun. tekst að losa sig undan þessari ábyrgð, að aðrar komi á eftir. Þetta tel ég varhugavert, því að þessi hemill er ætlaður til þess að tryggja ríkissjóði það, að ekki verði ráðizt í verk, sem sýslun. telja óráðleg. Þess vegna legg ég nokkuð upp úr því, að þetta form sé nokkurs virði.

Nú er sá munur á þessum till., sem hafa komið fram annars vegar frá þremur hv. þm., sem flytja þáltill. á þskj. 87, og hins vegar frá hv. þm. Barð., að í hinni upprunalegu till. er gert ráð fyrir, að ríkisstj. sé heimilað að kaupa efnið, og hafði ég skilið það svo, að efnið yrði ekki afhent viðkomandi hafnarn. til afnota, nema trygging sú, sem l. heimta, sé gefin. En á þskj. 150 er heimilað, að ríkisstj. ábyrgist lán án nokkurrar sýsluábyrgðar. Ég veit ekki, hvort það vakir fyrir tillögumanni, að þessarar ábyrgðar verði ekki síðar krafizt, en það er opin leið til þess. Ég held það felist ekki nein sérstök hætta í þessari till., eins og hún er úr garði gerð upphaflega, því að jafnvel þó að Ólafsfjörður gæti ekki notað efnið, yrði hægt að koma því í verð á annan hátt, en tryggt samt, að starfið þyrfti ekki að tefjast í sumar vegna ófullnægjandi ábyrgðar nú.

Ég skal viðurkenna, að það er varhugavert að ganga í ábyrgð fyrir þetta fé, þegar ekki er ljóst, hvert sýslun. stefnir, og gætir nokkurs misskilnings í áliti sýslun. Samkv. till., sem borin var fram í sýslun. og birtist í Degi, sem mér hefur rétt núna borizt upp í hendurnar, virðist hugur sýslun. sá, að koma sér í lengstu lög hjá því að taka á sig ábyrgð á lánum, en sér, að varhugavert er að ganga inn á þá braut vegna annarra.

Gísli Jónsson: Ég vil leiðrétta misskilning hv. andmælanda till. minnar. Hann virðist ekki hafa lesið alla till. Hv. þm. Hafnf. skildi eftir meginefni hennar: „enda hafi ríkissjóður veð í efninu, þar til hann hefur verið leystur frá ábyrgðinni". — Það er einmitt það, sem farið er fram á, að ábyrgjast 120 þús. kr. lán, svo að Ólafsfirðingar geti keypt efnið. Hitt er annað, að halda verkinu áfram, og þarf ekki ábyrgð ríkissjóðs enn fyrir láni til þess.

Ég vil í sambandi við það, sem hv. 1. þm. Eyf. sagði, að þetta yrði sérstakur kaupstaður, spyrja, *hvort þá þurfi ekki að breyta l., til þess að hann* fái ekki nema ⅓ eins og aðrir kaupstaðir. Neskaupstaður einn hefur fengið ⅖. Það eru gerðar skýrar línur í hafnarl., að þeir, sem greiða ⅓, séu ekki skyldugir eftir l. að leggja neitt á afla. Aðrir mega leggja ½%, en þeir, sem fá helming, 6% á afla, — og þar er ekki tilskilin ábyrgð sýslun. Og ef Ólafsfjörður vildi fara þá leið að greiða 50% sjálfur, þá kæmi um leið til framkvæmda kvöðin um að greiða 6% af öllum afla, sem þar er lagður á land, í hafnarsjóð. Ég gæti vel trúað, að það kæmi til mála, ef taka ætti burt ábyrgð ríkissjóðs, að gera Ólafsfjörð að kaupstað. Það kæmu þá e. t. v. einhverjar raddir á móti.

Mig undrar, að vitamálastjóri skuli mæla með þessu, því að hann er ekki fær um að standa undir því flóði, sem flæðir inn á Alþ. um sams konar hjálp, ef þessi leið er farin og heimtað er af ríkissjóði meira en l. ákveða. Hér er verið að veita raunverulega 200 þús. kr. á sömu fjárl. sem veittu 275 þús. kr. áður. Þegar svo er bent á leið, sem hægt er að fara án þess að brjóta l., þá segir vitamálastjóri, að sjálfsagt sé að hækka fjárframlagið. En það er hægt að fara þá leið, sem ég benti á. Það, sem farið er fram á af þessum þremur hv. þm., er ekki þörf, og hlýtur annað að vera á bak við. Þegar sú stífla er brotin, sem till. þeirra hlýtur að brjóta, þá er hvorki hv. þm. Hafnf. né annar fær um að stöðva það flóð sams konar beiðna, sem hingað munu berast.

Emil Jónsson: Hv. þm. Barð. sagðist skilja þörf Ólafsfirðinga, en það, sem hann hefur sagt, sýnir, að hann skilur ekki eitt né annað. Það er allt

tómur misskilningur, að þessar 200 þús. kr. séu viðbótarfjárframlag. Það er ekki farið fram á neina viðbótarfjárveitingu, heldur að ríkissjóður kaupi efnið og geymi það, þar til Ólafsfjörður getur borgað það út, ríkissjóði að skaðlausu og án allra aukaframlaga.

ATKVGR.

Brtt. 150 felld með 28:4 atkv.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 167).

8. Suðurlandsbraut um Krýsuvík.

Á deildafundum 8. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heimild handa ríkisstj. til að veita fé til lagningar Suðurlandsbrautar um Krýsuvík (A. 33).

Á 14. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sveinbjörn Högnason): Ég flyt hér ásamt nokkrum öðrum þm. till. til þál. um heimild handa ríkisstj. til að veita fé til lagningar Suðurlandsbrautar um Krýsuvík. — Ég þarf í rauninni ekki að fara mörgum orðum um þessa till., þar sem aðalatriðin henni viðvíkjandi eru fram tekin í grg. Ég vil aðeins benda á, að þetta er mál, sem ekki þolir neina bið, er aðkallandi fyrir upp undir helming landsmanna. Það þarf því að taka það fastari tökum en gert hefur verið undanfarið. Annars vegar er fjölmennasti kaupstaður landsins, sem þarf að fá nauðsynlegar neyzluvörur, og hins vegar eru framleiðendur á stærsta landbúnaðarsvæði landsins, sem þurfa að tryggja daglega sölu afurða sinna.

Um tvær leiðir hefur verið að ræða, Hellisheiði og Þingvallaleiðina. En báðir þessir vegir liggja hátt og eru þannig lagðir, að þeir gerast torveldir, ef nokkuð snjóar, og eru oft ófærir með öllu. Það gefur að skilja, hve miklum örðugleikum þetta veldur á alla vegu, og sýnist næstum einkennilegt, að þessi leið skuli ekki hafa verið betur tryggð, eins og lögð hefur verið mikil stund á samgöngur í landinu undanfarið. Því er ekki að leyna, að þessu virðist mikið valda ágreiningur og sundrung þeirra, sem hlut eiga að máli. Margar raddir hafa verið uppi um lausn málsins, og þess vegna hefur lent í því einu, að allt hefur farið í tómar rannsóknir, sem hafa verið tiltölulega gagnslitlar. Hins vegar eyðist daglega stórfé í þetta kák að undirbúningi, og er þegar búið að verja í það 240 þús. kr., eins og tekið er fram í grg. Þar að auki fer nú daglega forgörðum fé, er skiptir tugum þúsunda, í framleiðsluvörum og flutningatækjum. Mjólkurbílarnir hafa verið 12—18 stundir yfir fjallið undanfarið, ef þeir hafa á annað borð komizt, og aðeins fáir hafa komizt óskemmdir.

Aftur á móti er nú fullreynt, að vegur sá um Krýsuvík, sem byrjað er á, kemur til með að tryggja samgöngur mun betur að vetrarlagi og leysa þennan vanda að mjög miklu leyti. Hitt er auðvitað, að hann gæti orðið ófær í miklum snjóum, það geta allir vegir, þótt í byggðum séu. Þriðjungur þessarar leiðar hefur nú verið undir eftirliti í þrjú ár, og búið er að leggja hæsta hlutann og hættulegasta í snjóum. Það hefur sýnt sig, að þessi kafli hefur verið hér um bil alveg snjólaus, þótt báðar flutningaleiðirnar austur yfir fjall væru ófærar. Síðast er það vitað núna undanfarið, er vegir hafa verið illfærir austur, að þá hefur þessi vegur verið snjólaus og greiðfær eins og vegir í byggðum eða göturnar í Reykjavík. Síðast er vegir tepptust austur, fórum við nokkrir saman upp í Vatnsskarð, en það er hættulegasti kaflinn á Krýsuvíkurleiðinni. Þar mátti þá heita alveg snjólaust, enginn skafl, sem hver fólksbíll hefði ekki komizt hindrunarlaust gegnum. Vegurinn mátti því heita eins og hér á götunum, og er þetta þó versti kaflinn.

Ef snjóþungir vetur kæmu, mundi það kosta þjóðfélagið milljónir kr. að halda þeim leiðum opnum, sem nú eru farnar, auk afar mikilla óþæginda fyrir framleiðendur og neytendur. Mér er það raunar alveg óskiljanlegt, hvílíkt óskaplegt skeytingarleysi það hefur verið að tryggja ekki þessa langþýðingarmestu leið landsins. Menn hafa reynt að moka fjallvegina með skóflum og snjóýtur hafa verið reyndar, síðan herinn kom, svo að ekki hafa þær verið útvegaðar af vegamálastjórninni. Ekki hafa verið gerðar tilraunir með fleiri tæki nema snjóbíla, enda eru þeir engin framtíðarlausn fyrir flutningaleið, sem 100 smálestir eru fluttar um daglega, þar sem öll héruð í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu þurfa að nota þessa leið til allra aðdrátta og flutninga framleiðsluvara, því að það eru engar hafnir í þessum sýslum, eins og allar vita. Ég held því, að öllum hljóti að vera ljós nauðsyn þessa máls, enda er hér ekki um neina gífurlega upphæð að ræða. Vegamálastjóri hefur áætlað hana 5 millj. kr. og viðurkennt, að það væri ónákvæm áætlun. Og þegar leitað hefur verið eftir að framkvæma vegarkafla í ákvæðisvinnu á þessari leið, þá hefur ekki þótt rétt að taka því, þótt miðað væri við þessa áætlun. Þetta sýnir, að vegamálastjóra þykir, að áætlun þessi muni fremur of há, því að öðrum kosti hefði hann ekki neitað um ákvæðisvinnu á vegarköflum eftir þessari áætlun eða miðað við hana.

Ég gæti ímyndað mér, að drægist þessi framkvæmd enn í tvö ár og þau væru snjóþung, þá færu ekki minna en 2 millj. kr. í að halda núverandi leiðum opnum, í mannafla, í tækjum og eyðilögðum flutningatækjum. Það er því allsendis óverjandi að draga lengur að hefjast handa í þessu máli.

Það hefur verið um það rætt og flestir því samþykkir, að sem fæst mál væru flutt á þessu þingi fyrir utan stjskrbreyt. En hér hafa samt komið fram mál, sem ég tel þessu máli miklu ónauðsynlegri, og sannast það nú áþreifanlega daglega. Vænti ég, að

það fái fulla afgreiðslu á þessu þingi og að hún verði góð. Að svo mæltu óska ég eftir, að till. verði vísað til síðari umr. og fjvn.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Ég skal ekki blanda mér inn í umr. þessa máls, hvort leggja skuli þennan veg eða ekki. En þar sem þessi till. fer fram á, að stj. verði veitt heimild til útgjalda úr ríkissjóði upp á 2 millj. kr., þá vildi ég spyrja hv. flm., hvernig þeir hugsi sér, að þessi upphæð verði útveguð, þar eð ekki lítur út fyrir tekjuafgang á þessu ári.

Umr. frestað.

Á 15. fundi í Sþ., 11. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Mér kom það nokkuð kynlega fyrir sjónir, er ég kom hér inn í d. síðastl. þriðjudag, að sjá þessari till. þá útbýtt. Hv. l. flm. till. hafði áður komið að máli við mig og spurt mig að því, hvort ég vildi verða meðflm. að henni, og gaf ég honum ákveðin loforð um það. Ég býst nú við því, að hv. l. flm. muni afsaka sig með því, að ég fór úr bænum í nokkra daga. Frá mínu sjónarmiði er það engin afsökun fyrir hv. þm., því að hann vissi, hvar ég var staddur, en hafði fengið ákveðin loforð um það frá mér, að ég ætlaði að verða flm. að till. Í öðru lagi er það aukaatriði, hvort till. var lögð inn á mánudag eða þriðjudag, en þá var ég kominn í bæinn, og hefði verið jafnlíklegt, að till. hefði verið samþ. hvorn daginn, sem var. Mér finnst því þessi framkoma hv. l. flm. alveg óskiljanleg, en á bágt með að trúa því, að hann hafi ekki viljað hafa mig með á till. eða ekki viljað fylgi Sjálfstfl. við þetta mál eða þeirra manna, sem vildu vera með því. Ég býst við, að hann segi eitthvað á þá leið, að það hafi ekki andað svo hlýju til þessa máls frá ýmsum sjálfstæðismönnum, að það þýði að vænta stuðnings frá þeim. En hann vissi hins vegar um skoðun mína á málinu, og eins og ég tek meira tillit til hæstv. forseta (hv. 10. landsk.) og hv. 2. þm. Árn., þá veit ég einnig, að þeir taka meira tillit til þess, hvað ég segi í þessu máli, en til hv. þm. V.-Sk. Hefðu þá verið meiri líkur til þess að fá þá flm. að till., ef ég hefði verið þar með. Það er þó ekki þar með sagt, að ég hafi nokkuð yfir skoðun þessara manna að ráða, en ég veit, að þeir taka meira tillit til þess, sem ég segi, en til hv. þm. V.-Sk., eins og ég tek meira tillit til þess, hvað þeir segja. Ég á bágt með að trúa því, að hann langi til þess að hafa einhvern vinstri blæ yfir till. þessari, og ég trúi því ekki, að flm. hafi flutt till. í því skyni, þótt ástæða hafi verið gefin til þess, heldur álít ég, að honum sé alvara í því að bæta úr samgöngunum austur yfir fjall, þótt framkoman gefi ástæðu til grunsemda. Er slík framkoma vægast sagt ósamboðin þm., þótt úr andstæðingaflokki sé. Ég býst nú við, að það hafi verið freistingin hjá þessum þm. að fá vinstri öflin í lið með sér, en ætlunin hafi ekki verið að skaða málið, en ég segi, að það verður ekki honum að þakka, þótt málið skaðist ekki. Ég vil lýsa hér yfir, að ég mun ekki láta málið gjalda þess, þótt svona hafi verið að þessu farið.

Um þetta mál hefur staðið styr að undanförnu, og hefur mörgum fundizt sitt hvað í þessum efnum. Ég hef stundum verið dálítið vantrúaður á, að þessi leið væri sú heppilegasta til úrlausnar fyrir okkur, og ýmsir verkfræðingar hafa einnig lagt á móti henni, ekki vegna þess, hversu leiðin er snjóþung, heldur vegna þess, hversu löng hún er. Mér hefur löngum vaxið í augum þessi mikla vegalengd, en eftir að ég hef nú vetur eftir vetur farið austur yfir fjall, þá hef ég sannfærzt um, að vegalengdin er algert aukaatriði. Þegar ég kom síðast leiðina austan yfir fjall, vorum við 11½ klst. frá Þingvöllum til Reykjavíkur, og var okkur þá ljóst, að það hefði verið algert aukaatriði, þótt við hefðum farið 40—50 km krók, móts við það að vera heila nótt að brjótast áfram í sköflum. Við slíkt ástand verður því ekki lengur unað. Þegar það er nú upplýst, að Krýsuvíkurleiðin er snjóléttari og verður oftast fær, þá virðist mér sú ástæða, vegalengdin, orðin algert aukaatriði eftir þá reynslu á vetrarferðalögum, sem ég hef nú. Þegar vegurinn um Krýsuvík er kominn, verður um þrjár leiðir að ræða austur: Þingvallaleiðina, Hellisheiðarveginn og Krýsuvíkurveginn, og verða þá mjög miklar líkur til þess, að alltaf verði einhver þessara leiða fær. Þegar mikið snjóar á Þingvallaleiðina, þá snjóar ekki á Krýsuvíkurveginn. Sama máli gegnir um það, ef miklum snjó hleður niður á Krýsuvíkurleiðina, þá snjóar lítið á Mosfellsheiði. Ástæðan til þessa er sú, að snjólögin leggjast eftir því, hvaða átt er, þegar snjórinn fellur. Ef Krýsuvíkurvegurinn verður lagður, geta Reykvíkingar því verið nokkurn veginn vissir um að verða ekki mjólkurlausir.

Á síðastl. þingi var hér flutt till. af mér og mörgum fleiri þm., þess efnis, að rannsókn yrði látin fara fram á nýju vegarstæði yfir Svínahraun og Hellisheiði. Einnig skyldi rannsaka, hvort unnt væri að gera þar steinsteyptan veg. Þegar till. þessi var rædd, var ekki lagt á móti Krýsuvíkurveginum, heldur lýst yfir, að nauðsynlegt væri að fá Krýsuvíkurveginn engu að síður og hraða honum eins og hægt væri. Tilgangurinn með þessari till. á síðasta þingi var því sá að fá betri veg yfir Svínahraun og Hellisheiði og heppilegra stæði fyrir hann frá því, sem nú er, vegna þess að það er vitanlega mikið atriði að fá stytztu leiðina færa sem oftast. Hlýtur það að vera keppikefli þeirra, sem búa fyrir austan fjall, og eins þeirra, sem kaupa mjólkina, að fá hana flutta sem allra stytzta leið. Við gerðum okkur það ljóst, þótt við flyttum þessa till. á síðasta þingi, að nauðsynlegt væri að fá Krýsuvíkurleiðina, til þess að hún gæti orðið þrautalendingin, ef hin leiðin yrði ófær. Till. um rannsókn á steinsteyptum vegi og að gert verði nýtt vegarstæði yfir Hellisheiði og Svínahraun hefur því engu minni rétt á sér, þótt hér liggi fyrir till. um að hraða Krýsuvíkurveginum og fá honum lokið á tveim árum. — Enda þótt óheppilega hafi tekizt til um flutning þessarar till., ætla ég samt að vona, að hún nái fram að ganga

á þessu þingi og að málið verði ekki látið gjalda þess, hvernig fór um flutning þess.

Nú liggja fyrir um ½ millj. kr., sem á fjárl. frá tveim síðastl. árum var ætlazt til, að yrðu notaðar í þessum tilgangi. En nú er farið fram á 2 millj. kr. til viðbótar, til þess að hægt sé að leggja að minnsta kosti 25 km eða helming af því, sem nú er ólagt, og með því svo að fá 2—2½ millj. af fjárl. 1945 verður hægt að ljúka verkinu. Ég býst við, að fram komi raddir um, að hér sé um mikla peningaupphæð að ræða og mönnum vaxi þetta mjög í augum. En menn mega ekki gleyma því, að hér er ekki um það að ræða að tengja saman smáþorp, samgöngubót, sem kæmi nokkrum hundruðum manna að gagni, heldur er hér um að ræða að tengja Suðurlandsundirlendið við höfuðborg landsins, og mun um helmingur landsmanna koma til með að njóta þessa verks. Mætti segja, að verk þetta snerti alla landsmenn mjög mikið, þar sem börn og gamalmenni hér í höfuðstaðnum geta ekki neytt mjólkur dögum eða vikum saman. Og þegar á þetta atriði er litið, hversu margir það eru, sem munu njóta þessa verks, þá er alls ekki um svo stóra upphæð að ræða í sjálfu sér.

Ég mun svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál að svo stöddu, en endurtek það og vona, að málið nái fram að ganga, þótt aðferðin við flutning þess sé á annan veg en ég hefði kosið og dálítið óvenjuleg.

Flm. (Sveinbjörn Högnason): Herra forseti. — Hæstv. fjmrh. spurðist fyrir um það í gær í sambandi við þessa till., hvað flm. ætluðu sér viðvíkjandi fjáröflun, ef till. yrði samþ. hér á þingi. — Till. þessi kemur vitanlega til ákvörðunar í fjvn., og álít ég, að það eigi að vera á hennar valdi að meta, hvort tekjur, sem áætlaðar eru á fjárl. þessa árs, séu svo ríflegar, að hægt sé að bæta þessari fjárhæð þar við. Þætti mér ekki ósennilegt, að tekjurnar séu svo ríflega áætlaðar, a. m. k. sumir liðir, að gera mætti ráð fyrir, að þetta mundi vera óhætt. Ef fjvn. telur hins vegar, að tekjur séu ekki fyrir hendi eða ekki áætlaðar svo ríflegar, að óhætt sé að áætla þessa fjárhæð til viðbótar, þá teldi ég eðlilegt, að fjvn. benti á leið til þess að fá þetta fé eða að afla þess á annan veg með sköttum í þessum efnum. Ég fyrir mitt leyti tel það enga fjarstæðu að hugsa sér það, ef fjvn. í raun og veru álítur, að tekjurnar muni ekki hrökkva til þess að koma upp þessu mannvirki, að bera fram lánsheimild fyrir stj. Ég álít það mundi borga sig betur fyrir þjóðfélagið en greiða hundruð þúsunda á hverju ári til rannsókna og alls konar ráðstafana til þess að halda þessari leið opinni. Með þessum orðum held ég, að því sé svarað, sem hæstv. fjmrh. spurðist fyrir um, því að ég álít, að það sé á valdi fjvn. að koma með till. um, hversu afla skuli tekna í þessu skyni, ef þess gerist þörf.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Rang. (IngJ) minntist sérstaklega á í ræðu sinni, verð ég að segja það, að ég bjóst frekar við öðru en að heyra, að menn kvarti yfir því að hafa ekki fengið að vera með í að flytja till., og hefði frekar búizt við því, að einhverjir mundu mæla gegn þessari þáltill. Hins vegar er mér það mikið gleðiefni að heyra, að a. m. k. nokkrir þeirra, sem ekki eru með till., hefðu viljað vera meðflm. þar. Mér var kunnugt um, að hv. 2. þm. Rang. hefði viljað vera þar með, en hann var ekki hér í bænum þá viku, sem verið var að undirbúa þessa till., og tókst því ekki að ná í hann til þess að vera meðflm. Ég hélt líka, að það skipti í rauninni minnstu máli fyrir þm., hverjir flm. einhverra till. væru, heldur hvert efni málsins væri.

Nokkurs misskilnings mun gæta hjá hv. 2. þm. Rang. viðvíkjandi því, að hv. 10. landsk. og hv. 2. þm. Árn. mundu hafa komið með á þessari till., ef hann hefði verið flm. hennar. Ég bauð báðum þessum hv. þm. að verða meðflm. till., og neituðu þeir því báðir án þess að spyrja um, hverjir væru aðrir flm. Annars get ég upplýst það, að flm. þessarar till. leituðu fyrir sér hjá öllum þm. á Suðurlandsundirlendinu, þar með talið í Reykjavík og Hafnarf., þótt mér finnist það í raun og veru ekki skipta neinu máli, hverjir flm. till. eru, eins og ég hef tekið fram, heldur hvaða stuðning hún fær á Alþ. Það er annars einkennileg skoðun, sem kemur fram hjá hv. 2. þm. Rang., er hann heldur, að það hljóti að hafa áhrif á framgang mála, hverjir eru flm. Ég hef áður orðið var við svipaðan hégómaskap í meðferð ýmissa mála hér á þ., en ég verð að ætla í þessu tilfelli, þar sem um svo þýðingarmikið mál er að ræða, eins og hv. 2. þm. Rang. hefur lýst, að ekki muni skipta máli fyrir þá, sem áhuga hafa á lausn málsins. Hins vegar get ég boðið honum upp á, til þess að bæta úr þessum „ódrengskap", að láta prenta till. upp, þannig að hann verði l. flm., en ég gangi úr og styðji þó till. á sama hátt og áður. — Það er vitað, að fyrir þessu máli hefur verið barizt í mörg ár, en hins vegar hefur það mætt andblæstri víða að. Ég vona, að þau atriði, sem hv. þm. vildi gera mikið úr, komi ekki til greina við afgreiðslu þessa máls, hvað sem kann að vera um önnur mál, sem minna skiptir. Það má kannske segja, að ég hafi sýnt hv. 2. þm. Rang. ódrengskap, sem ég þó sízt vildi gera í þessu efni, með því að taka frá honum málið og flytja það, meðan hann var fjarverandi, af því að ég taldi, að það mætti ekki dragast lengur, ef von átti að vera um, að það hlyti afgreiðslu á þessu þ. En það ætti að vera jafnmikið á móti hans skapi og mínu, að málið næði ekki afgreiðslu. Og það er augljóst, að hefði verið beðið með till., þar til hann var kominn til bæjarins, og hún ekki flutt fyrr en á mánudag, þá væri afgreiðslu þess ekki komið eins langt og nú er. Ég held, að um flutning þessarar till. verði ekki hægt að deila. Það var öllum hv. þm. kunnugt, áður en till. kom fram, að verið var að undirbúa hana. Vonandi er, að enginn hv. þm. láti málið gjalda þess, þótt það sé flutt af einhverjum þeim, sem honum er ekki vel við, því að þá er málum hörmulega komið hér á þ., ef menn fara að skipa sér í flokk með eða móti málum eftir því, hverjir flytja þau. Og ég get sagt fyrir mig, að þótt allir mínir flokksmenn væru á móti máli, sem væri eins nauðsynlegt og þetta og þótt það væri flutt af mótflokksmönnum mínum, þá mundi ég vinna að því eigi að síður.

Ég vænti þess, að þessum umr. verði brátt lokið og málið fái að ganga til hv. fjvn., svo að við getum fengið að sjá álit n. um það, hvað hægt sé að gera í þessu efni. Vona ég, að menn láti ágreiningsatriði varðandi lausn málsins liggja milli hluta, þar til það er komið aftur frá n. Ég vil fara fram á það við þá, sem vilja málinu vel, að gera ekki neitt, sem verða mætti til að tefja það.

Eiríkur Einarsson: Ég verð að lýsa yfir því og jafnvel að gefnu tilefni, að mér hefur fundizt þessar umr. dálítið skrítnar. Mér var gefinn kostur á að vera meðflm. að þessari till. Það, að ég er ekki með, er þess vegna ekki því að kenna, að ég hafi ekki átt þess kost, heldur tregðu minni eða þeim vafa, sem ég er í um það, hvort hér sé rétt að farið um framkvæmd stórmáls. Í þessu vil ég þó ekki láta liggja neinn fordóm af minni hálfu. En úr því að þetta er komið á leið með þessa Krýsuvíkurbraut og búið að leggja í hana hátt á sjöunda hundrað þúsunda, er ekki um annað að ræða en halda áfram, og því lengra sem komið er, því frekar er ástæða til að segja sem svo: Úr því, sem nú er komið, verður að ljúka þessu verki.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því, sem allir eru sammála um, að úrlausn í samgöngumálum á Suðurlandsundirlendinu er brýn nauðsyn. Það þarf ekki nema duttlunga í veðri til þess að hindra bændur í lífsbaráttu sinni með því að setja framleiðslureksturinn í strand, og er þetta þó ekki síður tilfinnanlegt fyrir neytendurna. Þarf ekki að eyða orðum að þessu, og er ekki til sá afturúrléttingur, að hann leyfi sér að mótmæla því, að þessi brýna úrbótaþörf sé fyrir hendi.

Það er nú svo, að þetta samgöngumál hefur sætt lélegri og ógiftusamlegri meðferð en önnur stórmál, sem rædd hafa verið hér á Alþ. á síðari áratugum. Þarf ekki að nefna nema fá atriði og ártöl til að sanna þetta. Ef þetta er tekið til athugunar og maður rekur til ársins 1891, er ráðizt var í að gera Ölfusárbrúna, verður að viðurkenna, að það var stórverk á þeim tíma, og sama er að segja um Hellisheiðarveginn 1890. Hvort tveggja var mikið verk. Þá var miðað við allt annað en nú, bæði um framleiðslu og flutningatæki. Það er ekki hægt að sakast um það, þó að vegurinn liggi um blautadrög. En að hann skuli enn vera hinn sami og í upphafi, þó að borið hafi verið ofan í hann öðru hverju, sætir meiri furðu. Svo þegar farið var að ræða um að bæta úr þessu, var fyrsta sporið stórt, en mér liggur við að segja, að eftir því sem tímarnir líða, fari sporin smækkandi. Það var hinn stórvirki stjórnmálamaður Jón Þorláksson, sem berst fyrir því á árunum 1910—1920, að járnbraut sé lögð austur, og býður sig fram 1916 til þingmennsku í Árnessýslu beinlínis með tilliti til þessa mikla áhugamáls síns. En hvernig sem það atvikaðist, var æ meir horfið frá hugmyndinni um járnbraut og að þeim möguleika að leggja bílvegi, og þeir menn, sem rætt höfðu um járnbrautina, sneru sér meir og meir að þessum möguleika. Upp úr þessu, árið 1932, voru á Alþ. samþ. l., sem eru enn í gildi, um að leggja veg austur yfir Svínahraun og Hellisheiði. Ég skal ekki leggja dóm á það, hvort betur væri farið, að þessi l. hefðu verið framkvæmd, ef fé hefði fengizt, en líta ber á það, að ýmsir, sem gamlir eru, telja, að ævinlega sé snjólítið um Þrengslin. Ef það er rétt, þá má spyrja: Er þetta ekki líka til athugunar? Fyrir nokkrum árum var samþ. á Alþ. áskorun til ríkisstj. um að undirbúa lagningu vegar austur skemmstu leið miðað við fullt öryggi árið um kring. 1943 er samþ. till. um steinsteyptan veg austur yfir Hellisheiði. Mig minnir, að yfirgnæfandi meiri hl. þeirra hv. þm., sem nú eiga hér sæti og nú eru með þessari till., hafi fylgt því máli. Hvernig á að finna hér samhengi? Hvað er alvara og hvað ekki? Að því er snertir þessa till. frá síðasta ári um steinsteypta veginn, spyr ég: Er búið að rannsaka það og komast að því, að niðurstaðan sé neikvæð að efna til þeirra framkvæmda, eða varð það til að hvetja til þessarar till., sem nú liggur fyrir? Ég veit það ekki, en ekki væri óeðlilegt, að svo væri.

Nú er það svo, að Krýsuvíkurvegurinn er kominn talsvert á leið meðfram Kleifarvatni og erfitt að snúa aftur með það mál. Vitanlega mundi hann koma að meiri eða minni notum, þó að honum yrði ekki haldið áfram, en erfitt er að snúast þannig í málunum, og ég tel það ekki rétt. En langt er frá því, að þessu verki sé lokið, því að leiðin, sem eftir er að leggja veginn um, mun vera 51 km að lengd. Ef þetta er ekki rétt, biðst ég þess, að það sé leiðrétt. Náttúrlega, ef vissa er fyrir hendi um, að þetta sé æskilegt, og ef verið er að bæta úr þörf, þá er ekki að horfa í það, að milljónir fara til þess. En það, sem ég vildi tryggja af minni hálfu og ég geri að álitamáli, er það, hvort hér sé rétt að farið. Ég teldi illa farið, ef milljónaframlög til þessa Krýsuvíkurvegar kæmu ekki framtíðinni að notum og yrðu til að fresta framkvæmdum á öðrum leiðum, sem þá þættu heppilegri, því að þá þarf líka fé til að halda veginn á enda. Á sama hátt er álitamál, sem ég veit, að er hugmynd vegamálastjóra, að reyna að tryggja vetrarsamgöngur með breytingu og lögun á Þingvallaveginum. Ég vil ekkert staðhæfa hér um, en þetta er allt til að líta á og taka til athugunar. En þegar annars vegar er flokkur þm. hér, sem flytur þessa till. um Krýsuvíkurveginn, en hins vegar uppi ráðagerðir um endurbætur á Þingvallaveginum, þá er engin furða, þó að ég og mínir líkar verði til að spyrja: Hverju sætir þetta, og hvernig er öryggi þessara mála komið? Þó að nefndar séu 2 millj. kr. til Krýsuvíkurvegarins, þá ægir mér það ekki út af fyrir sig, ef það gæti orðið til að tryggja lausn þessa vandamáls. En ég fullyrði, að hver viðsýnn fjmrh. mundi segja, ef nefndar væru tvær eða jafnvel fjórar milljónir: Draga verður úr einhverju öðru eða finna nýjar tekjuöflunarleiðir, svo mikil er nauðsynin. —

Þeir menn hafa verið til, sem litið hafa á höfuðnauðsyn málanna, en ekki verið að skoða það, hversu mörgum milljónum til þeirra yrði kostað. Ég vil hvorki játa né neita, hvort ég verð með þessari till. eða ekki. Ég hef það til athugunar að gera brtt. við hana og mun bíða og sjá, hvað setur. Ég veit,

að til þess er ætlazt af umbjóðendum mínum í Árnessýslu, að ég geri það, sem rétt er í þessu máli, og fari þar eftir sannfæringu minni, og þess vegna vil ég ekki hrapa að neinu, heldur hafa óbundnar hendur í lengstu lög og sjá, hvað n. sú, sem nú fær till. til meðferðar, leggur til hlutanna. Ég vil undirstrika, að meginatriðið er það, að ekkert verði gert, hvorki að því er snertir Krýsuvíkurveginn né Þingvallaveginn, sem gæti orðið til að fresta aðgerðum, er væru til öryggis fyrir alla framtíð í vegamálum.

Ingólfur Jónsson: Hv. þm. V.-Sk. baðst afsökunar, ef hann hefði farið óeðlilega að í þessu máli, og þar sem ekki er annað vitað en hann hafi allt gott í huga varðandi þessa málsmeðferð, er sjálfsagt að fyrirgefa honum, ef málið bíður ekki meira tjón af því og fær góðan endi.

Hv. þm. talaði um, að það skipti ekki máli, hverjir væru flm. till., og bæri ekki að vera með þann hégómaskap að setja slíkt fyrir sig. En hann veit, að þegar um umdeild mál er að ræða, er leitazt við að hafa flm. úr sem flestum flokkum til að tryggja málunum framgang. Ef hv. þm. er viss um framgang málsins, þó að enginn sjálfstæðismaður sé meðflm., þá er allt gott og blessað. Fyrir mér er það aðalatriði, að málið skaðist ekki fyrir klaufaskap, en nái fram að ganga.

Hv. þm. talar um, að ég gefi flokksbræðrum mínum slæman vitnisburð. En ég veit, að þessi hv. þm. er einmitt með því markinu brenndur að taka meira tillit til þess, sem flokksbræður hans segja en andstæðingarnir. Ég skal ekki fullyrða meira um þetta, sérstaklega þar sem hv. þm. er nú genginn út til að tala í símann, en ég vil endurtaka það, að ég vil, að málið nái fram að ganga. Það er upplýst, að búið er að leggja 600—700 þús. kr. í Krýsuvíkurveginn, en það er ekki einungis vaxtalaust fé, heldur beinlínis tapað, ef ekki verður meira að gert.

Ég get svo látið máli mínu lokið.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. — Ég ætla, að það leiki ekki á tveim tungum um nauðsyn þessa máls, og það gleður mig að heyra, að málið á fylgi að fagna hér á hv. Alþ.

Þannig er ástatt um þetta mál, að það er mikið nauðsynjamál fyrir nær helming þjóðarinnar. Það er þess vegna ekki ófyrirsynju, þó að bót verði á þessu ráðin, þeim samgönguerfiðleikum, sem verið hafa milli Suðurlandsundirlendisins og bæjanna vestan Hellisheiðar. Það sjónarmið þarf ekki að ræða, það er svo auðséð. Hitt er leiðinlegra, að menn skuli ekki enn vera búnir að koma auga á það, að eftir þeim leiðum, sem vegir liggja nú, verður þetta samgöngumál ekki leyst. Vegurinn austur Hellisheiði, hvar sem hann liggur, verður aldrei fær að vetrinum, ef snjóalög eru að nokkru ráði. Um það þarf ekki að deila, það þekkja þeir, sem hafa ferðazt að vetrarlagi um þennan fjallveg, þegar nokkur snjóalög hafa verið. Hið sama má segja, undir venjulegum kringumstæðum, um Þingvallaleiðina. Ef menn standa í þeirri meiningu nú, að unnt væri að fá betra vegarstæði á þeirri leið með því að leggja veginn öðruvísi, þá er það hinn mesti misskilningur. Þessi vegur er fyrir stuttu lagður, og vegarstæðið var valið hyggilega, að ég ætla, og ekki hægt að fá heppilegra vegarstæði en það er. Nú sýnir það sig, þó að ekki sé ógnmikill snjór, að þessi leið er að langmestu leyti snjótröð, nú síðan vegurinn var ruddur mikinn hluta leiðarinnar. Þegar kemur austur undir Keldur, eru að kalla djúpar snjótraðir líka. Ég veit ekki, hvar menn ætla að fara með veginn á þessari leið, ef þeir ætla að fá einhvers staðar vegarstæði, þar sem ekki leggst snjór og svo mikill, að vegurinn verði ófær. Þetta er því sameiginlegt fyrir báðar þessar leiðir. Og þegar minnzt er á rannsókn í þessu sambandi, hvers vegna er þá ekki hægt að rannsaka þetta núna? Ég viðurkenni fullkomlega, að það er fjarri því, að það standi alveg á sama um þennan veg. Hann getur lengi orðið fær að austan, ef Hellisheiði er ófær, en hann leysir ekki það verkefni, sem leysa þarf, að fært sé austur að vetrarlagi og vegurinn sé svo góður, að umferð um hann sé nokkurn veginn eins örugg og um vegina á sléttlendinu. Slík lausn fæst ekki, nema hann liggi sem næst sjávarfleti og við sjó. Þetta vita allir, sem til þekkja, og hver einasti reyndur og roskinn maður, þótt einhverjir hér geri sér aðrar hugmyndir um þetta.

Þegar talað er um umbætur á Hellisheiðarveginum, þá er miðað við, að það er langstytzta leiðin og verður farin milli þessara staða, þegar hún er fær. Þess vegna verður þeim vegi haldið við, og hann verður endurbættur, og við vonum, að hann verði fær mestan hluta ársins. En þannig er ástatt um búnaðarhætti okkar, að samgöngur milli Suðurlandsundirlendisins og byggðanna vestan Hellisheiðar mega aldrei niður falla, ekki einn dag. Sé ófært meir en einn dag, stöðvast t. d. mjólkurflutningar, og það veldur stórskaða og óþægindum, ef flutningar stöðvast nokkuð að ráði. Þegar ég nefni skaða, á ég ekki eingöngu við fjármunalegan skaða, heldur þann skaða, sem aldrei verður bættur, heilsutjónið, ekki á tugum manna, heldur á hundruðum eða jafnvel þúsundum. Það er sú dýra eign, sem þjóðin á, og það ber að koma í veg fyrir, að slíkt tjón geti átt sér stað.

Um Krýsuvíkurveginn er það að segja, að hæsti hluti hans mun verða um 170 m. fyrir ofan sjávarmál. Munurinn á þessari leið og hinum, Mosfellsheiði og Hellisheiði, er því stórkostlegur. Þar að auki liggja þeir vegir langt frá sjó, og snjóar því meira þar. Nú er vegurinn nærri kominn til Krýsuvíkur og kemur þá að notum. Að austanverðu er það um veginn að segja, að hann er kominn út á móts við Vindheima í Ölfusi.

Ekki dettur mér í hug að ætla, að hv. Alþ. fremji þá vanrækslu og ranglæti gagnvart heilli sveit austanfjalls, Selvognum, að bændur þar fái ekki veg til sín. Það er bert, að afkoma sveitarfélagsins er undir því komin, hvort þessi vegur verður lagður. Hér er því um það að ræða, hvort byggð helzt í þessari sveit eða ekki. Þar hafa menn lifað á sauðfjárrækt nær eingöngu, en nú er mæði-

veikin komin þangað, og þegar sauðfjárræktin bregzt, hafa þeir ekkert til að lifa af. Þeir mundu geta stundað garðrækt með góðum árangri, en sá ljóður er á því, að þeir geta ekki komið framleiðslunni frá sér nema með svo dýru móti, því að þangað liggur engin akbraut og enginn vegur. Og ef þeir ætluðu að reiða afurðir sínar á mörgum hestum, mundi það verða dýrt, því að hestahald er mjög dýrt. Þeir yrðu þá að leigja sér hesta og ættu þá á hættu, að garðmaturinn gereyðilegðist. Það liggur því við borð, að bændurnir flosni upp og býlin leggist í eyði. Mér dettur því ekki í hug, að hv. Alþ. fremji þá vanrækslu að sjá ekki um, að vegur verði lagður út í Selvog, og þá er mestur hluti leiðarinnar kominn, því að það er ekki nema stutt leið milli Selvogs og Krýsuvíkur, sem þá væri eftir að leggja veg yfir. Ég geri sem sé ráð fyrir því, að vegurinn verði fyrst fullgerður til Krýsuvíkur og Selvogs, og þá er ekki nema stutt eftir, — ég ætla, að það muni vera svona 20 til 25 km. Ég ábyrgist þó ekki þessa tölu, því að ég gat ekki náð í hana, áður en málið kom hér fyrir, en það er sjálfsagt hægt að fá upplýsingar um þetta og *koma þeim til fjvn.* Það yrði þó ekkert *áhorfsmál* að fullgera það, sem eftir væri, þegar svo langt er komið, því að ekki er vafi á, að með því væru erfið viðfangsefni leyst að mjög miklu leyti. Ég vil ætla, að það verði fært þessa leið, þegar fært er á undirlendinu vestan og austan heiðarinnar.

Ég vil því vona, að fjvn. geri sitt til að greiða nú fyrir þessu máli og á þessu Alþ. verði gerðar þær ráðstafanir, að það geti fljótt orðið leyst til hagsmuna fyrir íbúa héraðanna austan og vestan heiðanna.

Emil Jónsson: Herra forseti. — Ég get verið mjög stuttorður, því að ýmsir, meðflm. mínir og aðrir, hafa orðið til þess að hreyfa málinu, svo það er eiginlega ekki nema litlu við að bæta, ef þá nokkru. En það er þó eitt atriði, sem ég vil sérstaklega leyfa mér að vekja máls á, sem er aðalatriði þessarar till. frá mínu sjónarmiði: Alþ. hefur þegar tekið stefnu í þessu máli. Alþ. hefur ákveðið, að þessi vegur verði lagður, og það hefur þegar veitt fé til þess að fullgera á honum langan kafla. Þannig hefur Alþ. markað stefnuna í þessu máli. Það eitt, sem eftir er að ákveða, er það, sem þessi till. fjallar um, sem sé, hvern gang skuli hafa á málinu.

Það var byrjað að ræða þetta og leggja veginn *árið 1936 eða fyrir um það bil átta árum.* Samtals hefur nú verið lagður vegur, sem ég ætla, að ekki sé langt frá að vera 25 til 30 km. langur. Meðalafköst á ári, ef öll árin eru talin, eru því ekki nema 3 til 4 km., — segjum 4 km. Með því móti tæki um 20 ár að fullgera þennan veg. Spurningin er þá, hvort ekki borgi sig betur og heppilegra sé fyrir ríkið og þjóðina í heild að veita í þennan veg meira fé og leggja lengri kafla á styttri tíma.

Það hagar nú svo til, a. m. k. um vesturkafla leiðarinnar, að tæplega er hægt að hafa hans not, fyrr en hann hefur náð til Krýsuvíkur, og ekki hægt að hafa af veginum full not, fyrr en hann er lagður allur. Mér finnst þess vegna, að menn þurfi að gera upp við sig, hvort þeir vilji láta þessi hundruð þúsunda liggja þar óarðbær, svo að áratugum skipti, án þess að þessi kafli, sem lagður hefur verið, verði nokkuð notaður og meðan helmingur landsmanna bíður eftir að fá að nota þennan veg, — *því að ég ætla það nokkurn veginn* upplýst, að þessi leið verður aðalvetrarflutningaleiðin milli Suðurlandsundirlendisins, þar sem búa 10 til 15 þúsundir manna, og höfuðstaðarins og nágrennis hans, þar sem búa um 40 til 50 þúsundir manna. Mér virðist, að um það geti ekki orðið nokkur vafi, hvernig á að leysa málið, og þess vegna hef ég gerzt meðflm. að till. þessari, sem gengur út á það, hver gangur skuli á málinu hafður, að það skuli leyst á tveim næstu árum, gert svo stórt átak, að veginum verði lokið á árinu 1945 og komi þá að fullum notum. Þetta kostar vitanlega mikið fé, það skal viðurkennt, en ég álít það samt ódýrara fyrir ríkissjóð og þjóðina í heild, jafnvel þótt lán verði tekið til framkvæmdanna að einhverju eða mestu leyti. Ég álít það ódýrara en láta það fé, sem þegar hefur hér verið lagt fram, liggja ónotað og sérstaklega með tilliti til þeirra miklu útgjalda, sem flutningar yfir heiðina hafa í för með sér að vetrarlagi, því að það dregur úr þeim kostnaði, þegar þessi vegur er fullgerður. Þetta er eiginlega aðalatriðið í málinu og eina atriðið, sem ég ætla að ræða um, því að ég vil halda mig við það, sem ég sagði í upphafi, að því hefur verið slegið föstu, að vegurinn verði lagður. Það er því eingöngu um það að ræða, hvernig framkvæmdum skuli hagað. Ég veit, að það er víða þörf vega á þessu landi, en það er hvergi á landinu, sem eins mikill mannfjöldi bíður vegalagningar og einmitt á þessari leið, sem hér um ræðir. Það eru teygðir vegir út um annes, sem kosta tugi og hundruð þúsunda, en hér bíður helmingur landsmanna eftir, að þessi vegur verði fullgerður, og ég tel tvímælalaust, að hann eigi að ganga fyrir öðrum.

Ég þarf ekki á þessu stigi málsins að hafa um þetta fleiri orð. Ég vona, að það Alþ., sem nú situr, afgr. þetta mál, svo að hægt verði nú í ár að fullgera annan þann helming, sem ógerður er. Ef þetta Alþ. gengur ekki frá málinu, þá verður ekki unninn á þessu ári nema sá kafli, sem gert er ráð fyrir í fjárl.

Ég skal ekki að öðru leyti blanda mér inn í þær umr., sem hér hafa orðið um flutning málsins. *Ég tek vitanlega feginn stuðningi,* hvaðan sem hann kemur, eins og allir aðrir, sem áhuga hafa á þessu máli, því að það, sem fyrir mér hefur vakað, er fyrst og fremst að koma málinu áfram og leysa það, en ekki það, hver er að því flm. eða hver hefur af því heiðurinn, því að það er aukaatriði. Aðalatriðið er, að málið komist í framkvæmd.

Það eru nú liðin þrjú ár svo, að ekkert hefur verið í þessu máli gert. Það hefur verið borið við fólksleysi, en ég fullyrði, að sú ástæða er ekki lengur fyrir hendi, þannig að það á ekki að hamla framkvæmdum, jafnvel þótt þær verði í svo stórum

stíl sem hér er farið fram á. Þessi ástæða er áreiðanlega ekki lengur til.

Féleysi ætla ég að þurfi ekki að valda neinum erfiðleikum, svo mikið er nú veitt til ýmissa framkvæmda og greitt úr ríkissjóði til hluta, sem áreiðanlega eiga ekki meiri rétt á sér en það, sem hér um ræðir.

Það renna því flestar stoðir undir það, að málið verði afgreitt svo sem hér er gert ráð fyrir og hæstv. Alþ. gangi frá því á þann hátt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., en ræða hv. þm. Hafnf. gaf mér tilefni til að segja nokkur orð.

Hann lagði alla áherzlu á, að það væri aðalatriðið og eina atriðið, að þessi vegur kæmist sem fyrst áfram. Þess vegna væri enginn vandi fyrir hv. alþm. að gera það upp við sig, hvort þeir ætluðu að vera með þessari till. eða ekki, stefnan væri mörkuð og aðeins væri um það að ræða, hversu fljótt eða seint verkið yrði framkvæmt. En mér skilst hins vegar, að til sé einnig önnur hlið málsins, sem ræða beri, sem mér finnst vera aðalatriðið í þessu máli, en það er, hvort sú stefna sé rétt og þinginu samboðin, sem hér er verið að marka, að koma með till. eins og þá, er hér liggur fyrir, skömmu eftir að afgreidd hafa verið fjárl., sem eiga að gilda fyrir þetta yfirstandandi ár. Það er nýbúið að ganga frá og afgr. fjárl., sem voru nær 50% hærri en fjárlfrv. það, sem fjmrh. lagði fyrir þingið, fjárl., sem hann hefur margsinnis yfirlýst hér á Alþ., að afgreidd hafi verið með litlu viti og engri varfærni. En svo rétt á eftir er komið með 2 millj. kr. kröfu um nýtt framlag til þeirra sömu verklegu framkvæmda, sem veitt hafði verið til 250 þús. kr. á þessum sömu fjárl., eftir að það mál hafði verið þá mjög ýtarlega rætt í fjvn. Það er þessi stefna, sem gefur mér tilefni til að taka til máls, því að afgreiðsla sú, sem málið fær nú, hlýtur vitanlega að gefa fordæmi hér á Alþ. síðar meir og þá illt að standa á móti sams konar kröfum frá öðrum þm. og öðrum landshlutum.

Fyrsti flm. þessarar till. hefur haldið því fram hér, að engin vandræði væru að afla þess fjár, sem nauðsynlegt væri á móti þessu framlagi, það megi bara leggja á nýja skatta. Yrði sú regla tekin upp, mundi það leiða til þess, að Alþ., sem saman kynni að koma eftir afgreiðslu fjárl., færi að ákveða nýjar skattaálögur til þess að mæta nýjum gjöldum, þótt ekki væri um fjárlagaþing að ræða, og það til framkvæmda, sem þm. teldu ekki nauðsynlegar eða þyrðu ekki að koma fram með á sjálfu fjárlagaþinginu. Þessa hlið málsins finnst mér, að einnig ætti að ræða og það með meiri alvöru en mér hefur fundizt ríkja hér í umr. um þetta mál, og það alveg án tillits til þess, hvort framkvæmd verksins sjálfs er aðkallandi eða ekki.

Ég vil einnig benda á, að það er upplýst af sjálfum 1. flm. þessarar till., að fé það, sem veitt hefur verið til þessa vegar fyrir árið 1943, er ekki enn farið að nota, en það eru 250 þús. kr. Auk þess er óeytt frá fyrri árum öðrum 250 þús. kr., svo að alls munu vera til óeyddar 500 þús. kr. til vegaframkvæmda á þessu svæði. Ef fé þetta er til, og ekki hefur hingað til verið meira aðkallandi að leggja veginn en svo, að ekki hefur þótt ástæða til þess að nota framlagið, þá er það næsta óskiljanlegt, að verkið sé nú svo aðkallandi, að viðbótarframlag megi ekki bíða, þar til fjárl. fyrir árið 1945 verða rædd. Kæmi þá þessi till. til athugunar ásamt öðrum framlögum til vegagerðar.

Ég vil einnig leyfa mér að benda á, að í þessi héruð, sem mér skilst, að eigi afkomu sína undir þessum vegi, hafa verið veittar 500 þús. kr. til ýmissa annarra vega. Ef þessi nauðsyn er svo sterk sem ýmsir hv. þm. hafa fullyrt, t. d. 1. þm. Árn., og áhuginn svo mikill hjá hinum ýmsu hreppum sem hann hefur hér skýrt frá, getur þá ekki komið til mála, að þessir þm. vildu athuga það, hvort þessir hreppar vildu ekki mælast til þess, að fyrrnefnd fjárframlög yrðu notuð til þess að leggja Krýsuvíkurveginn, í stað þess að leggja fyrir það fé, sem eftir þessu er ekki eins aðkallandi, og bíða síðan með þær vegagerðir, þar til fé hefur verið veitt á eðlilegan hátt í Krýsuvíkurveginn? Ég vildi aðeins spyrja um þetta til að sannprófa ummæli hv. þm. Ef þetta getur ekki komið til mála, er veila í rökum þeim, sem færð eru fyrir þessu máli.

Um sjálft vegarstæðið vil ég ekki ræða. Ég er sammála hv. þm. Hafnf. um það, að stefnan er valin um þetta vegarstæði, og liggja til þess mörg rök, m. a. þau, að búið er að leggja mikið fé í þennan veg, sem kemur ekki að notum, fyrr en samband hefur fengizt austur yfir fjall.

Hitt er svo annað atriði, hvort þörfin sé svo mikil hér, að ekki hafi önnur héruð á landinu meiri þörf fyrir samgöngubætur. Þm. verða að meta, hvar þessi þörf er mest, og það hefur verið metið í fjvn. á síðasta þingi, að þörfin á Krýsuvíkurveginum væri ekki nema sem svaraði 250 þús. kr. af því fé, sem á sl. ári var veitt til vega á Íslandi.

Í ræðu hv. þm. Hafnf. kom það fram eins og þetta væri eini vegurinn á landinu, sem leggja þyrfti áherzlu á að gera. En þetta er auðvitað hinn mesti misskilningur. Þó að þar sé mikil þörf vegarlagningar, þá eiga ýmsir aðrir staðir við nákvæmlega sömu skilyrði að búa, eins og hv. þm. Hafnf. lýsti, því að þar verða menn að reiða til sín vörur á hestum og eru að flosna upp af jörðum sínum, af því að vegasamgöngur eru þar illnothæfar eða engar. Úr þessu þarf að bæta eftir því, sem fjárhagsástæður ríkisins frekast leyfa á hverjum tíma. En það er ekki hægt með nokkurri sanngirni að láta einn staðinn sitja á hakanum, en gera allt fyrir annan, meðan ríkissjóður hefur ekki ástæður til þess að byggja allt vegakerfið upp á einu eða tveimur árum. Og það ber ekki að gleyma því, að þessar sveitir á Suðurlandi, sem njóta Krýsuvíkurvegarins, þegar hann kemur, fá árlega mikið fé til viðhalds og lagningar vega á öðrum stöðum yfir þennan sama fjallgarð, sem er á milli þeirra og Reykjavíkur. Mér virðist það nokkur ljóður á þessu máli, að ekki er búið að taka

nokkra ákvörðun um það, hvort þessi vegur um Krýsuvík eigi að vera aðalbrautin austur eða aðeins varabraut í neyð, eins og hér hefur verið látið í veðri vaka. Menn virðast ekki hafa komið sér saman um, hvar eigi að leggja þessa aðalsamgönguleið yfir fjöllin. Og mig furðar á því, að hv. þm. skuli ekki hafa fengið ummæli vegamálastjóra um þessa óvenjulegu kröfu um 2 millj. kr. aukaframlag til þessa vegar utan fjárl. E. t. v. er vegamálastjóri ekki alveg á sömu skoðun og hv. flm. þessarar þáltill. um svo mikla nauðsyn vegarins, að brjóta beri þess vegna alla þinglega meðferð á málinu. Ég er ekki að segja, að svo sé. En það hefði verið ákaflega æskilegt, að komið hefðu frá vegamálastjóra ummæli eða álit hans um, að hér væri um svo brýna þörf að ræða.

Hitt er svo annað atriði, eins og komið hefur fram við þessar umr. frá hv. 2. þm. Rang., að hér er kannske svo eða svo stór hundraðshluti af þessu máli ekkert annað en hagsmunamál einstakra manna vegna vissra kjósenda. Hv. 2. þm. Rang. var sárgramur yfir því að hafa ekki mátt vera með í að setja þessa beitu á öngul fyrir kjósendur sína austan fjalls. Og hv. þm. Hafnf. er ekki aðeins að berjast fyrir fólkið, sem á að nota þennan veg, heldur líka að berjast fyrir því, að hann geti bent á, að kjósendur hans geti fengið vinnu í þessum vegi, þegar þeir eru búnir að spenna kaupgjaldið svo hátt, að atvinnuvegirnir geta ekki veitt þeim „lifibrauð". Ég er ekki að lá honum það, því að á því veltur þingsæti hans. En þessu á bara ekki að blanda saman við þörfina á veginum vegna þeirra, sem eiga að nota hann á eftir.

Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á, að hv. fjvn. viðurkenni, að sú stefna sé rétt að samþ. með þál. stór fjárframlög aukalega, án þess að þau séu tekin upp í regluleg fjárl., eins og vera ber. Mér virðist lítill sómi að slíkri stefnubreyt., heldur geti hún leitt fjármálin út í ógöngur.

Emil Jónsson: Herra forseti. — Hv. þm. Barð. vildi gera mikið úr því, að með þessari þáltill. væri farið inn á óvenjulegar leiðir, því að fjárl. hefðu verið afgreidd og þar hefði þessum vegi verið ætlaður sá hluti af vegafénu, sem þá hefði verið álitinn hæfilegur, og ætti málið eiginlega að vera afgr. með því. Hér væri svo komið með þáltill. um að leggja fram allmikla fjárfúlgu, sem gæti dregið dilk á eftir sér, hér skapaðist fordæmi, sem gæti orðið afleiðingaríkt. — En ég spyr þennan hv. þm.: Hefur hann aldrei orðið var við þáltill. svipaða og þessa eða kannske um að leggja fram öllu fleiri milljónir, án þess að fjárl. hefðu verið á ferð? Ég minnist þess, að hér hafa verið á ferð þáltill. á hæstv. Alþ., sem gerðu ekki ráð fyrir tveggja millj. kr., heldur, — ja, ég vil ekki segja 20 millj. kr. framlagi úr ríkissjóði, — en upp undir það, og án þess, að hv. þm. Barð. hafi viljað beita sér á móti þeirri afgreiðslu málsins. Þetta er því aðferð, sem m. a. hann hefur áður innleitt hér á hæstv. Alþ.

Ég skal fúslega viðurkenna, að það væri æskilegast og eðlilegast á ýmsan hátt, að fjárl. væru sá eini vettvangur, þar sem farið væri með fjárveitingar á Alþ., og að fjárveitingar væru ekki um hönd hafðar nema í sambandi við fjárl. Og ég skal viðurkenna, að það væri æskilegast að vera laus við að samþ. fjárveitingar með þáltill., eins og hér er stefnt að. En þessi aðferð, sem hér er lögð til, hefur verið notuð svo mörgum sinnum áður, að hún er ekkert nýmæli á Alþ., — og m. a. notuð af hv. þm. Barð.

Hv. þm. Barð. taldi, að hér væri ekki um svo aðkallandi mál að ræða, að þessar 500 þús. kr., sem fyrir hendi væru frá árinu í fyrra og í ár, ættu að nægja til framkvæmda á lagningu þessa vegar, þangað til farið væri að ræða fjárl. fyrir 1945. En hér er um svo stórt og umsvifamikið verk að ræða, að ef því á að ljúka í fyrirsjáanlegri framtíð og eins fljótt og við flm. þáltill. gerum ráð fyrir, þá dugir ekki sú fjárveiting, sem á fjárl. er gert ráð fyrir til þessa vegar, heldur verður framlagið að vera svipað og hér er farið fram á í þáltill. Þetta er ástæðan til þess, að við höfum borið fram þessa þáltill. Ég álít, að þörfin sé brýnni á þessum vegi en öðrum vegum, vegna þess að svo margt fólk þarf að nota þennan veg, og að hjá því verði ekki komizt að meta þörfina fyrir veginn með hliðsjón af þeim fólksfjölda, sem þarf að nota hann.

Ég sagði í fyrri ræðu minni, að ákveða ætti með þessari þáltill., hvaða hraði væri hafður á lagningu þessa vegar. Og sú skoðun mín hefur ekki breytzt við ræðu hv. þm. Barð. Og þessi afgreiðsla á þáltill. er alls ekki ný, þó að hún sé kannske ekki æskileg.

Þá sagði hv. þm. Barð., að umsögn vegamálastjóra viðvíkjandi framlagi þessu til Krýsuvíkurvegarins lægi ekki fyrir. En þar til er því að svara, að hér er alls ekki til neins að leita um neina umsögn, hvorki um það, hvort eigi að leggja veginn, né heldur hvar eigi að leggja hann eða hvað hann muni kosta. Það liggur allt fyrir. Hér er eingöngu um það að ræða, hve hratt á að leggja veginn, og *um það tekur hæstv. Alþ. ákvörðun án tillits til* skoðana vegamálastjóra. Hér er ekki um tekniskt atriði að ræða, heldur framkvæmdaratriði um hlut, sem áður er upplýstur að öllu leyti.

Þá sagði hv. þm. Barð. vinsamleg orð um það, að ég væri að gera mig góðan í þessu máli gagnvart þeim verkamönnum, sem búnir væru að spenna kaupið svo hátt, að atvinnuvegirnir þyldu ekki slíkt kaupgjald, og yrði því að senda verkamennina í þessa opinberu vinnu, því að þar þyrfti ekki að tala um afköst manna í sambandi við kaupgjaldið. Sem betur fer held ég, að hv. þm. Barð. sé það ljóst, að kaup þeirra, sem vinna að framleiðslu í Hafnarfirði, er ekki svo hátt enn, að framleiðslan þar hafi verið rekin með halla þess vegna. Kaup verkamanna í Hafnarfirði hefur ekki verið spennt svo hátt enn, að atvinnuvegunum hafi hingað til stafað hætta af. Það er því ekki þannig, að þess vegna þurfi að senda menn í vinnu við lagningu Krýsuvíkurvegarins, og veit þar hv. þm. Barð. betur en hann lætur.

Ég hef verið með þessari vegarlagningu, að vísu með hagsmuni Hafnfirðinga fyrir augum á vissan

hátt, til þess að bæjarbúar næðu með þessum vegi sambandi við ræktunarland sitt og á þann hátt væri hægt að skapa mönnum möguleika til atvinnu við ræktun, ef í harðbakka slægi. Hafnarfjörður er algerlega landlaus. En með þessum vegi, þegar hann verður lagður, kemst Hafnarfjörður í samband við nærtækasta ræktunarland, sem bæjarbúar eiga kost á. Og ég skammast mín ekkert fyrir það, þó að ég fylgi þessu máli einnig með tilliti til þessa nauðsynjamáls Hafnarfjarðarkaupstaðar. Aðalatriðið í sambandi við þessa vegarlagningu er sambandið milli Reykjavíkur og nágrennis Reykjavíkur annars vegar og hins vegar landbúnaðarsveitanna austan fjalls, en samgöngurnar milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur vegna Hafnfirðinga sjálfra er að vísu aukasjónarmið. En það á ekki að spilla neinu máli, þó að fleiri en einn geti haft not af sama hlutnum. Og þó að þetta sjónarmið hafi verið hjá mér, að Hafnfirðingar gætu notið vegarins, þá ætti það ekki að verða til þess að draga úr gildi málsins í augum hv. alþm. eða rýra það gagn, sem Alþ. teldi, að þessi vegarlagning gæti haft í för með sér.

Jón Pálmason: Ég verð að segja það, að ég varð dálítið undrandi, þegar ég sá þessa þáltill., sem hér liggur fyrir. Ég hafði heyrt talsvert um það talað meðal hv. þm., að á þessum fyrri hluta Alþ., sem hér er nú háður, væri ætlunin sú að afgreiða ekki mikið af öðrum málum en þeim, sem þingið nú var sérstaklega kvatt saman til að afgreiða, og ætti því sízt að fara að eyða tíma í að taka ákvarðanir um mál, sem hefðu í för með sér stórkostleg útgjöld. Það eru nú liðnir um það bil tveir mánuðir, síðan hér á Alþ. voru afgreidd fjárl., og ég hygg það ekki ofsagt, að það séu einhver þau ógætilegustu fjárl., sem hæstv. Alþ. hefur nokkru sinni afgreitt. Og þegar við erum nú saman komnir hér á fjárlagaþingi, — því að þetta er fjárlagaþing, þó að ætlunin sé að fresta afgreiðslu fjárl. þangað til síðar á árinu, — þá er það mjög undarleg aðferð að koma með þáltill. um að greiða í einn einasta veg 2 millj. kr. á þessu ári umfram heimildir frá fyrri tíma og á fjárl. yfirstandandi árs til þessa sama vegar.

Ég skal ekki fara út í neinar deilur um nauðsyn þessa vegar. Hún er náttúrlega á ýmsan hátt talsverð. Og margt af því, sem sagt hefur verið um þá nauðsyn, er rétt út af fyrir sig, ef það á annað borð er orðið upplýst, að ekki sé á annan hátt betur hægt að fullnægja þeirri samgönguþörf, sem þarna er um að ræða. En þegar það hefur nú sýnt sig, að á undanförnum tveimur árum og þar með á sl. sumri hefur ekki verið hægt vegna fólksleysis að láta vinna að vegarlagningu á þessari leið, þá virðist mér, að nægja ætti í þetta sinn að láta vinna fyrir þá hálfu millj. kr., sem heimild er fyrir til þessara framkvæmda, og láta við það sitja, þangað til afgreiðsla fjárl. fer fram á þessu ári og teknar verða ákvarðanir um frekari fjárveitingar til þessa verks.

Það, sem hér hefur verið sagt, að það sé ekki ný aðferð að afgreiða með þáltill. stórar fjárveitingar, — eins og hv. þm. Hafnf. veik að, — þá er það út af fyrir sig rétt. Og þar býst ég við, að hann eigi sérstaklega við þá þáltill., sem samþ. var á aukaþinginu 1942. En þá stóð mjög mikið öðruvísi á. Við vorum þá á aukaþingi milli kosninga, og þá voru þm. í meiri og minni óvissu um það, eins og gefur að skilja undir kosningar, hverjir þeirra manna, er þá voru á þingi, ættu kost á því að taka ákvarðanir um það mál að kosningunum afstöðnum. Þar stóð þess vegna öðruvísi á en hér um að taka ákvörðun með þáltill. um fjárveitingu. Þá var ekki fjárlagaþing, en nú erum við hér á fjárlagaþingi, sem að vísu stendur til að fresta.

Varðandi það, sem hv. þm. Hafnf. var að tala um, að ekki mundi vera nein framkvæmd í þessu landi, sem eins mörgum mönnum yrði að gagni að koma á og þessi Krýsuvíkurvegur, þá vil ég segja, að það getur verið mjög mikið vafamál og álitamál. Ég tel t. d., að alveg eins mikið geti legið á því að tryggja samgöngurnar milli Reykjavíkur og Borgarfjarðar landleiðina, því að þar eiga ekki aðeins allir höfuðstaðarbúar hlut að máli, heldur þrír landsfjórðungar. Það er sú leið, sem þrír fjórðu hlutar allra landsmanna þurfa að nota í sambandi við samgöngur við höfuðstaðinn. — Ef því á að afgreiða stórar fjárkröfur til ríkissjóðs til vegamála og annars, þá getur það dregið dilk á eftir sér, og getur þá orkað tvímælis, hvort setja á Krýsuvíkurveginn þar upp fyrir alla aðra vegi.

Ég býst við því, að allir hv. þm. verði með því að lofa þessari þáltill. að komast til hv. fjvn. En ég vildi óska þess, að sú n. skilaði till. ekki frá sér fyrr en á síðari hluta þessa þings.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins með örfáum orðum svara hv. þm. Hafnf.

Eins og síðasti hv. ræðumaður tók fram, þá mun hv. þm. Hafnf. í ræðu sinni hafa átt við uppbæturnar til bænda, sem samþ. voru á sumarþinginu 1942, þegar hann var að tala um fordæmi fyrir þessari þáltill. Ég vildi taka fram einu sinni enn, að þar voru alveg sérstakar ástæður fyrir hendi. Þá höfðu nýverið komið fram kröfur frá Alþýðusambandi Íslands um að lögbjóða það, að ónýttir skyldu gerðir samningar, sem áttu að standa út allt árið. M. a. var farið fram á, að allt kaup í landinu skyldi hækka um 25% minnst. Það voru þvingunarráðstafanir frá þessum hring í landinu, sem gerðu það að verkum, að ekki var hægt að níðast svo á einni stétt í landinu, eftir að kaupgjald hinna hafði verið lögboðið á Alþ., að þessi eina stétt fengi ekki einnig bættan sinn hlut upp í sömu launakjör. En sú aðferð, sem til þess var höfð að bæta þessari stétt manna kjör sín til þess að gera henni ekki stórkostlega rangt til, hafði óhjákvæmilega stórkostlegan kostnað í för með sér, þar sem voru uppbæturnar á framleiðslu bændastéttarinnar. Fyrir beinan tilverknað verkalýðsins hækkaði þannig stórkostlega dýrtíðin í landinu. Og það datt engum samvizkusömum alþm. þá í hug að láta bændastéttina líða við það, að hún hafði ekki aðstöðu til að mynda um sig slíkan hagsmunahring sem hinar stéttirnar gerðu, eftir að lögboðið hafði verið, að samningar og

lög, sem héldu dýrtíðinni í skefjum, skyldi hvort tveggja niður fellt. Hvort sem kosningar væru að fara í hönd eða ekki og hvenær sem eins stæði á, mundi ég tvímælalaust greiða slíkri till., sem þá var samþ., atkv. mitt til þess að rétta hlut bændastéttarinnar á móts við aðrar stéttir í landinu og teldi mig hafa brugðizt þingmannsskyldu minni, ef ég gerði það ekki

Það var ekki á fyrra þinginu 1942, að rætt hafði verið um þessar uppbætur. Þá var ekki ákveðið neitt í fjárl. um það, hvernig farið skyldi með þessi mál, eins og þó gert var um Krýsuvíkurveginn á síðasta þingi. Það var algerlega nýtt viðhorf, sem skapaðist á sumarþinginu 1942 vegna nýrra lagafyrirmæla, sem knúin voru fram m. a. af Alþfl. og Sósfl. Og það hefði verið að bregðast skyldu sinni við þjóðina í heild, ef skorazt hefði verið undan því að fylkja sér utan um þá réttlætiskröfu og það réttlætismál, sem hv. þm. Hafnf. var að vitna til.

Um það, af hvaða hvötum hv. þm. Hafnf. flytur þessa till., vil ég ekki eyða mörgum orðum. Ég vil aðeins benda á, að upphaflega var þessi Krýsuvíkurvegur á fjárl. vegna þess, að til hans var veitt fé að mestu leyti af atvinnuþörf, annars vegar fyrir Hafnfirðinga og hins vegar af fylgisþörf fyrir Framsfl., til þess að hann héldi lífi. *(PZ:* Það er ósatt). Það er rétt. En ég álít, að þessi vegur þurfi að koma eins og aðrir vegir á landinu og sérstaklega úr því að byrjað er á að leggja hann. — En þetta, sem ég sagði, voru aðalástæðurnar fyrir því, að byrjað var að leggja veginn og að svo mikið fé var lagt í hann á sínum tíma. Ég er heldur ekkert að lá hv. þm. Hafnf. það, þó að hann vilji láta halda áfram með veginn og halda fram fjárframlögum fyrir sitt hérað. En honum ber þá skylda til að fylgja samsvarandi till. um framlög á vegafé úr ríkissjóði til annarra héraða. Og ég er viss um, að Krýsuvíkurvegurinn verður ekki númer eitt, ef óhlutdrægir menn eiga að dæma um það, hvar eigi að leggja vegi á landinu fyrst í næstu framtíð. Og ætti að láta eftir fyllstu sanngirni jafnmikið aukavegafé til annarra héraða á landinu fram yfir ákveðí fjárl. fyrir 1944, eins og hér er lagt til, að lagt verði til þessa vegar, þá væri fróðlegt, — ég segi ekki gaman, — að sjá útkomu landsreikningsins á eftir. Það er ekki viðunanlegt, að svo miklar kröfur séu gerðar handa einum ákveðnum vegi í landinu sem hér er gert, en augunum jafnframt lokað fyrir eins mikilli þörf annars staðar. Og það er þetta fordæmi, sem ég minntist á í fyrri ræðu minni, að væri verið að gefa.

Ég varð alveg undrandi á því, þegar ég heyrði hv. þm. Hafnf. segja, að um þetta mál bæri ekki að spyrja vegamálastjóra ráða. Ég veit ekki betur en hv. þm. Hafnf. sé sem vitamálastjóri spurður ráða, hvenær sem er, þegar um það er að ræða að veita fé til vita. Og er það sjálfsagt. Og ég veit ekki betur en hann ráði langmestu um, hvort fé skuli veitt frekar í þennan vitann eða hinn, og a. m. k. mikið tillit tekið til þess, sem hann leggur til um það. Og vegamálastjóri er auk þess jafnan spurður, áður en fjárl. eru samþ., hve mikil þörf sé á framlagi vegafjár til þessa staðar eða hins. Á hann að sjálfsögðu að ráða miklu um það, hvernig bezt verður leyst sú togstreita, sem ávallt er hér á Alþ. um framlög til hinna ýmsu vega á landinu.

Ég hef ekki dregið í efa nauðsyn Krýsuvíkurvegarins, en ég vil þá fyrst láta leggja hann, er fé það er fyrir hendi, sem sanngjarnt er með tilliti til annarra héraða á landinu að taka til þess vegar.

Ég vænti þess, þegar menn greiða atkv. um þessa þáltill., að hv. þm. gleymi því ekki, að hér er farið inn á nýja stefnu með því að leggja til, að veittar verði 2 millj. kr. til sama verks og 250 þús. kr. eru ætlaðar til á fjárl. Það er ný stefna og alls ekki holl í fjármálum þjóðarinnar.

Emil Jónsson: Herra forseti. — Mér er ekki heimilaður nema stuttur tími nú, þar sem ég hef talað tvisvar áður við umr., og skal því vera fáorður.

Hv. þm. Barð. vildi líkja því saman, að ég gerði till. um fjárveitingar til vita, og hins vegar, að vegamálastjóri væri nú að spurður í þessu máli. — Ef ég væri um það spurður, hve mikið fé ég vildi láta veita til vita, þá mundi ég ekki leggja til, að það væri 350 þús. kr., heldur 3 til 5 millj. kr., ef ég ætti kost á því. Það, sem takmarkar till. mínar og till. vegamálastjóra í þessum málum, er það, að Alþ. takmarkar, hve mikið fé skuli til þessara framkvæmda vera lagt. Við mundum verða glaðir yfir því, að Alþ. sæi sér fært að leggja sem mestar fjárhæðir til vegalagninga og vitabygginga.

Vegamálastjóri hefur verið spurður um Krýsuvíkurveginn, vegarstæði hans — *(GJ:* Sem hann hefur lagt á móti.) — sem hann lagði á móti þá, en ekki nú. Ég hygg, að fyrir málstað hv. þm. Barð. sé það hollast, að talað sé sem minnst um gang málsins og hann sé ekki rifjaður upp. — En það er ekki ástæða til þess nú að spyrja vegamálastjóra um það, hvort leggja skuli 2 millj. kr. í þennan veg í ár. Hann hefur sagt sitt orð um veginn, og það á okkur að nægja.

Þá sagði hv. þm. Barð., að það væri mjög mikill vafi á því, ef óhlutdrægur maður ætti að dæma um, hvar fyrst ætti að kosta til að leggja veg nú, hvort Krýsuvíkurvegurinn yrði fyrir valinu. Það er sjálfsagt kjördæmi hans, sem hann á þar við, að hafi mikinn rétt á vegafé. En þetta kjördæmi, sem hann telur, að hafi orðið út undan við veitingu vegafjár, fær til, — ég vil ekki segja hreppavega, en til vega, sem eingöngu eru notaðir af 3 þús. manna, um 175 þús. kr. Ef veita ætti tilsvarandi til Krýsuvíkurvegarins, sem 60 þús. manna mundu nota, þá yrðu það yfir 3 millj. kr.

Þá segir hann, að öðruvísi hafi staðið á, þegar till. var flutt í Sþ. um landbúnaðaruppbætur 1942, því að Alþýðusambandið hafi þvingað fram breyt. á kaupsamningum og þetta hafi verið nokkurs konar afleiðing þess. — Við skulum sleppa þessu. En hefur hann ekki orðið var við till. fyrr um það mál? Mætti ráðleggja honum að fletta upp þingtíðindum frá árunum á undan og vita, hvort ekki eru þar till. í svipaða átt, sem hann sennilega greiddi atkv. með, en gengu að vísu kannske skemmra en 1942. Þær gengu lengra en þessi till., en hafa það sameiginlegt við till. 1942, að þar er óbundin upphæð.

Hann segir, að þessi vegagerð sé pólitísk samvinna Framsfl. og Alþfl., gerð til að lappa upp á það auma samkomulag 1936. Ég get ekki annað sagt en hann hefur leyfi til að koma með svona fullyrðingar eins og ýmsar aðrar henni líkar, svo sem söguna um Gústav Svíakonung, sem ég hef heyrt eftir honum, og mun álíka mikill sannleikur vera í báðum.

Gísli Jónsson: Ég vil í sambandi við framlagið til Barðastrandarsýslu minna á, að þessi héruð hafa síðan um aldamót fengið stórar fjárhæðir til vegagerða, meðan Barðastrandarsýslu var gleymt. Hv. þm. og aðrir greiddu atkv. með 175 þús. kr. til Barðastrandarsýslu nú til að bæta fyrir gamlar syndir, því að undanfarið hefur aldrei verið lagt fram það til vegagerða þar, sem sýslan átti heimtingu á í samanburði við önnur héruð. Og ég er viss um, ef það væri lagt undir dóm hlutlausra manna, að Krýsuvíkurvegurinn mundi ekki koma nr. eitt, tvö eða þrjú. Ég þekki fleiri kjördæmi en Barðastrandarsýslu, sem enn þá líða undir því að geta ekki fengið einn vegarspotta, hvað þá fjóra, eins og hér er lagt til. Þessi hv. þm. hefur aldrei svarað því, hvort nauðsynin að flýta Krýsuvíkurveginum sé svo mikil, að verjandi væri að taka það fé, sem lagt er til annarra hreppa héraðsins í vegafé, til þess að fullnægja þessari þörf, því að fáist ekki um það samkomulag, þá er þörfin ekki eins mikil og hann vill vera láta. En það, að hann vill ekki ræða grundvallaratriðin fyrir till. 1942, sýnir, að allt, sem hann hefur sagt um það atriði, er á engum rökum reist.

Páll Zóphóníasson: Ég geri ráð fyrir, að þessi till. fari til n., og vil ég benda á leið, sem ég hygg, að hv. flm. geti farið til að fá till. samþ., en vafasamt er, að till. fáist samþ. eins og hún er nú.

Ég er ekki í vafa um, að þessi vegur er einn af hinum þörfustu vegum. Það er augljóst, að eins og nú hagar til um samgöngur milli Suðurlands og Reykjavíkur, þá teppast oft þær leiðir, sem nú eru farnar, en þessi leið mundi teppast mjög sjaldan. Flutningar milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur eru svo miklir, að það er mjög bagalegt, ef þeir stöðvast, en það mundu þeir mjög sjaldan gera, ef þessi vegur væri til. Ég tel miklu meiri þörf á að leggja veg þarna en upp í Borgarfjörð, sem væri að miklu leyti fyrir fólk, sem er meira og minna að leika sér. Hins vegar lít ég svo á, að það sé ákaflega óviðeigandi, ef samþ. á 2 millj. kr. fjárframlag með þál. á þingi, sem er fjárlagaþing og rétt áður en fjárl. eru samþ. Slík afgreiðsla væri til skammar og má ekki eiga sér stað. Þetta er mér svo mikill þyrnir í augum, að ég get ekki verið með till. í því formi, sem hún hefur nú, og mig undraði ekki, þótt svo yrði um fleiri. Að vísu er það farið að tíðkast að afgr. frá fjvn. till., jafnvel um hundruð þúsunda, án þess að bera þær undir þingið, og er slíkt stórkostlega vítavert framferði, sem má ekki eiga sér stað. Miklu skárra er að afgr. till. frá þinginu öllu, en er þó ekki heldur sómasamleg afgreiðsla og má ekki heldur eiga sér stað.

Mér dettur þess vegna í hug, hvort fjvnmenn vilja ekki leggja til, að till. verði breytt í loforð um að taka þessa fjárhæð upp í næstu fjárl. og áskorun til stj. að láta hefjast handa um verkið, því að væri það samþ. þannig, þá væri alla vega hægt að fá fé til að vinna fyrir í sumar. Þetta væri leið, sem ég gæti vel fellt mig við, en ég get ekki fellt mig við að samþ. 2 millj. kr. fjárveiting, sem aldrei á að sjást í fjárl., heldur aðeins í þál. — Þetta vil ég biðja n. að athuga.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 26:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 26:1 atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 33, n. 117).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. — Ég skal ekki vera fjölorður um þessa till. — N. hefur rætt hana mjög ýtarlega á fundum sínum. Hún hefur líka rætt málið við atvmrh., fjmrh. og vegamálastjóra. Þó að hv. nm. sjái sér ekki fært að fara fram á hærri upphæð en hér er gert ráð fyrir, ½ millj. kr., get ég lýst yfir því, að þeir mundu fallast á þessa upphæð, þótt ekki sé nú lengra gengið en hér er farið fram á, og óska ég þess eindregið, að þessi till. verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég leyfi mér að bera fram brtt. við till. Ég sé hér á þskj. 117, að fjvn. hefur verið sammála um að leggja til, að till. yrði samþ. með nokkrum breyt. — Ég ætla ekki að fara að fjölyrða um þörf vegarins sjálfs. Það er ekki það, sem barizt er um, heldur hitt, hvort hér eigi að taka upp það nýmæli að veita stóra fjárhæð fyrir utan fjárl. á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þessari till. Ég tel, að engin rök hafi verið færð fyrir því, að rétt sé eða eðlilegt, að n. leggi til, að farið verði út á þá braut að falsa ríkisreikningana, eins og lagt er til í þessari till., því að það er fals að samþ. að taka fjárhæð 1944, sem verði færð á landsreikningana árið eftir. Er ég undrandi yfir því, að þessir níu menn, sem sæti eiga í n. og margir hafa farið með fjármál landsins um langt skeið, skuli geta látið nöfn sín standa undir slíkri till.

Hér hafa farið fram umr. um sjálf fjárl. og afgreiðslu þeirra á sl. ári, og ég held, að þær umr. sýni bezt, að þetta er ekki sú stefna, sem við eigum að taka, og það alveg án tillits til þess, hvort nauðsynlegt er að leggja í þetta fyrirtæki eða ekki. Það liggja stórar fjárveitingar til þessa vegar frá fyrri árum og hafa ekki verið notaðar. Og það eru mjög miklar líkur til, að þessi fjárhæð verði ekki notuð af öðrum ástæðum á n. k. sumri, og því minni ástæða til að fara hér inn á mjög hæpna braut í afgreiðslu fjármála.

Ég leyfi mér að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt. og æski þess, að hún verði tekin hér til umr.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 148) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég tek undir með hv. þm. Barð., að ég tel það mjög óeðlilegt, að fjárl. 1944 séu lögð sem útgjöld til ársins 1945 fyrir framkvæmdir, sem eiga að fara fram á því ári. Ég tel, að lítið gæti orðið um fjármuni, þegar framkvæma ætti ýmislegt síðar, ef taka ætti upp þessa aðferð, þegar þröngt er í búi. Ég vil vísa í þær umr., sem sýna, hvernig horfir um afkomu ríkissjóðs, og ég fæ ekki séð, hvernig ætti að bæta þessu á það, sem nú er fyrir, þannig að það gæti orðið framkvæmt.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég hef ekki tekið til máls um þetta mál, sem hér liggur fyrir á þskj. 33, en eins og hv. þm. er kunnugt, greiddi ég atkv. á móti till. eins og hún var borin fram, um 2 millj. kr. framlag úr ríkissjóði til viðbótar því, sem veitt var í fjárl. þessa árs til Krýsuvíkurvegarins. Ég á nú sæti í þeirri n., sem fjallaði um till., og get tekið það þegar fram, að ég greiddi ekki atkv., hvorki með né móti þeirri brtt., sem n. að öðru leyti varð ásátt um að bera fram, og sagði hv. frsm., að ég mundi skrifa undir nál., en gera grein fyrir afstöðu minni við síðari umr. Og skal ég nú leyfa mér að gera það með nokkrum orðum.

Þegar þetta mál var flutt hér nú og eins í sambandi við aðra þáltill., sem flutt var og er á þskj. 51, var nokkurt kapp í umr., og m. a. var látið liggja að því, að þeir, sem væru flm. þáltill. á þskj. 51, — en þar er ég nú, sem sumir kalla ljósið í rófunni, síðasti meðflm., — virtust ekki vera vinsamlegir þessu máli, sem flutt er hér á þskj. 33, og var talið, að hin síðari þáltill. væri sett til höfuðs hinni fyrri. Ég býst nú ekki við, að svo sé um þá aðra hv. flm. þeirrar þáltill. en mig. En ég sagði hv. flm. að þessu máli, þáltill. á þskj. 33, að svo væri einmitt ástatt um mig, að ég hefði með síðari till. viljað hnekkja fyrri þáltill., og er skylt, að ég geri grein fyrir því. En ég geri ekki ráð fyrir, að neinum detti í hug, að ég, sem er fulltrúi fyrir Reykjavík hér á Alþingi, sé mótfallinn öruggum samgöngum milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins. Ágreiningurinn er einungis um það, með hvaða aðferð þessum málum verði bezt borgið. Og ég get skilið þá menn báðum megin Hellisheiðar, sem leggja mjög mikið kapp á að gera þessa samgönguleið örugga. Og sennilega á Reykjavík engu minna undir því en þær sveitir, sem liggja austan fjalls. Ég skal ekki fara út í þessa sálma neitt frekar.

Það kom fram í umr., að flm. þáltill. töldu sig vera að vinna fyrir Reykjavík að verulegu leyti og að sjá fyrir velfarnaði barna og annarra, sem ekki mega án mjólkur vera. Ég trúi því vel, að þeir hafi það mjög fast í huga. En það ætti þá ekki síður að vera ríkjandi í mínum huga, sem á að minnsta kosti að leggja fram minn skerf til þess að sjá fyrir þessu öryggi. En það er svo um þessa vegarlagningu um Krýsuvík, að það mál hefur frá öndverðu verið sótt af mjög miklu kappi og ekki verið leitað venjulegs undirbúnings undir það. Það hefur hins vegar verið beitt ákaflega einhliða og mikilli „agitation". Og vitanlegt er það, að búið er að vekja mikið kapp fólks, einkum austan fjalls, um þessa leið. En það er tiltölulega auðvelt mál, ef mál er flutt hlutdrægt og blekkjandi, að vekja kapp manna með því. Og ég tel engan vafa á því, að það hafi verið flutt a. m. k. mjög einhliða að leggja til, að lagður yrði vegur Krýsuvíkurleiðina. Það er eðlilegur hlutur, ef komið er til manna, sem eiga mikið undir því að koma afurðum sínum til sölustaðar, og þeir spurðir, hvort þeir séu ekki með því að bæta samgöngurnar, að þeir segi jú. Og það er hægt að spana menn til undirskrifta í þessum sökum, af því að þetta fólk hefur ekki aðstöðu til þess að kanna sjálft, hvort hér er farin tryggasta og bezta leið um vegarlagningu fyrir framtíðina. Ég legg þess vegna ekkert upp úr því, þó að harðvítugir menn og einsýnir geti spanað fólk til þess að krefjast einhverra hluta, sem það ber ekki skyn á.

Það, sem að mínu viti ber fyrst að athuga, þegar um slíkt er að ræða sem öryggi samgangna milli byggðarlaga, það er, hver leiðin er heppilegust. Nú hefur það verið talið, að aðalþröskuldurinn á þessari leið væri snjóþyngsli. En það er ekki eini þröskuldurinn. Eitt af því fyrsta, sem menn spyrja um, er, hvaða leið er stytzt og ódýrust, ekki aðeins ódýrust í lagningu, heldur verður hagkvæmust og ódýrust þeim, sem um langa framtíð eiga að búa við þessar samgöngur. Nú hefur verið gengið svo langt í meðmælum með Krýsuvíkurleiðinni að segja, að það sé nú sannað mál, að sú leið teppist aldrei fyrir snjóþyngsli. Þetta er ekki nema staðhæfing. Það eina, sem við höfum öruggt, er, að eftir því sem landið liggur lægra yfir sjávarmál, eftir því eru meiri líkur til þess, að leið um það verði opin vegna snjóa. En engin af þeim leiðum, sem um hefur verið rætt, — ekki nokkur þeirra, — er örugg um, að hún teppist ekki vegna snjóþyngsla. Meira að segja þegar vegamálastjóri lét rannsaka þetta mál og lét rannsaka snjóþyngslin á Krýsuvíkurleiðinni, sem þá var byrjað að leggja, fékk sú leið þann vitnisburð, að oft væru mikil snjóþyngsli á þessari leið. Og ég var með í leiðangri í vinsamlegu boði Krýsuvíkurmanna til að athuga þessa leið nú á þessum vetri. Við vorum óheppnir, því að veður var óhagstætt, en þó gat maður komizt að raun um, að leiðin var ekki örugg fyrir snjóþyngslum. Ég sá í blöðunum, að einhver var þá rétt á eftir að segja frá því, að þessi leið hefði þá verið alveg hrein. En það er sannast mála, að við komumst ekki nema lítinn kafla af henni, því að það er ekki búið að leggja nema lítinn kafla af henni. En á þeirri leið, sem búið er að leggja veg á af þessari leið, urðum við hálffastir í snjó og komumst með naumindum til sama lands. — En það raskar því ekki, að eftir því sem leiðin liggur lægra yfir sjávarmál, eftir því verður hún oftar fær. Öryggið liggur þess vegna í því, að til séu sem flestar leiðir austur. Og eftir að Þingvallaleiðin opnaðist, en síðan eru ekki nema þrjú ár, hefur öryggið aukizt stórlega um að komast

á milli þessara byggðarlaga báðum megin Hellisheiðar.

Það, sem menn líta á auk öryggisins, það er, eins og ég sagði, kostnaðurinn, hvað kostar að leggja þessa vegi. Nú hefur verið gerð áætlun um kostnað við vegarlagningu um Krýsuvík. Og eftir þeirri áætlun á sá kafli, sem nú er ólagður, að kosta 5½ millj. kr., og er sá kostnaður miðaður við kaupgjald, sem er 5 kr. á tímann. Nú er það kaupgjald, sem við þá vegarlagningu kæmi til greina, í dag kr. 6,35 á tímann, og því mundi þá þessi kafli kosta eftir þessari áætlun um 7 millj. kr. Á þessu geta náttúrlega orðið skekkjur, bæði til lækkunar og hækkunar. Bæði gæti það orðið til lækkunar á kostnaðinum, að vinnuaðferðir gætu e. t. v. orðið umbættar frá því, sem nú er, með því að notuð yrðu stórvirkari vinnutæki, sem gætu lækkað þessa 7 millj. kr. upphæð. En aftur á móti kemur oft fyrir í svona framkvæmdum, að örðugleikar koma til, sem ekki hefur verið hægt að sjá fyrir fram, hleypa kostnaðinum fram. Og það þarf ekki að búast við öðru en slíkir fyrir fram óþekktir örðugleikar mæti manni við þetta verk eins og önnur. En ég skal ekki dóm á það leggja, hvort svo muni verða. Sakir standa þannig nú, að eftir núverandi verðlagi er gert ráð fyrir, að þessi kafli muni kosta um 7 millj. kr.

Nú hafa ýmsir menn sagt, að það sé nú búið að leggja svo mikið fé í þessa vegarlagningu, að ekki geti annað komið til mála en segja B, þegar búið er að segja A. En það er nú ekki búið að leggja nema 10% í þennan veg af því, sem áætlað er, að vegurinn muni kosta. Og ég legg ekki svo mjög mikla áherzlu á þetta. Mér finnast það ekki í raun og veru rök í málinu, að ef byrjað sé á hlut, þó að hann sé ekki réttur, þá eigi að halda áfram með hann. Þá finnst mér bezt að snúa við sem fyrst. En ég legg líka mikla áherzlu á hitt, að nauðsynlegt er að fá leiðina örugga. Og þessi leið er viðbót við það öryggi. Og því lægra sem leiðin liggur, því meira öryggi er að henni til vetrarflutninga. En það kemur aldrei til mála, að þetta verði aðalleið austur. Munurinn á vegarlengd hennar annars vegar og þeirra tveggja leiða hins vegar, sem búið er að leggja, er svo mikill. Hellisheiðarvegurinn er frá Reykjavík að Selfossi 59 km, Þingvallavegurinn milli sömu staða 93 km, og þriðja leiðin, sem nú er rætt um, um Krýsuvík, er 103 km frá Reykjavík að Selfossi. Leiðirnar falla saman að austan á töluvert löngum kafla.

Nú getur hver maður skilið það, eftir þeirri geysiumferð, sem er á þessum leiðum, að það mundi muna ákaflega miklu í kostnaði, hver leiðin væri farin. Á lengstu leiðinni, sem er 44 km lengri en sú skemmsta, mundu eyðast bara í brennsluefni milljónir kr. á skömmum tíma fram yfir það, sem verða mundi með því að fara stytztu leiðina. Og þess vegna dettur engum manni í hug, ef aðrar leiðir eru færar, að fara þessa Krýsuvíkurleið, sem er lengst. Hún kæmi því ekki til greina nema þegar hún er fær, en hinar ekki, þ. e. í mestu snjóþyngslum. Ég get í þessu sambandi tekið fram, að eftir þeim upplýsingum, sem mér hafa verið gefnar um mjólkurflutningana, þegar Hellisheiðarvegurinn var tepptur, en Þingvallaleiðin opin og því farin, að það taldist 2 þús. kr. dýrara að fara með dagsmjólkina eftir Þingvallaveginum en eftir Hellisheiðarveginum, þegar hann var fær. Og þessi munur hefði ekki orðið minni, ef hina lengstu leið hefði orðið að fara.

Ég er sannfærður um, að þessi leið yrði aldrei annað en varaleið, sem aðeins yrði farin, þegar aðrar leiðir væru lokaðar. Það hefur nú verið erfitt að koma orðum við þá góðu menn, sem tekið hafa ástfóstri við Krýsuvíkurveginn, og ég hef ekki tekið þátt í þeim umr. hér í þinginu, en andstaða mín gegn þessari leið stafar af því, að ég er sannfærður um, að fyrst eigi að fullgera skemmstu leiðina, Hellisheiðarleiðina. Fyrsta varaleiðin yrði vafalaust Þingvallaleiðin, og þá ber auðvitað að fullgera þá leið næst. Loks kæmi svo Krýsuvíkurleiðin, og yrði hún ekki farin, nema báðar hinar væru lokaðar, og svo gætu auðvitað allar leiðirnar lokazt. Í sambandi við þetta má auðvitað taka fram, að uppi eru skoðanir um, að bráðlega muni verða tekin í notkun tæki, sem geri fært að flytja þungan flutning á snjó með eins konar dráttarvélum, og vel gæti verið, að það gæti komið í staðinn fyrir varaleiðirnar báðar.

Með því að mér finnst mikið hafa verið gert úr því, hve oft hafi teppzt leiðin yfir fjallið, þá held ég, að það væri rétt, að ég læsi upp, hve marga daga leiðin yfir Hellisheiði hefur teppzt undanfarin ár. Yfir þetta hafa verið gerðar skýrslur frá 1929. Það ár kom enginn dagur, að ekki væri fært yfir fjallið. 1930—1931 voru það 67 dagar, 1931—1932 22 dagar, 1932—1933 66 dagar, 1933—1934 12 dagar, 1934—1935 6 dagar, 1935—1936 37 dagar, 1936—1937 102 dagar (lengst, mjög snjóþungur vetur), 1937—1938 26 dagar, 1938—1939 4 dagar, 1939—1940 10 dagar, 1940—1941 enginn dagur og nú síðast til ársloka 1943 4 dagar. Það verður að taka það fram, að á þessu árabili, sem er 14 ár, voru engin tæki til að ryðja snjó og næstum því allan þennan tíma engin varaleið. En Þingvallavegurinn hefur nú bætt mikið úr þessu, enda tepptist leiðin engan dag 1942 og aðeins í 4 daga 1943. Ég vildi taka þetta fram, því að mér virðist þessi snjóþyngsli vaxa mönnum meira í augum en efni standa til. En þetta er reynslan.

Áður en ég geng frá þessu atriði, legg ég á það áherzlu, að það er sagt út í bláinn, þegar verið er að tala um andstæðinga samgöngubóta austur yfir fjall, því að auðvitað stafar það ekki af öðru en því, að þeir ætla að gylla sig í augum fólksins. Það er aðeins ágreiningur um það, hvaða aðferð skuli notuð. Ég er þess fullviss, að fyrst ber að fullgera aðalleiðina. Það vantar mjög mikið á, að búið sé að gera þá leið eins góða og hún getur orðið, og það vantar mikið á, að þessi Krýsuvíkursýki hafi dregið úr því, að kapp væri á það lagt að gera þann veg eins og til var ætlazt. Sama er að segja um fyrstu varaleiðina, og auðvitað á síðar að gera þá leið eins fullkomna og ætlazt er til, en mikið skortir á, og þyrfti þó ekki mikið til þess að færa þá leið á þá staði, sem eru miklu betri á vetrum en það vegarstæði, sem nú er notað. Sem önnur varaleið

kæmi svo Krýsuvíkurvegurinn, ef menn hafa þá ekki komizt að raun um, að samgöngurnar ættu að vera allt aðrar, t. d. járnbraut.

Það var talað um það hér í umr. síðast, að vegamálastjóri væri á móti þessari leið og hefði sýnt því máli óvild. Ég held, að þetta sé alveg ranghermi, en hitt er annað mál, að hann tók það fram í áliti sínu, þegar frv. um Krýsuvíkurveginn var fyrst flutt, að það mætti teljast lítt gerlegt að velja þessa leið sökum erfiðleika á vegarstæði, sökum þeirra torfærna, sem á leiðinni eru. Þá var fjármagn ríkissjóðs auðvitað mjög takmarkað, og það hefur vaxið honum í augum. Hann komst að þeirri niðurstöðu, að það mundi draga mjög frá vegalagningu annars staðar á landinu, t. d. Hellisheiðarveginum, en það væri ekki sanngjarnt að leggja niður að mestu leyti vegagerð í öðrum héruðum landsins vegna þessarar einu leiðar, þó að öryggi á henni væri auðvitað mikils virði. En til þess að sýna, að vegamálastjóri hefur, eftir að þessi leið var valin, ekki sýnt Krýsuvíkurveginum neina óvild, skal þess getið, að til 1940 var veitt til vegarins 338 þús. kr., en á sama tíma unnið fyrir 667 þús. kr., þ. e. tvöfalt á við það, sem var í fjárl. Þetta var allt sett í veginn í samráði við vegamálastjóra, og fer því fjarri, að það beri vott um óvild af hans hálfu, að unnið hefur verið við veginn fyrir tvöfalt hærri fjárhæð en stóð í fjárl. Ég fullyrði, að það kapp, sem á það hefur verið lagt að setja fé í þessa leið, hefur dregið úr nauðsynlegri vegalagningu annars staðar á landinu. Þetta tel ég mjög misráðið og óeðlilegt, að því er snertir aðalleiðina, Hellisheiði.

Nú þykist ég vita, að eftir þennan rökstuðning þyki mönnum undarlegt, að ég skuli ekki hafa klofið mig frá fjvn. í þessu máli. Ég skal útskýra það. Ég greiddi að sönnu atkv. móti till., á meðan hún fór fram á 2 millj. kr., en svo varð um þetta sú miðlun, að ef n. vildi mæla með fjórðungi þess, sem upphaflega var farið fram á, 500 þús. kr. í stað 2 millj., og að þessi fjárveiting yrði færð á árið 1945, mundu flm. sætta sig við það. Ég taldi mér skylt að koma eitthvað til móts við flm. og vildi gera það með því að greiða ekki atkv. á móti þessari miðlun, en greiða þó ekki heldur atkv. með henni. En af þessu vildi ég ekki slá á framrétta hönd þeirra, þegar þeir færðu sig meira til hófs en áður var, því að bæði er það, að ég tel ekki eins horfa til stöðvunar annars staðar á landinu, ef veittar eru 500 þús. kr. í stað 2 millj. kr. Og svo er ekki því að neita, að ég hef með sjálfum mér efazt um, að þetta fé yrði allt notað í sumar, og þá er gefið mál, eftir því sem gengið hefur til um fjárveitingu til þessa vegar undanfarið, að eitthvert fé verður veitt á árinu 1945. Gæti þetta þá að einhverju leyti komið í staðinn fyrir þá fjárveitingu. Af þessum sökum mun ég ekki greiða atkv. móti þessari till., þó að ég hins vegar treysti mér ekki til að greiða atkv. með henni.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég vildi bara gera lítils háttar brtt. við till. fjvn. á þskj. 117. Skoðun mín á málinu er áður kunn af umr. um annað mál, og skal ég því ekki eyða tíma í að endurtaka hana. Menn vita, að ég vil sem allra fyrst fá Krýsuvíkurveginn fullgerðan. Því sagði ég, er ég sá till. n.: „Smátt skammtar faðir minn smjörið". Ég fylgi að fjárhæð til till. flm., en þar sem sýnilegt er, að hún hefur ekki fylgi, legg ég nú til, að í stað 500 þús. kr. í till. n. komi 1 millj. kr., og þarf sú till. engrar skýringar við.

Hæstv. fjmrh. taldi óviðeigandi að samþ. nú till. um útgjöld ársins 1945, og í sama streng tók hv. þm. Barð. Þetta tel ég ekki vera rétt. Ég mundi telja það ógerlegt að samþ. nú þessa till. sem viðbót við gjöld þessa árs. Þar er hlaðið á fjárl. En að ákveða nú þegar, að við skulum taka á næstu fjárl. tillag til Krýsuvíkurvegarins að upphæð 1 millj. kr. og að fela ríkisstj., sem hefur ótal leiðir til að leggja það fé fram í sumar upp á endurgreiðslu ársins 1945, að láta vinna fyrir það þegar í sumar, tel ég sjálfsagt og eðlilegt.

Hv. 7. þm. Reykv. sagði margt, sem þörf væri á að svara. Ég mun þó ekki gera það, en út af því, að hann var að tala um velvilja vegamálastjóra til þessa máls, vil ég biðja hann að athuga leiðina, sem þessi vegur á að liggja eftir, og leiðina, sem vegurinn frá Viðfirði til Norðfjarðar á að liggja eftir, og umsögn vegamálastjóra um báðar leiðirnar. Mun hann þá sjá velviljann.

Umr. frestað.

Á 26. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 27. fundi í Sþ., 7. marz, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 33, n. 117, 148, 149).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. — Það er búið að ræða mál þetta mikið hér, og skal ég því ekki fara mörgum orðum um það. Það eru aðeins tvær brtt., sem ég vildi athuga dálítið. — Sú fyrri er frá hv. þm. Barð., og vill hv. þm. ekki, að þessi fjárhæð verði tekin á fjárl. Ég skil ekki, hvers vegna hann hefur á móti því, og vænti ég, að um engin þingsafglöp sé að ræða, þótt upphæðin yrði tekin á fjárl. Býst ég við, að formaður n. sé næg trygging fyrir því, að þetta séu ekki þingsafglöp.

Hin brtt. er frá hv. 2. þm. N-M. Mér þykir miður, að hún skuli hafa komið fram, af því að fullt samkomulag var komið á í n. En hann hefur kannske ekki vitað um það. — Vil ég fara fram á, að hv. þm. taki þessa till. aftur. Geri hann það ekki, legg ég til, að hún verði felld.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Það hefur upplýstst ýmislegt í þessu máli, síðan það var síðast til umr. hér. Hv. 7. þm. Reykv. (SK) upplýsir, að hann hafi verið með í að samþ. málið, því að flm. hafi fyrst heimtað 2 millj. kr., en vilji síðan láta sér nægja 500 þús. Í tilefni af því vildi ég mega spyrja, hvort það sé þetta, sem við hinir yngri þm. eigum að læra, að setja fram nógu háar kröfur fyrir kjördæmi okkar og slá síðan af þeim

til þess að tryggja framgang þeirra. Ýmislegt fleira athyglisvert hefur komið fram í þessum umr., sem e. t. v. gefst tækifæri síðar til að taka til athugunar. Ég vil leyfa mér að mótmæla því, að hér sé þinglega farið að með því að veita fé úr ríkissjóði á þennan hátt, og tel þetta fordæmi eitt hið versta, sem gefið verði, ef till. nær fram að ganga. Meðferð málsins lýsir sér bezt með brtt. frá hv. 2. þm. N-M. Lýsti hann því, að hann kæmi hér fram með mjög auvirðilega brtt., sem væri í því fólgin að breyta aðeins upphæðinni úr 500 þús. kr. í 1 millj. kr., en hann hafði þó áður lýst yfir, að þessi fjárveiting gengi glæpi næst. Vil ég benda á þetta, ef skeð gæti, að einhver hv. þm. gæti lært eitthvað af þeirri „alvöru", sem hér ríkir í meðferð á fé ríkisins.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég vil aðeins lýsa yfir, að það, sem hv. þm. Barð. hafði hér eftir mér, er gersamlega ósatt. Ég sagði það gagnstæða, að ég teldi ekki sæmandi að slá á framrétta hönd, sem rétt er til samkomulags. En um þennan hv. þm. á það vel við, að „ærna mælir, sás ævagi þegir, staðlausa stafi".

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort þess finnist nokkurt fordæmi, að slík málsmeðferð hafi verið viðhöfð. — Í öðru lagi vil ég beina því til ríkisstj., hvort hún telur sig geta farið þessa leið, þ. e. að falsa reikninga ríkisins. Væri mjög æskilegt að vita, hvort hægt er að benda á nokkurt fordæmi hliðstætt.

ATKVGR.
Brtt. 149 felld með 26:8 atkv.

Bjarni Benediktsson: Ég vildi óska úrskurðar forseta um það, hvort till. á þskj. 148, eins og hún er fram borin, fær staðizt samkv. ákvæðum laga.
Í stjskr., 38. gr., segir svo:
„Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða árlega reikninga um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, hvort tekjur landsins séu þar allar taldar og hvort nokkuð hafi verið af hendi greitt án heimildar. Þeir geta, hver um sig, tveir eða allir, krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal safna þessum reikningum fyrir hvert fjárhagstímabil í einn reikning og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um samþykkt á honum og athugasemdir yfirskoðunarmanna."
Það er tekið fram hér, að gera eigi grein fyrir því, hver séu útgjöld á hverju tímabili. Með skírskotun til þessarar greinar verður ekki annað séð en fjárveiting með þeim hætti, sem hér er fyrirhugaður, sé beinlínis brot á stjskr.

Forseti (GSv): Út af þessari aths. hv. 6. þm. Reykv. vil ég benda á, að hér er aðeins um að ræða heimild til ríkisstj., svo að hún hefur á sínu valdi að gera við till., hvað sem henni sýnist. Ríkisstj. hefur hins vegar ekkert látið frá sér heyra um þetta atriði, og tel ég mér því ekki fært að vísa till. frá. Úrskurða ég því, að þessi till. verði látin ganga undir atkv.

Brtt. 148 felld með 22:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁÁ, BBen, GÞ, GJ, GTh, ÓTh, SigfS, SB, STh, SÞ, StgrA.
nei: BG, BSt, BrB, EmJ, FJ, GÍG, HG, HelgJ, IngJ, IngP, JJós, JJ, JörB, KA, LJós, PZ, PO, SK, StJSt, SvbH, ÞÞ, ÞG.
BÁ, EE, EystJ, HermJ, JakM, JPálm, JS, LJóh, PHerm, PÞ, SG, SkG, GSv greiddu ekki atkv.
5 þm. (EOl, GG, MJ, PM, SEH) fjarstaddir.

Brtt. 117 samþ. með 39:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: SG, STh, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BrB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, GTh, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JS, JJ, JörB, KA, LJóh, LJós, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PO, SigfS, GSv.
nei: SÞ, GJ.
SK, BBen, GÞ, JakM, JPálm, SB greiddu ekki atkv.
5 þm. (SEH, EOl, GG, MJ, PM) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 38:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PO, SigfS, SG, STh, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BrB, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÍG, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JS, JJ, JörB, KA, LJóh, LJós, GSv.
nei: SB, SÞ, GÞ, GJ, GTh, JakM, JPálm.
SK, BBen greiddu ekki atkv.
5 þm. (MJ, PM, SEH, EOl, GG) fjarstaddir.
2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Eysteinn Jónsson: Ég lít þannig á þessa brtt., þó að í henni standi, að þessi fjárhæð skuli færð til gjalda á árinu 1945, að það sé að sjálfsögðu átt við, að hún komi raunverulega til gjalda á ríkisreikningi þessa árs. Annars vil ég segja það, að þó að ég sé mótfallinn þeirri aðferð, sem hér hefur verið höfð til þess að greiða þetta fé, þá þykir mér það verk, sem hér á að vinna, svo nauðsynlegt, að ég treysti mér ekki til að standa á móti till.. og segi því já.

Bjarni Benediktsson: Eftir atvikum er ég ekki andvígur því að greiða þetta fé á þennan veg, en þar sem till. er á þennan hátt fram borin, get ég ekki goldið henni jákvæði og greiði ekki atkvæði.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 168).

9. Heyþurrkun.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um nýjar heyþurrkunaraðferðir (A. 128).

Á 26. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Hermann Jónasson): Herra forseti. — Ég get verið stuttorður um þetta mál, því að ekki þarf að eyða mörgum orðum til að rökstyðja, hver þörf er á, að þær tilraunir séu gerðar, sem þáltill. gerir ráð fyrir. Ég tel einnig, að í grg., þótt hún sé ekki löng, séu færð nægileg rök fyrir því, að full þörf er á, að slíkar tilraunir séu gerðar og það sem fyrst. Síðan síðustu tilraunir hafa verið gerðar hér á landi á þessu sviði, hafa í nærliggjandi löndum verið fundnar aðferðir til heyþurrkunar, sem eru í senn ódýrar og stórvirkar. Það er því full þörf, að tilraun sé gerð hér á landi, hvort takast megi að nota þessar aðferðir hér, sem fyrirfram má telja líklegt, að sé hægt, þó að ekki verði gengið fram hjá því, að heytegundir þær, sem þurrkaðar eru erlendis með þessum aðferðum, eru flestar stórgerðari en þær, er vaxa hér á landi, og því ekki víst, að sömu aðferðir dugi án breytinga.

Ég ætla ekki að hafa langa framsögu fyrir þessu máli. Ég geri ráð fyrir, að öllum hv. þm. sé nægilega ljóst án frekari greinargerðar, að mikil þörf er að rannsaka þetta mál rækilega. Þar sem telja má líklegt, ef ekki víst, að þessar tilraunir verði ekki útgjaldafrekar, þá geri ég ekki ráð fyrir, að þörf sé að vísa till. til sérstakrar n., og mun því ekki gera till. um það.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja frekar um till. Það mætti tala um nauðsyn þessa máls miklu lengur og ýtarlegar en ég hef gert hér, en út í það fer ég ekki nú til að tefja ekki tímann.

Ég endurtek svo ósk mína um, að málinu verði ekki vísað til n., heldur vísað beint til síðari umr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Sþ., 7. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28 fundi í Sþ., 8. marz, var till. aftur tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 179).

10. Ómagastyrkur til starfsmanna ríkisins.

Á deildafundum 2. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um greiðslu sérstakrar launauppbótar til embættis- og starfsmanna ríkisins vegna barna á framfærslualdri (A. 116).

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Ég ætla að vera stuttorður, en það segja nú reyndar flestir frsm., þó að efndirnar séu misjafnar. En ég ætla mér nú að efna það.

Það skal fram tekið, að till. þessi er flutt fyrir sérstaka hvatningu frá starfsmannasambandi ríkis og bæjarfélaga. Vitanlega hafa flm. sameinazt um till. vegna þess, að þeir álíta, að hún eigi fullan rétt á sér. Eins og hv. þm. er kunnugt, var ákveðið í dýrtíðarl. 1942, að greiða skyldi sérstakar bætur til þeirra manna, er hafa börn á framfæri sínu. Var ákveðið í l., að greiða skyldi 300 kr. fyrir hvert barn innan við 16 ára aldur. Skyldi þetta greitt í tvennu lagi ár hvert. Með þessu var, að ég hygg, ætlazt til, að jafnað yrði dálítið milli þeirra manna, sem fátt hafa á framfærslu sinni, og hinna, sem hafa fyrir mörgum að sjá. Nú er það vitað, að þrátt fyrir greiðslu dýrtíðaruppbótar eiga þeir erfitt uppdráttar, sem hafa stórri fjölskyldu fyrir að sjá. Nú er hér um heimildarl. að ræða og því á valdi ríkisstj., hvort hún gerir þetta eða ekki. Ríkisstj. hefur nú auglýst, að því er mér er sagt (sjálfur hef ég ekki veitt því athygli), að hún muni ekki greiða þessa uppbót árið 1944, en hún hafði greitt þær árin 1942 og 1943. Um ástæður fyrir þessu er mér ekki kunnugt, en við nm. vitum ekki til, að frá því að þessum greiðslum lauk í árslok 1943, hafi orðið þær breyt., sem réttlæti eða geri það a. m. k. sjálfsagt að fella þessar greiðslur niður. Það má þó vel vera, að ástæður séu fyrir hendi og í fyrsta lagi þær, sem komu fram núna nýlega í yfirliti hæstv. fjmrh. um fjárhagsafkomu ríkissjóðs, að heldur horfi dapurlega, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum. Ég mun ekki véfengja þetta, því að það er kunnugt, að ég hef talsvert gagnrýnt fjárl. fyrir þetta ár og gerði um það till., að ríkisstj. væri heimilað að fella niður 25% af öllum greiðslunum, ef það kæmi í ljós, að fjárl. mundu ekki standast, að tekjur mundu ekki fást fyrir gjöldum. Sú till. var felld. En þar með sýndi ég, að ég taldi ekki vel úr hlaði riðið með fjárl. Þykir því víst undarlegt, að ég skuli vera viðriðinn þessa till., því að ég hef staðið mjög á móti ýmsum öðrum till., sem fram hafa komið við fjárl. á yfirstandandi ári. En að ég vildi vera með að flytja þessa till., stafar af því, að mér er kunnugt um, að það mundi koma mjög hart niður, ef felldar væru niður þessar greiðslur, sem voru með öllu sanngjörn uppbót vegna dýrtíðarinnar. Ég vil ekki heldur láta hjá líða að taka það fram, að sá frádráttur, sem eftir skattal. er heimilt að draga frá skattskyldum tekjum og talinn

er persónufrádráttur, hefur staðið óbreyttur nokkuð lengi þrátt fyrir stóraukna dýrtíð. Ég held, að þessi frádráttur sé 300 kr. fyrir hvert barn, en ef á þetta kæmi hækkun, sem sýnist, að væri nokkuð sanngjarnt og í samræmi við aðra hækkun, sem orðið hefur á útgjöldum, mundi það ekki nema mjög mikilli upphæð nema fyrir þá menn, sem hafa þungt heimili eða mikla framfærslu. Ég vil segja, að þetta tómlæti Alþ. í því að leiðrétta þetta mál, að hækka persónufrádráttinn, sé einmitt mikill stuðningur við þessa till.

Ég vil svo að lokum taka það fram, að eftir upplýsingum frá fjmrn. mundu þessar greiðslur ríkissjóðs nema kr. 225 þús. yfir árið, en auðvitað miklu meira alls, því að það er fjöldi fyrirtækja og stofnana í landinu og öll bæjarfélög, sem hafa greitt þessar uppbætur og ætla sér að fylgja því, þó að það sé engin lagaskylda, en fella þær niður, ef ríkisstj. fellir niður að greiða þeim, sem launaðir eru af ríkissjóði. Málið snertir því mjög marga utan embættismannastéttarinnar og, að ég hygg, fleiri utan hennar.

Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, en fer fram á, að málinu verði vísað til síðari umr. og fjvn.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Það er rétt, að stj. ákvað fyrir áramót að fella niður greiðslur á þessum ómagastyrk, sem greiddur er samkv. lagaheimild frá 30. júní 1942, og ekki sízt af þeirri ástæðu, að í fjárl. er engin fjárhæð ætluð til þess að standa straum af þessum útgjöldum. Þessi styrkur hefur verið greiddur í tvö ár, 1942 og 1943. 1942 nam hann kr. 288 þús., en 1943 kr. 215 þús. Þar að auki greiða að sjálfsögðu ríkisstofnanir þennan styrk, og ég held, að ætla mætti, að útgjöld ríkissjóðs og ýmissa stofnana við þessi útgjöld mundu nema um ½ millj. kr.

Það er athugandi í sambandi við þennan styrk, að lagaheimild þessi er sett á vorþingi 1942, og þá eru aukauppbætur til starfsmanna ekki komnar til greina, ef líta átti á þennan styrk sem nokkrar aukauppbætur til starfsmanna. En á sumarþinginu eru svo aukauppbæturnar ákveðnar, svo að ég gæti hugsað mér, að ekki væri nema eðlilegt, að þessi styrkur félli niður, um leið og aukauppbæturnar væru ákveðnar. Þar að auki virðist ekki sjálft Alþ. hafa haft mjög mikinn áhuga á því, að þessum styrk væri haldið uppi, þar sem hann hefur ekki verið tekinn í fjárl. Þetta hefur verið framkvæmt þannig, að ríkissjóður hefur aðeins greitt þennan styrk til þeirra, sem eru fastir hjá ríkinu. Ef þeim væri haldið áfram, mundu miklu fleiri starfsmenn ríkisins koma undir þetta, t. d. hreppstjórar og ljósmæður, sem gætu heimtað að fá þennan styrk sem starfsmenn hjá ríkinu. En ef ríkisstj. kynni að verða skylduð til að greiða þennan styrk, mætti taka margt til athugunar í því sambandi, t. d. hvort rétt gæti talizt að greiða mönnum slíkan styrk, þótt þeir eigi ekki nema 1—2 börn, en gæti talizt sanngjarnt að veita þeim stuðning, sem eiga fyrir mörgum börnum að sjá.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Það, sem ég vildi segja, er aðeins það, að þessi útgjöld hafa aldrei verið í fjárl. Það var því afsakanlegt, þó að fjvn. sæi ekki ástæðu til að taka þau í fjárl., og það er ríkisstj. sjálf, sem hefur látið það falla niður úr sínu frv. En ég vildi taka það fram, að það er mjög gamalt form fyrir því að láta vilja Alþ. í ljós að veita heimild, og því held ég, að ríkisstj. geti ekki skoðað það nema sem vilja Alþ., þegar Alþ. veitir henni heimild til einhvers hlutar, eins og hún krefst í þessu máli.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, HelgJ, IngP, JJós, LJós, PHerm, PÞ, SigfS, SB, SK, STh, SkG, StJSt, SvbH, ÞG, ÁkJ, BÁ, BrB, EOl, GSv.

nei: IngJ, JPálm, PZ, PO, SÞ.

JS, JJ, EE greiddu ekki atkv.

17 þm. (GG, HermJ, JakM, JörB, KA, LJóh, MJ, ÓTh, PM, SG, SEH, StgrA, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BBen) fjarstaddir.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27:2 atkv.

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 116, n. 156 og 172).

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að tala langt mál um þetta, þar sem ég er nýbúinn að gera grein fyrir málinu við fyrri umr. Nú hefur málið verið til meðferðar í fjvn., en n. ekki orðið sammála. Meiri hl. leggur til, að till. verði samþ., og eru í þeim meiri hl. fimm nm., en þrír nm. greiða atkv. gegn till. og leggja til, að málinu verði frestað, þar til þ. kemur aftur saman. Þeir, sem eru á móti till., eru hv. þm. Borgf., hv. þm. S-Þ. og hv. þm. Dal. Hv. 1. þm. Rang. greiðir ekki atkv., en hefur skrifað undir með minni hl. með fyrirvara og mun væntanlega sjálfur gera grein fyrir afstöðu sinni.

Það er svo stutt, síðan þetta nál. minni hl. kom í mínar hendur, að ég hef ekki haft tíma til að lesa það til enda, en tek hér strax eftir, að minni hl. segir, að það sé mjög villandi, sem segir í grg. fyrir þáltill. þeirri, sem hér um ræðir, að kostnaður ríkissjóðs af þessum greiðslum hafi numið 225 þús. kr. síðastliðið ár. Mér þykir einkennilegt, að menn skuli leyfa sér að fara með slíka fjarstæðu, sem hægt er að reka ofan í þá þegar í stað, og ég vil fyrir mína hönd og meðflm. minna biðjast undan því, að okkur sé borið það á brýn í opinberum þingplöggum, að við förum með blekkingar, þegar við segjum eins frómt frá og verða má. Svo segir síðar í nál. minni. hl., að ekki sé enn búið að greiða uppbætur þessar að fullu fyrir síðastliðið ár. Mér kemur það ókunnuglega fyrir sjónir, því að við höfum tekið upp þá tölu, sem fjmrn. gaf okkur upp. Svo segir hv. minni hl.: „Í öðru lagi eru þessar upplýsingar villandi, hvort árið sem tekið er, af

því að í þessum upphæðum felast ekki barnsmeðlög þau, sem greidd eru starfsmönnum við fjölmennar ríkisstofnanir". En það er ekkert villandi við þetta, og það er tekið fram í grg., að þessar stofnanir hafi greitt starfsfólki sínu sömu uppbætur. Þetta er blekking frá hv. minni hl. við Alþ. að ætla að telja því trú um, að við höfum óhreint mjöl í pokanum. Í þessu sambandi vil ég taka fram, að það er ein skekkja í því, sem ég sagði við fyrri umr., að þessi fjárgreiðsla hefði aldrei verið í fjárl. Eftir upplýsingum, sem ég hef fengið síðan, hefur þessi greiðsla verið á fjárl., en ekki hægt fyrir mig að vita það, þar sem greiðslan var ekki undir þessu nafni, heldur tekin inn á uppbætur, sem þar eru tilgreindar. Ég hafði ekki kynnt mér þetta, og ég fullyrði, að þetta hefur farið fram hjá öllum þorra þm. En þetta breytir ekki efni málsins. Hæstv. fjmrh. segir og hefur auglýst, að þessi greiðsla muni ekki fara fram og þingvilji sé fyrir því, en *það hefur verið hæstv. fjmrh. sjálfur, sem hefur* fellt þetta burt og tilkynnt fjvn., en hún ekki tilkynnt það Alþ. Og ef um blekkingu er að ræða, þá liggur hún í þessu, að það hefur verið samþ., án þess að vitað væri um efni málsins.

Ég sé ekki ástæðu til að endurtaka þau rök, sem ég færði fram fyrir till. við flutning hennar, en legg áherzlu á eitt atriði, að hvað sem líður vilja manna til að lækka bæði verðlag og kaupgjald í landinu, sem ég lýsi mig samþykkan, verði ekki fram hjá því gengið, að óviðkunnanlegt er að taka út úr hóp manna og lækka laun hans, án þess að tilraun sé gerð til að láta þetta ganga jafnt yfir. Og þegar nú þessi fyrsta sneið er skorin af, sem gert er samkv. yfirlýsingu hæstv. ríkisstj., þá er hún af þeim tekin, sem þyngsta hafa ómegðina, og mun það verða óvinsælt. Ég vil enn lýsa fylgi mínu við það, að launagreiðslur í landinu verði almennt lækkaðar, ef menn geta komið sér saman um það, en ég er ósamþykkur því og ég hygg, að meiri hl. Alþ. sé það líka, að krafsa svo ofan í að taka út úr einstaka menn og þá einkum ef það kemur niður þar, sem þörfin er mest á tekjunum, en það er hjá þeim, sem ekki taka þátt í framleiðslunni og engan stríðsgróða hafa, heldur stríðsfátækt. Og þegar svo er byrjað að reyta nokkra skildinga af þessum mönnum, geri ég ráð fyrir, að það verði óvinsælt að makleikum, auk þess sem það gæti ekki valdið neinu verulegu um það að koma á jafnvægi í þjóðfélaginu, þar sem um svo litlar upphæðir er að ræða. Ég vil enn fremur minna á, að Alþ. getur gert sitt í þessu máli, því að hér er um að ræða hagsmuni miklu fleiri en þeirra, sem ríkið launar, þar sem ýmsar aðrar stofnanir, þar á meðal bæjar- og sveitarfélög, sem hafa af sjálfum sér greitt þessar uppbætur, þær sömu og ríkið greiðir sínu fólki, munu vera ákveðnar í að láta þessar greiðslur falla niður, um leið og ríkið hættir að greiða þær sínu fólki. Þar af leiðir, að samþ. Alþ. ekki till. okkar á þskj. 116, þá er verið að svipta þessa menn launabótum, sem eru þeim mjög nauðsynlegar.

Ég skal svo ekki lengja þetta mál, en vænti þess, að Alþ. sýni eins og svo oft áður, að það vilji láta *jafnt yfir menn ganga og vilji ekki skerða rétt* eins fremur en annars.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Ég finn ekki hvöt hjá mér til að ræða um þetta mál með svipuðum hætti og hv. 7. þm. Reykv. Mér skilst, að málið muni ekki græða á því, að notað sé slíkt orðbragð sem hv. þm. viðhafði. En þar sem nál. minni hl. hefur verið nýlega útbýtt og hv. frsm. sagðist ekki hafa komizt lengra í lestri nál. en til hálfs, þykir mér ástæða til að fara nokkrum orðum um málið.

Þegar afgreidd voru fjárl. á síðasta Alþ., þá átti fjvn. að sjálfsögðu samræður við fjmrh. um afgreiðslu þeirra. Fjmrh. lýsti þá yfir, að ríkisstj. ætlaði ekki að nota þá heimild, sem hún hefði til þess að greiða þessi barnameðlög, og þess vegna hefði stj. ekki tekið upp á fjárl. neinar fjárveitingar í þessu skyni.

Eins og greint er frá í þessu nál. minni hl. fjvn., *þá sætti þetta engum mótmælum í n.*, og engar till. komu fram um að breyta þessu frá því, sem fjmrh. lýsti yfir, að væri tilgangur ríkisstj. Í meðferð fjárl. á Alþ. komu ekki heldur fram neinar raddir eða till., sem bentu til þess, að ríkisstj. að þessu leyti væri í andstöðu við Alþ. Þannig mætti Alþ. þessum till. ríkisstj. um að láta þessar greiðslur niður falla, og ég fyrir mitt leyti get ekki litið á þetta öðruvísi en sem samþykki Alþ. á þessari tilhögun ríkisstj.

Þessar fjárgreiðslur, sem hér um ræðir, eru þannig til komnar, eins og greinir í nál., að á vorþinginu 1942 komu fulltrúar frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og fóru fram á það við Alþ., að það hækkaði grunnlaun starfsmanna ríkisins. Um þetta varð ekki samkomulag á Alþ. að þessu sinni, en í þess stað var ríkisstj. heimilað að greiða þessa barnastyrki, og var það til að mæta fyrrnefndum óskum frá fulltrúum starfsmanna ríkisins. Alþ. féllst á að fara þessa leið, en hækka ekki grunnlaun að því sinni. Síðar á Alþ. sama ár voru hækkuð grunnlaun með þeim hætti, sem alkunnugt er og gerð er grein fyrir í nál. minni hl. Þannig var orðið við þeim tilmælum, sem þessir forsvarsmenn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja höfðu borið fram við Alþ., og þar með í raun og veru kippt burt ástæðunni til þess að veita áfram þennan barnastyrk, þó að hann væri að vísu greiddur bæði árið 1942 og 1943. — Þetta er þá gangur málsins, eins og hann var hér á Alþ.

Svo er hér vikið að því í nál. minni hl. og eins í grg. till. sjálfrar, svo sem frsm. meiri hl., hv. 7. þm. Reykv., sagði, að kostnaður af greiðslum þessum væri 225 þús. kr. Það er ekki hægt að sjá af grg. till., að þetta sé allur kostnaðurinn, því að þar er ekki vikið að þeim fjölmennu stofnunum, þar sem þessar greiðslur fara fram beint til starfsmannanna. Það er því síður en svo, að í þessari upphæð, sem vitnað er til í grg. till. og frsm. talaði um, sé falinn allur kostnaðurinn. Þegar minni hl. fór að kynna sér þetta nánar, þá upplýsti fjmrh., að ekki væri enn búið að greiða þessa styrki fyrir árið 1943 að fullu. Hann benti á, að sú upphæð,

sem greidd var beint úr ríkissjóði um hendur ríkisféhirðis árið 1942, hefði numið 288 þús. kr., og engin ástæða er til að ætla, að þessi hluti styrksins verði minni árið 1943 en 1942. Þetta eru þær upplýsingar, sem minni hl. fékk hjá hæstv. fjmrh., og hann er hér viðstaddur og getur borið því vitni, hvort þetta sé ekki rétt með farið varðandi það, sem hann lagði til þessa máls.

Hitt fengum við einnig upplýsingar um, að þarna er ekki um að ræða nema hluta af upphæðinni, því að eins og við tökum fram í nál. okkar, þá eru það fjölmargar stofnanir, þar sem þessar greiðslur fara fram beint frá reikningshaldara viðkomandi stofnunar. Þessar stofnanir eru t. d. póstur og sími, útvarp, einkasölur ríkisins og einhverjar fleiri, þótt ekki sé minnzt á þær í nál. Hins vegar tókst ekki að fá upplýsingar um það, hvað þessi útgjöld muni nema miklu á hverjum tíma, en ekki er ólíklegt, að það séu upp undir 200 þús. kr. á ári. Ef miðað er við árið 1942, þar sem styrkur sá, sem gengur í gegnum hendur ríkisféhirðis, er fullgreiddur, má gera ráð fyrir, að upphæðin alls nemi árlega um hálfri milljón kr. Þetta vildum við, að kæmi fram í nál. minni hl., og hér er algerlega rétt með farið eftir þeim upplýsingum, sem við öfluðum okkur. Ég held þess vegna, að það hafi verið gersamlega ástæðulaust að viðhafa þau ummæli, sem frsm. meiri hl. viðhafði í garð minni hl.

Þá fengum við í minni hl. einnig þær upplýsingar hjá fjmrh., að sú tilhögun hefði verið höfð á greiðslu þessa styrks, að þeir einir hafi orðið hans aðnjótandi, sem höfðu aðalstarf sitt hjá ríkinu. Nú er það vitað, að það er fjöldi manna úti um byggðir þessa lands, sem hafa á hendi ýmiss konar störf fyrir ríkið, þótt þau störf séu ekki nema hluti af þeim störfum, sem þessir menn hafa með höndum. En ég held, að það sé ekki hægt að leggja annan skilning í þessa till. en að þessir menn geti einnig orðið aðnjótandi þeirra réttinda, sem till. gerir ráð fyrir, því að nú er samkv. till. lagt fyrir stj. að greiða þetta í stað þess, að það var aðeins heimild áður. Minni hl. getur ekki getið sér til, hve mikil viðbótargjöld mundi leiða af því, að þessir menn nytu réttinda l. Það kæmi í ljós, þegar farið yrði að framkvæma þessa till.

Þetta eru þá þær ástæður, sem minni hl. hefur fram að leggja með þeirri afstöðu, sem hann hefur tekið, að geta ekki fallizt á þá till., sem hér liggur fyrir. Hvort tveggja þetta, hækkun grunnkaups síðan á árinu 1942 og auk þess sem Alþ. óbeinlínis tók afstöðu við afgreiðslu fjárl. fyrir yfirstandandi ár að veita ekki neitt til þessara fjárgreiðslna, gerir það að verkum, að minni hl. getur ekki fallizt á till.

Hv. frsm. meiri hl. gat þess, að komið hefðu fram raddir um að fresta afgreiðslu till. frá mönnum, sem standa með minni hl. Þetta er alveg rétt. En um þetta náðist ekkert samkomulag í n., svo málið ber hér alveg eðlilega að. Það koma hér fram tvö mismunandi sjónarmið, sem Alþ. tekur ákvörðun um.

Meira hef ég svo ekki um þetta mál að segja. Einn nm. hefur skrifað undir nál. minni hl. með fyrirvara, sem hann mun gera grein fyrir.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Við fyrri umr. málsins upplýsti ég það, að beinar greiðslur ríkissjóðs í sambandi við þetta hefðu árið 1942 numið 288 þús. kr., en 1943 hafa þær þegar numið 215 þús. kr. Ég álít, að það, að þessi upphæð er lægri 1943 en 1942, stafi af því, að ekki séu allar greiðslurnar komnar til útborgunar enn þá, því að það er að sjálfsögðu ekki ástæða að ætla, að þessar greiðslur verði lægri 1943 en 1942. Um kostnað hjá ríkisstofnunum, eins og pósti og síma, er mér ekki kunnugt og get þar ekkert fullyrt um neina fjárhæð, en þar er að sjálfsögðu um talsverða fjárhæð að ræða.

Að öðru leyti skal ég ekki fara frekar út í þetta mál, en get tekið undir þau rök, sem hv. þm. Borgf. flutti hér í þessu máli.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég sat hjá við fyrri afgreiðslu þessa máls, en það var þó ekki af því, að mér fyndist ekki sjálfsagt, að fjölskyldumönnum væru greiddar þessar uppbætur. En þegar ég fór að athuga málið betur, fannst mér kippt burt þeim grundvelli, sem 1942 lá til þessara greiðslna, því að þegar þetta mál var fyrst borið fram á Alþ., þá var farið fram á grunnkaupshækkun, en í stað þess var þeim þá veitt þessi uppbót eða barnameðlag, en ekki orðið við þeim óskum, sem þeir báru fram þá, heldur síðar. Hins vegar vitum við, að von er á nýjum launal. og að mþn. er að undirbúa þau, og þá finnst mér að sjálfsögðu, að ákveða verði starfsmönnum ríkisins viss þurftarlaun. Ég get ekki búizt við, að miðað verði við þurftarlaun hvers einstaks þegns, og þá er ég samþykkur því, að eitthvað svipað barnameðlögunum verði tekið upp, þannig að þeir, sem mörg börn eiga, fái raunverulega uppbót. Ég mun þess vegna greiða atkv. á móti því, að till. þessi nái fram að ganga.

Frsm. meiri hl. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Ég get verið fáorður, það er heppilegast, að atkv. skeri úr um þetta, og ég sé enga ástæðu að vera með deilur hér.

Það er misskilningur hjá hv. þm. Borgf., að ég hafi farið hér með nokkur stór orð, og ég get mótmælt því, að hér hafi nokkur stóryrði verið viðhöfð. En í nál. minni hl. er umvöndun, sem hv. þm. Borgf. getur tekið sem stóryrði.

Ég vil andmæla því sem gersamlega tilhæfulausu, að við í meiri hl. höfum farið með í grg. okkar eða till. nokkuð rangt eða viljað villa mönnum sýn. En ég get bætt því við, að nál. minni hl. ber vott um óvandvirkni. Það stendur hérna í því á einum stað, og ég held, að hv. þm. Borgf. hafi komið að því í ræðu sinni, eftirfarandi klausa, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta: „Framkvæmdum í þessum greiðslum samkv. fyrrumgetinni heimild hefur ríkisstjórnin hagað þannig, að þeir einir hafa orðið aðnjótandi, sem hafa haft aðalstarf sitt hjá ríkinu. En samkv. orðalagi þessarar þáltill. hljóta allir þennan rétt, sem hafa á hendi einhver störf fyrir ríkið, þótt smávægileg séu.“ — Þetta er svo

gersamlega tilhæfulaust, því að í till. stendur, að Alþ. feli ríkisstj. að greiða þetta á sama hátt og síðastliðið ár eða þar til önnur skipan verður um þetta gerð á Alþ. Við viljum fá um þetta skýran úrskurð, svo að þetta setji ríkisstj. ekki í neinn vanda, en hún viti, að það er vilji Alþ., að þessar uppbætur verði greiddar á sama hátt og verið hefur. Ég þykist vita, að minni hl. hafi alls ekki lesið till. meiri hl., því að allir hv. þm. sjá, að það er gersamlega rangt skýrt frá í nál. minni hl.

Þá vil ég gera athugasemd um það, sem eru meginrök minni hl., sem sé það, að grunnkaupshækkunin 1942, sem var nálægt 25 til 30%, hafi átt að koma í staðinn fyrir þessi fjárframlög. Ég vil í fyrsta lagi segja það, að ég hef aldrei heyrt þetta sett í samband hvort við annað fyrr en nú, að minni hl. grípur til þess. En þetta er alrangt, svo sem ég skal sýna fram á. Þessar uppbætur eru alls ekki miðaðar við framfærslu manna, það vita þessir hv. þm. í minni hl., að þær uppbætur eru greiddar algerlega án tillits til þess, hvort menn hafa marga á framfæri eða fáa. Það er gersamlega óviðkomandi því, og ég hygg, að enginn setji það í samband hvort við annað, enda hefur Alþ. og ríkisstj. í tvö ár greitt út barnastyrkina, eftir að þessi 25 til 30% hækkun var orðin að lögum. Svo það er ekki hægt að halda þessu á lofti.

Þá vil ég koma að því, að það er fjarri flm. till. á þskj. 116, að þeir vilji fara með rangt mál um það, er varðar kostnað við þessar greiðslur. Það er tekið fram í grg. till., gagnstætt því, sem hv. þm. Borgf. vildi vera láta, að þar sé átt við kostnað ríkissjóðs, því að ég vissi, að ekki væri í fljótu bragði hægt að segja til um kostnað allra ríkisstofnana, hvað þetta snertir, og tók ég það því fram, að kostnaður ríkissjóðs væri 225 þús. kr., en þar að auki væru þær stofnanir, sem snerta ríkið og bæjar- og sveitarfélög. Hér hefur því ekki verið farið með rangt mál í neinu. En mér skildist á ræðu hæstv. fjmrh., að þessi upphæð mundi verða meiri 1943 en 1942 og væri nú þegar 215 þús. kr. fyrir árið 1943. Mér skildist líka, að þetta væri breytilegt frá ári til árs, þar sem þessi upphæð var 288 þús. kr. árið 1942. Ég geri ráð fyrir, að fjmrn. áætli það, sem ógreitt er, og fer það sjálfsagt nærri um það, en ég álít, að það skipti ekki miklu máli, hvort upphæðin er 215 þús. kr. eða hærri. Upphæðin er ekki stórvægileg og getur ekki ráðið neinu um úrslit málsins.

Ég vil svo mæla með því, að þessi till. gangi til atkvgr.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Hv. frsm. meiri hl. var nú svo mjúkur í máli, að ég kannaðist aftur fullkomlega við hann, því að umr. í n. fóru einmitt fram með slíkum hætti sem hann hafði nú á málflutningi sínum.

Ég vil benda á, að það er mikill eðlismunur á þessari till. og þeirri, sem áður var samþ. um þessi efni. Áður var það lagt á vald ríkisstj. að greiða þetta, en nú er henni beinlínis falið að gera það, svo að hún er miklu bundnari líka í einstökum atriðum um framkvæmdir í málinu en hún áður var. Hitt, að fara að gera greinarmun á ríkisstofnunum, eins og frsm. vildi gera, nær vitanlega ekki nokkurri átt, því að þetta er í sjálfu sér ríkissjóður, sem greiðir allt saman, aðeins aðferðin, sem munur er á. Enda er það svo, ef tap verður t. d. á pósti eða síma, þá er það borgað úr ríkissjóði, og eins ef gróði verður, rennur hann í ríkissjóðinn. Þetta er allt sami sjóðurinn og ekki hægt að skilja neitt undan í þessu efni.

Ég vil svo aðeins út af einu atriði, sem fram kom hér, taka það fram, að þeir starfsmenn ríkisins, sem komu að máli við Alþ. 1942, fóru ekki fram á neina barnastyrki. Þeirra óskum var fullnægt, þegar grunnkaupshækkunin var samþ.

Þannig stendur þetta mál því nú og óhaggað það, sem við höfum haldið fram, að með grunnkaupshækkuninni var grundvöllurinn undir barnastyrkjunum fallinn niður.

Ég skal svo ekki lengja umr. um þetta.

Sigfús Sigurhjartarson: .... Einn undirbúningur þessara bráðabirgðafríðinda var gerður með samþykkt laga frá 30. júní 1942, þegar heimilað var að greiða nokkrar uppbætur vegna barna á framfæri embættismanna og opinberra starfsmanna. Það er enginn efi á því, að þegar inn á þessa braut var gengið, þá var því haldið fram, að um ráðstafanir væri að ræða, sem ættu að gilda, þangað til marglofuð endurskoðun launal. yrði framkvæmd. Og það fer ekki á milli mála, að embættismenn hafa tekið við þessum uppbótum í þeirri trú, að þær ætti að greiða, þangað til búið væri að endurskoða launal. — Síðar á því ári var að því horfið að hækka grunnlaun nokkuð. Og nú er því haldið fram af hv. frsm. minni hl. n., að þessi launahækkun ætti að koma í stað ómagauppbótarinnar. Ég man ekki til þess, að fyrir liggi eitt orð um það á þingi, þegar samþ. var grunnlaunauppbótin. Og ég hygg, að hv. frsm. minni hl. n. mundi hafa til þess vitnað, ef svo hefði verið talað þá.

Ég staðhæfi líka, að það er ekki rétt með farið af hv. frsm. minni hl. n., að embættismennirnir, þ. e. a. s. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, hafi litið þannig á, að ef allir fengju grunnlaunauppbót, þá væri búið að veita þeim eitthvað í staðinn fyrir ómagauppbótina og hún mætti því niður falla. Ég hef átt tal við þessa aðila fyrr og síðar í sambandi við grunnlaunauppbótina 1942, og þeir fullyrða, að fyrir þeim hafi vakað, að þetta tvennt, ómagauppbótin og grunnlaunauppbótin, væri bráðabirgðaráðstafanir, sem mundu og ættu að standa hlið við hlið, þangað til endurskoðun launalaganna væri lokið.

Hv. frsm. minni hl. n. upplýsti, að þetta mál hefði verið rætt ýtarlega í fjvn., og tjáði, að þar hefðu legið fyrir upplýsingar frá hæstv. ríkisstj. um það, að hún mundi ekki nota heimildina til greiðslu þessara launauppbóta, sem hér er um að ræða. lengur, — og rengi ég hann ekki um það. En hitt þykir mér furðu gegna, að hv. fjvn. skuli hafa látið undir höfuð leggjast að gera hæstv. Alþ. grein fyrir þessu. Það

var skylda fjvn. að láta Alþ. vita, að það væri ráðagerð hæstv. ríkisstj. að nota ekki þessa heimild, og þá gat hæstv. Alþ. tekið afstöðu til þess, hvort það vildi, að þessum uppbótagreiðslum yrði haldið áfram eða ekki.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á þá furðulegu fullyrðingu, sem komið hefur fram af hálfu minni hl. fjvn., að samkv. orðalagi þessarar þáltill. hljóti allir að fá þennan rétt, sem í þáltill. er veittur, sem vinna einhver störf fyrir ríkið, þótt smávægileg séu, t. d. að ljósmæður, hreppstjórar og aðrir menn, sem hafa einhverja opinbera þjónustu með höndum, muni falla undir þessa heimild samkv. till. okkar. En það þarf ekki annað en benda á það, að í þáltill. segir, eins og hún er orðuð, ekkert annað en þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða á sama hátt og sl. ár, þar til önnur skipan verður á gerð af Alþingi, uppbætur þær, er tilgreindar eru í 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 48 frá 30. júní 1942." Þ. e. a. s., að hér er farið fram á, að sömu mönnum verði greiddar þessar uppbætur og sl. ár að ástæðum þeirra óbreyttum og mönnum, sem hafa hliðstæðar ástæður og voru hjá þeim, sem þetta var greitt sl. ár. Þessi þáltill., ef samþ. verður, breytir því í engu þeirri venju, sem hæstv. ríkisstj. hefur upp tekið um framkvæmd l. frá 1942.

Að öðru leyti vil ég segja það, að mér virðist, að sú skipan, sem farið er inn á með því að greiða þessar uppbætur, sé mjög skynsamleg og eðlileg og ætti að vera bundin í launal. framtíðarinnar. Það er eðlilegt, eins og mér virtist skína í hjá hv. 2. þm. Rang., að laun séu miðuð við það, að menn með litlar fjölskyldur geti sómasamlega af þeim lifað, en að með sérstökum hætti sé séð fyrir afkomuþörfum þeirra, sem inna af hendi það þjóðnýta starf að ala upp marga nýja borgara. Þess vegna álít ég, að ríkisstj. ætti alls ekki að hverfa inn á þá braut að afnema þessa reglu um uppbótagreiðslur að svo stöddu, heldur ætti þessi regla að standa, þangað til launal. eru endurskoðuð, og þá ætti hæstv. ríkisstj., hver sem hún verður, að koma þessari reglu inn í launal.

Frsm. minni hl. (Pétur Ottesen): Ég vil einungis benda á eitt atriði hjá hv. þm., sem síðast talaði. Hann var hálfpartinn að ætlja það, að fjvn. hefði ekki skýrt Alþ. frá því, að þessi breyt. væri áætluð um niðurfelling þessara uppbóta. En í fjárl., sem ekki aðeins fjvn., heldur hver einasti hv. þm. fer höndum um, þar kemur þetta skýrt fram. Ég skal t.d. leyfa mér að lesa upp greinina um lögmannsembættið í Reykjavík, — og laun til annarra starfsmanna ríkisins eru, að því er snertir þessa uppbót sérstaklega, ákveðin eins, þ. e. a. s. hún er ekki nefnd, — þessi gr., sem er í þrem liðum: 1. Grunnlaun, 2. Aukauppbót, 3. Verðlagsuppbót. Þarna eru þá upp taldar allar þær greiðslur, sem um er að ræða til þessara og annarra hliðstæðra starfsmanna. Hér er ekki minnzt á neina uppbót vegna barna á framfæri launþega. Þetta stendur skýrt í fjárl. og þarf engrar skýringar við.

ATKVGR.

Till. samþ. með 38:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, SvbH, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GÍG, GTh, HG, HermJ, IngP, JakM, JJós, JörB, KA, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PÞ, PM, SigfS, GSv.

nei: SÞ, SkG, ÞÞ, GJ, HelgJ, IngJ, JS, JJ, PZ, PO,

4 þm. (BBen, GG, JPálm, LJóh) fjarstaddir.

Við atkvgr. sagði

Páll Zóphóníasson: Þar sem allir hv. þm. áttu þess kost, þá er fjárl. voru samþ., að koma fram till. um breyt. á þeim, þ. á m. um ómagauppbætur, en engin till. kom í þá átt, verð ég að líta svo á, að till. sú, sem hér liggur fyrir, veiti ríkisstj. enga heimild til að greiða þær, og treysti ég, að hún geri það ekki, því að slík greiðsla yrði utan við fjárl., en þar átti heimild til hennar að koma. Ég segi því nei.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 184).

11. Norræn samvinna.

Á deildafundum 4. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um þátttöku Íslands í norrænni samvinnu (A. 147).

Á 26. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til einnar umr. (A. 147, 162, 197).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 197. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Magnús Jónsson): Herra forseti. — Alþ. hefur nú af sinni hálfu — og eins og það verður gert á þessu stigi málanna — gengið frá þeim tveim stórmálum, sem eru ástæða þess, að þessi till. til þál. er fram borin, en það er ályktun Alþ. um sambandsslit við Danmörku og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Mál þessi fara nú undir dóm þjóðarinnar, og munu þm. allir, sem sameinazt hafa fullkomlega um það að afgreiða málin frá Alþ., vona, að sá dómur verði eindreginn og tvímælalaus, — enda er till. þessi við það miðuð, að þau tvö mál, sem hér um ræðir, verði afgreidd til fullnustu og Íslendingar sjái nú í vor, eins og það er orðað í till., „aldagamla frelsishugsjón þjóðarinnar um stofnun íslenzks lýðveldis rætast".

Þetta er rétt orðað og felur í raun og veru í sér

rökin fyrir þessari till. Það er hin aldagamla frelsishugsjón, sem rætist. Það er eðlilegur réttur vor, byggður á sérstöku þjóðerni, sérstakri tungu, sérstakri menningu, sérstakri sögu, sem hefur borið þetta mál fram til sigurs, og vil ég þar með ekki varpa nokkurri rýrð á lagalegan rétt vorn eða .... þetta mál blandast. En það er ekki kali til annarra, sem því veldur, að vér tökum nú fullt sjálfstæði vort, frekar en það er af kala til stórþjóðanna, að smáþjóðir yfirleitt, t. d. Norðurlandaþjóðirnar hinar, þrá sjálfstæði. Íslendingar eru sérstök þjóð, og hún þráir að lifa sem sjálfstæð þjóð.

En slík mál sem þessi eru jafnan viðkvæm mál. Sérstaklega er þess að vænta, að þetta sé tilfinningamál fyrir þá þjóð, sem vér nú slítum samvistum við, og vil ég næstum því segja, að það væri leitt, ef svo væri ekki. En það er einnig tilfinningamál fyrir hinar Norðurlandaþjóðirnar. Á undanförnum árum fyrir ófriðinn jókst sífellt samvinna vor við Norðurlönd, og mér er óhætt að segja, að allir eða flestir muni hafa fundið, að þetta er eðlilegt. Þarf ekki annað en minna á þau atriði, sem ég nefndi áðan og valda því, að vér þráum nú sjálfstæði vort. Einmitt þessi sömu atriði skapa oss eðlilega samvinnu við Norðurlöndin. Þjóðerni, tunga, menning og saga Norðurlandaþjóðanna er allt oss miklu nær og skyldara en nokkurra annarra þjóða. Vér erum ættaðir af Norðurlöndum, tunga þeirra er oss auðlærðari en aðrar tungur, menning vor hefur ávallt verið í nánum tengslum, og sagan hefur myndazt í samvinnu við þessar þjóðir, misjafnlega ánægjulegri eins og gerist og gengur, — og hefur svo verið um allar Norðurlandaþjóðirnar, að þær hafa barizt, sameinazt, skilið, unnið saman og hver gegn annarri. En þær hafa átt sína sameiginlegu menningu engu að síður, upprunalega að nokkru og skapaða í samvinnu að öðru leytinu.

Ég tel vel fallið, að Alþ. geri sitt til þess að eyða hverjum þeim misskilningi, er leitt gæti af sjálfstæðismáli voru, og lýsi ljóst og ótvírætt yfir ekki aðeins þeim vilja, heldur samkvæmt því, er ég hef nú sagt, þeirri nauðsyn, að Íslendingar haldi áfram að vera í norrænu fjölskyldunni, rækja sínar skyldur þar og njóta sinna réttinda. Vér lýsum því einungis yfir, að vér viljum fara í þessu máli öllu saman að eðlilegum háttum, taka eðlilegt sjálfstæði og einstaklingsrétt og halda okkar eðlilegu frændsemis- og vináttusamböndum.

En vér getum ekki komizt hjá því að minnast þess, hvernig högum er háttað nú á þessum miklu tímamótum. Öll hin friðsömu Norðurlönd eru nú herstöðvar, þótt nokkuð sé með mismunandi hætti. Vér höfum sjálfir verið hernumdir og erum nú undir hervernd og mikil vígstöð. Danmörk er hersetin. Noregur er í ófriði og hernúmið land. Finnland er hvort tveggja í senn, í ófriði og með her hins aðilans innan landamæranna. Svíþjóð er eina landið, sem ekki hefur átt skipti við erlendan her, svo að verulegu nemi. En engum dettur í hug að segja, að Svíþjóð viti ekki af ófriðnum.

Það er því ekki óeðlilegt, þó að eitthvað sé vikið að þessu í till., og það verður að óska þess, að þessu ógurlega gerningaveðri megi slota og þjóðirnar öðlast frelsi sitt, sem nú er ýmist tapað um stund eða ógnað svo, að á hverri stund getur um skipt. Í óskinni felst það, að hver þessara þjóða megi að nýju fá að ráða sínum málum óskorað og án ótta, að af nýju megi upp renna sá friður, er þær nutu, áður en ófriðurinn skall á þeim. Af þessari einlægu og hugheilu ósk getur enginn móðgazt með réttu, meðan nokkur snefill er eftir í veröldinni af hugsanafrelsi og sjálfsákvörðunarrétti.

Það mætti náttúrlega segja margt fleira um þetta mál, en ég held naumast, að ég þurfi að gera grein fyrir þessari till. n. með fleiri orðum. Vænti ég þess fastlega, að hv. þm. geti sameinazt um brtt. okkar og veitt þáltill. í heild samróma fylgi sitt.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Ég vil byrja mál mitt á að lýsa ánægju minni yfir því, að þessi þáltill. skyldi koma fram nú, þegar við tökum endanlega ákvörðun um fullveldi Íslands. Ég álít, að með þessu séum við að lýsa yfir því, að við viljum vera gersamlega fullgildur aðili sem fullkomlega sjálfstæð þjóð í samstarfi okkar við Norðurlönd og aðrar nágrannaþjóðir. Við lýsum yfir því, að við getum ekki á nokkurn minnsta hátt sýnt þessum þjóðum samúð með því að slá af þeim kröfum, sem íslenzka þjóðin hefur sameinazt um í frelsisbaráttu sinni á síðustu öldum.

Hv. frsm. skilnaðarn. hefur fært almenn rök fyrir þessari till., en ég vil gera nokkra grein fyrir brtt., sem ég flyt á þskj. 162. Brtt. mín er á þá leið, að aftan við fyrri lið tillgr. á þskj. 197, sem hljóðar þannig: „að senda hinum Norðurlandaþjóðunum bróðurkveðjur og óska þeim farsældar og sigurs í frelsisbaráttu þeirra“, komi: „og Norðmönnum og Dönum sigurs í frelsisbaráttu þeirra og“.

Ég álít, að ástandið sé þannig meðal hinna Norðurlandaþjóðanna, að við komumst ekki hjá því að votta sérstaklega samúð okkar Dönum og Norðmönnum á þann hátt, að við óskum þeim sigurs. Við erum þess ekki megnugir að gera nokkurn skapaðan hlut fyrir þessar þjóðir. Þó að við höfum safnað fé og stutt þær að öðru leyti, er það svo lítið, að það má heita sama og ekkert. En það er þó rétt fyrir okkur að lýsa ákveðið yfir samúð með þeim, og það er áreiðanlega andlegur styrkur fyrir Dani og Norðmenn, að við óskum þeim eindregið sigurs. Ég álít, að það sé sóma þjóðarinnar nauðsynlegt, að ekki verði gengið fram hjá því að taka fram nöfn þeirra þjóða, sem standa jafnframarlega í baráttunni gegn Hitler og okkur daglega berast fréttir um. — Ég veit ekki, hvað fyrir tillögumönnum hefur vakað, en þó býst ég við, að það hafi vakað hið sama fyrir þeim öllum og mér, þótt þeir vilji ekki lýsa því yfir skýrt og skorinort.

Ég hef heyrt það koma fram, að það gæti verið hlutleysisbrot að lýsa samúð með Dönum og Norðmönnum. Ég álít, að íslenzka þjóðin eigi ekki að hika við að fremja slíkt hlutleysisbrot. Við vitum það vel, þótt ekki hafi skollið yfir okkur þær hörmungar, sem dunið hafa á þessum þjóðum, að við áttum ekki minna í húfi. Og við eigum líka

að hafa þor til þess að sýna, að hverjum samúð okkar beinist fyrst og fremst. Ég veit, að það er í samræmi við vilja allrar þjóðarinnar, að slík yfirlýsing sé skýr og ákveðin. Fyrir því flyt ég þessa brtt. út af brtt. á þskj. 197. Er hin síðarnefnda brtt. alveg samhljóða minni að öðru leyti en því, að nöfn Norðmanna og Dana eru felld niður.

Mér er nú spurn, fyrst þessi nöfn eru felld niður: Telja nm., að Svíar og Finnar standi í frelsisbaráttu? Vilja þeir, að Alþ. lýsi yfir því, að Finnar og Svíar standi í sömu frelsisbaráttu og Danir og Norðmenn? Ég tel óhjákvæmilegt, að tillögumenn svari þessari spurningu. Ég vil í þessu sambandi benda á, að þetta getur ómögulega farið saman. Verulegur hluti Noregs er kúgaður af Þjóðverjum, af því að Finnar eru í stríðinu. Það er vitað mál, að Noregur mundi losna, ef Finnar færu úr stríðinu. Finnar hafa gert Þjóðverjum kleift að nota landið eftir vild til hernaðarþarfa. Af þessu ætti að vera augljóst, að raunverulega eru Finnar í stríði við Norðmenn. Ég álasa ekki finnsku þjóðinni. Ég veit, að mikill hluti hennar er óánægður með hlutskipti sitt, og ég veit, að það eru aðeins fáir menn, sem hafa dregið hana út í það öngþveiti, sem hún er nú komin í. Þó hefur finnska þjóðin ekki viljað hagnýta sér þann möguleika, sem hún hefur til þess að komast úr þessari styrjöld. Það væri mjög illa af stað farið, ef við ætlum að velja þetta augnablik, þegar við lýsum yfir, að þjóðin verði sjálfstæð, til þess að skyrpa framan í Norðmenn í frelsisbaráttu þeirra og líkja henni við þá baráttu, sem Finnar standa í. Að tala um að Finnar séu í frelsisbaráttu er mjög langsótt. Raunar mætti e. t. v. segja, að Svíar ættu í frelsisbaráttu vegna hins mikla vígbúnaðar, en það væri þó ótæk lítilsvirðing, ef ef við færum að gera svo lítið úr þeim miklu fórnum, sem norska þjóðin hefur orðið að færa, að bera þetta saman.

Með því að brtt. á þskj. 197 mun verða borin upp á undan brtt. minni, hef ég ákveðið að gefa hv. þm. kost á því með atkv. að sýna vilja sinn í þessum efnum. Ég flyt því brtt. við þessa brtt. á þskj. 197. Hún er á þá leið, að á eftir orðunum: „óski þeim farsældar“ komi: og Norðmönnum og Dönum sigurs í frelsisbaráttu þeirra.

Forseti (GSv): Hv. þm. hefur lagt fram brtt. skriflega við brtt. á þskj. 197. Eins og hv. þm. réttilega skildi, átti sú till., eftir því sem efni stóðu til, að berast upp á undan og mundi því, ef hún yrði samþ., útiloka brtt. á þskj. 162. Till. er of seint fram komin, og þarf því einnig að leita leyfis hæstv. ríkisstjórnar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 225) leyfð og samþ. með 27:7 atkv.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að blanda mér í umr., sem byrjaðar eru um styrjaldarmál, en það, sem ég vildi segja, er bara greinargerð fyrir því, hvers vegna ég mun ekki greiða atkv. með aðaltill. Það eru víst allir, sem vilja taka undir það með hv. frsm., að við viljum búa í friði og vináttu við allar þjóðir og einkanlega þær, sem okkur eru næstar og skyldastar. En ég hef það við þessa till. að athuga, að hún byrjar á yfirlýsingu um, að þessar vinarkveðjur séu sendar í sambandi við þær breyt., sem við höfum ákvarðað að gera á stjórn landsins, í sambandi við það, að Ísland hefur tekið fullkomið frelsi og yfirráð yfir öllum sínum málum. Það er sitt hvað að vilja sýna vináttu nágrönnum sínum og vinum og hitt að fara að afsaka við þessa vini sína, þó að maður hafi tekið rétt sinn, en það verður varla misskilið, eins og ályktunin hefst, að þessar kveðjur til nágrannaþjóðanna séu beinlínis afsökun á því, að við höfum tekið sjálfstæði okkar.

Þó að það sé nú svo, eins og ég sagði áður, að við höfum ástæðu til að halda vináttusambandi við hinar þjóðirnar og við höfum fyrr og síðar mætt vináttu frá einstökum mönnum og þessum þjóðum í heild, þá held ég, að ekki sé hægt að segja það með sanni, að við höfum frá neinni þeirra notið stuðnings í frelsisbaráttu okkar, svo að þessar vinarkveðjur hefðu átt betur við í öðru sambandi en þegar við höfum ákveðið að stofna íslenzkt lýðveldi.

Vegna þess, að ég vil ekki láta í ljós andúð á þessum vinum okkar, get ég ekki greitt atkv. móti þessari till. En þar sem í henni felst afsökunarbeiðni um það, sem við erum að gera, get ég ekki heldur greitt henni atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég flyt smábrtt. skriflega við brtt. á þskj. 197. Mér virtist hv. þm. Siglf. gjarnan vilja undanskilja Finna, þegar talað væri um Norðurlönd. Það er nú svo, að Finnar eru í samvinnu við Þjóðverja í baráttu gegn Rússum, en ástandið er þannig innan lands hjá Finnum, að við óskum, að þeir losni úr þeim fjötrum, sem þeir eru í, og verði frjálsir á ný. Ég held, að Finnar berjist nú nauðugir og þeim sé frekar stjórnað af öðrum en þeir séu sjálfráðir gerða sinna. Það væri því mjög óviðeigandi að undanskilja Finna um leið og við sendum hinum Norðurlöndunum kveðju, en eins og till. er orðuð á þskj. 197, er Norðurlöndum óskað sigurs og farsældar. Það mætti segja, ef Finnum væri óskað sigurs í baráttunni við Rússa, sem berjast við Þjóðverja, að við værum um leið að óska Þjóðverjum sigurs. Því ber ég hér fram skriflega brtt. við þessa till. Er hún á þá leið, að á eftir orðum brtt. á þskj. 197 „og óska þeim“ — komi: „að þau megi sem fyrst losna úr þeim fjötrum, sem þau eru í, og verða alfrjáls að nýju“. — Við hljótum allir að óska þess. Það væri alveg óviðeigandi að undanskilja Finna. Og ég held, að það væri mannlegast af okkur Íslendingum að segja sem ákveðnast, hvers við óskum.

Forseti (GSv): Ég get ekki vitað, nema þm. taki, eins og horfir, upp á því að koma með brtt. og það skrifl. brtt. unnvörpum, og er álitamál, hvort ég eigi tafarlaust að leita afbrigða fyrir þær, eina og eina í senn, eða eins rétt er að draga það. *(BrB:*

Þessi kom nú víst bara til að afstýra slysi). En ef þm. ætla yfirleitt að láta sitja við það, sem komið er, mun ég þó leita afbrigða fyrir þessari.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 226) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ekki get ég látið það ómótmælt standa, að við þurfum að bera fram þessa till. sem eins konar afsökun til Norðurlandaþjóðanna fyrir að vera að endurheimta sjálfstæði okkar sjálfir. Ég held, að ástæðan til þessarar yfirlýsingar sé sú, að einmitt nú um sama leyti og við öðlumst okkar frelsi, finnum við til þess, að aðrar Norðurlandaþjóðir skuli vera hnepptar í þá verstu kúgunarfjötra, sem í sögu þeirra þekkjast. Við óskum, að þær losni úr þeirri ánauð, vinni sigur í hinni fórnfreku baráttu gegn kúguninni. Við minnumst þess líka, að Norðurlandaþjóðir hafa ekki verið okkur fjandsamlegar, þótt það kæmi sú yfirstétt, sem kúgaði bæði okkur og þær. Það er ekki nema rétt, að það komi fram, að beztu forvígismenn frelsis okkar bjuggu lengi og vel í Kaupmannahöfn. Sá eldur, sem með þeim brann, var glæddur við áhrif frelsisbaráttunnar í hinni dönsku höfuðborg. Þegar við minnumst 40 ára heimastjórnar, megum við muna, að hún var þeim sigri að þakka, sem lýðræðisöfl dönsku þjóðarinnar unnu þá fyrir sig og um leið fyrir okkur. Mér fannst hugsunarháttur hv. 7. þm. Reykv. bera vitni um ranga afstöðu, hugmyndir hans um baráttu þjóðar móti þjóð. Við höfum átt fyrr og síðar bandamenn meðal dönsku þjóðarinnar, og það er engin ástæða til að dylja það né gleyma því.

Fyrir nýár hafði ég lagt fram till. um yfirlýsingu Alþingis í svipaða átt og þessi fer, en ákveðnari. Ég lagði till. fyrir skilnaðarn., en því miður fann sú till. ekki náð fyrir augum meiri hl. Loks fyrir skömmu tók skilnaðarn. þessi mál til athugunar. Ég bar þá fram till. í n. með alleindregnu orðalagi, þó ekki meir en svo, að öllum Norðurlandaþjóðum var óskað frelsis, þ. á m. t. d. Svíum og Finnum, og Norðmönnum og Dönum óskað sigurs í frelsisbaráttu þeirra, — því að mér er ekki kunnugt um aðra frelsisbaráttu nú á Norðurlöndum. — Því miður var þessi till. felld í n., en þessi samin, sem fyrir liggur.

Ég sé ekki, hvernig nokkur maður ætlar að óska bæði Norðmönnum og Finnum sigurs í styrjöld, sem þeir heyja hvorir móti öðrum. Ég skil ekki, hvernig hægt er að tala um að gera ekki upp á milli t. d. norskra og finnskra sjónarmiða þessarar heimsstyrjaldar og óska báðum jafnt sigursins, nema bersýnileg hræsni sé á aðra hvora hlið og mjög tvíræð framkoma. En engri *þjóð*, sem í þessu stríði þjáist, óskum við ósigurs.

Mér virðist brtt. frá hv. þm. Siglf. (ÁkJ) og hv. 2. landsk. (ÞG) við till., eða öllu heldur hin skrifl. brtt. þeirra við brtt. á þskj. 197 og brtt. 197, þannig breytt, vera til bóta og mun haga mér eftir því við atkvgr.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég vil fyrst og fremst geta þess, að ég tel það mjög vel til fundið fyrir margra hluta sakir, að Alþingi Íslendinga gefi nú af sinni hálfu yfirlýsing um ákveðna samúð sína með hinum Norðurlandaþjóðunum og lýsi yfir vilja sínum um náið samstarf við þær eftir styrjöldina, þegar samgöngur takast af nýju. Þetta á að koma fram einmitt nú. Við höfum verið nokkur ár sviptir hinum sterku samböndum, sem milli voru, en sá tími hefði sízt átt að verða til þess, að þau gleymdust. Þegar rás viðburðanna hefur kastað okkur út úr einangruninni, finnst mér eðlilegt, að við myndum þeim mun betur eftir tengslum, sem við áttum áður við vinaþjóðir, og sýndum vilja til að endurnýja þau. Þar að auki er það mín skoðun sérstaklega, að það geti horft til mikils menningarauka og öryggis sjálfstæði okkar, ef við höfum sem mest og bezt samskipti við hinar Norðurlandaþjóðirnar. Og þegar við undirbúum algeran skilnað við eitt Norðurlandaríkið, finnst mér næsta nauðsynlegt, að sá atburður yrði síður en svo til að fjarlægja okkur öðrum Norðurlöndum. Af þessum ástæðum og þeim, sem fram voru bornar af flm., tel ég tímabært og sjálfsagt, að till. nái einróma samþykki á Alþingi Íslendinga.

Um brtt., sem fyrir liggja, skal ég ekki vera margorður. Ég tel hvorki heppilegt né eðlilegt, að verið sé að magna upp mismunandi skoðanir, sem menn hafa á mismunandi athöfnum og mér liggur við að segja örlögum einstakra þjóða. Við eigum ekki að leggja okkar sérstaka mat á þá atburði, einmitt af því að kunnugt er þar um skoðanamun innan Alþingis. Þess vegna virðist mér yfirlýsingin eiga að ná til Norðurlandaþjóðanna allra, án þess að farið sé að ýfa upp nokkurn skoðanamun á framferði einstakra þjóða fyrr og síðar. Ég og margir þm., sem hafa ekki séð ástæðu til að nefna í yfirlýsingunni tvær tilteknar Norðurlandaþjóðir, við höfum e. t. v. engu minni samúð með þeim þjóðum en þeir, sem berjast nú fyrir að fá nöfn þeirra tekin sérstaklega í till.

Ég er þeirrar skoðunar, að allar Norðurlandaþjóðirnar heyi nú frelsisbaráttu, sem geti orðið örlagarík. Ég á ekki við það, að Íslendingar heyi nú frelsisbaráttu við neina aðra Norðurlandaþjóð, svo að við þurfum til þess á miklum kröftum að halda. En ef lega smáþjóðar er sú, að stórveldi sjái ástæðu til, með réttu eða af ímyndun, að telja sér land hennar mikilvægt á margan hátt eða þau freistist þar til einhvers konar íhlutunar, er aðstaða smáþjóðarinnar mjög vandasöm, og getur varla hjá því farið, að mjög reyni á þrek hennar á ýmsum sviðum. Þrjár Norðurlandaþjóðanna standa nú í styrjaldarógnum, og geldur hver þeirra um sig mikið afhroð, að sumu leyti óbætanlegt. Þó að Svíþjóð standi utan við, leggur það ríki þungar byrðar á herðar þjóðinni til að vera viðbúið aðsteðjandi atburðum, sem geta stofnað því í háska, hvenær sem er. Eftir því sem ég þekki til norrænu þjóðanna, þar með talinna Íslendinga, hafa þær mjög sterka frelsisþrá, og allar hafa þær sýnt, að þær vilja mikið til frelsisins vinna og til varðveizlu þess. Það hefur verið mjög mismunandi verð, sem þær hafa þurft fyrir

það að greiða, en hugurinn jafnan samur hjá þeim öllum.

Ég held því, að till. þessi, sem við þrír höfum flutt, hv. 1. þm. Reykv., hv. þm. Str. og ég, og hefur verið samin af skilnaðarn., tákni vel þann hug, sem þorri Íslendinga ber til Norðurlandaþjóðanna í frelsisbaráttu þeirra. Þær eiga ekki allar í stríði við hið sama, enda ráða því ekki sjálfar, hvernig sú barátta er hafin, en það er í hverju landi um sig barátta, sem verður að heyjast. Við Íslendingar, sem kosið hefðum að hafa engin afskipti af styrjöldinni, þar sem við fáum engu um úrslit ráðið, ættum að hafa nokkuð næma tilfinning fyrir þeim fórnum, sem aðrar smáþjóðir leggja fram í stríði, sem þær hafa lent í nauðugar.

Ég mun ekki ræða einstaka atburði, sem á Norðurlöndum hafa gerzt þessi ár, þótt til þess hafi gefizt nokkurt tilefni. Í raun og veru var samkomulag um þessa þáltill. í skilnaðarn., og sá flokkur, sem nú berst fyrir að breyta henni, átti kost á að starfa að samning hennar eins og aðrir, þótt það sé rétt hjá hv. 2. þm. Reykv., að hann vildi hafa á henni annað orðalag en varð. Ég tel, hvort sem brtt. á þskj. 197 verður samþ. eða ekki, að þáltill. feli það í sér, sem segja þarf. En brtt., sem úr samkomulagi geta dregið og hindrað, að þál. fái einróma fylgi, eru skaðlegar.

Frsm. (Magnús Jónsson): Ég álít, að lakar hafi tekizt en til var stofnað. Till. sem þessi eru sérstaklega vandmeðfarin mál. Allar umr. og brtt. gera ekki annað en draga úr. *(BrB:* Það eru horfur á, að úr henni verði skandali). Ég vil segja við þm., sem fram í greip, að það voru hans flokksmenn, sem hófu þann leik og hafa mest að því stuðlað, að svo geti farið, og áttu þeir þó hlut að samningu þáltill. og hefðu átt að geta sætt sig við hana eins og hún var.

Út af því, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, þá vil ég aðeins leiðrétta, að í till. stendur ekki „vegna þess", heldur „um leið". Og eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, þá er það vegna þess, að þetta mál er tilfinningamál, sérstaklega þar sem sambandsslit okkar við Dani fara fram á sama tíma. Og þó stríðið hafi nú áhrif um stund til að stía okkur sundur, þá endurnýjum við óefað vináttu okkar og menningarsamband að því loknu. Við eigum einmitt nú að lýsa yfir því, að við séum í hinni norrænu fjölskyldu og ætlum að vera það. — Það stendur ekki „vegna þess". Það er engin afsökun í till., og það á ekki heldur að vera í ræðum okkar. Við höfum ekkert að afsaka.

Ég skýt því hér til hv. 2. þm. Rang., hvort hann vilji ekki taka brtt. sína aftur. Mér virtist hún ekki fela annað í sér en upphaflega till., eða svo hjó ég eftir, er hún var lesin hér upp. Yfirleitt vildi ég mæla það til allra hv. þm., er hafa flutt hér skriflegar brtt., að það er næstum óviðkunnanlegt að koma fram með þær, eins og hv. forseti sagði. Bæði hefur þetta mál verið athugað svo gaumgæfilega af n. og svo er alveg komið að þingfrestun, svo að hætta gæti verið á, að þessar skriflegu brtt. væru ekki sem þaulhugsaðastar. A. m. k. er víst, að aðrir hv. þm. hafa lítinn tíma til að átta sig á þeim, en málið aftur á móti mjög viðkvæmt og þarf allt að vera með ráði gert.

Viðvíkjandi brtt. hv. 2. þm. Reykv., er hann átti að hafa viljað koma á framfæri í skilnaðarn., þá held ég, að ég fari með rétt mál, er ég segi, að till. hans þar hafi ráðið að mestu orðalaginu á fyrri lið þeirrar till., er hér er til umræðu. Að vísu er henni þar nokkuð vikið við, en ég held þó, að fyrri liðurinn gangi einmitt til samkomulags við till. þessa hv. þm. í skilnaðarn. Ég held því, að það komi úr hörðustu átt, er þessi hv. þm. vill breyta þessu.

Ég vil segja, að ástæðan til þess, að við þrír þm. bárum fram till., voru tvær. Önnur var sú að óska Norðurlandaþjóðunum frelsis og farsældar. Hitt var, að okkur þótti ekki með öllu gerlegt að taka tvær þjóðirnar út úr og senda þeim sérkveðju. Það fær þann blæ, að gerður sé munur á þeim. En sannleikurinn er sá, að ekkert prúðmenni kærir sig um lof, sem jafnframt er selbiti til annarra, og ég efast um, að Dönum og Norðmönnum þyki betur, að hnýtt sé í hinar Norðurlandaþjóðirnar, um leið og þeim er send kveðja.

Hv. þm. Siglf. talaði hér um, hvort ekki gæti verið um hlutleysisbrot að ræða í þessu sambandi. Þetta orð er nú varla nefnandi lengur. Ættum við e. t. v. að óttast að óska öðrum þjóðum heilla af hræðslu við stórþjóðirnar?

Hv. þm. Siglf. beindi því til okkar tillögumanna, hvort við teldum þá, að Svíar og Finnar stæðu í frelsisbaráttu. Ég álít það eindregið. Svíar standa áreiðanlega í frelsisbaráttu, þótt þeir séu ekki enn komnir í stríðið. Þeir hafa með framkomu sinni sýnt, að þeir eru tilbúnir. Þeir gætu verið komnir í stríðið, áður en þessi till. verður samþ. Ég vil ekki neita þeim um, að þeir standi í frelsisbaráttu, þótt enn hafi ekki komið til vopnaviðskipta. — Finnum vildi ég sömuleiðis um leið óska heilla og senda þeim vinarkveðjur. Hv. þm. ætti að beina þeirri spurningu til Finna sjálfra, hvort þeim fyndist þeir eiga í frelsisbaráttu. Ef við ætlum að vega og meta í lófa okkar, hvort þær þjóðir eiga í frelsisbaráttu eða ekki, sem við sendum kveðjur, þá ættum við fremur að láta það ógert. Ef þjóðir leggja fram alla krafta sína og líf í stríði, þá ætti að spyrja þær sjálfar, hvort þeim fyndist þær eiga í frelsisbaráttu eða ekki. *(BrB:* Eiga Þjóðverjar þá í frelsisbaráttu?) Ég skal ekkert segja um það, og við erum hér að tala um aðrar þjóðir. Hv. þm. ætti að spyrja Þjóðverja sjálfa, hvað þeim fyndist um það, sem hann spurði um.

Ef við nefnum ekki nema tvær þjóðirnar, þá löstum við einn, um leið og við lofum annan. Ég trúi því ekki að svo komnu máli, að Norðmenn og Finnar séu í því stríði, að Norðmenn gleðjist yfir beinum eða óbeinum ásökunum í garð Finna. Það mun koma betur í ljós eftir stríðið, með hverjum samúðin er, hún fer ekki eftir því, hvernig afstaðan þjóða í milli er nú túlkuð af einstökum stefnum. Ég skal viðurkenna, að það er ömurlegt, hvernig Norðurlöndin virðast nú tvístruð. En ég hygg, að það

haggi ekki við þjóðarsálinni, haggi ekki gagnkvæmri samúð bræðraþjóðanna á Norðurlöndum.

Ég hef áður beint því til þeirra, er borið hafa fram skriflegar till., að þeir taki þær aftur og láti atkv. ganga um þær prentuðu. Þetta vildi ég endurtaka, því að hæpið er að greiða atkv. fyrirvaralaust um brtt. við þetta viðkvæma mál, sem búið er líka að sæta ýtarlegri meðferð og undirbúningi, eins og það liggur fyrir.

Forseti (GSv): Vegna óviðráðanlegra orsaka verður fundi frestað um sinn. Verður hann boðaður aftur með tilkynningu, og eru hv. þm. beðnir að vera þar, sem hægt er að ná þeim í síma. — (Fundarhlé).

Jónas Jónsson: Ég ætla aðeins að segja fáein orð út af þeim skriflegu brtt., er fram hafa komið hér á síðustu stundu. — Ég vildi hér undirstrika það, sem raunar áður hefur verið gert af hv. aðalflm. till., að í svona máli, sem er það vandamál, er snertir alla íslenzku þjóðina og sambúð hennar við aðrar þjóðir, er óhugsandi, að bráðabirgða brtt., sem kastað er inn í þingið á síðustu stundu, geti bætt þær till., sem gerðar hafa verið af fjölmennri n., er unnið hefur að þeim um langan tíma. Ef nokkurn tíma ætti að neita um afbrigði fyrir till., væri það undir þessum kringumstæðum, af því að slíkt hugsunarleysi má ekki eiga sér stað.

Í þessu sambandi vil ég rifja það upp enn einu sinni, að ekkert hefur glatt íslenzku þjóðina meira í sambandi við meðferð sjálfstæðismálanna síðastliðna mánuði en sú sameining, sem orðið hefur hér á Alþ. um skilnaðarmálið og allt, sem því viðkemur, eftir að þjóðin öttaðist, að um það kynni að verða ósamlyndi. Það er áreiðanlegt, að virðing þjóðarinnar hefur ekki aðeins vaxið, heldur hefur Alþ., ríkisstj. og einstakir menn réttilega vaxið í áliti fyrir þátttöku sína í þessum málum, og verður það ekki metið til fulls, hversu mikilsvert það er fyrir smáþjóð, að hún standi saman í frelsismáli sínu og nái samkomulagi um það. Enda þótt það hefði ekki verið nema einn maður á móti skilnaði hér á Alþ., hefði það þýtt mikinn frádrátt við kjörborðið í vor, þegar að því kemur, að þjóðaratkvgr. fer fram. Og eitt er víst, að ekkert styrkir okkur eins út á við og sú sameining, sem hér hefur komið fram um þetta mál. Þess vegna er það mikið óhapp, að tveir þm. úr Sósfl. skyldu sjá ástæðu til þess að koma fram með brtt. um þetta mál, hvað sem þeir annars kynnu um það að hugsa, eftir að flokksbræður þeirra í skilnaðarn. ásamt hinum flokkunum voru búnir að koma sér saman um meðferð málsins þar. Það er því mikið óhapp, eins og ég hef áður sagt, að tveir þm. fara að reyna að gera till., sem hefði verið vel frambærileg á venjulegum tímum og ef um venjulegt mál væri að ræða, en eins og nú er ástatt, getur aðeins leitt til sundrungar um þetta mál og er eingöngu til leiðinda. Það er því langt frá því, að þeir, sem að þessari brtt. standa, geti nokkuð grætt á henni, heldur skaðast þeir mest á henni sjálfir, einmitt þar, sem þeir sízt vilja, hjá almenningi.

Út af síðustu brtt., sem komið hefur fram skrifleg, vil ég enn taka það fram, að æskilegt væri málsins vegna, að flm. tæku hana aftur, því að það hlýtur að vera talið óframbærilegt að ljúka þessu máli með skriflegum brtt., þar sem það er eins vel undirbúið og hægt er. Mér skildist á hv. l. þm. Reykv., frsm. skilnaðarn., að till. þessar væru í raun og veru gerðar í samráði við skilnaðarn. til þess að fá sem sterkasta einingu í þessu máli, og álít ég því, að menn ættu að tala sem stytzt. Hins vegar verða þeir menn, er standa að brtt., að skilja það, að þeir ættu ekki að bera þær fram. En ef þær koma fram, er skylda okkar að fella þær, og er ekkert annað löglegt að gera þjóðarinnar vegna.

Forseti (GSv): Eftir að þeir hv. þm., sem nú eru eftir á mælendaskrá, hafa talað, verður ræðutími hvers þm. styttur og takmarkaður við 5 mínútur. Vildi ég mælast til þess, að hv. þm. tækju tillit til tíma og verði ekki allt of margorðir.

Jakob Möller: Ég vil beina þeirri áskorun til allra þeirra, sem flutt hafa brtt. við till. til þál. á þskj. 147, að taka þær aftur, ekki aðeins skriflegar brtt., sem fram hafa komið, eða brtt. á þskj. 162, heldur einnig brtt. á þskj. 197, sem er frá nm. skilnaðarn.

Allar þessar till. eru til þess eins að spilla samvinnu, en þáltill. felur í sér það, sem mér skilst, að allir þm. meini. Till. þessi kveður einmitt á um að óska Norðurlandaþjóðunum frelsis og farsældar. Hvað felst í því að óska þjóð frelsis eða Norðmönnum og Dönum frelsis? Það er sjálfsagt það sama og að óska þeim sigurs í frelsisbaráttu þeirra, en í brtt. á þskj. 162 er lagt til, að aftan við tillgr. komi: Norðmönnum og Dönum sigurs í frelsisbaráttu þeirra. Þetta er endurtekning og það sama og að segja: Við óskum Norðurlandaþjóðunum frelsis og þá þeim, sem eiga í frelsisbaráttu, sigurs í þeirra baráttu, og Norðmönnum og Dönum sigurs. — Hvað á þetta eiginlega að þýða? Mér er óskiljanlegt, að hægt sé að segja þetta á betri hátt heldur en: „óska Norðurlandaþjóðunum frelsis og farsældar". Mér finnst allt þar með sagt. Hins vegar er brtt. á þskj. 197 frá hv. l. þm. Reykv. og hinum tveim, sem með honum eru, en í henni er lagt til, að fyrri liður tillgr. orðist þannig: „að senda hinum Norðurlandaþjóðunum bróðurkveðjur og óska þeim farsældar og sigurs í frelsisbaráttu þeirra, og". — Eiga allar Norðurlandaþjóðirnar í frelsisbaráttu? Ég veit ekki, hvort hægt er að segja, að Svíar eigi í frelsisbaráttu, og með því að orða gr. þannig finnst mér hún síður en svo til bóta.

Ég skora því á alla hv. þm. að greiða atkv. móti öllum þessum brtt., ef flm. brtt. vilja ekki taka þær aftur.

Eysteinn Jónsson: Þegar skilnaðarn. fjallaði um þetta mál, hygg ég, að allir hafi litið svo á í n., að samkomulag væri orðið um það, að n. beitti sér fyrir þeirri afgreiðslu á málinu, sem orðið er í upphaflegu till., og að nm. hafi ekki gert ráð fyrir, að tilraunir mundu verða gerðar til þess að blanda inn í till. svona meting milli Norðurlandaþjóðanna. Till. var

einmitt gerð með samkomulagi í skilnaðarn., sem allir nm. tóku þátt í, og er orðuð þannig, að allir þm. ættu að geta orðið sammála um afgreiðslu hennar. En nú hafa þau óheilindi gerzt, að tveir hv. þm. hafa flutt brtt. um málið, sem hefur komið af stað óróleika, og það var öllum ljóst, að afleiðingin yrði sú, ef slík till. kæmi fram. En það vakti einmitt fyrir skilnaðarn. að synda fram hjá því, að slíkt gæti átt sér stað.

Frsm. brtt., hv. þm. Siglf., sagði, að þeir hefðu fundið sig knúða til þess að flytja þessa brtt., til þess að Alþ. ætti þess kost að óska Norðmönnum og Dönum sigurs í frelsisbaráttu þeirra og í baráttu þeirra gegn nazistískri Evrópu, eins og hv. þm. Siglf. komst að orði síðar í framsöguræðu sinni. Nú er það augljóst mál, að í till., eins og hún liggur fyrir, er öllum Norðurlandaþjóðunum óskað frelsis, en þessar tvær þjóðir, sem teknar eru út úr á þeirri brtt., sem hér um ræðir, geta ekki fengið frelsi sitt, nema þeim verði sigurs auðið í frelsisbaráttu sinni. Það liggur því í augum uppi, að þessi till. getur ekki verið komin fram til þess út af fyrir sig, að Alþ. eigi þess kost að óska þessum þjóðum frelsis og sigurs í frelsisbaráttu þeirra, heldur er ætlazt til þess, að með þessari till. slái Alþingi Íslendinga því föstu, að það séu aðeins þessar tvær þjóðir, sem berjist fyrir frelsi sínu. Og um leið er því þá slegið föstu, að hinar Norðurlandaþjóðirnar, sem teknar eru undan, heyi ekki frelsisstríð. Þessi till. er því með öðrum orðum ekki hugsuð til þess, að við getum sent vingjarnlega kveðju til Norðmanna og Dana, heldur sem sneið til einnar Norðurlandaþjóðarinnar, Finna.

Nú álít ég það ekki aðeins óviðeigandi, heldur fyrir neðan allar hellur, ef Alþingi Íslendinga ætlar sér þannig að gera upp á milli þessara þjóða og þykist þess umkomið að lýsa í raun og veru yfir því, að sumar af þessum smáþjóðum heyi frelsisstríð og aðrar ekki. En ef Finnar heyja ekki frelsisstríð, er því slegið föstu, að Finnar eigi í árásarstríði. — Ég ætla hér ekki að fara langt út í að ræða forsögu þessara mála, og er slíkt tæplega viðeigandi í sambandi við þetta mál, enda þótt ræða hv. þm. Siglf. gæfi fullkomlega tilefni til þess. T. d. minntist hann á í ræðu sinni, að það mætti ekki minna vera en við létum í ljós sérstakan stuðning við Norðmenn og Dani, þar sem þeir berðust fyrir málstað Bandamanna, og hvað Íslendingar ættu mikið undir þeim málstað í þessari styrjöld. Það er óþarfi að rifja það upp, því að öllum er orðið ljóst, hversu afstaða hans og ýmissa annarra flokksbræðra hans hefur gerbreytzt á síðustu stríðsárum í þessum málum, og ætla ég ekki að ræða það nánar. En ég minntist á þetta aðeins af þessu tilefni í ræðu hans, og mér finnst vægast sagt óviðeigandi af hv. þm. Siglf. að draga þessi atriði inn í umr.

Hv. þm. Siglf., sem talaði fyrir brtt., var spurður um það, hvort þeir vissu til þess, að á Norðurlöndum væri háð nokkur önnur frelsisbarátta en sú, sem Danir og Norðmenn háðu. Mér skildist á honum, að hann áliti, að því væri ekki til að dreifa. Nú geta styrjaldir af hálfu þjóða aðeins verið með tvenns konar hætti, annars vegar í því skyni að verjast árás og yfirgangi annarra, hins vegar að ráðast á aðrar þjóðir. Væri þá fullkomið tilefni til að spyrja um það út af því, sem hér hefur komið fram, hvort nokkur þm. vildi halda því fram, að Finnar heyi árásarstyrjöld. *(BrB:* Hér er einn.) Þá býst ég við, að þeir séu tíu. Hvernig er sá maður, sem getur látið sér detta í hug, að Finnar heyi nokkuð annað en varnarstríð eða frelsisstríð? Finnar hafa þá sérstöðu, að að þeim hefur sótt ekki aðeins eitt stórveldi, heldur tvö, svo að aðstaða þeirra er því önnur en hinna Norðurlandaþjóðanna, og auðvitað getur engum dottið í hug að halda því fram í alvöru, að Finnar muni nokkurn tíma hafa óskað annars en þess að fá að vera utan við þessa styrjöld eins og hinar Norðurlandaþjóðirnar. Finnar hafa dregizt inn í styrjöldina fyrir rás viðburðanna og hafa verið í þeim vanda staddir, að þeir hafa orðið að búa við ágang fleiri en eins stórveldis. Mér finnst því, að við hefðum allir átt að geta verið sammála um að draga ekki inn í þessar umr. meting um þá baráttu, sem nú er háð á Norðurlöndum. En það hefur verið gert af þeim, sem hafa flutt þessa brtt., og er því óhjákvæmilegt að minnast á þetta atriði. — Annars finnst mér það mjög undarlegt, ef margir hv. þm. eru þeirrar skoðunar, að Finnar séu árásarþjóð, sem hafi ráðizt á stórveldi, og að það hafi í raun og veru verið vilji þeirra að eiga frumkvæðið að því að taka þátt í styrjöldinni. En aðstaða þeirra er vitaskuld öll önnur vegna legu landsins, og hafa þeir sjálfsagt óskað þess eindregið að geta staðið utan við styrjöldina.

Út af brtt. þeirri, sem kom frá hv. 2. þm. Rang., og þeim orðum, sem hann lét falla í sambandi við hana, vil ég segja það, að mér skilst brtt. hans vera til að draga úr því, að Alþingi Íslendinga taki beinlínis þannig til orða að óska Norðurlöndum sigurs í frelsisbaráttu þeirra, og gætir misskilnings hjá honum um það, hvernig óskin er hugsuð. Hann ber kvíðboga fyrir því, að einhver kunni að skilja hana þannig, að við óskum ekki Noregi sigurs með því að undanskilja ekki Finna. Þessi misskilningur byggist á því, að ósk okkar nær ekki lengra en að Norðurlandaþjóðirnar fái fullt frelsi sitt, og þær geta ekki fengið fullt frelsi sitt, nema þær sigri. Við óskum þeim ekki sigurs til að ganga á rétt annarra, heldur til að fá að ráða sjálfum sér. Þess vegna vil ég benda á, að það er misskilningur að óttast, að þetta geti misskilizt á nokkurn hátt, eins og kemur fram hjá hv. l. þm. Rang.

Ég hefði talið það langæskilegast, að allar brtt., sem fram hafa komið, yrðu teknar aftur og þessi leiðinlegu ágreiningsmál, sem ekki eru nema til skaða og skammar, verði látin niður falla, svo að þingheimur geti sameinazt um till. eins og hún kom upphaflega frá skilnaðarn. og þá varð samkomulag um af hálfu fulltrúa allra flokkanna. En náist ekki samkomulag um það, finnst mér rétt, að gengið verði til atkv. um till. á þskj. 197, sem er flutt af þremur þm. Og þó að ekki náist samkomulag um að taka allar brtt. aftur, ætti að gera tilraun til að fá skrifl. brtt. teknar aftur, þó að ekki væri nema

vegna þess, hve það er óviðeigandi að kasta fram skrifl. brtt. á síðustu stundu.

Brynjólfur Bjarnason: Ég er nú einn af þeim, sem flytja till. á þskj. 147, einn af þeim, sem sæti áttu í skilnaðarn. Ég taldi það viðeigandi, að slík till. væri samþ., taldi það rétt og okkur til farsældar, hafandi þýðingu í utanríkispólitík okkar, um leið og við göngum frá sjálfstæðismálum okkar, enda þótt ég verði að segja, að ég taldi till. ófullnægjandi. Þegar rætt var um þessa till. í skilnaðarn., kom fram till. um, að í þessari ályktun Alþ. fælist samúðaryfirlýsing með frelsisbaráttu Norðmanna og Dana. Þetta var fellt af öllum, sem sæti áttu í n., nema sósíalistum. Nokkru síðar báru tveir hv. þm. sósíalista, hv. þm. Siglf. og hv. 2. landsk., fram till., sem er að vísu ekki eins að orðalagi, en hefur sama tilgang og er sama efnis. Eftir að sú till. kom fram, var haldinn fundur í skilnaðarn. og þess eindregið óskað, að við, sem eigum sæti í n. fyrir hönd Sósfl., beittum áhrifum okkar til þess, að sú till. yrði tekin aftur. Við svöruðum því, að við teldum það ómögulegt. Þegar slík till. væri komin fram á Alþ., væri ekki hægt sóma okkar vegna að taka hana aftur. Ég skal játa, að við hv. 2. þm. Reykv. gerðum enga tilraun í þá átt, vegna þess að við töldum það ósæmandi, á sama hátt og þær umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál, eru ósæmandi og um leið furðulegar. Það er furðulegt, að hér á Alþ. skuli vera fjöldi þm., sem ekki vill óska Dönum og Norðmönnum sigurs í þeirri frelsisbaráttu, sem þeir heyja nú. Þetta er það, sem fram hefur komið. *(BSt:* Þetta er ósatt).

Vegna þess, að þm. eru ekki sammála um brtt., verður útkoman sú, að þeir óska Norðmönnum og Dönum ekki sigurs í frelsisbaráttu þeirra. Röksemd hefur komið fram við þessar umr. og kom þó enn skýrar fram í skilnaðarn.: Það má ekki gera upp á milli Norðurlandaþjóðanna. — Við skulum rekja, hvað í þessu felst. Það hefur stundum verið sagt, að norræn samvinna væri í því fólgin að halda skálaræður um allt nema það, sem máli skipti. Og það er hið sama, sem hér kemur fram. Það má segja allt í till. nema það, sem máli skiptir. Þegar grannþjóðir okkar, Norðmenn og Danir, standa í blóðugu frelsisstríði, einhverju því fórnfrekasta stríði, sem háð hefur verið á Norðurlöndum, þá má ekki lýsa yfir samúð með þeim í því stríði, þó að örlög okkar séu undir því komin, hvernig því lyktar. Það má alls ekki segja það í till., sem máli skiptir. Ég vil segja ykkur, hv. þm.: Ef við hefðum samþ. till. eins og hún var upphaflega og engin önnur komið fram, hefði það áreiðanlega þótt kaldranalegt á Norðurlöndum. Við skulum reyna að setja okkur í spor þeirra manna, sem heyja þetta frelsisstríð. Því hefði verið veitt athygli um allan heim. En hér hefur gerzt það, sem er enn þá meira. Hér hefur komið fram till. um að óska Norðmönnum og Dönum sigurs, sem ekki eru horfur á, að nái samþykki. Það er alþjóðlegt hneyksli. Rökstuðningur þeirra hv. þm., sem ekki vilja samþykkja slíka ósk, er sá, að með því væri verið að gera upp á milli Norðurlandaþjóðanna. „Við viljum ekki aðeins óska Norðmönnum og Dönum sigurs," segja þeir, „heldur öllum Norðurlandaþjóðunum." Því er með öðrum orðum haldið fram, að aðrar Norðurlandaþjóðir eigi í frelsisstríði, sem sé sambærilegt við frelsisstríð Norðmanna og Dana. Það er víst enginn til, sem lætur sér detta í hug, að Svíar heyi frelsisbaráttu eins og Norðmenn og Danir. Það er beinlínis móðgun við Norðmenn að leggja frelsisstríð þeirra að líku við herbúnað Svía. Um Finna er það að segja, að við getum sannarlega óskað þeim alls góðs, en þeir heyja styrjöld gegn Ráðstjórnarríkjunum og um leið Noregi, sem við óskum eindregið sigurs. Hvernig er hægt að óska tveim þjóðum báðum sigurs, þegar þær eiga í styrjöld sín á milli? Það yrði eins og segir í hinu fornkveðna: — „Hér eigast þeir einir við, að ég hirði aldrei, þótt drepist".

Sannleikurinn er sá, að þátttaka Finna í stríðinu með Þýzkalandi þýðir hvorki meira né minna en það, að hún gerir Þjóðverjum mögulegt að halda Noregi herteknum, og ef Finnar semdu frið, gætu Þjóðverjar sennilega ekki haldið áfram hernaði í Noregi. Það er því ekki undarlegt, að í því sambandi hefur komið fram sú skoðun, sem lýsir sér í því, er talsmaður norsku stjórnarinnar, dr. Arne Ording, skrifar, en orð hans eru birt í blöðunum í dag. Hann segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Af hálfu norsku stjórnarinnar hefur það hvað eftir annað verið látið í ljós, að vér Norðmenn óskum eftir góðri sambúð í framtíðinni við finnskt lýðræðisríki, en það er að sjálfsögðu ómögulegt, ef Finnland heldur áfram þátttöku í styrjöldinni með því stórveldi, sem kúgar og arðrænir norsku þjóðina. Samband Finnlands við hin önnur Norðurlönd veltur á því, að Finnland komist að samkomulagi við hinn stóra nágranna sinn í austri. Finnland á nú tækifæri, sem kemur aldrei aftur."

Ef það stríð, sem Finnar eiga nú í, er kallað frelsisstríð og menn óska þeim sigurs í því, þá þýðir það, að menn óska Noregi ósigurs. Þetta hljóta menn að sjá, ef þeir fást til að íhuga það, sem þeir eru að segja, en það er hverjum manni skylt að gera. Hér er auðvitað ekki um það að ræða að gera upp á milli vina. Hér er að ræða um tvær þjóðir, sem eru andstæðar, og sigur annarrar þýðir ósigur hinnar. Sigur Finna mundi þýða ósigur Noregs. Þó að Finnar séu okkur tengdir á annan hátt en aðrar Norðurlandaþjóðir, viljum vér Íslendingar, ég segi fyrir mig og mér er óhætt að segja fyrir minn flokk, eiga vinsamleg viðskipti við þá og óskum þeim friðar og farsældar og að þeim auðnist að semja frið við Ráðstjórnarríkin. En samkvæmt því, sem fram kom í grg. flm. fyrir till. þeirri, er hér hefur komið fram, er verið að skora á Finna að halda styrjöldinni áfram, þar sem hún er skoðuð sem frelsisbarátta. Þetta gerist á sama tíma og Finnar hafa friðarskilmála til athugunar og hinar Norðurlandaþjóðirnar hvetja þá til að ganga að þeim, auk þess sem það eru dálítið kaldranalegar móttökur við rússneska sendiherrann, sem nýkominn er hingað, að Alþingi Íslendinga óskar þess, að Ráðstjórnarríkin bíði ósigur fyrir Finnum.

Því hefur verið haldið hér fram í umr., að ef smáþjóðir heyi stríð, hljóti það að vera frelsisstríð. Ég vil þá spyrja: Eru Rúmenía, Ungverjaland og önnur leppríki Þýzkalands í frelsisstríði? Röksemdin er þessi: Þessum smáríkjum dettur ekki í hug að leggja út í stríð, nema það sé frelsisstríð, vegna þess að þau hafa ekki bolmagn til að vinna fríðindi frá sér stærri löndum. Við skulum athuga þetta. Hvernig er með leppríki Þýzkalands? Hvers vegna eru þau í stríði með Þjóðverjum, og hvers vegna reyna þau að tryggja sér sneiðar af þeim löndum, sem þau eiga í styrjöld við ásamt Þýzkalandi? Þau gera það vegna þess, að þau skoða þýzka herveldið nægilega öflugt til að vinna styrjöldina. Því er það, sem stundum er verið að segja, að Finnum hafi ekki verið sjálfrátt, er þeir fóru í styrjöldina, hrein fjarstæða. Þeim var eins sjálfrátt og Norðmönnum. Þeir gátu farið að eins og Norðmenn, og Norðmenn gátu farið að eins og Finnar og tekið höndum saman við Þýzkaland. En Norðmenn kusu heldur að fara að eins og Grikkir, Júgóslavar, Hollendingar og aðrar þær smáþjóðir, sem hafa tekið upp frelsisbaráttu móti Þjóðverjum.

Ef þessi brtt. verður samþ. eins og hún er borin fram af þessum þrem hv. þm., 1. þm. Reykv., 4. þm. Reykv. og þm. Str., þá er þáltill. orðin nokkuð mótsagnakennd og raunar hrein endileysa, sem er engin leið að samþ., auk þess sem þær umr., er hér hafa farið fram, hljóta að vekja hina mestu tortryggni gagnvart meiri hl. Alþingis Íslendinga. Ég vildi því fastlega skora á þessa þrjá hv. þm. að taka þessa till. aftur vegna sóma Alþ., áður en um hana verða greidd atkv. Ég vil jafnframt spyrja: Hvað meina þessir hv. þm. með frelsisbaráttu Norðurlanda allra? Ég vildi fá skýr og ákveðin svör við því. Meina þeir stríð Finna gegn Ráðstjórnarríkjunum og Noregi, eða meina þeir eitthvað annað? Þetta er nauðsynlegt að fá að vita, því að ekki er hægt að greiða atkv. um till. að öðrum kosti, svo óljóst sem orðalagið er. Um þetta er nauðsynlegt að fá skýra yfirlýsingu frá hv. flm. till.

Hermann Jónasson: Þær umr., sem fram hafa farið hér, eru að mörgu leyti ekki sem skemmtilegastar, og mætti segja, að þær væru ekki að öllu leyti ákjósanlegar. Það hefur verið orðað þannig af hv. síðasta ræðumanni, að afgreiðsla þessarar till. og umr. væru vel fallnar til þess að vekja tortryggni, að því er snertir afstöðu okkar til Bandamanna í styrjöldinni. Það hefði mátt svo fara, að umr. af þessu tagi hefðu verið að minnsta kosti ekki óskaðlegar og að einhverju leyti hættulegar, ef Íslendingar væru ekki sú þjóð og Alþ. sú samkoma, sem hafin eru yfir allar efasemdir í þessu máli fyrir löngu í vitund alls umheims. Við þurfum ekki að bera kinnroða fyrir utanríkispólitík okkar, og við erum ekki ein af þeim þjóðum, sem þurfa að stikla eins og á hálum ís, ekki ein af þeim, sem þurfa að snúa við smátt og smátt og breyta þeirri stefnu, sem stýrt er eftir. Við erum ein af þeim þjóðum, sem fyrst neituðu Þjóðverjum um ítök, þegar þeir óskuðu þeirra, og á tíma, er þeir voru okkar mesta viðskiptaþjóð, þegar aðrir markaðir voru okkur lokaðir og þetta gat því verið stærri fjárhagsfórn fyrir okkur en fyrir aðrar þjóðir hlutfallslega. Og við tókum Bandamönnum, þegar þeir komu hingað, að telja má með einsdæmum. Hér var ekki einu sinni skemmdur símaþráður, og hefur þetta verið fært í annála í erlendum blöðum. Og þegar verst stóð á fyrir Bandamönnum, voru gerðar einróma samþykktir um að ljá land okkar fyrir flugvelli og hafnir fyrir herflutninga. Þess vegna er það, að óhætt er fyrir okkur að tala eins og hér hefur verið gert, því að við erum hafnir yfir allar efasemdir, að því er snertir tilfinningar okkar gagnvart Norðurlöndum. Við höfum að minnsta kosti sýnt það gagnvart Norðurlandaþjóðunum hlutfallslega eins og nokkur önnur þjóð, og ég vona, að það sama verði upp á teningnum, eftir að Danir hafa tekið þá afstöðu, sem þeir að lokum hafa tekið.

Ég segi þess vegna fyrir mig, að þegar ég bar fram þessa till., þá var það til þess að reyna að koma í veg fyrir, að ágreiningur yrði um þetta mál hér á Alþ., og í þeirri von, að hin brtt. yrði dregin til baka. Ég er einn þeirra þm., sem hafa lagt mikla áherzlu á, að þessi till. yrði samþ. Ég er einn af þeim, sem hafa ekki tekið mikinn þátt í Norðurlandasamvinnu, og hef ekki hrósað þeim neitt sérstaklega, en hitt verð ég að viðurkenna, að ég hef alltaf álitið Norðurlandasamvinnu miklu þýðingarmeiri en við Íslendingar og hin Norðurlöndin hafa almennt viljað viðurkenna og að samvinna Norðurlanda eigi miklu dýpri rætur en menn, bæði hér og annars staðar, vilja stundum láta í veðri vaka. Eða hver vill efast um, að hjálp Svía til handa Norðmönnum og Finnum sé ekki meiri og bróðurlegri en á sér stað milli flestra þjóða?

Þótt ég sé einn af þeim mönnum, sem á þeim stundum, þegar málin eru heit, óska eftir, að Svíar taki upp baráttu Norðmanna, þá get ég ekki séð annað en sú barátta, sem Svíar heyja nú, sé einhver sú fremsta barátta, sem nokkur smáþjóð hefur háð í þessari veröld um margar aldir. Það eru líka allir sammála um, hvílíka dirfsku Svíar hafa sýnt með ummælum í blöðum um nágranna sína, sem búa yfir þeim eins og ránfugl. Þetta er okkar kynflokkur, sem við tilheyrum, og við eigum að vera stoltir af að tilheyra honum. Það er viðurkennt, að þetta eru einhverjar fremstu þjóðir veraldarinnar. Eitt dæmi hefur hér verið talað um, sem sannar þetta bezt af öllu, því að hvernig gæti það komið til, að Rússar eru núna að tala við Finna, nema fyrir þá virðingu, sem þessi smáþjóð hefur hjá fólksfleiri þjóðum?

Það væri leitt, ef þessi till. gæti ekki orðið samþ. einróma, eins og við gerðum okkur vonir um í skilnaðarn. En það verður að fara eins og komið er, og einmitt vegna þeirrar afstöðu, sem þessi samkoma hefur og íslenzka þjóðin, þá höfum við, sem betur fer, svo breitt bak, að við getum vel þolað það.

Ég get nú ekki séð í raun og veru, að miklu máli skipti, hvort till. verður samþ. eins og hún var upphaflega eða með þeirri breyt., sem ég ber fram ásamt tveim öðrum alþm.

Það er undarlegt, þegar talað hefur verið um frelsisbaráttu í þessum umr., að þá hefur alltaf í öðru orðinu verið talað um frelsisstríð. En frelsisbarátta er ekki það sama og frelsisstríð, því að venjulega hefur orðið „stríð" sömu merkingu og styrjöld, en barátta getur verið háð með mörgu móti. Það er enginn vafi á því, að Svíar heyja sína frelsisbarráttu með því að vígbúast meir en flestar aðrar þjóðir. Finnar heyja sína frelsisbaráttu, og hver veit, við hverja sú barátta er háð? Hver veit, nema sú barátta sé einmitt háð til þess að koma þýzka hernum út úr Finnlandi, frekar en til þess að sigra Rússa? Hver veit, nema einmitt í dag sé barátta háð um þetta? En hvað þá um Svía? Hafa þeir ekki hjálpað Norðmönnum og Finnum meira en nokkur önnur þjóð, sent þeim matvæli og fatnað og tekið af þeim börn og hjálpað þeim til þess að komast út úr þessari styrjöld? Þetta er kannske eins mikil frelsisbarátta og þeirra þjóða, er berjast með vopnum, og ef til vill gengur Svíþjóð núna gegnum erfiðasta hluta sinnar baráttu. Ég held þess vegna, í sambandi við það símskeyti, sem hér var lesið upp, og ummælin eftir norsku stjórninni, að ekki sé nokkur vafi á því, að vitanlega óskar norska stjórnin Finnum sigurs í frelsisbaráttu þeirra, ekki þannig, að þeir sigri Rússa í stríðinu, heldur að þeim takist að ná samningum, sem nú munu standa yfir, og vinna frelsi sitt. Það er ekki nokkur vafi á því, að þetta er einlægur vilji norsku stjórnarinnar. En að fara að gera upp á milli Norðurlandaþjóðanna í þessari till. og óska tveimur þeirra sigurs í frelsisbaráttu sinni skil ég þannig, að menn óski ekki eftir, að hin nái sigri í sinni frelsisbaráttu. *(EOl:* Það stendur „frelsi" í till.) Ég skal taka það fram, að í brtt. hv. þm. Siglf. stendur: „sigurs í frelsisbaráttu þeirra", en með því að óska tveimur Norðurlandanna sigurs í frelsisbaráttu sinni, en hin eru ekki nefnd, þá er ekki ástæðulaust að ætla, að þess sé óskað, að þau bíði ósigur. Ég veit, ef þetta yrði samþ., að varla væri hægt að álykta öðruvísi en svo, að tveimur þjóðunum væri óskað sigurs, en hinum ósigurs. Hvers vegna má það ekki standa í þáltill., að við óskum öllum þessum þjóðum sigurs og frelsis í baráttu þeirra?

Ég legg það svo fyrir skoðanir hv. þm., hvað af þessum brtt. verður samþ. Það er leitt, að koma skyldi til þessara umr., því að vonir stóðu til þess, að menn yrðu sammála um þetta. En ég endurtek það, sem ég sagði, að það vill svo vel til, að við þolum vel þessar umr. Við flestir þm. erum hafnir yfir allar efasemdir í þessu máli og getum því vel rætt það fyrir opnum dyrum.

ATKVGR.
Brtt. 225 felld með 37:10 atkv.
Brtt. 226 felld með 29:11 atkv.
Brtt. 162 og 197 teknar aftur.
Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 48 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, STh, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞG, ÁkJ, GSv.
SK, SÞ greiddu ekki atkv.
2 þm. (GG, ÞÞ) fjarstaddir.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 227).

12. Magnesiumframleiðsla úr sjó.

Á 7. fundi í Sþ., 19. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um rannsókn á möguleikum til magnesíumframleiðslu úr sjó (A. 8).

Á 14. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. — Ég flyt hér á þskj. 8 ásamt hv. þm. Siglf. till. til þál. um rannsókn á möguleikum til magnesíumframleiðslu úr sjó. Við fluttum þáltill. á síðasta þingi samhljóða þessari, en hún var ekki útrædd. Okkur þótti málið þess virði að flytja þáltill. nú á ný.

Ég skal ekki hafa um þetta mörg orð. Eins og segir í grg. till., þá hefur notkun magnesíums aukizt mikið á síðustu árum. Það er nú farið að búa til mörg áhöld úr þessu efni, sem áður voru búin til úr þyngri málmum. Og margir telja, að magnesíum eigi mikla framtíð fyrir sér.

Aðalframleiðsla á magnesíum fyrir stríð var í Þýzkalandi. Í Bandaríkjum Norður-Ameríku voru fyrir stríð framleiddar af þessu efni 2000 smálestir á ári, en framleiðsla þar á þessu efni hefur margfaldazt síðan, þó að mér hafi ekki tekizt að fá neinar nákvæmar upplýsingar um þá framleiðslu síðan, vegna þess að því er haldið leyndu.

Fyrir tveim árum var gerð breyt. á framleiðslu þessa efnis. Það var verksmiðja í Ameríku, sem tók upp á því að framleiða magnesíum úr sjó. Það er kunnugt, að sjórinn inniheldur svo mikið af magnesíum, að í einum teningsmetra af sjó mun vera rúmt kílógramm af magnesíum. Þarna er því langstærsta náman til að vinna úr þennan málm.

Mér er ekki fullkunnugt um kostnað við þessa framleiðslu. Hún er talin 45 cent á kg á móti fimmföldum kostnaði áður.

Hráefni þau, sem nota þarf til þessarar framleiðslu, eru, eins og sagt er í grg. till., fyrst og fremst sjór, en því næst kalk, og hefur verið notað til þessa kalk af skelfiski, sem er skyldur ostrum og er í Ameríku í lögum; og svo þarf til framleiðslunnar rafmagn. Hér er nóg af kalki, t. d. fyrir vestan og víðar. En ég skal ekki fullyrða, að sá kalksandur, sem hér er, sé eins góður og sá, sem þarf til þessara nota. En þetta þarf að rannsaka. Og talið hefur verið, að hér á landi væru óvenjulega góð skilyrði

til þess að framleiða rafmagn, svo að frá því sjónarmiði virðist svo sem þessi framleiðsla væri tilvalin hér á landi.

Nú er aðalframleiðsla okkar Íslendinga sjávarafurðir og landbúnaðarafurðir. Og afkoma okkar er algerlega háð markaði fyrir þessar vörur. Framleiðsla okkar er því einhæf. Og ef það mætti ske, að þarna gæti verið um byrjun að ræða á nýrri framleiðslu hjá okkur, þar sem væri magnesíumframleiðsla, þá mundi það verða til þess að auka fjölbreytni í framleiðslunni, og þá ætti afkoma okkar þar með að verða tryggari. Það bendir allt í þá átt, að hér mætti framleiða magnesíum og að sú framleiðsla gæti átt framtíð fyrir sér. Og ef svo er, finnst mér, að ekki ætti að hika við að verja til þess, — jafnvel þó að allálitleg fjárhæð væri, — að athuga, hvort möguleikar eru fyrir hendi til þessarar framleiðslu hér eða ekki. Mér finnst þetta mál varða svo miklu, að það skipti ekki máli, þó að þessi athugun kostaði nokkra tugi þús. kr. Mér virðist svo mikið vera í húfi.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til síðari umr. og allshn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til allshn. með 29:1 atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 8, n. 203).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Steingrímur Aðalsteinsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að fara mörgum orðum um þá till., sem hér liggur fyrir, enda ekki rétt að tefja gang þeirra mála, sem eru á dagskrá. — Allshn. er sammála um, að þetta mál sé svo mikils virði, að rétt sé að gera þær ráðstafanir, er felast í þeirri till., sem upphaflega var flutt hér, um að rannsaka möguleika á framleiðslu magnesíum úr sjó hér við land. Hins vegar hefur n. talið heppilegra að breyta orðalagi till. í það horf, sem það er á þskj. 203. Í upphaflegu till. var það þannig, að Alþ. ályktaði að fela ríkisstj. að láta rannsaka þetta, en í brtt. er því bætt inn í, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. að láta rannsóknaráð ríkisins annast þessar rannsóknir.

Ég lít svo á, að í raun og veru felist ekki í þessu efnisbreyt. því að ég geri ráð fyrir, að ríkisstj. hefði hagað framkvæmdunum á þennan hátt.

Þau verk, sem fyrir liggja, hygg ég, að séu í fyrsta lagi að afla tæknilegra upplýsinga um þá framleiðsluaðferð, sem hér er heppilegust, og í öðru lagi að athuga, hvort fyrir hendi eru hér í landinu þau jarðefni, sem þarf til þess að binda magnesíum, sem mun vera í sjónum hér við land eins og annars staðar. Það starf, sem rannsóknaráð ríkisins mun taka upp, mun einkum beinast að þessu tvennu fyrst í stað.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið almennt; það er á byrjunarstigi og kemur sjálfsagt fyrir Alþ. aftur, og kemur þá til kasta Alþ. að taka ákvörðun um það, þegar lagðar verða fyrir þær athuganir og rannsóknir, sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessari till., ef samþ. verður.

Ég vil mæla með því fyrir hönd allshn., að till. verði samþ. með því orðalagi, sem er á þskj. 203.

Sigurður Thoroddsen: Ég vil geta þess, að ég og hv. meðflm. minn að þáltill. getum að öllu leyti fellt okkur við álit hv. allshn. og þá till. n., að rannsóknaráð ríkisins verði látið athuga möguleika á þessari framleiðslu.

ATKVGR.
Brtt. 203 (ný tillgr.) samþ. með 31 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 34 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 228).

---

13. Virkjun Fljótaár (till. ÁkJ).

Á 8. fundi í Sþ., 20. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár (A. 12).

Á 13. fundi í Sþ., 8. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Flm. þessarar till. gat ekki verið viðstaddur hér á fundinum, og hefur hann því beðið mig að fylgja till. úr garði með nokkrum orðum.

Eins og segir í grg., er till. komin fram samkv. beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar vegna þess, hve virkjun Fljótaár varð miklu dýrari en gert var ráð fyrir í upphafi.

Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur tilbúin ýmis gögn varðandi þetta mál, og var gert ráð fyrir, að þau gögn lægju hér frammi, þegar málið kæmi til umr. En það hefur nú farið svo, að þau eru ekki komin enn. Málið er þó svo skýrt, að ég býst ekki við, að til langra umr. komi, og held því, að það muni koma að fullu gagni, að þessi plögg verði send beint til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar. — Ég legg því til, að till. verði vísað til hv. fjvn. að lokinni umr. og plöggin send þangað, svo að n. geti athugað þau og unnið svo úr sem henni sýnist.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 26., 27. og 28. fundi í Sþ., 6., 7. og 8. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 12, n. 127).

Frsm. meiri hl. (Þóroddur Guðmundsson): Herra forseti. — Þessi þáltill. hefur verið rædd í fjvn., sem gat að vísu ekki orðið alveg sammála um að mæla með henni. Ég veit ekki, hvort þeir hv. fjvn.-menn, sem ekki gátu orðið sammála meiri hl. n., hafa nokkrar till. að gera um breyt. En um afstöðu meiri hl. n. er aðeins því við að bæta, að það stendur svo á um þessa virkjun, að það er mjög þýðingarmikið, að hún geti komizt áfram, en mjög bagalegt, ef ábyrgðin fæst ekki og virkjunin stöðvast, því að það kynni kannske að fara svo, ef ábyrgðin ekki fengist, að ekki fengist lán til virkjunarinnar í viðbót, sem nauðsynlegt er. Siglufjarðarbær er stór bær, og nú á tímum er ekki hægt að komast af í stórum bæjum án þess að hafa rafmagn. Á Siglufirði er verksmiðjuiðnaður allmikill, og ríkið rekur þar stórt fyrirtæki, síldarverksmiðjur ríkisins, og það er ekki lítils virði fyrir þær að hafa mikið rafmagn, bæði fyrir þá aukningu, sem kann að verða gerð á verksmiðjunum, og einnig til öryggis.

Enn fremur er á það að líta, að þegar svo langt er komið virkjuninni sem nú er, að það er þegar búið að leggja í hana 5 millj. kr., þá segir það sig sjálft, að bara af þeim ástæðum einum væri það mjög illt, ef hætta þyrfti við virkjunina að svo komnu, þegar svo mikið fé liggur í þessu fyrirtæki, en það á tiltölulega svo stutt í land að klárast, svo að hægt verði að taka virkjunina í notkun. Og sjá það allir, þó að sumir kynnu að líta svo á, að Siglufjarðarkaupstaður gæti fengið þetta lán án ábyrgðar ríkisins *(PZ:* Því var lýst í fyrra, að Siglufjörður gæti það.), þá er það þannig, að ef Siglufjarðarkaupstaður tæki þetta lán þannig, þá yrði það dýrara en ef bærinn fengi ríkisábyrgð fyrir því. Ég álít enga áhættu fylgja þessari ábyrgð fyrir ríkissjóð og að ríkissjóður hafi aldrei gengið í ábyrgð fyrir nokkru láni, sem minni áhætta hafi fylgt. Þetta er aðeins mitt persónulega álit, sem ég síðast tók fram. En ef um áhættu væri að ræða í þessu efni fyrir ríkissjóð vegna þegar ákveðinnar ábyrgðar, þá mundi það auka þá áhættu, ef dýrara viðbótarlán væri nú tekið heldur en fengist með ríkisábyrgð.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, en vildi mega treysta því, að hv. þm. geti fallizt á það, sem meiri hl. fjvn. leggur til.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ef þessi þáltill. verður samþ., þá verður að sjálfsögðu veitt sú ábyrgð, sem hér er um að ræða. En ég vil láta það í ljós við þessa umr., að ég get því miður ekki litið svo á, að æskilegt sé eða áhættulaust að binda ríkissjóði þennan bagga. Þetta álit lét ég einnig í ljós við hv. fjvn. Ég tel hins vegar, að hér sé stefnt í hinn mesta vanda með því að ætla ríkissjóði að bera ábyrgð á 8 millj. kr. láni handa þorpi með 3000 íbúum, og hvað þá heldur sem engin trygging er fyrir því, að virkjunin fari ekki fram úr þeim 8 millj. kr., sem nú er talið, að hún muni kosta. En það gengur vafalaust enginn hv. þm. þess dulinn, að ríkissjóður verður héðan af — eða eftir að þessi till. verður samþ. — að ganga í ábyrgð fyrir allri virkjuninni, hversu dýr sem hún verður. Það kann að vera, að mörgum finnist, að nú verði ekki snúið við í þessu efni. En því verður þá varla neitað, að þessu máli var í byrjun hrint af stað meira af kappi en forsjá.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég gat ekki — né heldur hv. þm. S-Þ. — orðið sammála hv. meiri hl. fjvn. í þessu máli. Þetta mál var sótt hér með miklu kappi, þegar ábyrgð vegna þessarar virkjunar var samþ. á Alþ. á næstsíðasta þingi, og þá var alveg neitað samvinnu við mþn. í raforkumálum, sem Alþ. hafði skipað um þau mál.

Fyrir fjvn. lá ekkert um það, hve mikið er búið að vinna af þessu verki og hve mikið er óunnið, og ekki heldur um það, hve miklu fé er búið að eyða í virkjunina. Þetta var allt í lausu lofti. Bara var farið fram á 8 millj. kr. ábyrgð alls, þegar þessi viðbótarábyrgð er veitt, en engin trygging sett fyrir því á nokkurn hátt, að verkið kostaði ekki miklu meira. Forstjóri rafmagnseftirlits ríkisins var kallaður á fund n. Hann vissi ekki neitt um þessa hluti. Ég bjóst við því, að í svona máli mundi hæstv. ríkisstj. sjá um það, að eftirlit væri haft með því, að af viti væri unnið að þessari virkjun eða a. m. k. sæmilega forsvaranlega, til þess að verkið kostaði ekki allt of mikið. Ekki heldur er það til staðar. Þessi virkjun er framkvæmd af Højgaard og Schultz, og kunnugir menn hafa sagt, að þar væri svo miklu ábótavant um vinnuaðferðir og svo mikil vöntun á verkfærum, að fyrir það mundi verkið verða dýrara en annars mundi vera. Ég tel óforsvaranlegt af því opinbera að láta slíkt viðgangast, þegar svona mikið er í húfi.

Ég veit, að það mun vera ætlunin að láta ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði borga brúsann, þó að þessi virkjun verði dýr, og því er haldið fram, að þær þurfi að nota mikið rafmagn. En þrátt fyrir það stendur hitt óhaggað, og ég vil beina því til hv. þm., að það er að mínu áliti mjög varhugavert, eins og gert var á næstsíðasta þingi, að ákveða, að ríkið gangi í ábyrgðir fyrir lánum til stórframkvæmda, án þess að hið opinbera áskilji sér rétt til þess að hafa tryggingu fyrir því, að verkið verði haganlega unnið. — Ég get því ekki greitt atkv. með því, að þessi ábyrgð verði veitt nú.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Ég játa, að það eru margar óþekktar stærðir, sem til greina koma í sambandi við framkvæmdir og ekki er gott að spá fyrir fram um, hvernig verða muni eftir stríðið. En það var ráðizt í þetta fyrirtæki, og hæstv. fjmrh. gaf mér tilefni til þess að fara út í þetta með nokkrum orðum, því að hann sagði, að í þetta fyrirtæki hefði á sínum tíma verið ráðizt meira af kappi en forsjá.

Þarna er 3000 manna bær, sem er rafmagnslaus, því að þótt olíumótorstöðvar séu þar, þá eru þær svo gersamlega of litlar, að ómögulegt er við að una. Við vitum, hvað það þýðir fyrir Reykjavík, þegar rafmagnsskortur kemur fyrir. Og þegar vélarnar á Siglufirði verða að ganga með fullu álagi bæði dag og nótt og engin leið er til að stöðva þær

til viðgerða nema með því móti að taka rafmagnið af öllum bænum, þá geta menn gert sér í hugarlund, hve glæsilegt er við það að búa. En svona er nú ástandið í 3000 manna bænum Siglufirði, þar sem að auki eru síldarverksmiðjur ríkisins, sem þurfa nú þegar mikið rafmagn, hvað þá heldur, ef þær væru stækkaðar. Verksmiðjurnar hafa reyndar sína eigin olíumótora, sem eru orkuver þeirra. En það er reiknað með því, að þær séu þarna með um að nota rafmagn frá Skeiðsfossvirkjuninni. Eins og nú stendur, eiga þær að taka helminginn af afli því, sem fæst með þessari virkjun. Eins liggur fyrir leyfi til handa Siglufjarðarkaupstað til þess að byggja sjálfur 5 þús. mála verksmiðju í Rauðkulóðinni, og þar kemur enn aukin þörf fyrir rafmagn, og þá verður notkun bæjarbúanna sjálfra kannske ekki orðin nema ⅓ eða ¼ af öllu aflinu. — Það er rétt að gera sér grein fyrir þessu, þegar talað er um svo háa tölu sem 8 millj. kr. í sambandi við rafvirkjun handa bæ með ekki nema 3 þús. íbúum.

Og hvað sem líður svartsýni eða bjartsýni, þá býst ég við, að allir verði sammála um, að úr því, sem komið er, sé ekki um annað að ræða en halda áfram þessari virkjun. Ef þetta fer illa, þá er ekki um að ræða annað en ríkið taki þetta að sér og reki það áfram. Og raddir hafa komið fram um, að ríkið reki þetta fyrirtæki. Ég fyrir mitt leyti segi það almennt, að ég er ekkert hræddur um, að til þess komi, að virkjunin muni ekki geta staðið undir sér sjálf, þannig að Siglufjarðarbær verði ekki fær um að standa undir þessu, og ég býst því ekki við, að þetta verði nein fjárhagsbyrði fyrir ríkissjóð.

Frsm. meiri hl. (Þóroddur Guðmundsson): Herra forseti. — Ég vil undirstrika þetur, að ríkið á þarna á Siglufirði þó nokkuð mikið í húfi um það, að þessi virkjun komist upp. Og úr því að þessi virkjun er komin svona langt, þá yrði ekkert af því, að síldarverksmiðjur ríkisins keyptu varaaflvélar, þó að virkjunin stöðvaðist nú í bili. Ef aflvélar biluðu í síldarverksmiðjum ríkisins, sem gefa 10 þús. mála afköst, og ef það tæki 10 daga að útvega aðrar aflvélar, — og á stríðstímum gæti maður búizt við, að það gæti dregizt lengur að fá þær en á friðartímum, — þá mundi þetta 10 daga hlé þýða 100 þús. síldarmála minni afköst. Síldarverksmiðjurnar yrðu þó að greiða í vinnulaun og ýmsan kostnað annan um hálfa til heila millj. kr. af þessu 10 daga hléi. Og þó að menn segi, að það sé hægt að komast hjá þessu með því að kaupa varaaflvélar, þá vita menn, að engum stjórnanda verksmiðju mundi detta í hug að kaupa slíkar vélar, ef rafvirkjun væri í framkvæmd, sem innan skamms væri búizt við, að kæmi til nota fyrir verksmiðjuna.

Ég ætla ekki að rökræða við hæstv. fjmrh. Það er ekki eins og Siglufjörður sé eignalaus bær. Og allar eignir bæjarins eru þarna að veði og þar með síldarverksmiðja bæjarins, sem ekki mundi verða seld nú fyrir minna en 2 millj. kr. og engar skuldir hvíla á. *(Fjmrh.:* Hvað eru eignirnar miklar?) Ég skal láta hæstv. fjmrh. hafa efnahagsreikning bæjarins fyrir s.l. ár. — Um það, að þessu máli hafi verið hrint í framkvæmd meira af kappi en forsjá, má segja, að mönnum lízt alltaf nokkuð mismunandi á hlutina. Hæstv. ráðh. finnst kannske, að Siglfirðingar hafi sótt þetta mál af nokkuð miklu kappi. Hins vegar kann að hafa verið nokkuð mikið kapp af hans hendi í afskiptum hans viðkomandi því, hvort ætti að framkvæma það, sem þingið var búið að gefa út sem sinn vilja.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég skal ekki fara út í það, hversu miklar eignir Siglufjarðarkaupstaðar eru. Mér er vel kunnugt um það, frá því er þetta mál var til umr. á síðasta sumri. — En ég stóð upp út af því, sem hv. 1. þm. Rang. sagði um það, að stj. ætti að grípa í taumana, ef framkvæmd svona fyrirtækis gæti ekki svarað kostnaði eða væri framkvæmd á óskynsamlegan hátt. Mér er ekki kunnugt um, að ríkisstj. hafi neina heimild til þess að grípa í taumana hjá svona fyrirtæki sem þessu, þó að kostnaður við það fari fram úr áætlun. Og ríkisstj. getur það ekki, þó að kostnaðurinn fari langt fram úr því, sem nokkur telur heilbrigt. Hins vegar er það að sjálfsögðu hið opinbera eftirlit, sem á að sjá um það, að þessar rafvirkjanir fullnægi þeim skilyrðum og reglum, sem þar eru um settar.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Þegar þetta mál var hér til umr. á þinginu í fyrra, þá var ég einn af þeim mönnum, sem héldu því fram, að heppilegra væri að sjá Siglufjarðarkaupstað fyrir rafmagni á annan hátt en þann að ráðast í þessa Fljótaárvirkjun nú. Eins og hv. þm. muna, þá voru hinir í meiri hluta, sem vildu, að nú strax yrði byrjað á því að virkja Fljótaá, og þeir fengu sitt fram. Þá voru samþ. l. um ríkisábyrgð fyrir láni til framkvæmdarinnar.

Ég tel, að það hafi nú birzt okkur allveigamiklar sannanir fyrir því, að minni hl. í þessu máli á næstsíðasta þingi hafði rétt fyrir sér og að þær eigi eftir að koma margar fleiri á næstu mánuðum. Hitt þykist ég líka vita, að sá meiri hluti, sem myndaðist í þessu máli á næstsíðasta þingi, muni halda sínu striki áfram út í vitleysuna, og við því verður eigi gert. Og það er að sjálfsögðu á þeirra ábyrgð, en ekki okkar hinna, sem vildum hafa aðra aðferð við það að veita Siglufirði rafmagn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Mig langar til að fá upplýsingar og vil gera eina fyrirspurn. Hv. frsm. meiri hl. fjvn. talaði um það, að til boða stæði veð í öllum eignum Siglufjarðar til tryggingar fyrir þessu viðbótarláni. Ég held, að hv. frsm. hafi ekki lesið till. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir Siglufjarðarkaupstað tveggja milljón króna viðbótarlán til þess að ljúka við virkjun Fljótaár gegn veði í virkjuninni og rafveitu kaupstaðarins.“ — Eru þá eignir kaupstaðarins ekki annað en virkjun Fljótaár og rafveita Siglufjarðarkaupstaðar? Eða fór hv. þm. með rangt mál? Annaðhvort er. Hv. þm. Siglufjarðar lýsti á næstsíðasta þingi, að það væri fjarlægt, að bærinn þyrfti á

meira láni að halda, og að hér væri að ræða um „lítilfjörlegt vaxtaspursmál." Það voru hans óbreytt orð. Hvað hefur breytzt hjá bænum, þannig að það að fá þessa ríkisábyrgð, sem áður var aðeins lítilfjörlegt vaxtaspursmál, er nú orðið höfuðmál og nauðsynlegt til þess að koma virkjuninni áfram? Eða var okkur áður skýrt rangt frá?

ATKVGR.

Till. samþ. með 26:4 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 229).

14. Úrkomumælingar á hálendi Íslands.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um úrkomumælingar á hálendi Íslands (A. 39).

Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Thoroddsen): Herra forseti. — Ég flyt hér á þskj. 39 till. ásamt þremur öðrum þm.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál, en læt nægja að vísa til grg., sem er allýtarleg. Þó skal ég geta þess, að þessi till. lá fyrir raforkun., og var þar samþ., að hún yrði flutt hér á Alþ. Vildi ég mælast til þess við fjvn., að hún sæi sér fært að stuðla að framkvæmdum í þessu máli sem fyrst.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 26., 27. og 28. fundi í Sþ., 6., 7. og 8. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 39, n. 140).

Frsm. meiri hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að hafa nema örfá orð um þessa till. Fjvn. hefur haft hana til meðferðar, og meiri hl. n., sex nm., leggur til, að hún verði samþ. óbreytt, en hins vegar hafa þrír nm. ekki talið beina þörf á að samþ. þáltill. eða efni hennar nú þegar, þó að ég haldi, að þeir muni að öllu leyti geta fallizt á þá nauðsyn, sem þáltill. fjallar um. En meiri hl. fjvn. lítur svo á, að það sé svo mikilsvert atriði að hefja nú þegar á þessu ári þessar úrkomumælingar á hálendi Íslands — með sérstöku tilliti til hinna miklu raforkuframkvæmda, sem fyrirhugaðar eru, — að sjálfsagt sé að efna nú þegar til þeirra og vinna það, sem mundi vinnast á því, fremur en beðið væri með þær athuganir, til þess að ákveða þær í sambandi við næstu fjárl. Till. gerir ráð fyrir að heimila stj. að verja 10 þús. kr. í þessu skyni.

Ég þarf ekki að fara orðum um málið sjálft. Þær þrjár stofnanir hér á landi, sem eru kunnugastar þessum málum, rafmagnseftirlitið, rafveitan og veðurstofan, hafa gefið umsögn sína um till., og fylgir hún með á þessu þskj. Leggja þær eins og meiri hl. fjvn. eindregið til, að till. verði samþ.

Pétur Ottesen: Það er örstutt. — Eins og hv. frsm. meiri hl. tók fram, þá varð ekki samkomulag í n. um till.

Í þessari till. er farið fram á sömu upphæð og borin var fram till. um við afgreiðslu fjárl. 1944 fyrir áramótin, en till. var felld. Okkur, sem erum í minni hl. í n., fannst einkennileg aðferð að fara nú að taka upp þessa fjárveitingu utan fjárl., þar sem henni hefur verið synjað við afgreiðslu fjárl. fyrir svo skömmum tíma. Og þar sem vitað er, að fyrir framkvæmd raforkumála skiptir það engu máli, hvort þessi rannsókn er hafin í sumar eða það dregst eitt ár, þá taldi minni hl. ekki ástæðu til að mæla með framgangi þessarar till. nú og álítur eðlilegt eftir málavöxtum, að slík till. væri tekin til meðferðar við afgreiðslu fjárl. síðar á þessu ári.

Sigurður Thoroddsen: Ég skal vera stuttorður. — Ég er hissa, að fjvn. skyldi ekki geta orðið samferða um þetta litla mál. Hv. formaður fjvn. setti það aðallega fyrir sig, að till. sama efnis hefði verið felld við afgreiðslu fjárl. í vetur. Þetta er rétt, en þá var farið fram á allmiklu hærri upphæð en hér um ræðir. Það þarf ekki að deila um nauðsyn þessa máls, því að umsögn þeirra sérfræðinga, sem hér eiga hlut að máli, sýnir, að hér er um mikið nauðsynjamál að ræða. Það hefur mjög mikið að segja, að hægt sé að áætla nærri réttu lagi, hvað mikil úrkoma er á hverjum stað, og með þessari byrjun væri t. d. hægt að setja upp mælingarstöðvar á þeim svæðum, þar sem virkjun fallvatna er fyrirhuguð á næstunni. Gætu með því fengizt veigamiklar upplýsingar. Úrkomumælingar eru nú til á láglendi, og með því að gera samanburð aftur í tímann mætti gera sér grein fyrir úrkomunni og rennsli í ám.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vænti, að till. verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Ég vil gera grein fyrir atkv. mínu. — Ég mun greiða atkv. með þessari till., en ég geri það í ákveðnu trausti þess, að fjvn. taki í haust þessa fjárhæð inn í fjárl., — það er með því ákveðna skilyrði.

ATKVGR.

Till. samþ. með 26:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 230).

15. Samgöngubætur frá Reykjavík austur í Ölfus.

Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus (A. 51).

Á 19. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 20. fundi í Sþ., 22. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Það skyldi enginn ætla, að þessi till. sé borin fram sem endanleg úrlausn þess máls, sem hún fjallar um. Hún er hins vegar borin fram sem tilraun til að nálgast úrlausn á því máli, sem svo miklum ágreiningi hefur valdið og svo margar kenningar hafa verið á lofti um. Það þarf ekki að minna á, að þetta málefni, fullkomnar samgöngubætur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, hefur oft verið ofarlega á baugi og hefur verið rætt á ýmsa vegu um 30 ára skeið. Ég tel, að það byrji með járnbrautarhugmyndinni og málafylgju Jóns Þorlákssonar, en síðan eru þrír tugir ára. Og síðan hefur málið aldrei sofnað, og hefur aldrei verið horfið frá því, að eitthvað bæri að gera í þessu efni, þó að till. hafi að formi og efni tekið breytingum og stakkaskiptum og fram hafi komið svo að kalla jafnmargar till. og tillögumenn. Ætla ég, að hinir vitru menn, sem lagt hafa til málanna, séu orðnir heill tugur að tölu, og munu hafa verið fluttar till. um tíu aðferðir um það, hvernig málunum skuli háttað, og hver um sig flutt af jafnmiklum sannfæringarkrafti. Sú till., sem ferskust er í minni, er sú, sem borin var fram á síðasta hausti um að leggja steinsteyptan veg austur yfir Hellisheiði, og lægi næst, að þar fylgdi nokkur alvara og að henni yrði gefinn nokkur gaumur, enda vill svo til, að meginþorri þm. reyndist þessari till. samþykkur. Ég tek það fram fyrir mitt leyti, að ég greiddi þeirri till. atkv. mitt, ekki af því að ég væri ánægður með orðalagið, því að ég taldi málinu helzt til þröngur stakkur skorinn með því. Ég vildi hafa grundvöllinn víðtækari, og þess vegna greiddi ég atkv. með brtt. frá hv. 2. þm. N-M. Allt, sem kemur fram og bendir á ótvíræðan vilja til þess, að eitthvað sé gert í þessu nauðsynjamáli, tel ég skyldu mína að styðja, og mun ég jafnan fylla þann flokk, sem sýnir góðan vilja hér um, þó að ekki sé að öllu leyti verið sammála um aðferðir.

Það er ekki til neins að vera að rekja málið frekar. Ég hef nefnt hinar mörgu till., fyrst járnbrautarhugmyndina, þá till. Björns Kristjánssonar um meira eða minna yfirbyggðan veg, till. um að leggja veg um Þrengslin og svo hvað af öðru. Ég er ekki að mæla með eða móti neinni einni af þessum till., það er ekki mitt fag, en það er styrkur minn í þessu vandamáli, að ég er í tölu þeirra manna, sem vita, hver nauðsyn er hér á ferðinni. Ég er ekki í tölu þeirra manna, sem lítið vit hafa á málunum, en segja þó: þetta á að gera, en ekkert annað. Ég vil, að bent sé í átt til úrlausnar af einhverjum, sem vit hafa á, ef til eru í landinu, og þykir mér þá illa farið kunnáttu verkfræðinga vorra, ef enginn fyrirfinnst í þeirri stétt, sem hægt er að treysta í þessum efnum. Ýmsir hafa talið vafasamt að bera fram og samþ. till. eins og þá, sem hér um ræðir, vegna þess að þetta hafi svo lengi verið í rannsókn og sé í rannsókn. Hvað stoði svo að vera að leggja málið í n.? Við höfum milliþn., og hvernig hafi þær gefizt? Það er satt, að við höfum milliþn., og þær hafa gefizt misjafnlega, sumar hafa komið að gagni, sumar hvorugt, sumar kannske orðið að einhverju ógagni. Þetta er allt til. En það getur ekki staðið svo á, að slík milliþn. geti ekki átt rétt á sér. Það þótti t. d. sjálfsagt að skipa milliþn. í rafmagnsmálinu, — og hví þá ekki um þetta mál?

Það eru, eins og kunnugt er, samgmrh. og vegamálastjóri, sem mest hafa um þessi mál að fjalla, og vegamálastjóri hefur gert till. um þau hvað eftir annað, en um þær till. mætti ef til vill segja, að um þær hafi farið eins og um deigt járn, þegar það mætir hörðu, að þá vill það ekki bíta. Þetta er ekki áfellisdómur á neins manns gerðir, heldur er hér verið að segja söguna eins og hún hefur gengið. Ég tók það fram og legg áherzlu á það, að ég leiði hjá mér að gera upp á milli þessara till. eða skera úr um það, hver þeirra sé hentugust. Bezt held ég að væri, að sérfróðir menn í þessu efni gerðu ýtarlegar till. og skæru úr um gagnsemi þessara aðferða, þannig að vænta mætti heppilegrar niðurstöðu, sem Alþ. gæti fylkt sér um.

Það er sérstök ástæða fyrir mig að minna á það síðasta, sem um er að ræða í málinu og lýtur að þessum samgöngumálum, sem sé þá till., sem nú liggur fyrir Alþ. um fjárframlag til Krýsuvíkurvegarins. Þegar ég minntist á þetta um daginn, áður en till. fór til fjvn., lét ég hið sama í ljós og áður, er þessi mál hefur borið á góma: Mig skortir trú á, að þetta sé framtíðaröryggi til þeirrar þjóðarnauðsynjar á samgöngubótum, sem nú er fyrir hendi. Ég er ekki að endurtaka það, enda er það óþarfi. Afstaða mín er staðfest. Hins vil ég láta getið, að nú er, eins og kunnugt er, búið að veita allmikið fé til þessa vegar, að ég hygg 700 þús. kr. Það verður auðvitað svo, að hann verður að einhverju meira eða minna gagni, hvort sem hann verður til að leysa þennan hnút eða ekki. Þá er þess að gæta, að þetta mál er svo langt á veg komið og sá skaði, að þessu fé væri kastað á glæ, að ég get ekki annað en greitt þessari till. atkv. mitt sem sunnlenzkur fulltrúi. Ég vil láta þessa afstöðu mína ótvírætt í ljós. Einhverjir hafa haldið því fram, að till. sú, sem hér liggur fyrir, geti orðið til skemmdar fyrir Krýsuvíkurveginn, en ég tel það fjarstæðu eina. Samkvæmt orðalagi þessarar till. á n. að gera samanburð á þeim leiðum og úrlausnaraðferðum, er ræddar hafa verið og lúta að þessu málefni. Það hefur verið á orði haft, að frestur til að skila nál. sé of stuttur, en hann er til maí-

loka. Það má kannske segja, að hann sé fremur stuttur, en ég held, að hann sé nægilega langur til þess, að n. fróðra manna gæti gefizt tími til að kynna sér málið og gefa út nál., og miða ég þá við það, að unnið sé úr gögnum, sem fyrir hendi eru, því að vegamálaskrifstofan hefur næg gögn um málið, aðalmælingar og snjómælingar frá ýmsum árabilum. Auðvitað getur áætlun kostnaðar sveiflazt til eftir verðlagi, en annars hygg ég, að þetta væri vorkunnarlítið. Ef það er rétt, að fresturinn sé of skammur og n. þurfi langan tíma til stefnu, þá gæti maður í því sambandi eins vel nefnt nokkur ár, því að fram í framtíðina getur maður ekki spáð, en sé miðað við reynslu líðandi stundar, ætti að vera hægt að vinna úr gögnunum á þessum skamma tíma. Ég býst við, að ef sú aðferð verður höfð, sem gert er ráð fyrir í till., að kosin sé 5 manna n. af Alþ., verði þeir menn valdir, sem eiga auðvelt með að átta sig á málefninu og því, sem fyrir hendi er, eins og á er drepið í grg. Þeirra upplýsinga, er n. kynni helzt að vanta, um erlenda þróun í samgöngumálum til hliðsjónar við starf sitt, gæti hún eflaust aflað sér, og mætti benda á, að margt mætti læra af reynslu þeirra erlendu manna, sem nú um árabil hafa verið hér nærri okkur.

Ég vil segja, að ég álít, að öruggt muni verða að fela Alþ. sjálfu, hvernig þessir menn skuli skipaðir, og treysta á, að það skipi ekki aðra en þá, sem hafa þekkingu og eru góðir og gegnir til að leysa málin vel af hendi og án togstreitu. Ég get samt sem áður sagt það sem mína persónulegu skoðun, að ef till. kæmi fram um að skipa n. öðruvísi og tryggt væri, að einungis fagmenn yrðu valdir í hana, þá hefði ég ekkert við því að segja, ef það yrði ekki til að bana till.

Ég vil svo ekki fjölyrða frekar um þessa till. Ég er búinn að geta um þessa viðleitni, að láta n. beztu manna, sem Alþ. ákveður sjálft, gera till. til endanlegrar úrlausnar um þetta, og sé það tekið með alvöru af þingflokkunum, þá er það meiri bending til úrlausnar en hinar aðferðirnar, eins og till. um að fela ríkisstj. og vegamálastjóra úrlausnina, því að það hefur reynzt veikt hingað til, þó að við flestir eða margir værum með nýrri till., ef eitthvert öryggi væri í henni. Þá vitum við það jafnframt, að það eru til þingmenn, sem segja, að þetta mál leysist aldrei, fyrr en þessi eða þessi aðferð er höfð. Það eru til hreinir og beinir járnbrautarsinnar, og sumir hv. þm. segja, að það verði að gera yfir veginn á ýmsum köflum. Aðrir segja, að það, sem þurfi, sé snjóplógur eða snjóbíll. Þegar þetta vegur hvað á annað, þá er ekki von, að vel fari. En það er líka styrkur í þessu, og þetta ætti ekki að verða málinu til dráttar og óþarfi að ætla, að svo verði, ef heppnin yrði með. Ótti við, að n. geri ekki það, sem henni yrði falið að gera, það á að vera ástæðulaus ótti, því ég geri ráð fyrir, að í þeirri n., sem kosin yrði, væru menn með góða þekkingu, sem færðu sér í nyt þá reynslu, sem byggja mætti á. Ég hef ekki ástæðu til að ætla, að sundurþykki sé svo mikið eða ríkt hér, að aldrei megi ætla, að sæmilegir menn verði á eitt sáttir og komi sér saman um niðurstöður, og því síður, að þingflokkarnir geri sig seka í því að velja óhæfa menn í þessa n. Við höfum blátt áfram ekki leyfi til að hugsa þannig.

Ég vil svo, að þessu athuguðu, ekki tefja hv. Alþ. með fleiri orðum um þessa till. Hún er tilraun til þess að nálgast úrbætur, en hún á ekki að geta orðið til þess að brjóta þær byrjunarframkvæmdir, sem hafnar eru á Krýsuvíkurveginum. Hann er kominn af stað og verður gerður og kemur einhverjum að notum, hvort sem hann verður til bóta á því, sem hér er um rætt, eða ekki. Þess vegna á það að geta farið saman að samþ. þessa till. og till. um Krýsuvíkurveginn, eins og ég mun sjálfur gera.

Að svo mæltu vil ég taka það fram, að þetta er þannig lagað mál, að ekki er um annað að ræða en rannsóknaratriði og að n. fái greiddan kostnað við störf sín úr ríkissjóði. Mér finnst því óþarfi að vísa till. til þingn., úr því ekki er kostur að vísa henni til samgmn., þar sem hún hefði átt heima, en ef einhver vildi endilega, að n. tæki hana til athugunar, þá væri það helzt fjvn., sem líka fékk til meðferðar till. um Krýsuvíkurveginn. Að svo mæltu mun ég láta máli mínu lokið.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. — Þegar ég leit á þessa till. og nöfn flutningsmanna hennar, þá þóttist ég renna grun í, að það mundi vera eitthvað annað, sem fælist í henni, en það, sem mér fannst, að till. sjálf gæfi til kynna. Ég þóttist alveg öruggur um það, að margir af flutningsmönnum þessarar till. hefðu áhuga á því að bæta úr samgönguörðugleikunum á leiðinni austur yfir fjall og gera hana örugga að vetrarlagi. Ég geri ráð fyrir, að unnið verði að öðrum samgöngubótum, sem Alþ. hefur gert samþykktir um, og að þær eigi fyllilega sinn mikla rétt á sér. En eftir er sá þáttur óleystur, þótt umbætur á Hellisheiði verði gerðar, sem ákaflega miklu máli skiptir, en það er að fá samgöngur nokkurn veginn jafnöruggar austur yfir fjall og þær eru á láglendinu austan og vestan Hellisheiðar. Vitaskuld kemst maður ekki lengra í umbótum í þessu máli heldur en áð reyna að gera sambandið milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins það öruggt, að hægt sé nokkurn veginn jafnt af ferðast yfir fjallið og láglendið vestan og austan Hellisheiðar.

Mér þykir vænt um, að þessi grunur minn hefur reynzt réttur, að það muni í raun og veru hafa vakað annað fyrir þessum flutningsmönnum heldur en beinlínis þetta atriði í samgöngumálunum, og ég byggi þessa skoðun mína á nokkrum ummælum í ræðu hv. flm. Hann sagði, að hann væri því fylgjandi, að haldið væri áfram með Krýsuvíkurveginn, hann yrði byggður og þær umbætur á honum gerðar, sem nauðsynlegar eru, því eins og hann réttilega veik að, þá verður að fullgera hann til Krýsuvíkur að vestanverðu, til þess að hann komi að einhverjum notum. Það er líka mikil þörf fyrir hann þangað, því þar eru ræktunarskilyrði og stendur til að nota það gróðurlendi, sem þar er. Að austanverðu er hann fullgerður nokkuð langt út

í Ölfus, en hann kemur vitaskuld út í Selvog. Það er alveg gefið, að þetta verk á veginum verður fullgert, en þá er aðeins eftir kaflinn frá Selvogi og vestur til Krýsuvíkur. Það ætla ég, að séu nítján til tuttugu km. Vegarstæði er þar, að ég held, yfirleitt gott, sums staðar mjög gott og auðvelt að leggja veg. Það getur því ekki verið neitt vafamál hjá þeim mönnum, sem bera þetta mál fyrir brjósti og bera skyn á nauðsyn þess, að það á að fullgera þennan kafla milli Selvogs og Krýsuvíkur. Þá er búið að tengja þessa vegi saman, og ég hygg, að með því sé þá búið að tryggja möguleika á því að halda uppi samgöngum með þeim tækjum, sem við höfum, eins öruggum og verða má að vetrarlagi. Það er reynsla fengin fyrir því nú, að ef nokkur vetur er, þá er þar ákaflega snjólétt. Og nú í vetur, þegar snjóalög hafa verið nokkru meiri en verið hefur um skeið, sýnir það sig, að þessi leið er svo að kalla snjólaus. Þetta er svo mikilvægt, að það á að ráða úrslitum í þessu máli, og ég veit, að það gerir það hjá þingmönnum öllum, ekki síst hjá þeim, sem áhuga hafa fyrir að fá þetta mál levst. Þess vegna er það, að n. sú, sem gert er ráð fyrir í till. að skipa, ei óþörf um þetta atriði. Þau ákvæði, sem í till. felast, og rökstuðningurinn fyrir þeim, eiga ekki hér heima. Þess vegna ætla ég þau vera óþörf.

Ég skal vitaskuld viðurkenna, að bændum austan Hellisheiðar er áhugamál að geta haldið uppi sambandi við kaupstaðina hér vestra, því aðdrættir allir og flutningar fara fram landleiðina austur yfir fjall, og svo vegna framleiðslu sinnar, að koma henni hér í verð til neytenda. En neytendum hér vestra er enn brýnni nauðsyn á að halda uppi samgöngum, til þess að geta fengið mjólk og mjólkurafurðir frá búunum austan Hellisheiðar.

Ég vil vona, að þm. Reykjavíkurkaupstaðar, ég veit um hv. þm. Hafnf., hvaða þykkju hann hefur í þessu máli, ég vil vona, að þm. Reykv. vilji leggja á það allt kapp að koma því í kring, að þessi vegur verði fullgerður. Því það getur ekki verið þeim áhugaefni, að ef nokkur snjóalög eru, þá geti liðið svo vikur eða mánuðir, að ekki kemst nema lítið eða ekkert af mjólk eða mjólkurafurðum hingað til bæjanna. Það er fráleitt að treysta á það að fá alltaf mjólk úr Borgarfirði, þegar á þarf að halda, enda fullnægir hún hvergi nærri þörf bæjanna hér, auk þess sem samgöngur við þessi héruð geta einnig brugðizt. Það leysir því ekki málið, þegar lokuð er leiðin austur yfir fjall til Suðurlandsundirlendisins. En mjólk er sú nauðsynjavara, sem börnum og unglingum og öldruðu fólki og sömuleiðis mönnum, sem eitthvað er að, er alveg lífsnauðsyn að geta fengið í eins miklum mæli og þeir frekast þurfa með. Ég vil síður en svo fara að segja nein ávítunarorð til þessara hv. þm., en það má furðu gegna um okkur alla, ég undanskil mig ekki, hvað við höfum verið seinlátir með að leggja kapp á að fá Krýsuvíkurveginn fullgerðan, til þess að hafa hann, þegar samgöngur yfir Hellisheiði lokast. Ég vil því mega vænta þess, að hv. flm. þessarar till. vilji alvarlega greiða fyrir því, að haldið verði áfram með Krýsuvíkurveginn hindrunarlaust og gert það, sem hægt er, til þess að fullgera hann. En ef menn kynnu að koma auga á, að aðrar frekari umbætur mætti gera á samgönguleiðunum og að annað og meira þurfi að gera í framtíðinni til þess að fá samgöngurnar fullkomlega öruggar, þá skilst mér, að ekkert væri á móti nefndarskipun til þess að athuga slík mál. Það er minnzt á járnbraut og líka rafknúna járnbraut, sem til mála gæti komið. Rannsókn á þessum málum getur ekki farið fram nema á löngum tíma og við aðrar ástæður en þær, sem nú eru í heiminum, og um allt þetta þarf að afla fræðslu erlendis, en það getur orðið nokkur bið á, að hún fáist.

Geti menn búizt við og hafi trú á, að slíkar umbætur verði framtíðarleið, þá ber vitaskuld að byrja á að athuga það sem fyrst og vanda til þess máls, svo sem verða má. Ef þessari þáltill. yrði breytt í slíkt horf, þá er síður en svo, að ég vilji andmæla slíkri athugun, en hún á ekkert skylt við það að fullgera þann veg, sem lögboðinn er og alllangt kominn, sem sé Krýsuvíkurveginn.

Ég vil nú gera það að till. minni, að þar sem hér er um stórt vandamál að ræða, þá verði nú sem fyrst þessari umr. frestað og till. vísað til fjvn. til athugunar. Ég tel, að það væri hyggileg meðferð á málinu, eins og nú er ástatt um það, og með því móti væri öruggt að ná þeim tilgangi, sem hlýtur að vera aðaltilgangur flutningsmanna, en það er að fá ýtarlega athugun á því, hver verði heppilegust framtíðarleið austur yfir fjall. Það mun meðal annars verða athugað, hvort það kæmi til mála að leggja járnbraut og leysa málið á þann hátt.

Ég gef ekki um að fjölyrða frekar um málið að þessu sinni. Mér finnst, að ég hafi því síður ástæðu til þess, eftir að fyrsti flm. talaði og gerði grein fyrir, hvað vakti fyrir honum og þá væntanlega öðrum flm. málsins. Ég held, að ég láti því máli mínu lokið og gefi ekki um að fara nánar út í efni till. að öðru leyti eða grg. fyrir henni.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Hv. fyrri þm. Árn. hefur í sinni ræðu rætt ýmislegt af því, sem ég ætlaði að minnast á í sambandi við þá þáltill., sem hér liggur fyrir, en ég vil þó enn frekar bæta við nokkrum orðum um þetta mál.

Það stendur svo í grg. till., með leyfi hæstv. forseta: „Ekkert hinna stærri málefna, er varða verklegar framkvæmdir, hafa sætt jafnharkalegri vanrækslu", þ. e. a. s. eins og samgönguvandamálin við héruðin austan Hellisheiðar. Enn fremur segir í grg. þessarar till. um hinar ýmsu till., sem fram hafa komið í þessu efni, og verð ég að telja það nokkuð táknrænt.

Ég vil taka það strax fram, að mér virðist, að með þessari till. sé í raun og veru verið að stuðla að því að halda við þeirri togstreitu, sem ríkt hefur í þessu máli. Víst er um það, að hv. flm. hafa ekki haft ástæðu til að bera þessa till. fram, þar sem búið er að leggja fé fram í þessu efni. Og það verkefni, sem n. þeirri er ætlað, sem ætlazt

er til eftir till., að kosin verði, það segir til um, hvort hægt er að ljúka því á þrem mánuðum, og aðrar mótsagnir í grg. þessarar till., sem ég mun koma að síðar.

Það segir svo í þessari þáltill., að n. eigi að athuga og gera rökstuddar till. um, hverjar aðferðir skuli hafa í þessu efni, en rökstuddar till. er ekki hægt að gera, nema með mælingum og nákvæmri rannsókn.

Í grg. till. er vikið að ýmsum þeim leiðum, sem till. hafa komið um og rannsaka þarf, og skal ég lauslega telja þær upp hér. Það hefur í fyrsta lagi verið komið með till. um að endurbæta Hellisheiðarveginn, og í rauninni tvöfalt framlag í þeim efnum, hækka veginn upp og gera hann steinsteyptan. Í öðru lagi, eins og flm. minnast á í grg. till., þá eru til l. frá 1932 um að leggja veg gegnum „Þrengslin“ og að leysa málið á þann hátt. Þá er uppi till. um það að endurbæta Þingvallaleiðina með því að leggja veginn neðar. Í fjórða lagi er svo till. um að yfirbyggja alla leiðina frá Lækjarbotnum og austur á Kamba, að því er mér skilst. Í fimmta lagi, þá sá ég í einu blaði nú nýverið um þetta efni, að nefndur var sá möguleiki að bora jarðgöng í gegnum Bláfell. Í sjötta lagi er svo Krýsuvíkurleiðin. Í sjöunda lagi hefur verið rætt um járnbraut, og þá er tekið fram í grg. þessarar till. í áttunda lagi, að það eigi að vera rafknúin járnbraut. Í níunda lagi hefur verið rætt um að leysa málið, ekki með því að leggja veg, heldur með því að nota tæki ofan á snjónum, og er þar um tvær leiðir að velja, að nota vélknúinn sleða eða snjóbíl.

Þarna eru komnar tíu leiðir, sem þarf að afla rækilegra upplýsinga um, að minnsta kosti um tækin, hvaða reynsla er fengin fyrir þeim í fólksfleiri löndum. *(BÁ:* Og svo er flugleiðin). Flugleiðin er svo ellefta hugsanlega leiðin, sem minnzt hefur verið á í þessu sambandi.

Um þessar tíu, ellefu leiðir, sem allar hafa verið ræddar manna á milli í fullkominni alvöru, eiga *nú fimm menn, fjórir tilnefndir af* Alþ. og svo vegamálastjóri, sem hefur haft allar þessar till. til úrlausnar um mörg ár, að gera till. um á þrem mánuðum og skila um þær rökstuddu áliti. Ég tel ósennilegt, að nokkur maður leiki sér að þessum hlutum, en menn, sem hafa starfað að alvörumálum hér á Alþingi undanfarin ár, ættu að vita, að þetta er ekkert annað en orðaleikur. Í bezta tilfelli get ég hugsað mér, að það gæti verið búið að gera till. um eina leið eftir þrjá mánuði. Mér kæmi það að minnsta kosti ekki mjög á óvart, að það tæki ekki þrjá mánuði eða þrjú ár, heldur þrjátíu ár, ef það ætti að koma að gagni og allir að vera sammála um ódýrustu, styztu og öruggustu leiðina. Nú hygg ég, að erfitt sé, þótt fé væri fyrir hendi, að finna þá leið, sem í senn er ódýrust, styztu og öruggust. Og ég er sannfærður um það, að engin ein leið er til, sem fullnægir öllum þessum skilyrðum, eins og nú standa sakir. Hv. 1. flm. þessarar þáltill. gerði sér samt vonir um, að n. gæti gert skil öllu þessu verkefni á rúmum þremur mánuðum og skilað áliti þegar að þeim tíma liðnum, sem þá væri þannig, að allir nm. væru á eitt sáttir. Og sá, sem eftir till. flm. á að hafa forustu þessa mikilvæga verks, að rannsaka 10 eða 12 leiðir til samgöngubóta austur, sem geta kostað milljónir króna hver leið fyrir sig — og til þeirra rannsókna þarf margvíslegar athuganir, t. d. að athuga snjóalög, hvað kostar að byggja yfir veg eða járnbraut og kannske athuga flugvallastæði —, þá á sá maður, sem hafa skal forustu í þessu máli, að vera vegamálastjóri, maður, sem hefur haft þessi mál í höndum í áratugi og ekki er vitað, að hafi með höndum áætlun um eina einustu leið austur. Meira að segja er það svo um leiðirnar um Þrengslin og um Krýsuvík, að það er ekki vitað, að vegamálastjóri hafi skilað áætlun um þessar leiðir enn sem komið er, sem hann vilji standa við. Hann ætti þó að hafa mestan áhuga fyrir því, þar sem honum er af ríkisvaldinu og Alþingi falið að vera vakandi í þessu efni. Mér er kunnugt um það viðvíkjandi Krýsuvíkurleiðinni, sem hann hefur áætlað að mundi kosta 5 millj. kr. að leggja, að þá vill hann ekki standa við þá áætlun, þegar á herðir. Þegar talað hefur verið um að taka þessa vegarlagningu í ákvæðisvinnu, þá hefur hann látið svo um mælt, að þessi áætlun sé ekki svo nákvæm, að það sé rétt að láta framkvæma verkið í ákvæðisvinnu samkv. þeirri áætlun. Hann býst við, að þessi framkvæmd kosti ekki svo mikið fé, enda er vitað, að frá upphafi hefur hann reynt að torvelda það, að vegarlagningin um Krýsuvík verði framkvæmd. Og svo að ég tali frekar um forustu hans í þessu efni, þá ætti hv. 1. flm. þáltill. að vera því kunnugur, að þegar til hans var leitað af Alþ. um álit um Krýsuvíkurleiðina, þá hélt vegamálastjóri því fram skilyrðislaust eins og heilögum sannleika, að það væri óframkvæmanlegt að leggja þennan veg. Nú veit hvert mannsbarn, án þess að hafa nokkra verkfræðilega þekkingu, að það er ekkert því til fyrirstöðu að leggja veginn. Ekkert frá náttúrunnar hendi er því til fyrirstöðu að framkvæma þessa vegarlagningu, heldur eru það einstakir menn, sem toga í spottann um, að þetta verði ekki gert. Erfiðleikarnir við framkvæmdina á þessu verki eru því aðeins frá mönnum, sem reyna að torvelda hana. — Það getur verið, að vegamálastjóri segi, að það sé ekki hægt að leggja veginn þarna vegna þess, að hann sé á móti því og fleiri voldugir menn í þjóðfélaginu séu á móti því. En það er þá *náttúrufyrirbrigði út af fyrir sig, sem venjulegir menn* reikna ekki með fremur en stormsveipum og öðru slíku, sem geta eyðilagt mannvirki. En menn byggja nú mannvirki fyrir því, þó að það hafi komið fyrir, að stormsveipir og annað hafi skemmt þau eða eyðilagt, og byggja í skörðin, þar sem skemmdir hafa orðið af þeim og öðrum slíkum orsökum. Og slík náttúrufyrirbrigði hafa aldrei ráðið gangi mála og úrslitum um ákvarðanir um framkvæmd á þeim.

Ég verð því að segja það, að sú staðreynd, að vegamálastjóri hefur ekki enn lagt fram áætlun

um þetta verk, sem hann vill standa við, gefur til kynna, að ekki muni auðið að fá áætlun svo mjög bráðlega um þessa vegarlagningu og ekki á þeim tíma, sem til er tekinn í þessari þáltill. Án þess að ég tortryggi hans góða vilja, þá hefur ekki komið í ljós það mikill áhugi hans fyrir málinu, að maður geti talið frá því sjónarmiði heppilegt að hafa hans forustu í rannsókn málsins, — þar sem það er líka vitað, að hann hefur gert ýmislegt í málinu til þess að torvelda, að þessi leið verði farin, að leggja veginn um Krýsuvík, þrátt fyrir það, að menn, sem kunnugir eru, álíta, að það sé rétta leiðin. Mér er kunnugt um það af viðtölum við þá menn, sem eiga í stríði við að koma vörum yfir Hellisheiði austur, að þeir eru allir á einu máli um það, að lagning Krýsuvíkurvegarins sé sú eina lausn á þessu samgöngumáli, sem hægt sé að framkvæma á næstunni og að haldi gæti komið. Og þó að ég beri mikla virðingu fyrir sérfróðum mönnum, sem sitja á skrifstofum sínum og koma sjaldan út til þess að stríða við samgönguörðugleikana sjálfir, þá treysti ég líka góðum og gegnum mönnum, þó ekki hafi þeir svo kallaða sérþekkingu, en hafa barizt við það bæði dag og nótt að halda samgöngum uppi á leiðinni austur. Enda hefur það sýnt sig, að þeir hafa ekki síður séð úrræði í samgöngumálum okkar heldur en þeir, sem hafa haft verkfræðilega þekkingu. Það er líka þannig, að ég hygg, að það sleifarlag, sem á því hefur verið að halda í horfinu þeim leiðum, sem fyrir eru nú, eftir því sem unnt væri, og það einmitt undir stjórn vegamálastjóra, það bendir ekki til þess frekar, að hann sé sérstaklega sjálfkjörinn af Alþ. til þess að hafa forustu um lausn á þessu máli. Og til þess að menn haldi ekki, að ég fari með fleipur í þessu efni, þá skal ég segja sögu, sem kom fyrir, þegar eg fór síðast yfir heiðina.

Vegamálastjóri er búinn að kaupa einhverjar snjóýtur, ég held a. m. k. tvær, en ófullnægjandi eru þær til þess að halda opinni leiðinni austur. Nú ætlaði ég á föstudegi, og mjólkurbílarnir austur yfir Hellisheiði fóru af stað kl. 6 að morgni, og þegar upp á Heiðina kom, ætluðu bílstjórarnir að halda áfram, þótt ófærð væri. Snjóýturnar stóðu þar, en enginn maður sjáanlegur. Urðu bílstjórarnir þá að snúa við, þar sem þeir vissu líka, að bílar, sem voru að stríða við að komast austur um nóttina, urðu úti og mennirnir urðu að snúa við. Þegar mennirnir sneru aftur, var kl. orðin 10 að morgni, en þá fyrst eru mennirnir að koma, sem eiga að sjá um að halda veginum opnum með snjóýtunum. Og nú skyldi maður halda, að það hefði verið fyrsta verk þessara manna, sem stjórna áttu snjóýtunum, að gera eitthvað með þeim til að greiða fyrir bifreiðunum. Nei, þeirra fyrsta verk er að fara í síma, því að þeir mega ekkert gera nema tala fyrst við yfirmann. Bílarnir bíða nú þarna upp frá, sem austur ætla, og mjólkin situr upp á Kárastöðum, sem til bæjarins átti að fara. Eftir langa leit er svo sagt, að vegamálastjóri sé ekki í bænum. Þá er reynt að ná í mann, sem vegamálastjóri hefur að einhverju leyti falið að hafa umsjón með þessu þarna upp frá. Sá maður var þá í Reykjavík. Þá er reynt að ná í skrifstofumann hjá vegamálastjóra. Eftir nokkuð langa leit kemur það svar, að hann finnist ekki. Og þeir, sem eiga að vinna á ýtunum og nú bíða hjá símanum, segjast ekki mega vinna á þessum ýtum, nema hafa áður náð sambandi við vegamálastjóra. En vegamálastjóri finnst ekki, ekki fulltrúi hans og ekki skrifstofumaður hans. Allir þeir bílar, sem ætluðu að fara yfir heiðina þann daginn, urðu að snúa heim, bæði bílarnir úr Reykjavík og mjólkurbílarnir að austan. — Þegar ég fór að segja þeim þessa sögu, sem sjá um flutninga yfir heiðina, sögðu þeir: Þetta er ekkert nýtt; svona er stjórnin á þessu í hvert einasta skipti. — Og ég segi fyrir mig, að þeirri stjórn á opinberum framkvæmdum, sem lýsir sér á þennan hátt, þegar við er að etja þá örðugleika, sem ég nú hef lýst, á flutningunum austur, treysti ég heldur illa til þess að rannsaka, og það á stuttum tíma, hvað gera ber í samgöngumálunum milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, og gera það vel. Og búendur á Suðurlandsundirlendinu eru búnir að fá nóg af slíkri forsjá sem þeirri, er ég nú hef lýst, þó að ekki sé, eins og þó lagt er til í þessari þáltill., að sú rannsókn, sem þáltill. gerir ráð fyrir, sé ákveðin undir slíkri forustu og slíku verklagi, sem komið hefur á daginn undir þeirri forustu. Þeir geta varla vænzt svo mikillar einingar og samhugar, að undir slíkri forustu verði í þessari fyrirhuguðu n. komizt að samkomulagi á einum 3 mánuðum í þessu efni, því að það er hreint ekkert annað en orðaleikur að gera ráð fyrir slíku, það veit hver einasti maður.

Þá segir í grg. þessarar þáltill., með leyfi forseta: „Æskilegast hefði verið, að nú þegar hefði verið ákveðin fjárhæð til framkvæmda vegabótunum á næsta sumri, en slíkt er varla gerlegt, eins og á stendur. Hitt verður að hafa hugfast, að á júní-þinginu verður fé að veitast þegar í stað....“ Búizt er við því, að júní-þingið verði ekki nema nokkra daga. Og ég sé ekki, hvað er mætara að veita fé til þessara framkvæmda á þeim þinghluta heldur en nú þegar á þessum þinghluta. Þessi ummæli gefa því aðeins til kynna, að það sé a. m. k. einhver vilji fyrir því að draga á langinn að veita fé til þessara framkvæmda, sem allir vita þó, að eru bráðnauðsynlegar og að bráðnauðsynlegt er að leggja hina mestu áherzlu á, að verði gerðar sem fyrst.

Það er rætt um það í sambandi við þáltill., sem ég ásamt nokkrum hv. þm. öðrum hef flutt um framlag til Krýsuvíkurvegarins, að slík rannsókn eins og hér er um að ræða þurfi að fara fram áður. En til hvers? Hv. flm. þessarar þáltill. lýsir því yfir, að hann geti verið með þeirri þáltill. um Krýsuvíkurveginn, sem ég hef flutt með fleirum. Og það er vitað, að hv. þm., sem eru á því máli um að leysa þetta mál, geta verið með Krýsuvíkurleiðinni, hvað sem þessari þáltill. líður, sem hér liggur fyrir nú til umr. Hvers vegna? Vegna þess, að það er búið að leggja einn þriðja hluta vegar-

ins Krýsuvíkurleiðina og að hann verður allur lagður, hvenær svo sem það verður gert. Það er ekki nema að eyða tíma og fé að vera að moka snjó á heiðum, sem vegur austur liggur um, en leggja ekki veginn heldur um Krýsuvíkurleiðina, sem er oftast fær snjóa vegna. En til dæmis um það, hversu peningum er fleygt til ónýtis með því að moka heiðina og halda sig við að fara hana, hvernig sem snjóalög eru, má benda á, að í fyrsta lagi eru menn hafðir við snjóýturnar, sem þó oft standa óhreyfðar, þegar virðist að ætti að nota þær, á meðan haldið er við þessa leið. Svo eru í öðru lagi bílarnir, sem daglega eru brotnir í þessum flutningum í ófærðinni. Þá er í þriðja lagi talað um að hafa traktora uppi á heiði til þess að draga sleða. — Hve lengi ætla ráðamenn þjóðarinnar að láta fleygja þannig daglega tugþúsundum króna í verk og framkvæmdir, sem koma að engu gagni fyrir framtíðina, þegar menn jafnframt vita, að fyrir hendi er leið til samgöngubóta milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, sem verið er að framkvæma og verður framkvæmd, sem leysir þetta samgönguvandamál að langmestu leyti? Mér þykir það einkennileg ráðsmennska að láta ekki fullgera þessa vegarlagningu sem fyrst. Og ég er sannfærður um, að enginn einstaklingur, sem ætti yfir þessu að ráða og ætti við það að gæta sinna eigin hagsmuna, mundi sýna slíka ráðsmennsku.

Hv. 1. flm. þessarar þáltill. talaði um það, að þessi till. ætti ekki að verða til skemmda fyrir Krýsuvíkurvegarlagninguna, það væri hreinasta fjarstæða, að hún væri hugsuð á þann veg. Hvað sem er um það, þá er það víst, að hv. flm. þessarar þáltill. hafa ekki fengizt til að standa að og fylgja á þinginu framlagi til Krýsuvíkurvegarins. Og fyrst eftir að till. um framlag til Krýsuvíkurvegarins er komin fram nú á þ., þá koma þeir með þessa þáltill., sem hér liggur fyrir. Og ef þessi till., sem hér liggur fyrir, er skilin á bezta veg, þá er það þó a. m. k. víst, að hún vill slá á frest framlagi til Krýsuvíkurvegarins, þangað til búið er að rannsaka þetta. Og það er víst, að hún verður til þess að fleyga mjög fylgið við till. um framlagið til Krýsuvíkurvegarins, með því að fá menn til fylgis við það að slá á frest að leggja fram fé til Krýsuvíkurvegarins með því að leggja til, að nú verði kosin nefnd í málið til rannsóknar, — þó að milliþn. hafi starfað að þessu og ekkert hafi verið gert eins og sú n. hefur lagt til, — eins og hv. flm. líka segja í grg. þessarar þáltill., með leyfi hæstv. forseta: „Þannig samþykkti þingið nú fyrir fáum missirum tillögu um að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka vegarstæði austur í sveitir, þar sem valin yrði hin skemmsta og öruggasta leið til nota á öllum árstíðum. Eigi verður séð, að neitt hafi verið gert til að fylgja þeirri ályktun eftir."

Hver trygging er nú fyrir því, að þessari ályktun, sem hér liggur fyrir, ef samþ. verður, verði fremur framfylgt?

Enn fremur stendur í grg. þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir: „Nú hefur Alþingi á síðasta hausti samþykkt ályktun, er margir þingmenn fluttu, um undirbúning steinsteypuvegar austur um Hellisheiði með breyttu vegarstæði, þar sem þurfa þætti. Eru áhrif þeirrar samþykktar enn ókunn."

Hér lýsa hv. flm. tveimur samþykktum, sem gerðar hafa verið um þetta efni á Alþ. Og þeir lýsa jafnframt yfir því alveg eindregið, að ekkert hafi verið gert til þess að framfylgja þessum samþykktum. Er þá ekki tími til þess kominn fyrir hið háa Alþ. að láta framfylgja samþykktum þeim, sem það sjálft hefur gert?

Það hefur verið samþ. að leggja veg um Krýsuvík, og fé hefur verið lagt fram til þess vegar í þrjú undanfarin ár, en ekkert hefur verið unnið. Það þarf þó ekki að búast við því, að verkamenn fáist síðar til þess að vinna í þessum vegi heldur en annars staðar. Þvert á móti hygg ég, að verkamenn hér í Reykjavík og Hafnarfirði mundu fremur en annars staðar vilja vinna í vegagerð í Krýsuvíkurveginum, vegna þess öryggis, sem þeir fá með því. En það hefur verið vanrækt í þrjú undanfarin ár að láta vinna nokkurt handtak í þessum vegi.

Mér virðist nú einmitt, að sú aðferð, sem höfð hefur verið á þessu máli undanfarið, bendi til þess, að hæstv. Alþ. geti ekki látið sitja við ályktanir einar um þetta efni, heldur verði það að segja: Hér er fé fyrir hendi, og þetta skal framkvæmt. — Það er búið að ganga nógu lengi í strefi að fá lausn í þessum efnum, eins og rækilega er sýnt í greinargerð þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir, sem ég hef nokkuð lesið upp úr, þannig að það er frá mínu sjónarmiði mjög varhugavert fyrir þá, sem áhuga hafa á málinu, að tefja fyrir því með því að samþ. nú þessa þáltill., þar sem hæstv. Alþ. er þegar búið að samþ., að þetta verk skuli framkvæmt. Hvort sem einhver rannsókn fer fram um það á 3 mánuðum, 3 árum eða 30 árum, þá er Alþ. búið að samþ. að leggja veg um Krýsuvíkurleiðina. Og það er mál þeirra, sem eiga nú í mestu stríði við flutninga á þessum leiðum austur, að það sé mjög mikil bót og lausn á samgönguörðugleikunum, ef Krýsuvíkurvegurinn verður lagður. Og nú er komið mál fyrir hæstv. Alþ. að skera úr um það, að þeim töfum sé ekki haldið uppi lengur, sem hafa verið á því máli, heldur verði unnið að framkvæmd þessarar vegarlagningar og ekki sé átt á hættu, vegna þeirra torfærna og erfiðleika um flutninga, sem nú er við að etja, að fleygt verði hundruðum þús. kr. á ári í ekki neitt, eins og gert hefur verið undanfarið. — Ég hygg líka, að það sé mála sannast, að þeir, sem mest hafa átt að etja við erfiðleika í ferðalögum og flutningum á leiðinni austur undanfarið, séu nú orðnir meira og meira sammála um það, að það verði tvímælalaust, og það nú sem fyrst, að koma Krýsuvíkurleiðinni á sem samgönguleið, og það sé sú leið, sem verði að leggja veg um, hvað sem það kostar, á næstu árum. Það hafa sumir, eins og hv. flm. þessarar þáltill., verið í vafa um það, en mér er kunnugt um, að margir menn á Suðurlandi, sem hafa á undanförnum árum verið svipaðrar skoðunar um þetta efni og hv. flm. þessarar þáltill. eru nú, þeir eru nú ákveðnir í að álíta, að Krýsu-

víkurleiðin eigi að koma sem fyrst, — og hv. 1. flm. þessarar þáltill. ætti að kynna sér, hvort ég segi hér of mikið.

Það er að mínum dómi mjög svo hæpin hagfræði af ríkisins hálfu að halda áfram á sömu braut eins og gert hefur verið undanfarið, að fleygja stórfé í tilraunir til þess að leysa úr samgönguvandræðunum, eins og gert hefur verið árlega í sambandi við þann heiðarveg, sem farinn hefur verið austur, og síðan eyða miklu fé í rannsóknir og aftur rannsóknir ár eftir ár, eins og gert hefur verið undanfarið í sambandi við þetta mál. Ég hygg, að þau vinnubrögð verði áreiðanlega eins dýr, jafnvel í byrjun, eins og að leggja þegar hönd að verkinu og leysa það á þann hátt, sem allir, sem til þekkja og kunnugastir eru málinu, álíta réttast vera. Það kák, sem hefur verið viðhaft í þessu máli, verður þjóðinni margfalt dýrara, þegar stundir líða, heldur en að ganga beint til verks. Og einhvern tíma kemur að því, að menn verða við völd hér í landinu, sem láta leggja veginn um Krýsuvíkurleiðina.

Umr. frestað.

Á 21. fundi í Sþ., 23. febr., var fram haldið fyrri umr. um till.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég skal ekki hafa mörg orð um þessa till., þar eð það var tekið hér fram í gær, sem ég vildi einkum sagt hafa. Enn fremur mun málið eiga að fara til n., sem ég á sæti í.

Það eru nú um 30 ár síðan fyrst var farið að tala um endurbætur á þessum vegi, en ekkert hefur enn þá verið gert. Margar till. hafa komið fram, en lítið orðið úr framkvæmdum. Við búum enn við sama veginn og lagður var 1890. Fyrir 30 árum var vont að búa við þennan veg, en nú er það alls ófært. Það verður eitthvað að gera. Það hefur löngum verið mjög deilt um leiðina. Krýsuvíkurleiðin var í upphafi talin æskileg. Var af kunnugum fullyrt, að hún væri langbezta leiðin. 1936 kom fram álit, sem vegamálastjóri sendi samgöngumálan. Alþingis. Sú till. er ekki hliðholl þessari leið, Krýsuvík—Selvogur. Vegamálastjóri hefur alltaf haft ímugust á þessari leið af óskiljanlegum ástæðum. Þá átti að vera ófært að leggja veg þessa leið. Nú er þetta breytt. Nú er enginn vandi að leggja veginn, en nú er það snjórinn, sem á að gera þessa leið stöðugt ófæra. Kunnugir menn telja þessa leið fyrir allra hluta sakir hina beztu, m. a. af því, að hún liggur svo lágt og svo að segja á sjávarströndinni.

Nú liggur hér fyrir till. um að veita til þessara framkvæmda 2 milljónir króna, og er þess að vænta, að verkinu verði lokið á 1—2 árum, því að við, sem þurfum að ferðast þessa leið, allir, sem við hana eiga að búa, vitum, að ófært er að draga framkvæmdir lengur, svo knýjandi er þörfin. Þess vegna kom það mér mjög á óvart, þegar ég sá till. hv. 2. þm. Árn., sem miðar að því að setja fleyg inn í málið og drepa því á dreif, eins og oft áður, þegar þessar samgöngubætur hafa verið til umr. En þessi hv. þm. hefur öðru hverju átt sæti á Alþ. síðan 1919. Nú kemur hann með hóp af mönnum, sem vilja þetta mál feigt, og keppir þannig að eyðileggingu þess með öllum ráðum. Það er mjög undarlegt, að þetta skuli vera starf hans þessa dagana, þegar kjósendur hans eru að safna undirskriftum undir áskorun um, að þessi vegur komist sem allra fyrst á. Hann gerði að vísa þá játningu í gær, að hann væri í raun og veru fylgjandi Krýsuvíkurveginum. Þó vil hann reyna að eyðileggja, að málið nái fram að ganga. Það er öllum ljóst, sem lesið hafa till. þessa hv. þm., að hún er til þess eins fram komin að eyðileggja málið, og ekki annars. Mig undrar þetta alvöruleysi hv. þm., þar sem hann veit, hvernig ástandið er og hvað þörfin er brýn. Hann segir, að búið sé í 30 ár að skipa nefndir og rökræða málið, en ekkert hafi verið gert enn þá til að leysa þetta mál, og enn þá leggur hann til, að ekkert verði gert. Hann segir að vísu, að það eigi að skipa 5 manna n., og hann talaði um það í gær, að hann hefði mikla trú á sérfræðingum í þessum efnum. Og þessi n. á að skila áliti eftir þrjá mánuði um þessar 12 eða 13 leiðir. Form. n. á svo að vera vegamálastjórinn, sem hefur haft þetta mál með höndum í áratug og aldrei getað gert neitt. Hann hefur staðið á móti Krýsuvíkurleiðinni eins og hann hefur séð sér fært, hann hefur haft málið til meðferðar öll þessi ár og hefði vel getað látið hrinda því áfram, og ég hef enga trú á því, að málið leysist, þó að skipuð verði nú 5 manna n., þar sem vegamálastjóri væri form. — Ég held, að ég þurfi ekki að taka fleira fram um þetta. Ég er ekki á móti því, að þessi till. gangi til n., þar sem ég vona, að hún fái hæfilega ráðningu.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Mér kemur það kynlega fyrir, þar sem hér liggur fyrir að ræða till. til þál. um „ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Rvík austur í Ölfus", að hér skuli aðallega vera rætt um þáltill. á öðru þskj., um Krýsuvíkurveg. Þegar ég gerðist meðflm. að þessari till., var mér það ljóst, að þessi 60 km vegur milli Ölfusár og Reykjavíkur, sem nú er lagður, er orðinn það dýr, að það kostar 15 kr. að viðhalda hverjum metra, og þegar það er athugað, er það öllum ljóst, að það kemur ekki til greina að láta þennan veg tengja þessa tvo staði saman í því ástandi eða af þeirri gerð, sem hann er nú. Við flm. viljum því leita að lausn á því, á hvern hátt megi fullnægja flutningaþörfinni á þessari leið í framtíðinni, þannig að þjóðfélagið geti undir risið, en til þess þarf að athuga þær leiðir, sem til greina geta komið, og hversu veginn skuli leggja. Hitt er svo allt annað mál, að hluta úr árinu verður þessi stutta leið ekki fær, og þá þarf að hafa öryggisveg. Þess vegna er það mál út af fyrir sig, hvort sá öryggisvegur skuli vera um Krýsuvík, en þessi till. snertir ekki það mál, hún snertir aðeins það, hvernig leysa eigi spursmálið um framtíðarveg milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur, sem ekki sé of dýr í viðhaldi, en það verða allir malarvegir, sem um

fer eins mikill þungaflutningur og milli Ölfuss og Reykjavíkur. Ég vildi láta athuga þetta í fyrra af sérfræðingum, það var þá fellt, og ég vil láta athuga þetta enn.

Sumir menn hafa trú á Krýsuvíkurleiðinni og ýmsum öðrum, en mér nægir ekki að hafa trúna eina, ég vil, að eitthvað sé gert og trúin byggist á staðreyndum. Það er vitað, að ýmsar kostnaðaráætlanir eru til um þessar leiðir, en þær kostnaðaráætlanir eru gerðar sitt árið um hverja leið, svo að engin af þeim er sambærileg. Ég flyt því þessa till. af því, að ég vil láta bera saman kostnaðaráætlanir, sem gerðar séu á sama tíma, og athuga síðan niðurstöðuna, svo að menn þurfi ekki lengur að lifa í trú, heldur í vissu um það, hver leiðin sé heppilegust.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Það, sem ég vil nú bæta við ræðu mína í gær, eru einungis nokkur orð til andsvara þeim, sem síðan hafa tekið til máls um þessa till. Þá er fyrst að geta þess, að það, sem hv. 1. þm. Árn. sagði um till. og málefnið, er þannig, að ég finn enga ástæðu til að svara því, sérstaklega af því að hann talaði hófsamlega og af velvilja um málið, eins og vænta mátti af honum. Þá var það hv. þm. V-Sk., sem ræddi hér nokkuð langt mál um till. Hann vitnaði til þess, sem stendur í grg. till., þar sem talað væri um vettlingatök, málið hefði verið rætt um 30 ára skeið o. s. frv., og ef ég man rétt, taldi hann, að hér væri verið að reka fleyg í málið, og hann hefur látið það í ljós, að þessi till. væri fram borin til þess að spilla fyrir till. um 2 millj. kr. framlag til Krýsuvíkurvegar. Ég tók það nú fram í gær, að þetta væri ekki ætlunin, og þó að menn eins og hv. 1. þm. Rang. vilji brýna gáfurnar og finna einhver rök fyrir því, að ég sé þarna allur af illum vilja gerður, þá er ég hræddur um, að ekki bíti hjá honum.

Það er athugandi í þessu sambandi, að frá því fyrst var farið að ræða um nauðsyn umbóta á samgönguleiðinni milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, hefur alltaf verið talað um að miða við fullkomna aðalleið fyrst og fremst. Það hefur líka verið rætt um möguleika á því, að svo kynni að fara um aðalleiðina, að hún gæti teppzt að vetrarlagi, og till. hafa verið uppi um varaleiðir, svo sem Krýsuvíkurleið og Þingvallaleið, og þannig er vitanlega lagasetningin frá 1936 um Krýsuvíkurveginn til orðin. Mér heyrðist á ræðu hv. 1. þm. Rang. nú, að með því að fylgja fjárframlagi til Krýsuvíkurvegar væri hnúturinn leystur. En þó að ég hafi lýst því yfir hér, að ég mundi fylgja til atkv. fjárbeiðni til framhalds Krýsuvíkurvegar, af því að hann er þegar kominn af stað, og alltaf mun hann einhverjum koma að haldi, þá þýðir ekki sú yfirlýsing mín það, að ég hafi ekkert annað um það mál að segja eða framtíðarlausn þess. Það væri talandi tákn líðandi tíma, ef ekki væri hægt að benda á aðra leið en þessa varaleið, hvar sem hún lægi.

Þá vildi hv. 1. þm. Rang. halda því fram, að þessi till., sem hér liggur fyrir, sé fram komin til höfuðs Krýsuvíkurplaninu. Það þarf illvilja til að leyfa sér að segja þetta, enda vil ég afsaka þessi ummæli, og ég tók ekki eftir, að það kæmi fram í ræðu hv. þm. V-Sk., enda held ég, að hv. 1. þm. Rang. hafi sagt þetta meira af líkams- en sálarkröftum. Þá hefur mikið verið um það rætt, hvernig n. yrði skipuð, og hv. þm. V-Sk. eyddi orðum að því, að ætlunin er, að vegamálastjóri verði form. n., og hann sagði, að vegamálastjóri væri búinn að spreyta sig á þessu máli um langt árabil, og hvað væri orðið úr framkvæmdum. Það er alveg rétt, að það hefur mikið mætt á vegamálastjóra, og ég get tekið undir það, að ýmislegt það hefur tekizt verr en skyldi að halda vegunum færum að vetrinum. En um leið og þess er minnzt, að ýmis mistök hafi orðið á vegamálum landsins, verður að minnast þess, að það er annar aðili, sem þarna ræður meiru um en vegamálastjóri. Þessi aðili er Alþ. Vegamálastjóri er ekki öfundsverður af því að eiga alltaf að gera upp á milli einstakra þm., þegar um fjárveitingar til vegamála er að ræða. Það er sannarlega erfitt og vandasamt starf, sem sá maður hefur með höndum. En ég er ekkert að halda því fram, að það sé réttlátast, að n. verði skipuð á þann veg, sem till. hljóðar. Ég mundi geta fallizt á einhverja breytingu á skipun n., ef það þætti til bóta og stofnaði ekki till. í háska, en ef ég hef haft oftraust til einhverra þingflokka, þá bið ég þá afsökunar.

Hv. þm. V-Sk. tók það fram, og virtist hneykslast á því, að við tillögumenn vildum miða við leið, sem væri stutt og örugg og fullnægði skilyrðum til frambúðarþróunar o. s. frv. Mér finnst erfitt að hneykslast á þessu. Hér er auðvitað átt við það að velja sem stytzta leið, sem fullnægi um leið sem mestum öryggisskilyrðum. Þarf nokkurra skýringa á þessu? Ekkert í till. stríðir á móti því, að þetta sé þannig.

Hv. þm. talaði um það, að Krýsuvíkurleiðinni mundi meðal sjálfstæðismanna í Árnessýslu vera að aukast fylgi, og vitnaði hann til þess, að ég hefði lýst því yfir, að ég mundi fylgja til atkv. fjárframlagi til hennar. Það er alveg rétt, að ég gerði það. En ég vil spyrja þennan hv. þm., hvaða till. mundu hafa komið fram á Alþ., sem miðuðu við 2 millj. kr. framlag til að bæta eitthvað úr samgöngunum austur yfir, að menn hefðu ekki fagnað þeim. Það er ekki Krýsuvíkurleiðin út af fyrir sig, sem menn eru að fagna, ekki sjálfstæðismenn fremur en aðrir, sem fagna þessari fjárveitingu. En ef Krýsuvíkurplanið kemur einhverjum til góðs, er þá ekki að fagna því? Hvað halda menn t. d. um það, hefði samkvæmt lagasetningu frá 1932 verið lagður vegur um „Þrengslin", sem sumir höfðu góða trú á a. m. k. sem vetrarleið, hefði þá þegar verið varið stórfé í þessa vegagerð, sem þó var ekki nema 17,2 km. að lengd? Haldið þið ekki, að Árnesingar hefðu fagnað því, ef til þeirra framkvæmda hefði verið varið samsvarandi stórri fjárhæð og nú er ráðgert að leggja til Krýsuvíkurvegar? En þetta er ekki dómur um leiðina, þetta er dómur um viðleitnina. Auðvitað ber að fagna hverri viðleitni í þá átt að bæta úr samgöngu-

vandræðunum austur. Leggjum þess vegna Krýsuvíkurveginn, — hann kemur einhverjum að notum, — en við þurfum jöfnum höndum að leggja veg, sem getur verið fyrir framtíðina, sem skemmstan aðalveg. Það var hv. 2. þm. N-M., sem um þetta atriði hafði alveg réttan skilning, og býst ég við, að hans þingmannlega víðsýni komi þar mest til greina. Á síðasta sýslufundi Árnesinga var bæði hvatt til þess að flýta Krýsuvíkurveginum og einnig hvatt til þess að flýta ákvörðunum um framkvæmdir á aðalsamgönguleiðinni, sem nú er talað um. Hv. 1. þm. Rang. getur sjálfur búið að því, sem hann sagði, og melt þá fæðu, ég hélt á málefninu eins og það liggur fyrir, og þar mun þurfa annarra átaka við heldur en illkvittni. Ég hef ekkert að saka hann um, hann hefur ekki gert mér neitt til miska, en aðeins bergmálað eitthvað, sem hann hefur heyrt á lakari stöðum. Betri menn í Árnessýslu hafa fundið mér margt til foráttu, en ekki hafa þeir vænt mig um svik í þeim málum. Það er til annars nauðsynlegra hægt að fara austur yfir Þjórsárbrú en sækja slíkan varning.

Ég vænti, að málinu verði vísað til hv. fjvn. að lokinni umr., í trausti til þess, að hún líti á það með skilningi og veiti því góða afgreiðslu.

Umr. frestað.

Á 24. fundi í Sþ., 29. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Helgi Jónasson: Ég þarf ekki mörg orð að þessu sinni. Ég gerði ýtarlega grein fyrir þessu máli fyrir fáum dögum. Ég gæti endurtekið það, sem ég sagði, en það stendur óhaggað. Ég sé, að í Þjóðviljanum í dag er talað um nefndarskipun eins og þá, sem ég gat um í niðurlagi ræðu minnar, og ég veit, að óhætt muni vera að taka Þjóðviljann trúanlegan í þessu, þar sem ritstjóri hans er einn af flutningsmönnum þeirrar till., sem hér liggur fyrir. Þótt hv. 2. þm. Árn. skammaði mig og notaði ókvæðisorð, þá er það ekki mín sök. Ég lýsti honum aðeins og afstöðu hans til þessara mála fyrr og síðar með þeim vægustu orðum, sem við áttu. Nú er samvizka hans og óttinn við kjósendur vaknaður. En það þekkja allir í Árnessýslu og Rangárvallasýslu afstöðu hans í þessu fyrr og síðar.

Hv. 2. þm. Árn. hefur borið mér á brýn, að ég væri bæði fávís og ofbeldisfullur. Það er engin nýlunda, að menn grípi til þess ráðs, þegar menn eru orðnir rökþrota. Þetta voru úrræði þm., er ég hafði lýst málinu eins og það liggur fyrir. Það er alkunna, að þessi hv. þm. er mjög frægur fyrir rökfimi og skilmerkilegan málaflutning, auk þess sem orðalag hans er mjög einfalt og óbrotið, og geri ég ekki kröfu til að jafnast á við hann á því sviði. Annars ætla ég ekki að eyða fleiri orðum við þm. Hann er búinn að bíða ósigur. Krýsuvíkurvegurinn verður ofan á, og það er mér nóg.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Það er ekki ætlun mín að blanda mér inn í þær hörðu deilur, sem staðið hafa milli hv. þm. Suðurlands um framtíðarlausn samgöngumálanna hér á Suðurlandi. En það er eitt atriði, sem ég vildi fara nokkrum orðum um og flyt brtt. í því sambandi, en það er nefndarskipun til rannsókna á framtíðarskipulagi samgangnanna hér á Suðurlandsundirlendinu. Nú er það mín skoðun, að þegar um slíka nefndarskipun sem þessa er að ræða, eigi að velja í hana menn, sem hafa sérþekkingu á verkefni því, sem fyrir liggur. Þegar því mönnum er falið að gera till. um ákveðin verkleg efni, á fyrst og fremst að líta á sérþekkingu þeirra og breyta eftir því.

Í þeirri till., sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að skipaðir verði 5 menn í n. til að athuga þetta mál. En eins og ég hef áður tekið fram, álít ég, að lítið gagn yrði af slíkri nefndarskipun, ef ekki yrðu valdir í hana menn, sem sérþekkingu hafa á verkefninu. Ég hef áður talað um þetta atriði hér, og á grundvelli þessara staðreynda flyt ég hér ásamt hv. 11. landsk. till. um, að í stað þess að í upphaflegu till. er gert ráð fyrir 5 manna n., verði þetta þriggja manna n., skipuð sérfróðum mönnum. Í samræmi við þetta flytjum við brtt. um skipun n. á þann hátt, sem segir í till. okkar.

Ég þarf ekki að fara um þetta fleiri orðum, en ég held, að þessi skipan sé líklegri til að ná þeim árangri, sem n. er ætlað að ná, þar sem sérþekking er frumskilyrði til þess, að starf n. geti orðið að gagni.

Svo vænti ég þess, að þessi till. fái náð fyrir augum hv. þm. og að þeir líti réttum augum á þá þörf, sem hér er á því, að grundvallaratriðið í þessu efni, sérþekkingin, sé til staðar. Leyfi ég mér hér með að afhenda hæstv. forseta hina skriflegu brtt. mína.

Forseti (JörB): Till. þessi er of seint fram komin og auk þess skrifleg. Þarf því tvöföld afbrigði til þess, að hún verði tekin til meðferðar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 113) leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Flm. (Eiríkur Einarsson) Herra forseti. Ég skal strax taka það fram um þessa skrifl. brtt., að ég hef persónulega ekkert við hana að athuga, og hef ég sagt það við hv. 2. flm., að ég mundi geta fallizt á hana, ef ég yrði ekki var við, að hún spillti, sem ég hef ekki ástæðu til að ætla.

Ég hafði gert mér von um, að hægt væri að velja nefndarmennina hleypidómalaust. En það fór á annan veg. Blóðið reyndist heldur heitt, og hygg ég því, að þessi öryggistill. eigi rétt á sér. Þetta eru mínar undirtektir undir till.

Síðan ég ræddi síðast um þetta mál, hefur ekkert nýtt komið fram, nema að hitnað hefur í heyjum, eins og oft vill verða, ef arfi er látinn í hlöðu. Mér þykir miður, að hv. 1. þm. Rang. virðist hafa þótt við mig, og sagði hann, að ég hefði brugðið sér um heimsku. Þetta er fullkominn misskilningur. Ég sagði aðeins, að hann flytti þetta mál meira

af líkams- en sálarkröftum, því svo var sem hún ætlaði að bugast undir megingjörðum líkamans, svo var hann rammefldur.

Hitt, sem komið gæti málinu við og alvarlegra er, var, að hv. þm. hélt því fram, að bæði Rangæingar og Árnesingar væru mér andstæðir í þessu máli. Ég verð að segja, að mér þykir mikið, ef þeir hafa skipt um skoðun í þessu efni, og líklegt þætti mér, að Rangæingar og Árnesingar mundu verða með hvaða vegabótum sem væri, því að það má hv. 1. þm. Rang., sem er læknir, vita, að sjúklingur leitar þangað, sem batavon er.

Viðvíkjandi því, að ég hafi beðið ósigur í þessu máli, er því til að svara, að þegar dæmt verður um þetta mál, verða það ekki okkar persónur, sem dæmt verður um, heldur hvort farið hafi verið rétt eða rangt að. Ég veit ekki betur en að ég hafi haldið á mínu máli og fyrir það verið á fundum dæmdur sem fjandmaður vegamála Sunnlendinga. Ég er með Krýsuvíkurveginum af því að hann er kominn svo langt á leið. En það er mergurinn málsins, að samgöngumál Sunnlendinga eru ekki komin í örugga höfn, þótt þessi vegur hafi verið samþ., og má í því sambandi benda á till. um Hellisheiðarveginn. Krýsuvíkurvegurinn kemur, þótt einhver kynni að mótmæla. Þess vegna ættu þeir, sem þykjast hafa á réttu að standa, að vera rólegir. En skoðanirnar eru skiptar, og djörfung vantar til framkvæmdanna. Ýmsir álíta þessar og aðrar hliðstæðar fyrirætlanir skýjaborgir. Til dæmis var það svo, þegar Gestur bróðir minn var að berjast fyrir hafnargerðinni og Jón Þorlákssson fyrir járnbrautarmálinu. En þetta voru stórhuga menn, sem þorðu að setja skoðanir sínar fram. Nú er eins og menn þurfi að biðja um leyfi til þess að halda fram áhugamálum sínum hér á Alþ. Ég hef þó aldrei verið undir þessa reglu gefinn og mun því fylgja till. um fjárframlagið til Krýsuvíkurvegarins án þess að spyrja nokkurn leyfis.

Því hefur verið haldið fram, að ég væri fjandsamlegur samgöngumálum Sunnlendinga. Þeim, sem halda slíku fram, vil ég benda á, að nú fyrir rúmu missiri var flutt hér till. um steyptan veg yfir Hellisheiði. Flm. voru menn, sem ég veit, að eru velviljaðir því, að Krýsuvíkurvegurinn verði fullgerður. Ég var með þessari till., og vil ég spyrja, hvort það hafi spillt fyrir Krýsuvíkurveginum. Ég álít ekki, að svo hafi verið, en ég skil ekki málflutning þeirra manna, sem halda slíku fram.

Þessi till. er merkileg og gæti haft mikla þýðingu fyrir samgöngumál hér sunnanlands. Vil ég því ljúka máli mínu með þeirri ósk, að þm. taki rétta afstöðu til hennar.

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. — Ég ætla aðeins að segja fá orð, mest út af þessari brtt., sem fram er komin. Ég lét í ljós, þegar ég talaði hér, að fyrir flm. mundi vaka nokkuð annað en till. bar með sér eftir orðanna hljóðan. Það bæri að skoða þetta sem rannsókn, sem nota mætti fyrir framtíðina, en þá á till. ekkert skylt við það mál, sem hér um ræðir, sem sé Krýsuvíkurveginn. Þetta fékk ég staðfest, er hv. 1. flm. talaði. Þess vegna þætti mér rétt að breyta þessari till. nokkuð frekar, til að fela n. að athuga svo vandlega sem framast má vera t. d., hvort ekki væri hagfellt að leggja hér járnbraut, eða gera till. um sem hagfelldasta lausn samgöngumálanna að undangenginni nákvæmri rannsókn.

Ef till. væri breytt í þetta horf, eru mörg atriði í till., sem benda í aðra átt, og leyfi ég mér að benda sérstaklega á 3. tölulið. Ef n. á að gera svo margháttaðar og ýtarlegar athuganir, er útilokað, að hún hafi lokið þeim fyrir maílok. Mun láta nærri, að óhætt sé að fullyrða, að þessum rannsóknum yrði ekki lokið fyrr en að stríðinu loknu, hvað þá að hafizt verði handa um framkvæmdir, sökum þess að mjög margt þarf að sækja til útlanda af því, sem engin tök eru á að fá nú. Það er því ekki hægt að slá því á frest að greiða fyrir vetrarflutningunum. Þess vegna verður að breyta till. í þá átt, að svona löguð rannsókn verði að fara fram. Það má gera ráð fyrir, að nauðsynlegt væri, að fleiri en verkfræðingar létu til sín heyra um heppileg vegar- eða járnbrautarstæði. T. d. þyrfti að leita til þeirra, sem kunnugir eru snjóalögum, en það eru þeir, sem búa við samgönguleiðirnar. Það er fjarri mér að vilja gera lítið úr sérþekkingunni. Hún er ágæt þar, sem hún á við, en menn mega ekki einblína of mjög á hana. Gott dæmi þess er brú, sem byggð var yfir á fyrir nokkrum árum. Verkfræðingar ákváðu, hve miklu vatnsmagni skyldi gert ráð fyrir í ánni. En bændur, sem bjuggu þar nærri, töldu, að gera þyrfti ráð fyrir meira vatnsmagni, ekki sízt ef jakaburður væri. Þessu var ekki sinnt, en svo fór, að brúin fékk ekki staðizt flóðin í ánni, og tók hana af. Þar voru verkfræðingar að verki, þar skorti ekki sérþekkingu. En hvað gerist? Næsta vetur eftir að brúin var byggð, tekur áin hana, áin neitaði að taka tillit til sérþekkingarinnar. Ekki efast ég um, að verkfræðingarnir hafi reiknað rétt út; það, sem stóð á, var, hvað vatnsaflið var mikið, hvað það var máttugt. Ég vil líka benda á eitt atriði viðvíkjandi Krýsuvík, sem mun hafa verið sagt af fagþekkingu. Það var ekki vitað fyrir nokkrum árum, að þessi leið væri miklu snjóléttari en aðrar leiðir. Nú mælir enginn því í mót, sem nokkuð þekkir til um veðráttufar hér á landi, að þessi leið er snjólétt. Því var sem sé haldið fram af verkfræðingum, að á þessari leið væri mjög slæmt vegarstæði og væri því ekki hægt að leggja veginn á þessum stað. Þarna er að vísu misgott vegarstæði, erfiður kafli til þess að leggja veg yfir, en þó engan veginn óyfirstíganlegur, og nú er talað um snjóþyngsli þarna. Oft fellur þar snjór, en það munar ekki miklu á snjóþyngslum þarna og á láglendi, og við verðum að láta okkur lynda, þó að þessi braut geti orðið ófær jafnsnemma og láglendið, því lengra komumst við ekki í þeim efnum að velja snjólétt vegarstæði. Ég hef því mjög mikið við þessa brtt. að athuga, ef það er þannig, að þessari n. sé ætlað að dæma um allt það verkefni, sem þessi till. gerir ráð fyrir, og ekkert megi gera, fyrr en því er lokið.

Ég ætla svo ekki að blanda mér inn í það, sem farið hefur á milli hv. 1. þm. Rang. og samþm. míns, en af því að hann sagði, að það væri stundum svona, þegar arfi væri látinn í heyið, þá vildi hitna í, þá vil ég benda honum á, að ef hann hefði ekki komið með þennan arfa inn í heyið, þá hefði aldrei hitnað í því. Nú skal ég reyndar segja það, að hann hefur látið það í ljós, að það beri ekki að skilja till. svo, sem hún eigi að vera neitt til hindrunar því, að vetrarvegur verði lagður eins fljótt og örugglega og við höfum frekast ástæður til. Ég mun nú greiða atkv. með þessari till. til n., þó að ég sé óánægður með efni hennar, og geri ég það í því trausti, að hv. fjvn. gerbreyti efni till. Ég mun ekki setja mig á móti því, að þessari umr. verði lokið og málinu síðan vísað til n., ef það er talið betur við eiga.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Mér þykir rétt, út af þeim ummælum, sem hér hafa fallið um það, að þessi till. væri borin fram til þess að tefja fyrir því, að haldið yrði áfram framkvæmdum við Krýsuvíkurveginn, að gera nokkra grein fyrir afstöðu minni sem meðflm. til málsins. Í fyrsta lagi hef ég tekið það fram, að ég muni greiða till. um fjárframlög til Krýsuvíkurvegar atkv. Rökin fyrir því, að ég álít, að það eigi að fullgera þá leið, eru þessi: Þegar Krýsuvík er komin í vegarsamband, þá er hægt að hagnýta þau miklu atvinnuskilyrði, sem þar eru fyrir hendi. Sérstaklega er þar góð aðstaða til ýmiss konar framkvæmda vegna jarðhita, sem þar er, og Hafnfirðingar hafa í hyggju að hagnýta þetta góða land; af þeim ástæðum meðal annars er nauðsynlegt að vegurinn komist þangað suður, en þar með er ekki komið á leiðarenda. Einnig er þarna um að ræða góð landbúnaðarskilyrði og útræðisskilyrði, en þessi miklu og góðu atvinnuskilyrði eru nú ekki notuð vegna samgönguleysis. Þetta eru höfuðrökin, sem mæla með því að fullgera þennan veg. Auk þess má fullyrða, að þetta verði þrautavaraleiðin fyrir Suðurlandsundirlendið, þegar snjóalög eru sem allra mest. Þar sem þessi leið er 40 km. lengri en Hellisheiðarleiðin, verður hún auðvitað ekki notuð nema sem þrautavaraleið, þegar allt þrýtur annars staðar vegna snjóalaga. Þess vegna þarf að skera úr því, hversu bezt verði háttað samgöngubótum til Suðurlandsundirlendisins yfir Hellisheiði. Það er meginverkefni þeirrar n., sem ég tel réttlátt, að skipuð verði. Hún á að skera úr því, hvernig byggður verði fullkominn vegur yfir Hellisheiði, hvort þar á að leggja járnbraut eða fullkominn bílveg, því að þarna verður að liggja vegur svo vel úr garði gerður, að hann heyri til mikilla undantekninga.

Ég get fallizt á það með hv. 1. þm. Árn., að orðalag þessarar till. þurfi endurskoðunar, þannig að skýrt komi fram, hvað fyrir flm. vakir, en það er það, sem ég hef nú gert grein fyrir í þessum fáu orðum. Einnig getur n. tekið til athugunar, hvernig n. eigi að vera skipuð, og hygg ég, að það væri rétt að taka þar nokkurt tillit til sérþekkingar. Hins vegar hygg ég það of langt gengið hjá hv. þm. N-Ísf. að ætla sérfræðingum einum að fjalla um málið. Allt þetta fær væntanleg n. til athugunar, og er vonandi, að n. komist að skynsamlegri niðurstöðu.

Flm. (Eiríkur Einarsson): Ég get alltaf gert ráð fyrir því, að þessi till. fari til fjvn., hvort sem umr. yrði lokið áður en till. yrði vísað til n. eða frestað. Ég læt það liggja milli hluta, en ég vona, að hæstv. forseti skapi till. möguleika til þess að fá úrslit; það er aðalatriðið frá mínu sjónarmiði.

Hv. 1. þm. Árn. taldi mikla nauðsyn á því að breyta orðalagi 3. liðs í till., og þetta getur verið álitamál. Enn fremur spannst nokkurt mál út af brtt., sem hér liggur fyrir um það, að í n. skuli eingöngu vera sérfróðir menn. Það er alveg rétt, sem kom fram í ræðu hv. 1. þm. Árn., að það þarf fleira en sérþekkingu til þess að athuga þessa hluti, en ef það eru samvizkusamir og víðsýnir sérfræðingar, sem fjalla um þetta málefni, þá sé ég ekki betur en því sé nokkuð vel borgið í þeirra höndum, og auðvitað ber þeim skylda til að leita til allra þeirra manna, sem geta gefið mestar og beztar upplýsingar um snjóalög og annað, er viðvíkur þessum hlutum, og þar um eru kunnugastir. En ég vil virða ábendingar hv. 1. þm. Árn., og vel má vera, að þessi till. þurfi nokkra athugun í n., þó hann gerði nú nokkuð mikið úr því, hvað hún þyrfti mikillar lagfæringar, en þetta var frekar meinleysislega mælt hjá honum og af drenglyndi, og ég veit, hvernig á að taka því. Hins vegar hef ég ekki það sama að segja um þá, sem sendir eru austan yfir ár; þeir hafa stundum verið misjafnlega góðviljaðir. Við munum t. d. eftir Skammkatli í fyrndinni, þegar hann var sendur vestur yfir ár. Ekki var honum að treysta.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég get ekki látið hjá líða að lýsa ánægju minni yfir þeim miklu framförum, sem orðið hafa á hugarfari ýmissa manna gagnvart þessu máli frá því í fyrra. Í fyrra var borin fram till. af 15 þm. um að athuga möguleika á steinsteyptum vegi yfir Hellisheiði. Fjórir af þeim mönnum, sem við nafnakall um till. í fyrra töldu þetta ekki ná neinni átt, þeir eru nú flm. að þessari till. Tveir, sem ekki voru viðstaddir atkvgr., eru nú flm. að till. Þetta eru framfarir. Ég gleðst einnig yfir því, að fyrir fáum dögum var hv. 2. þm. Árn. óákveðinn í því, hvort Krýsuvíkurleiðin væri rétt og kvaðst helzt vera á móti henni, af því að hv. 2. þm. Rang. væri ekki flm. að þeirri till., en hv. 2. þm. Rang. lýsti því yfir, að af því, að hann hafði ekki fengið að vera meðflm. að þeirri till., Krýsuvíkurleiðinni, væri vafasamt, að hann gæti fylgt henni, og víst að þess vegna mundi að minnsta kosti hv. 2. þm. Árn. verða á móti málinu. En þegar hv. 2. þm. Árn. talaði áður, kvaðst hann vera óráðinn í því, hvort hann yrði með þeirri till., en nú er hann orðinn ráðinn í því að fylgja henni. Þetta er líka framför.

Það er ekkert undarlegt, þó að þessi till. komi fram, þegar það er vitað, að þessi 60 km. vegur kostaði í viðhaldi 1942 620 þús. kr. og 800 þús. 1943, sem ekki er að undra, þegar flutt eru um veginn 70—80 tonn á dag að meðaltali. Það þola engir malarvegir. Það þarf þess vegna að rannsaka, hvað hægt er að gera í þessum málum, til þess, að þjóðfélagið geti risið undir því að halda veginum við. Það var barnaskapur í fyrra, og enn meiri nú, ef þingið hefur ekki þrek til þess að setja n. í að rannsaka, hvernig á að leggja þennan veg, svo að hann sé til frambúðar.

Gísli Jónsson: Ég vil ekki láta ljúka þessum umr. svo að mótmæla ekki þeim þungu ásökunum, sem komið hafa fram í garð vegamálastjóra frá hv. þm. V-Sk. Ég tel ósæmilegt af þingmönnum að ráðast þannig á vegamálastjóra fjarverandi. Þessi háttur var upp tekinn af hv. þm. Ísaf. á síðasta þingi, þar sem hann bar vegamálastjóra ósönnum og órökstuddum sökum. Hér er svo haldið áfram á sömu braut af hv. þm. V-Sk., af því að hann hefur ekki getað fengið vegamálastjóra til að fallast á sínar till. um Krýsuvíkurveg. Það má ekki ráða ummælum þm. hér á Alþingi um beztu embættismenn vora, hvort þeir geta fallizt á mismunandi skynsamlegar till. hv. þm. Öðrum eins slúðursögum og hv. þm. V-Sk. bar hér fram um vegamálastjóra leyfi ég mér því að mótmæla sem ósönnum og óviðeigandi að bera fram hér á hv. Alþ.

Úr því ég stóð upp, vil ég leyfa mér að benda á það, að hér er blandað saman tveim óskyldum málum, þessu máli, samgöngum yfir Hellisheiði, og Krýsuvíkurleið. Hv. 1. þm. Rang. sýndi, að það er allt annað, sem vakir fyrir honum og þeim, sem halda því fram, að þessi till. sé fram borin til þess að drepa málinu á dreif, heldur en umhyggja fyrir málinu. Það vakir fyrir honum að koma fram öðrum málum, sem ekki eiga eins mikinn hug hjá hv. þm. og hann vildi vera láta. Hann lýsti því yfir, að nú væri honum sama, því að nú væri búið að tryggja framlagið til Krýsuvíkur. Hér talar maður úr fjvn. og veit, hvað hann er að segja. Málsmeðferð þessa máls talar sínu máli. Hv. 1. þm. Árn. lýsir því yfir í sinni fyrstu ræðu, að ef Krýsuvíkurleiðin yrði samþ., þá væri þessi n. óþörf, en eftir að hv. 1. þm. Rang. var búinn að lýsa því yfir, að tryggt sé framlag til Krýsuvíkur, þá snýst hv. 1. þm. Árn. á móti sínum eigin ummælum. Ég var á síðasta þingi samþykkur þeirri breyt., sem fram kom frá hv. 2. þm. N-M. um að það skyldi rannsakað í n., hversu háttað skyldi þessum samgöngubótum, en austanþingmenn stóðu á móti þeirri till. Þeir eru þó fyrstir manna til þess að heimta rannsókn í þessum málum nú, þegar þeir eru búnir að hafa út úr Alþ. nægilega margar milljónir til þess að leggja Krýsuvíkurveginn.

Ég tók eftir því, að hv. 1. þm. Árn. vildi ekki hafa neina sérþekkingu og helzt enga sérfræðinga í sambandi við þetta mál og kom með dæmi þar um, og hv. þm. V-Sk. vildi ekki láta fara fram neina rannsókn. Þetta sýnir, hvernig þessir hv. þm. hugsa um landsins fé. Annar vill sneiða hjá sérþekkingunni, en hinn vill sneiða hjá rannsókn í þessum efnum. Það, sem hér liggur á bak við hjá þessum hv. þm., er að reyna með ofstopa að knýja fram ímyndaða hagsmuni ákveðinna kjósenda, en þannig verða ekki framtíðarmál þjóðarinnar leyst, — það þarf annað til að leysa þau.

Sveinbjörn Högnason: Ég sé ekki ástæðu til að svara hv. þm. Barð. Ég held, að hann hafi notað réttu orðin yfir framkomu sína nú rétt síðast, þegar hann var að tala um ofstopa. Hann segir, að ég hafi verið með órökstuddar slúðursögur um vegamálastjóra, þegar ég skýrði frá afstöðu vegamálastjóra til þessa máls. Ég ætla, að það væri rétt fyrir þennan hv. þm. að koma með skýringu á því, hvar ég hafi farið skakkt með, því það er vitanlega hverjum manni ósæmandi að segja, að maður fari með slúðursögur, en geta ekki bent á neitt atriði, sem ekki er rétt farið með. Ég vil því skora á þennan hv. þm. að koma með eitt einasta atriði, sem ég sagði, og sanna, að það sé ekki rétt, en heita minni maður, ef hann getur það ekki.

Sigurður Bjarnason: Það eru aðeins örfá orð út af því, sem hv. 8. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Árn. drápu á. Það er ekki ætlun mín, að sérfræðingar, sem kosnir yrðu í n. samkv. minni till., útilokuðu sig frá að kynna sér reynslu þeirra, sem bezt vita um, hvernig til hagar. Auðvitað eiga þeir að kynna sér málið sem vendilegast hjá þeim, sem þekkingu hafa til að bera, því að hvor háttur inn, sem hafður verður á, hvort sem n. verður skipuð sérfræðingum, eins og ég legg til, eða fulltrúum þingflokkanna kosnum á Alþ., kemur varla til þess, að þeir fari að stunda snjómælingar uppi á Hellisheiði. Auðvitað leita þeir sér þeirra upplýsinga, sem fyrir hendi eru, en sérfróðir menn hafa betri skilyrði til að vega og meta þær upplýsingar. Svo ekki fleiri orð um það. Ég óska þess, að hv. n. taki þessa brtt. til athugunar.

Gísli Jónsson: Út af áskorun hv. þm. V-Sk. vil ég segja, að ég er tilbúinn að ganga með honum upp til vegamálastjóra og rannsaka málið, og á næsta fundi mun hann svo væntanlega kyngja þessu eins og góðri mjólk frá samsölunni.

Sveinbjörn Högnason: Ég væri tilbúinn að fara með hv. þm. Barð. upp á vegamálaskrifstofu, ef ég sæi ástæðu til. En ég hélt ekki, að hann þyrfti að fara til vegamálastjóra til að fá upplýsingar, því að honum hlyti að vera kunnugt um þetta af eigin reynd, og ég ætla að standa við hvert orð, sem ég sagði um framkvæmd í þessu máli. Ég býst við, að hv. þm. Barð. standi ekki sterkari með að benda á, hvað ég hafi farið rangt með, eftir að hann er búinn að fara til vegamálastjóra, og geti hann komið með eitt einasta atriði til sönnunar því, að ég hafi farið hér með slúðursögur, þá skora ég á hann að gera það, því að annars er það bert,

að hann hefur sjálfur farið með slúður og staðlausa stafi.

Forseti (GSv): Þá er umr. lokið, og verður nú gengið til atkv. — Ég vil benda hv. flm. hinnar skrifl. brtt. á, að eðlilegast mun að taka hana aftur til síðari umr. málsins, þar sem því mun verða vísað til fjvn., og kemur till. þá að sjálfsögðu jafnframt til athugunar í n.

ATKVGR.
Brtt. 113 tekin aftur til síðari umr.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 27. fundi í Sþ., 7. marz, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 51, n. 142, 113).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Það hefur orðið svo gott samkomulag um þessa till., að ég sé ekki ástæðu til þess að fara að gera nokkra verulega grein fyrir meðferð n. á henni. Fjvn. var sammála um það, að till. ætti að samþykkja, hins vegar er sennilega enn ekki orðið samkomulag um það, hvernig breyt. skuli orðuð, og þó að n. hafi öll skrifað hér undir nál., sem gerir ráð fyrir, að till. sé umorðuð eins og greinir á þskj. 142, hafa þó þrír nm. skrifað undir með fyrirvara, og ég veit, að fyrirvari tveggja þeirra, sem undir skrifa, gildir það, eftir þeirra upplýsingum, að þeir vilja, að n. starfi kauplaust. En við 6 nm. töldum okkur ekki fært að vera með þeim í þessu, vegna þess að það er alls ekki áskilið í till., að það séu þingmenn, sem séu í n., og við álítum, að fjvn. hafi ekki til þess vald að úrskurða, að utanþingsmenn skuli starfa fyrir ríkið án endurgreiðslu, nema þeir séu því samþykkir sjálfir. Ég veit ekki um tilefni fyrirvara hv. þm. Ísaf., en aðalkjarninn er þessi, að n. leggur til, að till. verði samþ.

Sigurður Bjarnason: Ég sé, að hv. fjvn. hefur ekki treyst sér til þess að taka til greina brtt. þá, sem ég flyt hér ásamt hv. 11. landsk. þm. Nefndin hefur viljað halda við þá stefnu, sem ríkjandi hefur verið hér á hæstv. Alþ., að kjósa stöðugt nýjar n., skipaðar mönnum án tillits til sérþekkingar þeirra. Það er mjög ánægjulegt til þess að vita, að í sama mund sem fjvn. er að hengja sig í þessa stefnu, sem hér hefur verið lýst, skuli hæstv. fjmrh. hafa lýst því yfir, að um 50 n. séu starfandi í landinu og um það bil 200 þús kr. sé árlega varið til þess að fóðra þessar n. Mér finnst það mjög ánægjulegt, að það skuli hafa verið bent á það, á hvaða braut hv. Alþ. er í þessum efnum og að það skuli hafa komið frá hæstv. fjmrh. og þar með fundinn mælikvarði á það, hversu fljótir þm. eru að átta sig á því, hvaða ófremd þetta er. Í sama mund og slík yfirlýsing kemur fram frá hæstv. stj., tekur ein virðulegasta n. þingsins sig til og samþ. till. um enn eina nýja n. og treystir sér ekki til að taka til greina ábendingar um það, að hentara sé að treysta sérfróðum mönnum í þessum efnum heldur en að kjósa þessa menn af þingflokkunum án tillits til sérþekkingar. Þetta vildi ég láta koma fram hér við þessa umr. varðandi brtt. mína. En varðandi till. þá, sem við hv. 11. landsk. flytjum í sameiningu, þá kemur okkur ekki til hugar að taka hana til baka, og mun þm. gefast tækifæri til þess að segja um það, hvort þessa n. eigi að skipa ...enn af þingflokkunum eða sérfróðir menn, verkfræðingar, eins og gert er ráð fyrir í till. okkar. En við höfum orðið að bera fram smávægilega brtt. við þessa brtt. okkar, vegna þess að upphaflega brtt. tók við óbreyttu niðurlagi hinnar upphaflegu þáltill., að n. skyldi hafa lokið störfum fyrir lok maímánaðar 1944. Við tókum þetta ekki upp vegna þess, að það er ekki víst, að n. gæti lokið störfum fyrir þennan tíma. Nú berum við því fram brtt. um, að þetta verði fellt niður úr brtt. í síðasta málslið, en þar segir svo: „Tekur hún strax til starfa og skal hafa lokið störfum og gert till. til Alþ. fyrir lok maímánaðar 1944."

Ég vil svo að lokum eindregið skora á þm. að hverfa frá þeirri stefnu, sem hér hefur verið lýst, hverfa frá þessari nefndarstefnu og hverfa að því að fela sérfróðum mönnum þau störf, sem krefjast sérþekkingar. Ég trúi ekki að þm., sem meina vel í þessu máli, snúist á móti slíkri till.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa skrifl. brtt.

Forseti (GSv): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. þm. N.-Ísf. Hún er auk þess of seint fram komin, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.
Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 169) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki lengja mál mitt, en mér datt í hug að koma með smábrtt. skriflega. Hv. þm. N-Ísf. var að tala um, að það væru nógu margar n. skipaðar í þessu landi, þó að ekki væri lagt til að skipa eina nýja n. Ég er honum sammála um þetta, og ég hefði álitið óþarft að skipa n. í þessu máli, því að í rauninni hefur um margra ára skeið verið starfandi n. í samgöngumálunum austur, og með þáltill. í vetur var í rauninni samþ., að það skuli hafin rannsókn. En þetta hefur ekki þótt nóg, og nú er komin fram till. um að kjósa enn eina n. til þess að rannsaka málið. Það hefur oft þótt gott ráð til þess að láta mál fá hægan dauðdaga að vísa þeim til n., og má vera, að einhverjir af þeim, sem standa að því, að skipuð verði n. í þessu máli, hugsi sér að tefja fyrir því, að nokkuð raunhæft verði gert í samgöngumálunum austur. En til þess að fyrirbyggja það, að þessi n., sem sennilega verður kosin, geti lagzt á málið, vil ég leyfa mér að bera fram brtt.,

að á eftir orðunum „Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins“ komi: enda ljúki n. störfum svo fljótt sem auðið er.

Ég hef ekki viljað binda þetta við ákveðinn tíma; það er ekki nema sjálfsagt að gefa n. nægan starfstíma, en með því að hafa þetta þannig orðað myndast nokkurt aðhald fyrir n. að ljúka störfum svo fljótt sem henni er unnt. Ég ætla að vera með till. um nefndarskipun, enda þótt ég álíti hana að mestu leyti óþarfa, og ætlast til þess, að hún tefji ekki samgöngumálin austur, svo að enn þurfi að kjósa nýja n. og hefja á ný rannsókn í þessum málum. Bændur á Suðurlandsundirlendinu og Reykvíkingar vilja, að hafizt verði nú handa um raunhæfar framkvæmdir, en ekki látið sitja við orðin tóm. Þeir hafa í 30 ár orðið að sætta sig við, að ekkert væri gert, og munu nú krefjast, að þegar þessi n. hefur skilað áliti sínu, verði tafarlaust hafizt handa um framkvæmdir, svo að samgöngur austur yfir fjall verði örugg ar allan tíma ársins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 170) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Forseti (GSv): Nú er fundartíminn á enda, og verður því að fresta umr. um þetta mál.

Umr. frestað.

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var fram haldið síðari umr. um till. (A. 51, n. 142, 113, 169, 170).

Eiríkur Einarsson: Ég skal hafa mál mitt stutt. Mér þykir ástæða til sem fyrsti flm. þessarar þáltill. að þakka hv. fjvn. fyrir undirtektirnar. Að vísu hefur n. breytt að sumu leyti orðalagi till. og stytt að nokkru, en efnislega fær hún að njóta sín. Þess vegna er fullnægt því, sem ég vildi vera láta.

Till. eins og hún kemur frá fjvn. gengur út á hið sama, að valin sé hlutbundinni kosningu n. til þess að rannsaka og gera till. um þessar vegabætur og hverjar þær skuli vera. Að vísu liðar hún þær ekki í sundur, eins og ég gerði, en ég verð að halda, að hún miði til þess sama. Ef það væri ekki ætlun hennar, væri till. meiningarlaus.

Að þessu athuguðu hef ég ástæðu til að vera n. þakklátur fyrir að fallast á tillöguefnið.

Ég sé, að n. hefur fellt burtu tímatakmarkið — 31. maí —, en það hefur hún líklega gert af því, að það fer nú að verða stutt þangað til. En hún hefur ekki sett neitt tímatakmark í staðinn, og tel ég þetta nokkurn ágalla. Hér liggur þó fyrir brtt. frá hv. 2. þm. Rang. um, að rannsókninni sé lokið „svo fljótt sem auðið er“, og tel ég þetta til umbóta og ábending til n. um að draga verkið ekki lengur en nauðsyn krefur. En brtt. er um annað fyrirkomulag en það, sem við lögðum til og hv. n. hefur fallizt á. Ég læt þessa brtt. hlutlausa. Ef meiri hl. þingsins getur fallizt á hana, þá hef ég ekkert við hana að athuga, svo framarlega sem hún verður ekki til tafar að öðru leyti.

Þó að til sé í þessari starfsgrein starfandi deild — vegamálastjórn og vegamálastjóri —, þá er það á annan veg en hér er gert ráð fyrir, og þær till., sem komið hafa fram úr þeirri átt, hafa gengið á ýmsa vegu. Stundum hefur farið um þær á aðra leið en ætlazt var til.

Það er hægt að gera að grýlu, hvað mþn. séu margar, ef allt er talið saman, en mér finnst engin ástæða til þess, því að það hefur verið venja, ef um mikilsvert mál hefur verið að ræða, að láta það í mþn. Mörg mál hafa lokizt farsællega upp úr slíkum nefndarstörfum. Það er annað mál, að *það má nefna mþn., sem hafa orðið til að koma* vandasömum málum af sér, vegna of mikils ágreinings og vafninga um fjármál, skattamál o. s. frv. Og annar ágalli, sem hefur verið á, er, að þær hafa verið kosnar — eins og sumir segja — til bitlingaframfærslu alþm. sjálfra, og tala ég þá frá sjónarmiði annarra.

Ég held, að í þessa n. verði þm. duglegir að velja, með tilliti til þess að fá þá menn eina í n., sem hafa bezta þekkingu og mesta víðsýni. Ef þess væri ætíð gætt, gætu mþn. komið að mestu gagni. En „batnandi manni er bezt að lifa“, og mætti heimfæra það upp á Alþ. sjálft, — og gæti menn nú skyldu sinnar.

Ég vil segja, að ég kann fjvn. þakkir fyrir hennar till. og vænti þess, þó að ágreiningur einhver og tortryggni e. t. v. hafi vaknað, þá sé „mjór mikils vísir“. Ég sé, að af hálfu fjvn. eru einhverjir hv. nm. undirskrifaðir með fyrirvara og þess getið, að þeir hafi viljað láta n. starfa kauplaust. Ég vil segja, þó að nóg sé um fjárgreiðslur úr ríkissjóði, þá tel ég þetta fjarstæðu.

Vil ég þá láta máli mínu lokið og leggja til, að till. verði samþ. eins og hún kemur frá fjvn.

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Það er nú orðið svo langt síðan ég kvaddi mér hljóðs, að ég er búinn að gleyma, hvað það var, sem ég vildi taka fram.

Ég vil aðeins skýra þá aths. á till., sem kom fram hjá hv. þm. N-Ísf., að fjvn. hafði ekki tekið tillit til till. hans og hv. 11. landsk., sem er á þskj. 113, og sagði hv. þm. í því sambandi, að hann væri mótfallinn þessum miklu umskiptum, og get ég tekið undir það. Mér þykir nóg um allar þessar n., en lagði þó til, að n. væri skipuð. Ég veit því ekki, hvers vegna hann er á móti n. Hann vill bara 3 menn í n., en ekki 5.

Eins fann hv. þm. að því, að fjvn. vill ekki sérfróða menn í n. En það liggur ekkert fyrir frá nm. um það. Alþ. ákveður það, og ég hugsa, að Alþ. verði þeirrar skoðunar, að heppilegra sé, að þeir séu sérfræðingar. Ég hugsa, að það sé ekkert á móti því. Ég held því, að það sé byggt á misskilningi hjá hv. þm. N-Ísf., þar sem langt er frá því, að fjvn. hafi lagt á móti því, að n. verði skipuð sérfróðum mönnum.

Ég vænti þess, af því að samkomulag varð í fjvn. um þessa till., þá geti hún gengið fram án frekari umr.

Sigurður Bjarnason: Ég fagna því, að hv. n. er ekki á móti því, að sérfróðir menn séu skipaðir í mþn. Ég tek það þannig, að það hafi þá ekki verið tekin nein afstaða gegn þeirri till., að n. sé skipuð 3 sérfróðum mönnum. Hitt er ekki rétt hjá hv. 7. þm. Reykv., að við viljum hafa sama hátt á og farið er fram á í till. Við álítum, að heppilegast sé að fela þetta 3 sérfróðum mönnum. Það má segja, að slíkt sé ekki samkvæmt áliti þeirra manna, sem helzt vilja engar nefndir, en úr því að til þessa þarf menn, þá er betra, að þeir séu sérfróðir en ófróðir.

ATKVGR.

Brtt. 113 og 169 (sem litið var á sem leiðréttingu) felldar með 24:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GTh, JakM, JPálm, JS, PM, SigfS, SB, SG, STh, ÁkJ.

nei: EystJ, FJ, GJ, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JJ, JörB, KA, LJóh, ÓTh, PHerm, PÞ, PO, SEH, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÁÁ, BBen, BrB.

EE, StgrA, GSv greiddu ekki atkv.

14 þm. (EOl, EmJ, GG, GÍG, HG, LJós, MJ, PZ, StJSt, ÞÞ, ÞG, BG, BSt, BÁ) fjarstaddir.

Brtt. 170 samþ. með 29 shlj. atkv.

Brtt. 142 samþ. með 27:5 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 30:3 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 233).

16. Fjárskipti.

Á deildafundum 16. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um framlag úr ríkissjóði til fjárskipta í Suður-Þingeyjarsýslu (A. 46).

Á 16. fundi í Sþ., 17. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Eins og þessi till. ber með sér, hefur n. manna úr Suður-Þingeyjarsýslu snúið sér til þingsins með þetta mál og þá fyrst til mín sem þm. kjördæmisins.

Nú er svo komið, að hálf sýslan er undirlögð fjárpestina. Hefur hún herjað svo stórkostlega, að nærri mun láta, að helmingur bænda mundi ekki hafa atkvæðisrétt um niðurskurð, ef ákvæðið um, að þeir einir, er eiga 25 kindur og þar yfir, skuli hafa atkvæðisrétt, ætti að gilda. Virðist þó hins vegar ekki réttlátt, að þeir hafi ekki atkvæðisrétt, þar eð þeir, er fé eiga, munu í lengstu lög hika við að greiða atkv. með því, að bústofn þeirra verði skorinn niður, sem þó mun nú nauðsyn. N. leggur því til, að þeir, er misst hafa fé sitt, hafi einnig atkvæðisrétt, og óskar, að atkvgr. fari fram í vor.

Fyrir nokkrum árum var gerð tilraun með fjárskipti í einum hrepp, og þótt ekki geti talizt, að fullnaðarreynsla hafi enn fengizt, þá virðist svo, að bændur þar muni rétta við.

Ég legg hér ekki fram neina kostnaðaráætlun þessu viðvíkjandi. Það mun verða að vera samningamál við ríkisstj. og fjvn. Ég get ekki ætlazt til, að skaðinn verði greiddur að fullu, tel, að þar verði að gæta nokkurs hófs sem annars staðar.

Þm. mun kunnugt, hversu háttar í sveitum þessum. Ekkert er unnt að gera til að ráða bót á þessum sjúkdómi, og annar atvinnuvegur fyrir héraðsbúa mun ekki koma til greina. — Ég vænti því, að Alþ. taki á þessu nauðsynjamáli með skilningi.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 26., 27. og 28. fundi í Sþ., 6., 7. og 8. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 46, n. 143).

Frsm. meiri hl. (Jónas Jónsson): Ég flyt eftir ósk bænda í Suður-Þingeyjarsýslu þáltill. á þskj. 46, þar sem farið er fram á heimild handa stj. til að stuðla að því, að fjárskipti gætu orðið á svæðinu milli Jökulsár og Skjálfandafljóts nú á næsta hausti, ef lögleg atkvgr. heimilar það á þessu svæði. Þetta mál kom einnig fram á síðasta þingi, í öðru formi þá, en stöðvaðist í Ed., af því að sauðfjársjúkdóman. vildi ekki mæla með þessari framkvæmd þá. Síðan óskuðu bændur á þessu svæði eftir smávægilegum breyt. á atkvgr. þessu viðvíkjandi. Var hún borin fram á þessu þingi og hefur nú hlotið staðfestingu. Og af því að það hefur nokkra þýðingu í málinu, þessi litli munur, þá ætla ég að koma að því atriði strax.

Í eldri löggjöf er gert ráð fyrir, að enginn maður á fjárskiptasvæði, sem á minna en 25 kindur, geti tekið þátt í atkvgr. um fjárskipti. En svo hraðfara hefur pestin verið þarna, að um ⅙ hluti bændanna hefur fallið úr því að vera atkvæðisbær um málið, — einn sjötti hlutinn á ekki 25 kindur. T. d. má geta þess, að í Aðaldalnum, þar sem bændur áttu áður 100 ær að meðaltali, þar er meðaltalið nú minna en 10 ær. Nú þótti sanngjarnt, þegar ákveða skyldi, hvort skipta skyldi um fé, að ekki væri um það spurt, hvort pestin væri búin að drepa svo mikið af sauðfé hvers bónda, að hann ætti ekki lengur 25 kindur, heldur hvort hann hefði átt 25 kindur, áður en pestin kom. Ég nefni þetta sem dæmi um, hvað pestin hefur gengið nærri þessu

héraði, þar sem fólk lifir nærri því eingöngu á sauðfjárrækt. Þessi lagabreyting hefur nú gengið fram, og mun vera meiningin hjá Þingeyingum, ekki aðeins Suður-Þingeyingum, heldur einnig Kveldhverfingum, að láta fara fram atkvgr. um það í vor, hvort þeir fyrir sitt leyti vilji leggja út í fjárskipti. En áður en ég kem að því, sem munar á minni till. og þeirri, sem meiri hl. fellst á að mæla með, vil ég skýra málið stuttlega.

Þegar gerð voru l. um fjárskipti árið 1941, var sauðfjársjúkdóman. aðallega að glíma við garnaveikina í Skagafirði austanverðum. Var unnið að að gera fjárskipti til að hindra útbreiðslu hennar. Var því lógað fé hjá mörgum, án þess að veikin væri þar. Það var óhugsandi að gera þessar ráðstafanir öðruvísi en bændur fengju fullt gjald fyrir samkv. fyrirmælum stjórnarskrárinnar. L. frá 1941 gerðu ráð fyrir tiltölulega miklum bótum handa þeim, sem skiptu um fé, og er höfuðástæðan þessi.

Þegar Suður-Þingeyingar fóru fram á styrk í þessu efni í vetur fyrir jól, reiknaði n., hvað fjárskipti mundu kosta, ekki aðeins í Suður-Þingeyjarsýslu á þessu svæði, heldur líka allt vestur að Héraðsvötnum, og taldist henni svo til, að samkv. núgildandi verðlagi mundi kostnaðurinn verða um 10 millj. kr. Þetta hræddi auðvitan n. og þingið þannig, að á vetrarþinginu var ekki hægt að fá neina áheyrn um þetta mál, og verður það að teljast eðlilegt. En bændur héldu málinu áfram, og mér var falið að bera það fram nú, en þá var vitanlega ekki hægt að bera það fram á grundvelli gildandi l., enda hafa bændur miðað afstöðu sína við það. Þegar málið kom til fjvn., talaði ég við forstöðumann sauðfjárveikivarnanna. Hann út af fyrir sig hafði ekkert vald til að gera neitt sérstakt í þessu, en nálega öll n. var mótfallin að samþ. till. á þskj. 46, af því að þetta var of dýrt og af því að ekki var heldur hægt að fullyrða neitt um endanlegt öryggi. Þegar sýnilegt var, að ómögulegt var að koma við fjárskiptum samkv. l. frá 1941, af því að það hefði lagt þyngri byrðar á ríkissjóð en þm. vildu samþ., þá var það, að fjvn. vildi, þar sem þarna lá við hallæri, liðsinna þessu fólki þó eitthvað. Þá tók n. upp á sig að gera nýja tilraun um hugsanleg fjárskipti á þessu svæði með því að fara af grundvelli l. frá 1941 og inn á annan, sem leggur miklu minni byrðar á herðar ríkissjóðs, ef til kemur. Till. fjvn. er á þskj. 143, og það, sem þar skiptir máli, er þetta: Stj. er heimilað að verja allt að 600 þús. kr. í þessu skyni, enda sé stj. og sauðfjársjúkdóman. sammála um málið og bændur, sem hlut eiga að máli, samþ. með ekki minna atkvæðamagni en tilskilið er í 2. kafla l. frá 9. júli 1941. Stj. er því ekki skyldug til að gera þetta, nema samþykki sauðfjársjúkdóman. komi til, og þar að auki getur svo farið, þó að n. vilji það, að bændur, sem gjarnan vilja skipta, telji sig hart leikna, þar sem hér á að nota allt annað kerfi en hefur verið notað áður, svo að ég hef enga bók upp á, að þetta verði gert, þótt þingið samþ. till. og stj. vilji gera það. En ástæðan til þess, að ég beiti mér fyrir þessu, er sú, að sú skoðun er mjög uppi á þessum stað og víðar um austurhluta landsins, að ekki sé um annað að gera en skipta. Ég álít, að upp úr þessu geti komið það, hvort sem það verður í Þingeyjarsýslu nú í ár eða ekki, að reynt verði með ódýrari hætti en áður að koma til hjálpar bændum, sem í hallæri eru staddir. Hér er gert ráð fyrir að leggja fram nokkra fjárhæð í eitt skipti fyrir öll til að hjálpa mönnum til að eignast heilbrigt sauðfé á þessu svæði. Á þessu stigi málsins er ekki talað um, hvaðan eigi að fá það fé. Öruggast mundi að fá það af Vesturlandi og hugsanlegt væri úr Norður-Þingeyjarsýslu, og mundi n. mestu um það ráða, ef til kæmi.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál. Ég hef reynt að skýra málið eins og það liggur fyrir. Þetta er tilraun til að koma þessum þætti sauðfjárveikivarnanna af leið, sem er óframkvæmanleg, því að við vitum, að það verður aldrei skipt á grundvelli l. frá 1941, því að sú leið er of dýr. Hér er leitað að nýjum grundvelli, sem getur ef til vill bjargað bændum úr hallæri án þess að leggja á ríkissjóð of þungar byrðar.

Jón Pálmason: Mér þykir ástæða til að gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls, ekki sízt af því, að ástæða gæti verið til að ætla, að í henni væri mótsögn við það, sem hefur verið skoðun mín.

Ég hef verið ákaflega tregur til að fara þá leið að stofna til fjárskipta í stórum stíl vegna fjárpestar. Þó að mjög mikil vandræði séu í þessum málum, að því er snertir mitt hérað, þá yrði þó þar mjög að versna, til þess að ég yrði fús til að leggja út í fjárskipti á því svæði, enda þyrfti þá að taka fyrir mjög stórt svæði. En af því að ég hef hugsað mér að fylgja þessari till., þykist ég þurfa að gera grein fyrir, af hverju það er.

Þegar l. um fjárskipti voru samþ. 1941, voru sett inn í þau mjög ströng ákvæði, til þess að til slíks yrði ekki gripið, nema fyrir því væri almennur vilji á viðkomandi svæði og sauðfjársjúkdóman. og ráðun. væru því einnig fylgjandi. Sannleikurinn er sá, að við, sem um þau l. fjölluðum, gerðum ráð fyrir, að ef þetta allt lægi fyrir, yrði farið út í að grípa til þessara ráða. Í þessu tilfelli, sem hér um ræðir, er að vísu ekki farið fram á nema um það bil ⅓ af þeim bótum, sem ætlazt er til samkv. þessum l., en þrátt fyrir það væri ég ekki fáanlegur til að fylgja þessu máli, ef ég væri ekki með viðtölum og bréfum frá mönnum á þessu svæði búinn að fá upplýsingar um, hversu ástandið er hræðilegt og langtum verra en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Í fyrra komu tveir bændur úr Þingeyjarsýslu sem sendimenn til að fá einhverjar úrbætur í þessu máli, og lýsingin, sem þeir gáfu og við höfðum enga ástæðu til að efa, sýndi ótvírætt, að fjárpestin hefur leikið þetta hérað svo illa, að hörmung er til að vita. Nýlega hef ég fengið bréf frá bónda í einum stærsta hreppnum í Þingeyjarsýslu, Aðaldal, og myndin, sem hann dregur upp af ástandinu þar, er svo svört, að mér þykir ástæða til að gefa hv. þm. ofurlitla hugmynd um, hvernig þar er ástatt. Þar eru um 60 bændur, og 72 ær voru áður að meðaltali í eigu hvers bónda, en nú eru þar eftir ekki nema 28 ær

að meðaltali á bónda, og er þá í báðum tilfellunum tekið með það fé, sem unglingar og lausafólk á. Þegar svo er komið, er fram undan fullkominn voði fyrir þessa menn, og ástandið er þannig, að það er mjög litlu að tapa fyrir þessa menn, þó að tilraunin sé gerð. En þó að ég ætli að fylgja því, að þessi tilraun verði gerð í tiltölulega stórum stíl, þar sem á að drepa allt fé milli Jökulsár og Skjálfandafljóts, þá geri ég það með þeim fyrirvara, að látinn verði líða svo langur tími, þar til gerð er tilraun annars staðar, að reynsla sé fyrir, að hún hafi heppnazt á þessu svæði, því að bæði ég og aðrir erum tregir til að gera slíkar tilraunir og vantrúaðir á, að þær heppnist.

Þetta vildi ég taka fram, áður en til atkv. er gengið um þessa till. Þótt hún verði samþ., þá er, eins og hv. frsm. tók fram, auðvitað engin fullkomin vissa fyrir, að úr þessu verði næsta haust, vegna þeirra takmarkana, sem eru heima í héraði um atkvgr. um þessa ráðstöfun.

Ég sé svo ekki ástæðu til að segja fleira um þetta, en ég býst við, að það sé talsverður ágreiningur um þessa atkvgr., hvort sem þessi till. verður samþ. eða ekki.

ATKVGR.

Brtt. 143 samþ. með 29:3 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 26:5 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 234).

17. Gufuhverir.

Á 24. fundi í Sþ., 29. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn gufuhvera í Henglinum (A. 107).

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Sþ., 6. marz, var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Þáltill. þessi er flutt að tilhlutun bæjarráðs Reykjavíkur. Eru flm. hennar allir þm. kaupstaðarins. Fer hún í þá átt, að komið verði á samvinnu milli ríkisstj. og bæjarstj. Reykjavíkur um ýtarlega rannsókn á möguleikum til virkjunar á gufuhverum í Henglinum. — Því hefur oft verið haldið fram, að gufa þar gæti orðið að miklu gagni til upphitunar og eins til rafmagnsframleiðslu. Er sérstaklega mikilvægt að fá úr því skorið í sambandi við fyrirsjáanlega þörf á næstu tímum fyrir aukningu á raforku fyrir Reykjavík, Hafnarfjörð, Suðurnes og allt Suðurlandsláglendið. Eins væri hugsanlegt, að af þessu gætu sprottið iðnaðarframkvæmdir og ýmislegt fleira. Hefur sérstaklega einn verkfræðingur, Gísli Halldórsson, hvað eftir annað ritað um málið. Um það hefur verið rætt, að ef þessu máli væri blandað saman við lausn annarra aðkallandi mála, þá gæti það orðið þeim til tafar. Nú er þetta mál tekið sérstætt, og á að láta fara fram vísindalega rannsókn á möguleikum á þessu svæði og ekki sett þannig fram, að það geti tafið fyrir öðrum framkvæmdum eða leitt til annars en að þetta verði athugað á þann veg, sem öllum má verða til góðs. Vona ég, að þetta mál nái fram að ganga ágreiningslaust.

Hv. þm. Hafnf. hefur flutt brtt. um, að sams konar rannsókn eigi sér stað í Krýsuvík í samvinnu milli bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og ríkisstj. Mæli ég með, að hún verði samþ., því að þar er um nauðsynjamál að ræða, sem getur komið ekki eingöngu Hafnarfirði að haldi, heldur einnig stærra svæði, ef möguleikar í Krýsuvík eru slíkir sem ýmsir vænta.

Ég sé ekki ástæðu til að ræða frekar um till. Málið liggur ljóst fyrir. Einhver kostnaður verður af þessu, en naumast ýkja mikill. Ég sé ekki ástæðu til að vísa málinu til nefndar. Ég hef átt tal við ýmsa úr fjvn., sem sjá ekki ástæðu til, að málið fari þangað, og er það þó sú n., sem málið heyrði helzt undir. Ég vænti, að málinu verði sýnd sú velvild, að það verði nú samþ. til síðari umr.

Jörundur Brynjólfsson: Ég skal ekkert gera til að tefja fyrir málinu, en ég vil í sambandi við afgreiðslu þessa máls víkja að því, hvort athugað hafi verið um eignarrétt þessara náttúrukrafta og þess landssvæðis, sem hér er um að ræða. Ég fyrir mitt leyti tel það vissulega þess vert, að það verði gert. Ef menn telja, að það gæti orðið til að tefja málið, þykir mér það leiðinlegt, en mér skilst þó, að þetta kunni að vera það mikilsvert atriði, að nauðsyn beri til, að fljótlega sé athugað, hvernig ástatt sé um eignaryfirráð á Henglinum og landinu þar umhverfis, áður en framkvæmdir verða hafnar.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég vil að gefnu tilefni lýsa yfir, að ég er þessu öllu ókunnugur og get ekkert um það dæmt. Ég tel líklegt, að eitthvað af þessu sé almenningseign og ríkið og sveitarfélagið eigi eitthvað, og kannske er eitthvað eign einstakra jarða. Tel ég sjálfsagt, að það verði athugað, og skal ég styðja að því að svo miklu leyti sem það kemur undir mig. Ég skal taka fram, að Reykjavíkurbær á þarna ekkert land og hefur ekki verið í neinum útvegum með það, en ég tel þetta skipta svo miklu máli, að ég vil vera þátttakandi í að upplýsa til hlítar, hvernig eignarréttinum sé háttað.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv.

Till. um að vísa málinu til fjvn. felld með 26:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, JJós, JPálm, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, GÞ.

nei: GÍG, GTh, HG, HermJ, IngJ, JS, KA, LJóh,

LJós, MJ, SB, SG, SK, STh, StJSt, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EE, EmJ, FJ, GJ, GSv.
JakM, PO, BSt greiddu ekki atkv.
10 þm. (JJ, ÓTh, PHerm, PM, SigfS, SEH, StgrA, ÞÞ, EOl, GG) fjarstaddir.

Á 27. og 28. fundi í Sþ., 7. og 8. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. enn tekin til síðari umr. (A. 107, 141, 163, 188).

Jörundur Brynjólfsson: Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera hér fram brtt., sem fjallar um eignarheimild á því svæði, sem hér um ræðir.

Þetta mál mun fram komið af því að álitið er, að hér verði um mikinn árangur að ræða fyrir almenning. Ég sé af þál., að ótiltekið er, hve stórt svæði skuli rannsaka, enda ekki á færi ókunnugra manna að ákveða neitt þar um. Nú er það samt þýðingarmikið atriði, að jafnframt sem þetta er gert, sé athugað, hversu yfirráðum er háttað á þessu landi, og þá jafnframt að tryggja yfirráð hins opinbera. Þetta ætti á engan hátt að þurfa að tefja málið.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta frekar, en vænti, að Alþ. fallist á brtt.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Það er viðvíkjandi smábrtt., sem ég á við þessa till., sem ég tek til máls.

Ég er ekki ánægður með þá takmörkun, sem felst í till. Ég vildi, að samhliða yrði tekið til athugunar allt það, sem komið gæti til greina á þessu svæði. Í rauninni er ekki nema einn hver í sjálfum Henglinum, en samfelld hverakerfi eru þar í nágrenni. Þess vegna finnst mér ástæða til að spyrja hv. alþm., hvort ekki sé rétt að fella inn í till. það, sem tekið er fram í brtt. minni. Ef svo reyndist, að annars staðar væru betri skilyrði en í Henglínum, þá er að nýta þau.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég tel, að brtt. hv. 1. þm. Árn. sé óþörf samkvæmt því, sem fram hefur komið hér í umr., en hún kemur ekki að sök, og þess vegna get ég til samkomulags fallizt á að mæla með því, að till. hv. 2. þm. Árn. verði samþ. og einnig till. hv. þm. Hafnf.

Emil Jónsson: Ég þarf ekki að mæla mörg orð um þessa litlu brtt., sem ég flyt á þskj. 141, og sérstaklega þar sem hv. 1. flm. þessarar till., sem hér liggur fyrir, hefur lýst sig samþykkan henni. En ég kann ekki við að segja ekkert um þessa till. við þessar tvær umr., sem fara fram um hana.

Hverasvæðið í Krýsuvík er áreiðanlega eitt af þeim hverasvæðum, sem mjög koma til álita, þegar talað er um virkjun fyrir Reykjavík og þó alveg sérstaklega þegar talað er um virkjun fyrir Hafnarfjörð. Ég hef samt, til þess að eiga ekkert á hættu um aðstöðuna gagnvart þessari brtt., ekki lagt til, að þessi rannsókn fari fram öðruvísi en í samráði og samvinnu við bæjarstjórn Hafnarfjarðar, sérstaklega með hliðsjón af því, að ég ætla, að Hafnarfjörður mundi fyrst verða aðnjótandi þeirrar orku, sem þarna kynni að leiða af.

Um orkulindina sjálfa í Krýsuvík er það að segja, að ég hef kynnt mér rökstutt álit eins hins bezta fræðimanns heimsins í þessum efnum, sem hefur rannsakað Krýsuvíkurhverina, og hann segir, að þeir séu meðal álitlegustu orkugjafa hér í grennd og jafnvel þótt miklu víðar væri leitað. Þess vegna tel ég sjálfsagt, þegar um er að ræða að leita að heppilegum orkugjafa, hvort sem er fyrir virkjun rafmagns eða t. d. til hitavirkjunar til upphitunar, að ekki sé fram hjá þessu gengið. Ég hef af öðru tilefni fyrir löngu bent á þetta, en það bar þá ekki árangur.

Ég vil vænta þess, að um þetta takist góð samvinna við ríkisstj. og vænta megi mjög mikils og góðs árangurs af þeim rannsóknum, einmitt á þessum stað, og læt ég þá hina staðina alla óáreitta. Frá þeim kann að fást talsvert mikil orka. En ég veit, að þessi staður er fyrir margra hluta sakir enn þá fremri, og hef ég þar fyrir mér orð hinna erlendu fræðimanna, sem áður hafa rannsakað þennan stað með sérstöku tilliti til þessarar virkjunar.

ATKVGR.
Brtt. 141,1—2 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 163 samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 188 samþ. með 27 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 236) með fyrirsögninni:
Till. til þál. um rannsókn gufuhvera.

---

18. Talsímaþjónusta í verstöðvum vegna slysavarna.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um sérstaka talsímaþjónustu í verstöðvum landsins vegna slysavarna. (A. 125).

Á 26. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég skal takmarka mjög það, sem ég þarf að segja um þetta mál, því að í grg. fyrir till. er komið inn á flest þau atriði, sem hér koma til skjalanna.

Ásamt þm. S.-M. flyt ég þessa till. á þskj. 125 og ræði þar um sérstaka starfrækslu á talsímastöðvum í verstöðvum landsins, sér í lagi á aðalvertíðum í þjónustu slysavarna. Mér er það ljóst, að vel getur verið, að orðalag þessarar till. sé óákveðið og þyrfti að skýrast. Það er hér t. d. enginn munur gerður á verstöðvum, enda talað um verstöðvar yfirleitt um land allt. Og það er að vísu svo, að þessarar þjónustu er þörf, hvort heldur er vestan, norðan eða austan lands, ef ástæður standa til og hægt að koma

henni fyrir. En ég tel, að þetta sé atriði, sem atvmrn. og stj. landsins munu bezt geta látið um fjalla og þær aðstæður, sem þar koma til greina. En hitt liggur í augum uppi, að það samband við talstöðvarbátana þurfi að vera kerfi á landinu til samvinnu um orðsendingar og fréttaflutning milli báta og lands, þegar um nauðsyn er að ræða á því, að hjálp sé veitt einhverjum bátum eða öðrum, sem kunna að vera í nauðum staddir. Það er sem sagt merkilegt mál, að þessu verði komið í kring og hinu í sömu till., að því fyrirkomulagi verði komið á, þar sem það er ekki fyrir, sem mun vera á mjög fáum stöðum, að ávallt sé unnt að ná gegnum landssímann til Slysavarnafélagsins á hvaða tíma sólarhringsins, sem er, og hvaða verstöð, sem um er að ræða. Í bréfi til mín frá póst- og símamálastjóra er svo að orði komizt um þessi mál, með leyfi forseta:

„Þjónustu þessa verður að telja mikilvæga öryggisráðstöfun fyrir Vestmannaeyjabátana, þegar þeir eru á sjó, þ. e. a. s. frá því þeir fara í róður (kl. 2—3 að nóttu) og sömuleiðis eftir kl. 21 þau kvöldin, sem svo ber undir, að einhver þeirra er þá ekki kominn að, en þá (kl. 21) hættir hinni daglegu starfrækslu ritsíma- og loftskeytaþjónustu ritsímastöðvarinnar."

Þetta, sem hér er sagt um Vestmannaeyjabátana, gildir náttúrlega um alla báta, og þess vegna er till. í því formi, sem hún er flutt. Nú, síðan þessi till. kom fram, hefur verið vakin athygli okkar flm. og mín sérstaklega, að í sambandi við slíka vörzlu sé þess að gæta, að í ýmsum verstöðvum úti á landi mun hafa verið fréttaflutningur beint frá Veðurstofunni hér beint til verstöðvanna um veðurútlitið, t. d. þrisvar á nóttu og tvisvar til þrisvar á daginn. Þessi skilaboð eða veðurfregnir, sem þannig hafa getað borizt, hafa þá verið lagðar fyrir símaverðina á hverjum stað og ekki annað fyrir formanninn að gera en snúa sér til þeirra, áður en hann býst til sjóferðar hverju sinni, til þess að vita seinustu fregnir frá Veðurstofunni. Á þetta var bent nú, eftir að till. þessi var lögð fram, og þess vegna ekki á það minnzt í till. Ég vildi aðeins vekja athygli á þessu, áður en málið fer til n., að þessi möguleiki er til í málinu, að greiða sem sagt fyrir, að með sömu þjónustu er hægt að greiða fyrir veðurfregnum á réttum tíma til verstöðvanna. Fyrir stríð þóttu þær fregnir, sem sendar voru út að nóttu til, a. m. k. í Vestmannaeyjum, mikils virði. Sama var að segja um Ísafjörð, því að þann veðurspádóm fengu sjómenn, alveg rétt áður en þeir fóru á sjó.

Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta öllu meira. — Það hafa verið dálítil átök um það, hvort landssíminn ætti að bera uppi kostnað af þessu á þeim stöðvum, þar sem þessi talsímaþjónusta hefur verið framkvæmd, svo sem t. d. í Vestmannaeyjum að nokkru leyti. Ég tel það að vísu aukaatriði í þessu máli. Hins vegar vil ég benda á það, að ekki sýnist vera neitt fjarstætt, að landssíminn kosti þessa þjónustu, jafnvel þó að ég geti ekki neitað því, sem haldið hefur verið fram af símans hálfu, að um beinar peningatekjur af slíkum störfum er lítið að ræða nema á stöðum eins og t. d. Siglufirði, þar sem um háannatímann þarf oft að koma mjög mikilsverðum skeytum frá sér viðvíkjandi öðru en beinum slysavörnum. En hversu sem fer um fjárhagshlið málsins, þá erum við flm. þeirrar skoðunar — og vonum, að undir það verði tekið af hinu háa Alþ., — að það sé mjög mikilsvert, að skipulagi verði komið á slysavarnastarfið í sambandi við talsímaþjónustuna svo víða á landinu og í eins mörgum verstöðvum og unnt er.

Ég vil svo mælast til þess, að þessari þáltill. verði að lokinni þessari umr. vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Það eru vafalaust allir á einu máli um það, að leitast beri við að koma slysavarnaþjónustu landsins í sem bezt horf og gera allt, sem hægt er, til þess að koma í veg fyrir slys.

En þessi þáltill., eins og hún er orðuð, er svo yfirgripsmikil, að ég ætla, að í sambandi við hana mundi vera um að ræða svo mikil fjárútlát eða ráðstafanir á fé, að það mun vera miklum mun meira en hv. flm. þáltill. kannske hafa gert sér grein fyrir. Ég ætla ekki að fara langt út í það mál hér, en aðeins geta þess, að með því að hv. 1. flm. hefur þegar gert það að till. sinni, að þessari till. sé á milli umr. vísað til hv. fjvn., þá mundi landssímanum og ráðun. gefast kostur á þar og þá að gera grein fyrir þessari hlið málsins og þá líka ásamt hv. fjvn. að leitast við að finna leið eða orðalag, sem líklegt væri, að gæti orðið þannig, að Alþ. gæti á till. fallizt. Landssíminn og ráðun. munu því nota tækifærið, sem gefst með því, að málið fer til hv. fjvn., ef það fer til þeirrar n., um að bera þar fram þær upplýsingar í málinu til skýringar, sem taldar verða nauðsynlegar.

En hitt vil ég segja aftur, að að sjálfsögðu ber að leita eftir því að leysa þetta mál á þann hátt, að það verði sem mest til þess að koma í veg fyrir slys.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 125, n. 204).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Um afgreiðslu þessarar þáltill. varð samkomulag í fjvn., eins og segir á þskj. 204, og get ég strax um leið látið þess getið fyrir hönd okkar flm., að eftir atvikum og málavöxtum sættum við okkur einnig við þessa afgreiðslu. Að öðru leyti get ég vísað til þess, sem stendur í nál. á þskj. 204, og þeirrar till. til breyt. á sjálfri till., sem með því fylgir.

Í stuttri umsögn, sem póst- og símamálastjóri lét

n. í té, eru ýmsar mikilsverðar upplýsingar um þessi efni, og þykir mér líklegt, að hv. þm. þætti fróðlegt að heyra ýmislegt úr umsögn hans, sem þó er tæplega tími til að fara út í nú. En þó vil ég geta þess, að í þessari umsögn eru þær upplýsingar, að skipatalstöðvar séu nú orðnar 422 talsins, en skipa- og bátafjöldinn alls 652, þar af 164 bátar undir 9 tonnum. Af þessum 164 bátum eru aðeins 9 með talstöðvar. Svo koma 198 bátar 10—19 tonna, og af þeim eru 132 með talstöðvar eða 67%. Af stærðinni 20—39 tonna eru bátar alls 136, þar af 129 með talstöðvar eða 95%. Af stærðinni 40—99 tonna eru alls 79 bátar, þar af 77 með talstöðvar eða 98%. Bátar, sem eru 100 tonna og þar yfir, eru alls 75, þar af 75 með talstöðvar eða 100%. — Þetta yfirlit sýnir, hversu útbreiddar talstöðvar eru orðnar í skipaflotanum. En það kom sérstaklega í ljós við umr. þær, er fram fóru í fjvn., að mikil þörf er á því, að sjómennirnir sjálfir á bátunum hafi vakandi auga fyrir þýðingu talstöðva, ekki aðeins fyrir þá sjálfa, þegar svo ber undir, að þeir þurfa að nota þær, heldur einnig vegna annarra til að geta orðið þeim að liði, þegar eitthvað vill til og bátarnir eru í nauðum staddir.

Um þessa sérstöku talsímaþjónustu, sem póst- og símamálastjóri í erindi sínu nefnir hlustvörzlu, segir hann og leiðir rök að því, að ef færa ætti út till., þannig að í hverri einustu verstöð væri hlustað, yrði mikill kostnaður því samfara. Það er sanni næst, að tilgangur flm. er ekki sá, heldur að hlustunarstöð gildi fyrir margar verstöðvar, og við það áttum við ekki sízt, þegar við lögðum áherzlu á hagkvæmt skipulag í þessum málum, að víða væri komið í veg fyrir mikinn tilkostnað. En þessi atriði öll þarf að taka til athugunar, og n. komst að þeirri niðurstöðu, að koma þyrfti á hlustvörzlu nú þegar í öllum helztu veiðistöðvunum og þá einkum í þeim, þar sem veiðar eru stundaðar að vetrinum.

Þá er í umsögn póst- og símamálastjóra lögð áherzla á, að það þurfi sólarhringshlustvörzlu við suðurströnd landsins í Hornafirði. Hann gerir að vísu aths. við, að það þyrfti að vísu kannske ekki að vera sólarhringshlustvarzla þar, en n. getur ekki séð annað en eins sé þörf á henni þar eins og hvar annars staðar. Þá eru Vestmannaeyjar og svo hér við suðurströndina Reykjavík, sem þá hefði a. m. k. gæzlu fyrir Akranes og ef til vill, ef hægt væri að koma því við, fyrir Suðurnes. En það taldi póst- og símamálastjóri ekki vera að fullu rannsakað, hvort verstöðvarnar á Revkjanesi hefðu jafnmikið gagn af hlustvörzlu í Reykjavík og t. d. Akranes eða veiðistöðvar norðan Faxaflóa. En þessi svæði eru talin af honum, — og það tekur n. undir, — vera þau, sem hafa þörf fyrir sólarhringshlustvörzlu þegar í stað.

Svo er það Ísafjörður og Siglufjörður. Við, sem höfum flutt þetta mál, teljum það nauðsyn, að staðir á Austurlandi, eins og t. d. Norðfjörður, sem hefur mesta útgerð þar, yrðu aðnjótandi þessarar hlustvörzlu þann tíma, sem sjór er þar mest stundaður, en það mun vera mest sumar- og haustmánuðina. Sem sagt, þessar stöðvar, sem ég hef nú talið upp, eru nauðsynlegar að dómi bæði póst- og símamálastjóra og n. Hann minnist að vísu ekki á Norðfjörð sérstaklega, en ég held, að það sé af gleymsku. Það eru þessar stöðvar, sem af póst- og símamálastjóra og n. eru taldar þurfa að framkvæma þessa sérstöku hlustvörzluþjónustu nú þegar, að hlustað sé allan sólarhringinn. —

Svo er þar fyrir utan lagt til, að ríkisstj. sjái svo um, að gætt sé fyllsta öryggis á varðskipum og gæzlubátum og þar þurfi hlustvarzlan að vera stöðugri en verið hefur. Það kom í ljós, þegar farið var að ræða málið í fjvn., að á sumum gæzlubátunum hafði það komið fyrir, að tæki til þessara hluta voru tímunum saman ónothæf, og má það furðu gegna. En þetta var upplýst, og þess vegna er skýrt frá því hér. Fjvn. lagði áherzlu á, að allt varðandi talstöðvaþjónustu á varð- og gæzluskipunum væri jafnan í góðu lagi og talstöðvaþjónustan þar rækt slindrulaust. Þá féllst n. einnig á það sjónarmið, sem fram kom hjá fagmönnum póst- og símamálastjórnarinnar, að samvinna sjómanna og báta væri mjög nauðsynleg, og má segja, að það starf, sem unnið er í landi bátunum til hjálpar, njóti sín ekki nema til hálfs, nema vel sé á móti tekið á sjónum. Sjómenn þurfa að gæta þess að hafa talstöðvar sínar í lagi og reyna eftir föngum að njóta þeirra, ekki einungis til þess að hlusta til lands fyrir sig sjálfa, heldur líka til að hlusta á aðra báta, og það er að því, sem 3. liður brtt. fjvn. snýr, að eftir slíku samstarfi við útgerðarmenn og talstöðvar sé leitað.

Það kom fram í fjvn., að í rannsókn væri að undirbúa heildarkerfi fyrir radíóvita og miðunarstöðvar, og benti þá ríkisstj. á það, að hún feli þeim sömu aðilum, sem nú vinna að því að undirbúa heildarkerfi fyrir radíóvita og miðunarstöðvar, hliðstæða athugun á því, hvernig hlustvörzlubjónustunni að þessu leyti yrði bezt fyrir komið. En hins vegar var n. á þeirri skoðun, að fleiri aðilar kæmu þarna til greina en sérfræðingar, sem stj. hefði falið þessa rannsókn, og taldi þörf á því að leita álits Slysavarnafélags Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandsins og Alþýðusambands Íslands um þetta mál. Er gert ráð fyrir því, að þessar stofnanir vilji góðfúslega láta menn frá sér til þess að ræða við þá sérfræðinga, sem eiga að undirbúa heildarkerfi fyrir radíóvita og miðunarstöðvar. Það er gert ráð fyrir, að þessir menn ræði sérstaklega við þessa sérfræðinga um það, hversu koma megi á sem beztan og öruggastan hátt talstöðvaþjónustu og hlustvörzlu í sambandi við slysavarnir, þannig að þessi merkilegu áhöld, sem líklega eru meira notuð af íslenzkum fiskiskipum en skipum annarra þjóða, geti orðið að sem beztu gagni og komið í veg fyrir slys, að svo miklu leyti sem það er unnt, og að öðru leyti til þess að hjálpa sjávarútgerðinni sem bezt á ýmsan hátt. N. er það ljóst, að þetta þarf gagngerðrar athugunar við og að margt þarf að athuga og lagfæra í þessum málum, bæði að því er snertir meðferð tækja í bátum, hlustvörzlu í

landi og hlustvörzlu á sjó. Þó að n. hafi til bráðabirgða gert þær till., sem ég ræddi áðan um, þá er henni ljóst, að það er aðeins hluti af því, sem vinna þarf. Hún álítur, að bezt verði þetta skipulagt með því fyrirkomulagi, sem farið er fram á í brtt. á þskj. 204.

ATKVGR.

Brtt. 204 samþ. með 29 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 237).

19. Þjóðfáni Íslendinga.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um notkun íslenzka fánans (A. 136).

Á 26. fundi í Sþ., 6. marz, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Á þskj. 136 flytjum við hv. þm. N-Ísf. till. til þál. um notkun íslenzka fánans. Tilgangur till. er sá að auka sem mest rétta notkun íslenzka fánans, og ríkisstj. er með þessari till. falið að gera vissar ráðstafanir í þessu skyni. Enn fremur er ætlazt til þess, að ríkisstj. sé falinn undirbúningur löggjafar um íslenzka fánann.

Allar sjálfstæðar þjóðir eiga sín sérstöku þjóðarmerki, sem eru tákn hins sérstaka þjóðernis þeirra, fyrst og fremst fáninn. Þess vegna hefur fánabarátta víða orðið mikilvægur liður í sjálfstæðisbaráttu þjóðanna. Við Íslendingar eigum einnig okkar fánabaráttu. Við eigum okkar baráttu um endurbætt stjórnskipulag um miðja síðustu öld. Kröfurnar voru þá fyrst og fremst um að fá löggjafarvaldið inn í landið og sömuleiðis dómsvaldið og stjórn landsins. Og nú á síðustu árum hefur krafa okkar verið sú, sem vonandi er að verða að raunveruleika, að við tækjum öll okkar mál og æðstu stjórn landsins inn fyrir landsteinana.

Áður en stjórnarbótarmálið var langt komið, kom fánabarátta inn í sjálfstæðisbaráttu okkar. Forystumönnum þjóðarinnar var það þegar ljóst, að þjóð, sem var að berjast til sjálfstæðis, hlaut einnig að berjast fyrir sérstökum þjóðfána. Þeim var ljóst, að ekki var unnt að sætta sig við, að erlendur fáni blakti yfir landinu, yfir höfnum, bryggjum og á skipum, sem siglt var af Íslendingum hér við land og á höfum úti og í erlendum höfnum, fáni, sem væri nokkurs konar innsigli þess, að við værum danskir borgarar, en ekki íslenzkir.

Ég mun nú ekki rekja ýtarlega sögu fánabaráttu okkar, en ég vil aðeins minna á, að í sambandi við þúsund ára þjóðhátíð okkar árið 1874 var komin alda um hinn blá fána, þ. e. a. s. hvítan fálka í bláum feldi. Hann var dreginn við hún á Þingvallafundinum 1873 og blakti víða 1874 á þjóðhátíðinni. En nokkru síðar komu fram raddir um, að þessi fáni, hvítur fálki í bláum feldi, væri ekki heppilegur þjóðfáni. Og 1885 má segja, að fánabaráttan hefjist fyrir alvöru, þegar stjórnskipunarnefndin, sem starfaði í þinginu, lagði fram frv. um þjóðfána Íslands. Formaður og frsm. þessarar n. var Jón Sigurðsson frá Gautlöndum. 1. gr. þess frv. hljóðaði svo: „Ísland skal hafa sérstakan fána.“ Og síðan voru í frv. ákvæði um gerð hans. Gerð hans átti að vera svo, að hann átti að vera þrílitur. Í miðju átti að vera rauður kross með hvítum jöðrum. Í einu horninu átti að vera danski fáninn, því að þá vorum við óaðskiljanlegur hluti Danaveldis. En hitt af fánanum var hvítur fálki á bláum feldi. Þessi fáni var dreginn upp af Benedikt Gröndal og er á Þjóðminjasafninu. (Þetta form fánans var prentað með litum á þskj. nr. 423 1941). — Þetta frv. náði ekki fram að ganga þá. En upp úr þessu hefst fánabaráttan. Og þá komu nokkru síðar fram raddir, sem skáldið mikla, Einar Benediktsson, mun hafa átt hugmynd að og barðist fyrir af miklum eldmóði. Út í þá sálma skal ég ekki fara hér.

Það hefur um langan aldur verið deilt um gerð fánans. En það atriði liggur að sjálfsögðu ekki fyrir með þessari þáltill. Þess er þó rétt að geta, að gerð fánans, eins og hún er nú, var ákveðin 1915 með konungsúrskurði, en till. um gerð hans eru frá n., sem skipuð var 1913 og í voru þessir menn: Guðmundur Björnsson, sem var form., Jón Aðils, Matthías Þórðarson, Ólafur Björnsson ritstjóri og Þórarinn B. Þorláksson listmálari. — Síðan 1915 er fáninn óbreyttur, og 1918 er hann orðinn ríkisfáni, um leið og við fáum viðurkennt fullveldi okkar.

Þegar Íslendingar fengu sinn eigin fána, var það stórt spor stigið í sjálfstæðisbaráttunni. Og það var þá og er Íslendingum mikið gleðiefni að geta dregið að hún sinn íslenzka fána innan lands og utan, í höfnum og á höfum úti í stað fána annars lands. Því hefur verið lýst, hve mikið stolt hafi gripið íslenzka farmenn, þegar þeir gátu fyrst dregið upp fána hins fullvalda íslenzka ríkis.

En almenningur hefur, því miður, síðan við fengum viðurkenndan fána okkar, ekki sýnt fánanum þá virðingu, sem við hefði mátt búast, eins og eldmóðurinn var í baráttunni um að fá okkar sérstaka fána og með tilliti til þess, hvað öðrum þjóðum er þeirra fáni. Þessi þáltill. á að verða til þess, að menn verði hvattir til að auka notkun íslenzka fánans. Að því ber að stefna, að sem flestir hafi fánastengur á húsum sínum og dragi þjóðfánann upp við hátíðleg tækifæri og á hátíðlegum stundum. Þetta er ekki tildursmál eitt, því að fáninn hefur sína sögulegu þýðingu, og fáninn verður til þess að blása mönnum í brjóst aukna þjóðerniskennd og þjóðrækni. Þessi þáltill. fer fram á, að Alþ. samþ. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að lýsa yfir þeirri ósk og áskor-

un til allra landsmanna, að efld sé og aukin notkun íslenzka fánans og virðing fyrir honum sem tákni hins íslenzka þjóðernis og fullveldis.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera eftirfarandi ráðstafanir í þessu skyni:

1. Að hvetja bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir um land allt og sem flest félög og samtök, er vinna að menningar- og þjóðernismálum, til þess að beita áhrifum sínum í þá átt, að sem flestir Íslendingar eignist íslenzkan fána, komi sér upp fánastöngum og dragi íslenzka fánann að hún á hátíðlegum stundum.
2. Að hlutast til um eftir föngum, að jafnan sé fáanlegt í landinu við sanngjörnu verði nægilegt af fánastöngum og íslenzkum fánum í réttum hlutföllum og réttum litum.
3. Að gefa út tilkynningu um fánadaga, þ. e. þá hátíðisdaga ársins, sem sérstaklega er óskað, að allur landslýður dragi fána að hún.
4. Að vinna að undirbúningi löggjafar um íslenzka fánann.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða fé úr ríkissjóði til þess að standast kostnað við framkvæmd þessarar þingsályktunartillögu."

Ef allar þessar sveitarstjórnir, sýslunefndir og bæjarstjórnir og öll þessi félög taka höndum saman um að vinna að þjóðlegri og virðulegri notkun íslenzka fánans, má vinna stórvirki á þessu sviði. Og ég vil sérstaklega geta um ein samtök, mjög fjölmenn, hér á landi, sem hafa sýnt íslenzka fánanum alveg sérstaka rækt og reynt að auka virðingu fyrir honum, sem eru íþróttafélögin og ÍSÍ.

Nú er það svo, að þeir menn, sem vilja hafa fánastengur á húsum sínum, þurfa langflestir að fá þær smíðaðar. Æskilegast væri, að ríkisstj. beitti sér fyrir því, að fyrirvaralítið væri hægt fyrir menn að fá keyptar fánastengur og helzt með kostnaðarverði.

Þá er farið fram á það í þessari þáltill., að ríkisstj. geri ráðstafanir til þess, að jafnan sé fáanlegt í landinu nægilegt af íslenzkum fánum í réttum hlutföllum og réttum litum. En það hefur, því miður, oft verið svo, að þeir fánar, sem notaðir hafa verið hjá okkur, hafa ekki verið í réttum litum og réttum litahlutföllum. En um þetta þarf að gæta mestu nákvæmni.

3. liður þáltill., um fánadaga, er um, að ríkisstj. gefi út sérstaka tilkynningu um fánadaga, þ. e. þá hátíðisdaga ársins, sem sérstaklega er óskað, að allur landslýður dragi fánann að hún. Að sjálfsögðu mun það verða svo, að einstakir menn, fyrirtæki og stofnanir draga fána að hún, þegar sérstaklega stendur á fyrir þeim eða þegar hópar manna, sérstaklega félög, svo sem bæjarfélög eða sveitarfélög, hafa sinn tyllidag. En svo á að hafa daga, þegar öll þjóðin á að draga fánann að hún, svo sem t. d. 17. júní og 1. des., og e. t. v. kæmu þá fleiri dagar til greina. Tilgangurinn er, að ríkisstj. gefi út tilkynningu um slíkt til þess að kynna þjóðinni, að ætlazt sé til þess, að allur landslýður dragi upp fánann þá.

Í 4. lagi er ríkisstj. falið í þáltill. að vinna að undirbúningi löggjafar um íslenzka fánann.

Á Alþ. 1941 flutti ríkisstj. frv. til l. um þjóðfána Íslendinga. Það er vissulega kominn tími til þess, að við setjum okkar eigin löggjöf, þar sem bæði sé tekið fram um gerð fánans, notkun hans og annað, sem meðferð hans snertir. Þetta áminnzta frv. var samið samkv. þál., sem samþ. hafði verið þá árið áður, og sniðið í verulegum atriðum eftir fánalöggjöf Norðmanna og Svía. En þessar þjóðir báðar hafa ákvæði í stjskr. sinni um fánann og enn fremur sérstaka fánalöggjöf. Efni þessa frv. var í aðalatriðum þetta: Um gerð almenns þjóðfána, póst- og símafána, tollfána og hafnsögumannsfána. Þá var og í frv. bann við aukamerkjum á þjóðfánanum, ákvæði um fánastengur og á hvaða tíma mætti hafa fánann uppi. Þá var þar og ákvæði um, að sýnishorn af réttum litum fána skyldi vera til á vissum stöðum, sem dómsmálaráðuneytið ákvæði og auglýsti, bann við því að nota fána, sem væru upplitaðir eða slitnir, bann við að nota fánann án sérstaks leyfis í firmamerki, vörumerki á söluvarningi eða merki á umbúðum eða auglýsingu á vörum, o. s. frv. — Þetta frv. var lagt fyrir Alþ. 1941. Það komst til n., en málið var ekki afgreitt frá þinginu. Það var síðan flutt árið 1942 af fimm þm. og komst til n. annað sinn, og nál. kom þá, þar sem mælt var með samþykkt frv. En það komst ekki einu sinni til 2. umr. í d. Síðan hefur þetta mál ekki verið flutt á hæstv. Alþ. En það er vissulega kominn tími til þess, að við setjum okkur fánalöggjöf. Ég ætla, að málið hafi dagað uppi vegna deilna um gerð fánans, hvort hann ætti að vera þrílitur eða eins og hann áður var. En við flm. þessarar þáltill. teljum, að ekki verði lengur dregið að setja löggjöf um þjóðfánann, og óskum þess, að sett verði fánalöggjöf, um leið og íslenzka lýðveldið verður stofnað.

Ég skal taka fram eitt atriði um nauðsyn á því að setja fánalöggjöf. Í íslenzkum l. eru engin refsiákvæði gegn því að sýna íslenzka fánanum óvirðingu eða smána hann. Hins vegar eru í hegningarl. okkar lagðar þungar refsingar við því að smána fána erlendra ríkja. Það eru lagðar við því sektir, varðhald eða allt að 6 ára fangelsi. Svo mikils þykir við þurfa að vernda virðingu erlendra þjóðfána. En íslenzki löggjafinn hefur ekki enn sýnt íslenzka fánanum þá virðingu að leggja refsingu við óvirðingu á íslenzka fánanum.

Árið 1937 kom fram á Alþ. frv. til l. um breyt. á og viðauka við hin almennu hegningarl., og við það kom fram brtt., svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Hver sá, sem af ásettu ráði sýnir fána Íslands óvirðingu í orði eða verki, skal sæta sektum eða fangelsi." — Þetta mál dagaði þá uppi. Og þegar hegningarl. voru sett árið 1940, þá var ekkert slíkt ákvæði tekið upp í þau. Ég bendi á þetta til þess að sýna, hve rík nauðsyn er á að fá löggjöf um íslenzka fánann.

Ég býst við, að á því sé almennur áhugi í landinu að fá fánalöggjöf, og skal ég benda hér á

eina samþykkt aðeins til dæmis um þetta. Það er samþykkt, sem gerð var á síðasta sambandsþingi ungra sjálfstæðismanna í júní sl., og bendi ég ekki á hana hér á nokkurn hátt til þess að koma pólitík í þetta mál, heldur til þess að sýna vilja nokkurs hluta íslenzkrar æsku, sem ég er viss um, að er í samræmi við óskir allra landsmanna. Samþykktin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sambandsþing ungra sjálfstæðismanna, haldið á Þingvöllum og Reykjavík 18. og 20. júní 1943, ályktar að skora á Alþingi að setja þegar á næsta þingi löggjöf til verndar íslenzka fánanum, sem meðal annars mæli fyrir um alla meðferð og notkun fánans í samræmi við þá virðingu og helgi, sem samboðin er hinu þjóðlega tákni sjálfstæðis og frelsis íslenzku þjóðarinnar. Jafnframt lýsir þingið þeim eindregna vilja ungra sjálfstæðismanna, að ákveðin gerð og lögun íslenzka fánans eins og hún er nú verði löghelguð í stjórnarskránni þannig, að aldrei geti orðið breytingar þar á, án þess að þjóðin í heild geti tekið afstöðu til þess við almennar kosningar. Skorar þingið á þingmenn Sjálfstæðisflokksins og fulltrúa í milliþinganefnd í stjórnarskrármálinu að beita sér fyrir framkvæmd þessa, þegar hin víðtækari endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem nú er ráðgerð eftir stofnun lýðveldisins, kemur til framkvæmda."

Ég ætla, að þær sömu skoðanir, sem koma fram í þessari ályktun, eigi sér ekki aðeins hljómgrunn meðal allrar íslenzkrar æsku, heldur alls þorra landsmanna. Og að setja ákvæði um íslenzka fánann inn í sjálfa stjskr. tel ég æskilegast, en það verður að bíða gagngerðrar endurskoðunar stjskr., sem síðar kemur til.

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, en von okkar flm. er sú, að þáltill. þessi nái samþykki og verði spor í áttina til þess að auka virðingu fyrir íslenzka fánanum og auka stórlega notkun hans meðal landsmanna. Það er von okkar, að innan skamms verði landið, hvenær sem tyllidaga þjóðarinnar ber að garði og sérstaklega þegar lýðveldið verður stofnað, baðað í fagurri fánabreiðu til marks um íslenzkt sjálfstæði og jafnframt til þess að halda vakandi tilfinningu Íslendinga fyrir þjóðerni sínu um allan aldur.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til allshn. með 18:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

já: PHerm, PZ, PÞ, SigfS, SG, SkG, SvbH, ÞÞ, ÁÁ, BSt, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, GJ, HelgJ, IngP, JörB.

nei: PO, SB, SK, STh, SÞ, ÞG, ÁkJ, EE, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, KA, LJós.

GSv greiddi ekki atkv.

17 þm. (ÓTh, PM, SEH, StJSt, StgrA, BG, BBen, BrB, EOl, FJ, GG, GÍG, HG, HermJ, JJ, LJóh, MJ) fjarstaddir.

Við nafnakallið sagði

Eysteinn Jónsson: Þar sem ég tel, að mjög þurfi að vanda til ályktunar um jafnþýðingarmikið mál og þetta, segi ég já.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 136, n. 177, 183, 224).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 224. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Það lítur út fyrir, að þetta mál, sem hér liggur fyrir, sé nokkuð flókið, því að margar hafa komið um það tillögurnar. Þegar málið var til meðferðar í allshn., var um það lítill ágreiningur, og var aðallega eitt, sem n. fannst nauðsynlegt að bæta við. Það var, að lagt yrði fram frv. til fánalaga í vor með það fyrir augum, að það yrði samþ. þá þegar, svo að til væru fánal., um leið og lýðveldið væri stofnað.

Aðrar breyt. voru smávægilegar. Þó varð það að samkomulagi að orða till. um. T. d. þótti ekki eðlilegt, að í henni stæði: „að sem flestir Íslendingar eignist fána", — og er í stað þess komið: „að sem flest heimili á Íslandi eignist fana og noti hann". Opinberum byggingum og fyrirtækjum er sleppt, þar sem fáninn er þegar til á öllum slíkum stöðum. Það ákvæði var fellt úr till. að fela ríkisstj. að gera þær ráðstafanir, sem flm. fara fram á í upphafl. till., en í stað þess lagt til, að Alþ. skori á bæjarstjórnir og sýslunefndir o. s. frv. að vinna að því, að fáninn verði notaður meira en gert hefur verið. N. fannst ekki ástæða til að kveða sterkar að orði, því að henni var ljóst, að ef lagt yrði fram frv. til fánalaga, mundi það tekið fyrir, hvernig landsmenn skyldu haga sér gagnvart fánanum.

Hv. flm. féllust þegar á, að rétt og nauðsynlegt væri að leggja fram frv. til fánal., þegar Alþ. kæmi saman næst, en óskuðu eftir, að till. yrðu samþ. eins og þær fóru frá þeim, að þessu einu breyttu.

En í kvöld er útbýtt hér nýjum till., og tveir af flm. þeirra eru einmitt flm. upphaflegu till. Þessar síðustu till. sýnast mér vera soðnar saman úr upphafl. till. og till. allshn., svo að ég get gert flm. það til þægðar að samþ. till. á þskj. 224. Þar halda þeir sér við það ákvæði, að Alþ. álykti að fela ríkisstj. þær ráðstafanir að hvetja til notkunar á fánanum, og ætlast þeir til, að ríkisstj. skipi bæjarstjórnum og sýslunefndum að framkvæma það verk. Það er engin ástæða til að hafa á móti því, að till. sé orðuð á þennan hátt, ef ríkisstj. vill verða við þeirri áskorun og talið er, að það sé heppilegra en með orðalagi allshn.

Í till. á þskj. 224 virðast flm. ætlast til, að ríkisstj. með samningsumleitunum við verzlunarsamtök tryggi það, að fáanlegt verði nauðsynlegt efni og fánastengur. Ég verð að segja, að ég kann betur við orðalagið eins og það var áður, að Alþ. beini þeirri áskorun til verzlunarsamtaka, að svo verði. Ég get ekki búizt við, að ríkisstj. fari í samningsumleitanir við verzlunarfyrirtæki um að hafa þetta efni, og skil ekki heldur, að svo mikið þurfi að hvetja verzlunarstéttina til þess. En þetta eru smá-

munir, sem óþarfi er að deila um, og ég get sem sagt gert flm. það til geðs að samþ. till. á þskj. 224.

Það er víst, að ekki er nema nauðsynlegt og eðlilegt að brýna fyrir landsmönnum að bera virðingu fyrir fána sínum og nota hann. Við vitum, að nágrannaþjóðir okkar sýna fánum sínum meiri virðingu en við gerum. Það er vart til bændabýli á Norðurlöndum, sem ekki hefur fánastöng. En hvað eru margir sveitabæir á Íslandi, sem eiga fána, og hve mörg íbúðarhúsin í kaupstöðunum? Þessu þarf að breyta. Fáninn er tákn frelsisins og hefur því áreiðanlega góð áhrif á alla Íslendinga og þroskar það, sem íslenzkt er og þjóðlegt.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég vil þakka hv. 2. þm. Rang. fyrir góðar undirtektir, bæði um málið í heild og um till. á þskj. 224. Allshn. hefur afgreitt málið fljótt, og er ég þakklátur fyrir það. Hins vegar höfum við flm. ekki að öllu leyti getað fallizt á breyt. hennar, sérstaklega ekki eina efnisbreyt. og nokkrar orðabreyt. Ég vil taka það fram, að í nál. allshn. var ein efnisbreyt., sem ég tel sjálfsagða, en það er, að frv. til fánalaga liggi fyrir á næsta þinghluta, og tókum við flm. undir það atriði. Hins vegar er sú efnisbreyt. gerð í till. allshn., að Alþ. beini áskorun til bæjarstjórna og sýslunefnda um, að reynt verði að útbreiða notkun fánans, í stað þess, að ríkisstj. geri það. Nú mætti í fljótu bragði líta á þetta sem orðabreyt., en svo er það þó ekki. Við álítum það miklu áhrifameira, að ríkisstj. leggi slíkt fyrir stjórnir bæja og sveita, en að ein ályktun sé samþ. hér á Alþ. Af þessum ástæðum tel ég hér um efnisbreyt. að ræða og tel málinu bezt fyrir komið eins og er á þskj. 224 í till. okkar hv. þm. N-Ísf., hv. 8. þm. Reykv. og hv. þm. Mýr. Ég vona, að hv. þm. fallist á þetta, og vænti, að hæstv. ríkisstj. verði fúslega við áskoruninni.

Í öðru lagi má telja það efnisbreyt., þó ekki mikla að vísu, að við ætlumst til, að ríkisstj. hlutist til um, að fáanlegar yrðu fánastengur og annað slíkt. Þótt við tökum það ekki sérstaklega fram, var tilgangurinn sá, að ríkisstj. hlutaðist til um, að verzlunarsamtök fengju innflutningsleyfi fyrir þessum hlutum. En það kann vel að vera, að þetta sé aðeins formsatriði, sem skipti ekki máli.

Loks er í nál. allshn. sleppt nokkrum atriðum úr fyrstu till. Við tókum fram, að ráðstafanir væru gerðar til, að fánastengur og slíkt væri fáanlegt í verzlunum við sanngjörnu verði. Við áttum ekki við, að ríkisstj. legði fram fé til þeirra hluta, heldur að það yrði gert með hámarksverði. Þessu er sleppt í nál. allshn. Enn fremur var annað atriði. Það er, að tekið sé fram, að unnið sé að því, að fáninn verði í réttum litum og hlutföllum, en á því hefur oft orðið misbrestur. Þetta hefur fallið niður.

Loks er í frumtill. ætlazt til, að ríkisstj. fái heimild til að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af þessu kynni að leiða. Kostnaður getur að vísu aldrei orðið verulegur, en þó má t. d. hugsa sér, að stj. vildi fela ákveðnum manni að undirbúa fánalög. Þetta ákvæði hefur allshn. fellt niður.

Vegna þessara breyt. allshn. hafa till. á þskj. 224 verið fluttar. Þar höfum við tekið upp öll atriði í nál., sem máli skipta, og fært í betra form það, sem við gátum ekki fellt okkur við.

Við væntum, að hv. þm. geti fallizt á till., sem eru eiginlega, — eins og hv. 2. þm. Rang. tók fram, — soðnar upp úr frumtill. og nál. allshn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég gerði engan ágreining um þetta mál í allshn. og skrifaði undir nál. hennar fyrirvaralaust. Ég taldi, að það, sem skipti mestu máli, væri að ákveða, að samið yrði frv. til fánal., sem lagt yrði fyrir næsta þinghluta og yrði þá samþ. Ég hef haft orð á, að þetta ætti að gera nú. Það hefur ekki verið gert, og liggur ekki fjarri að halda, að óeining sé um gerð fánans. Mér finnst, að eitt af því, sem koma ætti, sé einmitt, að við ákveðum sjálfir og myndum okkar fánal., en séum ekki bundnir við það, sem nú er. Vegna óvissu um það, hvernig fáninn verður, tel ég ekki rétt að ýta frekar á eftir því, að menn fái sér fána, en það vilja hv. flm. gera. Þeir sjá ekkert athugavert við það, að flutt sé svo mikið inn af fánaefni, að sérhver Íslendingur geti eignazt fána. Þess vegna tel ég, að nóg sé ýtt á eftir þessu, eins og sakir standa, þótt orðalag till. sé ekki haft eins og það var í upphaflegu till.

Ég mun því fallast á till. n., en legg áherzlu á, að hæstv. ríkisstj. hafi fánal. tilbúin fyrir júnímánuð næstk.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. Af því að þessu máli er beint til ríkisstj. og ætlazt til, að hún undirbúi l., sem verða tilbúin í vor, að mér skilst, að þegar talað er um, „að fáninn verði í réttum litum og hlutföllum“, sé gert ráð fyrir, að fáninn, sem nú er, verði látinn gilda. Fyrir nokkrum árum mun hafa komið fram till. um að breyta fánanum, en mér hefur fundizt sl. tvö ár, að því væri alls ekki haldið á loft.

Ég vil taka það fram, að mér finnst ákvæðið á þskj. 224 um, að ríkisstj. sjái um að leggja þetta mál fyrir þá aðila, sem þar greinir, mjög eðlilegt, því að á þann hátt er hægt að komast nær hverjum einum en Alþ. gæti gert með einni ályktun, sem birt yrði í Stjórnartíðindum og e. t. v. í Lögbirtingablaðinu.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Hv. þm. Snæf. minntist á, að allshn. hefði afgreitt þetta mál fljótt. Það er rétt. Till. var útbýtt 3. marz, og þar sem þá tók að líða að þingfrestun, var ennað tveggja fyrir n. að gera, að afgreiða málið strax eða láta það daga uppi. Vegna fánal. taldi n. rétt að flýta afgreiðslunni, og eins og hv. frsm. tók fram, lögðu nm. áherzlu á, að skorað yrði á hæstv. ríkisstj. að undirbúa fánal. fyrir næsta þinghluta. Ég er ekki viss um, að allshn. hefði undir venjulegum kringumstæðum gengið svona fljótt frá málinu.

Annars sýnist mér, að víðar hafi verið hraðinn á en hjá allshn. Flm. sáu tvisvar sinnum ástæðu

til að breyta sínum eigin gerðum, fyrst með till. á þskj. 183 og síðan á þskj. 224, og það eru sjálfsagt margir sammála um það, að fleira mætti breyta, ef enn væri setzt niður og hugsað. Það, sem umdeilt var í allshn., var þetta, hvort leggja ætti þá skyldu á ríkisstj. að setja upp landsverzlun með fánastengur. Þetta vildi n. ekki samþ. Þess vegna var farið inn á að leggja til, að Alþ. beindi þeirri áskorun til verzlunarsamtaka að hafa fyrirliggjandi nóg af nauðsynlegu efni. Vildi ég láta þetta koma skýrt fram, en þetta kom ekki fram hjá hv. flm.

Ég get ekki fallizt á, að eðlilegt sé eða nauðsynlegt að skora á ríkisstj. að selja fánastengur og fána. Ég tel, að það liggi fyrir utan verksvið hennar að gerast þannig sérstakur verzlunaraðili með fánastengur og get þess vegna ekki fylgt brtt., — tel, að nægilegt sé að fela henni að greiða fyrir eðlilegum innflutningi á þeim vörum til landsins og láta síðan verzlunarstéttina um söluna.

Hvað snertir bréfaskriftir þær, sem þál. fór fram á, skal það tekið fram, að sé það meiningin hjá hv. flm., eins og hann minntist á, að ríkisstj. ætti að senda bréf til allra bæjarstjórna, sýslunefnda og hreppsnefnda, þá munu það vera um 500 bréf, sem send yrðu til þeirra. Allshn. felldi úr þál. heimild til að verja fé úr ríkissjóði til þessara hluta. Hún leit svo á, að ríkisstj. hefði mannafla til þess að sjá um þetta og ætti ekki að binda fé í þessu skyni.

Það, sem hv. flm. minntist á, að rétt væri að fella úr till. hin réttu hlutföll, þá vil ég benda á, að við teljum, að það atriði, hvaða hlutföll skuli vera, muni á sínum tíma koma inn í lögin, þegar þau verða samþ. Hins vegar teljum við, að það, er varðar hlutföll og liti, sé aukaatriði á þessu stigi málsins, og munum því ekki sjá ástæðu til að setja það inn.

Að öllu saman athuguðu, mun ég að sjálfsögðu halda fast við það, að samþ. verði brtt. á þskj. 177, og greiði með því atkv.

Að síðustu vildi ég aðeins minnast á, að það kom ekkert til greina raunverulega, sem hæstv. fjmrh. minntist á, að hér væri sérstaklega um þennan fána að ræða, sem nú er í gildi, því að ég lít svo á, að það sé ekkert aðalatriði, að þetta skuli vera fáni Íslands samkv. konungsúrskurði, og alltaf gert ráð fyrir því, að um sama fána væri að ræða.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Það eru aðeins fá orð, sem ég þarf að bæta við. — Hv. þm. Barð. talaði um það, að við hefðum breytt tvisvar gerðum okkar með því að flytja fyrst brtt. um eitt atriði og síðan allsherjarbrtt. um orðalagið. Nú, þetta má kannske orða svo. Ég tók það fram í ræðu minni, að ég hefði í huga, að frv. um fánal. væri lagt fyrir Alþ., þegar það kemur næst saman. Og ég tók fram í framsöguræðu minni, að trygging væri sjálfsögð fyrir því, að þetta væri gert. En þegar við athuguðum nál., komumst við að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að afgreiða það óbreytt. Eins og ég gat um áðan, er orðalagið þannig, að ekki er hægt að afgreiða málið á þann hátt.

Hv. þm. minntist á eitt atriði, sem ég tel ekki ástæðu til að slá föstu. Hann minntist á, að ekki væri æskilegt, að ríkisstj. tæki að sér að setja landsverzlun með fánastengur og till. okkar gæfi ástæðu til að ætla slíkt. Till. okkar benti ekki hið minnsta í þá átt, og dytti tæplega nokkrum manni í hug að fara inn á þetta hugmyndaflug hv. þm. — Hann talaði um, að óeðlilegt væri, að ríkisstj. tæki upp samvinnu við verzlunarstéttina um þetta efni. Mér finnst sjálfsagt, að ríkisstj. geti snúið sér t. d. til SÍS og annarra verzlunarfélaga og farið fram á, að þau beittu sér fyrir því, að þau hefðu sem mest fyrirliggjandi efni í fána og fánastengur. — Hv. þm. telur óeðlilegt, að Alþ. snúi sér til hreppsnefnda, sýslufélaga og bæjarfélaga, og finnst mikið umstang að senda 500 bréf. Ef honum finnst það kostnaðaratriði að eyða frímerkjum í þessu sambandi á 500 bréf, þá mun hv. þm. sjá ofsjónir. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, en vil fara fram á, að till. allshn. verði tekin til greina og nái fram að ganga.

Gísli Jónsson: Ég vil taka það fram, að það er ekki ætlazt til þess, þó að brtt. verði samþ., að ríkisstj. hafi neina heimild t. d. til að gera samning um fánann, hvorki við SÍS né önnur samvinnufélög. Hins vegar er leitt að heyra, að það skuli vera meiri áhugi hjá hv. þm. Snæf. að vera með skæting en á málinu sjálfu. Mér þykir það leitt.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. þm. Barð. spurði mig, hvort það væri venja mín að skrifa undir nál. fyrirvaralaust og vera svo meðflm. að öðrum till. Þetta er nú ekki sjaldgæft, ef ekki ber mjög mikið í milli. Ég er í n. þeirri, er fjallað hefur um þetta mál og gert brtt. við það. Ég skrifaði undir þá breyt. og spurði, hvort samkomulag væri við flm. þáltill., og skildist mér, að svo væri. En þegar ég fór að líta á þetta nánar og bera saman við hina nýju brtt. flm., þá kunni ég betur við orðalag hennar, og þá vildi ég frekar hlíta því og skrifaði því undir þá till., vegna þess að ég taldi þá till. heppilegri. Þó er ekki ástæða til að ræða þetta meir en nú er orðið.

ATKVGR.
Brtt. 224 samþ. með 29:1 atkv.
Brtt. 177 og 183 komu því ekki til atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 238).

20. Framkvæmdir á Rafnseyri (fyrri till.).

Á 27. fundi í Sþ., 7. marz, var útbýtt:
Till. til þál. um framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð (A. 160).

Á sama fundi var till. tekin á dagskrá, til ákvörðunar um, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 28. fundi í Sþ., 8. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Það er oft minnzt á það, að hér á landi sé lítið gert fyrir sögustaði. Ég geri ráð fyrir því, að ef breyt. á að verða á þessu, þá muni helzt verða eitthvað gert fyrir sögustaði í sambandi við tímamót eða minningarhátíðir.

Ef eitthvað ætti að gera í sambandi við stofnun hins síðara þjóðveldis hér á landi fyrir sögustaði, þá geri ég ráð fyrir, að flestir landsmenn verði sammála um það, að það beri að gera eitthvað fyrir fæðingarstað Jóns Sigurðssonar.

Nú er það margvíslegt, sem má gera fyrir slíkan stað. Það má gera eitthvað til þess að bæta samgöngurnar og gera mönnum greiðari götu þangað. Það má gera eitthvað til minningar um þá atburði eða þá ævi, sem þar hefur verið lifað, með því að reisa minnismerki eða með einhverju öðru slíku. Og það má gera eitthvað, sem gerir hlýlegra fyrir gesti, sem koma á þessa staði, svo að þeir fái þar þær viðtökur, sem þeir þurfa, þegar þeir koma á fræga sögustaði sér til skemmtunar og hressingar.

Nú skal ég engar tillögur gera um slíkt í þessu sambandi, hvað ætti að gera fyrir þennan stað, Rafnseyri, ef eitthvað verður gert, því að það er það, sem lagt er hér til í þessari till., að fengið sé mþn. eða n., sem sett verði til þess að undirbúa þjóðhátíð í tilefni af sjálfstæði Íslands með stofnun hins síðara íslenzka þjóðveldis.

Rafnseyri liggur vel í sveit, og áður en langt líður, verður kominn þangað bílvegur. Liggur þá þessi staður mjög miðsveitis á Vesturlandi, og munu bæði sögulegar ástæður og afstaða staðarins sjálfs beina þangað mörgum mönnum. Ég vil vænta þess, að sú n., sem sett verður vegna þjóðhátíðarinnar, geti orðið sátt um þær till., sem Alþ. lítist vel á að samþ. Að þessu sinni kostar það ekkert fé að samþ. till., en auðvitað gæti slíkt leitt af henni síðar. Ég held, að það sé vel forsvaranlegt að vísa þessari till. ekki til n., enda orðið of seint að fresta umr., og vil ég því, að hún verði borin undir atkv. til samþykktar eða synjunar.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég held, að það hafi ekki mikil áhrif á atkvgr. um þessa till., þó að hafðar verði um hana umr. hér, þar sem fáir þm. eru viðstaddir. En þó að ég sé því á engan hátt ósamþykkur, að þessum stað verði sýndur sómi, þá finnst mér nú satt að segja till. of óákveðin, bæði að orðalagi og hugsun, til þess að það sé sæmilegt að samþ. hana beinlínis af svo miklu tilefni, sem hér er, þar sem ráðgert er að setja þetta í samband við lýðveldisstofnun á Íslandi, og eins hitt, að meðan Alþ. hefur ekki enn þá með berum orðum samþ. að tengja lýðveldisstofnunina sjálfa við afmælisdag Jóns Sigurðssonar, sem ég þó efast ekki um, að verði gert í framkvæmdinni, þá finnst mér það þó vera harla lítil uppbót fyrir það, sem upphaflega var ráðgert, og verður í rauninni sára lítil uppbót út af fyrir sig að bera fram till. um það að tengja lýðveldisstofnun á þennan hátt við nafn Jóns Sigurðssonar. Mér finnst, að sé um of mikið hégómamál að ræða til þess að bera það fram undir því yfirskini, sem gert er. Það getur verið ástæða til að hlúa að þeim stað, sem hér er um að ræða, en mér finnst ekki viðeigandi nú að gera um það svo hátíðlega samþykkt, þar sem ekki felast raunverulegar framkvæmdir í till. Mér þætti því heppilegast, að þessari till. yrði vísað til hæstv. ríkisstj., sem gæti þá e. t. v. látið hátíðarnefnd athuga þetta mál eða þá einhverja aðra menn. Hér er sennilega um það að ræða, hvort koma eigi upp skóla fyrir Vestfirði. Mér þætti nær, að til þess væri fenginn einhver Vestfirðingur, en að þjóðhátíðarnefnd fengi þetta til ákvörðunar, og þætti þá bezt viðeigandi, að hæstv. ríkisstj. léti þjóðhátíðarnefndarmenn líta á þetta, ef till. væri vísað til hennar. Mér þætti það eðlileg málsmeðferð, einkum þar sem till. um sjálfa þjóðhátíðina var vísað til ríkisstj., að þá væri jafnsmávægilegri till. og hér er um að ræða einnig vísað til hennar.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Það getur sagt hver sem vill, að hér sé um hégómamál að ræða. Saga Íslands verður ekki skrifuð upp eða breytt af mér eða hv. 6. þm. Reykv. Þó að ekki sé búið að binda það með alþingissamþykkt, að stofnun lýðveldisins verði kennd við Jón Sigurðsson, verður samþykkt Alþ. alltaf tengd við nafn hans, hvað sem þessi hv. þm. segir. Í þessari till. er ekki annað fólgið en það, að það sé sæmilegt að gera eitthvað fyrir einhvern sögustað á landinu í sambandi við lýðveldisstofnunina, og þá auðvitað lagt til, að það sé fæðingarstaður Jóns Sigurðssonar.

Till. er af ásettu ráði óákveðin, því að allar frekari ákvarðanir eru geymdar þeirri nefnd, sem um þetta mál á að fjalla, og ef þjóðhátíðarnefndin á að hafa þetta mál með höndum, getur þingið eins framkvæmt það sjálft eins og að fara einhverjar krókaleiðir, og slíka till. vil ég kalla yfirskin, og það fyrir fæðingarstað Jóns Sigurðssonar.

Bjarni Benediktsson: Ég get mjög vel fallizt á það, að Íslandssaga verði ekki skrifuð upp eða breytt af mér eða hv. þm. V.-Ísf., og var það sú aths., sem menn eiga að venjast úr þeirri átt, en ekki sérlega efnismikil. En eins og það er víst, að hlutur Jóns Sigurðssonar í sjálfstæðisbaráttunni hvorki minnkar né vex við það, að lýðveldi verður stofnað á Íslandi, mun hlutur hans ekki minnka við það, að efnislaus till. sé hér samþ. og borin upp sem uppbót fyrir það, að Alþ. samþ. ekki sjálft að halda þjóðhátíðina 17. júní, sem þá var gert með þeim yfirlýsingum, sem fyrir liggja. Og ég er viss um, að ef hæstv. ríkisstj. fær þetta mál til meðferðar, mun hún reka það af fullkominni samvizkusemi. En ég vil ekki, að málinu sé vísað til ríkisstj., því að það

er of lítils virði til þess, að gerð sé um það samþykkt. Ég álít, að það sé ekki tímabært, að Alþ. geri um það hátíðlega samþykkt og að sú n., sem á að gangast fyrir hátíðahöldunum tiltekinn dag, sé til þess kvödd að segja til um það, hvort koma eigi upp gistihúsi, sem líka gæti orðið skóli fyrir Vestfirði. Þetta eru svo ólík atriði, að ég skil ekki í öðru en að hv. flm. geti á þetta fallizt.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Það eru líka einkennilegar till., sem komið hafa fram í svipuðum efnum og hér er um að ræða, og má segja, að þær séu efnislausar. Það er t. d. tekin ákvörðun um það að hafa hátíðahöld, án þess að taka fram, hvernig þeim skuli hagað. Ég sé ekki, að hv. þm. þurfi að setja þetta í samband við það, að engin till. hefur verið afgreidd um 17. júní, því að það að minnast Jóns Sigurðssonar í sambandi við lýðveldisstofnunina er alveg óháð því, hvort á að minnast lýðveldisstofnunarinnar 17. júní eða ekki.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til ríkisstj. felld með 25:9 atkv.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 239).

21. Skipun læknishéraða.

Á deildafundum 9. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um skipun nefndar til að athuga breytingar á skipun læknishéraða (A. 198).

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til fyrri umr. (A. 198, 209).

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 209. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Læknaskipunin hefur verið svo mikið rædd undanfarið, að óþarfi er að bæta þar miklu við. Öllum eru kunnir þeir erfiðleikar, sem á því hafa verið hin síðari ár að sjá fyrir nægri læknisþjónustu, einkum í hinum fámennari héruðum. Nokkrar breyt. hafa verið gerðar á skipun læknishéraða með l., sem Alþ. hefur samþ., en bæði er, að breyt. á þeirri löggjöf þykja orka tvímælis, og hitt, að miklu meiri þörf er á því nú en nokkru sinni fyrr, að bætt verði úr læknaskorti þar, sem hann er tilfinnanlegastur.

Álit flm. er það, að til þess að fá ráðið bót á þessu ástandi þurfi að taka skipun læknishéraðanna í landinu í heild til athugunar og þá líka annað, sem að þessum málum lýtur, og þá fyrst og fremst það, á hvern hátt megi gera starfsskilyrði lækna betri úti um land og starfið þar með eftirsóknarverðara en það hefur verið.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. Barð. á þskj. 209 vil ég segja það eitt, að ég tel hana alveg óþarfa. Það er ekkert sérstakt í till., sem ég er mótfallinn. Eina breyt. er sú, að bætt er inn í: „og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla", en þó er við það átt að tryggja með því, hvaða ráðstafanir þyrfti að gera til þess að gera starfsskilyrðin betri og þessar stöður eftirsóknarverðari í augum dugandi lækna. Af því að þetta er skipun n., þarf ekki að taka það fram. Þar segir, að ríkisstj. skuli skipa nefnd. Þá þarf ekki að taka fram, að hún þurfi að skipa þriðja manninn. Ég sé ekkert á móti því, að þetta sé tekið fram. Ég hef sem sagt ekkert á móti brtt. hv. þm., en tel hana alveg óþarfa og hef ekki meira um hana að segja. Óska þess svo, með leyfi hæstv. forseta og Alþ., að till. sé ekki vísað til n.

Forseti (GSv): Ég skal láta þess getið í sambandi við síðustu orð hv. flm., að þessi till. gengur sína leið gegnum fyrri umr., en verður tekin til síðari umr. á morgun.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég hef, eins og hv. flm. gat um, borið fram brtt. á þskj. 209. Ég tel, að það sé mjög nauðsynlegt að setja þetta í till., því að þá er skýrt kveðið á um, að þessi n. skuli einnig taka til athugunar þessi atriði. Þetta er e. t. v. eins veigamikið atriði í málinu og læknisskipunin sjálf, en í aðaltill. er ekki sagt til um þetta. Ég held, að þegar sú stefna er tekin í læknamálunum að búta læknishéruðin í smáparta, verði að taka til athugunar, hvaða þátt ríkissjóður eigi að taka í rekstri og byggingu læknisbústaða og sjúkraskýla í hinum smærri héruðum. Ég held, að í afskekktum héruðum sé alveg nauðsynlegt að breyta löggjöfinni þannig, að ríkissjóður byggi læknisbústaðina á sinn kostnað og sjái þeim fyrir öllu, sem tilheyrir læknisstarfinu. Ég legg því til, að þetta mál verði tekið til mjög rækilegrar athugunar, og legg ég á það áherzlu, að þetta verði ekki fellt úr till. Mæli ég því fastlega með, að till. verði samþ. eins og hún er á þskj. 209.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég flyt hér litla brtt. um svolítið annað orðalag. Mér þykir rétt, að þessi n. hafi þarna stærra verksvið og að í stað orðanna „skipun læknishéraða" komi: „skipun heilbrigðismála og sérstaklega læknishéraða". Ég er hræddur um, ef n. verður látin taka þetta til athugunar, að menn kunni að komast að þeirri niðurstöðu, að það verði meira en læknishéruðin, sem hún verður að taka til athugunar. Ég býst ekki við, að þetta verði sérlega mikið deiluatriði, en ég vil leggja þetta til, þó að ég sé þessari till. samþykkur.

Ég vildi skjóta því til hv. þm., hvort ekki vanti hjá þeim að íhuga kostnaðinn við þessa n.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 240) leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Þegar ég athuga þessa till., finnst mér ekki þurfa að taka nema einn lið hennar til athugunar, og það er skipun læknishéraðanna. Í till. er þetta gert á þann hátt, að ekki er tryggt, að læknar fáist fyrir það út um sveitir landsins. Reynslan er sú, að í sumum þeim héruðum, sem nú standa auð, hefur verið mjög sæmilega búið að læknum. Það er ekki það, sem þarf að athuga, heldur vildi ég koma með brtt. um það, að starf n. verði miklu víðtækara en það er og sérstaklega verði athugað það vandamál okkar, að læknar vilja helzt hvergi vera nema í þéttbýlinu. Einnig þarf að sjá til þess, að þeir geti átt þess kost að fara utan með sæmilegum kjörum o. s. frv. Vænti ég þess, að sú breyt. verði samþ., og tel ég þá, að verksvið n. verði eins og það á að vera.

Eysteinn Jónsson: Ég tek undir orð hv. 1. þm. Rang. Að öðru leyti vil ég segja, að ég tel engan veginn nóg, að mþn. hafi með höndum rannsókn á skipun læknishéraða, heldur þarf hún að rannsaka, hvað hægt er að gera til þess að tryggja dreifbýlinu lækna. Ég hafði ætlað að gera skrifl. brtt. um það efni, en hvarf frá því, eftir að till. kom fram frá hv. 2. þm. Reykv. Þótt það sé galli, að till. er ætlað að ná yfir öll heilbrigðismál og það sé of mikið verkefni, nær hún yfir það, sem þörf er á, og getur það nægt þrátt fyrir hið víðtæka orðalag. Auk þess að athuga læknaskipunina verður að athuga læknaskort dreifbýlisins.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég vildi heldur ráða hv. þm. frá því að samþ. till. hv. 2. þm. Reykv., ekki af því, að eigi geti verið ástæða til þess að endurskoða skipun heilbrigðismála í landinu, heldur af því, að slík endurskoðun hlyti að taka mjög langan tíma og verða ákaflega umfangsmikil og engar líkur til þess, að niðurstöður hennar gætu legið fyrir í haust. Á hinn bóginn er bráðlætið svo mikið að breyta skipun læknishéraða, að ætla má, að breyt. kunni að verða gerðar síðar á árinu, án þess að heildarathugun hafi farið fram. N., sem athugaði heilbrigðismál yfirleitt, yrði að rannsaka allt aðra hluti fyrst og fremst. Hún mundi t. d. athuga sjúkrahús og hæli, farsóttir jafnt og varanlega heilsubilun, íhuga, hvern hlut ríkið eigi að bera af sjúkrakostnaði og hvernig afstaða þess og samlaganna verði í framtíð. Endurskoðun á þessu og mörgu því líku kemur lítið við því máli, sem hér liggur fyrir. Þess vegna á ekki að heimta það allt af n. Hv. flm. brtt. má ekki skilja orð mín svo, sem ég sé að mæla móti því, að ýtarleg rannsókn verði framkvæmd, þegar tök verða á.

Pétur Ottesen: Það var allmikið um það rætt í gær í sambandi við breyt. á læknaskipuninni, að ekki væri einhlítt, þótt stofnuð væru ný læknishéruð, ef lækna vantaði í mörg héruð landsins, þess vegna þyrfti að gera ráðstafanir til að tryggja fólki í sveitum læknisþjónustu, og styðst það við reynslu margra undanfarinna ára. Ég vil þess vegna leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. á þann veg, að á eftir orðunum „viðunandi læknishjálp“ í fyrri málsl. till. komi: „Skal n. einnig taka til athugunar, hverjar aðrar ráðstafanir virðast tækilegar til þess að tryggja sveitahéruðum læknisþjónustu.“ — Þar á ég aðallega við, að athugað verði, hvort eigi sé fært að leggja þá skyldu á lækna, áður en þeir fá rétt til að starfa sem fullgildir læknar hvar sem er, að þeir gegni um hríð læknisþjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 241) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Forseti (GSv): Þá hafa ekki fleiri kvatt sér hljóðs, og er umr. lokið. Verður nú gengið til atkv., og kemur fyrst til atkvgr. fyrri brtt. á þskj. 209.

Eysteinn Jónsson: Ég vildi spyrja, hvort till. hv. þm. Borgf. kemur til atkv., ef þessi verður samþ. áður.

Forseti (GSv): Þar sem hvorki orðalag né efni tillagnanna rekst á, virðist rétt að hliðra svo til, að það megi verða, ef ekki koma fram mótmæli frá hv. þdm.

Einar Olgeirsson: Getur ekki brtt. mín komið til greina á sama hátt, þótt brtt. á þskj. 209 sé samþ. áður?

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Ég vil benda hæstv. forseta á, að brtt. eru ekki stílaðar sem breytingar við brtt. 209,1, svo að þessi aðferð gæti orðið vafasöm sem fordæmi.

Forseti (GSv): Aths. hv. þm. er rétt, en svo framarlega sem ekki koma fram ákveðin mótmæli, virðist málið þess eðlis, að báðar umræddar brtt. megi efnis og orðalags vegna koma til atkv. á eftir brtt. 209,1.

ATKVGR.

Brtt. 209,1 samþ. með 30:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EOl, EE, EystJ, GJ, GTh, HelgJ, HermJ, IngJ, JJós, JPálm, JS, KA, LJóh, LJós, PHerm, PZ, PÞ, SigfS, SEH, SK, STh, SÞ, SkG, StgrA, SvbH, ÁkJ, BÁ, BBen, BrB, GSv.

nei: FJ, HG, JörB, PO, SG.

SB, ÞG, ÁÁ greiddu ekki atkv.

14 þm. (EmJ, GÞ, GG, GÍG, IngP, JakM, JJ, MJ, ÓTh, PM, StJSt, ÞÞ, BG, BSt) fjarstaddir.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Hermann Jónasson: Þótt ég sé flm. aðaltill., tel ég, að þessi brtt. grípi yfir efni, sem þurfi að athuga og sé ekki n. ofvaxið að ljúka fyrir haustið, og segi því já.

Brtt. 240 felld með 19:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJós, KA, LJós, SigfS, SG, SEH, SK, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl, EE.
nei: HG, HelgJ, HermJ, IngJ, JPálm, JS, JörB, LJóh, PZ, PÞ, PO, SÞ, SkG, SvbH, BÁ, EystJ, FJ, SÞ, GJ.
GTh, PHerm, SB, ÁÁ, BBen, GSv greiddu ekki atkv.
14 þm. (GÍG, IngP, JakM, JJ, MJ, ÓTh, PM, StJSt, ÞÞ, BG, BSt, EmJ, GG) fjarstaddir.
3 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Skúli Guðmundsson: Ég tel brtt. þm. Borgf. betri og segi því nei.

Einar Olgeirsson: Allar þessar till. eru takmarkaðar af því, sem segir í tillgr., sem nýbúið er að samþ., að athugunin skuli gerð „með tilliti til þeirra erfiðleika, sem á því eru að tryggja dreifbýlinu nauðsynlega læknishjálp.“ Þess vegna tel ég bæði hættulaust og að öðru leyti alveg nauðsynlegt að gera starf n. dálítið víðtækara en fyrirhugað er og segi því já.

Eysteinn Jónsson: Ég óttast, að með þessari brtt. verði verksvið n. gert óþarflega víðtækt og seint hægt að búast við fullnaðaráliti hennar, en brtt. sú, sem eftir er, mun verða til góðs, ef hún er samþ., og segi því nei.

Brtt. 241 samþ. með 34 shlj. atkv.
Tillgr., svo breytt, þar með ákveðin.
Brtt. 209,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Till. til þál. um skipun nefndar til að athuga breytingar á skipun læknishéraða og þátttöku ríkissjóðs í kostnaði við byggingu og rekstur læknabústaða og sjúkraskýla.

Bjarni Benediktsson: Orðalag upprunalegu till. er nú orðið nokkuð breytt, og vildi ég leggja til, að það væri athugað nokkuð af þeirri n., sem fjallað hefur um málið, ef hv. nm. telja það hægt fyrir morgundaginn. Hins vegar legg ég þetta ekki til, ef það ætti að verða til að setja málið í hina minnstu hættu.

Forseti (GSv): Ég skoða þá, að lagt sé til, að málinu sé vísað til allshn. með þessu fororði.

Jörundur Brynjólfsson: Nægir ekki að æskja þess, að n. taki málið til athugunar, ef henni vinnst tími til, en litið sé svo á, að málið geti eins komið fyrir á morgun, þótt ekki liggi fyrir neitt nál.?

Gísli Jónsson: Sem formaður allshn. skal ég lýsa yfir, að ég skal reyna að fá n. til að athuga þetta fyrir fund á morgun.

Á 30. fundi í Sþ., 11. marz. var till. tekin til síðari umr. (A. 242, 243).

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Eftir ósk, sem fram kom á síðasta fundi við fyrri umr. þessa máls, hefur allshn. tekið till. til athugunar, þótt henni að vísu væri ekki formlega til hennar vísað. N. hefur þess vegna ekki gefið út nál., en leyft sér að leggja fram brtt. á þskj. 243. Við fyrri umr. var samþ. skrifl. brtt., er lögð var fram á síðustu stundu, og fannst allshn., að hún félli ekki alls kostar saman við nál., svo að vel færi. Þótti því nauðsynlegt, að tillgr. væri orðuð um á þann hátt, sem um getur á þskj. 243. Hins vegar taldi n. ekki rétt að fara efnislega út fyrir þann ramma, sem lagður hefur verið við fyrri umr. málsins, og telur, að með þessari umorðun sé það ekki gert, heldur væri aðeins í betra samræmi við þær samþykktir, er áður væri búið að gera, og þann höfuðtilgang till. að greiða fyrir því, að bætt verði úr þeim vandkvæðum, sem nú eru á læknisþjónustu í hinum dreifðu byggðum landsins. Í samræmi við þetta leyfir allshn. sér einnig að leggja til, að fyrirsögn till. verði stytt og verði eins og segir í 2. lið brtt.: „Tillaga til þingsályktunar um læknisþjónustu í sveitahéruðum.“ Allshn. telur betur fara á þessu en eins og fyrirsögnin er nú í till., þar sem tekin eru upp ákveðin verkefni, sem n. á að miða við. Við álítum, að þótt þau tvö verkefni, sem nefnd eru, séu í rauninni aðalverkefnin, sem þessi n. eigi að leysa af höndum, sé þó ekki rétt að binda hendur n. þannig með þessari fyrirsögn, að hún geti ekki talið sig hafa frjálsar hendur um að gera víðtækar athuganir og till., sem þó væru bundnar við höfuðmarkmið till.

Skriflega brtt., sem hv. þm. Borgf. lagði fram hér við fyrri umr. og var samþ., hefur allshn. einnig fellt inn í niðurlag fyrri málsl. tillgr., þótt tilætlun Alþ. virtist líka vera, að n. hefði leyfi til þess að gera þessar víðtæku athuganir og breyt., sem að vissu leyti gætu verið um að breyta læknamálunum, en gætu þó ekki orðið víðtækari en svo, að þær væru bundnar við höfuðtakmark till., sem sé að bæta úr skortinum, sem nú er á læknaþjónustu í hinum afskekktu héruðum landsins.

Allshn. væntir því þess, að enginn ágreiningur verði um þessa brtt., sem n. nú flytur, þótt þessi umorðun sé nú gerð á till., þar sem við höfum haldið okkur við hinn efnislega ramma hennar. Við teljum, að þannig sé þeim höfuðtilgangi náð, sem samkvæmt fyrri umr. vakti fyrir Alþ. um úrbætur á þessum málum, og vona ég því fyrir hönd n., að brtt. verði samþ. í því formi, sem lagt er til.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Eins og brtt. allshn. ber með sér, er hér ekki um stórvægilegar breyt. að ræða. Frsm. n. kom að vísu inn á þær breyt., sem n. hefur gert á þessari fyrirsögn, en ég fyrir mitt leyti get ekki fellt mig við hana eins og hún er. Ég skal þó játa, að fyrirsögnin var nokkuð löng og kannske ekki alveg rétt eins og hún var áður, eftir að þessar breyt. voru samþ., en hins vegar er nú um of dregið úr fyrirsögninni. Samkv. brtt. n. á fyrirsögnin aðeins að vera: „Till. til þál. um læknisþjónustu í sveitahéruðum“,

— en tilætlunin er meiri en þetta. Áður var höfuðtilgangurinn að athuga breyt. á skipun læknishéraða, enda var n. upprunalega hugsuð til þess að athuga einmitt læknaskipunina. Síðan kom þessi till. í gær um að reyna að bæta úr hinni miklu þörf á læknisþjónustu í sveitum. Þetta hvort tveggja á n. að athuga, og þess vegna finnst mér eðlilegt, að till. kveði aðeins á um læknisþjónustu í sveitahéruðum.

Ég vildi því aðeins benda á þetta og spyrja hæstv. forseta, hvort ekki væri hægt að koma með munnlega eða skriflega brtt. um að sleppa orðunum „í sveitahéruðum". Þar með er n. ætlað að athuga læknaskipunina og um leið það verkefni að auka læknaþjónustu í sveitum.

Forseti (GSv): Ég vil benda á það, ef á að breyta fyrirsögninni, að hægt er að sameinast um þetta og láta fyrirsögnina kveða á um skipun læknishéraða og læknisþjónustu í sveitahéruðum.

Steingrímur Aðalsteinsson: Herra forseti. — Mér skildist fyrst á hv. þm. Ak., þegar hann var að tala um þá brtt. n. að stytta fyrirsögn till., að með því fyndist honum verið að rýmka verkefni n. þeirrar, sem kjósa á samkv. till. Ég taldi þess vegna ástæðu til að benda á, að það er ekki ætlun allshn., vegna þess að í sjálfri tillgr. er kveðið á um þau verkefni, sem ætlazt er til, að sú n., er kjósa á, leysi af hendi. Allshn. fannst því ekki ástæða til að taka upp alla gr. í sjálfa fyrirsögn till.

Hv. þm. Ak. lýsti yfir því í lok ræðu sinnar, að hann gæti sætt sig við að hafa fyrirsögnina miklu styttri en hún var áður og vildi jafnvel stytta hana enn meir, svo að það virðist þá ekki skoðun hans að taka sjálfa tillgr. inn í fyrirsögnina. Þetta er því alveg hið sama og vakir fyrir allshn., og ég geri ráð fyrir því persónulega, að allir nm. muni geta fallizt á uppástungu hæstv. forseta um að taka inn í fyrirsögnina: skipun læknishéraða. Ef allir hv. þm. gætu síðan sameinað sig um þetta, held ég, að málið sé leyst, og því engin ástæða til þess að deila um það frekar. Ég fyrir mitt leyti get vel fallizt á þessa lausn.

ATKVGR.
Brtt. 243 samþ. með 37 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 244) með fyrirsögninni:
Till. til þál. um skipun læknishéraða og um læknisþjónustu í sveitahéruðum.

22. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis (fyrri till.).

Á deildafundum 9. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 19. gr. stjórnarskrárinnar (A. 194).

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30. fundi í Sþ., 11. marz, var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Þess þótti ekki þörf að láta till. þessari fylgja sérstaka grg. Alþ. verður kvatt saman ekki síðar en 10. júní til þess að fara með og leiða til lykta ákveðin störf, sem nú hafa verið hafin. Í till. segir, að Alþ. verði kvatt saman aftur eigi síðar en 10. júní n.k. Ef stj. telur brýna nauðsyn til bera að kveðja Alþ. saman fyrr, sem getur borið til, verður það gert. Annars þykir mér ekki þörf að fara fleiri orðum um málið.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 245).

23. Niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins (síðari till.).

Á 31. fundi í Sþ., 10. júní, var útbýtt:
Till. til þál. um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins frá 1918 (A. 246).

Á 32. fundi í Sþ., 12. júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 16. júní, var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Sú till. til þál., sem hér er til meðferðar, hljóðar svo:
„Alþingi ályktar að lýsa yfir því, að niður sé fallinn dansk-íslenzki sambandslagasamningurinn frá 1918".

Þessi till. er samhljóða 1. lið þál., er samþ. var hér á Alþ. 25. febrúar s.l. Í þeirri till., sem þá var samb., var enn fremur ákveðið, að till. skyldi borin undir atkvæði allra kosningarbærra manna í landinu til samþykktar eða synjunar, og skyldi atkvgr. vera leynileg. Nú fór þessi atkvgr. fram í maí s.l.

Niðurstaða atkvgr. varð sú, að af 74.091 atkvæðisbærra kjósenda greiddu atkvæði 73.056, eða 98.60% allra kjósenda í landinu. Með till. greiddu atkvæði 71.120, eða 97.35%, en á móti 377, eða 0,52%. Auðir seðlar voru 805 og ógildir 754, eða samtals 2,13%.

Þegar till. var til meðferðar á þingi í vetur, var látinn uppi sá skilningur af einstaka þm., að setja

bæri inn í till. fyrirmæli um vissa lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslunni og áskilja þann meiri hluta með till., sem fyrir er mælt í 18. gr. sambandsl. Eins og ljóst er, þá hefur atkvæðatalan farið langt fram úr ýtrustu kröfum, sem þar eru settar. Er því ljóst, að það er eindreginn vilji þjóðarinnar, að sambandsl. verði felld úr gildi. Till. er nú aftur lögð fyrir Alþ. og lagt til, að þetta verði gert.

Ég hef vissu fyrir því, að allir hinir sömu þm., er guldu till. jákvæði í vetur, gera hið sama nú. Legg ég því málið undir samþykki þm.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 51 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, SÞ, SkG, StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, GSv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 265).

24. Gildistaka stjórnarskrárinnar.

Á 31. fundi í Sþ., 10. júní, var útbýtt:
Till. til þál. um gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands (A. 247).

Á 32. fundi í Sþ., 12. júní, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 33. fundi í Sþ., 16. júní, var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Í 81. gr. stjskr. þeirrar, er afgr. var á Alþ. í vetur, var svo fyrir mælt, að hún skyldi borin undir atkv. allra kosningarbærra manna í landinu. Þessi atkvgr. fór fram samtímis atkvgr. um till. um sambandsslitin, og allir hinir sömu menn höfðu atkvæðisrétt.
Niðurstaða atkvgr. var þessi: Af 73.056 kjósenda, er neyttu atkvæðisréttar, guldu 69.433 stjskr. jákvæði, eða 95.04%, en á móti voru 1051, eða 1.44%. Auðir seðlar 2054 og ógildir 518, eða samtals 3.52%.
Í 81. gr. stjskr. stóð enn fremur, að er stjórnarskráin hefur verið borin undir atkvæði þjóðarinnar og náð samþykki, skyldi um það gerð ályktun á Alþingi, hvenær stjórnarskráin skyldi öðlast gildi. Á þingi í vetur var nokkur ágreiningur um þetta og frestað fullnaðarákvörðun um það.

Nú liggur hér fyrir till. um, að 17. júní verði valinn til gildistöku lýðveldisstjórnarskrárinnar, enda var það höfuðfororð þm., að þessi dagur yrði valinn.
Ég leyfi mér að leggja til við hv. Alþ., að það fallist á till. eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 51 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 51 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StJSt, StgrA, SvbH, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfS, SB, SEH, SK, STh, SÞ, SkG, GSv.
1 þm. (GG) fjarstaddur.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 266).

25. Þjóðminjasafn.

Á 33. fundi í Sþ., 16. júní, var útbýtt:
Till. til þál. um byggingu þjóðminjasafns (A. 258).

Á 35. fundi í Sþ., 20. júní, var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Í till. þeirri, sem hér er til umr., er farið fram á, að nú þegar skuli lagðar fyrir og veittar þrjár millj. kr. til að reisa hús fyrir þjóðminjasafn og hafizt handa um undirbúning. Þessi till. er flutt af formönnum allra þingflokka og nýtur vafalaust stuðnings flestra þm. Við flm. teljum því nægilegt að fylgja henni úr hlaði með örfáum orðum, enda þótt málið í rauninni sé svo stórt og merkilegt, að vel hefði mátt við eiga að flytja um það ýtarlegt mál.
Vísir að þjóðminjasafni mun hafa verið stofnaður hér á landi 1863 og þá fyrir atbeina séra Helga Sigurðssonar og Sigurðar Guðmundssonar málara. Af lítilli fjárhagsgetu var til þessa stofnað, en því meiri áhuga og glöggum skilningi á málinu. Ýmsir munu þá þegar hafa orðið til þess að gefa safninu muni, en það var látið nægja að geyma þá á dómkirkjuloftinu, þar sem landsbókasafnið hafðist við. Jón Árnason var landsbókavörður, og hann fékk sér til aðstoðar Sigurð Guðmundsson, eftir því sem mér er tjáð. Árið 1874 andaðist Sigurður Guðmundsson, og hafði hann þá sjálfur kvatt fyrir eftirmann sinn Sigurð Vigfússon. Þetta merka safn hefur yfirleitt hvergi átt viðeigandi samastað. Þegar Landsbankinn var byggður, var það flutt þangað og geymt þar uppi á lofti, undir timburþaki. Þó að þetta væri nú bót frá því, sem verið hafði,

var slíkt húsnæði þá þegar algerlega ófullnægjandi, og var ætlunin, að það ástand þyrfti ekki að haldast nema örfá ár. Eftir að húsið fyrir landsbókasafnið var reist, var safnið flutt þangað, og enn var það geymt uppi á lofti við lélega aðstöðu. Og enn átti þetta að vera til bráðabirgða. En einmitt um þessar mundir fór safnið ört vaxandi, og bættust því við ýmis einkasöfn, eins og safn Þorvaldar Thoroddsens. Nú hefur nýlega verið stofnað sjóminjasafn og munir keyptir til þess, og einnig iðnminjasafn er nýstofnað. Þá má nefna listasafn ríkisins, sem mér er tjáð, að í séu um 600 listaverk, — og þá væntanlega ýmis af beztu listaverkum íslenzkra listamanna, málverk og höggmyndir. *Öll þessi 60 listaverk eru ýmist geymd í kjallara* eða dreifð um ýmsar byggingar í opinberri eigu, en þannig, að þjóðin hefur enga aðstöðu til að sjá þau í heild og fá þá viðkynningu af list landsmanna, sem hægt er einmitt með því einu móti að geta gengið herbergi úr herbergi og skoðað alla munina saman og í samanburði hvern við annan.

Hér á árunum var mikið rætt um að koma safninu fyrir í þjóðleikhúsinu, og átti það að fá til umráða bæði þriðju hæð og kjallarann. Nú verður þar enginn kjallari til umráða, og einnig er þetta ekki hentugt vegna safnsins.

Ég held ég megi fullyrða, að það er skoðun flr og flestra landsmanna, sem kynnt hafa sér málið, að þetta ástand getur ekki haldizt; það er þjóðinni til vansa. Enda þótt við séum ekki rík þjóð, eins og öllum er kunnugt, þá má það ekki viðgangast, að við skulum ekki sjá okkur fært að veita þessum dýrmætu gripum okkar sæmilegt húsnæði. Þessi flækingur, sem verið hefur á þjóðminjasafni landsins, verður að hætta. Ég skal ekki hirða um að færa fyrir þessu mörg rök, en nefni aðeins tvennt. Það er náttúrlega til lítils að eiga safn *dýrmætra og fagurra gripa*, ef það að einhverju verulegu leyti er falið fyrir þjóðinni. Auk þess er það staðreynd, að því fer fjarri, að Íslendingar hafi á sæmilegan hátt reynt að bægja hættum frá dyrum þessara ómetanlegu verðmæta, og mér liggur við að segja, að það sé mikið lán, að ekki hefur verr tekizt en raun ber vitni, og er það ekki sízt að þakka því, að safnið hefur notið langrar og góðrar forystu og alveg frábærs dugnaðar og áhuga hins ágæta og merka þjóðminjavarðar, Matthíasar Þórðarsonar, enda er slíkt á allra vitorði.

Að undanförnu hefur verið meir talað erlendis um Ísland og íslenzk málefni en nokkru sinni fyrr, ekki sízt í hinum enskumælandi heimi. Með velvilja og hrifningu er lýst, að 120 þús. manns, sem byggja 100 þús. ferkm. land úti á hjara veraldar, séu búnir að stofna lýðveldi og ætli að búa sem frjáls og öllum óháð menningarþjóð. Þetta þykir mikið í fang færzt, en þó almennt talið eðlilegt, vegna þess hve sterk er frelsisást þjóðarinnar. Og okkur er talið þetta fært líka vegna þess, að þjóðin á sér sögu, sérstaka tungu og bókmenntir og sérstakt þjóðerni. Vér Íslendingar skiljum ekki síður en aðrir, að það er einmitt þekking vor á allri sögu þjóðarinnar og sambandið milli fortíðar og nútíðar frá fyrstu byggð þessa lands og fram til þessa dags, varðveizla tungunnar og bóka, sem vér eigum það að þakka, að ekki aðeins vér álítum, heldur aðrar þjóðir einnig telja oss eiga rétt til frjálsræðis og fullveldis. Við flm. höfum þess vegna talið vel viðeigandi, að það sé fyrsta spor hins nýstofnaða lýðveldis að sýna einnig skilning sinn á þessari staðreynd og veita nokkurt fé úr ríkissjóði til byggingar þjóðminjasafns, til þess að leitast við að verja hina mörgu dýrmætu gripi skemmdum og skapa jafnframt þjóðinni aðstöðu til þeirra lífandi kynna af slíku dýrmætu og þjóðlegu safni, sem hún getur notið með því að eiga fullan og *frjálsan aðgang að þessum verðmætum*.

Ég skal ekki hafa fleiri orð, en leyfi mér að láta í ljós þá von, að málið megi fá fljóta og góða afgreiðslu þegar á þessum degi.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég hef sérstöðu í þessu máli að ýmsu leyti og vil gjarnan láta hana koma fram. Ég er eindregið með því að ákveða, að hafizt sé handa um að byggja hér þjóðminjasafnshús yfir gripi, sem við eigum í öllum þeim söfnum, sem hv. frsm. gat um. En það liggur ekki fyrir mér nein vitneskja um það, hvort ríkisstj. hafi þrjár millj. til að leggja til hliðar í þessu skyni. Ég vil ekki byrja mína göngu í lýðveldinu á því að ákveða, að þrem millj. kr. skuli varið til þessara framkvæmda, ef á að taka það frá öðrum framkvæmdum, sem áður er búið að ákveða, eða ef á að gera þetta utan við fjárl. Við sitjum á fjárlagaþingi og eigum að taka á fjárl. þau útgjöld, sem við teljum réttmæt, og getum því aðeins samþ. till. sem þessa, að afla til þess tekna eða lofa að taka fjárveitingu í því skyni upp á fjárl. Hins vegar er ég með því, að hafizt verði handa um að byggja þetta hús, og skal ekki verða eftirbátur annarra með að ætla til þess fé á fjárl. En ég hefði gjarnan viljað, að við hefðum byrjað okkar lýðveldi á því að hætta að veita fé á fé ofan utan við fjárl., eins og því miður hefur viljað brenna við undanfarin ár. Ég *mun því ekki taka þátt í þeirri afgreiðslu*.

Eysteinn Jónsson: Ég vona, að flestir hv. þm. séu okkur flm. sammála um, að þessi samþykkt okkar alþm. um fjárveitingu til þess að byggja þjóðminjasafn er að réttu lagi einn þáttur í hátíðahöldum í sambandi við stofnun lýðveldisins. Einnig væntum við, að flestir hv. alþm. geti fallizt á, að það sé hæfileg morgungjöf af Alþingis hálfu til lýðveldisins að ákveða að veita fé af eignum ríkisins til þess að byggja veglegt hús yfir söfn ríkisins. Það á ekki við að blanda hér inn í umr. um fjárhag ríkisins almennt. Hvað sem um hann má segja, þá vitum við, að íslenzka þjóðin megnar það að leggja þrjár millj. kr. fram í þessu skyni, og þess vegna gerum við það.

Í þessu sambandi er ekki viðeigandi að tala um fordæmi í fjárl., því að þetta er óvenjulegur atburður, sem gefur ekki neitt fordæmi.

Flm. (Ólafur Thors): Ég get tekið undir það, sem hv. meðflm. minn, hv. 2. þm. S-M., sagði. Það vakir ekki fyrir okkur að skapa neitt fordæmi, þetta er þvert á móti fullkomin undantekning, og eins og hann svo ágætlega komst að orði, skoðum við þetta sem einn lið í hátíðahöldunum. Og ef Alþingi vill láta þetta ganga fyrir öðru, þá þurfum við ekki að óttast, að fjárhagsgeta sé ekki fyrir hendi. Það, sem fyrir okkur vakir, sem flytjum till. nú, er að fá þetta tekið út úr þeim almennu umr., sem ævinlega verða um, hvernig eigi að verja fjármunum ríkisins, þar sem ætíð koma fram margvísleg pólitísk sjónarmið, en við óskum, að slíkt komi hér ekki til greina. Okkur langar til að lýsa yfir, að með þessu sé hinu unga lýðveldi gefin ofurlítil afmælisgjöf og þá um leið að prýða höfuðstaðinn fagurri byggingu, þar sem margir dýrmætustu gripir þjóðarinnar yrðu geymdir á öruggum stað og gætu orðið henni til gagns og gleði. Og ég vænti, að þótt hv. 2. þm. N-M. hafi látið nokkur orð falla um formið á þessu máli, þá ljái hann því samt stuðning og geri það ekki að misklíðarefni.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv.

Á 36. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.
Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 38 shlj. atkv.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 42 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: STh, SÞ, StJSt, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GÍG, GTh, HG, IngJ, IngP, JakM, JJós, JS, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, PÞ, PM, PO, SigfS, SB, SG, SEH, SK, GSv.
PZ greiddi ekki atkv.
9 þm. (SkG, StgrA, SvbH, GG, GJ, HelgJ, HermJ, JPálm, JJ) fjarstaddir.
Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 271).

---

26. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis (síðari till.).

Á 35. fundi í Sþ., 20. júní, var útbýtt:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkv. 23. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands 17. júní 1944 (A. 268).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Lárus Jóhannesson: Á fundi Nd. í morgun beittu sjö þm. móti 17 því valdi, sem þeim er gefið í þingsköpum, til að stöðva við 3. umr. mál, sem þar lá fyrir og ég hafði flutt í Ed. og hafði gengið gegnum þá d., svo að það gat ekki hlotið afgreiðslu. Ég mun því greiða atkv. á móti afbrigðum nú. *(PM:* Fannst hv. þm. það vera til fyrirmyndar?)

ATKVGR.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29:8 atkv.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27:3 atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Þegar ráðgert var og ákveðið, að Alþ. kæmi saman til funda 10. júní s.l., var þar með undirskilið, að þingið að þessu sinni afgr. aðeins þau mál, sem væru nauðsynleg í sambandi við stofnun lýðveldisins. Nú virðist afgreiðslu þeirra vera lokið, og við athugun, sem fór fram í gær, virtist koma fram, að þingfundum mætti fresta frá og með deginum í dag. Þess vegna hefur stj. í þessari till., sem hér liggur fyrir, lagt til, að þ. verði frestað frá þessum degi. — Enn fremur kom til athugunar í gær, til hvaða tíma fundum þingsins skyldi frestað, og virtust þá margar raddir vera því fylgjandi, að þ. þyrfti ekki, eftir því sem nú verður séð, að koma saman fyrr en 15. sept. Þess vegna gerir stj. það einnig að till. sinni, að þing verði eigi aftur kvatt saman fyrr en í síðasta lagi 15. sept. Hins vegar vil ég taka fram, að ef stj. þykja ástæður liggja til, sem gera aðkallandi, að þing komi saman á ný fyrr, þá mun stj. leita ráða hjá forystumönnum flokkanna um, hvort það skuli gert. Með þeim skilningi óska ég, að hv. þm. geti séð sér fært að samþ. till. eins og hún liggur fyrir.

Eysteinn Jónsson: Ég er þeirrar skoðunar, að sízt muni af því veita, að þing komi saman fyrr í haust en gert er ráð fyrir í till. hæstv. stj. Mun ég ásamt 2. þm. Rang. flytja brtt. við þáltill., þess efnis, að þing komi saman á ný eigi síðar en 2. sept. í haust. — Ég fer ekki út í að ræða ástæður fyrir nauðsyn þess, en hv. þm. munu þær kunnar, þar sem það mál hefur verið rætt á lokuðum fundum. En síðari hluta ágústmánaðar mun sýnilega koma hér upp vandamál, sem mjög erfitt verður að ráða til lykta, — í sambandi við verðlag og dýrtíðarmál, — nema þingið komi til. Ég vil, að þessi skoðun komi fram og það komi undir atkv., hvort hv. þm. vilja fallast á þetta eða ekki. Vil ég svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt. þess efnis, sem ég hef nú lýst.

Forseti (GSv): Mér hefur borizt brtt. frá hv. 2. þm. S-M. og hv. 2. þm. Rang., sem nú hefur ver-

ið lýst. Brtt er of seint fram komin og skrifl. Þarf tvöföld afbrigði, til að hún megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 273) leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég vil leyfa mér að bera fram skrifl. brtt. við þessa þáltill., þess efnis, að í stað þess, að þingi verði frestað frá 20. júní, þá verði því frestað frá 22. júní, sem sé að þing standi tveimur dögum lengur nú.

Ég kem ekki með þessa till. af því, að það sé út af fyrir sig svo skemmtilegt að sitja hér lengur, eins og sakir standa, en ég held þó, ef þessi brtt. verður samþ., að hægt sé á þessum tveimur dögum að fá skorið úr máli, sem þingið má ekki skiljast við, eins og sakir standa.

Við þm. Sósfl. höfum nú að undanförnu einhuga unnið með öðrum flokkum þingsins að því að koma sjálfstæðismálinu í höfn. Við höfum ekki viljað bera fram vantraust á hæstv. ríkisstj. né láta koma til úrskurðar, hvernig afstaða þingsins til hennar er, meðan svo mikið var komið undir samheldni og einingu allra við að leysa hið mikla mál. Og meðan hæstv. stj. var „loyal" í því máli, vildi Sósfl. standa með henni að lausn þess. En þegar sjálfstæðismálið er komið í höfn, álítum við rétt að fá úr því skorið, hver afstaða þingsins er. Og af því að þetta mál hefur þegar verið kannað nokkuð, þá mundi ekki þurfa mikinn tíma til að fá úr því skorið og líklegt, að þessir tveir dagar mundu nægja til þess.

Ef þessi brtt. yrði samþ. og þingi ekki frestað fyrr en á fimmtudag, mundi verða borið fram vantraust á núv. hæstv. ríkisstj. og síðan gerð tilraun til að skapa athafnasama ríkisstj. í stað þessarar, sem virðist nú ætla að gera það að sínu máli að lækka kaup verkalýðsins og notar tækifærið til að lýsa yfir því á fyrsta degi lýðveldisins og lætur jafnvel forsetann gera það. Ég vil nota þessa tvo daga til að athuga, hvort ekki sé hægt að skapa stj., sem hefur traust þingsins.

Ég hef ekki þessi orð fleiri að þessu sinni, því ég hef ekki hugsað mér að tefja þingmeirihlutann með neinum málalengingum, ef hann hefur ákveðið að fresta þingi nú þegar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 272) leyfð og samþ. með 36 shlj. atkv.

Bjarni Benediktsson: Í þeirri till., sem lögð hefur verið fram af hæstv. forsrh., er ákveðið, að þing skuli koma saman eigi síðar en 15. sept. Hæstv. forsrh. segir, að þetta sé lagt til í samráði við mikinn hluta þm., en ég hef samt sem áður litið svo á, að með þessu móti kæmi þing saman óþarflega snemma og venjulegum þingstörfum mætti ljúka af frá 1. okt. og til jóla. Ég held, að flestir hv. þm. séu orðnir leiðir á þessu langa þinghaldi, sem verið hefur, og að nægilegt sé, að þing komi nú saman 1. okt., en þó með þeim fyrirvara, að hæstv. stj. geti beitt valdi sínu til að kveðja þing saman fyrr, ef hún telur ástæðu til. Ef hún álítur, að málefni ríkisins verði með þeim hætti á tímabilinu júní—september, getur hún kallað þing saman, ef það þarf að úrskurða um þau málefni. Ég mun svo afhenda hæstv. forseta skrifl. brtt.

Forseti (GSv): Mér hefur borizt skrifl. brtt. frá hv. 6. þm. Reykv., sem hann hefur nú lýst. Þarf tvöföld afbrigði, til að brtt. megi komast hér að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 274) leyfð og samþ. með 40 shlj. atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég vil aðeins gera örlitla aths. við ræðu hv. 6. þm. Reykv. Ég vil taka það fram, að ég álít, að orð hans stafi af því, að hann var ekki hér viðstaddur á fundi í gær, en þá var þetta til umr. Þá var það mjög kannað hér, hvenær Alþ. skyldi í síðasta lagi koma saman aftur og hvort það skyldi ekki verða í síðasta lagi 15. sept. n.k. Hefur ríkisstj. gert till. sínar í samræmi við það, sem þá kom fram.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Ég var hér við í gær, er rætt var um, hvort fresta skyldi þingi nú þegar, og greiddi ég þá atkvæði á móti því. — Ég vil, að við gefum okkur nú góðan tíma til þess að ræða ýmis mál.

Við höfum sameiginlega lifað þá stund, sem dýrlegust hefur upp runnið í sögu Íslendinga, stund, sem íslenzka þjóðin hefur þráð öldum saman og forystumenn hennar háð baráttu fyrir kynslóð fram af kynslóð. Við höfum notið þeirrar hamingju að sjá þjóðina fagna af alhug og fundið þennan fögnuð þjóðarinnar gagntaka okkur. Við höfum lifað hrifningarstund, sem er svo sjaldgæf með þjóðunum, en öllum ógleymanleg, er hana lifa. Við höfum orðið einhuga um mál, sem varðar líf og heill og framtíð þjóðarinnar, einhuga um endurreisn lýðveldis á Íslandi. Þessi einhugur hefur vakið sameinað þjóðarátak og þjóðarhrifningu, sem fram kom við atkvæðagreiðsluna og nú aftur við hátíðahöld um allt land. Stundin að Lögbergi á Þingvöllum, sú er við höfum sameiginlega lifað, er ný upprisustund íslenzkra þjóðarafla, sem hlýtur að verða upphaf að nýrri blómgun þjóðfélagsins og menningarátaks, ef ekki brestur forustu til að einbeita orku þeirrar þjóðarvakningar að þeim stærstu og brýnustu viðfangsefnum, sem þjóðina varða. Vegna þessarar stundar, sem við höfum sameiginlega lifað, og þeirra nýju tímamóta, sem eru upp runnin í sögu þjóðarinnar, tel ég það skyldu okkar, sem hér sitjum, að gera okkur hina alvarlegustu grein fyrir því, hvar við stöndum og hvert framhaldið eigi að verða á störfum okkar.

Þjóðin hefur ekki einungis fundið einhug sinn og óþekkta lífsfyllingu. Hún hefur einnig fundið samúð annarra þjóða umlykja sig, og hún hefur vakið á sér nýja athygli umheimsins. Fjöldi er-

lendra fulltrúa hefur lifað hinn sögulega atburð með okkur og eignazt skilning á aðstöðu okkar og fundið vilja okkar til að vera frjáls og fögnuð okkar yfir frelsinu. Við höfum tengzt vináttuböndum við aðrar þjóðir. Við erum ekki lengur einangruð þjóð, ekki lengur gleymd þjóð á útskeri. Við erum komin á alfaraleið og í samfélag frjálsra þjóða. Við höfum látið þessar þjóðir finna, að við viljum, þótt í smáu sé, efla málstað frelsisins og baráttu frjálshuga þjóða fyrir nýjum heimi. Aldrei í sögu Íslands hefur jafnnáin vinátta tengzt við norsku þjóðina. Sannfæring okkar er jafnframt sú, að upp frá þessu hefjist fyrst einlæg beizkjulaus vinátta okkar við dönsku þjóðina, sem við vorum að slíta sambandi við. Þær þrjár þjóðirnar, sem mestu verða ráðandi í þeim heimi, sem rís upp úr styrjöldinni, hafa allar átt fulltrúa sína hér og kynnzt af eigin raun vilja okkar til að vera frjáls og vilja okkar til þess að lifa í friði og samstarfi við aðrar þjóðir. Þær hafa kynnzt hugarfari okkar og ást og skilningi okkar á frelsinu, og þær hafa viðurkennt þetta frjálshuga þjóðareinkenni okkar og lært að dást að því.

Við stöndum hátt á þessari stundu: einhuga frjáls þjóð, er finnur samúð og vináttu annarra þjóða.

Við höfum enn einu að fagna. Það er að miklu leyti ný þjóð Íslendinga, sem nú hefur hlotið fullt frelsi sitt að nýju. Íslendingar hafa aldrei í sögu sinni verið jafn efnum búnir sem nú. Við erum rík þjóð, stórefnuð þjóð. Við höfum aldrei vitað, að við byggðum jafnauðugt land að náttúrugæðum. Við erum fyrst á þessari öld að skilja náttúru landsins, uppgötva auðlegð hennar, auð hafsins kringum strendur landsins, auð hitans í jörðinni, auð fossaflsins, og við erum fyrst nú að byrja að hagnýta okkur þennan óþrjótandi auð náttúrunnar og höfum eflaust ekki enn þá uppgötvað hann nema að örlitlu leyti. Lítum andartak yfir sögu okkar þau nær 1100 sumur, sem við höfum búið hér. Mestallan þennan tíma höfum við búið í landinu án þess að nytja gæði þess nema að örlitlu leyti. Við vitnum oft til þjóðfrelsistímanna, þess 400 ára tímabils, sem þjóðin réð sér sjálf. Meginhluti þess tíma fór til þess að koma sér fyrir í landinu, rækta dálítil tún kringum strjála bæi í einangruðum sveitum. Það tók nærri 60 ár að koma á sameiginlegri stjórn fyrir landið og mynda löggjafarþing. Og svo langt komst aldrei á þessu tímabili, að um nokkra skipulagða atvinnuhætti né verkaskiptingu í landinu væri að ræða. Atvinnutækin öll voru hin frumstæðustu, samgöngur milli byggðarlaga hinar erfiðustu, engin þorp né útgerðarstaðir mynduðust. Síðan tekur við sex hundruð ára tímabil einangrunar og margvíslegrar áþjánar. Um framfarir hjá þjóðinni var alls ekki að ræða, heldur algera stöðvun í atvinnulífi og menningu. Þjóðin gerir ekki einu sinni að halda í horfinu, að draga fram lífið. Íbúatalan hrynur niður öld eftir öld. Varla nokkurt framfaraspor er stigið á þessu tímabili fyrr en undir lok þess. Byggðin færðist saman, engin tækniþróun á neinu sviði, engin frekari hagnýting en áður náttúrugæða lands og sjávar.

Síðustu sjötíu árin hefur hins vegar allt verið að gerbreytast hér á landi. Framfarir hafa orðið hinar stórfelldustu á mörgum sviðum. Íbúatala landsins hefur tvöfaldazt. Landið er orðið allt önnur eign en það áður var, mörgum sinnum verðmætara, sjórinn sú auðsuppspretta, sem forfeður okkar dreymdi ekki um. Er við loks eftir þúsund ára vonlítið og bágborið strit opnum augun, sjáum við, að við eigum hið auðugasta land. Og hvað er það, sem lýkur upp augum okkar? Þjóðin fær tæki í hendur til að hagnýta sér auðinn. Og á þessu stutta tímabili hafa Íslendingar sýnt betur og betur, að þeir eru alls staðar hlutgengir og hafa lært vald á tækni. Þeir stýra skipum sínum sjálfir, reka verzlun sína sjálfir, virkja fossana, nytja jarðhitann, leggja undir sig fleiri og fleiri svið, reisa bæi, hefja margþætt samstarf. Eftirtektarvert er, að því meiri sjálfstjórn sem þeir fá, því hraðari og meiri verða framfarirnar. Og annað: Það er ný þjóð, svo algerlega ný þjóð, sem nú byggir þetta land, með áþjánarmerki strokin burt úr svipnum, þjóð ólotin í herðum, þjóð upplitsdjörf og staðföst, þjóð þroskamikil með sína fyrri eiginleika í nýrri blómgun, þjóð, sem þó aðeins er að byrja að uppgötva auðlegð lands síns og aðstöðu sína í heiminum, þjóð ríkari en hún var nokkru sinni áður, þjóð, sem þó er aðeins að byrja líf sitt. *(Forseti:* Ég vil nú benda hv. ræðumanni á, að það er málið á þskj. 268, sem um er verið að ræða, og vil biðja hann að koma nú að efninu.) Ég veit, um hvaða mál er verið að ræða, en tel þetta aðeins nauðsynlegan inngang að því, sem ég ætla að segja. — Þessi nýja þjóð er það, sem fagnar nýjum tímamótum í sögu sinni.

Allt þetta, sem er í ljósi þeirrar sögu, sem við höfum lifað í landinu, og ekki síður í ljósi þess umheims, sem við á þessari stundu erum að fæðast inn í, krefst þess af okkur einmitt nú, að við hugsum með dýpstu alvöru til þess framhalds, sem nú á að verða á sögu okkar, þess framhalds, sem við höfum sjálfir í hendi okkar að ráða um, hvað verður.

Ég held við verðum að forðast nú að líta of smátt og einangrað á hlut okkar. Okkur ber einmitt á þessari stundu að skynja og hugleiða, inn í hvaða heim við erum að fæðast, því að nú ber líka svo merkilega við, að það er nýr heimur með gerbreyttum viðhorfum, sem við erum að fæðast inn í. Hin ógnarlegasta styrjöld geisar, en tekur nú brátt enda, jafnvel miklar líkur til, að svo verði þegar á þessu ári. Það fer fram fyrir augum okkar í heiminum nú hin stórfenglegasta mannfélagsbræðsla, þar sem allt, er manninn varðar, ríki, þjóðir, atvinnuhættir, hugmyndalíf, umsteypist í nýtt mót. Það er óvéfengjanlegt, að í hundruð, jafnvel þúsundir ára hefur slík umsköpun þjóðanna og allra mannlegra viðhorfa í heiminum ekki átt sér stað. Til þess að skilja þær gerbreytingar, sem eru að fara fram, verðum við að hugsa allt upp af nýju. Gamlar hugsanir eru fljótar að verða úreltar á svona hraðfleygum umbyltingartímum. Við verðum að sjá jafnóðum hin nýju viðhorf, sem skapast, ef við viljum ekki verða aftur úr og einskis nýtir í þeim stórfum, sem eru fram undan. Við skulum

vona, að hér inni sitji engir, í sjálfum forystuhóp þessarar endurfæddu þjóðar, að hann geri sér ekki ýtarlega grein fyrir, að undanfarna áratugi og ár hafa höfuðátökin staðið um tvenns konar skipulag í heiminum, skipulag sósíalisma og auðvaldsskipulagið. Fyrsta ríki sósíalismans, Sovétríkin, risu upp úr síðustu heimsstyrjöld. Ríkjum gamla skipulagsins, það er ríkjum auðvaldsins, varð svo mikið um, að þau flýttu sér að binda endi á styrjöldina til þess að reyna að kollvarpa hinu nýstofnaða ríki sósíalismans. Sú kollvörpun tókst ekki. En allt tímabilið milli styrjaldanna snerist pólitík auðvaldsríkjanna um það að einangra Sovétríkin, ekki aðeins viðskiptalega og stjórnarfarslega, heldur einnig hlaða um þau múr fjandskapar og hleypidóma og jafnframt að undirbúa nýja styrjöld, egna ákveðin ríki út í styrjöld, sem leiddi hrun yfir hið nýja ríki sósíalismans. Og sú styrjöld, sem undirbúin var, varð ekki stöðvuð, og flestar þjóðir heims hafa orðið að kenna á henni. En hið sögulega og stórfenglega við okkar tíma er það, að þessi styrjöld snerist í höndum þeirra, sem mest unnu að undirbúningi hennar, snerist í höndum hinna voldugu auðdrottna og nú æ meir gegn þeim sjálfum. Hið heimssögulega gerðist, að hin fyrirhugaða og undirbúna styrjöld auðvaldsins snerist ekki gegn Sovétríkjunum einum, varð ekki styrjöld milli þeirra skipulaga, sem keppt hafa í heiminum, heldur varð bandalag milli ríkis sósíalismans og nokkurra hinna máttugu ríkja auðvaldsskipulagsins, er sameinuðust á síðustu stundu um það að koma í veg fyrir, að hin ágengustu auðvaldsríki, fasistaríkin, ofbeldisríkin, gætu hneppt heiminn allan í þrældóm, eins og takmark þeirra var. Þessi samvinna hefur í fyrsta lagi breytt öllum gangi styrjaldarinnar og bjargað þjóðunum frá áþján í aldir fram og í öðru lagi skapað gerbreytt viðhorf í heiminum. Ríki sósíalismans hefur sýnt þá yfirburði og þann mátt á því örstutta friðartímabili, sem það naut, og ekki síður í þessari styrjöld, að framtíð þess og sigur í heiminum eru tryggð og viðurkennd. Enginn stjórnmálamaður innan auðvaldsskipulagsins, sem á raunsæja hugsun eða óbrjálað vit, lætur sér lengur detta það í hug, að ríki sósíalismans verði kveðið niður með vopnum eða öðru valdi nokkurra þjóða í heiminum. Ríki sósíalismans er grundvallað á jörðinni við hlið hins eldra skipulags kapítalismans eða auðvaldsins, og það er ekkert vald í heiminum, sem getur afmáð það héðan í frá. Enn er annað, sem gerzt hefur í þessari styrjöld: Forystumenn hinna tveggja skipulaga hafa fengið reynslu fyrir og sannfærzt um, að þeir geta unnið saman að því, fyrst og fremst að bjarga frelsi þjóðanna, sem fasisminn hefur kúgað, og enn fremur að því að skapa nýjan heim upp úr þessari styrjöld, og það er að þessu marki, sem hinir vitrustu og framsýnustu forystumenn hinna sameinuðu þjóða vinna. Við skulum ekki láta okkur detta í hug að taka samninga þeirra og undirskriftir sem dauðan bókstaf, heldur felst í þeim vilji til að tryggja þjóðunum nýja framtíð og sannfæring um, að ríki, sem búa við ólíkt þjóðskipulag, stéttir, sem eiga ólíkra hagsmuna að gæta, geti unnið saman að þessu takmarki. Við getum ekki aðeins vitnað í yfirlýsingu Teheranráðstefnunnar, þar sem foringjar þriggja voldugustu ríkja hinna sameinuðu þjóða gefa heiminum hið mikla fyrirheit, sem felst í þessum orðum yfirlýsingarinnar: *(Forseti:* Ég vil nú alvarlega áminna hv. ræðumann um það að koma nú að efninu. Þetta er fullkomin misnotkun á leyfinu til þess að tala um málið.) Þetta er aðeins nauðsynlegur inngangur. *(EOl:* Málfrelsi er nú enn í íslenzka lýðveldinu. Það stendur í stjskr. — *Forseti:* Svo er nú fyrir að þakka, að enn þá eru einnig til lög og reglur í lýðveldinu og það einnig á Alþ., og þeim verður að fylgja.)

„Við erum þess fullvissir, að samtök okkar munu skapa þjóðunum varanlegan frið. Við erum okkur þess fyllilega meðvitandi, hvílík ábyrgð hvílir á okkur og öllum hinum sameinuðu þjóðum, — að koma á friði, sem mun leiða í ljós samhug yfirgnæfandi meiri hluta allra þjóða heimsins og koma í veg fyrir endurtekningu styrjaldarógna í margar kynslóðir.“ — Í yfirlýsingu þeirra segir enn fremur: „Við höfum athugað vandamál framtíðarinnar með stjórnmálaráðgjöfum okkar. Við munum leita samvinnu og virkrar þátttöku allra þjóða, sem af heilum huga, eins og okkar eigin þjóðir, helga sig baráttunni fyrir afnámi harðstjórnar og þrælkunar, kúgunar og umburðarleysis. Við munum bjóða þær velkomnar, er þær óska eftir að ganga í alheimsbandalag lýðræðisþjóðanna.“

Ekki einungis þessi sameiginlega yfirlýsing Roosevelts, Stalins og Churchills, heldur ótal aðrar tilvitnanir mætti greina frá áhrifamestu stjórnmálamönnum og öðrum viðsvegar í löndum, þar sem allt vitnar um hið sama, skilning og sannfæring um breytt viðhorf og trú á því, að þjóðunum takist upp úr styrjöldinni að skapa nýja tíma, þar sem samstarf og viðskipti, en ekki ófriður og keppni verði ríkjandi. Söguleg nauðsyn hefur knúið þjóðir tveggja skipulaga til þess að vinna saman, og með samvinnu sinni í styrjöldinni hafa þær bjargað lífi hver annarrar, bundizt mannlegum tengslum og jafnframt sannfærzt um, að þær geti lifað og starfað saman einnig í friði. Sú sögulega staðreynd verður ekki kæfð, að í lok þessarar styrjaldar er ríki sósíalismans orðið voldugasta ríkið á meginlandi Evrópu og Asíu. Sú staðreynd hefur m. a. fengið Bretland til þess að yfirgefa aldagamla stjórnarstefnu sína, þess efnis að vega salt milli ríkjanna á meginlandi Evrópu og ná einlægt bandalagi við hið næstöflugasta. Nú hafa þau tengzt bandalagi við öflugasta ríkið, Sovétríkin. Bandalag þessara ríkja er byggt á nýjum staðreyndum. Yfirlýsing Teheranráðstefnunnar er enn fremur byggð á nýjum staðreyndum, þeim staðreyndum, að ný viðhorf hafa skapazt í heiminum, viðhorf, sem heimta samvinnu. en ekki ófrið. Það má færa óteljandi rök að því, þótt hér sé ekki gert, að bandalag og samningar hinna voldugu sameinuðu þjóða er byggt á hagsmunum þeirra allra og nákvæmu mati á hinu nýja ástandi, sem skapazt hefur í heiminum á sviði atvinnuhátta, viðskipta og stjórnarfars.

Ég vildi leggja áherzlu á þetta, að það er inn í nýjan heim alþjóðlegrar samvinnu, alþjóðlegrar skipulagningar í fjölmörgum greinum, sem við erum nú að fæðast. Og okkur er brýn nauðsyn einmitt á þessari stundu, strax í dag, að átta okkur á viðhorfum og stefnum þessa nýja heims, sem okkur ber lífsnauðsyn að taka upp samstarf við og það sem margþættast. Á þessum tímum gerast allir hlutir hratt. Hver þjóð, sem vill eiga þátt í hinu nýja starfi þess tíma, sem í hönd fer, þarf að vera fljót að ákveða sig.

Ég er þeirrar skoðunar, að nú sé stund Íslands til að taka ákvörðun um samstarf við aðrar þjóðir, tryggja aðstöðu sína út á við og leggja grundvöll að nýjum atvinnuháttum, velmegun og menningu í landinu. Ég er þeirrar skoðunar, að nú eigi þjóðin fjölmörg tækifæri, sem hún verður að grípa strax, tækifæri, sem geta gengið henni úr greipum og ekki komið aftur, ef þeim er sleppt nú.

Á grundvelli alls þess, sem ég hef hér sagt, er mér það sárt hryggðarefni, ef forysta þjóðarinnar á Alþingi ætlar að bregðast og neita að skilja þá stund, sem nú slær og er stund Íslands. Ég endurtek, að við eigum nú áður óþekkt tækifæri til að vinna framtíð Íslands gagn. Við höfum bundizt vináttutengslum við aðrar þjóðir, sem aldrei hafa verið slík í sögunni. *(Forseti:* Ég vil nú biðja hv. ræðumann að stanza, næst þegar kemur að punkti hjá honum, vegna þess að nú þarf að fresta fundi vegna opnunar sögusýningarinnar, sem nú fer að hefjast. En þess er vænzt, að þm. verði þar viðstaddir.) Þjóðin hefur aldrei verið jafnauðug, aldrei vitað fyrr, að hún ætti jafnauðugt land. Hún hefur lifað vakningarstund, sem hún hefur um aldir þráð. Aldrei hefur hún vænt sér jafnmikils af framtíðinni sem nú og aldrei átt jafnmikla möguleika til þess að umskapa atvinnuhætti sína og lífsskilyrði sín öll. Við gerum okkur alls ekki grein þess, hve stórkostleg umsköpun gæti farið fram á atvinnuháttum, ef varið væri 400—500 millj. eingöngu í því skyni. Við getum keypt nýtízku atvinnutæki í stórum stíl, tugi togara, fjölda vélbáta, reist verksmiðjur, hafnargerðir, raflýst bæi og byggðir, hagnýtt afl fossanna, ræktað landið, í stuttu máli lagt grundvöll að nýju atvinnulífi. Jafnframt eigum við tækifæri til að tryggja viðskipti okkar við aðrar þjóðir og markaði fyrir afurðir okkar, ef við höfum djörfung til að skilja, að við eigum ekki að reka neina stafkarlapólitík eða sultarpólitík lengur í landinu, heldur snúa okkur með einbeittum kröftum að stórum viðfangsefnum, sem skapa okkur auð og grundvöll menningar, viðfangsefnum, sem sameina okkur og fá okkur til að gleyma nöldri og argi um deilumál, sem í ljósi hins nýja viðhorfs og nýrra möguleika eru smávægileg og verða aukaatriði, áður en við vitum um. Við eigum í fyrsta skipti í sögunni nægilegt fjármagn til þess að hefja þetta starf, verulegt viðreisnarstarf þjóðfélagsins, ef við aðeins viljum nota okkur þetta fjármagn. Ég er þess algerlega viss, að ekkert mundi vera þjóðinni, þúsundunum, sem framtakið þrá meira en allt annað, kærara en að fjármagn hennar væri notað til að skapa öruggari framtíð með verklegum og menningarlegum framkvæmdum. Ég veit, að þjóðin bíður aðeins eftir því, að forystumenn hennar leggi henni skynsamleg verkefni upp í hendurnar, gefi henni hagsýna áætlun til að vinna eftir, og þá mun ekki standa á henni að vinna af dugnaði og áhuga að framkvæmd þeirrar áætlunar.

Vegna allra þessara verkefna og hinna einstöku tækifæra, sem einmitt nú eru til að tryggja framkvæmd þeirra, fellur mér það sérstaklega illa, að Alþingi skuli fara heim án þess að hafa falið ríkisstj. framkvæmd ákveðinna verkefna, sem brýnast kalla á úrlausn.

Rétt að baki er stofnun lýðveldisins, viðurkenning margra ríkja á hinu nýstofnaða lýðveldi, athygli vakin og aukinn skilningur á þjóð okkar, þjóðin sjálf í vakningarhug, erlendis að renna upp nýir tímar, þar sem allt stefnir að alþjóðlegu samstarfi og vísindalega skipulögðum þjóðarbúskap. Á stundu sem þessari, er þjóðin væntir nýrra athafna, ber okkur, sem hér sitjum, skylda til þess að hagnýta til blessunar fyrir þjóðina þau tækifæri, sem skapast, og vinna jafnframt að því með öðrum frjálsum þjóðum að græða sárin eftir þessa styrjöld. Á svona stundu tel ég, að Alþingi beri skylda til að vera vakandi og finna þau verkefni og velja þau úr, sem við, þm. af öllum flokkum, getum sameinazt um og orðið geta til eflingar lýðveldi Íslands.

Við höfum orðið einhuga um að stofnsetja lýðveldið. Öll þjóðin hefur séð hinn glæsilega árangur af því, að við gátum orðið einhuga. En þá hljótum við næst að spyrja: Eru ekki fleiri málefni, sem við getum staðið saman um, málefni, sem varða þjóðina alla og eru svo mikilvæg, að önnur smærri ágreiningsefni geti horfið í skuggann fyrir þeim? Við vitum, að þessi mikilvægu mál eru til. Þau eru trygging lýðveldisins og þjóðarviðskipta út á við og aukning atvinnulífs og öryggis innan lands. Ég fæ ekki skilið — og tel ekki fullreynt —, að við getum ekki sameinað kraftana um framkvæmd á þessum málum. Ég vil, að framhald verði á því samstarfi, sem verið hefur við lýðveldisstofnunina. Við leysum vitanlega ekki andstæður stéttanna, ágreiningsmál flokkanna né margvíslegan skoðanamun okkar. Það, sem hér er um að ræða, er einungis að taka út úr nokkur veigamikil mál, sem örlagaríkust eru fyrir þjóðina alla, sameinast um að styðja að framkvæmd þeirra í beinu framhaldi af því, sem unnið hefur verið með stofnun lýðveldisins, til frekari tryggingar því stjórnarfarslega, atvinnulega og menningarlega. Ég veit, að þjóðin ætlast til þess af okkur, og hún á kröfu til þess af fulltrúum sínum, að þeir sleppi ekki vegna ágreinings um stéttarmálefni innan lands þeim tækifærum, sem þjóðinni nú bjóðast í samvinnu við aðrar frjálshuga þjóðir til þess að styrkja aðstöðu okkar um alla framtíð. Ég skírskota til þm. úr öllum flokkum, að þeir láti ekki bráðlæti sitt að komast heim af þessum fagnafundi við lýðveldisstofnunina verða til að hindra, að flokkarnir taki sér enn dálítinn frest í samræmi við brtt. hv. 2. þm. Reykv. til að gera ýtrustu tilraun til að ná

samkomulagi. Mér finnst, að við megum ekki fara héðan heim, fyrr en við höfum komið okkur saman um fá, en ákveðin verkefni, sem við felum ríkisstj., sem helzt væri mynduð á þingræðislegan hátt, að framkvæma nú þegar. Sú ríkisstj. yrði að hafa á bak við sig traust þingsins, allra flokka þess, til framkvæmda á þessum ákveðnu verkefnum, sem henni eru falin. Það er ekki víst, að þau tækifæri, sem nú bjóðast þjóðinni, komi nokkurn tíma aftur. Ég skírskota til ábyrgðartilfinningar hvers þm. Ég tala hér ekki oft. Mér er ekki lagið að blanda mér í afgreiðslu allra mála, og ég tala nú, af því að mér finnst brennandi nauðsyn og skylda, að við höfum ekki nein tækifæri af þjóðinni með deyfð okkar og sljóleika eða ábyrgðarleysi. — Ég skora á þm., að þeir samþ. till. hv. 2. þm. Reykv.

Haraldur Guðmundsson: Út af þeim till., sem liggja hér fyrir, vil ég segja, að ég hefði talið, að vel hefði mátt ákveða næsta samkomudag Alþ. í síðasta lagi 1. okt., eins og brtt. er komin fram um, með tilliti til þess, að það er á valdi ríkisstj. að kalla saman þ. fyrr, ef ástæða þykir til. Mér skildist á þingmannafundi, sem haldinn var í gær, að samkomulag mundi nást um að samþ. 15. sept. sem næsta samkomudag þ., eins og hæstv. ríkisstj. leggur til, og mun ég greiða atkv. með því, þar eð ég tel þennan tímamun ekki skipta verulegu máli.

Að því er snertir brtt. um frestun á þingfrestun enn um tvo daga, sem hér er komin fram, vil ég geta þess, að við Alþflmenn eigum hér þáltill. um að fjölga mönnum í mþn. til að framkvæma gagngerða endurskoðun á stjórnarskipunarl. Ég hefði talið það *skipta mjög verulegu máli, að þessi till.* næði samþykki á þessu þ., en hæstv. forseti Sþ. hefur tjáð mér, að þótt þingfundum yrði haldið áfram til 22. júní, mundi tími ekki vinnast til að fá þá till. afgreidda. Hefði verið kostur að afgreiða þessa þáltill. okkar, hefði ég getað samþ., að þingfundum yrði haldið áfram, en þar sem svo er ekki, sé ég ekki ástæðu til að vera með því, að fundum verði haldið áfram.

Sú meginástæða, sem borin var fram af hv. 2. þm. Reykv. fyrir því að lengja þ. um tvo daga, var, að mér skildist, sú, að hann gerði ráð fyrir, að unnt væri að mynda ríkisstj., sem hefði þingmeirihl. að baki sér og tæki við, áður en þm. héldu heim. Ef ég héldi, að þetta mundi verða, mundi ég greiða þessari till. atkv., en ég verð að segja það, að eftir þær viðræður, sem fram hafa farið að undanförnu um möguleika á því að mynda ríkisstj., sem hefði stuðning allra flokka eða meiri hl. Alþ., hef ég enga trú á, að það næðist að vinna það verk á þessum tveim dögum, sem ekki hefur lánazt að leysa þann tíma, er til þess hefur verið til umráða, og ég hygg það ekki ofmælt, að þessum hv. þm. sé það líka vel kunnugt. Honum er að sjálfsögðu manna bezt kunnugt um sérstöðu flokks síns í þessu máli. Þegar núverandi ríkisstj. tók við völdum, minnir mig, að hún gæfi yfirlýsingu á þá leið, að hún mundi tafarlaust biðjast lausnar, er hún fengi fullar upplýsingar um, að önnur stj., sem hefði stuðning öruggs meiri hl. Alþ., væri tilbúin að taka við völdum. Ég verð því að ætla, að hæstv. ríkisstj. sé sama sinnis enn og að hún muni tafarlaust, þegar hún fær örugga vitneskju um, að þ. allt eða meiri hl. þess hafi tilbúna stj., er það veitir stuðning, biðjast lausnar, hvort sem Alþ. situr eða ekki. Hæstv. forsrh. er hér staddur, og mér væri kært, að hann vildi leiðrétta þetta, ef það er misskilningur, eða staðfesta það, ef rétt er, sem ég hygg, að sé. Ég er einn þeirra manna, sem telja mikils um vert, að stjórn verði hér áfram með þeim hætti, sem verið hefur lengst af og sjálfsagt er og æskilegt í landi með þingræðisfyrirkomulagi. Ég vil vinna að því, að reynt verði til fullrar þrautar, ekki einungis að ná samstarfi allra flokka um myndun ríkisstj., heldur og um sköpun nægilega öflugs meiri hl. þings til að standa að baki ríkisstj., sem hafi ákveðinn málefnagrundvöll. En að mynda ríkisstj. án þess að samkomulag væri um meginmálefni, væri að minni hyggju lítil bót.

Forseti (GSv): Ég tel rétt að biðja hæstv. forsrh., af því að svo marga þm. vantar í d., að doka við með svarið, svo að sem flestir megi á hlýða.

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. — Ég vil aðeins gera stutta grein fyrir atkv. mínu í þessu máli. Það mun verða á þá leið, að ég mun styðja till. hv. 2. þm. Reykv. af þeim ástæðum, sem ég gat um, þegar ég greiddi atkv. um þingfrestunartill.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég get verið stuttorður um þá brtt., sem ég flyt ásamt hv. 2. þm. S-M. *En ástæðan til þess, að við teljum* heppilegra, að Alþ. komi saman 2. sept., er sú, að núgildandi verðákvörðun á landbúnaðarafurðum nær ekki nema til 15. sept., og ef Alþ. gerir enga nýja ákvörðun áður, hækka landbúnaðarafurðir af sjálfu sér. Komi þ. ekki saman fyrir 15. sept., verður því erfið aðstaða í dýrtíðarmálunum. Hugsi Alþ. sér að vinna bug á dýrtíðinni, er ekki of mikið að hafa 10—12 daga til ákvörðunar á þeim leiðum, sem fara skal. Ég held, að hv. þm. ættu því að samþ. þessa till. okkar.

Það er talað um, að þetta mundi verða til að skapa langt þ. En er nauðsynlegt, að þ. standi alveg til hátíða? Er ekki hægt að ljúka við fjárl. í nóv.? Ég held, að það ætti ekki að þurfa að lengja þ., þó að samkomudagurinn yrði 2. sept. Það væri hægt að ljúka þ. fyrr. Ég óska því, að till. okkar verði samþ., svo framarlega sem hv. þm. vilja gera eitthvað í dýrtíðarmálunum, en ekki kasta öllum sínum áhyggjum upp á hæstv. ríkisstj. — Hugsum okkur, að sá skilningur verði fyrir hendi í haust, sem nú er ekki fyrir hendi, að ekki sé vænlegt að halda áfram gegndarlausum kaupkröfum, þannig að atvinnuvegirnir verði að ganga saman og hrynja. Hugsum okkur, að mönnum verði ljósara en nú, að undirstaðan að afkomu verkalýðs og launþega í landinu er sú, að atvinnutækin beri sig og gera beri einhverjar skynsamlegar ráðstafanir í dýrtíðarmálunum. Þá er sannarlega ekki of

mikill tími að hafa 10 daga upp á að hlaupa. Með því, að þingflokkarnir hafi n. starfandi í sumar til að athuga leiðir í dýrtíðarmálunum, mætti hugsa sér þetta nægilegan tíma til að ganga frá málunum, og vil ég leggja til, að flokkarnir hafi slíka n. starfandi á milli þ. í sumar til að undirbúa þessi mál. Mætti með því gera sér vonir um einhvern árangur.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég mælti áðan nokkur orð, eftir að hv. 2. þm. Reykv. hafði lýst því, að hann æskti þess, að þingfrestun færi ekki fram fyrr en tveim dögum síðar, til þess að færi gæfist að mynda nýja ríkisstj. Ég fann mig ekki knúinn til að svara þessu, því að ég leit svo á, að hv. 2. þm. Reykv. mundi telja aðstöðuna betri til að fá þingfylgi sameinað á meðan þ. situr en eftir að þingfundum hefði verið frestað. Þess vegna tók ég þessa till. ekki neitt til umr. En nú hefur mér fundizt sá skilningur vera uppi hjá einstaka manni, að stj. mundi ekki telja sig skylda að víkja, á milli þess er þ. sæti, enda þótt fyrir lægi meiri hl. þ. fyrir því, að hann styddi aðra stj. eða tryði annarri stj. betur til að fara með stjórn landsins.

Mér virtist þetta liggja á bak við fyrirspurn hv. 3. landsk. þm., en hann hefur að vísu ekki réttan skilning á afstöðu stj. Hún er reiðubúin, hvort sem þ. situr eða ekki, til að víkja, þegar fyrir liggur trygging fyrir því, að meiri hl. Alþ. sé því fylgjandi að taka að sér stj. landsins. Fyrir þessu höfum við einnig ljóst fordæmi frá árinu 1927, þegar þáv. stj. fyrir ósigur í þingkosningum vék úr sæti, af því að hún taldi sig ekki hafa styrkan meiri hl. Ég lít því svo á, að það þurfi ekki að tefja frestun þ. neitt, að þm. komi sér saman um að fela öðrum stjórn landsins, og því þurfi ekki umr. að verða langar um þetta efni.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Út af því, sem komið hefur fram um till. sósíalista um að fresta ekki þ. í dag, vil ég fyrir Sjálfstfl. gefa eftirfarandi yfirlýsingu:

„Eins og öllum þm. er kunnugt, hafa þingflokkarnir undanfarna daga rætt um myndun þingræðisstjórnar í landinu. Enda þótt þær umr. hafi ekki leitt til stjórnarmyndunar á þessu stigi málsins, hefur margt merkilegt komið fram, og standa nokkrar vonir til, að með frekari samningum, er þó vafalaust munu taka nokkurn tíma, megi auðnast að mynda þingræðisstjórn.

Sjálfstfl. hefur ríkan áhuga á því, að takast megi sem allra fyrst að mynda þingræðisstjórn, og telur, að í fullkomið óefni sé stefnt, ef það verður lengi látið dragast. Hins vegar telur flokkurinn víst, að úr því, sem komið er, muni stjórnarmyndun ekki lokið á næstu tveim dögum, og vill ekki styðja að því að fresta þingi, á meðan slíkar tilraunir kynnu að standa yfir.

Flokkurinn telur, að bezt fari á því, að stjórnarskipti fari fram með þeim hætti, að stj., er nýtur trausts meiri hl. Alþ., sé reiðubúin að taka við völdum, en eigi með hinum hættinum, að Alþ. lýsi vantrausti á þessa stj., en hafi þó eigi jafnframt undirbúið myndun þingræðisstjórnar.

Sjálfstfl. bendir jafnframt á, að núv. stj. situr ekki í skjóli stuðnings Alþ. og hefur ekki leitað þess stuðnings."

ATKVGR.

Brtt. 272 felld með 27:11 atkv.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Eins og ég gat um, þegar ég lagði þáltill. fram, fylgdi ég þeim meiri hl., sem kom fram hér í gær, og lagði till. fram í því formi, að þ. skyldi kvatt saman í síðasta lagi 15. sept. Ef atkvgr. félli nú á annan veg, þannig að tímatakmarkið yrði 2. sept., mundi **ég líta** svo á, þó að í bréfinu standi „í síðasta lagi 15. sept.", að stj. væri skyldug til að kalla þ. saman 2. sept. ellegar að fá nýtt bréf.

Forseti (GSv): Þetta tel ég rétt skýrt hjá hæstv. forsrh.

Brtt. 273 felld með 21:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GTh, HermJ, IngJ, IngP, JPálm, JS, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SigfS, SB, SÞ, ÞÞ, BSt, BÁ, EE, GSv.

nei: FJ, GÍG, HG, JJós, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁÁ, BBen, BrB, EOl, EmJ.

JakM, ÁkJ greiddu ekki atkv.

8 þm. (GÞ, GG, GJ, HelgJ, JJ, SkG, SvbH, BG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Ég vil aðeins láta þann skilning koma fram, að ég álít, að ef þessi brtt. verður samþ., beri að breyta forsetabréfinu, sem hæstv. forsrh. minntist á, að væri miðað við 15. sept. Það atriði tel ég ekki, að verði hægt að túlka öðruvísi. Ég segi já.

Brtt. 274 felld með 24:13 atkv.

Tillgr. samþ. með 28:6 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 26:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 275).

27. Verðlækkun á vörum innanlands (fyrri till.).

Á 41. fundi í Sþ., 14. sept., var útbýtt:

Till. til þál. um verðlækkun á vörum innanlands (A. 309).

Á 42. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Herra forseti. — Ég býst ekki við, að það þurfi langa framsögu um þetta mál. Fyrir örstuttu fóru hér fram útvarpsumræður um dýrtíðarmálin í heild sinni, og ég hygg, að enginn gróði væri að því að taka þær upp að nýju. Ég býst einnig við, að engum alþm. geti komið það á óvart, að slík till. sem þessi er borin fram. Hv. alþm. heyrðu yfirlýsingu hæstv. fjmrh. í morgun. Og þó að hún hefði ekki komið, er öllum ljóst, að ef ekkert er gert í dag, munu ýmsar vörur hækka í fyrramálið. Og þar með er komin ný verðhækkunaralda, sem ekki er hægt að segja fyrir fram, hvar staðar nemur. Við hv. þm. V-Húnv. höfum litið svo á, að a. m. k. eins og ástatt er, verði að stöðva þessa þróun í bili. Í því efni erum við algerlega sammála þeim flokki, sem við teljumst til, og sennilegt er, að margir aðrir þm. líti eins á.

Við höfum því lagt fram þessa till., sem fer fram á, að Alþ. feli ríkisstj. að lækka verð á vörum innanlands fyrst um sinn með framlagi úr ríkissjóði, til þess að koma í veg fyrir, að vísitala framfærslukostnaðar hækki úr því, sem nú er, eða úr 272 stigum. Það er kunnugt, að nú í tvö ár hefur mikið verið rætt um, að það þyrfti að finna ráð við dýrtíðinni. En það er jafnkunnugt, að lítið sem ekkert hefur verið gert í því efni annað en það að heimila fé úr ríkissjóði til þess að greiða niður vörur og halda dýrtíðinni þannig nokkuð í skefjum. Og þetta hefur tekizt þannig, að síðan að ég ætla á haustþinginu 1942 til þessa dags hefur vísitalan ekki hækkað, þó að nokkrar breytingar hafi á henni orðið, og mun nú 1. næsta mánaðar ganga í gildi vísitala, sem er nákvæmlega jafnhá og þá var. Það má benda á, að við Íslendingar erum ekki einir um það að hafa gert ráðstafanir til að halda dýrtíðinni í skefjum á þennan hátt. Það hafa fleiri þjóðir gert, t. d. Bretar og Bandaríkjamenn o. fl. Að sjálfsögðu má um það deila, hvort þetta eru þær heppilegustu aðgerðir gegn dýrtíðinni. En ég held, að tæplega verði um það deilt, að úr því að búið er nú að halda dýrtíðinni í nokkrum skefjum í tvö ár, þá sé með öllu óforsvaranlegt að sleppa henni nú lausri á morgun, þegar svo er ástatt, að flestir búast við, þó að enginn geti fullyrt það beinlínis, að það megi telja í vikum, fremur en í mánuðum, hvað styrjöldin á eftir að standa lengi. Það er einkennilegt, ef við ættum kannske á seinustu vikum styrjaldarinnar að gefast alveg upp og koma öllu því öngþveiti á stað, sem ný dýrtíðaralda og vísitöluhækkun mundi leiða af sér fyrir þjóðfélagið.

Í annan stað er á það að líta, að eins og öllu hinu háa Alþ. er kunnugt og þjóðarheildinni einnig, þá hafa farið fram viðræður undanfarið meðal stjórnmálaflokkanna á Alþ. um lausn hinna aðkallandi vandamála. Meðal annars hefur verið rætt um stjórnarmyndun. Okkur flm. þessarar till. er ekki kunnugt um það, að þessar viðræður séu komnar það langt áleiðis, að niðurstaða geti fengizt í dag og geti því komið í veg fyrir fyrirsjáanlega verðhækkun á morgun. En meðan þessar viðræður standa yfir og von er, að þær beri árangur, þá virðist það enn gálausara að hleypa allri þeirri skriðu á stað, sem mundi verða með verðhækkuninni á morgun, ef þessar viðræður kynnu að bera árangur eftir örfáa daga. Þess vegna er það skoðun okkar flm. og einnig flokks okkar, að í dag sé ekki annað að gera en það að fela ríkisstj. að halda dýrtíðinni í skefjum á þann hátt, sem gert hefur verið undanfarið, nú fyrst um sinn, þannig að hún ekki hækki. Undir þeim umr., sem farið hafa fram um þetta mál, bæði í útvarpinu og reyndar víðar, skilst manni, að ríkisstj. líti svo á, að ekki sé fé fyrir hendi í ríkissjóði til þess að halda þeim greiðslum áfram, sem greiddar hafa verið undanfarið í þessu skyni, og til viðbótar að greiða niður þá verðhækkun, sem boðuð er á morgun. Enda berum við flm. fram þessa till. beinlínis með það fyrir augum, að ef hún verður samþ. og henni þá ætlað að verka um nokkuð lengri tíma, þá sé alveg sjálfsagt, að þingið sé gersamlega skuldbundið til þess að afla ríkissjóði tekna, sem hann hefur ekki nú, til þess að standa straum af þessum ráðstöfunum. Það yrðu þá að sjálfsögðu gerðar ráðstafanir til að bera fram lagafrv. um það efni, þegar eftir að þessi till. er samþ., nema þá lægi fyrir, að þingflokkarnir hafi komið sér saman um einhverja aðra leið, sem ekki krefðist jafnmikilla fjárframlaga.

Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta frekar, þetta mál er svo þrautrætt. En það vil ég taka fram, að þessi till. á ekki á nokkurn hátt að torvelda eða slá á frest neinum umleitunum um frekara samstarf, sem nú fara fram, heldur hefur okkur aðeins virzt, að þingið yrði nú í dag að gera ráðstafanir út af þessu máli. Og af því að svona stendur á, og af því að þessi till. mundi ekki gilda nema rétt til bráðabirgða, ef frekari aðgerðir yrðu í Alþ., þá sjáum við flm. ekki ástæðu til þess að leggja til, að málinu verði vísað til nefndar. Við álítum, að það verði að afgerast í dag. Á hinn bóginn mundum við ekki setja okkur upp á móti því, að t. d. fjvn. fjallaði um þessa tillögu. En það liggur í hlutarins eðli, að hún yrði að skila áliti í dag, svo að hægt yrði að hafa síðari umr. ekki síðar en í kvöld. Ef málið dregst til morguns, virðist það geta valdið miklum og margháttuðum óþægindum.

Ólafur Thors: Þessi till. fjallar um einn lið í allvíðtækum málefnasamningi, sem ræddur hefur verið undanfarna daga af fulltrúum allra þingflokka. Ég tel það ekki málinu til framdráttar, að þeir samningar verði ræddir á þessu stigi í hæstv. Alþ., og mun þess vegna ekki gera það. Ég álít rétt, eftir atvikum, að till. þessari verði vísað til n. og hún verði þá rædd í sama anda og umr. hafa farið fram undanfarna daga. Þætti okkur sjálfstæðismönnum mikils um vert, að þingið gæti orðið sammála um afstöðu til þessarar till., sem hér liggur fyrir. Ég geri ráð fyrir, að von sé nú á fleiri till. til úrlausnar á þessu efni, og mundi þá verða reynt í hlutaðeigandi n. að bræða þær saman. Skal

ég svo ekki hafa þessi orð fleiri, en leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til fjvn.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég sagði hér á fundi áður í dag, að við tveir fjhnm. Nd. höfum lagt fram till. um, að þeirri verðhækkun, sem hér er um að ræða á landbúnaðarafurðum, verði frestað meðan þingflokkarnir ræðast við um dýrtíðarmálin í heild sinni. Það er áreiðanlega gott fyrir þá samninga, að þessi verðhækkun komi ekki nú þegar í gildi, um það getur engum blandazt hugur. Við höfum gert það að okkar till., að þessari framkvæmd verði frestað, og þó ekki lengur en til 1. des., ef þingið hefur ekki áður gert neina samninga um þetta efni. Það er okkar meining líka, að ef þingið gerir ekki um það neina aðra samþykkt, sé fresturinn upphafinn og komi hækkunin til framkvæmda 15. nóv., eins og er samkv. núgildandi l. Það má segja margt um það, að forðast þurfi að dýrtíðaraldan flói yfir. En það þarf enginn að halda, að þetta mál sé leyst með því að borga dýrtíðina meir og meir niður og hækka skatta að sama skapi. Þó að þetta sé talið gert fyrir atvinnuvegina, til þess að þeir þurfi ekki að borga hærra kaup, þá verkar það á sinn hátt alveg eins og kauphækkun, að auka stöðugt skattana. Það má færa þetta og þetta yfir á ríkissjóð, segja menn, en það er svipað og að segja, að klárinn beri ekki það, sem ég ber. Því að allt hvílir þetta á atvinnulífinu, hvaða nafni sem nefnist, laun eða skattar. En ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma nú. Okkar till. er ekki um neina lausn á þessu máli á þessu stigi, heldur aðeins um frest, svo að flokkarnir hafi svigrúm til að ráða ráðum sínum.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eins og ég sagði áðan, getum við flm. ekki haft á móti því, að málinu verði vísað í n. og athugað, að svo miklu leyti, sem tök eru á. En ég vildi gjarnan spyrjast fyrir um það hjá formanni fjvn., hvort líkur eru til þess, að n. geti skilað áliti í dag, svo að annar fundur yrði haldinn um málið í kvöld. Því að mér skilst, að þessar ráðstafanir, sem till. fjallar um, komi ekki að gagni, a. m. k. ekki fullu gagni, nema málið sé afgr. í dag.

Út af ræðu hv. þm. V-Ísf. vil ég segja það, að ég sé ekki, hvernig sú till., sem hann gat um, að hann og hans flokkur hefðu borið fram, á að koma í veg fyrir það, sem búizt er við að komi fyrir á morgun, ef ekki er að gert. Þessi till. Alþfl. mun vera í frvformi, og mér vitanlega er ekki farið að útbýta því enn. Ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm., hvað hann ætlazt til, að verði á morgun. Það er hreint og beint lagafyrirmæli um, að innlendar vörur eigi að hækka í verði í fyrramálið. Og ef þessi till., sem fer fram á að fresta þeim ákvæðum, sem mæla svo fyrir, að verðhækkunin komi til greina í fyrramálið, á að koma að gagni, þyrfti hún a. m. k. að sjást í dag. Hv. þm. V-Ísf. segir, að málið sé ekki leyst með því, að þessi till. sé samþ., sem við tveir þm. höfum borið hér fram, en það er leyst á sama hátt og gert hefur verið á tveimur undanförnum árum. Við vitum ekki, hvað styrjaldarástandið stendur lengi og afleiðingar þess, og ég vil einnig minna hv. þm. á, að þessi till. er alls ekki hugsuð frá okkur nema til bráðabirgða, meðan verið er að koma sér niður á aðra lausn, sem meiri hl. Alþ. kynni að koma sér saman um og þykir aðgengilegri.

Pétur Ottesen: Áður en ég svara fyrirspurn hv. 1. þm. Eyf., vil ég spyrja hæstv. forseta, hvað hann hyggist fyrir um afgreiðslu þessarar þáltill. frá Alþ.

Forseti (GSv): Málið er þannig vaxið, að eigi að haldi að koma samþykki Alþingis um það atriði, sem till. fjallar um, þá yrði það að verða á þessum degi. Því til hindrunar tel ég ekki það, sem eðlilegt er, að málinu sé vísað til n. og þá að sjálfsögðu til fjvn. En ég hefði viljað ætlast til þess, að n. gæti séð sér fært undir öllum atvikum að keppa að því að skila áliti nú síðdegis og í síðasta lagi í kvöld, og hef ég því hugsað mér að boða til nýs fundar í sameinuðu Alþingi kl. 9 í kvöld og taka þar á dagskrá þessa till. til síðari umr. Þetta er það, sem ég hef ætlazt fyrir um málið.

Ásgeir Ásgeirsson: Hv. 1. þm. Eyf. spurði, hvernig ég hugsaði mér, að hægt væri að fara þá leið, sem við tveir höfum lagt til, þar sem verðlagsbreyt. eigi að koma í gildi á morgun.

Við setjum okkur ekki á móti því, að till. hans fái afgreiðslu á undan okkar frv. En við þá afgreiðslu, sem sú till. fær í kvöld, kemur í ljós, hvort okkar frv. kemur til meðferðar eða ekki. Skyldi svo fara, að þessi till. yrði felld í kvöld, hefur annað eins verið gert eins og að koma fram smáfrv. gegnum báðar d. þingsins á einu kvöldi. *(PZ:* Það verður þá að sjást fyrst). Ég býst við, að hv. þm. fái að sjá það nógu snemma. Ástæðan til þess, að ekki er búið að útbýta frv., er sú, að fjhnm. gátu ekki allir tekið það til meðferðar fyrr en síðdegis í dag. Það var rætt í morgun, og átti að ganga frá málinu síðdegis. En svo skeði það, að einn nm. ásamt hv. 1. þm. Eyf. bar fram mál það, sem hér er nú til umr., án samráðs við nm. Svona stendur á því, að frv. er ekki komið fram enn. Verði þessi till. samþ., kemur frv. ekki til umr. í Nd., því að málið er þá afgreitt.

Ég skal ekki fara verulega inn á efnishlið þessa máls. Hv. 1. þm. Eyf. talaði um sömu lausn og verið hefur áður, og það er eitt þess valdandi, að menn halda, að nóg sé að halda niðri vísitölunni, en svo standi á sama, hvernig dýrtíðin fer, en hún hækkar um þessar prósentur, sem hér er um að ræða, þó að vísitalan fari ekki upp. Þetta er því engin bót við dýrtíðinni, þó að reynt sé að draga einhverja slæðu fyrir hana eins og gert hefur verið einu sinni áður hér á Alþingi.

Ólafur Thors: Ég ætla ekki að fara inn á efnishlið þessa máls. Ég vil aðeins vekja athygli á því atriði í ræðu hv. flm. og sérstaklega beina því

til hv. form. fjvn., að hv. flm. sagði, að ef Alþ. samþ. þessa till., væri það um leið skuldbinding af hendi Alþ. að afla þeirra tekna, sem nauðsynlegar væru til þess að standa undir útgjöldum, sem till. legði á ríkissjóð. Ég vil þess vegna, að menn geri sér ljóst, að um leið og till. er samþ., verður að samþ. tekjuöflun, því að það þekkir hv. 1. flm. með sinni löngu þingsetu jafnvel og við hinir, að þótt talað sé um að afla einhverra tekna, þá liggur ekki í því trygging fyrir, að þ. geti komið sér saman um nokkra leið til að afla teknanna. Einn vill afla teknanna með þessum hætti og sýna með því sinn vilja, annar er honum gagnstæður og sýnir með því sinn vilja. Slíkar yfirlýsingar eru því einskis virði og málið ekki afgreiðslufært að dómi hv. flm., eftir því sem hann skýrt kvað á, nema jafnframt sé samið um tekjuöflunina ríkissjóði til handa, og ég hygg, að hæstv. stj. hafi sett sem skilyrði fyrir veru sinni áfram, að hún fengi slíkar tekjur. Ég hygg, að hæstv. stj. skilji líka eins vel og við og almenningur, að yfirlýsingar í þessu efni hafa ekkert gildi.

Þeir, sem þess vegna vilja samþ. þessa till. og standa við skuldbindingar hv. flm., verða einnig að koma sér saman um, með hverjum hætti teknanna sé aflað. Þetta vita allir hv. þm., að er nauðsynlegt, ef samþ. á að hafa nokkurt gildi, sem flm. gat réttilega um, að þyrfti að vera.

Ég vil aðeins, að hv. form. fjvn. taki til athugunar, að að dómi hv. 1. flm. liggur í þessu algerð skuldbinding þingsins til að afla þeirra tekna, sem þarf til að standa undir þeim bagga, sem þessi till. leggur á ríkissjóð. Þetta þarf því hvort tveggja að afgr. í einu.

Pétur Ottesen: Ég skal út af því, sem hér kom fram um afgreiðslu þessa máls í sambandi við, að þessu máli væri vísað til fjvn., lýsa yfir, að ég mun gera tilraun til að ná fjvn. á fund og leggja þetta mál fyrir hana, en ég verð að segja, að það er til ákaflega mikils mælzt, að fjvn. eigi að verða búin að ljúka þessu máli af fyrir kl. 9 í kvöld, þegar maður lítur á, að þetta er einn þátturinn í því samkomulagi um stjórnarmyndun, sem búið er að ræða nú ákaflega lengi, án þess að lausn hafi fengizt á, eftir því sem fram hefur komið. Það sýnir, hvað miklir erfiðleikar eru á að koma málum svo fyrir, að sæmileg skipan geti á orðið. Sem sagt, ég skal reyna að koma á fjvn-fundi fyrir þennan tíma, en um afgreiðslu málsins get ég vitanlega ekkert sagt á þessu stigi.

Skúli Guðmundsson: Hv. þm. V-Ísf. gat um það, að einn nm. úr fjvn. Nd. hefði gerzt flm. að þessari till. án samráðs við aðra nm. Út af þessu vil ég taka fram til skýringar, sem hv. þm. V-Ísf. láðist að geta um, að á fundi í þeirri n. í morgun bar ég fram till., sem að efni til var eins og þessi till., en hún féll í nefndinni. Það var því sýnilegt, að ekki var hægt að ná samkomulagi innan fjhn. um málið, og þess vegna gerðist ég 2. flm. þessarar till. Þetta vil ég að komi fram, en ætla annars ekki að svo stöddu að segja meira um málið.

Flm. (Bernharð Stefánsson): Eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hv. form. fjvn. get ég sem flm. ekkert haft á móti, að málinu verði vísað til fjvn., þar sem hv. form. hefur lofað, að málið verði tekið fyrir við allra fyrstu hentugleika nú í dag. Ég skal geta þess, að ég geri ekki eins mikið og hann úr erfiðleikunum fyrir n. til að taka afstöðu til málsins, vegna þess að verði frekari samkomulag milli stjórnmálaflokkanna á þingi, sem nú eru kannske góðar vonir um, þá hlýtur þessi till. og sú ráðstöfun, sem hún felur í sér, aðeins að skoðast sem bráðabirgðaráðstöfun. Ég hygg, að þótt málið í heild sé stórt, þá sé það ekki svo miklum erfiðleikum bundið fyrir n. að taka ákvörðun um, hvort hún vill gera þessar ráðstafanir nú til bráðabirgða.

Út af því, sem hv. þm. G-K. sagði, þá vil ég geta þess, að orð mín voru rétt skilin hjá honum. Ég álít ekki aðeins skyldu þingsins, ef það samþykkir þessa till., að sjá stj. fyrir fé til að geta framkvæmt hana, heldur álít ég það skyldu þ. ætíð, þegar það samþ. greiðslur úr ríkissjóði, að sjá fyrir möguleikum til að inna þær af hendi.

Ég get ekki tekið undir það, sem hann sagði um, að þetta kynni allt að misfarast sökum ágreinings um, hvaða leið skyldi fara í öflun teknanna. Ég hygg, að enn sé ekki komið svo, að ef Alþ. gefur þá skuldbindingu, sem í þessari till. felst, að það muni ekki leysa síðari hluta málsins, heldur muni einhver meiri hl. verða fyrir hendi um einhverja leið til tekjuöflunar í þessu skyni, einkum þegar þess er gætt, að eftir öllum líkum að dæma, og fyrir því má telja nokkurn veginn vissu, að þær byrðar, sem hér á að leggja ríkissjóði á herðar, yrðu ekki nema til bráðabirgða.

Eysteinn Jónsson: Það eru örfá orð. Út af því, sem hv. þm. G-K. sagði áðan, þá er það alveg rétt hjá hv. 1. þm. Eyf., að ef till. eins og þessi yrði í gildi um lengri tíma, yrði að fylgja henni um tekjuöflun eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið um fjárhag ríkisins. En ég er ekki þeirrar skoðunar, að ókleift sé að samþ. þessa till., þó að henni fylgi ekki um leið tekjuöflun, af því að hér er um algert bráðabirgðaástand að ræða. Það kom greinilega fram hjá hæstv. ríkisstj., þegar hún lagði fram dýrtíðarfrv., að hún ætlaði að taka á sig veruleg viðbótarútgjöld vegna dýrtíðarinnar út þetta ár, án þess að ný tekjuöflun ætti sér stað, svo að hún hefur álitið, að fjárhagur ríkisins leyfði það til bráðabirgða, svo að menn ættu ekki að vera hræddir næstu dagana, þó að þessi till. verði samþ. En það stendur glöggt fyrir öllum, að ef ekki fyndust aðrar leiðir og þetta yrði látið standa áfram, þá yrði að afla fjár með sérstökum hætti til að standast þessar niðurborganir.

Ég tók eftir því, að hv. þm. Borgf. sagði, að nokkur vandi væri á höndum fyrir fjvn. að taka afstöðu til málsins, þar sem þetta væri einn þátturinn í

stjórnarsamningunum. Ég held, að það sé misskilningur. Það vita allir, að þessir samningar standa yfir og verður sjálfsagt ekki lokið í dag. Hér er því aðeins um bráðabirgðaástand að ræða, unz sést, hvort aðrar leiðir er hægt að fara í málinu og samkomulag fæst um ríkisstj.

Ólafur Thors: Ég er ekki svo fróður, að ég geti með vissu sagt, hvaða fjárútlát verða fyrir ríkissjóð af þessari till., ef samþ. verður. Það var auðfundið, að hv. 1. flm. leit svo á, að þetta mundi vera nokkur baggi fyrir ríkissjóð, og geri ég ráð fyrir, að það sé rétt hjá honum, því að hann er mjög fróður um landbúnaðarmál. Það má vel gera ráð fyrir, að ef þessi till. á að framkvæmast í hálfan mánuð eða meira, þá verði kostnaðurinn fyrir ríkissjóð 2—3 millj. kr.

Varðandi vandann fyrir fjvn. get ég ekki annað en tekið undir það, sem hv. form. hennar sagði. Það vita allir á Alþingi, að þetta er einn liður í þeim málefnasamningi, sem fulltrúar flokkanna hafa verið að glíma við að undanförnu, og ættu þeir sömu fulltrúar að komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu um málið og eiga þar hægara um vik en fjvn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 26:5 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv. og til fjvn. með 34 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr., og nál. voru óprentuð. —

Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Forseti (GSv): Frá 1. og 2. minni hl. fjvn. hafa mér borizt vélrituð nál., sem ekki hefur unnizt tími til að prenta, en frá 3. minni hl. hefur ekki borizt nál. Nál. 1. minni hl. er á þessa leið:

„Fjárveitinganefnd hefur rætt um till. þessa, en samkomulag náðist ekki um hana í nefndinni.

Undirritaður 1. minni hl. leggur til, að tillagan verði samþykkt með þessari breytingu:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fram fé úr ríkissjóði til þess að halda óbreyttu verðlagi innan lands til 23. sept. 1944, að þeim degi meðtöldum, á þeim vörum, sem haldið hefur verið niðri í verði að undanförnu með ríkissjóðstillagi.

Alþingi, 14. sept. 1944.

Pétur Ottesen, form., frsm., Þorst. Þorsteinsson, Sigurður Kristjánsson, með fyrirvara, Jóhann Þ. Jósefsson."

Þá er nál. frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar:

„Undirritaður nefndarhluti leggur til, að þingsályktunartillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. sept. 1944.

Jónas Jónsson, frsm., Helgi Jónasson, fundaskr."

Frsm. 1. minni hl. (Pétur Ottesen): — Það vannst eðlilega ekki tími til á þeirri stund, sem fjvn. hafði til umráða, að ganga frá og prenta nál., svo að þeim yrði útbýtt nú, og ekki var tóm til að semja grg. fyrir afstöðu nefndarmanna. Nú vildi ég gera nokkra grein fyrir afstöðu 1. minni hl. n., en eins og till. hans ber með sér, munar í framkvæmd ákaflega litlu á afstöðu hans og 2. minni hl., sem vill samþ. þáltill. óbreytta, hvorir tveggja ganga inn á, að halda eigi áfram að borga niður verðlag á nokkrum innlendum vörum á innanlandsmarkaði, þó að 1. minni hl. telji í bili nóg að ákveða um þetta til 23. þ. m., en hinir miða við óákveðinn tíma.

Eins og fram kom í umr. um málið í dag, hafa setið á rökstólum nefndir frá öllum þingflokkum til að reyna að semja um málefnagrundvöll, sem stjórnarsamvinna yrði byggð á, og þessi verðlagsmál, er till. varðar, eru einn meginþátturinn í þeim samningum. En svo stendur á, að á morgun falla úr gildi ákvæði, er heimila að greiða úr ríkissjóði verðhækkun þessara vara á innanlandsmarkaði, og þann sama dag á að vera búið að ákveða verð á mjólk, kjöti og kartöflum. En þar sem svo hefur tekizt til, að ekki er fengin niðurstaða í samningunum um stjórnarmyndun, er ekki nema um tvennt að gera, að láta niður falla greiðslur á þessar vörur og skrá verð þeirra fyrir næsta tímabil með hliðsjón af því, að hætt verði að greiða verð þeirra niður, ellegar framlengja ákvæðin um niðurgreiðslu þeirra, unz skorið er úr því, hvort ráðið verði fram úr málinu með samningum, er yfir standa. Eindregið er gert ráð fyrir, að eitthvert samkomulag náist um niðurgreiðslur, svo að hér er aðeins um bráðabirgðasamþykkt að ræða, hvort sem samþ. er þáltill. óbreytt eða með brtt. 1. minni hl. En okkur virtist fresturinn til 23. þ. m. eiga að nægja og ekki vera hollt að gera ráð fyrir lengri bið eftir úrslitum samninganna. Þm., sem standa í þeim örðugleikum, sem eru á að mynda stjórn og ráða bót á öngþveiti því, sem nú ríkir í dýrtíðarmálunum, er að vonum nokkurt kappsmál og metnaðar að reyna að knýja fram þá lausn innan hóflegs tíma. Af hálfu þeirra manna viljum við láta koma fram, að gera beri allt til þess, að úr því máli fáist skorið á næstu dögum, og við það miðast till. okkar. Núv. ríkisstj. hefur sagt af sér frá morgundeginum að telja, og ekkert hefur komið fram, sem bendi til þess, að ríkisstj. ætli ekki að standa fast við þá yfirlýsing sína. Það er nokkuð glögg mynd af því hörmulega ástandi, sem ríkir á Alþingi, ef fela þyrfti ríkisstj., sama dag og hún segir af sér, að framkvæma meginatriði máls, sem ekki er samkomulag um milli hennar og þingsins og krefst skjótrar úrlausnar, — fela henni það um óákveðinn tíma. Nú er annaðhvort fyrir Alþingi að gera hreint fyrir sínum dyrum eða ekki. Er hægt að koma á ríkisstjórn, sem líkleg er til að leysa þessi aðkallandi vandamál? Ef Alþingi gefst upp á því, er ekki eftir neinu að bíða, nú á miðju kjörtímabili verður að rjúfa þing og freista að fá Alþingi svo skipað, að meiri hlutinn geti gert samtök með sér um ríkisstjórn og um lausn vandamálanna. Og satt að segja ættu þau samtök að geta orðið nú þegar. Hér á Alþ. þarf að ríkja um lausn vandamálanna meiri einlægni og raunhæfari sam-

hugur til að herða á stjórnarmyndun en allar þessar samningaumleitanir, sem ekki hafa enn borið neinn árangur, bera vitni um, að sé fyrir hendi, ef verða mætti til þess, að skriður mætti koma á þessi mál. Sá hluti fjvn., sem að þessari till. stendur, hefur talið rétt að tímabinda gildi þessarar heimildar. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem vilja tryggja rétt framleiðenda, er eiga hér hlut að máli, er enginn eðlismunur á þessari till. og því, ef vilji er fyrir hendi hjá meiri hl. Alþ. að halda uppi þessari ráðstöfun annars vegar, sem snertir alla landsmenn, að greiða niður landbúnaðarafurðir, og hins vegar að tryggja það samkomulag, sem kennt er við sex manna n., og halda þeim hlutföllum milli framleiðenda og verkamanna, sem þeir komust að niðurstöðu um. Hér skilur ekki mikið á milli.

Hvernig sem fer, ef svo ógiftusamlega skyldi takast, að ekki yrði búið að leysa þetta mál á þeim takmarkaða tíma, sem settur er, til 23. þ. m., verður vitanlega að reyna að taka þetta mál upp að nýju og reyna að ná samþ. meiri hl., ef önnur skipun er ekki komin, og hefur þá sá meiri hl. sama vald til að framlengja þetta. En náist sá meiri hl. ekki, er engin trygging í þáltill. Ég vildi aðeins taka þetta fram til að sýna, hvað það er lítið, sem skilur á milli frá málefnalegu sjónarmiði.

Ég held, að það sé ekki fleira, sem ég þarf að segja um þessa tillögu. En í sambandi við fjárhagshlið málsins vil ég taka það fram, að hvaða till. sem samþ. verður, hefur Alþ. málið á sínu valdi og getur gert þá breytingu, sem því sýnist, og eins og þessi till. er orðuð um tímatakmörkun, felur hún ekki í sér nema lítil útgjöld fyrir ríkið. Það, sem er hér um að ræða, er hækkun, er nemur 9,4% þessa daga, ef til þess þarf að taka til 23. þ. m., og í raun og veru kemur ekki til þessarar hækkunar nema á mjólk og kartöflum, því að svo stendur á, að ekkert kjöt er enn komið á markaðinn og mun ekki verða neitt, sem teljandi er, fyrir 23. þ. m. Því verður þessi 9,4% hækkun ekki raunveruleg á því tímabili, sem um er að ræða. — Ég vildi láta þetta koma fram til að sýna, að þetta þyrfti ekki að vera nein röskun á þeirri stefnu, sem kann að vera ríkjandi í þeim samningum milli flokkanna, sem nú fara fram viðvíkjandi lausn á þessu máli.

Það er ekki fleira, sem ég þarf að segja í sambandi við þessa till., en legg til, að þessi bráðabirgðaúrlausn verði afgreidd á grundvelli þessarar till., sem hér er borin fram.

Frsm. 2. minni hl. (Jónas Jónsson): Eins og hv. þm. Borgf. tók fram, er ekki mikill munur á till. 1. og 2. minni hl., en 3. minni hl. er, að ég hygg, á annarri skoðun, sem sé að gera ekkert í þessu máli og láta dýrtíðina byrja sinn fulla gang í fyrramálið. Það, sem við hv. 1. þm. Rang. berum fram á þskj. 319, er það, að við sjáum ekki ástæðu til annars en að Alþ. láti halda dýrtíðarráðstöfununum áfram, því að þetta verður að gera, þar til breyting verður á styrjaldaraðstöðu. Við sjáum ekki ástæðu til að tímabinda þetta við 6 eða 7 daga, af því að framkvæmdin er óhjákvæmileg. Væri mynduð stj., sem ekki gerði þetta, en sleppti dýrtíðinni lausri, væri hún dauðadæmd um leið og hún settist. Það, sem mér virðist einkenna afstöðu 1. minni hl., er það, að hann leggi eins konar velvild á þá stefnu. En mér sýnist eðlilegast, að þeir, sem standa að till., gangi hreint til verks og segi: Við ætlum að halda áfram að borga niður verðið, hvaða stj. sem er. Mér fannst hv. þm. Borgf. gera of mikið úr stjórnarskiptunum, sem eru ekki enn orðin, og mér skilst stj. ekki þurfa að segja af sér, hvor till. sem samþ. verður. En stj. hefur aðvarað Alþ. Hún álítur það ekki hentugt sér að stjórna, eftir að dýrtíðinni hefur verið sleppt lausri. En það er ekki búið enn.

En það er eitt atriði annað við það, sem hv. þm. Borgf. minntist á í sambandi við samningsumleitanirnar um myndun stjórnar. Ég er ókunnugur þeim. Ég er ekki í þeirri n., og þær eru ekki ræddar opinberlega á Alþ., en mér skildist undirstaðan vera sú að ganga á hlut bændastéttarinnar. En ég vil nota tækifærið og vara alla við að gera þetta, enda engar líkur til, að af því leiði neitt gott að taka eina stétt út úr og það þá einu stétt, sem ekki hefur komið sér upp félagslegum samtökum til að gera verkföll, ef sú stétt á að fá það þakklæti, að samið verði um, að verð á afurðum hennar verði sett fast í hlutfalli við kaup ákveðins tíma, en kaupið síðan hækkað með strækum, þannig að bændur hafa orðið að búa við þetta hækkaða kaup í sumar. Mér skilst, að þessa nýju stjórn eigi að byggja á því að svíkja það atriði, að verð á afurðum bænda skuli jafnan fylgja kaupgjaldinu og níðast á þessari einu stétt, sem ekki hefur tekið á sig herklæði verkfallanna. Annars álít ég ekkert á móti því, ef meiri hl. Alþ. vill ekki halda áfram að borga dýrtíðina niður, að láta hana koma í fullan gang og bændur fá sitt fulla kaup hlutfallslega við verkamenn.

Ég er ekki sammála hv. þm. Borgf. um það, að aðalatriðið sé stjórnarskipti. Aðalatriðið er, hvenær þjóðin vitkast svo, að hún sjái úrræði til að lækka dýrtíðina, og það er ekki um það að ræða, hvort það er þessi eða hinn ráðh., vegna þess, að ef skipt verður um stj. á morgun og hætti hún að borga niður dýrtíðina, þá er það ekki henni að kenna, heldur Alþ., sem skapaði þessa stjórn. Hæstv. fjmrh. var sá eini, sem talaði skynsamlega um, að þjóðin verði að læra að fara niður stigann, svo að hún standi ekki eins og glópur eftir nokkra daga og geti ekki annað en dáið í sínu eigin hreiðri. Þess vegna er það, að sú atkvgr., sem hér fer fram í kvöld, er kannske ekki merkileg, en hún ætti þó að sýna vilja hv. þm. Í fyrsta lagi eru þeir, sem vilja fresta þessum óförum í aðeins viku, en við viljum ganga hreint til verks að halda verðlaginu niðri, og svo eru þeir fuglar, sem enga till. hafa í þessu máli, en vilja setja allt á höfuðið.

Páll Zóphóníasson: Ég vil aðeins leiðrétta tvenns konar misskilning, sem komið hefur fram. Í fyrsta lagi er það atriði, að samkomulag sex manna n. nær til 15. sept., 15. sept. er síðasti dagurinn, svo að samkomulagið fellur ekki úr gildi á morgun. Það er ekki fyrr en 16. sept., að nýja verðið kemur, en

hitt hafa þó allir talið sjálfsagt. Í öðru lagi vil ég minna hv. þm. G.-K. á eitt atriði og undirstrika það, af því að ég býst við, að það hafi farið fram hjá hv. þm. Hann segir, að þó að till. verði samþ., hafi hún ekkert gildi nema tekna sé aflað jafnhliða, annars sé hún bara leikur eða hálfgert fals. En fyrr á þessu þ., sem nú stendur, flutti hann þáltill. á þskj. 258, og þá stóð ég upp til að benda á þetta sama. Væntanlega áttar nú hv. þm. sig á því, að það stoðar ekki að koma með till. um útgjöld án þess að koma um leið með tekjuöflunartill. móti þessum útgjöldum. Þetta vil ég minna hann á, svo að hann rumskist til meðvitundar um það, hvað rétt er.

Ég skil, að hv. þm. Borgf. hafi haft gaman að því, að hv. fjvn. var ekki búin að skila af sér fjárl. fyrir áramót og varð að fá margendurtekinn frest, en mér og ýmsum öðrum þótti hins vegar skömm að þessu. Þetta vill hann nú, að endurtakist, að gefin sé út á átta daga fresti ný og ný heimild, þangað til búið sé að koma sér saman um grundvöllinn. En ég er ákveðinn með því að fylgja till. óbreyttri.

Ásgeir Ásgeirsson: Á þessum fundi var útbýtt frv., sem að vísu kemur ekki fyrir Sþ. Í þessu frv. er gert ráð fyrir, að lengri umhugsunartíma þurfi en eina eða tvær vikur. Þetta mál er svo umfangsmikið, að varla er hægt að búast við, að fram geti farið heildarafgreiðsla, nema Alþ. hafi haft það til afgreiðslu í einn eða tvo mánuði að minnsta kosti. Á þessu byggjum við till. okkar um, að verðlagið haldist óbreytt, eins og það er nú, til 1. des., ef Alþ. tekur ekki aðra ákvörðun í málinu innan þess tíma. Í frv. er það tekið fram, að um þennan tíma eigi verðlagið að haldast óbreytt eins og það er nú.

Öllum þingheimi er ljóst, að hér er alvara á ferð. Þar sem uppbót var í fyrra 1,90 kr. á kg., mundi hún hækka í 4 kr. á næsta ári, en þegar svo væri komið, væri uppbótin komin upp í hvorki meira né minna en 20 millj. kr. á kjötið eitt. Þetta veitti ekki af að athuga á tveimur mánuðum, og höfum við því flutt frv. okkar.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég hef skrifað undir nál. 1. minni hl. með fyrirvara, og vil ég nú gera grein fyrir þeim fyrirvara mínum.

Það er kunnugt hér á Alþ., að ég er og hef verið á móti því að greiða uppbætur úr ríkissjóði á þær innlendu framleiðsluvörur, sem neytt er í landinu sjálfu. Ég er þeirrar skoðunar, að það geti alls ekki gengið til lengdar, að ríkissjóður greiði þessar uppbætur. Það hefur verið reiknað út, að ef ætti að halda áfram þessum greiðslum úr ríkissjóði, að viðbættri þeirri hækkun, sem nú á að koma á innlendar framleiðsluvörur samkvæmt lögum og samkvæmt útreikningum 6 manna n., og að viðbættum uppbótum á útfluttar landbúnaðarafurðir, þá mundu þær fjárgreiðslur nema um 30—40 millj. kr. til 1. júlí n. k.

Það er því augljóst, að þetta er braut, sem ekki er fær, þegar ríkissjóður getur varla staðið undir öðrum greiðslum, sem honum ber að inna af hendi.

Annað mál er það, að ég vil ekki setja mig á móti því, að þetta verði greitt til bráðabirgða, á meðan verið er að reyna að koma nýrri skipan á dýrtíðarmálin, en þetta er alveg ófært til lengdar, og fjvn. mun sannfærast um það, er hún fær fjárl. til meðferðar, að þetta er allt of þungt álag á ríkissjóð. Það eru nú uppi raddir um það, að verið sé að halda dýrtíðinni niðri með þessum ráðum, en það er sitt hvað dýrtíð og vísitala. Það er ekkert annað en sjálfsblekking hjá þeim, sem halda, að það fari alltaf saman, því að dýrtíðin er sú sama, þótt vísitalan sé greidd niður með framlagi úr ríkissjóði. Þessi afstaða mín til dýrtíðarmálanna er því alveg óbreytt, en ég mun greiða atkv. með brtt. 1. minni hl., af því að ég kann þeirri lausn heldur betur en því, sem felst í aðaltillögunni. En það er að skoðun minni alveg ófær leið að halda áfram að greiða niður vísitöluna, sem engin áhrif hefur raunverulega á sjálfa dýrtíðina, og þessi atkvgr. mín í fjvn. var aðeins á milli brtt. 1. minni hl. og aðaltill.

Bernharð Stefánsson: Herra forseti. — Sem annar af flm. þessarar þáltill. vil ég þakka hv. fjvn. það, hve röggsamlega hún hefur afgr. þetta mál, þannig að mögulegt verður að afgreiða það hér frá Alþ. í dag. Á hinn bóginn vil ég segja það, að mér urðu það nokkur vonbrigði, að n. skyldi klofna og það meira að segja þríklofna, því að það hefur hún gert, þótt ekki hafi komið fram nema tvö nál. Það er að vísu rétt hjá hv. frsm. 1. minni hl., að það er lítið, sem ber á milli hjá 1. og 2. minni hl., þar sem í aðaltill. segir, að þetta skuli gilda fyrst um sinn, en í brtt. segir, að það skuli gilda til 23. sept. Þetta gæti þýtt það sama, ef búið yrði að koma öðrum ráðstöfunum í kring 23. sept., því að þessar ráðstafanir féllu þá niður, hvor till. sem samþ. yrði. En þótt lítið beri hér á milli, þá er þó brtt. heldur til hins lakara, því að það er engin vissa fengin fyrir því, að önnur lausn verði fengin fyrir 23. sept. Það gæti eins orðið, að hún næðist ekki fyrr en t. d. 30. sept., og þá stæðum við í sömu sporum þann 23. sept. og við stöndum nú í dag. Hv. frsm. 1. minni hl. benti á, að ef nauðsyn bæri til, þá mætti framlengja þetta ákvæði þann 23. sept., en það væri leiðinlegt, ef til þess þyrfti að koma. Alþ. gæti líka fellt niður þetta ákvæði þegar því sýndist, og það því fremur sem það situr nú að störfum. Það væri því eðlilegra að sleppa nú tímatakmarkinu, og ef til þess kæmi, að Alþ. þyrfti bráðlega að hætta störfum, þá væri óheppilegt að hafa ákveðið tímatakmark.

Það var leiðrétt hér áðan af hv. frsm. 2. minni hl., að ríkisstjórnin hefur ekki enn þá sagt af sér, eins og hv. frsm. 1. minni hl. sagði í ræðu sinni, að hún hefði gert. Ég hef einmitt skilið yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar þannig, að ef þessi till. yrði samþ., þá mundi hún ekki segja af sér á morgun, heldur mundi hún þá athuga betur sinn gang.

Út af því, sem hv. frsm. 1. minni hl. sagði um, að það mætti alltaf framlengja tímatakmarkið, þá vil ég taka það fram, að það er rétt á meðan Alþ. situr, en ef til þess skyldi koma, að Alþ. yrði skyndilega rofið, þá yrði þess ef til vill ekki kostur að framlengja það. Ég mun þó ekki gera þetta að neinu

kappsmáli, en mér væri það kærara, að till. yrði samþ. óbreytt, og ég get ekki skilið það, að þeir, sem líta á það sem hreint glapræði að gera ekki einhverjar ráðstafanir í þessum efnum, muni ekki greiða atkv. með þessari till., enda þótt brtt. yrði felld.

Hv. þm. V.-Ísf. ræddi einkum frv., sem hann flytur nú í Nd. ásamt hv. þm. Siglf. Það frv. mun ég ekki ræða nú, til þess mun gefast tækifæri síðar, en það verð ég að segja, að það þyrfti að orða skýrar 3. mgr. l. gr. þess frv., ef það á að vera öruggt, að framleiðendur njóti sama réttar og þeir njóta nú, einnig þann tíma, sem framkvæmdum þeim, sem um getur í frv., á að vera frestað samkvæmt því. Ég vildi orða þetta skýrar, ef Alþ. teldi réttara að samþ. það frv. en þessa tillögu. Það er hægt að skilja afstöðu hv. 7. þm. Reykv. til þessarar till., hann hefur alltaf verið því mótfallinn að borga niður vísitöluna eins og nú er gert. En það gæti verið rétt að borga hana niður nú, þótt það hefði aldrei verið rétt áður, því að það er mjög hæpið, ef nú er komið að lokum stríðsins, að hleypa þá dýrtíðinni upp úr öllu valdi. Hv. þm. taldi sig hafa upplýsingar um, að það mundi kosta 30—40 millj. kr. að halda áfram þessum uppbótagreiðslum til 1. júlí n. k. Ég hef fengið um þetta allt aðrar upplýsingar, og samkvæmt þeim mundi þetta verða allmiklu lægri upphæð. En segjum, að þetta sé rétt hjá honum. Gæti það samt ekki borgað sig fyrir þjóð, sem á yfir 500 millj. kr. í bönkum og sparisjóðum, að leggja nú fram þetta fé, sem hv. þm. telur þurfa, til þess að standa straum af þessum uppbótagreiðslum og tryggja þar með innstæðurnar? Er víst, nema þessar rúmar 500 millj. kr. rýrnuðu meira að verðgildi, þótt krónutalan yrði sú sama, ef þessar uppbætur væru ekki greiddar?

Þá talaði þessi hv. þm. um það, að dýrtíð væri ekki sama og vísitala, það væri ekkert annað en blekking að álíta það hið sama. Um þetta má deila, en ég vil benda hv. þm. á það, að sumir hafa ekki fengið tekjur sínar hækkaðar að krónutölu, þrátt fyrir dýrtíðina, og sumir fá jafnvel færri krónur nú en áður, eins og t. d. þeir, sem lifa af innistæðum sínum, þar sem vextir eru nú lægri en fyrir stríð. Ég held, að það sé ekki hægt að segja, að vísitalan sé eintóm blekking fyrir þessa menn. Annars yrði það of langt mál að fara nú út í rökræður um þetta. En ef vísitölunni yrði leyft að hækka nú skefjalaust, þá býst ég við, að mönnum mundi ekki finnast það vera blekking.

Ég mun nú ljúka máli mínu, en síðast vil ég segja það, að ég vona, að sá litli munur, sem er á orðalagi aðaltill. og brtt., hafi ekki nein áhrif á afgreiðslu meginmálsins.

Frsm. 1. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. Það er aðeins örlítið, sem ég hef ástæðu til þess að bæta við það, sem ég hef áður sagt. Það kom fram hjá hv. flm., að það væri rétt, sem ég sagði, að það væri lítið, sem bæri á milli hjá okkur í 1. minni hl. fjvn. og hv. flm. Hv. flm. drap á eitt atriði, sem hann taldi á móti brtt. okkar, en það var það, að ef til þingrofs kæmi, þá væri betra að hafa ekki till. bundna við ákveðið tímatakmark. En ég vil benda á það, að ef hér á Alþ. er til meiri hl. fyrir því að vilja greiða þessar uppbætur, og ég dreg ekki í efa, að svo sé, eins og nú standa sakir, og þá mundi sá sami meiri hl. gera ráðstafanir til þess, ef til þingrofs kæmi, að þeirri stjórn, sem sæti við völd, yrði gert fært að halda þessum greiðslum áfram.

Ég hef litlu að svara ræðu hv. frsm. 2. minni hl. Hann sagði, að brtt. okkar væri bros í átt til þeirrar stefnu, sem vildi rífa allt niður og eyðileggja. Ég held, að ef um bros er að ræða, þá sé það svipað hjá báðum, en það er ef til vill af því, að nú er orðið svo algengt að tala um alls konar bros bæði til hægri og vinstri, að hv. þm. hefur talað um þetta.

Þá verð ég að segja það, að það eru einkennilegar umr., sem hér hafa farið fram um hæstv. ríkisstjórn. Eins og kunnugt er, þá hefur ríkisstjórnin lagt fram frv. til laga um ráðstafanir gegn dýrtíðinni, og mér hefur skilizt á ummælum hæstv. forsrh., að ef ekki fengist lausn á því máli, þá mundi ríkisstjórnin biðjast lausnar þann 15. þ. m. Eins og menn vita, þá var þessu frv. vísað til n., og það liggur þar enn. Ég er með þessu ekki að fella neinn dóm á þetta frv., en sú n., sem fékk málið til meðferðar, mun gera sér ljóst, að samkvæmt ummælum hæstv. forsrh. muni stjórnin segja af sér þann 15., ef ekki fengist lausn á málinu fyrir þann tíma, og nú er sá 14. að kvöldi kominn, án þess að nál. hafi verið lagt fram. Ég get ekki séð, að hægt sé að telja, að í þessari þáltill. felist nokkur lausn á því frv., sem ríkisstjórnin bar fram, og verð ég því að telja það furðulegar getsakir í garð hæstv. ríkisstjórnar að halda því fram, að hún muni ekki standa við orð sín og segja af sér, þótt þessi þáltill. verði samþ.

Ég verð að segja það, að það hefði átt að geta tekizt betra samstarf með Alþ. og ríkisstjórninni en orðið hefur, úr því að Alþ. hefur ekki getað myndað stjórn. Og eins og Alþ. er óánægt með ríkisstjórnina, þá er hún sjálfsagt einnig óánægð með Alþ., og má því segja, að sá hjónaskilnaður, sem fram undan er, sé ekki óæskilegur.

Þegar verið er að draga það fram, að ekki sé víst, að búið verði að skipta um ríkisstjórn fyrir þann 23. þ. m., þá verð ég að segja það, að það má ekki dragast lengur. Sómi Alþ. þolir það ekki, honum hefur þegar verið ofboðið.

Viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. N-M. sagði, þá mun það vera rétt hjá honum, að það sé ekki fyrr en þann 16. þ. m., sem verðhækkun landbúnaðarafurða eigi að koma til framkvæmda. Var eins og hann hefði með þessu helzt verið að gefa það í skyn, að Alþ. væri einum degi of fljótt á sér að þessu sinni, en ég get ekki séð, að það sé nokkur skaði að því.

Þá var hann að tala um það, að mér þætti ef til vill sómi að því að þurfa að framlengja þessa heimild, sbr. framlengingu fjárl. í ársbyrjun 1943. Ég verð að segja, að það er sízt til sóma, en þetta er spegilmyndin af Alþ., og hún er sorgleg.

Hitt er svo annað mál með samanburðinn, sem

hann var að gera á sér og mér, að hann hélt því fram, að ég væri hreykinn af því, sem hann skammaðist sín fyrir. *(ÓTh:* Það er næstum því oflof). Það er ekki ástæða til þess að ætla, að mín sómatilfinning sé eins hvítþvegin og hans. *(JJ:* Hún gæti verið fullgóð fyrir því). Sem sagt, við leggjum til, að mál þetta fái þá afgreiðslu, að hún feli í sér lausn á þessu ástandi, þangað til sá dagur rennur upp, sem ég vonast eftir, — ef ekki á morgun, þá hinn daginn — að Alþ. reki af sér slyðruna um það, að því geti ekki tekizt að mynda stjórn í þessu landi, fyrst svo hefur atvikazt, að ekki tókst að koma á góðu samstarfi við þá ríkisstj., sem nú hefur lýst yfir því, að hún segi af sér á morgun.

ATKVGR.

Brtt. 318 samþ. með 27:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, PO, SigfS, SB, SEH, STh, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, BBen, BrB, EOl, EE, GSv.

nei: GÍG, HG, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, PHerm, PÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁÁ, BSt, BÁ, EmJ, EystJ.

PZ. SK, SÞ greiddu ekki atkv.

5 þm. (SG, BG, FJ, GÞ, GG) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 32:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GJ, GTh, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JakM, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SB, SEH, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, EE, GSv.

nei: EmJ, GÍG, HG, KA, LJós, SigfS, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BrB, EOl.

SK greiddi ekki atkv.

5 þm. (FJ, GÞ, GG, SG, BG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 320).

28. Endurbygging Ölfusárbrúar o. fl.

Á deildafundum 8. sept. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurbyggingu Ölfusárbrúarinnar o. fl. (A. 295).

Á 40. fundi í Sþ., 11. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég hygg, að það þurfi ekki að fylgja þessari þáltill. mörg orð. Efni hennar er hv. þm. svo kunnugt og hver nauðsyn er á, að þessi mannvirki komist bráðlega á fót, að það er óþarfi að láta því fylgja mikinn rökstuðning umfram það, sem efni till. sjálfrar segir til um.

Við daglegan flutning yfir þetta vatnsfall þá er það nú svo, að ekki er hægt að halda uppi nema allra brýnustu flutningum, og þó veldur það feikilegum erfiðleikum og hefur í för með sér nokkra áhættu fyrir þá menn, sem að flutningunum standa. Auk þess er alveg víst, að undireins og veðurfar breytist og vatnavextir eða frost og ísskrið fara að verða í þessu vatnsfalli, þá má heita alveg útilokað, að flutningar geti farið fram á ferju yfir Ölfusá. Menn geta gert sér í hugarlund, hverjum erfiðleikum þetta veldur, ekki eingöngu í austursýslunum þremur, heldur og fyrir bæina vestan heiðarinnar, Reykjavík og Hafnarfjörð. Og eflaust tekur það líka til fleiri staða, þó í minna mæli en þeirra, sem nú eru taldir.

Það mun nú vera í ráði að reyna að bæta að nokkru úr fyrir það, að brúin bilaði, unz ný brú verður fullgerð og flutningar geta hafizt um hana. En það hlýtur að dragast nokkuð, því að það mun vera langt frá því, að hinn nauðsynlegasti undirbúningur, sem þarf til brúarsmíði, sé fullgerður, og þótt svo væri, þá er þetta svo mikið mannvirki, að það mun taka alllanga stund að fullgera það. En á meðan sú smíði stendur yfir, þarf að annast flutninga og það mikla og mikilvæga yfir vatnsfallið.

Nú mun ráð fyrir því gert að koma upp skyndibrú til þess að bæta nokkuð úr brýnustu þörf. Hve langan tíma það þarf að taka, get ég ekki um borið, — vonandi sem stytztan. En þetta er aðeins skyndiráðstöfun og má á engan hátt draga úr smíði þeirrar nýju brúar. Að fara aðra leið til þessara flutninga er lítt gerlegt nema það allra brýnasta. Að fara t. d. upp að Brúarhlöðum, þar sem Hvítá er nú brúuð, mun lengja veginn um 120—130 km. Það er þó sök sér um nokkurt skeið, en þá verður að hafa þann veg svo góðan, að hægt sé með fremur auðveldu móti að beina flutningum þar um, eftir því sem nauðsynlegt er. En 17 km kafli á þessari leið er ófær. Það verður því að vinda bráðan bug að því, að þessi vegur verði bættur, og leggja mikið kapp á að flýta heim endurbótum.

Ég veit ekki, hve mikið kann að hafa verið gert til að bæta veginn, en svo mikið er víst, að það á langt í land enn, svo að bílfær geti kallazt. Seinast í gær talaði ég við bílstjóra, sem fór frá Ölfusá eftir þessari leið og var búinn að vera 11 klst., frá því að hann lagði af stað frá Ölfusá, þar af 6 klst. frá Skipholti að Brúarhlöðum. Ég treysti mér ekki að segja alveg upp á km, hve mikil vegalengdin er, en lætur nærri, að það sé 8—10 km lengri leið, — og það tók hann 6 klst. að komast þessa leið. Það er náttúrlega ekkert undarlegt í raun og veru. Vegarkaflinn er ekkert nema moldargötur, sem léttum bílum hefur að vísu tekizt að fleyta sér yfir, þegar þurrviðri hafa gengið lengi, en þungir bílar hafa alls ekki komizt það. Það hefur ekkert heyrzt um, að búið sé að gera við þennan veg, a. m. k. hefur ekki verið lagt mikið kapp á þá vegarbót, því að eftir því sem bílstjóri, er ég átti tal við, sagði mér, þá undrar mig ekki, þó að það sé skammt á veg komið. Hann sagði, að 6 menn með tvo bíla væru að vinna við veginn. Hefðu það verið 50 bílar og mannafli eftir því, þá hefði mátt segja, að vilji væri á að bæta veginn, en tveir bílar til þess að bæta 17 km vegarspotta, það er meira sagt til gamans

en maður taki það alvarlega. Enda skýrir þetta sig sjálft, þegar bílar, þó að góð farartæki séu, eru upp undir hálfan sólarhring á leiðinni. Þegar þetta er strax orðið svona til að byrja með eftir alllanga þurrka, þá sér maður, hvernig það muni enda. Og þó að ferju verði komið upp, nokkru fullkomnari en almennt tíðkast, þá getur það aðeins orðið skyndiráðstöfun og meðan vatnavextir eru ekki miklir í ánni og ekkert ísskrið. Samstundis og þetta kemur, er ómögulegt að ferja yfir Ölfusá. Ég sá nú reyndar í einu dagblaðinu talað um kláfferju. Þeir, sem nokkuð þekkja til flutninga yfir Ölfusá, geta gert sér grein fyrir, hvernig það mundi fara að annast flutninga á kláfferju yfir ána, þar sem tugi tonna þarf að flytja á hverjum einasta degi þar yfir. Ég tek þetta fram til þess, að hæstv. Alþ. og ég vona hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því af alefli að fá úr þessu máli bætt, eftir því sem frekast eru föng til. Ég vil vona, að hæstv. Alþ. sé sammála okkur flm. um þessa till., um að þetta sé svo þýðingarmikið atriði og mikilvægt, að af hálfu þess opinbera, Alþingis og ríkisstj., verði að gera allt til þess að greiða fyrir flutningum yfir vatnsfallið og ekkert, sem geti stuðlað að fyrirgreiðslu þessa máls, megi hjá líða að framkvæma.

Ég vil leyfa mér að þessari fyrri umr. lokinni að gera að till. minni, að þessari þáltill. verði vísað til hv. fjvn. Mér þykir í alla staði eðlilegt, að þetta mikilvæga mál fari til n., og tilheyrir hv. fjvn. að fjalla um það.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Mig undrar það ekkert, þótt þm. Reykv. og héraðanna austan fjalls telji sér skylt að láta koma fram á Alþ. till. um, að sem skjótast og bezt verði bætt úr því, að samgöngur geti aftur hafizt með eðlilegum hætti yfir Ölfusá, og er ég að fullu og öllu samhuga þeim um það að láta í ljós ósk mína og vilja um, að þetta geti orðið sem fyrst. En þáltill. sú, sem hér liggur fyrir, gerir í raun og veru meira en að láta í ljós áhuga á þessu. Hún gerir þetta: Hún skorar á ríkisstj. að láta þegar í stað hefja smíði á nýrri brú, hún skorar á ríkisstj. að byrja og án nokkurs undandráttar að láta fara fram rækilega athugun á bráðabirgðabrú á Ölfusá og enn fremur gera umbætur á Hrunamannahreppsveginum. — Ég tel mér skylt að láta hæstv. Alþ. í té upplýsingar um, hvað þegar hefur verið gert í þessu máli.

Í fyrsta lagi viðvíkjandi smíði nýrrar brúar er það, eins og hv. þm. er sjálfsagt kunnugt, í undirbúningi. Bráðabirgðaáætlanir hafa verið gerðar og uppdrættir að væntanlegri brú. Strax sama dag og þetta slys vildi til, að Ölfusárbrú féll niður, þá var lagt fyrir vegamálastjóra að verða sér úti um þá aðstoð, sem þyrfti, því að verkfræðingar eru tiltölulega fáir hjá vegamálastjóra sem stendur. Honum var falið að verða sér úti um verkfræðilega aðstoð til viðbótar til að hlaða undir brúna og framkvæma nýja brúarsmíði. Vegamálastjóri hefur lagt sig fram um þetta, og er það mál komið á sæmilega góðan rekspöl. En það er ekki nóg að láta í ljós ósk um, að brúin verði smíðuð og gerðir fullkomnir uppdrættir og útveganir á efni, sem nú þegar er verið að. Það þarf meira til. Það þarf peninga til þessara framkvæmda. Það liggur ekki fyrir nákvæm áætlun, en eftir áætlun, sem gerð var í sumar, þarf 1.600.000 kr. til að smíða nýja brú. Það, sem mest liggur á fyrir hæstv. Alþ., er ekki að skora á ríkisstj. að gera það, sem í fullum gangi er, heldur leggja til peninga, svo að mannvirkið verði smíðað.

Hitt atriðið, að láta sem fyrst og án nokkurs undandráttar fara fram rækilega athugun um bráðabirgðabrú, þá er svipað um það að segja, að strax og brúin bilaði, lagði ráðun. til að hefjast þegar handa um að koma á bráðabirgðabrú, og hefur verið unnið að því sleitulaust síðan og með þeim árangri, að fyrir helgi náðist upp einn strengurinn og annar í morgun, og einnig hefur þriðja strengnum, styrktarstreng, verið komið yfir ána. Verður reynt að styrkja strengina og ef til vill síðar settur stólpi undir á grynninguna. Það virðist því vera á allgóðri leið, að heppnast megi að laga Ölfusárbrú svo, að hægt verði að notast við hana að nokkru leyti. Ég fullyrði þó ekkert um þetta, en það er vonandi, að tekizt geti að gera hana þannig, að hún verði a. m. k. nothæf fyrir gangandi fólk. Ef það heppnast, er það að sjálfsögðu öllum ljóst, að þetta munu verða fljótustu aðgerðirnar, sem hægt er að viðhafa til úrbóta um flutninga.

En jafnhliða þessu er verið að framkvæma athugun á því að koma fyrir kláfferju á ána, ef brúin skyldi ekki duga. Og í tilefni af því, að hv. 1. þm. Árn. taldi áðan slíka kláfferju til lítils, þá viðurkenni ég, að ég hef persónulega ekki þekkingu til að dæma um það. En ég hef átt tal við mann, sem býr á árbakkanum og flutningarnir hvíla nú að verulegu leyti á, og hefur hann látið í ljós það álit sitt, að ef brúin kæmist ekki í það stand, að hún dygði til vöruflutninga, þá teldi hann kláfferju það næstbezta. Þetta er í athugun, og að henni lokinni verður ákveðið, hvað gera skuli, og höfð beztu manna yfirsýn um, hvað sé fært og hvað sé bezt.

Ég vildi með þessu hafa skýrt frá því, að athugun og starf er í fullum gangi viðkomandi því, sem fyrri hluti till. fjallar um.

Þriðja atriðið er Hrunamannahreppsvegurinn. — Ég heyri á hv. 1. þm. Árn., að honum þykir lítið unnið þar, fátt fólk og fáir bílar. Þetta má svo vera, ég er þar ekki nægilega kunnugur til þess að svara um þetta nú á stundinni. En eftir því, sem hv. þm. upplýsti, er þarna 17 km. vegur ófær, og við erum nú bráðum í miðjum september. Þó að settir væru í þetta verk allir menn, sem hægt væri að ná saman eins og stendur, þá efast ég um, að það kæmist svo vel áfram, að til verulegra úrbóta yrði. A. m. k. lít ég svo á, að það eigi að leggja meginkapp á að gera flutningsfært yfir ána, — láta orkuna ganga í það, — en síðan hitt að koma þessum vegi í lag, til þess að hægt sé að flytja þungavörur frá Reykjavík austur. Því að auk þess sem langur kafli vegarins er ófær,

eins og hér var lýst, er á annað hundrað km. krókur að fara þessa leið.

Ég hef svo ekki frekar að upplýsa að svo stöddu, en vil endurtaka, að það, sem hér veltur á, til þess að framkvæmdir geti gengið hiklaust með smíði nýrrar brúar, er ekki það að skora á ríkisstj. að undirbúa það mál, því að það er í fullum undirbúningi, heldur að leggja til peninga, svo að mannvirkið geti orðið byggt.

Eiríkur Einarsson: Ég ætlaði nú ekki að kveðja mér hljóðs í þessu máli, heldur láta nægja það, sem hv. 1. flm. sagði, sem vitanlega er sagt af kunnugleika og á fullnægjandi hátt, svo langt sem sú skýrsla nær. En vegna ræðu hæstv. samgmrh. segi ég nokkur orð, en alls ekki af því, að hann hafi ekki tekið með nægum skilningi á málinu í meginatriðum, heldur þvert á móti. Og ég er honum þakklátur fyrir, hvað hann tók vel og rösklega í strenginn með þeim, sem fyrst og fremst eiga að vera málsvarar í þessu máli. Er góðra gjalda vert, að ríkisstj. og vegamálastjóri eru þegar komin á stað með nauðsynlegustu aðgerðir. En samt er ástæða til að minnast frekar á nokkur atriði, sem drepið hefur verið á. Um leið og hæstv. ráðh. mælti drengilega að öllu leyti með þessum aðgerðum, þá sagði hann eitthvað í þá átt, að það væri ekki fyrst og fremst framkvæmd brúarsmíðinnar, sem um þyrfti að tala, heldur hvernig útvega ætti peningana. Ég er í rauninni á allt öðru máli, þó að það þyki kannske gapalega sagt af mér. Undir venjulegum kringumstæðum er eftir hlutarins eðli það fyrsta að tryggja peningana og síðan framkvæmd verksins. En það getur stöku sinnum staðið svo alveg sérstaklega á, að það á ekki að spyrja um verð eða útvegun peninga, þar sem er, hvort sem er, einhver peningaleg geta fyrir hendi, sem ekki verður neitað, að hér á sér stað. Verk getur verið svo nauðsynlegt, að það verði að ákveðast og undirbúningi að hraða til framkvæmda á alla lund og peningarnir svo fyrir það að greiðast og útvegast jöfnum höndum við undirbúning og framkvæmd. Þær bráðabirgðaaðgerðir, sem hér er um að ræða, og framtíðarbrúin sjálf eru meðal slíkra aðgerða. Þar er ekki að ræða um, hvað hún kostar, heldur að hún sé gerð með fyllstu forsjá. Þess vegna verð ég að telja, að till. eins og hún er orðuð sé réttlát að öllu leyti, þótt í henni sé látið sitja við það eitt, að ríkisstj. sé heimil greiðsla fyrir þessar aðgerðir. Greiðslan verður að koma. Það væri allsherjar-gjaldþrotayfirlýsing nú á tímabili hinna bólgnu peningaseðla, ef slíkt yrði gert að nokkru álitamáli, þar sem um annað eins nauðsynjamál er að ræða.

Samgöngumálin þarna eystra hefðu verið í betra horfi nú, ef Alþ. hefði sýnt skilning á því máli, sem ég og fleiri fluttum síðast nú fyrir nokkrum missirum, nefnilega um brú á Hvítá hjá Iðu. Sú samgöngubót var nauðsynleg og sjálfsögð, þar sem um slíka meginelfi er að ræða í miðju stóru héraði, bæði vegna læknisvitjana og annars. Ef við hefðum þá brú nú, væri minni krókur að venda þangað með umferðarstrauminn en alla leið að Brúarhlöðum, sem er þar að auki þýðingarlaust eins og stendur, þar eð vegurinn þar efra er ófær. En brúarþörfin við Selfoss hefði auðvitað staðið óbreytt fyrir því. Þegar maður ferðast til og frá um landið, blasa oft við brýr á tveimur til þremur stöðum á sömu ánni í sumum dölum og fjölbyggðum héruðum. Þessi eina brú á jafnstórkostlegu vatnsfalli í meginbyggð stenzt því engan samanburð við það, sem víða er á landinu. Þess vegna standa menn nú eins og þvörur með þarfir sínar báðum megin á bökkum elfarinnar.

Viðvíkjandi orðalagi till., sem ráðh. minntist á, þykist ég vita fyrir mitt leyti, að fyrir flm. vaki það, að áður en hafizt er handa um sjálfar framkvæmdirnar, sé náttúrlega hafin rannsókn og undirbúningur og honum lokið, þó að till. nefni ekki þetta beinlínis. Hér eru aðeins notuð áherzlumikil orð. Um þessa brú má segja, að á því hefur verið nokkur seinagangur, — þó að enginn skuli hafður þar að sök, — um það, sem gera þurfti, síðan hún fór að eldast og reynt hefur meir og meir á hana. Þess vegna er ekki óeðlilegt, að kveðið sé eindregið að orði, og meðan það er ekki gert á óhæfilegan hátt, er ekki um það að fárast.

Í till. er talað um að taka fullt tillit til um styrkleika brúarinnar, að flutningaþörf hafi verið og sé hraðvaxandi. Það er víst, að þarna þarf alveg sérstaklega að vanda til verks. Teikningin af fyrirhugaðri brú er falleg og gaman að horfa á hana. Má vera, að hún sé gerð af þeirri víðsýni, sem nauðsynleg er, því að þessari brú mun þurfa að ætla meira burðarmagn og kannske á annan hátt en gera þarf ráð fyrir um nokkra aðra brú hér á landi. Það er ekki komin nein niðurstaða um það, hvernig vegagerð skuli háttað austur í framtíðinni. Þetta vil ég segja, án þess að ég sé að gerast boðberi þess, að hin eina framtíðarlausn á samgöngum austur sé járnbraut, en um það heyrast nú ýmsar raddir. En þó að það verði ekki ofan á, þá eru svo miklar samgöngur á þessu svæði, sem nota brúna, og munu verða ekki síður á komandi tíma, að sú brú þarf að verða á sérstakan hátt rammbyggileg.

Ég ætla ekki að lýsa nauðsyn þessa máls frekar í heild, því að það hefur verið svo vel gert af flm. þess. En um leið og ég sezt niður, vil ég þó taka fram eitt stórvægilegt atriði, sem lýtur að bráðaðkallandi þörf. Það eru fjárflutningarnir til Reykjavíkur. Úr sveitunum er flutt lifandi fé til slátrunar og allt yfir Ölfusárbrú. Meðan engin skyndibrú er, falla slíkir flutningar niður, því að flytja fé yfir á ferju í stórum stíl, held ég, að þeir, sem eru málinu nákunnugastir, telji ógerlegt. Ferjan við Selfoss er svo varhugaverð og heimtar svo sérstaklega mikinn kunnugleika, og það er þröngt um vik þarna. En hvað snertir að flytja mjólk og svo menn og farangur þeirra, þá er auðveldara að koma lögum yfir slíka flutninga.

Ég álít rétt, að minnzt sé á það hér, að ef sláturfé er ekki slátrað austur frá og skrokkarnir fluttir, — því að ekki er frystihúsakostur mikill,

— þá yrði að hefjast bráðlega handa af hálfu stj., sláturfélagsins og fleiri hlutaðeigenda um ferju annars staðar en á Selfossi, t. d. Kirkjuferju eða Kotferju, sem er hvort tveggja góður ferjustaður.

Þó að ég hafi minnzt á fáein atriði, sem komu mér eitthvað öðruvísi fyrir sjónir en ég hefði helzt kosið, þá kann ég hæstv. ráðh. þakkir fyrir, að hann tók vingjarnlega og með skilningi í þetta mál og lét þess getið, að hafizt yrði nú handa. Það starf þarf að vera samtaka og fjölhliða, ef vel á að fara.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég vil þakka hæstv. samgmrh. fyrir ummæli hans og áhuga þann, sem hann lét í ljós um smíði þessa mannvirkis og fyrirgreiðslu á flutningi. Ég hafði fengið vitneskju um það áður, að vísu af hálfu ráðun., að það mundi verða unnið að þessu máli eftir því, sem tök yrðu á. Og ég vil vona, að hæstv. Alþ. geri af sinni hálfu ráðstafanir til þess, að ekki standi á fjármunum til að gera þær endurbætur, sem þarf að gera til samgöngubóta út af brúarbiluninni. Ég tel nú alveg vafalaust, að helzta fyrirgreiðsla í bili verði að koma upp bráðabirgðabrú, ef takast mætti að gera hana það vel úr garði, að hægt væri að koma nokkurn veginn allra brýnustu flutningum yfir hana. Ég get vitaskuld ekki um það borið, hvað vera kann af efni til þessara hluta hér á landi, t. d. strengjum og öðru þess konar, sem styrkja mætti brúna með. En sé slíkt efni til, skilst mér mega koma upp skyndibrú, sem hægt verður að nota til allra nauðsynlegustu flutninganna. Ég játa ókunnugleika minn á því, hvort heppilegt sé að koma upp kláfferju, en ég hygg, að tæplega verði komið upp slíkri ferju, að með henni verði annað öllum flutningum, sem yfir Ölfusá þarf að koma. Og bátaferja getur ekki verið nema um stundarsakir. En þó að þetta kunni að hjálpa, þá tel ég samt sem áður óráðlegt að treysta því, að ekki geti brostið. Þess vegna hygg ég það alveg óhjákvæmilegt að endurbæta veginn. Ég skal ekki segja fyrir víst, hvort hægt væri að fá betri bátakost til flutninga yfir Ölfusá, en að öðru leyti veit ég, að aðstæður til flutninga á bátum eru þær ákjósanlegustu nú, sem finnast. Áin er lítil og enginn farartálmi umfram það, sem ætíð hlýtur að vera. Og þó er það svo nú, að mikill fjöldi bíla verður að leggja þessa lykkju á leið sína, að Brúarhlöðum, til að koma óhjákvæmilegustu flutningum áfram. En það eru allar horfur á því, að þessi leið lokist gersamlega. Og fara má nærri um, hvort menn geri það að gamni sínu að vera hálfan sólarhringinn að brjótast þetta. En að þetta er gert, sannar bezt, hver nauðsyn er á að halda þarna uppi flutningum. Og þá tel ég alveg óhjákvæmilegt að gera endurbætur á veginum. Vitaskuld kostar það mikinn tíma og sérstaklega mannafla og fjármuni, ef á að fullgera hann. En ég held, að með því að púkka brautina og malbika nokkuð megi fá sæmilegan veg, sem nota mætti, þegar mest á liggur, fram eftir haustinu eða þar til snjór hindrar umferð, sem vonandi verður ekki, fyrr en kemur langt fram á haust.

Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta. Ég hef mikla ástæðu til að ætla, að ekki verði látið undir höfuð leggjast að gera allt, sem gera þarf, til fyrirgreiðslu, bæði af hálfu ríkisstj. og Alþ.

Sveinbjörn Högnason: Ég þakka hæstv. atvmrh. fyrir ummæli hans, að það væri sjálfsagt að gera allt, sem hægt er, til að greiða fyrir flutningum vegna þess, sem fyrir kom með Ölfusárbrú. Ég sé ekki ástæðu til að lýsa þessari nauðsyn nánar. En ég vil láta það í ljós, að ég tel enga úrbót á flutningaerfiðleikunum til bráðabirgða annað en hægt sé að gera brú í skyndi, þannig að hún sé bifreiðum fær, enda heyrðist mér hann einnig halda því fram. Það sér hver einasti maður, að þótt hægt sé að koma á kláfferju eða halda flutningum uppi á einhvern hátt með ferju, þá er algerlega óhugsandi, þegar vetur kemur, að halda uppi samgöngum og flutningum yfir Hellisheiði með því, að bílar komist ekki yfir Ölfusá, og hafa þar af leiðandi ekkert viðgerðarverkstæði að flýja til, eins og það er títt, að eitthvað brotni hjá þeim í slíkum ferðalögum. En eins og nú standa sakir, virðist mér fullur skilningur hjá hæstv. ríkisstj. að gera allt, sem unnt er, til þess að koma brúnni í það horf aftur, að hægt sé með einhverju móti að notast við hana fyrir bifreiðir.

Um samgöngumöguleikana um Brúarhlaðir, meðan sakir standa eins og er, er það að segja, að þar er enginn vegur á kafla og sú leið ófær með öllu, þó að bílar hafi reyndar klöngrazt hann einn og einn undanfarna daga. Yfirleitt standa þeir tímunum saman fastir í feninu á moldarveginum. Þessi leið er ekki svo löng, að ekki mætti fljótlega gera hana bílfæra nokkurn veginn, meðan ekki leggur snjó. Það þarf ekki svo mikla vinnu. Ég var þarna á ferð á laugardaginn var. Og framkvæmdirnar þá voru ekki meiri en svo, að þar var einn einasti hestvagn og maður með hann og einn bíll á öðrum kafla á veginum. Síðan voru þarna bifreiðir að festa sig í tiltölulega stuttum vegarspottum, sem ófærir eru af því, að enginn ofaníburður er, heldur bara mold. Ef einhver kraftur væri settur á verkið í nokkra daga, t. d. 10 bifreiðir, til að bera ofan í verstu kaflana, þá er ég sannfærður um, að vegurinn yrði fær á fáum dögum. Þetta er mikið nauðsynjamál, því að það gefur að skilja, að afar örðugt er að þurfa að hafa bíla bæði austan megin og vestan megin árinnar án þess að geta hnikað þeim til, hvernig sem á stendur. Þess vegna vil ég eindregið mælast til þess, að jafnhliða þessu, sem ég álít höfuðatriðið, að reyna að koma á bráðabirgðabrú yfir Ölfusá, sem hægt er að koma bílum yfir, þá yrði bætt úr vegleysunni nálægt Brúarhlöðum, sem ég er sannfærður um, að hægt er að gera á fáum dögum. Þetta er spottinn frá Gröf og upp að Skipholti. Það er alls ekki langur vegarkafli, sem er eingöngu á moldarbotni. En það hefur alls ekki verið unnið neitt, sem talizt getur.

Það, sem að sjálfsögðu verður að leggja höfuðáherzluna á, er að fá brú á Ölfusá svo fljótt sem

nokkur kostur er á, og veit ég, að á því er fullur skilningur hjá vegamálastjóra. En meðan verið er að koma brúnni upp, verður að gera aðrar þær ráðstafanir, sem unnt er, til að bæta úr allra brýnustu þörfinni, ekki aðeins með því að lagfæra verstu kaflana á veginum, heldur líka með bættum ferjum yfir Ölfusá. Það væri til mikilla bóta, ef þar kæmu stærri bátar með vél, svo að ekki þurfi að vera að kotla yfir ána á smákænum hundruðum manna auk 20 þús. lítra af mjólk á hverjum degi. Get ég ekki betur séð en að talsvert mætti bæta úr þessu með betri bátakosti, svo að ekki þurfi að standa í þessum smábátaflutningi alla daga. Þetta vil ég aðeins láta koma fram hæstv. atvmrh. til athugunar, og vænti ég, að hann íhugi, hvort ekki er hægt að bæta úr með slíkum bráðabirgðaráðstöfunum betur en enn hefur verið gert.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa um málið fleiri orð. Fjöldi flm. sýnir, að þinginu er ljóst, að úr þessu verður að ráða svo fljótt sem unnt er, svo að þessi aðalflutningaleið landsins verði ekki lokuð, ekki aðeins fyrir þá, sem fyrir austan eru og verða að flytja afurðir sínar og nauðsynjar þessa leið, heldur vegna þeirra, sem eru fyrir vestan og verða að fá mikið af nauðsynjum sínum austan yfir á.

Helgi Jónasson: Herra forseti. — Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál. — Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, hvernig hæstv. atvmrh. hefur tekið í þetta mál. Ég er sannfærður um, eins og hann hefur líka fullan skilning á, að það sem verður að keppa að í þessu máli, er að fá bílfæra brú strax yfir ána. Ég er ekki sömu skoðunar og hv. þm. V-Sk., að hægt sé í skjótri svipan að gera veginn um Brúarhlöð bílfæran. Ég fór þessa leið á laugardaginn og var sex stundir að komast þessa 20 km. Ég er sannfærður um, að þó að vegagerðin láti alla sína bíla í að fullgera þennan veg, þá gera þeir ekki betur en að laga hann það, að þeir geti komizt hann sjálfir. Ég legg þess vegna ekkert upp úr því, þó að reynt verði að laga þennan veg. Það verður ekki búið að gera hann svo góðan, að bílar komist hann hindrunarlítið, fyrr en þá í haust, þegar snjóar eru komnir. Það verður því að leggja allt kapp á að endurbæta brúna, sem nú hangir niður. Ég skal ekki segja, hvernig það gengur, en eftir því sem ég hef hlerað hjá verkfróðum mönnum, má telja líklegt, að takast megi að ná brúnni upp og styrkja hana svo, að nota megi hana sem bráðabirgðabrú. En meðan því er ekki komið í kring, verður að sjá um, að ekki þurfi að bíða eins lengi og nú þarf til að geta komizt yfir hana. Það er gersamlega ófullnægjandi að hafa þar aðeins smábáta, sem taka ekki nema þrjá farþega. Þegar ég fór þar yfir nú um helgina, voru tveir menn fyrir í bátnum, sem ég ætlaði með, og það hefur kannske verið af því, að ég er svo þungur, að ekki þótti óhætt að bæta mér við í bátinn, og varð ég því að bíða eftir næstu ferð. Flutningarnir yfir ána eru svo gífurlega miklir, að bráðnauðsynlegt er að fá fleiri og stærri báta. Aðalatriðið er auðvitað að fá brú aftur, en þessu með veginn legg ég ekki mikið upp úr.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég vil láta í ljós ánægju mína yfir því, að allir virðast vera á einu máli um, að aðalatriðið sé að fá bráðabirgðabrú, og öllum er ljóst, að það getur aðeins orðið með því, að unnt verði að ná gömlu brúnni upp. Ég fullyrði ekki, hvort það heppnast, en það er von þeirra, sem bezt þekkja til, að svo megi verða, og vonandi sést innan fárra daga, hvort það tekst.

Um hitt atriðið vil ég segja, að ég skal með mikilli ánægju reyna að hafa áhrif á, að bætt verði bátum við til að ferja á yfir ána og að einhver þeirra verði svo stór, að hann geti borið hv. 1. þm. Rang.

Ingólfur Jónsson: Ég ætla ekki miklu að bæta við það, sem búið er að segja. Margir hv. flm. hafa nú látið í ljós skoðun sína, og mér virðist málið komið á víð og dreif. Ég vil leggja áherzlu á það, sem mér virðist réttast í þessu máli, en það er það sama og hæstv. atvmrh. sagði, að leggja ber megináherzluna á, að bílfær brú fáist sem fyrst á ána. Ég kom austur að Ölfusá í morgun og átti tal við menn, sem voru að vinna við brúna. Þeir voru nokkuð bjartsýnir á, að takast mætti að gera brúna bílfæra. Ég spurði þá, hvað langan tíma það mundi taka. Þeir sögðu, að búast mætti við mánuði eða sex vikum. Ef þarf að bíða svo lengi, þá er hlutur okkar þar eystra ekki góður. Nú fer í hönd sláturtíð og kauptíð, og þungavöruflutningur til vetrarins er eftir. Það er eftir að flytja úr Reykjavík mörg þúsund tonn af þungavöru, og þar að auki eru allir mjólkurflutningarnir til Reykjavíkur. Ég er sannfærður um, að þeir, sem búa ekki á þessu svæði og eru þessu máli ekki kunnugir, eiga erfitt með að gera sér grein fyrir því ástandi, sem hlýtur að skapast austur í sveitum, ef það dregst svo lengi að gera brúna bílfæra sem þessir menn gerðu ráð fyrir. Ég heyri, að hæstv. atvmrh. skilur málið vel og vill leggja kapp á, að verkinu verði hraðað sem mest. En ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvort ekki megi auka vinnukraftinn frá því, sem nú er, því að nú starfa ekki að þessu nema 8—10 menn. Ég er ekki verkfróður og get ekki dæmt um, hvort hægt er að koma fleiri mönnum að þessu verki, en vil skjóta þessu fram til athugunar, því að verkið má ekki taka 4—6 vikur. Ef hægt er að ná brúnni upp, hlýtur að vera hægt að styrkja hana svo, að hún verði ekki aðeins eins sterk og hún var, heldur sterkari en áður.

Um Brúarhlaðaveginn er það að segja, að ég get tekið þar undir með hv. samþm. mínum, að ekki séu miklar líkur til, að mikil not verði að honum. Þar eru 17 km. ólagðir, og við þekkjum haustrigningarnar og hvernig moldarvegir fara, þegar farið er að flytja þungavöru eftir þeim.

Það verður því að leggja áherzlu á að fá bíl-

færa brú; það er það eina, sem við getum sætt okkur við. Það er því gleðiefni, að von er um, að það megi takast. Það er vitanlega meginatriði, að verkinu verði hraðað svo sem kostur er, og það verður að bæta mönnum við til verksins eftir því, sem við verður komið, því að það má ekki líða nema vika eða hálfur mánuður, þar til flutningar geta hafizt á ný.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 20. sept., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 295, n. 333).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. — Fjvn. hefur haft til meðferðar þessa till. á þskj. 295, og er álit hennar að finna á þskj. 333. Eins og þar má sjá, leggur fjvn. eindregið til, að till. verði samþ. með dálitlum orðabreyt. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessa till. Málið er svo kunnugt, að ekki er þörf mikilla umr.

Fjvn. kallaði á fund sinn samgmrh., fjmrh. og vegamálastjóra. Voru þeir allir sammála um, að hér þyrfti bráðra aðgerða við. Eins og kunnugt er, var fyrir tveimur árum gerð teikning og kostnaðaráætlun fyrir smíði nýrrar brúar á Ölfusá hjá Selfossi rétt ofan við gömlu brúna. Var kostnaðurinn áætlaður 1600 þús. kr., en vegamálastjóri taldi, að nú mundi hann verða eitthvað meiri eða allt upp í 2 millj. kr. Leggur n. eindregið til, að nú þegar í haust verði hafizt handa um undirbúning að smíði þessarar nýju brúar, því að málið þolir enga bið. N. væntir þess og hafði fyrir því vilyrði frá hæstv. fjmrh., að tekin yrði upp í fjárlagafrv. næsta árs þessi upphæð, svo að sú hlið málsins væri tryggð. Sem sagt, n. leggur til, að till. verði samþ. með lítils háttar breyt., sem er miðuð við breyttar aðstæður þar eystra.

Nú er svo komið, að telja má líklegt, að hægt verði að ná Ölfusárbrúnni upp aftur. Er þegar búið að lyfta henni að nokkru leyti, og má gera sér von um, að hægt verði að nota hana eitthvað til flutninga til bráðabirgða. Leggur n. einnig hina mestu áherzlu á, að allt verði gert, sem unnt er, til að koma því verki áfram, svo að hægt verði að gera gömlu brúna nothæfa sem allra fyrst og að hægt verði að nota hana þar til nýja brúin verður fullgerð.

Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, en óska þess fyrir hönd n., að till. verði samþ. með þeirri breyt., sem n. leggur til, og vísað til síðari umr. að þessari umr. lokinni.

ATKVGR.
Brtt. 333 (ný tillgr.) samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 21. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 341).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 347).

---

29. Verðlækkun á vörum innanlands (síðari till.).

Á 47. fundi í Sþ., 26. sept., var útbýtt:
Till. til þál. um verðlækkun á vörum innanlands (A. 366).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Flm. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Það mun hafa verið 14. þ. m., sem samþ. var till. hér á Alþ. um að halda áfram að borga niður verð á landbúnaðarvörum á innlendum markaði í nokkra daga. Var gert ráð fyrir, að fyrir þann tíma, sem til tekinn var, mundi verða búið að skipa þessum málum lengra fram í tímann, en það hefur farið svo, að ekki hefur unnizt tími til að ganga frá málinu til frambúðar, og það er fyrst nú verið að útbýta frv. frá meiri hl. fjhn. Nd., sem ætlazt er til, að gildi í eitt ár. En þar sem ætla má, að það taki nokkra daga að afgreiða það frv., þótti nauðsynlegt að flytja þáltill. í Sþ., sem fæli ríkisstj. að halda áfram niðurgreiðslum, og með tilliti til þessa er till. á þskj. 366 flutt.

Við flm. erum meiri hl. fjhn. Nd., sömu menn, sem flytja frv. Með till. er ekki ætlazt til annars en að framlengt verði það skipulag, sem er, þar til frv. er afgreitt.

Af því að þetta mál var rætt allmikið í Sþ. á dögunum, sé ég ekki ástæðu til að hefja almennar umr. nú, og ég sé ekki ástæðu til að óska, eins og sakir standa, að till. verði vísað til n., þar sem um bráðabirgðaskipulag er að ræða. Ef fram kemur krafa um, að henni verði vísað til n., er ekki hægt að hafa á móti því, en vonandi geta þm. samþ. hana nefndarlaust og látið hana ganga til síðari umr. Mun ég svo ekki mæla fleiri orð að sinni fyrir till.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég mun ekki tefja fyrir samþ. till. Þegar þáltill. var samþ. 14. þ. m. um að borga niður verðið um takmarkaðan tíma, stuðluðum við sósíalistar að því með okkar atkv., að svo gæti orðið, þó að við værum á móti till. í heild. Þegar búnaðarþingið samþ. á laugardaginn var, vorum við með því að óska eftir frestun fram yfir helgina, því að við héldum, að til þriðjudagskvölds væri nógur tími fyrir þingflokkana að ljúka við stjórnarmyndun, og við álítum, að það hefði átt að vera mögulegt. Þess vegna munum við

ekki taka afstöðu til till. nú, heldur sitja hjá við atkvgr. og leggjum ekki til, að hún fari til n.

Ég vildi aðeins skýra afstöðu okkar, en þegar það frv. verður rætt, sem nú er útbýtt, kemur fram okkar principiella afstaða til þeirra mála.

Haraldur Guðmundsson: Herra forseti. — Það er venjulega svo, að eftir a kemur b. Mér virðist eins og málum er komið, að ekki sé annað unnt en að veita þann frest, sem um er að ræða, og munum við Alþflmenn greiða því atkv., en beinum því um leið til hæstv. forseta, að hann sjái um, að afgreiðslu frv. verði hraðað svo sem tök eru á. Slíkt ástand sem þetta bráðabirgðaástand má ekki standa nema skamma stund.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 32:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv.

Á 48. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 32 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 31:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 368).

---

30. Áætlun strandferðaskipa og flóabáta.

Á deildafundum 8. sept. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um áætlun strandferðaskipa og flóabáta (A. 290).

Á 40. fundi í Sþ., 11. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41. og 42. fundi í Sþ., 14. sept., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 44. fundi í Sþ., 18. sept., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Í þessari till. felst áskorun til ríkisstj. um að láta nú þegar semja áætlun um ferðir allra þeirra skipa, sem sigla í strandferðum við Ísland og gerð eru út af Skipaútgerð ríkisins, og einnig hinna ýmsu flóabáta, sem styrk hafa úr ríkissjóði.

Strax í ófriðarbyrjun 1939 voru gefin út brbl., sem bönnuðu allar upplýsingar um ferðir skipa, en þó voru undantekin skip, sem sigldu við strendur landsins. Nokkru síðar var gefin út auglýsing um bann þetta. En þótt strandferðaskipin væru undan skilin í auglýsingunni, hefur þótt rétt að gefa ekki út áætlanir fyrir þau, að óbreyttu ástandi í landinu. Nú hafa breytzt svo mjög allar aðstæður, að ekki virðist lengur ástæða til að leyna ferðum skipa með ströndum fram, enda hafa þegar verið gefnar út áætlanir fyrir nokkur af skipunum, sem í strandferðum eru, án þess að það mætti andúð frá herstjórninni.

Þegar litið er yfir hina ágætu skýrslu skipaútgerðar ríkisins fyrir 1943, er það ljóst, að viðkomufjöldi skipanna hefur verið mikill á mörgum stöðum á landinu, t. d. á fjölda staða nær 2 viðkomur á viku að meðaltali. Þar kemur líka nákvæmlega fram þörf landsmanna um flutning á vörum og farþegum, svo að það ætti að vera auðvelt að skipuleggja þessar ferðir. En það er svo nú, að jafnvel þeir staðir, sem njóta mikils viðkomufjölda, hafa ekki nema hálft gagn af því, vegna þess að ekki er vitað um þessar ferðir með nægum fyrirvara. Útkoman er því sú, að hvorki hafa þegnarnir notið ferðanna til fulls né útgerðin notið hinnar hagkvæmu niðurröðunar, sem hægt er að fara eftir, eftir fyrirfram gerðri áætlun.

Ég sé, að kostnaður við strandferðirnar s.l. ár hefur orðið nærri 4 millj. kr., og þess utan við landhelgisgæzlu rúmar 3 millj., svo að hér er um mjög mikla fúlgu að ræða til strandferðanna, án þess að þær séu á nokkurn hátt skipulagðar. Það ber því allt að sama brunni, að nauðsynlegt sé að laga þetta sem fyrst, og þess vegna er till. mín fram borin.

Ég skal geta þess, að mþn. í póstmálum er í þann veginn að skila áliti sínu. Það byggist mjög á því, að hægt verði að framkvæma reglulega flutninga pósts, að ferðir með ströndum fram séu reglubundnar, og póstmálastjórnin óskaði eftir því við mig, að gerð yrði ofurlítil breyt. á till., sem hnígur að betri samvinnu við póststjórnina. Ég óska því, að málinu verði frestað og till. vísað til allshn., svo að hún geti í samvinnu við póststjórnina breytt till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 2. okt., var fram haldið einni umr. um till. (A. 290, n. 364).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Allshn. hefur haft þetta mál til ahugunar og hefur sent það til athugunar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins og póst- og símamálastjóra og fengið frá þeim umsögn, þar sem þeir leggja báðir til, að till. verði samþ. lítið breytt. Leggur n. til, að till. verði samþ. með þeim breyt., sem er að finna á þskj. 364. Breyt. er í raun og veru ekki önnur en sú, að í staðinn fyrir, að áætlunin skuli samin nú þegar, leggur n. til, að í till. standi: svo fljótt sem unnt er. Enn fremur, að áætlunin skuli samin yfir öll þau skip, sem gerð eru út af Skipaútgerð ríkisins

eða eru á hennar vegum um lengri tíma. Þótti rétt að takmarka það þannig, en ekki að fyrirskipa, að áætlun skyldi samin yfir skip, sem kynnu að vera á vegum útgerðarinnar aðeins nokkra daga eða stuttan tíma. Þá er einnig lagt til, að aftan við till. bætist: Við samningu umræddra áætlana skal leita samvinnu við póststjórnina. —

Leggur n. einróma til, að till. verði samþ. þannig breytt.

ATKVGR.

Brtt. 364 (ný tillgr.) samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 378).

31. Opinberir starfsmenn.

Á 44. fundi í Sþ., 18. sept., var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um opinbera starfsmenn (A. 325).

Á 45. fundi í Sþ., 20. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Till. þessi fer fram á að fela ríkisstj. að láta undirbúa löggjöf um opinbera starfsmenn, réttindi þeirra og skyldur, og leggja frv. um þetta efni fyrir Alþ., er það kemur næst saman.

Ríkið þarf vegna starfrækslu sinnar að hafa marga starfsmenn í sinni þjónustu, sem kallaðir hafa verið embættismenn og sýslunarmenn og síðar opinberir starfsmenn. Þeim hefur fjölgað mikið á síðari árum, vegna þess að starfsgreinum hefur verið fjölgað, en ákvæði um skyldur þeirra og réttindi og samband við ríkisvaldið eru mjög fá og ófullkomin í íslenzkri löggjöf. Hér er öðru til að dreifa, þegar menn ráða sig í þjónustu einstaklinga eða einstakra félaga og fyrirtækja. Þá er oftast gerður samningur um, hvernig starfa skuli. Þessum reglum er ekki hægt að beita um opinbera starfsmenn, vegna þess að samband opinberra starfsmanna og ríkisins er talsvert með öðrum hætti. Þar er ekki um sérstakan starfssamning að ræða, heldur skipun eða veitingu. Um eðli þessa sambands er allt í óvissu. T. d. hefur verið um það deilt, ef maður er skipaður í opinbert starf, hvort hann hafi tryggingu fyrir því ævilangt, meðan hann ekki brýtur af sér eða verður ófær til starfs fyrir sakir sjúkleika eða aldurs. Spurning er, hvort segja megi honum upp án saka, ef yfirmaður hans óskar eftir að skipta um. Spurning er um skaðabætur, ef manni er vikið frá án saka. Um það eru engar reglur, en nokkrir dómar hafa um það gengið. Ekkert er til um það, hvort setja megi mann inn aftur, ef honum hefur verið vikið úr embætti án saka. Yfirleitt er litið svo á, að það sé ekki, heldur hafi viðkomandi maður rétt til skaðabóta.

Skyldur opinberra starfsmanna eru að ýmsu leyti meiri en starfsmanna við einstaklingsfyrirtæki og öðruvísi háttað. Skal ég nefna dæmi til skýringar. Ef starfsmaður vanrækir störf sín hjá einstaklingi eða einstaklingsfyrirtæki, er það yfirleitt ekki talið refsivert, heldur er honum sagt upp. En ef opinber starfsmaður vanrækir starf sitt, þá getur það ekki eingöngu varðað brottvikningu, heldur einnig refsingu. Eru í 14. kafla hegningarl. ákvæði um slík brot. Þetta sýnir, hversu ólíkt er um aðstöðu opinberra starfsmanna og starfsmanna hjá einstaklingsfyrirtækjum. Af þessu leiðir m. a. það, að þeim reglum, sem viðurkenndar eru um starfsmenn hjá einstaklingsfyrirtækjum, er ekki hægt að beita við opinbera starfsmenn. En móti þessum auknu skyldum koma aftur aukin réttindi, svo sem meiri trygging gegn uppsögn o. s. frv.

Lagaákvæði í íslenzkri löggjöf um opinbera starfsmenn eru fá og ófullkomin. Í stjórnarskránni er þess krafizt, að embættismenn hafi íslenzkan ríkisborgararétt. Þar er talað um, að forseti skipi embættismenn og geti vikið þeim frá. Þar er gamalt og úrelt lagaákvæði um íslenzkukunnáttu þeirra. Nokkur ákvæði eru í launal. um réttindi þeirra og skyldur. Þá eru hin margumdeildu l. frá 1915 um verkföll, l. um lífeyrissjóð þeirra, umrædd hegningarl., l. frá 1935 um aldurshámark opinberra starfsmanna, svo að nefnd séu nokkur þau helztu. Um þetta allt vantar nánari ákvæði í íslenzkum l. Víðast í nágrannalöndunum eru ýtarleg ákvæði um réttindi og skyldur þeirra. T. d. vantar alveg í okkar löggjöf reglur um veitingu starfa, t. d. að skylt sé að auglýsa opinber störf, sem menn telja, að eigi að vera meginreglan. Það vantar ákvæði um, að samkeppni skuli fram fara milli umsækjenda, sem mjög oft getur verið ástæða til. Í íslenzkri löggjöf eru engin ákvæði um þetta, en í reglugerð Háskólans eru ákvæði um þessi efni. Einnig þyrfti að setja l. og reglur um veitingavaldið, og ætti þar að vera tekið fram, við hvað ætti að miða veitingu, t. d. kunnáttu og þekkingu umsækjanda og hvernig hann hefur leyst af hendi störf sín áður, enn fremur starfsaldur, sem vitanlega ber að öðru jöfnu að taka til greina o. s. frv. Þetta er ekki eingöngu fyrir starfsmennina, heldur einnig hin mesta nauðsyn fyrir það opinbera sjálft, því að auðvitað er meiri trygging fyrir, að opinberir starfsmenn vandi störf sín, ef þeir hafa tryggingu fyrir og örugga vissu, að þeir gangi fyrir í betri stöður, ef þeir standa sig vel, heldur en ef allt er af handahófi eða gerræði um veitingu starfa. Þá eru ekki heldur til nein ákvæði um uppsagnarrétt eða ef menn eru sjúkir eða slasaðir. Um orlof opinberra starfsmanna hefur einnig ríkt talsvert ósamræmi. Um greiðslu fyrir aukavinnu vantar einnig ákvæði. Aukavinna hefur sums staðar verið greidd, annars staðar ekki. Þetta þarf að samræma og setja reglur þar um. Um aukastörf þarf einnig að setja ákvæði. Það er því miður stundum svo, að á opinbera starfsmenn hafa hlaðizt svo mikil

aukastörf, að þeirra fasta starf lendir í undandrætti og lítill tími fer í að sinna því. Er sjálfsagt að setja í l. takmark fyrir, að opinberir starfsmenn megi hafa umsvifamikil aukastörf með höndum.

Ég þarf ekki að hafa fleiri orð þessu til skýringar, en vænti þess, að hv. þm. geti fallizt á, að hér er fyllsta nauðsyn að setja l. bæði til tryggingar rétti opinberra starfsmanna og ekki síður með hagsmuni ríkisvaldsins fyrir augum, m. a. til tryggingar því, að þeir gegni skyldum sínum og opinber störf verði sem bezt af hendi leyst.

Á síðustu árum hafa tvær tilraunir verið gerðar í þessa átt. Árið 1933 flutti þáv. dómsmrh. frv. um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það komst til n., en ekki lengra. Árið eftir samdi mþn. um launal. frv. um laun opinberra starfsmanna. Voru það allýtarleg ákvæði um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það frv. sofnaði líka í n. Það hafa að vísu komið raddir um að fara að eins og 1934 og sameina í einn lagabálk um laun og réttaraðstöðu. Ég tel það ástæðulaust, því að hvort málið gæti orðið hinu til tafar, enda engin nauðsyn að hafa þau samtengd. Ég tel heppilegra, að sitt frv. gildi um hvort atriði.

Um þessa till. um undirbúning löggjafar um opinbera starfsmenn vil ég aðeins segja það, að ég hef enga sérstaka till. gert um kosningu eða skipun n. Hæstv. stj. og dómsmrh. yrðu að ráða, hvort ráðh. sjálfur með aðstoðarmönnum sínum í stjórnarráðinu telur sig geta leyst þetta verk af hendi eða hvort þyrfti að fá til þess aðstoð utan stjórnarráðsins, en ég tel sjálfsagt, að um þetta verði haft fullt samráð við bandalag starfsmanna ríkis og bæja, svo að opinberir starfsmenn geti komið á framfæri sínum sjónarmiðum og óskum.

Ég tel rétt, að fyrri umr. verði frestað og málinu vísað til allshn. til athugunar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 26 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 3. okt., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 325, n. 373).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Sem sjá má, hefur n. verið að mestu sammála, þó að einn nm. hafi skrifað undir með fyrirvara, og hefur nú n. lagt til, að till. verði samþ. Það er óþarfi fyrir mig að fjölyrða um till. Í grg. fyrir henni er tekið fram flest, sem færa má til raka fyrir því, að hún verði samþ. Kom til umr. í n., að rétt væri að hnýta þessa till. við það frv., sem nú hefur verið lagt fram í Ed. til nýrra launal. En af því að ég held, að launal. verði tæplega samþ. á þessu þingi og það taki miklum breyt., finnst mér rétt að samþ. þessa till. Því verður ekki neitað, að eins og opinberir starfsmenn hafa ýmiss konar réttindi umfram aðrar stéttir, eins eiga þeir líka að hafa skyldur samkvæmt l. Ég lít svo á, að þessi till. sé ekki síður tímabær eða nauðsynleg vegna þess, að það er ekki langt síðan það var gefið í skyn, að opinberir starfsmenn ætluðu sér að hafa það eins og ýmsar aðrar stéttir, jafnvel að gera verkföll. Þau hafa raunar ekki verið boðuð enn sem komið er, en á fundum, sem ýmis stéttafélög hafa haldið, hafa málin verið rædd á þann veg eins og til mála gæti komið, að til verkfalla kynni að draga. Nú er það svo um marga þessa opinberu starfsmenn, að þeir hafa ýmis réttindi fram yfir aðra þegna þjóðfélagsins. Mörgum þessum mönnum hafa verið veittar stöður til lífstíðar og þar með tryggð atvinna meðan þeir geta unnið, en síðan veitt eftirlaun eftir að þeir hættu að geta starfað. Það er réttlátt, að menn, sem hafa slík forréttindi, verði líka að hafa skyldur, a. m. k. ekki síður en aðrir þegnar þjóðfélagsins. Ég skal ekki fara fleiri orðum um till. Ég vil aðeins láta þess getið, að ef fyrirvari hv. 2. þm. N-M. er nokkuð alvarlegs eðlis, getur hann að sjálfsögðu gert grein fyrir honum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég lít svo á, að sú endurskoðun, sem farið er fram á, að hæstv. ríkisstj. láti framkvæma samkv. till., verði að fara fram á þann veg, að fyrir liggi, hvaða réttindi og skyldur embættismenn skuli hafa að lögum, þegar ákveða á, hver laun þeirra skuli vera í krónutölu. Nú liggur fyrir þessu Alþ. frv. til nýrra launal., og tel ég, að samtímis þeim l. eigi að afgreiða þetta mál og efni þess helzt að koma sem kafli eða kaflar í nýjum launal. Mér er þann veg farið, að það hefur áhrif á það, hve há laun ég vil ákveða þessum eða hinum embættismanninum, hver réttindi hann á að hafa, t. d. til launa í veikindum, hve löng orlof o. s. frv., og því vil ég láta Alþ. afgreiða samtímis og í sama frv. launahæðina, sem nú er lögð fyrir Alþ. í máli 113, og svo hvaða réttindi og skyldur embættismennirnir hafi.

Mér virtist, að um þetta væri n. öll sammála, en hinir nm. vilja samþ. þessa till. í því trausti, að launal. verði ekki samþ. nú, heldur látin daga uppi. Væri það víst, gæti hvort tveggja legið fyrir næsta Alþ. og þá fylgzt að. En ég á slíkt engan veginn víst, margir hafa mjög mikinn áhuga á að afgreiða launal., og á eftir afgreiðslu þeirra verður ýtt fast, enda óneitanlega þörf á að endurskoða þau og samræma launakjör manna.

Ég tel. að líklegt sé, að fjhn. þingsins geti þegar á þessu þingi framkvæmt þá endurskoðun og komið með þá breyt. á skyldum og réttindum embættismanna, sem nauðsynlegar eru, og látið þær fylgja sjálfum launakafla launal. eftir. Ég vil því ekki vísa málinu til stj. nú og með því e. t. v. tefja fyrir framgangi launamálsins á þessu þingi að ástæðulausu. Mér virðist nefnilega, að a. m. k. sumir nm. ætli síðan að hafa það sem ástæðu til að verða á móti afgreiðslu launamálsins, að stj. sé að láta endurskoða þennan kafla launal., og þar með nota samþ. þessarar till. sem skálkaskjól til að geta betur varið að vera á móti launal.

Ég legg til, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá, og hljóðar hún svo, með leyfi hæstv. forseta:

Í trausti þess, að mál þetta fái viðunandi af-

greiðslu Alþingis um leið og frv. til l. um laun starfsmanna ríkisins (þskj. 306), tekur þingið fyrir næsta mál á dagskrá.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Ég er hv. allshn. þakklátur fyrir góða afgreiðslu á þessu máli, þar sem hún leggur til, að till. verði samþ. óbreytt. Hv. 2. þm. N.-M. hefur sérstöðu í þessu máli, og vil ég víkja að því fáeinum orðum. Það hefur komið fram fyrr, að rétt væri að steypa saman launaákvæðunum og ákvæðum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, og í lagabálki, sem var fyrir þinginu 1935—1936, var þetta í sama frv. Nú hefur orðið sú raun á, að í frv. til launal. eru ekki tekin upp almenn launaákvæði, og lít ég svo á, eins og líka kemur fram í frv., að það sé betra fyrir bæði málin að skilja þau að. Löggjöf um opinbera starfsmenn hefur verið um langan aldur mjög aðkallandi, en einmitt af því, að það hefur verið tengt við launaákvæðin, hefur tafizt að setja þessa nauðsynlegu löggjöf. Sú leið, sem hv. 2. þm. N.-M. bendir á, er óframkvæmanleg, að hægt sé á skammri stundu að semja jafnvandasaman og þýðingarmikinn lagabálk. Til þess þarf mikinn tíma og undirbúning, og næg önnur verkefni eru fyrir hendi. Ég held því, að þetta sé óframkvæmanlegt. Hv. þm. sagði, að sér þætti óhugsandi að ákveða laun opinberra starfsmanna, nema hann vissi, hvaða réttindi og skyldur fylgdu starfinu. Mér finnst, að afstaða hv. þm. ætti miklu fremur að greiða fyrir þessari till., en ekki eins og hann heldur fram að tefja fyrir henni, því að hann vill hafa þennan lagabálk fyrir hendi áður en hann afgreiðir lögin.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá 2. þm. N.-M. felld með 24:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HermJ, IngP, PHerm, PZ, PÞ, PO, SEH, SkG, SvbH, EystJ.

nei: GJ, GTh, IngJ, JakM, JJós, JPálm, JS, LJóh, LJós, SigfS, SB, SG, SK, STh, SÞ, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁÁ, BrB, EOl, EE, GÞ, GSv.

MJ, BG greiddu ekki atkv.

16 þm. (GG, GÍG, HG, HelgJ, JJ, JörB, KA, ÓTh, PM, StJSt, ÁkJ, BSt, BÁ, BBen, EmJ, FJ) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 5. okt., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 25:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JPálm, JS, JörB, KA, LJóh, LJós, MJ, PO, SigfS, SB, SG, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÞG, BG, BBen, EE, EmJ, GJ, GTh, HG, IngJ, IngP, GSv.

nei: PZ, SvbH.

PÞ, SkG, BSt, BÁ, EystJ greiddu ekki atkv.

20 þm. (JJós, JJ, ÓTh, PHerm, PM, SEH, SK, STh, SÞ, ÁkJ, ÁÁ, BrB, EOl, FJ, GÞ, GG, GÍG, HelgJ, HermJ, JakM) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Þar sem ég tel, að það verði til þess að tefja fyrir afgreiðslu launamálsins að vísa því til stj. nú, segi ég nei.

Sveinbjörn Högnason: Þar sem ég tel eins og hv. 2. þm. N.-M., að þessi till. geti verið notuð sem ástæða til þess að launafrv. verði ekki afgreitt á þessu þ., en það, sem í till. felst, megi vel athuga samhliða afgreiðslu á því frv., segi ég nei.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 393).

---

32. Framleiðslutekjur þjóðarinnar.

Á 41. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um útreikning á framleiðslutekjum þjóðarinnar (A. 307).

Á 44. fundi í Sþ., 18. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Ég þarf ekki að hafa langa framsöguræðu um þessa till., en get að mestu látið nægja að vísa til grg., sem henni fylgir. Tilgangurinn með þessari till. er að fá hagskýrslur okkar fullkomnari en þær nú eru. Á síðara aukaþinginu 1942 bar ég, ásamt hv. þm. N-Þ., fram þáltill. í Nd. um útreikning þjóðarteknanna. Þessi þál. var samþ. þar þann 30. marz 1943. Um haustið 1943 var svo lagt fram á Alþ. yfirlit, sem ríkisstj. hafði látið gera, um þjóðartekjurnar árin 1936—1940, en þetta yfirlit var gert með nokkuð öðrum hætti en til hafði verið ætlazt af okkur flm. till. Þetta yfirlit var þannig gert, að taldar voru saman skattskyldar tekjur manna eftir skattskýrslunum, og við það var bætt áætluðum tekjum skattfrjálsra aðila. Það getur að vísu verið gott að fá slíkt yfirlit eftir skattskýrslunum, en það er þó ekki fullnægjandi til að sýna raunverulegar tekjur þjóðarinnar. Betra yfirlit um þær ætti að vera unnt að fá með öðrum reikningsaðferðum.

Ég hef því leyft mér að flytja þessa þáltill. í framhaldi að þeirri þál., sem áður um getur. Þar er gert ráð fyrir því, að reiknaðar verði út tekjur af vöruframleiðslu landsmanna ár hvert. Er til þess ætlazt, að talið verið saman verðmæti allra sjávar- og landbúnaðarafurða, sem framleiddar eru, og einnig þeirrar iðnaðarframleiðslu sem mesta þýðingu hefur fyrir þjóðarbúskapinn. Til frádráttar vöruverðinu komi síðan verð aðkeyptra vara til framleiðslunnar, og jafnframt er ákveðið að telja saman verð þeirra tækja og fasteigna, sem not-

aðar eru á einhvern hátt til framleiðslunnar, til þess að hægt sé að áætla af þeim hæfilegan fyrningarkostnað, sem einnig dragist frá vöruverðinu. Vöruframleiðsla til útflutnings og notkunar innanlands er sá grundvöllur, sem efnahagur landsmanna byggist á. Það er því lítt viðunandi, að ekki séu til sæmilega nákvæmar skýrslur um magn og verðmæti framleiðslunnar.

Ég óska þess að lokum, að þessari þáltill. verði, að lokinni þessari umr., vísað til síðari umr. og allshn.

Forseti (GSv): Það var að vísu svo, að ákveðnar voru tvær umr. um þessa till. með það fyrir augum, að hún gengi til fjvn., en ef hv. flm. vill gera frekari grein fyrir till. sinni um að vísa þessari þáltill. til allshn., þá er honum það heimilt.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Það er að vísu gert ráð fyrir því, að þessi þál. kunni að hafa einhvern kostnað í för með sér, en það munu varla verða mikil útgjöld, því að ég geri ráð fyrir því, að ríkisstj. mundi fela Hagstofu Íslands að gera þessa útreikninga. Er því ekki líklegt, að þetta mundi kosta mikil aukaútgjöld, og hef ég því lagt til, að till. verði vísað til allshn., en ekki fjvn.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 52. fundi í Sþ., 5. okt., var till. tekin til síðari umr. (A. 307, n. 376).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Allshn. hefur rætt þessa till. á þremur fundum og hefur fengið hagstofustjóra ásamt flm. til viðtals.

Hagstofustjóri telur hægt að framkvæma athuganir á því, sem í till. felst, án þess að þurfi að bæta við verulega starfskröftum á Hagstofuna. Hann telur, að þá sé hægt að fá fullkomnari upplýsingar en nú eru fyrir hendi um útvegs- og landbúnaðartekjur þjóðarinnar, en hins vegar telur hann hæpið eða jafnvel víst, að með samþ. till. fáist ekki betra yfirlit yfir heildartekjur þjóðarinnar en með því að leggja skattskýrslur landsmanna til grundvallar. Allt í allt taldi hann sig meðmæltan því, að þetta yrði gert, en of nauman tímann, sem ætlaður væri í till. Hann er meðmæltur því, að slíkir útreikningar séu gerðir árlega, og óskaði eftir, að í stað júnímánaðar í till. kæmi septembermánaðar. Við berum því fram þá brtt., að í stað orðsins „júnímánuði“ á tveimur stöðum í næstsíðustu málgrein komi: septembermánuði. Með þeirri breyt. leggjum við til, að till. verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Hv. frsm. minntist ekki á, að ég hefði ritað undir nál. með fyrirvara, og skýrði ekki alveg rétt frá gangi málsins. Ég vil því gera grein fyrir mínum fyrirvara.

Hagstofustjóri var kallaður á fund n., og með honum flm., hv. þm. V-Húnv. Flm. var spurður sérstaklega að því, hvort það vekti ekki fyrir honum að fá enn nákvæmari útreikninga á þjóðartekjunum, til þess að hægt væri að ákveða nákvæmlega launin, og viðurkenndi hann, að það væri aðaltilgangurinn, en hagstofustjóri taldi, að ekki væri hægt að ná þessum tilgangi, þó að safnað væri skýrslum, og tók það fram, að þessi aðferð væri ekki eins áreiðanleg og að safna skýrslum eftir framtali, og þar að auki væri engan veginn hægt að gera þetta á þeim tíma, sem ætlaður er í till. En það atriði lagði flm. áherzlu á og taldi, að till. missti annars mjög marks. Hagstofustjóri taldi og, að afar mikið af þessu yrði að vera áætlun, að vísu frá ári til árs, sem ekki skakkaði svo mjög, að ekki mætti byggja eitthvað á því, og viðurkenndi, að þarna mætti fá fróðlegar upplýsingar eins og alltaf í skýrslum, og mælti með því, að þetta yrði gert.

Að fengnum þessum upplýsingum sá ég mér ekki fært að vera sérstaklega með samþ. till. Ég tel hana meinlausa, en gagnslitla, og greiði því ekki atkv. Hér er meira um að ræða auglýsingastarfsemi en mikinn árangur, einkum þar sem því er slegið föstu, að till. nái ekki því aðaltakmarki, sem fyrir flm. vakti.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég vil þakka hv. allshn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli, þar sem n. hefur lagt til, að till. yrði samþ. að mestu leyti óbreytt.

Ég get lýst því yfir, að ég hef ekkert við það að athuga, að brtt. n. verði samþ. Ég get fallizt á það, að ekki sé víst, að unnt verði að ljúka þessari skýrslugerð í júnímánuði ár hvert.

Ég er sammála hv. þm. Barð. um það, hvert gildi þessi þál. hafi, þar sem ég tel, að með því að telja saman alla vöruframleiðslu þjóðarinnar, fáist betra yfirlit yfir tekjur hennar en með því móti að telja saman tölur á skattskýrslum, en ég mun ekki hefja deilur um það atriði.

ATKVGR.
Brtt. 376 samþ. með 28 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 394).

---

33. Rafveitulán fyrir Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppa o. fl.

Á deildafundum 25. sept. var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp og Njarðvíkurhrepp* (A. 358).

Á 47. fundi í Sþ., 26. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Ég hef ásamt tveimur öðrum þm. flutt till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp og Njarðvíkurhrepp, að upphæð kr. 1200 þús. fyrir Keflavíkurhrepp og kr. 300 þús. fyrir Njarðvíkurhrepp. Það er ekki ástæða til að hafa mörg orð um till., m. a. af því að höfuðrökin, sem að henni hníga, eru fram færð í grg. Við flm. höfum talað við forstjóra rafmagnseftirlits ríkisins og fengið þær upplýsingar, sem þurfti, og hann er reiðubúinn að láta sömu upplýsingar fjvn. í té, en við mælumst til, að till. verði vísað til þeirrar n.

Eins og kunnugt er, var samþ. í fyrra á Alþ., að ríkisstj. væri heimilað að leita kaupa á efni við til þessarar virkjunar. Ríkisstj. hefur hagnýtt þá heimild og keypt efnið, sem sumpart er þegar flutt hingað til lands. Það hefur verið hafizt handa um framkvæmdir, en hins vegar er það svo, að innansveitarkerfið skal kostað af hlutaðeigandi hreppum. Þeir geta ekki aflað þess fjár, sem þarf, og er því hér farið fram á, að ríkið taki ábyrgð á væntanlegu láni. Það er því ekki lagt út á neina nýja braut, heldur eru þræddar fornar slóðir og aðeins mælzt til þess, sem áður hefur verið gert fyrir önnur sveitarfélög.

Venjan hefur verið sú, þegar um slíkar rafveitu framkvæmdir er að ræða, að innansveitarkerfið hefur verið tekið með í heildarkostnaðinn. Ríkið framkvæmir aðalorkuveituna, en hrepparnir innansveitarkerfið.

Við höfum hagað till. svo, að upphæðirnar eru í samræmi við bráðabirgðaáætlun forstjóra rafmagnseftirlitsins. Við vonum, að Alþ. taki till. vel. Við leggjum mikla áherzlu á, að málið fái skjóta afgreiðslu, því að nauðsynlegt er að hefjast tafarlaust handa, til þess að framkvæmdir geti orðið af hendi leystar jafnóðum og sá hluti, sem ríkið er að láta vinna. Ég vil mælast til, að umr. verði frestað og málinu vísað til fjvn., eða, ef forseta þætti heppilegra, að þessari umr. yrði lokið og málið athugað í fjvn. á milli umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 16. okt., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 358, n. 425, 420).

Frsm. (Pétur Ottesen): Fjvn. hefur athugað þessa till. á nokkrum fundum og rætt við hæstv. atvmrh. um hana og leitað umsagnar forstöðumanns rafmagnseftirlits ríkisins um hana. Eins og kunnugt er, var samþ. á Alþ 12. nóv. 1943 þál., þar sem stj. er heimilað að verja allt að 1 millj. kr. til kaupa á efni í háspennulínu til Keflavíkur. Þessi efniskaup hafa nú farið fram, og í áframhaldi af því hefur ríkisstj. ráðizt í að leggja þessa línu fyrir ríkisfé. En áður en ríkisstj. gerði þetta, leitaði hún til þingflokka á Alþ. og fékk hjá þeim samþykki fyrir því, að ríkisstj. léti reisa línuna og auk þess heimild þeirra til þess að veita fé til viðbótar þeirri upphæð, sem þyrfti til þess að hrinda þessu verki áfram. Og um leið tókust um það samningar milli ríkisstj. og Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps, að þeir hreppar legðu til innanbæjarkerfið á sinn kostnað, þannig að ríkisstj. sæi einungis um það að koma upp háspennulínunni suður eftir. Í þessu nál. getur fjvn. um það, að ríkisstj. hljóti að afla sér formlegrar heimildar Alþ. fyrir þeim fjárveitingum, sem muni þurfa til þess að koma upp þessari línu. Auk þess bendir n. á það, að eðlilegt sé, að ríkisstj. afli sér enn fremur með löggjöf heimildar til þess að lína þessi verði lögð fyrir fé frá ríkissjóði. Samtímis því, sem nál. var útbýtt hér á Alþ., var einnig útbýtt frv., sem stj. flutti og lagt var fram í hv. Ed., þar sem ríkisstj. er heimilað að koma upp þessari háspennulínu frá Hafnarfirði til Keflavíkur, og er heimilað viðbótarfé í þessu skyni, 1 millj. og 800 þús. kr. Ég skal geta þess í sambandi við þessa tölu, 1800000, að í viðræðum, sem fjvn. hefur átt við forstöðumann rafmagnseftirlits ríkisins, hefur það komið fram, að sízt muni of í lagt að áætla þessa tölu 2 millj. kr., og þar sem þetta virðist vera síðasta niðurstaða, mundi verða eðlilegra að miða við þá upphæð heldur en þá, sem stendur þarna nú. Hæstv. ríkisstj. hefur því algerlega uppfyllt það, sem fjvn. þótti á standa af hálfu stj. um undirbúning þessa máls, með því að leggja þetta frv. fram hér á hæstv. Alþ., og ætlunin var að taka frv. til meðferðar í Ed. s.l. föstudag. Þá er það viðvíkjandi þáltill. um það að fá heimild til handa ríkisstj. til þess að ganga í ábyrgð fyrir 1½ millj. kr. láni fyrir Keflavík og Njarðvíkur, til þess að koma upp innanhreppskerfinu. Fjvn. mælir með því, að stj. verði veitt þessi heimild, eins og fram kemur í nál. Nefndin byggir meðmæli sín á því, að löng reynsla í því að koma upp stærri rafveitum hefur sýnt, að ríkið hefur þurft að ganga í ábyrgð fyrir slíkum lánum, og þegar slík ábyrgð hefur verið veitt, hefur hún einnig tekið til þess kostnaðar, sem leitt hefur af því að koma upp innanhreppskerfi viðkomandi staðar. Þó að í þessu tilfelli standi þannig á, að það sé sinn aðilinn, sem stendur að hvorri framkvæmd, þá leit n. svo á, að rétt væri að veita þessa upphæð, enda er það í samræmi við það, sem áður hefur verið gert í slíkum málum. Fjvn. mælir þess vegna með því, að till. verði samþ. eins og hún liggur fyrir frá hendi flm. hennar.

Jónas Jónsson: Ég hef leyft mér að flytja viðbótartill. við þessa þáltill., sem ég vil mæla fyrir. Till. er á þskj. 420 og fer fram á að bæta við þessa þáltill. 100 þús. kr. til Grenjaðarstaðar- og Múlahverfis í Suður-Þingeyjarsýslu, í því skyni að leiða rafmagn til 12 heimila frá Laxárvirkjuninni. Rafmagnseftirlitið telur, að það mundi kosta 110 þús. kr. að leiða rafmagn að þessum bæjum, en ég tel ekki ástæðu til að hafa ábyrgð fyrir allri upphæðinni. En á hinn bóginn mælir margt með því, að þetta sé gert.

Þannig er ástatt um Laxárvirkjunina eins og

Sogsvirkjunina, að hún liggur í miðju frjósömu héraði, en það er ekki nema einn bær við hvora virkjun, sem hefur fengið rafmagn til afnota, og hafa þessar virkjanir því ekki orðið til þess að bæta úr rafmagnsþörf héraðanna, þar sem veitan er. Það hagar svo til við Laxárvirkjunina, að þar eru 12 býli í samfelldu túni í 1—2 km. fjarlægð frá veitunni. Rafstrengurinn liggur þarna rétt hjá, og hvergi á Íslandi veit ég til, að sé auðveldara um framkvæmd en einmitt á þessum stað. Þarna er sem sagt nærri stórri virkjun tiltölulega mikið þéttbýli. Ég álít því, að fyrir utan það að hjálpa þeim heimilum, sem hér eiga hlut að máli, þá sé hér tækifæri til þess að fá reynslu um það, í fyrsta skipti um hið eiginlega dreifbýli, hversu hægt væri að fullnægja rafmagnsþörfinni í dreifbýlinu og standa undir kostnaðinum. Ég geri ráð fyrir því, að þessi framkvæmd muni verða gerð um leið og Húsavík fær sitt rafmagn frá Laxárvirkjuninni, og það mun væntanlega verða þegar flutningar verða teknir upp við Svíþjóð. Ég vænti þess, að það muni ekki þykja óeðlilegt, þó að þessari till. sé bætt við hina fyrri.

Eiríkur Einarsson: Ég ætla að leiða hjá mér að ræða sérstaklega um efni þeirrar þáltill., sem hér er flutt, eða þá brtt. við hana, sem síðasti ræðumaður var að skýra. Það, sem gefur mér tilefni til að segja örfá orð, er einungis í sérstöku sambandi við fram komna brtt., sem sé það, að þarna er leitað hjálpar ríkisins til að leiða raforkuna frá þeim stöðum á landinu þar sem raforkuver eru fyrir. Í sambandi við þetta verður ekki fram hjá því gengið, að þegar rætt var um rafveitur til Keflavíkur og Njarðvíkurhrepps, þá var einnig, með nokkrum vilyrðum af hálfu Alþ., rætt um rafveitur til Stokkseyrar, Eyrarbakka, Selfoss og Hraungerðis, og ég vil minna á það, að samkvæmt rannsókn hefur verið ákveðið, að Sogsvirkjunin skuli gilda fyrir þessi þorp. En eftir upplýsingum rafmagnseftirlits ríkisins, þá er það tilviljun, að Keflavíkurlínan fer fram fyrir, sem ég vil þó að engu leyti gera að umræðuefni nú. Þetta var nokkuð rætt í fyrra á Alþ., og mun ég því ekki ræða það frekar nú. Málið er komið í sinn farveg, og við það situr. Úr því að brtt. eru komnar fram, skal ég ekki véfengja, að þær eigi rétt á sér, en hæstv. Alþ. verður að gera sér grein fyrir því, að það er víðar þessi aðstaða, sem rætt er um í brtt., og því verður að nota þá aðstöðu þegar efni til slíkra framkvæmda fæst flutt til landsins. Hæstv. Alþ. verður að gera sér grein fyrir því, í hvaða röð slíkt eigi að takast. En sá réttur, sem þar kemur fram, hlýtur að fara eftir fylgi við málið á Alþ. og í samræmi við þær niðurstöður, sem þar koma fram.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég vil aðeins leyfa mér að þakka hv. fjvn. fyrir góðar undirtektir og skjóta afgreiðslu á þessu máli. Varðandi þá brtt., sem borin hefur verið fram, sé ég ekki ástæðu til þess að beita mér gegn henni, og í trausti þess, að ekki verði hnýtt aftan í þessa till. svipuðum till. til þess að granda höfuðtill., get ég sætt mig við, að þessi brtt. verði samþ. Mér er hins vegar tjáð af form. fjvn., að eigi sé ætlunin að svo verði, og vil ég í trausti þess, að þingið fljótlega afgr. endanlega þá till., sem ég ásamt tveim öðrum hv. þm. hef leyft mér að flytja, mæla með þessari brtt. Í trausti þess, að hæstv. Alþ. afgr. þessa till. okkar, vil ég ekki sem sagt verða meinsmaður þeirrar brtt., sem flutt hefur verið af hv. þm. S-Þ.

Frsm. (Pétur Ottesen): Fjvn. hefur ekki rætt brtt. hv. þm. S-Þ. Hann gat þess þó í n., að hann mundi flytja slíka till. sem varatill. eða brtt. við aðaltill. og skýrði frá, hvað í till. fælist. En n. hefur ekki tekið neina ákvörðun um till., en ég get sagt það sem mína persónulegu skoðun, að ég álít sanngjarnt, að slík till. sem þessi verði samþykkt. Þarna er um að ræða alveg sérstaka aðstöðu til hagnýtingar á rafmagni frá Laxárvirkjuninni. Þarna er um marga sveitabæi að ræða, og þegar það er athugað, hvað kostar að framkvæma útfærslu rafmagnsins yfirleitt og hvað hér er um litla upphæð að ræða, þá má telja mjög réttmætt, að brtt. þessi verði samþ.

Jónas Jónsson: Ég vil aðeins bæta því við, að ég hef tekið þetta litla mál af því að ég álít, að þarna standi alveg sérstaklega á. Það er hins vegar fjöldi sveita í mínu kjördæmi, sem ég hef hugsað mér að fengju rafmagn, en þar sem framkvæmdir virðast svo langt framundan, sé ég ekki ástæðu til að ræða það frekar. En ég vil taka það fram, að það, sem mælir nokkuð með þessari litlu tilraun, er ekki aðeins það, að það yrði í fyrsta skipti, sem reynt yrði að koma rafmagni inn á mörg heimili í sveit, heldur líka hitt, að þarna á sveitin kraftinn. Laxárvirkjunin er sem sé tekin í landi einnar af þessum jörðum, sem er eign ríkisins, rafmagnið á Akureyri er tekið frá þessari jörð, þannig að það hefði átt að muna eftir þessum bæjum fyrr. Þetta er ekki nein allsherjar sókn, heldur aðeins undantekning.

Kristinn Andrésson: Ég vil taka undir með þeim hv. þm., sem mælt hafa með því, að brtt. hv. þm. S-Þ. verði samþ. Það stendur sérstaklega á þarna, þarna eru mörg heimili saman, og liggur því beint við að veita ríkisábyrgð fyrir rafveitu á þessa bæi. Það stóð til, að þetta yrði framkvæmt um leið og rafmagnið var leitt til Akureyrar frá Laxárvirkjuninni, og það hefði verið mjög réttmætt að það hefði verið gert þá strax. En af því hefur þó enn ekki orðið. Ég vil því mæla með því, að þessi till, verði samþ.

ATKVGR.

Brtt. 420,1 samþ. með 30 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv.

Brtt. 420,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveitulánum fyrir Keflavíkurhrepp, Njarðvíkurhrepp og Grenjaðarstaða- og Múlahverfi.

Á 56. fundi í Sþ., 17. okt., var till. tekin til síðari umr. (A. 432).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 33:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PÞ, PO, SigfS, SB, SG, SK, SÞ, SkG, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, BG, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, GÞ, GJ, GTh, IngJ, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJós, MJ, ÓTh, PHerm, GSv.

nei: PZ.

SvbH greiddi ekki atkv.

17 þm. (PM, SEH, STh, ÞG, ÁÁ, EmJ, EystJ, FJ, GG, GÍG, HG, HelgJ, HermJ, IngP, JakM, KA, LJóh) fjarstaddir.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Ég tel veiting þessarar heimildar að ýmsu leyti stórum varhugaverða og segi því nei.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 436).

---

34. Vegarstæði að Ögri.

Á 39. fundi í Sþ., 6. sept., var útbýtt frá Nd.: *Till. til þál. um fullnaðarákvörðun vegarstæðis að Ögri og kostnaðaráætlun um vegargerð* (A. 282).

Á 46. fundi í Nd., 8. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 48. fundi í Nd., 12. sept., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Nd., 13. sept., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Um alllangt skeið var það þannig, eftir að almennt voru hafnar vegaframkvæmdir í flestum héruðum landsins, að engir vegir voru lagðir við Ísafjarðardjúp milli þeirra byggða, sem eru í þessu héraði, né um byggðina sjálfa. Ekki var heldur hafizt handa um að skapa akvegasamband við þennan landshluta í heild. Sjórinn var sú þjóðbraut, sem leiðir flestra lágu um. Nú, eftir að vegagerðir eru orðnar jafnviðtækar og raun er á orðin, þjóðvegakerfið orðið jafnfullkomið og jafnmörg byggðarlög komin í akvegasamband við heildarakvegakerfi landsins, getur ekki hjá því farið, að einnig þessi byggðarlög við Ísafjarðardjúp taki að æskja þess, að frekari samgöngubætur verði hafnar á landi innan þessa héraðs. Að vísu er það svo, að samgöngur á sjó hafa um alllangt skeið verið þar sæmilegar. Engu að síður eru þær samgöngur algerlega ófullnægjandi til lengdar fyrir héraðið. Þess vegna er nú vaknaður áhugi á því, að tekið verði að leggja akvegi um þessar byggðir, sem till. fer fram á, að vegarstæði verði rannsakað í, þ. e. um þrjá hreppa, Nauteyrarhrepp, Reykjarfjarðarhrepp og Ögurhrepp.

Þessi vegur, sem farið er fram á að ákveða að Ögri, mundi liggja um beztu landbúnaðarsveitir héraðsins. Nú er það þannig, að enda þótt Djúpbáturinn fari áætlunarferðir sínar um Djúpið og meðal annars til staða í þessum hreppum, geta ekki nærri því allir bæir hagnýtt sér ferðir hans til mjólkurflutninga vegna þess, hve strjálar þær eru. Enn fremur á Djúpbáturinn mjög erfitt um vik að þræða hina löngu firði og smala þannig í hverri ferð nokkrum mjólkurbrúsum frá hverjum bæ. Ef akvegur liggur um þessar byggðir, t. d. Mjóafjörð, sem er einn lengsti fjörðurinn, væri möguleiki að flytja afurðir bænda landleiðis á færri staði og taka þar með mjög stóra og dýra króka af flóabátnum. Ég hygg og, að auk þess almenna sjónarmiðs, að bæta beri samgöngur yfirleitt í héraðinu, komi hér til greina einnig nauðsyn fólksins í sjávarþorpunum fyrir mjólk og aðrar afurðir bænda.

Ég tel svo ekki þörf að fara fleiri orðum um þessa till. Leyfi mér að óska þess, að þessari einu umr. verði frestað og samgmn. gefinn kostur á að fjalla um till.

ATKVGR.

Till. vísað til samgmn. með 21 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 66. fundi í Nd., 17. okt., var till. tekin til framhalds einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Nd., 18. okt., var fram haldið einni umr. um till. (A. 282, n. 387).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Samgmn. hefur haft þetta mál til athugunar og sent þáltill. til umsagnar vegamálastjóra, sem hefur lagt til, að till. verði samþ., og lýst yfir því, að hann sé fús til þess að framkvæma þá rannsókn á vegarstæði, sem þáltill. fjallar um. Vegamálastjóri hefur einnig upplýst, að þessi vegarlengd sé um 50 km, og þó að töluvert liggi fyrir af rannsóknum á vegarstæðum víða á landinu, þá muni vera hægt að snúast við þessari rannsókn eftir því, sem starfskraftar verða fyrir hendi, og að mér hefur skilizt, þá muni ekki þurfa að bíða mjög lengi eftir því.

Að þessu áliti vegamálastjóra fengnu hefur samgmn. einróma lagt til, að þáltill. þessi verði samþ. óbreytt.

Hygg ég svo, að um þáltill. sjálfa þurfi ekki að fara frekari orðum. Hv. þd. er efni hennar kunn-

ugt. Enn fremur ræddi ég hér við fyrri hluta þessarar umr. nokkuð ýtarlega þau rök, sem að henni hníga.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 20 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 22 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 452).

35. Stéttarfélög og vinnudeilur.

Á 40. fundi í Sþ., 11. sept., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun á l. nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og l. nr. 33 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna (A. 299).

Á 41. og 42. fundi í Sþ., 14. sept., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Sþ., 14. sept., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Ég hef borið fram till. til þál. um endurskoðun l. nr. 80 frá 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, og l. nr. 33 frá 3. nóv. 1915, um verkfall opinberra starfsmanna. Legg ég til, að ríkisstj. verði falið að skipa sérstaka sjö manna n., er hafi það starf að endurskoða hvor tveggja l. og gera till. til breyt. á þeim, eftir því sem henni þykir þurfa.

Í grg. fyrir till. er skýrt nokkuð frá ástæðum fyrir því, að till. er fram borin. Ætla ég, að þar sé gerð nokkurn veginn fullnægjandi grein fyrir því, að till. er fram komin, en ég vil þó með nokkrum orðum undirstrika þau sjónarmið, sem þar koma fram.

Þegar l. um stéttarfélög og vinnudeilur voru sett 1938, voru vart til önnur lagafyrirmæli um þetta efni en l. um sáttatilraunir í vinnudeilum og l. um verkfall opinberra starfsmanna. Stéttarfélögin höfðu náð að þróast án þess að um þau væru settar sérstakar reglur. En af þessu leiðir það, að bæði stéttarfélögin og þjóðfélagið eru í vafa um það, hverjum félögin eigi aðgang að. Um það verður ekki lengur deilt, að stéttarfélögin séu lögleg í tilgangi sínum, og um það er ekki heldur deilt, að félögin séu löglegur aðili til þess að semja um kaup og kjör meðlima sinna. En fram til 1938 voru ekki til nein ákvæði um réttarstöðu stéttarfélaga. Sérstaklega kom það fyrir, að deilur yrðu milli félaganna og meðlima þeirra um það, hver væri réttur aðili um kaupsamninga. Einkum kom það fyrir, að meðlimirnir gerðu sjálfir samninga, sem voru þeim óhagstæðari en samningar félaganna, en þeir voru teknir gildir umfram samninga félaganna sjálfra. Það ríkti því mjög mikil óvissa í þessum efnum einkum í sambandi við verkföll og vinnustöðvanir, og var það oft mjög bagalegt. Fyrstu lagaákvæði, sem voru sett um þessi mál, voru l. frá 1928 um sáttasemjara í vinnudeilum. Í þeim er gert ráð fyrir því, að ríkið skipi og kosti slíkan sáttasemjara, en nánar er það ekki útfært, og vald sáttasemjarans varð í reyndinni ekki neitt. En með þessu eru líka talin upp öll þau ákvæði, sem til voru um þessi efni fyrir 1938, er l. um stéttarfélög og vinnudeilur voru sett. Þau l. voru algert nýmæli í íslenzkri löggjöf, og með þeim var því verið að leita fyrir sér um heppileg lagafyrirmæli um þessi mál. Í erlendri löggjöf voru þá hins vegar til mörg og ýtarleg lagafyrirmæli um þetta, og þegar þessi l. voru sett hér, þá mun varla hafa verið til nokkurt menningarríki í Evrópu, sem ekki átti lagafyrirmæli um þessi mál.

Það, sem einkum þurfti að gera, er l. voru sett hér 1938, var að taka upp og samræma þau fáu ákvæði, sem hér voru til, og þó sérstaklega að kynna sér rækilega erlend lagafyrirmæli um þessi mál og reyna að velja úr þeim það, sem heppilegast mundi hér heima, og koma þessu saman í einn samfelldan lagabálk. Það var mikill vandi að vinza úr þessu og breyta því eftir íslenzkum staðháttum, en inn á þá braut var horfið.

Nú hafa þessi l. verið hér í gildi í 6 ár, og þennan tíma hefur verið mikið umrót í þjóðfélaginu, mikið um vinnudeilur og verkföll og mörgum málum vísað til Félagsdóms. Á þessum tíma hefur því fengizt mikil reynsla á þessi l. Mér hefur því virzt rétt að taka þau nú til athugunar og endurskoðunar og byggja á þeirri reynslu, sem fengizt hefur. Ég mun ekki taka það fram hér, hvaða atriðum ég telji, að helzt þurfi að breyta, — um það geta verið mjög skiptar skoðanir, en ég tel rétt að endurskoða þessi l. og rétt, að að þeirri endurskoðun vinni einkum þeir aðilar, sem mesta reynslu hafa fengið í þessum efnum síðan l. voru sett.

Það, sem ég tel einkum þurfa athugunar við, er það, að ýmis ákvæði l. mættu vera fyllri og ýtarlegri. Þegar l. voru sett, þá var það mjög haft í huga að hafa þau sem einföldust, til þess að þau yrðu þægileg í framkvæmdinni. Nú er mér ekki grunlaust um, að komið hafi í ljós, að ýmis ákvæði þeirra mættu vera fyllri en þau nú eru. Viðvíkjandi einstökum ákvæðum þá er m. a. ákvæði II. kafla um vinnustöðvanir og framkvæmd þeirra, en eins og kunnugt er, þá eru ákvarðanir um vinnustöðvanir og einnig framkvæmd þeirra aðeins heimilar vissum aðilum, og þær mega ekki koma til framkvæmda fyrr en að 7 sólarhringum liðnum frá því er tilkynning um þær er gefin út. Það getur verið álitamál, hvort eðlilegra sé að skipa þessum málum með nokkuð öðrum hætti, t. d. hverjir eigi að hafa vald til þess að ákveða vinnustöðvanir, en er l. voru sett, þá var haldið við það að víkja sem minnst frá þeim reglum,

sem myndazt höfðu með félögunum. Nú hefur það komið í ljós, að það getur verið ráðizt í vinnustöðvun, án þess að sá vilji meðlimanna sé á bak við, sem ætti að vera. Ég hef ekki athugað vel, með hverjum hætti þessu yrði bezt komið fyrir, en það mundi verða verkefni n. þeirrar, sem ég legg til, að skipuð verði. Það gæti einnig verið mjög álitamál, hvort rétt væri að hafa frestinn alltaf 7 daga. Þegar l. voru sett, þá var um það rætt, hvort ekki væri ástæða til þess að láta gilda mismunandi reglur um vinnustöðvanir eftir því, hvort um hreina vinnustöðvun til kauphækkunar væri að ræða eða samúðarverkfall eða þá vinnustöðvun af einhverjum öðrum ástæðum. Nú hafa þessi l. verið í gildi í 6 ár, og sami frestur hefur gilt um allar vinnustöðvanir, og eftir þá reynslu ætti að vera hægt að segja um, hvort rétt væri að gera upp á milli mismunandi vinnustöðvana. Þá er einnig rétt að athuga, hvernig viðskiptum milli aðila verður bezt háttað, meðan á vinnustöðvun stendur, og hvernig yrði bezt komið fyrirmælum um meðferð verkfallsbrjóta. Þá má og benda á það, að nauðsynlegt er að athuga betur ákvæðin um sáttasemjara, og það þarf að ákveða valdssvið hans nánar en gert hefur verið. Öll þessi ákvæði tel ég að þurfi að athuga nánar. Þessi l. hafa nú verið í gildi 6 ár, og þau voru sniðin hóflega í fyrstu, og er því nú ástæða til þess að athuga, hvort ekki megi nú bæta þau og gera þau fyllri, enda kom það fram hjá flm. frv. 1938, að þörf mundi vera á því að taka l. til endurskoðunar áður en langt um liði.

Þá hef ég einnig lagt til, að tekin yrðu til endurskoðunar l. um verkfall opinberra starfsmanna frá 1915. Þessi l. voru sett í sambandi við deilu við starfsfólk Landssímans, er það hótaði verkfalli til þess að fá launahækkun. Þessi l. voru sett í flýti, og var því ekki tími til mikils undirbúnings undir þau. Síðan þessi l. voru sett, hefur hins vegar orðið mikil breyting á í þessum efnum. Verkalýðsfélögin voru þá vanmáttug og naumast viðurkennd, og m. a. kom það þá fram hjá sumum þm. í sambandi við þessa lagasetningu, að vafasamt væri, hvort verkföll væru heimil, og voru l. sett í samræmi við þann tíðaranda. Nú er eðlilegt að taka þessi l. einnig til athugunar og þá, hvort ekki mundi heppilegast að taka ákvörðun um opinbera starfsmenn upp í vinnulöggjöfina. Það hafa líka komið fram eindregnar óskir um það, að bæði þessi l. yrðu nú tekin upp til athugunar og umr.

Ég hef lagt til, að í þetta verði skipuð 7 manna n., sem verði skipuð einum manni eftir tilnefningu Alþýðusambands Íslands, einum eftir tilnefningu Far- og fiskimannasambands Íslands, einum eftir tilnefningu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og einum eftir tilnefningu Vinnuveitendafélags Íslands. Enn fremur eigi sæti í nefndinni forseti Félagsdóms og ríkissáttasemjari. Auk þess verði einn valinn af ríkisstjórninni án tilnefningar.

Ég hef þarna nefnt til þá aðila, sem mest hafa átt við þessi l. að búa og mesta reynslu hafa fengið af þeim. En ef aðrar till. skyldu koma fram um skipun í þessa n., þá er ég tilbúinn að ræða þær. Ég legg svo til, að sá háttur verði hafður um afgreiðslu þessarar till., að umr. um hana verði frestað og henni vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 63. fundi í Sþ., 10. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 299, n. 483).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Allshn. hefur orðið sammála um sína till. viðvíkjandi þessu máli, en aðalbreytingin er sú, að engin föst n. skuli sett til að endurskoða vinnulöggjöfina. Við leggjum hins vegar til, að hæstv. ríkisstj. láti fram fara þessa endurskoðun, og hvort sem hún setur í það fleiri eða færri menn, þá hafi þeir menn samstarf við þá, sem helzt eru kunnugir framkvæmd vinnulöggjafarinnar og þeirri reynslu, sem á er komin. Hún hafi einnig samstarf við fulltrúa þeirra félaga, sem hlut eiga að máli, bæði vinnuveitenda og atvinnuþiggjenda.

Í frumtill. er talað um verkfallsbann embættismanna og að ákvæði þar að lútandi verði endurskoðuð í sambandi við þetta mál. Á þetta atriði er ekki minnzt í okkar till., en þar fyrir til þess ætlazt, að það sé athugað að svo miklu leyti sem það snertir almenna vinnulöggjöf. Í almennri vinnulöggjöf eru ákvæði um embættismenn, og á Norðurlöndum munu líka ákvæði, er snerta starfsmenn ríkis og bæja, vera í almennri vinnulöggjöf. Þetta tek ég fram, vegna þess að þetta atriði er fellt niður í till., en samt liggur í hlutarins eðli, að það verður sett inn, þegar fullkomin vinnulöggjöf verður sett eða endurskoðuð.

Ég hygg, að samkomulag hafi verið það gott um þetta mál í n., að það muni ekki kosta miklar umr. og reyni aðeins á framkvæmd hæstv. ríkisstj.

ATKVGR.

Brtt. 483,1 (ný tillgr.) samþ. með 30 shlj. atkv.

Brtt. 483,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Till. til þál. um endurskoðun á löggjöf um stéttarfélög og vinnudeilur.

Á 64. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 14. nóv., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 490).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 499).

36. Rannsóknarstöð á Keldum.

Á deildafundum 24. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um byggingu rannsóknarstöðvar á Keldum í Mosfellssveit (A. 474).

Á 61. fundi í Sþ., 25. okt., utan dagskrár, mælti

Pétur Ottesen: Ég vil í tilefni af því, að í ráði er að fresta um sinn að einhverju leyti störfum Alþ., vekja athygli á þáltill., sem hér liggur fyrir frá meiri hl. fjvn. á þskj. 474. Svo er ástatt um þessa till., að gert er ráð fyrir, að nokkur styrkur muni fást frá Rockefellersstofnuninni í Bandaríkjunum til þeirra framkvæmda, sem þar um ræðir, en vitað er, að úthlutun þeirra styrkja, sem sú stofnun veitir, á að fara fram 1. des. n. k. Þess vegna gæti verið nokkur hætta á, að sú frestun, sem hér er um að ræða, gæti orðið til þess, að við misstum af því tækifæri, sem hér virðist vera fyrir hendi. Þess vegna vil ég leyfa mér að minna á þetta mál hér með það fyrir augum, hvort ekki mundi vinnast tími til, áður en frestur er ákveðinn, að taka þessa till. til meðferðar hér á Alþ.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Út af þessari aths. hv. þm. Borgf. vil ég aðeins upplýsa, að ríkisstj. hefur þetta mál til athugunar og gerði einmitt í morgun ráðstafanir til að undirbúa það eins og auðið er.
Ég ætla, að þótt Alþ. verði frestað um hálfsmánaðartíma, þá þurfi það ekki að verða málinu til tafar, því að það er naumast hægt að búast við, að annar undirbúningur, sem er óhjákvæmilegur, verði svo tímanlega búinn. Ef svo færi, að þeim undirbúningi yrði lokið fyrr, hygg ég, að stj. geri ráðstafanir til þess, að Alþ. fengi tækifæri til að fjalla um till., enda þótt þingi verði frestað.

Pétur Ottesen: Að fengnum þessum upplýsingum frá hæstv. fjmrh., get ég fallið frá ósk minni um, að málið verði tekið til meðferðar nú. Ég verð að leggja þann skilning í orð hæstv. fjmrh., að málinu sé borgið, þó að nokkur frestur verði á afgreiðslu till.

Á 63. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Frsm. (Pétur Ottesen): Í bréfi, sem fráfarandi atvmrh., Vilhjálmur Þór, ritaði fjvn. síðari hl. sept., vekur ráðh. athygli á því, að nú muni vera tækifæri til, að við getum orðið aðnjótandi nokkurs styrks frá Rockefellerstofnuninni í Bandaríkjunum til að koma upp rannsóknarstöð í þarfir landbúnaðarins. Það hefur verið í ráði að koma hér upp fullkominni rannsóknarstofnun, er hefði það verkefni að rannsaka búfjársjúkdóma. Eftir að n. hafði fengið þetta bréf ráðh., tók hún þetta mál til athugunar og kynnti sér þá áætlun, sem gerð hafði verið, að því er snýr að stofnkostnaði þessarar rannsóknarstöðvar. Ráðh. lét að nýju athuga um þetta og gera áætlun um stofnkostnaðinn og sendi n. hana. Sú áætlun hefur, að því er virðist, verið nokkuð flaustурslega gerð, og fylgdu þau ummæli, að við nánari athugun mundi verða breyting á kostnaðinum. En eins og áætlunin var lögð fyrir n., hljóðaði hún upp á hálfa aðra milljón kr., og í því fólst 150 þús. kr. upphæð, sem gert var ráð fyrir, að varið yrði til að kaupa ýmiss konar tæki handa rannsóknarstöðinni. Að öðru leyti er falinn í þessari upphæð byggingarkostnaður. Þá þótti fjvn. rétt að láta gera athugun um það, hvaða kostnaður yrði við rekstur slíkrar stofnunar, og við lauslega athugun kom í ljós, að rekstrarkostnaður muni ekki fara mikið fram úr kostnaði við slíkar rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið hér nú um skeið á ýmsum stöðum við erfið skilyrði, þegar tekið er tillit til þess, að gert er ráð fyrir, að stöðin muni fá nokkrar tekjur fyrir bóluefni, vítamínrannsóknir o. fl., og þegar frá liði, mundu tekjur af þessari starfsemi fara vaxandi. Mig minnir, að gert sé ráð fyrir, að útgjöld til þessarar starfsemi muni vaxa um 14—15 þús. kr. frá því, sem nú er veitt til þeirra verkefna, sem eiga að vera aðalverkefni þessarar stofnunar. Frá því sjónarmiði virðist ekki vera áhorfsmál um að ráðast í þetta fyrirtæki, sem skapar vitanlega miklu betri skilyrði til að geta náð þeim árangri, sem stefnt er að.

Í grg. er drepið á, hvílík vá er fyrir dyrum í landbúnaðinum vegna búfjársjúkdómanna, sem eru komnir langt með að leggja sauðfjárrækt landsmanna í auðn. Jafnframt er ískyggilegt, hvernig horfir með kúastofn landsmanna. Ég þekki dæmi þess, að bændur hafa misst meira en helming af bústofni sínum. Þeir, sem stunda svínarækt, hafa ekki heldur farið varhluta af þessu, og sama máli gegnir um hænsnaræktina. Þetta eru ískyggilegar horfur, og þegar tekið er tillit til þess, hver þáttur landbúnaðarframleiðslan er í lífi þessarar þjóðar, er það vitanlega ekki áhorfsmál að gera þær ráðstafanir, sem eru á okkar valdi, til að hamla á móti þessu. Hvernig mundi þessi þjóð vera á vegi stödd, ef skortur væri á kjöti og ullarvörum til klæðnaðar og skortur yrði á mjólk handa landsfólkinu? Það ætti einnig að verða til að hvetja og uppörva Íslendinga að gera tilraun í þessum efnum sú reynsla, sem fengizt hefur um hinn menntaða heim, þar sem vísindunum hefur tekizt að ráða niðurlögum ýmissa sýkla og baktería í mönnum og skepnum. Það er ekki ólíklegt, að þeir Íslendingar, sem hafa aflað sér þekkingar á þessum efnum, muni ná svipuðum árangri og starfsbræður þeirra erlendis, ef þeir fá svipuð starfsskilyrði. Það tókst ekki í fjvn., að n. stæði öll að þessari till., en meiri hl. n., sex af níu, fylgir henni. Minni hl. mun gera grein fyrir afstöðu sinni í sambandi við málið. Ég vil svo til viðbótar geta þess, að Rannsóknaráð ríkisins hefur með bréfi til fjvn. frá 5. okt. mælt með því, að komið yrði upp þessari rannsóknarstöð að Keldum í Mosfellssveit, en þar hefur þessari stofnun verið ætlaður staður. Hefur ráðið látið í ljós þá skoðun, að þetta sé líklegt til góðs árangurs, að því er snertir búfjársjúkdómana, og auk þess ættu aðrar rannsóknir að geta notið góðs af, eftir því sem við verður komið. Að því er vikið í grg., að

þessi stofnun geti orðið allþýðingarmikil fyrir sjávarútveginn, að því er snertir efnagreiningu á meðalalýsi, og lýsisframleiðslan tryggð, þannig að framleidd verði betri vara með aukið verðgildi á erlendum markaði. Ég vakti athygli á því, þegar ákveðið var að fresta störfum Alþ., að nauðsynlegt væri að hraða þessu máli, því að eins og getið er um í grg. verður á þessu ári, snemma í desember, tekin ákvörðun um þessa styrkveitingu af hálfu Rockefellersstofnunarinnar. Fjmrh. gat þess þá, að auk þess sem þyrfti að athuga þetta mál nánar, yrði því ekki stefnt í hættu af þessum sökum, enda veit ég, að hann hefur athugað, að tími mundi vinnast til að koma málinu á framfæri, eftir að lokið er fullum undirbúningi þess, sem er eðlilegt skilyrði frá hendi þeirra, er munu veita okkur lið í þessu efni. Rockefellerstofnunin hefur veitt slíkum málum stuðning, og eftir því sem hv. fyrrv. atvmrh., Vilh. Þór, upplýsti í n., þá átti hann í síðustu utanför sinni samræður við forseta þessarar stofnunar. Sagði hann, að fyrir lægju mjög margar umsóknir um slíka styrki frá Norðurlöndum, en eins og sakir stæðu nú, hefðu Bandaríkin ekki það samband við ýmis Norðurlandaríki, að slíku væri við komandi. Þess vegna væri sérstakt tækifæri fyrir Ísland núna að sækja þessi mál eða leita stuðnings frá þessari merku vísindastofnun.

Ég þarf ekki að fara fleiri orðum um þessa till. Ég vil aðeins bæta við, að með tilliti til þess, að Rockefellerstofnunin gerir að ófrávíkjanlegu skilyrði fyrir slíkri styrkveitingu, að búið sé að ákveða í heimalandinu eða landinu, sem styrksins verður aðnjótandi, fjárveitingu í þessu skyni, þá er ráð fyrir gert í þessari þáltill., að fé til þess sé tekið af tekjuafgangi þessa árs, og fjvn. hefur kynnt sér það nokkuð hjá fyrrv. fjmrh., að sú aðstaða mundi vera fyrir hendi, miðað við þá upphæð, sem hér er um að ræða.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um till., en vænti þess, að þetta mikla nauðsynjamál eigi þeim skilningi að mæta á hv. Alþ., að það fái skjóta og góða afgreiðslu og að því loknu verði undinn bráður bugur að koma upp þessari stofnun, til þess að við getum tekið svo föstum tökum á því máli, að skilyrði verði hér heima til að fara að vinna að þessum rannsóknum við þau endurbættu skilyrði, sem falla okkur í skaut, ef stofnunin kemst upp.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Ég vil aðeins leyfa mér að láta hv. Alþ. vita um, hvað gerzt hefur í þessu máli, síðan það kom síðast saman. Eins og tekið er fram í grg. þáltill. og hv. frsm. tók fram, þá lá fyrir kostnaðaráætlun s. l. sumar, sem páv. landbrh. hafði með sér til Ameríku, og talaði hann við stjórn Rockefellerstofnunarinnar. Þessi áætlun er samin af Birni Sigurðssyni, þeim manni, sem mest hefur unnið að þessu máli og teljast má aðalhvatamaður þess.

Eftir að stjórnarskipti urðu í haust, átti ég tal við Björn Sigurðsson, og hann skýrði mér frá, að þessi kostnaðaráætlun, sem gerð var í sumar, hafi verið gerð í mesta flýti, og við nánari athugun hafi hann komizt að þeirri niðurstöðu, að á henni þyrfti að gera nokkrar breytingar. Ég bað hann að taka málið til athugunar eins fljótt og auðið væri. Gerði hann það og afhenti mér í síðustu viku nýja kostnaðaráætlun, sem reyndar var nokkru hærri en sú, sem gerð var í sumar. Ég hef útdrátt úr henni fyrir framan mig, og er heildarkostnaðurinn áætlaður 1 milljón og 900 þús. kr., eða fullum 400 þús. kr. hærri en áætlað var í sumar.

Þessi kostnaðaráætlun og lýsing Björns Sigurðssonar af hinni væntanlegu rannsóknarstofnun var send til íslenzku ræðismannskrifstofunnar í New York. Var ræðismaðurinn beðinn um að fara með þessi gögn til Rockefellerstofnunarinnar, tala við stjórnendur hennar og fá upplýsingar um, hvaða frekari gögn þyrfti. Það er rétt að geta þess í þessu sambandi, að teikning af þeim húsum, sem ætti að reisa, hefur verið gerð fyrir nokkrum árum, en hún er nú talin ónothæf, og ekki hefur unnizt tími til að gera nýja teikningu. Það er því nokkur ástæða til að ætla, að kostnaðaráætlun sé eigi nákvæm og megi gera ráð fyrir, að byggingarkostnaðurinn verði ef til vill meiri en áætlað var.

Ég álít því, að nauðsynlegt sé, svo framarlega sem þessi till. á að ná fram að ganga, sem ég vil vænta, að hækka nokkuð heimildina frá því, sem gert er ráð fyrir í till., a. m. k. upp í 850 þús. kr., og tel ég ekkert því til fyrirstöðu að hækka hana upp í milljón kr. Það gefur að skilja, að ríkissjóður verður að standa straum af öllum kostnaði, ef ráðizt verður í byggínguna á annað borð, en hins vegar getur það haft áhrif á styrkinn frá Rockefellerstofnuninni, ef of lágt er áætlað, því að Rockefellerstofnunin mun ekki veita hærri styrk en nemur ríkissjóðsframlaginu. Ég mun því hlutast til um, að við síðari umr. þessa máls komi fram brtt. í þá átt að hækka heimildina til fjárveitingar í þessu skyni.

Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði um rekstrarkostnaðinn, þá vil ég aðeins láta þess getið, að ég er ákaflega hræddur um, að fjvn. sé of bjartsýn, er hún áætlar rekstrarkostnaðinn aðeins 15—16 þús. krónur. Ég er hræddur um, að hann verði mun meiri. Hins vegar er ófært að setja fyrir sig, þó að rekstrarkostnaðurinn ykist að mun, þegar þess er gætt, að á fjárlagafrv., sem liggur fyrir Alþ. núna, eru áætluð meira en hálfrar briðju milljónar kr. útgjöld í sambandi við sauðfjársjúkdóma, sem miðar þó ekki að því að taka fyrir rætur þessa meins. þegar þess er gætt, þá er náttúrlega ekkert atriði, þó að rekstrarkostnaðurinn færi nokkuð fram úr því, sem hv. frsm. hefur getið til, því að þessi kostnaður er fram lagður með það fyrir augum að ráða bót á meinsemdinni.

Auðvitað getur enginn sagt fyrirfram, hvort þessar tilraunir muni bera nokkurn árangur, en hitt er nokkurn veginn víst, að ef ekkert er aðhafzt, þá stefnir út í óefni, og þessi tilraun er því fullkomlega þess verð, að hún sé gerð, þó að um verulegan kostnaðarauka verði að ræða.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég vil aðeins þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans góðu undirtektir undir þetta mál

og þá fyrirgreiðslu, sem það hefur fengið hjá honum, síðan fundum Alþ. var frestað. Það er náttúrlega sjálfsagt, eins og hann hefur þegar gert, að koma á framfæri breyttri áætlun um stofnkostnaðinn, því að það er sjálfsagt lagt til grundvallar fyrir fjárveitingu frá þeirri stofnun, sem um er að ræða. Ég vil vænta þess að mega hafa samráð við hæstv. fjmrh. við síðari umr. þessarar till. um breyt. á þeirri upphæð, sem í till. felst.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. fjmrh. sagði um áætlunina, þá getur náttúrlega vel farið svo, að sá kostnaðarauki, sem þar um ræðir, verði að einhverju leyti meiri. Ég dró aðeins fram þær tölur, sem Björn Sigurðsson lagði fyrir n., eða niðurstöður af þeirri áætlun, sem hann lagði fyrir n., en eins og ég tók áðan fram, gat hann þess, að þessi áætlun væri frekar lausleg, og einmitt það, sem milli bar, var sú upphæð, sem ég nefndi.

Ég skal ekki fara fleiri orðum um þetta, en vænti eftir þessar góðu undirtektir hæstv. fjmrh. og þeirri mikilsverðu fyrirgreiðslu, sem hann hefur veitt þessu máli, að till. fái sams konar undirtektir hér á þingi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv.

Á 64. fundi í Sþ., 13. nóv., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 14. nóv., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 474, 493).

Frsm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. — Eins og hv. alþm. muna frá umr. þeim, sem síðast fóru fram um þessa till., þá benti hæstv. fjmrh. á það, að eftir nánari athuganir, sem gerðar hefðu verið á væntanlegum stofnkostnaði við að reisa þessa rannsóknarstöð á Keldum í Mosfellssveit, sem till. var byggð á, mundi vera of lág, þannig að í stað þess, að kostnaðurinn við byggingu stöðvarinnar var samkv. áætlun álitinn að mundu verða um 1½ millj. kr., þá mundi hann verða 2 millj. kr. Í samræmi við þetta hefur meiri hluti fjvn., sem að till. stendur, leyft sér að bera fram í samráði við hæstv. fjmrh. brtt. um hækkun á framlagi til byggingar rannsóknarstöðvarinnar. — Ég sé, að við prentun brtt. hefur skolazt til þannig, að meiningin var, að þessar 750 þús. kr. yrðu hækkaðar upp í 1 millj. kr., en það hefur orðið þannig í till., að þar er talað um 950 þús. kr. Ég vil þess vegna leyfa mér að bera hér fram skrifl. brtt. við till., um það, að í staðinn fyrir 950 þús. kr. komi 1 millj. kr. Og ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann beri þessa brtt. upp við atkvgr.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Aðeins örfá orð. Ég var víst ekki hér kominn, þegar fyrri umr. fór fram um þetta mál. En ég vildi bara segja það, að ég gat ekki fylgt þeim hv. fjvn.-mönnum, sem að þessu máli standa, í því að flýta svo mjög flutningi þessa máls, sem hér er um að ræða, eins og raun er á orðin, að hv. meiri hl. fjvn. vill. Liggja til þess fleiri ástæður en ein. Fyrst sú, að ég hef ekki trú á því, að nú séu síðustu forvöð með að tryggja sér þetta framlag frá Rockefellerstofnuninni, sem vænzt er eftir til þess að koma þessu upp. Og svo hefði ég fyrir mitt leyti gjarnan viljað sjá framan í það, að einhvers staðar sparaðist raunverulega fé við þessa tilraunastöðvarbyggingu, með þessu fé, sem hér er ráðgert að leggja fram til hennar. Undanfarin ár hefur verið mikið fálm í framkvæmdunum varðandi búfjársjúkdómana. Og ég vildi sjá hilla undir það, að eitthvað minnkaði sá fjáraustur, sem til ráðstafana vegna þeirra sjúkdóma hefur farið, sem þó hefur kannske orðið til lítilla nota.

Nú er sýnilegt af brtt. þeirri, sem hv. meiri hl. fjvn. hefur borið fram, að strax á þessu stigi málsins er sú upphæð, sem nefnd var í þáltill. upphaflega og menn gengu út frá, að þyrfti að eyða í þessu skyni, orðin of lítil og þarf að hækka hana um a. m. k. 200 þús. kr. Og er þá komið nærri milljóninni, sem lagt er fram í þessu skyni. Ég er þar með ekki að segja það, að þetta muni reynast nóg. Ég gæti vel trúað því, að enn væri ekki séð fyrir endann á þessum stofnkostnaði, sem þarna verður um að ræða.

Þá verð ég líka að láta í ljós skoðun mína, sem er samkvæm þeim viðtölum, sem ég hef átt við þá menn hér á landi, sem mest fást við rannsóknir á sjávarafurðum, einkum á lýsi. Enginn þeirra, sem ég hef talað við um það efni, væntir sér nokkurs góðs af þessari stofnun fyrir sjávarútveginn. Ég tel mér skylt að geta þessa hér, af því að meiri hl. fjvn. flaggar með það í grg. sinni, að þessi stofnun á Keldum geti orðið þýðingarmikil fyrir sjávarútveginn. En þetta er í mínum augum ekkert annað en svona kanell út á grautinn. Ég lít svo á, að þessi ábending eigi að krydda þetta mál til þess að afla því fylgis, gera það aðgengilegra fyrir þá, sem gætu fremur sætt sig við, að þetta spor verði stigið nú, ef vonir væru til þess, að báðir höfuðatvinnuvegir landsmanna mundu njóta svipaðs góðs af.

Það er ekki þar með sagt, þó að ég hafi ekki getað fylgt þessu máli og muni ekki fylgja því, að ég sé í principatriðum á móti því, að reynt sé að grafast fyrir rætur búfjársjúkdómanna, sem herjað hafa hér á landi, þannig að meira sé gert þeirra vegna en að koma upp dýrum girðingum, sem hafa reynzt fánýtar í baráttunni við búfjársjúkdómana hér. En mér þykir hér hafa verið hrapað að því of undirbúningslítið að bera fram þetta mál, sem sýnir sig bezt á þeirri hækkun á framlaginu til byggingar þessarar tilraunastöðvar, sem nú er komin fram till. um. Því var hreyft í n., og það er ekki bara þjóðsaga, að þegar einhverjir nýbakaðir „fræðingar" koma frá útlöndum, þá rjúka einhverjir góðir menn til með einhverjum mótívum og finna allt í einu stóra nauðsyn á því að koma upp nýrri stofnun. Og þó að hér sé að vísu um þarft mál að ræða, ef rétt er að farið, þá hefði ég talið, að þetta mál hefði þolað betri undirbúning, áður en meiri hl. fjvn. tók að sér að flytja málið. — Og ég vil enn taka fram,

að ég legg svona heldur lítið upp úr því, að öll tækifæri að því er snertir Rockefellerstofnunina muni úr höndum okkar gengin, ef við ekki þegar í stað hlaupum til og gerum þá ráðstöfun, sem hér er um að ræða. Ef svo væri, yrði maður að líta svo á, sem ekki ber að gera að vísu, að þau princip, sem þessi heimsfræga stofnun hefur, væru byggð á lauslegri undirstöðu en ég hygg, að þau séu byggð á. Rockefellerstofnunin er víst ekki það dægurfyrirbrigði, að hún styðji í dag þetta eða hitt þjóðnýta fyrirtækið í hvaða landi sem er, en á morgun snúi hún baki við öllu saman. En það er nú samt eins og hv. meiri hl. fjvn. líti þannig á málið, sem sé, að Rockefellerstofnunin muni algerlega sleppa hendinni af þessu nytjastarfi að því er okkur snertir, ef Alþingi Íslendinga gengur ekki nú þegar inn á þessa braut, sem mörkuð er með þáltill., sem fyrir liggur.

Ég gat ekki fylgt þessu máli í byrjun. Ég gat ekki fallizt á þau rök, sem fram komu í n., og taldi málið alls ekki nóg undirbúið til þess, að að því yrði horfið nú að koma þessu í framkvæmd. Auk þess var mér ljóst, að það, sem þarna snertir sjávarútveginn, er ekki annað en hillingar, sem ekki aðeins ég, heldur þeir, sem miklu betra vit hafa á þeim hlutum hér á landi, álíta, að ekki verði til raunhæfrar gagnsemi fyrir sjávarútveginn, sem sé þó að komið sé upp tilraunastöð fyrir hann langt uppi í sveit, sem aðallega á að fást við kvikfjársjúkdóma af ýmsu tagi. Þær rannsóknir, sem fram þurfa að fara fyrir sjávarútveginn, verða að sjálfsögðu og að eðlilegum hætti að vera framkvæmdar í stofnun, sem er við sjávarsíðuna, enda mun svo vera hagað til víðast um heim í því efni. Þau efni, sem þarf að rannsaka, t. d. úr innýflum fiska o. þ. l., þolir að jafnaði ekki þá bið að vera flutt margar mílur frá ströndinni og langt upp í land til þess að rannsakast þar. *(Helgi:* Hvað eru margar mílur upp í Mosfellssveit?). Ég veit, hvaða Keldur það eru, sem átt er við í till. Og það þarf ekki að gera því neitt skóna, að fiskirannsóknir fari fram á þessum stað. Það er þvert á móti alls staðar seilzt eftir því að hafa slíkar fiskirannsóknarstöðvar sem næst fiskveiðistöðum. — En þetta er mér þó ekki aðalatriði í þessu máli, heldur hitt, að það sýnir sig, að málið hefur ekki verið undirbúið eins og skyldi, áður en það var borið fram.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 498) leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Jónas Jónsson: Það er eins fyrir mér og hv. þm. Vestm., að ég hef ekki skrifað undir nál. meiri hl., þó að ég hafi ekki komið með nál. í gagnstæða átt, en það er af því, að ég ætla að láta mér nægja að gera grein fyrir atkv. mínu varðandi þetta mál. Það hefur sýnilega það mikið fylgi, að það verði samþ., en verða má, að umr., sem um málið verða að þessu sinni, geti orðið hæstv. stj. til leiðbeiningar viðvíkjandi meðferð þess, þegar til framkvæmda kemur. Það, sem er einna lakast við þessar framkvæmdir, er það, að þær hafa allar verið gerðar svo að segja undirbúningslaust og athugunarlaust, og talsvert mikið af framkvæmdum í þessu efni er nokkurs konar atvinnubót fyrir menn, sem eru sjálfsagt duglegir til ýmissa starfa, en vilja fá sérstaka aðstöðu á unga aldri án þess að þurfa að vinna sig upp með náttúrlegum hætti, eins og venjulega gerist í þessu efni.

Við höfum nú ekki minna en fjóra staði, sem kallaðir eru vísindastöðvar og eru það sjálfsagt að einhverju leyti, en eru algerlega óháðar hver annarri. Er þar fyrst að nefna rannsóknarstöð Fiskifélagsins, þar sem Þórður Þorbjarnarson hefur unnið, sem virðist hafa gert útveginum verulegt gagn með rannsóknum sínum. Hann vinnur í þessari stöð eins og unnið er erlendis, þar sem verklega færir menn taka starfið með miklum áhuga, yfirlætislaust og án þess að keppa við aðra og án þess að vera með auglýsingaskrum. Mér er ekki kunnugt um vinnuaðstöðu hans; ég held, að hún sé frekar léleg, en þó þolanleg. Mér er kunnugt um, að leiðandi menn í útgerðarmálum þakka þessum manni hans vinnu og álíta hana mikils verða. Þá kemur næst rannsóknarstofa Háskólans, sem Níels Dungal hefur unnið upp með talsverðum dugnaði, a. m. k. í einu atriði. Umbætur hans á erlendu bóluefni eftir okkar þörfum hafa orðið til verulegs gagns fyrir landbúnaðinn, og þó að þar hafi orðið ýmis óhöpp, sem ég fer ekki út í hér, sérstaklega í sambandi við mæðiveikina á fyrsta stigi, þá hefur verið talsverður dugnaður í sambandi við þessa stofnun. Síðan kom rannsóknarstofa atvinnuveganna, sem var í raun og veru gerð fyrir frumkvæði Háskólans, en hún var bara gerð allt of fljótt og allt of lítið undirbúin. Það voru byggð stór hús og svo reynt að fylla þau af mönnum. Lengi stóð landbúnaðardeildin auð, en svo hefur tekizt að fá hana fyllta. Í þessari stofnun er elzti maðurinn, sem lengst hefur unnið með venjulegu rólegu vinnulagi fyrir landið, Trausti Ólafsson. Hann hefur líka gert á vissum sviðum í iðnaði mjög verulega gagnlegar rannsóknir. Ég hygg, að í sambandi við tóbaksgerðina hér hafi þessi eini maður gert svo mikið gagn, að fjárhagslegur ávinningur af því muni borga kostnaðinn við þá deild, sem hann starfar við. Þetta er líka maður, sem hefur byrjað neðst og unnið sig áfram með föstum skrefum, en ákaflega yfirlætislaust.

Þá kem ég að Keldum, og það mál er okkur, sem í nokkur ár höfum verið í fjvn., ekki ókunnugt. Þegar ég kynntist því máli fyrst, var svo ástatt, að ungur maður, Guðmundur Gíslason, sem hafði mikla trú á sér í þessu efni, hafði fengið talsverða peninga hjá þingi og stjórn og farið að byggja á Keldum og gera þar ýmsar ráðstafanir, sem allar voru einhverjar þær ófullkomnustu, sem ég hef séð, ekki heil brú í neinu. Að síðustu sá fjvn. sig nauðbeygða til að taka af honum öll fjárráð. Það skoðaði hann burtfararsök, því að hann vildi einn ráða öllu og ekkert eftirlit hafa frá þinginu og ekkert aðhald nema beint frá ráðh. Hugsaði hann sér að geta gengið beint til ráðh. og fengið hjá honum peninga áfram í nýjar byggingar, og þó að ráðh. séu ekki vitlausari en annað fólk, þá er ekki að ætlast til, að þeir geti

haft svona byggingar undir sér fyrir utan þingið. Upp úr þessu kom svo það, að Guðmundur fór burt, þoldi ekki aðhaldið, þegar þingið vildi láta byggingarnar vera þannig, að þær væru ekki verri en eins og gerist og gengur, þá stökk hann úr vistinni, og var það í sjálfu sér ekki harmað mikið. Síðan var vel menntaður og ráðdeildarsamur maður, Halldór Pálsson, settur yfir landbúnaðardeildina og einnig sem yfirmaður á Keldum sem trúnaðarmaður stj. til að sjá um, að unnið væri eftir föstum og skipulegum reglum, en það er það, sem þeir á Keldum hafa aldrei viljað, heldur að eftirlitsleysi væri með öllu. T. d. um það, hvað þetta hefur allt verið laust í böndunum, má nefna það, að það var ætlazt til, að þessir lærðu menn framleiddu serum til lækningar vissum sjúkdómi. Til þess þurfti hesta, þurfti að hafa 24, en til þess voru ekki peningar, svo að þeir voru aldrei fleiri en 8—9, en ef það hefði verið haft strax eins og til var ætlazt, hefði verið til serum til margra ára, framleitt á einu ári.

Nú hefur, sérstaklega við Ameríkuferðirnar, fjölgað þeim mönnum, sem eru sérstaklega lærðir í þessum efnum. Það stóð svo um stund, að Guðmundur og fleiri héldu fram, að hægt væri að fá peninga frá Rockefellerstofnuninni, ef Keldur væru sérstök stofnun, en ekki undir eftirliti eins og nú er hjá Halldóri Pálssyni. Þannig stóð, þangað til í haust, er þáv. atvmrh., sem þá var vestan hafs, talaði við forráðamenn Rockefellerstofnunarinnar, hvort framlag frá þeirra hendi væri bundið því skilyrði, að Keldur væru ekki undir neinu eftirliti, og það reyndist misskilningur, sem lærðu mennirnir héldu fram, að stofnunin mætti ekki vera undir neinu íslenzku eftirliti nema ríkisins sjálfs.

Nú veit ég, að það eru rök meiri hl., að það sé háskasamlegt, að við leggjum hér ekki fram þetta fé, þar sem okkur standi til boða fjárframlag á móti erlendis frá. Ég skil þessi rök, en ástæðan til þess, að ég get samt ekki greitt atkv. með þessu, er sú, að ég álít ekki til vinnandi að fá þessa peninga til að taka þessi stóru stökk út í loftið, af því að það vantar þá eðlilegu þróun í þessa hluti. Kem ég þá að undirbúningi þess. Þessi ungi maður, Björn Sigurðsson, sem mun telja sig sjálfsagðan yfirmann þarna, hefur verið, eins og ekki var ólíklegt, ráðamaður fyrrv. og núv. stj., og við fyrrv. stj. hafði hann gert nokkurs konar áætlun, sem gerði ráð fyrir, að helmingurinn af þessum stofnkostnaði væri 750 þús. kr. Svo urðu stjórnarskipti. Hefur hann breytt áætluninni, svo að partur ríkisins er kominn upp í eina millj. kr. eða kannske vel það. Svo er símað til Ameríku og spurt, hvort þeir vilji taka undir, að þetta verði hækkað svo mikið. Þessi undirbúningur er svo lítill, að fjvn. fékk engar teikningar af þessu, og ég held, að ég megi fullyrða, að áætlunin sé sú allra versta, sem ég hef séð lagða fram frá nokkru fyrirtæki. Skal ég nú lauslega minnast á hana, en annars geta hv. þm. fengið að sjá hana hjá fjvn. Þar er bréf frá Birni Sigurðssyni, þar sem hann sýnir fram á, að allt þetta kosti ekkert. Það er gert með því að taka alls konar bráðabirgðakostnað, t. d. 100 þús. kr., sem sauðfjárveikin. átti að leggja fram, vegna rannsókna og starfs Guðmundar Gíslasonar hjá n., og styrkur á móti þeim lið, og svo átti þessi fjárhæð að koma sem eyðsla inn í þessa nýju stofnun, en ekki að teljast eyðsla þar, vegna þess að það hefði verið lagt fram til rannsókna hjá Guðmundi Gíslasyni, og yfirleitt er þarna farið að þinginu eins og þar séu börn. Það er leiðinlegt fyrir þingið að láta fara með sig eins og gert er með þessari áætlun, það er allt annað mál, hvort menn vilja, að lagðar séu fram 2 millj. kr. í þessar framkvæmdir eða að fá lagða upp í hendurnar áætlun jafnfáránlega og þessi er.

Þegar Danir voru að byggja upp sínar vísindastofnanir í þarfir atvinnuveganna, voru þar að verki menn, sem unnu eins og Þórður Þorbjarnarson og Trausti Ólafsson, í kyrrþey yfirlætislaust og ekki með einu auglýsingaskrumi, og þeir byggðu upp þessa merkilegu tækni, sem Danir hafa að heita má í öllu sínu atvinnulífi. Hjá okkur aftur á móti eru byggðar stórar stofnanir og í þær settir alveg óreyndir menn, sem ekkert hafa til brunns að bera nema venjulega skólamenntun, en óskaplega kröfuharðir um laun. T. d. nú fyrir einu ári bauðst einn ungur maður, sem ríkið hefur kostað að miklu leyti erlendis til náms, til að vinna við eina slíka stofnun og vildi fá miklu hærra kaup þar heldur en Trausti Ólafsson og grasafræðingurinn Ingólfur Davíðsson, og síðan vilja svona menn fá að vinna í fullkomnu eftirlitsleysi. Þess vegna er það, að okkur skiptir það ekki svo miklu máli, þó að Rockefellersjóður vildi leggja fram mikið fé til að byggja slíka stofnun, því að rekstrarkostnaðurinn er aðalatriðið. Og þó að ekki verði þarna nema 5—6 sérfræðingar á ári, sennilega með 30 þús. kr. laun hver, þá er það talsverður kostnaður. Það hefði því verið miklu meira virði fyrir okkur, ef Rockefellersjóður hefði viljað kosta þá menn, sem settir verða í þessa stofnun, heldur en þótt hann hjálpaði okkur til að byggja þetta hús á Keldum. Ég geri fastlega ráð fyrir, að þessi till. verði samþ. og allt þetta verði í fullkomnu eftirlitsleysi, og mun þar sannast, að eins og sáð er verður líka uppskeran.

Sigurður Kristjánsson: Sökum þess, að allir fjvnm. nema ég hafa gert grein fyrir afstöðu sinni til till. á þskj. 474, tel ég rétt að gera einnig grein fyrir atkv. mínu með örfáum orðum. Hafði ég þó ætlað að leiða hjá mér þessar umr., sökum þess að það er algerlega þýðingarlaust að tala um mál, sem er þess eðlis, að þau eru fyrirfram ákveðin, og ég veit, að þetta mál, sem snýr að búfjársjúkdómunum, er þess eðlis, að það smitar fólk líka andlega, svo að það er ekki hægt að koma við skynsamlegum rökum, og ég er ekki svo gerður, að ég hafi til þess skap að þvæla fram og aftur um mál, þegar ég veit, að ekkert þýðir að beita skynsamlegum rökum.

Þegar þessi málaleitun kom frá fyrrv. hæstv. atvmrh., þá vantaði okkur um 50 millj. kr. til þess að geta komið saman fjárlfrv. tekjuhallalausu eftir þeim útgjöldum, sem þá voru talin óumflýjanleg, bæði í sjálfu fjárlfrv. og eins frv. og till., sem vitað var, að mundu ná samþ. á Alþingi. Það var þess

vegna ekki undarlegt frá mínu sjónarmiði, þó að svona smábeiðnir um ¾ millj. kr. kæmu einhverju hiki á menn, en þó varð það ekki svo nema um fáa af fjvnm., og varð ég einn af þeim.

Ég hef að vísu ekki getað kynnt mér nægilega vel, hversu rækilega mál þetta er undirbúið eða hversu líklegt það er til þess að bera árangur þann, sem til er stofnað, en ég hef samt sem áður litið svo á, að ekki væri hægt fyrir okkur að veita fé í stórum stíl, sízt í milljónatali, meðan við sæjum ekki hilla undir neitt það, sem héti fjáröflun eða tekjuöflun, sem gæti fyllt upp í það feikna skarð, sem nú væri í fjármálalífinu. Og þar sem ég vissi ekki heldur til, að fyrir hendi væri einn einasti eyrir til að verja til þessara hluta, þá sá ég mér ekki fært að gleypa þessa fluga fyrrv. ráðh. Ég sé að sönnu, að hv. flm. segja, að okkur þurfi ekki að vaxa þessi kostnaður í augum. Nei, ég veit það, að við erum svo stórtækir og stórhuga menn, að okkur vex ekki allt í augum og þá allra sízt svona smáupphæðir. Hv. flm. benda líka á, að þetta eigi að taka af tekjuafgangi þessa árs. Það má vel vera, að svo sé, að einhver tekjuafgangur verði hjá ríkinu þetta ár. Ég hef að sönnu verið uppi í fjmrn. til að grennslast eftir, hvernig tekjur og gjöld ríkisins mundu standa af sér á þessu ári, og fékk þær upplýsingar, að þar mundi verða jafnvægi á og afgangur ekki verða neinn. Nú má vel vera, að ég hafi ekki getað rannsakað þetta efni til hlítar, og getur því verið, að úr rætist, svo að frekar verði afgangur en að á vanti, en þó vex mér í augum að bæta við önnur útgjöld, þó að ekki sé nema ein milljón, meðan ekki eru fengnir tekjustofnar til að fylla þá gloppu, sem nú er í okkar fjárhag. Það var aðallega fyrir þessa ástæðu og nær eingöngu, að ég gat ekki gerzt meðflm. að þessari till., og það er nú orðið sýnt, að þetta brútnar nokkuð, eftir því sem tímar líða, því að nú hefur verið farið úr 750 þús., fyrst upp í 950 þús. og síðan upp í eina millj. kr. Einnig má gera ráð fyrir, að rekstrarútgjöldin verði mjög mikil, og hef ég verið að brjóta heilann um, hvort ekki væri þörf að biðja hæstv. stj. að endurskoða rekstraráætlunina með tilliti til þess, að eitthvað væri hægt að draga saman þennan gífurlega kostnað frekar en brjóta upp á að blása hann út.

Nú neitar því enginn, að búfjársjúkdómar hér á landi eru mikið vandræðamál, sem nauðsyn er að leysa. En ég held, að það, sem þar hefur fyrst og fremst strandað á, sé það, að ekki hefur enn tekizt að skilgreina sjúkdómana sjálfa, því að mannlegur lærdómur og vit hafi ekki hrokkið þar til, og ég hef enga trú á, að úr því verði bætt, þó að fjölgað verði djúpum hægindastólum og skrautlegum skrifborðum.

Ég geri ráð fyrir, að þessi till. verði samþ. og þetta fé verði annaðhvort að rekstrarhalla hjá ríkissjóði eða tekið af tekjuafgangi þessa árs, ef hann verður nokkur, og rekstrarkostnaðurinn hækki mikið vegna þessa kostnaðar; ég hef aldrei látið mér detta annað í hug. Um árangurinn vil ég ekki hafa neinar hrakspár, en ég er sannfærður um, að það er annað en fínir salir, sem skortir, það skortir þekkingu á þessum sjúkdómum, sem er ekki undarlegt, og nægilega kynningu af þeim, hvernig þeir haga sér.

Það er sjálfsagt hægt að slá því fram og má vel vera, að eitthvað sé hæft í því, sem hv. þm. Vestm. sagði, að þarna gætu farið fram mikilvægar rannsóknir á lýsi, en það er líka rétt, sem hv. þm. S.-Þ. tók fram, að Þórður Þorbjarnarson, starfsmaður hjá Fiskifélaginu, hefur framkvæmt merkilegar rannsóknir í þessu efni, og ég skal geta þess, að hann hefur komið með rökstuddar till. til mþn. í sjávarútvegsmálum um að bæta nokkuð aðstöðuna til þessara rannsókna, og eru miklar líkur til, að óbeini hagnaðurinn af því mundi verða margfaldur á við þann stofnkostnað, sem hann gerir ráð fyrir, en samt hikuðum við í n. við að mæla með þessari málaleitun, því að við vildum, að gætilega væri farið í að eyða miklu fé, þótt til þarflegra hluta væri. Má vera, að hann viti það og geri því síður kröfur, þó að um tiltölulega lága fjárhæð sé að ræða, en vera má, að ef komið væri með milljónakröfur, þá væri þeim frekar sinnt.

Forseti (GSv): Það var tilætlunin að koma sem lengst dagskrá þessa fundar. Nú eru fundir boðaðir í báðum d. Hef ég þó hugsað mér að halda nú fundi eitthvað áfram, þó að það verði til þess, að fundartími d. verði eitthvað styttri en til var ætlazt, og mundi ég þá kannske ekki hafa fund í Sþ. fyrr en á fimmtudag. Nú vil ég beina því til ræðumanna að stytta mál sitt sem mest.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég skal reyna að vera fáorður, þótt ræður þeirra 3 þm., sem talað hafa, gefi að vísu tilefni til andsvara. Ég bjóst alltaf við því, að sá minni hl. fjvn., sem gat ekki aðhyllzt þessa till., mundi koma ástæðum sínum á framfæri. Þær eru nú komnar fram. Mér finnst það vera þrjár sérkennilegar ástæður, sín hjá hverjum. Hv. 7. þm. Reykv. hefur útmálað það mjög, hvað þessi samþ. mundi geta orðið hættuleg fyrir fjárhag landsins. Ég vil ekki gera lítið úr aðvörunum hans um fjárhaginn og vænti, að hann fái brátt tækifæri til að sýna þar áhuga sinn í verki. Hv. þm. Vestm. taldi, auk þess sem undirbúningur væri lítill, að höfuðmeinið væri, að þessi stofnun gæti engum atvinnuvegi gagnað nema landbúnaði. En í umsögn rannsóknaráðs er á það bent, að stofnunin ætti einnig að verða sjávarútvegi og iðnaði, sem fæst við hráefni sjávaraflans, að miklum notum. Þar er m. a. um lýsisrannsóknir að ræða og nýjar aðferðir við vinnslu þess, og gæti það orðið til þess að tryggja sölu og jafnara verð en ella er hægt að reikna með á slíkum afurðum. Í rannsóknaráði er a. m. k. einn maður, sem þekkir vel þarfir sjávarútvegs á þessu sviði. Ýmsa aðra þekkingu gæti stofnunin veitt til hagsbóta atvinnuvegunum.

Að gefnu tilefni hjá hv. 7. þm. Reykv. vil ég minnast á Þórð Þorbjarnarson, sem hefur vafalaust unnið mikið og gott starf og unnið í kyrrþey, en lítur svo á, að aðstaða sín til starfa þurfi mjög að batna, og hefur leitað til mþn. um fjárframlög, nokkra tugi þús., en n. ekki treyst sér enn til að af-

greiða það mál. Ég get upplýst, að stjórn Fiskifélags Íslands er ráðin í að beita sér fyrir því, að úr þessu fáist bætt og ekki aðeins varið til þess fáum tugum þúsunda, heldur mun álitlegri upphæð. Till. munu brátt koma fram um þá fjáröflun. Ég vænti þess, að Fiskifélaginu takist þetta og úr vandræðum þessarar rannsóknargreinar verði mikið bætt.

Það er ekki auðvelt fyrir alþm. að dæma um hæfni sérfræðinga á þessum sviðum. Þar verðum við að dæma eftir háskólaprófum og eftir viðurkenningum þeirra viðurkenndra vísindastofnana, sem mennirnir hafa unnið við, eða ummælum viðurkenndra fræðimanna þeirrar greinar um getu starfsmanns. Um Þórð Þorbjarnarson, til dæmis, má segja, að auk þess sem hann hefur gott próf og æskilegan undirbúning til starfs síns, hefur þegar fengizt á því reynsla, að honum er vel treystandi, og þá er skylt að reyna að búa betur en áður í hendur manni, sem vel gefst.

Látin hafa verið í ljós vonbrigði yfir því, hve illa vísindamönnunum hafi gengið að ráða við pestir þær, sem nú þjá pening landsmanna. Þetta er ekki að öllu sanngjarnt. Minna má á, að bráðapest var komin á veg að gera geysimikinn usla í landinu. Að vísu hafði erlendur fræðimaður fundið gegn henni bóluefni, en það var ekki fyrr en prófessor Níels Dungal hafði endurbætt það, að það bar tilætlaðan árangur. Í sumum héruðum stóð innyflaveiki fé fyrir þrifum og drap margt, unz Níels Dungal tókst að finna inngjöf, sem við átti, og þarf síðan ekki verulega að óttast þann sjúkdóm. Einnig var á lömbum allskæður kvilli, sem Níels Dungal fann meðal við, svo að með réttri aðferð er hægt að halda honum alveg í skefjum. Rannsóknir á garnaveiki benda til þess, að með atbeina fræðimanna muni takast að stöðva og vinna bug á henni. Mér finnst, að sú vantrú á íslenzka vísindamenn, að þeir muni ekki fá leyst vandamálin, sé lítið rökstudd og í beinni andstöðu við þessa reynslu. Enda er það undantekningarlaust regla siðmenntaðra þjóða að leggja ríflega til vísindarannsókna, sem eiga að mæta vágestum, leggja til þeirra ekki einungis af opinberu fé, heldur og einstaklingar í stórum stíl af sínum eignum, og sýnir það álit og vinsældir stofnananna.

Út af því, sem hv. þm. S.-Þ. sagði, að við værum of fljótir á ferð með þetta mál, vil ég segja, að við erum miklu fremur of seint á ferð. Þetta er búið að liggja í lokunum um nokkurra ára bil, en skorti fé. Það tókst ekki, eins og þm. tók fram, að fá stuðning Rockefellerstofnunarinnar fyrr en nú. Þar sem hjálp hennar nú er verulegur léttir og þörfin kallar, er það ekkert áhorfsmál, að við eigum ekki að fresta lengur að ákveða að reisa þessa stofnun og veita til þess nauðsynlegt fé.

Það, sem hv. 7. þm. Reykv. sagði, að ólíklegt væri, að fé yrði afgangs á fjárl. til þessa verks, má ekki verða til fyrirstöðu. Fyrrv. fjmrh. fylgdi eindregið þessu máli, og um núv. fjmrh. er vitað, að hann hefur tekið mjög vel undir málið, ef samþykki Alþ. fengist, og þegar hafið ráðstafanir til framkvæmda.

Út af því, sem hv. þm. S.-Þ. talaði um kröfufrekju vísindamanna og dæmi hennar, verð ég að segja, að kröfur þeirra hjóna koma ekki eða a. m. k. ekki beinlínis þessu máli neitt við eða stofnuninni, sem um er að ræða. Og þegar hv. þm. Vestm. talar um fjáreyðslu til sauðfjársjúkdómaráðstafana og hv. 7. þm. Reykv. um djúpa stóla og skrautleg skrifborð, vil ég taka fram, að okkur flm. kom ekkert til hugar um slíka stóla og skrautleg skrifborð í sambandi við þessa rannsóknarstöð, en ef vonirnar um hana rætast, er það hún, sem gæti orðið til þess, að kostnaði af sauðfjársjúkdómum létti að síðustu.

Sigurður E. Hlíðar: Herra forseti. — Mér hefur komið það dálítið einkennilega fyrir sjónir, að fjvn. kemur hér fram með mikla till., en er margklofin í málinu, svo að ég veit ekki, hve margir minni hlutarnir eru. Ég er á þeirri skoðun, eins og hv. frsm. n., að hér sé á ferð hið mesta framtíðarmál og við eigum að nota féð, sem okkur er boðið, til að koma upp vandaðri rannsóknarstofnun. Rannsóknarstofu ríkisins var ekki kleift að hafa við höndina skepnur til alidýrarannsókna og aldrei ætlað að færast slíkt í fang. Menn, sem látast hafa eitthvert vit á, gátu ekki fellt sig við Keldur, eins og þær voru, til slíkra hluta. En þessir vitringar, sem hafa staðið fyrir sjúkdómarannsóknunum, hafa nú íhugað málið betur, skulum við vona.

Nú er hins vegar um að ræða vísindastofnun við framtíðarhæfi. Hún þarf að standast þær kröfur, sem almennt eru gerðar í menningarlöndum. Ég geri ráð fyrir, að hún muni kosta um tvær milljónir, jafnvel meira. Ég álít, að enn höfum við ekki menn til að standa fyrir þeirri stofnun. Um það bera kákrannsóknirnar nokkurt vitni, og þótt þær séu búnar að kosta á annað hundrað þús. og framlög til svonefndra varna við sauðfjársjúkdómum séu komin á 3. milljón á hverju ári, erum við líklega enn fjær marki en í byrjun. En þetta hræðir mig ekki. Mennirnir, sem vantar, skulu koma. Efnilegir námsmenn sjá, þegar stofnun þessi kemur, að til einhvers er að ná fullkominni menntun í dýralækningum og í sérgreinum, sem þarna skipta miklu máli. Einn af efnilegustu mönnum við þess konar nám mun hafa lokið námi eftir 2—3 ár, og þeir verða fleiri. Við skulum reisa stofnunina með bráðabirgðaprógrammi um rannsóknir þar, ná í þessa milljón frá Rockefeller, og með nýjum mönnum koma ný ráð. Ég mæli með tillögunni.

ATKVGR.
Brtt. 493 tekin aftur.
Brtt. 498 samþ. með 30:1 atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 33:3 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 501).

37. Landhelgisgæzla og björgunarstarfsemi.

Á deildafundum 19. sept. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um stjórn íslenzkrar landhelgisgæzlu o. fl. (A. 326).

Á 45. fundi í Sþ., 20. sept., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Sþ., 21. sept., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Með fullveldisviðurkenningunni 1918 var þeirri skipun komið á gæzlu íslenzkrar landhelgi, að Ísland tók að sér að gæta íslenzkrar landhelgi á móti sambandsþjóð sinni, Dönum, þ. e. a. s. þeir höfðu heimild til að taka gæzluna að einhverju leyti í sínar hendur. Það var fyrst og fremst gert ráð fyrir, að sambandsþjóðin hefði landhelgisgæzluna með höndum, en hún var mjög ófullkomin og Íslendingum í senn til skaða og skapraunar. Þess vegna var heimildin, sem Íslendingar öðluðust til að taka gæzluna í eigin hendur, fljótlega notuð. Landsmenn fundu, að sjálfs er höndin hollust, og síðan hefur gæzlan vaxið frá lítilli byrjun samhliða gæzlu sambandsþjóðarinnar til gæzlu, sem Íslendingar hafa borið af allan veg og vanda.

Þessi mál hafa um skeið verið alveg í okkar höndum, og mun svo verða í framtíðinni. Við stöndum nú á tímamótum, sem leiðir af þeim atburðum, sem gerzt hafa í sjálfstæðismálinu. Þess vegna er tímabært að taka þessi mál til athugunar nú, og það eru nokkur atriði, sem vert er að íhuga. Það, sem fyrst verður að gera sér ljóst, er, að það er sérstaklega þýðingarmikið, að landhelgisgæzlan sé vel starfrækt, því að sú starfræksla snertir erlendar þjóðir. Gæzla Íslands á landhelginni snertir erlendar þjóðir, sem sækja á miðin hér, og er því nokkur auglýsing á því, hvernig þjóðin heldur uppi löggæzlu í landhelgi sinni. Þess vegna er það vitað mál, að ef hún er illa starfrækt, gæti það orðið þjóðinni til mikils álitshnekkis og tjóns út á við. Þá má einnig benda á, að í sambandi við landhelgisgæzluna er nú rekin hjálpar- og björgunarstarfsemi. Kröfurnar til björgunarstarfsemi og eftirlits með bátaflotanum aukast stöðugt, og er það að vonum. Það verður að teljast eðlilegt, að þetta starf verði samræmt sem mest löggæzlustarfinu. Um þetta hafa einnig komið fram ítrekaðar till. frá sjómönnum og útgerðarmönnum. Má einnig ætla, að ríkissjóði sé að því sparnaður. Um þetta var um tíma nokkuð deilt, en nú eru menn sammála um, að það beri að samræma þetta tvennt.

Þá má í þriðja lagi benda á, að þau skip, sem stunda þessi störf, mundu einnig geta sinnt vísindastarfsemi, svo sem hafrannsóknum og djúpmælingum í þágu atvinnulífsins. Slíkar rannsóknir gætu farið fram í sambandi við landhelgisgæzluna, án mikils aukakostnaðar.

Það er af þessu auðsætt, að nauðsyn ber til, að svo þýðingarmikil og fjölþætt starfsemi geti farið fram með markvissari hætti en hingað til. Það er ekki þar með sagt, að sú stofnun, sem varðskipin heyra nú undir, hafi ekki unnið eins og tök hafa verið á. Skipaútgerð ríkisins hefur samt fyrst og fremst annað hlutverk með höndum, nefnilega strandferðirnar, sem eru með öllu óskyldar löggæzlunni og björgunarstarfseminni. Það er því óeðlilegt, að löggæzlan heyri undir þessa stofnun. Þar sem hins vegar er um jafnviðtækan rekstur að ræða, sýnist vera eðlilegt, að sérstök stofnum annist hann, og er ég þá kominn að kjarna till., sem hér liggur fyrir, sem sé, að ríkisstj. verði falið að undirbúa þá skipulagsbreyt. á stjórn ísl. landhelgisgæzlu, að komið verði á fót sérstakri stofnun, sem hafi með höndum stjórn allra eftirlits- og björgunarskipa ríkisins.

Það leiðir af sjálfu sér, að yfirstjórn þeirrar stofnunar verði valin með það fyrir augum, að þar gæti sérþekkingar og að forustumennirnir verði sérstaklega menntaðir til þess að geta tekið að sér þau ábyrgðarmiklu störf.

Í síðari hluta till. er svo minnzt á athugun á því að samræma allt björgunar- og eftirlitsstarf við strendur landsins. Það er nú skoðun meginþorra útgerðarmanna og sjómanna, að slíkt sé nauðsynlegt, og einnig, að það beri að fara aðra stefnu í þessu en farin hefur verið um skeið, nefnilega, að frekar beri að hafa fá skip og stór en mörg skip og smá. Það má nefna dæmi til sönnunar því, hve ófullkomin strandgæzlan er nú, eins og þegar erlendir veiðiþjófar hafa numið á brott yfirmenn á íslenzkum varðskipum og þau orðið að sætta sig við það. Slíkt er náttúrlega mjög svo niðurlægjandi fyrir okkur.

Slíkt virðingarleysi fyrir löggæzlu við landið er ekki til þess að auka álit okkar erlendis. Ég vil benda á það, að landhelgisgæzlan er eitt af stærstu fullveldismálum þjóðar okkar. Við sækjum mestan hluta þjóðarauðs okkar í hafið við strendur landsins, og það er okkur því höfuðnauðsyn að vernda þessa auðlind okkar sem bezt, og það er með öllu ósæmandi að standa ekki sérstaklega vel á verði um þennan hluta lands okkar, því að vissulega er landhelgin hluti af landinu.

Þessi skipulagsbreyting mun ef til vill verða til nokkurs kostnaðarauka fyrir ríkið, en ég hygg, að hann verði ekki mikill samanborið við mikilvægi þessa rekstrar. Árið 1942 var rekstrarhallinn á landhelgisgæzlunni 1½ millj. kr., en sama ár er rekstrarhallinn á Skipaútgerð ríkisins á þriðju millj. kr. Ég hygg, að þótt varðskipin fengju sérstaka yfirstjórn, þá mundi þessi kostnaður þó ekki verða það miklu meiri, að Alþ. þyrfti þess vegna að fælast frá því að gera þessa nauðsynlegu breytingu. Ég vil svo gera það að till. minni, að þessari þáltill. verði vísað til allshn., en ef hæstv. forseti telur, að hún eigi frekar heima í fjvn., þá mun ég hlíta því.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég hef ekki sannfærzt af þeim rökum, sem hv. flm. bar fram um, að það væri æskilegt að skipta Skipaútgerð

ríkisins í tvennt. Hv. þm. sveigði að því, þótt ekki segði hann það berum orðum, að ólag væri á stjórn og framkvæmd landhelgisgæzlunnar hjá Skipaútgerðinni og ríkisstjórn, en í ræðu þeirri, sem hann flutti, kom lítið fram þessu til stuðnings. Ég vil fyrst benda á það, að þessi hv. þm. virðist mjög ókunnugur þessum málum. Hann gerir ráð fyrir, að þetta muni kosta 1 millj. kr., en það kostar 3 millj. kr. nú, og þarf þó gæzlan nú ekki að vera nema mjög lítil vegna stríðsins, og það eru engar líkur til, að þessi kostnaður fari minnkandi eftir stríð, þegar hefja verður gæzlu aftur af fullum krafti. —

Þá gerir hann ráð fyrir því, að varðskipin verði einnig látin stunda hafrannsóknir og fiskirannsóknir, en ég vil benda hv. þm. á það, að þetta hefur verið gert og eitt varðskipanna hefur verið búið sérstökum tækjum í þessum tilgangi, þannig að þetta er engin nýjung og þyrfti ekki að gera breytingar vegna þess.

Þá gat hv. þm. um það, að þessi breyting væri nauðsynleg vegna björgunarmálanna. Ég neita því ekki, að það var unnið að því af ýmsu áhugasömu fólki, einkum konum, að koma upp sérstakri björgunarskútu a. m. k. hér við Faxaflóa. Þetta var út af fyrir sig gott hjá þessum áhugasömu konum að koma þessu upp sem sérstöku fyrirtæki. En hvað gerist í málinu? Það kemur í ljós, að það er óhugsandi að reka þetta sem sérstakt fyrirtæki, heldur verður að leggja það undir björgunarstarfsemi ríkisins, vegna þess að það var ekkert vit að ætla sér að reka það áfram undir sérstakri stjórn. Það, sem hefur gerzt, gefur því síður en svo tilefni til þess að álíta, að ástæður séu til þess að skipta þessari stofnun í tvennt, enda hafa þessi mál tekið þeirri þróun nú á síðustu árum, að engir skynsamir menn sjá ástæðu til þess að setja út á það eins og nú er. Hv. flm. mun ekki hafa gert sér það ljóst, hvernig það yrði í framkvæmdinni að hafa hér tvö kerfi samhliða, þar sem eru strandferðirnar og landhelgisgæzlan. Skipaútgerðin hefur fjölda umboðsmanna úti um land, sem annast um afgreiðslu skipa hennar á viðkomandi höfnum, og svo vill hv. þm., að landhelgisgæzlan komi sér einnig upp sínu umboðsmannakerfi og mynda þannig tvö samhliða kerfi, þar sem hægt er að notast við eitt. Svo kom hv. þm. að því, sem er sérstaklega áberandi nú, að mikið samstarf er ekki einungis á milli björgunarstarfseminnar og landhelgisgæzlunnar, heldur og líka milli þeirra og strandferðanna. Varðskipin hafa farið ótal margar ferðir til björgunarstarfsemi, og auk þess hafa þau annazt strandferðir, t. d. hefur Þór mjög haldið uppi ferðum til Vestmannaeyja, sem ella hefði ekki verið hægt að halda uppi vegna skipaskorts. Aðalgæzluskipið Ægir hefur einnig þrásinnis flutt vörur og fólk milli hafna. Þá hefur og varðbáturinn Óðinn sinnt mikið flutningum milli Reykjavíkur, Borgarness og Akraness og firrt með því vandræðum. Það má að vísu segja, að hér hafi skapazt sérstakt ástand í þessum efnum vegna stríðsins, en þetta hefur verið svona allt frá stríðsbyrjun. Nú álít ég, að hv. flm. kunni að koma fram með meiri rök fyrir þessu máli sínu nú við umr., og ég vona, að þessi till. verði til þess gagns, að Alþ. og þjóðin sjái, að þessum málum sé bezt komið eins og þeim nú er.

Þá kem ég að því, að Skipaútgerðin er undir yfirstjórn tveggja ráðh., þar sem strandferðirnar heyra undir samgmrh., en landhelgisgæzlan heyrir undir dómsmrh. Það er engin ástæða til þess að skipta Skipaútgerðinni í tvennt vegna þessa, því að það hefur gefizt vel að hafa þetta þannig og er ekkert meira en t. d., að atvinnumálunum hefur oft verið skipt milli tveggja ráðh., þannig að annar hefur farið með landbúnaðarmál, en hinn með hin önnur atvinnumál, og það hefur gefizt vel og enginn haft út á að setja.

Ég held, að rétt sé að taka það hér fram, að það hefur komið fram yfirlýsing um íslenzka landhelgisgæzlu frá hæstarétti, allra hæsta rétti í þeim efnum, það er frá utanrrh. Breta, Anthony Eden, varðandi deilu, sem varð í brezka þinginu út af því, að íslenzkt varðskip hafði elt enskan togara út fyrir landhelgina og tekið hann þar. Þá lýsti Eden því yfir, að hann hefði rannsakað þetta mál og komizt að raun um það, að varðskipið hefði aðeins gert það, sem rétt var, enda væri óhætt að treysta Íslendingum í þessum efnum. Svo kemur hv. þm. N-Ísf. hér fram til þess að reyna að rífa niður virðingu landhelgisgæzlunnar, þegar utanrrh. Breta hefur gefið þessa yfirlýsingu. Það má að vísu gera ráð fyrir því, að hv. þm. hafi ekki vitað um þessa merku yfirlýsingu, hann veit svo lítið um þessi mál. — Þá vildi ég biðja hv. þm. að útskýra betur, í hverju yfirmenn þessarar stofnunar hafi brotið af sér. Hafi þessir menn eitthvað brotið af sér, þá er næst fyrir hendi að skipta um menn, en ekki að fara að kljúfa stofnunina í tvennt. Það er engin ástæða til þess að vera með persónulega hlíf við Pálma Loftsson, hann situr nú í erfiðu embætti og fær fyrir það aðeins 30% þeirra launa, sem hann gæti nú fengið sem skipstjóri. Það þarf því ekki að hlífa honum, það er engin hætta á því, að hann lendi í vandræðum, þótt hann verði að fara frá Skipaútgerðinni.

Þá kem ég að einu atriði hjá hv. þm., sem ég verð að heimta, að hann útskýri betur, áður en málið fer til n., en það er, að hann telur, að það þurfi að gerbreyta varðskipunum og hafa þau fá og stór. Ef þetta væri rétta leiðin, þá gæti verið rétt að reka Pálma Loftsson frá, því að hann hefur unnið að því, að sú leið yrði farin, sem nú er notuð, að hafa litla varðbáta mest til gæzlunnar. En ég býst við því, að hv. þm. verði erfitt að útskýra þetta, því að það er þegar búið að fara þá leið, sem hann leggur til, að farin verði, að nota stóru skipin. Gamli Óðinn var smíðaður og síðan Ægir, og Þór var keyptur. Þessi hv. þm. var ekki hér á Alþ. á árunum í kringum 1934, þegar útgerðin var rekin með stórhalla og átti ekki fyrir skuldum og þegar verst var ástatt fyrir íslenzkum landbúnaði á kreppuárunum eftir 1930,

en þeir menn, sem þá voru á Alþ., muna eftir þeim tímum, og þeir munu hika við að gera tvær stofnanir úr einni. Því var það gert með fullkomnu samþ. Alþ., að Óðinn, sem var sterkt og vel byggt skip, var seldur úr landi, og var það þá talið henta betur okkar efnahag að hafa minni skip til þessara starfa og hafa auk þeirra aðeins varðskipið Ægi. Það var því gert með fullkomnu samþykki Alþ. að hætta við stærri skipin og hafa aðeins eitt stórt til erfiðustu björgunarferða. Það væri því æskilegt, að hv. þm. kæmi nú fram með allar þær skýringar á þessu atriði, sem hann getur í té látið. Hann væri líka ef til vill til með það að kaupa Óðin aftur frá Svíþjóð. Flm. þessarar þál. eru ungir þm., sem hafa að vísu lifað kreppuárin eftir 1930, en þeir vita lítið um þá erfiðleika, sem Alþ. átti við að stríða á þeim árum. Dettur t. d. nokkrum þeim manni í hug, sem hefur setið nokkur ár á Alþ., að við munum hafa 3—4 sendiherra erlendis eftir stríð? Við höfum alls ekki efni á því. Danir, sem eru miklu stærri þjóð en við og betur efnum búin, völdu t. d. auðugan mann fyrir sendiherra sinn í London, til þess að hann gæti sjálfur greitt allmikinn hluta kostnaðarins við veru sína þar, og Bandaríkin, sem eru auðugt stórveldi, velja auðuga menn í sínar sendiherrastöður, til þess að þær verði þeim ekki eins kostnaðarsamar. Þess vegna er það hjá okkur að hafa marga sendiherra, jafnvel þar sem þeir hafa ekkert að gera, ekki nema svona rétt til gamans, meðan við höfum dálítið af rauðum seðlum á milli handanna, en þetta getur ekki orðið svona í framtíðinni. Það er annars ekkert á móti því að ræða þessa till., það er ekki nema til gamans meðan Alþ. hefur lítið að gera, en ég held, að það verði þjóðinni happadrýgst að hafa núverandi skipulag á þessum málum framvegis. Það má gera ráð fyrir því, að þegar stríðinu lýkur, verði hægra að byggja hér skip, og þá verður hægt að bæta við fleiri vopnuðum bátum, þannig að þá verði vel séð fyrir landhelgisgæzlunni, þótt fjöldi veiðiskipa aukist þá mjög hér við land. Hv. þm. N-Ísf. vill hins vegar hafa hér 3 stór skip til björgunarstarfsemi og landhelgisgæzlu, í stað margra smærri vélbáta. Við skulum nú segja, að hann væri með sínum duglegu sjómönnum vestur á Ísafjarðardjúpi og væri þar í mikilli hættu staddur, en þá yrði eitt varðskipið að vera við Vestmannaeyjar, annað fyrir Austurlandi og hið þriðja fyrir norðan. Þá gæti honum að líkindum orðið það ljóst, að full þörf væri á því að hafa a. m. k. eitt skip fyrir hvern fjórðung.

Það getur verið prýðilegt að vísa þessari till. til n., svo að menn geti athugað hana vel og rætt síðan.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. — Mér þykir miður að hafa komið hv. þm. S.-Þ. svo mjög út úr jafnvægi sem ræða hans nú sýndi. Má búast við því, að jafngamall sérfræðingur í stjórn landhelgisgæzlu og ferðum varðskipa og hann er eigi erfitt með að ræða hlutlægt um þetta mál, en ég mun hins vegar eingöngu ræða það frá hlutlægu sjónarmiði.

Hann var að spyrja um það, hver hefði brotið af sér í stjórn þessara mála. Hann getur ekki fundið aðra skýringu en þá, að einhver hljóti að hafa brotið af sér. Það er einkennileg skýring, að þegar umbóta er leitað, þá hljóti það að vera af því, að einhver hafi brotið af sér. Ég vil svo gefa þá skýringu sem hann óskaði eftir.

Það er aðalatriði þessa máls, að flutningar eru mjög fjarskyldir löggæzlu, hvort heldur er á sjó eða landi, og því höfum við lagt til, að sett yrði sérstök stjórn yfir landhelgisgæzluna, og það er einungis af því, að við teljum það nauðsynlegt, en ekki af því, að einhver sérstakur maður hafi brotið af sér eða að það sé ólag á stjórn þessara mála nú. Ég vil láta það koma hér fram, að ég tel forstjóra Skipaútgerðarinnar mjög dugandi mann, en það er ekki hægt að ætlast til þess, að hann hafi nægilega yfirsýn yfir allt það, sem honum er ætlað að sjá um.

Það er misskilningur, að ég telji það nýjung að ætlast til þess, að varðskipin stundi jafnframt gæzlunni hafrannsóknir og fiskirannsóknir, en ég tel, að þetta heyri undir þeirra starfsemi. Ég held, að enginn þurfi að villast á þessu, nema ef vera skyldi hv. þm. S-Þ. Nú er því svo háttað, að þau þrjú skip, sem hér eru einkum ætluð til strandgæzlu og þá jafnframt til björgunarstarfsemi, eru mikið notuð af Skipaútgerðinni til flutninga milli hafna. Þótt þetta hafi verið framkvæmt þannig nú á stríðsárunum, á meðan lítillar strandgæzlu er þörf, þá kemur ekki til mála, að þetta verði framkvæmt þannig í framtíðinni. Þetta eru þess vegna engin rök gegn því, að sá háttur verði á hafður, sem við flm. leggjum til.

Hv. þm. S-Þ. ræddi hér allmikið um það, sem ég drap á um stór og fá skip í staðinn fyrir lítil og mörg. Ég lét í ljós sem mína skoðun, að okkur hentaði fremur að hafa við strandgæzluna fá skip og stór, t. d. af stærð Ægis og gamla Óðins, heldur en mjög mörg skip af stærð Sæbjargar og litla Óðins okkar nú. Ég hygg, að reynslan sanni þetta. Það er ekkert gaman fyrir okkur að rifja upp sögur eins og þegar stýrið brotnaði af Sæbjörgu. Ekki heldur þau dæmi, sem til eru um það, að björgunarskip okkar komust ekki út í það veður, sem þurfti að liðsinna öðrum skipum í, vegna þess hvað þau voru lítil og ófullkomin. Hvaða gagn er að björgunarskipi og eftirlitsskipi, sem er svo lítið, að það getur ekki verið úti í þeim veðrum, þegar sérstaklega er þörf á því? En þó að skipin séu fá og nokkuð stór, er það ekki ætlun mín, að þau séu svo fá, að í hjálparþörf vegna illveðurs vestur við Djúp þurfi skip að koma frá Vestmannaeyjum. En í stórum dráttum hygg ég, að reynsla þeirra, sem eitthvað þekkja til sjósóknar og björgunarstarfsemi, bendi í þá átt, sem ég hef haldið fram. Hv. þm. S-Þ. talaði mjög í háðstón um dýpt í þekkingu. Ekki veit ég, hversu mikil dýpt í þekkingu er hjá honum á því, sem að sjósókn lýtur. En mér fannst í þessu efni koma fram

ósköp grunnur skilningur. En hann hefur auðvitað leyfi til að tala digurbarkalega, gamli maðurinn, því að hann hefur setið lengi á þingi, en ég stutt.

Ég vil svo að endingu benda á það, að þessi till. fjallar alls ekki um það, hvort skipin eigi að vera stór eða lítil. Ég rétt aðeins skaut þessu fram. Og mín skoðun á því er óbreytt. En aðalatriði þessa máls er það, sem ég sagði í upphafi, að sú starfsemi, sem Skipaútgerð ríkisins hefur nú, er svo óskyld, að nauðsyn ber til að aðskilja hana og fá landhelgisgæzlunni, sem er einn veigamesti þátturinn í að halda fullveldi landsins uppi, nýja forustu, sem aukin trygging er í fyrir landsmenn.

Jónas Jónsson: Einu rökin, sem ég held hv. þm. N-Ísf. *vilji halda til streitu, eru þau*, að stolið hafi verið stýrimanni af einum varðbátnum okkar, og sé þetta smánarblettur fyrir íslenzku þjóðina og sjálfstæði hennar. Ég er engan veginn að halda fram, að það sé æskilegt, að stolið sé mönnum frá okkur. En ég vil benda á, að það er ekki það venjulega, — það er undantekning. Meginið af útlendum skipum, sem gerzt hafa brotleg, hlýða gæzlubátum okkar. En ef þjóðir ættu að vera svo hörundssárar fyrir ósigrum, þá ætla ég að minna á það, að t. d. Bretar biðu æði mikinn ósigur í Dunkirk fyrir nokkrum árum. Og það mátti kalla mikinn ósigur hjá Þjóðverjum við Stalingrad. En hvaða manni dettur í hug, að Þjóðverjar hafi rokið til að breyta öllum her sínum á sjó og landi, þó að þeir hafi beðið ósigur af ástæðum, sem skiljanlegar eru? Þess vegna er þetta á borð við það, sem lítill fermingardrengur getur látið sér detta í hug að koma með. Hver þjóð, jafnvel hinar stærstu þjóðir, verða að þola meiri óhöpp en að stolið sé einum varðmanni og komi hegning fyrir, eins og var í þessu tilfelli.

Það hefur ekki verið hægt að benda á eitt dæmi um það, að útlendar þjóðir séu óánægðar með gæzlu okkar. Yfirmaður ensku þjóðarinnar í þessu efni hefur nýlega lýst trausti sínu á þessu eins og það er nú. Hv. þm. gagnrýndi ekki ráðh. og skrifstofustjóra í dómsmrn. í sambandi við vaxandi starf og þörf á nýjum skipum. En hann taldi, að forstöðumaður Skipaútgerðarinnar hafi vanrækt starf sitt. En viðvíkjandi rekstri og gæzlu eins og hún er nú gat hann ekkert sagt, sem sannfært gat neinn. Þegar komið var að stóru skipunum, var auðheyrt, að hann hefur aldrei vitað, að þingið ákvað að hverfa frá stórum skipum til smárra. Í fyrri ræðu sinni lét hann sem einhver djúp vizka væri á bak við, en nú er það bara hann sjálfur, og það er orðið aukaatriði hjá honum.

Þá spyr hv. þm., hvort nokkur möguleiki sé á því, að sami maður geti annazt strandgæzlu, björgun, hafrannsóknir, djúpmælingar o. s. frv. En hvers konar lærdómsmann skyldi hann þá vilja hafa í þessu starfi? Á hann að vera sérstaklega fær í djúpmælingum og hafrannsóknum? Á hann að vera duglegur að fást við að mæla okkar strandlengju? Eða hershöfðingi? Eða á það að vera sjómaður? Það væri gott fyrir væntanlega n. að vita þetta, ef einhver neisti væri til, sem hægt væri að láta lifa úr þessari tillögu. Kannske hann haldi líka, að æðsta tryggingin sé að hafa þarna júrista, t. d. hann sjálfan? Það er bezt, að hann segi til eins og er. En það er spursmál, hvort landsmenn álitu, að einhver ungur júristi væri betur fallinn en reyndur sjómaður. Reynslan hefur knúð menn til að sameina björgunarstarfsemina og gæzluna. Og þá er náttúrlega verulegt atriði, hvort t. d. júristi eða hagfræðingur væri betur hæfur til að sjá um björgun.

Ég held ég ætti að víkja að því um leið, að þegar Sæbjörg var smíðuð, var ekki flanað að því. Það voru margir skipstjórar og fræðimenn við að reikna út og ákveða, hvernig það ætti að vera, *og meðal annars réðu þeir stærð og gerð.* Það var ekki leitað til Pálma og ekki farið eftir hans bendingum. Meðal annars var þetta skip látið vera seglskip með þungan blýkjöl og veika vél. Það reyndist ekki hentugt. Nú kemur þessi hv. þm. og segir, eins og rétt er, að björgunarbátar þurfi að geta farið út í vond veður. En eini björgunarbáturinn, sem gerður hefur verið á Íslandi, og það með ráði fjölmargra ágætra skipstjóra, var vélarvana, en átti að treysta á segl. Vélin var ekki nærri eins góð og á bátnum á Akranesi. Og niðurstaðan varð sú, að þetta varð allt ónýtt. Það varð að taka blýkjölinn, hætta við seglin og treysta á vél, einmitt eins og bent var á af þeim manni, sem hefur forstöðu þessara mála. En það hvað björgunarskipin skuli vera stór, verður náttúrlega alltaf sambland af fjárhagsatriði og þekkingaratriði, — hvað þjóðin treystir sér til. Hitt stendur fast, að eina björgunarskipið, sem byggt var hér og tekið var eftir Lofoten-fyrirmynd, dugði ekki. Ég held það sé rétt, að það þurfi að setja sterka vél í Sæbjörgu, og kannske er búið að því. Hv. þm. sagði, að það þyrfti allt aðra kunnáttu við að stjórna varðskipi en strandferðaskipi. En hann er samþykkur því, eins og allir, að það eigi að sameina björgunarstarfsemina og gæzluna. Hann þarf þá bæði að hafa vit á björgun og hvernig á að *elta togara, en það er sitt hvað.* Og þarf þá ekki að kljúfa þetta aftur sundur og hafa sérstakan sérfræðing yfir björgunarmálunum?

Að síðustu viðurkenndi hv. þm., að núverandi forstjóri Skipaútgerðar ríkisins hafi ekki brotið af sér. Enda er sannleikurinn sá, að síðan hann tók við þessum málum, hefur hann haft forustuna sem sá reyndi og greindi sjómaður, og starfið hefur farið prýðilega. Það var alveg nýlega, sem einn af kunnustu þm. hélt ræðu um þennan mann og tók einmitt fram, hve sérstaka hæfileika hann hefði til þess að bæta úr þessum miklu erfiðleikum gæzlu og björgunar, hvernig hann hefði með sérstöku lagi sameinað þetta til hagsmuna fyrir þjóðina.

Jóhann Jósefsson: Ég stend ekki upp til þess að blanda mér í þær deilur, ef svo má kalla, sem hér hafa farið fram milli tveggja hv. þm. En ég vildi aðeins minna á það í þessu sambandi, að

það eru nú 25 ár síðan Vestmannaeyingar hófust handa til þess að eignast björgunarskip, sem síðar varð björgunar- og eftirlitsskip. Það var gamli Þór, sem keyptur var til landsins, og má segja fyrir allsherjar félagsskap allra Vestmannaeyinga. Starfaði þetta skip þar við Eyjarnar að björgunar- og eftirlitsmálum. Síðan var skipið keypt af ríkinu. Með Þór var hafin sú byrjun á íslenzkri strandgæzlu, sem síðan hefur aldrei fallið niður, heldur batnað með fleiri skipum og margvíslega breyttri tilhögun.

Það er oft hlaupið yfir þetta atriði. Ég segi það ekki til þeirra hv. þm., sem voru að tala, en þetta framtak Vestmannaeyinga gleymist oft þegar þeir, sem standa hér fremstir í slysavarnarfélögum, eru að halda minningarræður sínar og líta yfir farinn veg. Það vill gleymast, að liðinn er fjórðungur aldar síðan þetta starf var hafið á svo myndarlegan hátt í Vestmannaeyjum, að menn létu sér ekki nægja minna en að kaupa gufuskip til þessara hluta. Það var að vísu fjárhagslega mikil raun — og má segja kannske ofraun á þeim tíma — að ráðast í þetta. En ég ætla, að ekki verði um það deilt, að þetta framtak á þeim tíma varð til þess að vekja þingið og ríkisstj. þeirrar tíðar til þess að hefjast handa um innlenda landhelgisgæzlu og um leið að samræma hana björgunarstarfsemi. Er ég þá kominn inn á það, sem báðir þeir hv. þm., sem talað hafa, minntust á og voru þó sammála um. Reynslan hefur sannað, að við höfðum rétt fyrir okkur, sem í þá daga störfuðum að þessum málum, skrifuðum opinberlega og héldum fundi til að sanna landsmönnum þörfina á þessu tvennu, landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi, og að björgunarskip þyrfti að hafa greinilega yfirburði yfir þau skip fiskiflotans, sem því er ætlað að aðstoða. Í öðru lagi það, að landhelgiseftirlit og björgunarstarfsemi geti í langflestum tilfellum verið framkvæmt af sama skipi og undir sömu stjórn. Þessu var haldið fram upphaflega gegn talsverðum andróðri þá.

Í sambandi við málið, sem hér liggur fyrir, vil ég geta þess, að hjá sjútvn. Nd. liggur erindi frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, dags. 6. júlí s.l., um framtíðartilhögun landhelgisgæzlunnar. Erindið var nefndinni sent til athugunar frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Vil ég benda þeirri n. á, sem fær mál þetta til athugunar, að hún getur að sjálfsögðu átt aðgang að þessum plöggum hjá sjútvn. Nd., enda álít ég tilefni fyrir n. í sambandi við þetta mál að kynna sér tillögur forstjóra Skipaútgerðarinnar um tilhögun landhelgisgæzlunnar og gefa þeim gaum, ekki sízt þegar þess er gætt, hve langan tíma sá maður hefur haft forstöðu þessa á hendi.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 61. fundi í Sþ., 25. okt., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti (GSv): Mér hefur borizt til eyrna, að sá hv. þm., sem af hálfu fjvn. hefur framsögu um þetta mál, muni vera veikur, án þess þó að nokkur tilkynning hafi komið um það. Ég vil því spyrja hv. formann fjvn., hvort gerlegt sé, að framsagan fari fram.

Pétur Ottesen: Ég óska þess, að beðið verði, þar til hv. frsm. getur verið viðstaddur.

Forseti (GSv): Það mun verða tekið tillit til þessarar óskar, og málið því tekið af dagskrá.

Á 63. og 64. fundi í Sþ., 10. og 13. nóv., var till. enn tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 65. fundi í Sþ., 14. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 326, n. 460).

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Með þáltill. þessari á þskj. 326 var fram á það farið, að Alþ. fæli ríkisstj. að gera skipulagsbreytingar á stjórn íslenzkrar landhelgisgæzlu. Jafnframt var þess beiðzt, að athugað yrði, á hvern hátt yrði samræmt bezt björgunarstarfsemi og eftirlitsstarf við strendur landsins. Fjvn. fékk þessa till. til meðferðar og hefur nú á þskj. 460 lagt fram álit í þessu máli, sem er allýtarlegt. Hún hafði ásamt þessari till. ýmis skjöl úr ráðuneytunum, og þá einkum ýmis bréf Skipaútgerðar ríkisins til ríkisstjórnarinnar, sem send hafa verið um nokkurra ára skeið, eins og segir í nál. Þessi bréf fjalla um landhelgisgæzlu og strandferðir, eyðingu tundurdufla o. s. frv. Enn fremur hefur n. fengið til hliðsjónar skýrslu þeirra aðila, sem samkv. þál. frá 1. apríl 1935 voru af þáverandi atvmrh. skipaðir til að athuga og koma fram með till. um landhelgisgæzlu, björgunarmál o. fl. Skýrslan er dags. 4. september 1935. Þá lágu enn fremur fyrir bréf Skipaútgerðar ríkisins 9. nóvember 1934 til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn, um útbúnað vélbáta til strandgæzlu, ásamt ýmsum öðrum bréfum öll varðandi þetta mál. Það var, sem sagt, talsvert af skjölum, sem kom til álita og athugunar í sambandi við þetta mál. En þetta lét n. sér ekki nægja, en sneri sér til þeirra aðila, sem hér segir: Dómsmálaráðherra, Farmanna- og fiskimannasambandsins, stjórnar Fiskifélags Íslands og Skipaútgerðar ríkisins með fyrirspurnum um, hvað þessir aðilar segðu um þá till., sem hér er um að ræða. Svörin voru ekki á einn veg. Að því er snertir fyrra hluta till., útgerðarstjórn varðskipanna, þá eru dómsmrh., Fiskifélagið og Skipaútgerðin mótfallin því, að sú breyt. verði á þessu gerð, sem till. fer fram á. Farmanna- og fiskimannasambandið sendi hins vegar sem svar við málaleitan nefndarinnar samþykkt sjöunda sambandsþings F.F.S.Í., sem að vísu er ekki beint svar við fyrirspurn n., en í henni felast þó skoðanir þessarar stofnunar á þessu atriði, hver skuli hafa með höndum stjórn varðskipanna. Þar kemur fram sú skoðun, að stjórn þessara mála eigi

að vera í höndum Slysavarnafélags Íslands, enda leggur sjöunda sambandsþing F.F.S.Í. mjög mikla áherzlu á það, að varðskipin geti framvegis samhliða strandgæzlunni sinnt björgunar- og eftirlitsstörfum betur en hingað til hefur átt sér stað.

Eftir að hafa athugað þessi skjöl og málavexti, að því er snertir rekstur varðskipanna eins og hann er nú, komst n. að þeirri niðurstöðu, að ekki væri tímabært að taka þessi skip undan Skipaútgerðinni og koma á fót sérstakri útgerðarstofnun, sem hefði með höndum stjórn allra eftirlits- og björgunarskipa ríkisins, burt séð frá því, hvað kostnaðinn sjálfan snertir. Hér kom til greina praktiskt atriði. Það er alkunna, að sökum skorts á strandferðaskipum hafa verið mikil brögð að því, að notuð hafa verið strandgæzluskip til fólksflutninga og jafnvel vöruflutninga við strendur landsins, og má segja, að sum þeirra sinni tæplega orðið öðru að öllum jafnaði. Meðan svo er ástatt, verður það fyrirkomulag hagkvæmast, að þessi skip séu rekin af Skipaútgerð ríkisins, sem hefur að öðru leyti farþega- og vöruflutninga á hendi, en varðskipin verði ekki sett undir nýja stjórn, óháða Skipaútgerðinni. Með þessu er þó engan veginn sagt, að n. líti svo á, að þetta eigi alltaf svona að vera. Ég get bætt því við frá mínu brjósti, að þegar tímar líða fram og nægar ástæður verða til að skerpa landhelgiseftirlitið, tel ég engan veginn fráleitt, að einhver breyting verði hér á gerð. En eins og stendur, taldi n. öll, að þessi breyting væri ekki hagkvæm og að ekki bæri að koma henni í kring meðan svona væri ástatt. Hins vegar vill n. fallast á þann lið, sem ræðir um björgunar- og eftirlitsstarfið við strendur landsins, og hefur tekið það, ásamt ályktun sinni viðvíkjandi athugunum á sjálfri landhelgisgæzlunni fyrir framtíðina, upp í brtt. þá, sem hún leyfir sér að flytja á þskj. 460. Þar leggur n. til, að tillgr. sé breytt þannig, að ríkisstjórninni sé falið að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvernig landhelgisgæzlunni verði bezt og haganlegast fyrir komið. Í því efni verði athugað sérstaklega, með hvaða gerð og stærð varðskipa náist beztur árangur af gæzlunni með kleifum kostnaði, og verði í því tilliti aflað vitneskju um nýja gerð skipa erlendis, er að haldi mætti koma, og útbúnað þeirra. Einnig verði það atriði gaumgæfilega rannsakað, að hve miklu leyti nota megi flugvélar til aðstoðar við gæzluna.

Komið hefur fram í n., að síðan stríðið hófst, hafa borið fyrir augu okkar landsmanna ýmsar gerðir skipa, sem hugsanlegt væri, að styðjast mætti við eða nota til strandgæzlu hér framvegis. Svo hljóta allir að sjá, hvað miklu t. d. ein eftirlitsflugvél gæti afkastað hvað sjálft eftirlitið snertir, sem starfaði t. d. með góðu strandgæzluskipi eða í sambandi við það.

Allt þetta álítur n. rétt, að verði nú tekið til athugunar, með það fyrir augum að snúa bökum saman í þessum efnum, þegar stríðinu linnir, og gæta betur fiskimiðanna en gert hefur verið. Bæði er, að í stríðinu sjálfu hefur ágangur erlendra fiskiskipa verið með minnsta móti, og eins hitt, að orðið hefur að grípa til skipa til annarra þarfa. En þetta breytist sennilega fljótt eftir ófriðinn. Þá rýmkast um skipakostinn hjá landsmönnum og þeir fá þá betri skip til strandferða. — Eins verður mikil breyting á fiskimiðunum. Þangað hrúgast útlend fiskiskip, eins og þau gerðu fyrir stríð, og þá er um að gera, að Íslendingar verði við því búnir að verja sína landhelgi eftir beztu getu. Þetta kom ljóst fram hjá nefndinni, og með það fyrir augum flytur hún sínar brtt.

Þótt n., eins og áður segir, geti ekki fallizt á að koma nýrri útgerðarstofnun á fót fyrir varðskipin, eins og nú horfir við, þykir henni rétt að taka undir með flm. till., að því er athugun á framtíðarfyrirkomulagi björgunar- og eftirlitsstarfsins snertir. Í því sambandi má benda á, að allmikill skoðanamunur mun vera ríkjandi um það, með hvers konar skipum framkvæma eigi landhelgisgæzluna. F.F.S.Í. telur gæzlu á hinum smærri varðbátum vera til álitshnekkis fyrir landið og að hún nái ekki tilgangi sínum. F.F.S.Í. leggur til, að smíðuð verði fjögur stór varðskip, og er þeim ætlað að sinna landhelgisgæzlunni ásamt björgunarstörfum o. s. frv. Hins vegar varð niðurstaða þeirra, sem gerðu till. um þessi mál 1935, sú, að fjórir til fimm vélbátar og eitt skip á stærð við Ægi gæti á hagkvæmastan hátt séð fyrir landhelgisgæzlunni, og gera þeir þá jafnframt ráð fyrir, að þessi skip eigi að starfa að björgunarmálum og hafa samvinnu við Slysavarnafélag Íslands. Sömu skoðun var haldið fram 1920, þegar gamli Þór var keyptur til Vestmannaeyja til þess að starfa þar að björgun, að eftirlit með landhelginni færi vel saman við það að aðstoða fiskibátana á miðunum. Þessi kenning stendur óhögguð enn, og henni hefur aukizt fylgi með hverju ári. Þess vegna verður að hafa í huga, þegar skipulögð er landhelgisgæzlan og það, sem henni óhjákvæmilega fylgir, björgunar- og eftirlitsstarfsemi á fiskimiðum eftir stríð, að þau geti, eins og unnt er, fullnægt þessum tveimur verkefnum. Það verður aldrei með tölum talið, a. m. k. ekki með vissu, hve mikið gagn þessi gömlu skip, gamli Þór, sá Þór, sem nú er, Ægir, Sæbjörg, Óðinn og þessi skip, sem landið hefur haft, hafa unnið þessari þjóð.

Ég hygg þá, að ég hafi lýst áliti fjvn. á þessu máli og því, hvernig málið horfir við frá hennar hendi. Vil ég svo láta þess getið að síðustu, að allir nm. leggja mjög mikla áherzlu á, að þessar brtt. verði samþ. og að hæstv. ríkisstj. geri sem skjótast ráðstafanir til að koma í framkvæmd þeim athugunum á þessu máli og skipulagningu þeirra í framtíðinni, sem felst í till. fjvn.

Stefán Jóh. Stefánsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að tala langt mál um það, sem hér liggur fyrir, því að ég er eindregið fylgjandi till. hv. fjvn. eins og hún hefur gert grein fyrir henni. En ég vildi bara vekja athygli á einum þætti þessa máls, sem e. t. v. mætti lagfæra án tillits til þeirra athugana og þeirrar framtíðarskipulagn-

ingar, sem gerð yrði á málinu í heild, og það er björgunarstarfsemin.

Eins og kemur fram í nál. hv. fjvn., hefur Farmanna- og fiskimannasambandið bent á, að þessi málefni, sem snerta björgunina, ættu að verulegu leyti að vera í höndum Slysavarnafélags Íslands. Í bréfi frá Slysavarnafélagi Íslands, sem raunar mun hafa borizt hv. fjvn. eftir að hún afgreiddi málið frá sér, er á það bent, að það mundi vera hyggilegt að setja upp sérdeild innan Skipaútgerðarinnar og skrifstofu Skipaútgerðarinnar undir stjórn sérfróðs fulltrúa, er starfaði undir forstjóra útgerðarinnar, sem væri nokkurs konar milliliður milli Skipaútgerðarinnar og Slysavarnafélags Íslands. Þau tíðu sjóslys, sem verða hér í námunda við Reykjavík, benda til þess, að við ættum að gera það sem í okkar valdi stendur til að auka slysavarnirnar, og ég álít því bezt fyrir komið á líka lund og verið hefur undanfarið, eins og líka er lagt til af hálfu hv. fjvn., þannig að varðskipin séu að verulegu leyti, þegar svo ber undir, notuð í þágu slysavarnanna. En þrátt fyrir þetta mætti máske með tiltölulega einfaldara framkvæmdaratriði lagfæra þetta enn betur. Þyrfti það ekki að bíða þeirrar allsherjar athugunar, sem gert er ráð fyrir í till. n., og vil ég benda á þær till., sem komið hafa fram frá Slysavarnafélagi Íslands, og vil ég skjóta því til hæstv. ríkisstjórnar, hvort hún vilji ekki athuga, hvort ekki muni tímabært, að innan Skipaútgerðarinnar væri valinn sérstakur maður undir stjórn forstjóra útgerðarinnar og í samráði við Slysavarnafélag Íslands, til þess að vera öruggur milliliður milli Skipaútgerðarinnar og slysavarnasamtakanna, og ég álít, að sá maður ætti að vera sérfróður eða hafa nokkra „praktiska“ þekkingu á þessum efnum. Þetta mætti væntanlega gera, án þess að það hefði nokkurn verulegan aukinn kostnað í för með sér.

Ég vildi aðeins skjóta þessu atriði til hæstv. ríkisstjórnar.

Forseti (GSv): Tilætlunin var, að fundur yrði ekki haldinn lengur en til kl. 3,30. Enn eru fleiri á mælendaskrá og þar á meðal hv. flm. þessa máls. Næstur tekur til máls hæstv. dómsmrh., en að því búnu verður umr. frestað.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég hef ekki hugsað mér að tefja þessar umr. að neinu leyti, en vildi lýsa því yfir út af tilmælum hv. þm. Vestm., um að ríkisstj. léti sem fyrst koma í framkvæmd þá athugun, sem fór fram á till., að mér fyrir mitt leyti væri sérstök ánægja að geta flýtt fyrir því, að sú athugun færi fram, og mundi, ef hún væri samþ., gera ráðstafanir til þess. Ég hef á fundi fjvn. í dag farið fram á verulega aukið fé til slysavarnanna og óskað eftir því, að fjvn. sjái sér fært að taka upp á fjárl. nokkra fjárveitingu til byggingar á nýju varðskipi. Það er vitað mál, að væntanlega strax á næstu árum verði mjög aukinn átroðningur af útlendum skipum hér við land. Verður að reyna að fá stækkaða landhelgina, og jafnvel þótt ekki fengist rýmkun á henni, er augljóst mál, að skipastóll okkar til strandgæzlu er ekki eins nægur og þörf krefur. Ég tel, að sú stefna, sem ríkt hefur hjá a. m. k. mörgum þm., sem tekið hafa á þessu máli, að sameina sem mest björgunarstarfsemina og landhelgisgæzluna, sé alveg rétt. Það hefur verið fengið eitt björgunarskip hingað til landsins. Útgerð þess er nú kostuð af ríkinu að öllu leyti og þetta skip notað bæði til strandgæzlu og björgunarstarfsemi.

Í sambandi við þau ummæli hv. 4. þm. Reykv., að rétt væri að velja sérstakan mann fyrir millilið milli Skipaútgerðarinnar og slysavarnanna, vil ég láta þess getið, að ég hef ekki orðið annars var en að það hafi ætíð verið mjög fljótlegt fyrir Slysavarnafélagið að fá óðara þá aðstoð, sem Skipaútgerðin hefur getað látið því í té. En ef það kemur í ljós við athugun á þessu máli, að hægt sé að hafa þá afgreiðslu betri en hún er nú, tel ég sjálfsagt að taka ábendingu hv. 4. þm. Reykv. til athugunar.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Eins og sjá má af nál. fjvn., hefur n. tekið þetta mál til rækilegrar yfirvegunar og skilað um það mjög ýtarlegu nál. Getum við flm. málsins út af fyrir sig vel við unað, að n. hefur tekið þetta mál svo rækilegum tökum.

Varðandi efnismeðferð till. er það að segja, að um þau tvö meginatriði, sem í henni felast, hefur n. komizt að þeirri niðurstöðu, að æskilegt sé, að sjálfstæð, sérstök stofnun fari í framtíðinni með yfirstjórn íslenzkrar landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi. Í öðru lagi hefur n. orðið sammála um það, að því er álit hennar ber með sér, að æskilegt sé að samræma sem allra mest í framtíðinni landhelgisgæzluna, þ. e. a. s. eftirlitsstarfið, og björgunarstarfið við strendur landsins. En n. hefur talið, að ekki væri tímabært að hníga nú þegar að því, eins og greinir í till. upphaflega, að koma nú þegar á fót sérstakri stofnun, sem þessi yfirstjórn hafi með höndum. Telur n., að það mundi leiða til allmikils kostnaðarauka fyrir ríkissjóð, ef inn á þá braut yrði farið að setja á fót slíka stofnun, sem um ræðir í hinni upphaflegu tillögu. Ég er ekki viss um það, að kostnaðarauki þurfi að verða af þessu, eins og n. álítur. Mér virðist, eins og rekstri varðskipanna er hagað og þeirra skipa, sem eru á vegum landhelgisgæzlunnar, að þá sé það á ýmsa lund þannig, að óhagkvæmt sé fjárhagslega fyrir landhelgisgæzluna. Varðskipin annast ýmsar mjög óhagkvæmar og tekjulitlar ferðir og vöruflutninga, t. d. til smáhafna, og þau verða að taka á sig ýmis vik, einmitt sem afleiðingu þess, að þau eru í sömu þjónustu og þau skip Skipaútgerðar ríkisins, sem ætlað er að fást við vöru- og farþegaflutninga. Það mætti einnig telja

fleiri atriði, svo sem það, að ef yfirstjórn landhelgisgæzlunnar væri í höndum sérstakrar stofnunar, fengist betri yfirsýn um það, hvernig rekstrinum yrði heppilegast háttað fyrir þessi skip við landhelgisgæzluna. Sem sagt, mín skoðun og okkar flm. er enn þá óbreytt um það, að æskilegt væri, að sú skipulagsbreyting, sem lagt er til í till. okkar að framkvæmd verði, gæti komizt á sem alla fyrst. Við sættum okkur hins vegar við það, að skipulag í framtíðinni sé það, sem n. leggur til um leið og hún viðurkennir það, sem till. okkar leggur til. Hins vegar verður að láta sitja við rannsókn á því, hvað heppilegast kunni að reynast í þessum efnum, og ég er sammála n. um það, að þetta muni verða eins og greinir í upphaflegu till., þ. e. sjálfstæð stofnun.

Ég vil svo drepa á nokkur atriði í nál. hv. nefndar. N. telur hagkvæmt, að varðskipin séu nú rekin af Skipaútgerð ríkisins vegna vöruflutninganna. Það er vitanlegt, að varðskipin hafa verið tekin til vöru- og farþegaflutninga nú um nokkurt skeið. Hins vegar er það vitað, að þetta er aðeins bráðabirgðaástand, — bráðabirgðaástand, sem verður að ljúka mjög fljótlega. Það er kunnugt, að á íslenzkum miðum hafa verið miklu færri erlendir togarar nokkur undanfarin ár en áður var. En þessum erlendu veiðiskipum fer nú fjölgandi. Það ber því til þess nokkuð brýna nauðsyn, að varðskipin snúi sér nú að þessari gæzlu frekar en verið hefur undanfarin ár. Ég hygg þess vegna, að það megi ekki byggja á því, eins og mér virðist skína í hjá n., að hægt verði í framtíðinni að nota þessi skip, sem eiga að annast landhelgisgæzluna, til vöruflutninga innanlands og farþegaflutninga. Það er skoðun okkar flm., að eins og n. hefur fjallað um þessa till., sé ekki ástæða til þess fyrir okkur að snúast gegn þeirri breyt., sem hún leggur til, að gerð verði á henni. Aðalatriðið er það, að samkvæmt till., eins og n. leggur til, að hún verði orðuð, *verði athugað, hvernig landhelgisgæzlunni* verði í framtíðinni haganlegast fyrir komið fyrir þjóðina, og að í því sambandi verði framkvæmd rannsókn á ýmsum nauðsynlegum atriðum, svo sem stærð og fjölda þeirra skipa, sem við landhelgisgæzluna og björgunarstarfið eru höfð. Ég vil í því sambandi minnast á það, að í nál. kemur sú skoðun fram, að æskilegt muni vera, að þessi gæzla verði rekin á smáum skipum og nokkrum vélbátum, sennilega á stærð við Óðin, en það er það skip, sem nú hefur verið notað til gæzlu. Það er mín skoðun, að með byggingu slíkra skipa sé ekki stefnt í rétta átt, og að með því sé ekki stefnt til aukins öryggis, hvorki í landhelgisgæzlunni né heldur við björgunarstörf. Reynslan er svo að segja búin að sanna það, að skip eins og Óðinn og Sæbjörg eru fulllítil og allt of ganglítil til þess að geta annast landhelgisgæzluna og að mörgu leyti eins björgunarstarfið. Það eru til dæmi, sem sanna þetta betur en miklar orðræður, og við fyrri hluta þessarar umr. benti ég á nokkur slík dæmi, og tel ég þess vegna ekki nauðsynlegt að endurtaka þau hér nú. Ég er sannfærður um, að það, sem að ber að stefna í landhelgisgæzlunni varðandi stærð skipa, er að fá vel útbúin og hraðskreið skip, trúlega ekki öllu minni en Ægi, sem nú er fullkomnasta skip okkar, sem að landhelgisgæzlu starfar. En hér greinir mig á við n. eða a. m. k. meiri hl. hennar, og mun ég ekki halda rökræðum áfram um það atriði lengur. Ég fagna því, að n. óskar þess, að ríkisstj. hlutist til um, að sem fyrst fari fram sú rannsókn og athugun, sem hún leggur til, að framkvæmd verði samkvæmt till. Enn fremur fagna ég yfirlýsingu hæstv. dómsmrh. um það, að ríkisstj. muni láta þessa athugun fram fara hið allra bráðasta. Aðalatriðið fyrir okkur flm., sem flytjum þessa till., var að tryggja sem bezt öryggi og skipulag landhelgisgæzlunnar og björgunarstarfsins við strendur landsins. Þetta starf er svo þýðingarmikið fyrir þjóðina, að í því efni má einskis láta ófreistað til þess að gera það sem bezt í samræmi við þann tilgang, sem það stefnir að. Það hefur verið bent á það, að landhelgisgæzlan er stór þáttur í sjálfstæðismálum þessarar þjóðar. Það er þetta starf, sem miðar að því að halda uppi öryggi umhverfis landið. Það hefur verið bent á það, að á þessu ári, þegar íslenzkt lýðveldi hefur verið endurreist, sæmdi það vel, að þessum málum væri gaumur gefinn og meiri rækt við þau lögð en um skeið hefur verið. Ég vil þess vegna vænta þess, að hæstv. stj. snúist vel við þeirri áskorun n. að láta þessa rannsókn fara fram hið allra fyrsta, og ég vil leyfa mér að vænta nokkurs árangurs af því, að hún færi fram, því að vissulega er margt, sem til bóta stendur í þessum efnum.

Ég vil því leyfa mér að vænta þess, að hæstv. Alþ. mæti þessu máli með skilningi, þegar til úrslita kemur um það.

Frsm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Mér þykir gott að heyra, að hv. flm. þessarar þáltill. fellir sig eftir atvikum við þá afgreiðslu, er hún hefur fengið hjá fjvn. Ég vil vona, að það, sem hann *aðallega minntist á, sem sé meira öryggi og* betri skipan á þessum málum, geti orðið niðurstaða þeirrar athugunar og rannsókna, sem fram eiga að fara samkvæmt brtt. nefndarinnar.

Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. góðar undirtektir undir það að hraða þessu máli eftir föngum.

Þá vil ég aðeins minnast á uppástungu, sem kom frá hv. 4. þm. Reykv. um það, að Slysavarnafélagið hefði fulltrúa á skrifstofu ríkisútgerðarinnar, sem væri í samstarfi við útgerðarstjórn, þegar þessi varðskip væru notuð til slysavarna. Ég hef ekki átt þess kost að ræða þetta við samnefndarmenn mína og get því ekki talað fyrir þeirra hönd um þessa uppástungu hv. 4. þm. Reykv., en ég geri ráð fyrir, að hann muni koma þessari uppástungu á framfæri hjá dómsmrn., sem hefur yfirstjórn þessara mála á hendi. Ég verð að segja, að mín reynsla og okkar Vestmannaeyinga er sú af forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, að hann hefur verið lipur og komið vel fram, svo að ekki verður á betra kosið. Svo að þess vegna held ég, að óþarft væri að setja honum hjálparmann, en vitanlega getur komið fyrir, að hann sé ekki viðstaddur, og þá er þörf annars manns. Mér

er að vísu kunnugt um erfiða sambúð sumra við stjórn Skipaútgerðarinnar, en hvort það er orsök þessa hjá 4. þm. Reykv., skal ég ekki um segja. Ég sé ekki þörf á þessu og geri það ekki að till. minni. Hins vegar er eðlilega þörf góðs samstarfs milli forstjóra Skipaútgerðarinnar og Slysavarnafélagsins. Ég held, að það yrði lítið starf fyrir mann að gegna þessu einu og því heppilegra, að Slysavarnafélagið og Skipaútgerðin starfi saman.

Steján Jóh. Stejánsson: Herra forseti. — Ég vil gefa þá skýringu út af till. minni eða áliti, að í því lá ekki umkvörtun eða vantrú á forstjóra Skipaútgerðarinnar, og get ég þess vegna fallizt á það, sem hv. frsm. sagði um þetta. Hitt er vitað, að slysavarnamálin eru og verða umfangsmikil, en forstjóri Skipaútgerðarinnar hins vegar störfum hlaðinn. Þess vegna kom ég með þetta, en auðvitað heyrir þetta undir framkvæmdarvaldið, eins og kom réttilega fram hjá hæstv. dómsmrh.

ATKVGR.
Brtt. 460,1 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.
Brtt. 460,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv., með fyrirsögninni:
Till. til þál. um landhelgisgæzlu og björgunarstarfsemi.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 527).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 553).

---

38. Síldarverksmiðja Siglufjarðarkaupstaðar.

Á deildafundum 8. sept. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað til byggingar síldarverksmiðju (A. 294).

Á 40. fundi í Sþ., 11. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Það er óþarfi að hafa mörg orð um þetta mál, því að ég býst við, að flestir hv. þm. séu því kunnugir frá umr. um það utan þings.

Svo er mál með vexti, að Siglufjarðarkaupstaður hefur rekið síldarverksmiðjuna Rauðku síðan 1938. Það hefur komið á daginn, að verksmiðjan er orðin svo úr sér gengin, að engin tök eru á að reka hana án tekjuhalla. Var þá um tvennt að ræða: hætta rekstri hennar eða byggja hana á ný. Var síðar nefndi kosturinn valinn, og er verkið nú langt á veg komið. Er búið að fá lán hjá Tryggingastofnun ríkisins og á vegum Útvegsbankans samtals 4 millj. kr., en hann hefur ekki talið sér fært að lána meira, eins og sakir standa. En hvað sem því viðvíkur, þá telja Siglfirðingar, að það sé svo mikið hagsmunamál fyrir almenning á Siglufirði að fá verksmiðjuna byggða á ný, að ekki sé horfandi í fyrir ríkið að ábyrgjast lán það, er hér er farið fram á.

Stærð verksmiðjunnar á að verða 5 þús. mál strax, en byggð með tilliti til þess, að auka megi hana síðar upp í 10 þús. mál. Gert er ráð fyrir 4 millj. kr. láni frá Tryggingastofnun ríkisins og Útvegsbankanum. Þá er ein millj., sem farið er fram á ríkisábyrgð fyrir, er notuð verði að hálfu til byggingarinnar, en að hálfu leyti sem rekstrarfé. Síðan ætlar Siglufjarðarkaupstaður sjálfur að útvega 500 þús. kr. lán frá bæjarsjóði Siglufjarðar, sem fær 4. veðrétt á eftir ríkinu.

Ég býst ekki við, að ræða þurfi málið frekar. Þó getur verið, að hv. fjvn., sem mun fá þetta mál til meðferðar, óski eftir að fá upplýsingar um byggingarkostnað og annað, sem við kemur fjárhag fyrirtækisins, og er ég fús til að láta í té allar upplýsingar, sem óskað kann að verða eftir af n.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 2. okt., var till. tekin til frh. fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 50. fundi í Sþ., 3. okt., var fram haldið fyrri um till. (A. 294, n. 337, 343 og 345).

Frsm. meiri hl. (Þóroddur Guðmundsson): Herra forseti. — Fjvn. hefur haft þáltill. þá, sem hér liggur fyrir, til meðferðar, og hefur það farið svo, að fimm nm. leggja til, að þáltill. verði samþ. með dálítilli breyt. eða eins og segir á þskj. 337 í áliti meiri hlutans. Einn nefndarmaður skilar séráliti, leggur til, að till. verði samþ. nokkuð breytt, en gat þó ekki orðið meiri hlutanum samferða að öllu leyti. Í þáltill. er kveðið svo á, að 500 þús. krónur af láninu skuli vera rekstrarlán. Þetta vildi fjvn. ekki fallast á, og það kom líka í ljós við athugun málsins, að til þess er ekki ætlazt. Hins vegar virðist verksmiðjunni nauðsynlegt að fá alla lánsupphæðina til byggingarkostnaðar. Ég ætla ekki að vera margorður um, hve nauðsynlegt er, að síldarverksmiðjan Rauðka verði stækkuð og endurbyggð, enda hefur þetta mál verið rætt við þingmenn milli þinga, og mun meiri hl. hv. þm. vera stækkuninni fylgjandi og þá um leið þessari umbeðnu ábyrgð, því að án ábyrgðar verður ekki hægt að stækka verksmiðjuna.

Um álit 1. minni hl., þeirra hv. þm. S.-Þ. og hv. 1. þm. Rang., hef ég lítið að segja. Þó vil ég benda á, að fullyrðingar þeirra um áhættu ríkissjóðs af ábyrgð þessari eru á engan hátt rökstuddar og ekkert tillit tekið til þess, hve mikið nauðsynja- og þjóðþrifafyrirtæki hér er um að ræða. Ég held því fram,

að ekki hefði mátt hika við að veita þessa ábyrgð, þó að því fylgdi mikil áhætta, vegna þess, hve mikil nauðsyn er á fleiri síldarbræðsluverksmiðjum. En að mínu áliti er hér um mjög litla áhættu að ræða.

Sérálit hv. þm. S.-Þ., Jónasar Jónssonar, er að mestu um heimilisillindi þeirra framsóknarmanna, og ætla ég mér ekki að blanda mér í það, en ég get ekki gengið fram hjá að benda á, að grg. þessi er krydduð dylgjum og getsökum í garð einstakra manna og ósmekklegu oflofi um aðra. Eins og saga Rauðskinnumálsins er rakin í álitinu, er það slík fölsun á staðreyndum, að hreinni furðu gegnir, jafnvel þótt tillit sé tekið til þess, hver segir frá.

Um álit 2. minni hl., hv. þm. Borgf., Péturs Ottesens, er það að segja, að hann vill veita ábyrgðina og er okkur í meiri hl. sammála um það, en munurinn hjá honum og okkur er aðeins sá, að hann vill veita ábyrgð gegn 3. veðrétti næst á eftir 4 millj. samtals á 1. og 2. veðrétti, en við viljum veita ábyrgð gegn veðrétti í verksmiðjunni á eftir veðréttum samtals 4 millj. króna. Allir hljóta að sjá, að hér er lítill munur á, því að engu máli getur skipt fyrir ríkissjóð, hvort hann hefur 3. eða 4. veðrétt, þegar upphæðin á veðréttinum á undan er ákveðin 4 millj. En það er þægilegra, að orðalagið sé eins og við leggjum til, meiri hl. fjvn.

Alþfl. var líka skiptur um þetta mál. Það var flokksmál hjá Sósfl. Hann barðist fyrir því, að bærinn eignaðist þessar eignir, að vísu með góðri aðstoð framsóknarmannsins Þormóðs Eyjólfssonar, — en að þakka honum einum, að það varð, þykir mér heldur mikið.

Þar sem ég geri ráð fyrir, að yfirgnæfandi meiri hl. Alþingis sé málinu fylgjandi, vil ég ekki orðlengja um það.

Frsm. 2. minni hl. (Pétur Ottesen): Eins og nál. á þskj. 345 ber með sér, leitaði fjvn., strax og till. var vísað til hennar, upplýsinga hjá bæjarstjórn Siglufjarðar um kostnað við bygging verksmiðjunnar. Í grg., sem fylgir till., eins og hv. þm. Siglf. flutti hana, lágu engar þær upplýsingar fyrir og komu ekki heldur í framsöguræðu hans. Fjvn. vildi fá að vita, hvað kosta mundi að ljúka verkinu. Þegar upplýsingar fengust um það frá Siglufirði, sýndi það sig, að ekki var rétt, að ½ milljón af því fé, sem afla átti, væri rekstrarlán handa verksmiðjunni, en hún var umfram þá upphæð, sem talið er, að verksmiðjan kosti. Þeir, sem heitið höfðu láni út á 1. og 2. veðrétt í verksmiðjunni, höfðu krafizt þess, að þessar 500 þús. kr. yrðu til tryggingar því, að verksmiðjan verði tilbúin fyrir næstu síldarvertíð. Þetta varð til þess, að ég samdi þegar brtt. þá, sem er á þskj. 345, og vil takmarka ríkisábyrgðina við þá upphæð, sem þarf til að fullgera verksmiðjuna. Ég tók þar upp alveg sams konar ákvæði og er í þáltill. um, að ríkið hafi 3. veðrétt í verksmiðjunni vegna þessarar 1 millj. kr. ábyrgðar. Því fremur var ástæða til að gera það, sem það kom fram, að þeir aðilar, sem veita samtals 4 millj. kr. lán út á 1. og 2. veðrétt, Tryggingastofnun ríkisins og Útvegsbanki Íslands, hafa sett það skilyrði fyrir láninu, að ríkið ábyrgðist það, sem á vantaði af byggingarkostnaði.

Þegar þáltill. var lögð fram í fjvn., kom það eigi í ljós hjá þeim meiri hl. n., sem ábyrgðinni var fylgjandi, að eigi mætti veita ríkinu 3. veðréttinn, en þó kom kvittur um, að e. t. v. mundi vera bilbugur á öðrum lánveitingum og mundi þurfa að nota 3. veðrétt handa þeim, og þar sem ekki var tilgreindur neinn ákveðinn aðili, sem þessa krefðist, þótti mér ekki ástæða til að taka tillit til svo lauslegs umtals, er ég samdi brtt., heldur fylgdi till. flm. Það má e. t. v. segja, að þetta muni ekki hafa fjárhagsþýðingu fyrir ríkissjóð. En vel getur farið svo, að ríkissjóður sé settur í nokkra fjárhagshættu með þessari ábyrgð, því að enginn veit, hversu tekst að sjá þeim fyrirtækjum farborða eftir stríð, sem nú eru stofnuð fyrir afarfé. Það er almennt álit, að verðlag muni mjög breytast. Því ber ekki heldur að neita, að Siglufjarðarbær hefur lagt í mjög fjárfrekar framkvæmdir, þar sem Skeiðsfossvirkjunin er. En það er ákaflega nauðsynlegt, að bætt sé aðstaða til síldveiða og reynt að draga úr tjóni, sem verður af töfum síldveiðiflotans sökum verksmiðjuskorts, en aðferðir til að geyma óunna síld hafa ekki enn borið nægan árangur, svo að aukning á verksmiðjum er óhjákvæmileg. Á þessu stigi máls hef ég því ekki viljað bregða fæti fyrir þetta mál, þótt ríkissjóður mundi binda sér þar bagga og hætt sé við, að Siglufjarðarbær sé búinn að reisa sér hurðarás um öxl.

Það var upplýst í fjvn., áður en málið var flutt í þessu formi, að búið væri með undirskriftum þm. að tryggja samþ. þess nú á þingi. Þessu til staðfestingar fylgdu ekki orðin tóm, heldur lagði þm. einn fram gögn um, hvernig þetta væri tryggt. Þá held ég hafi komið fram, að búið hafi verið að leita til allra þm. um undirskrift að mér og öðrum þingmanni undanteknum. Slík undirskriftasamþykkt er allt annað en góð aðferð. En vitanlega hefur aðferðin ekki áhrif á það, hvernig ég lít á málið sjálft.

Frsm. 1. minni hl. (Jónas Jónsson): Hv. 1. þm. Rang., sem í fjvn. stóð sama megin í máli þessu og ég og hefur ásamt mér skilað nál. á þskj. 343, er fjarverandi sökum embættisskyldu, og vildi ég fara fram á það við hæstv. forseta, að hann stillti svo til, að þessi hv. þm. gæti verið staddur við endanlega afgreiðslu till.

Áður en ég vík að þessu máli, finnst mér við eiga að benda á, að tillaga um, að Siglufjarðarbær fari að starfrækja stórt og dýrt atvinnufyrirtæki, virðist vera byrjun á hreyfingu, sem vakin er hér á Alþ. Það munu vera þrír þm. Sósfl., sem hafa lagt til, að bæjarfélög efni til útgerðar í stórum stíl með 100 milljóna ríkisframlagi og í einn stað megi veita allt að því 5 millj. kr. Þannig er ætlazt til, að framleiðslan færist úr höndum einstaklinga í hendur bæjarfélaga á ábyrgð allra gjaldþegna. Nú á Siglufjarðarbær að ríða á vaðið, og svo eiga öll bæjarfélög að geta byrjað milljónarekstur á ábyrgð ríkisins. Meðferð þessa máls verð-

ur því vottur um það, hverja stefnu Alþ. vill hafa í þessum málum.

Þetta mál hefur oft verið borið fyrir ríkisstjórnir fyrri tíma, en forráðamönnum landsins hefur jafnan þótt stórum varhugavert að leyfa verksmiðjubygging þá, sem um ræðir. Í tíð þjóðstjórnarinnar var það sótt sérstaklega fast að fá að stækka verksmiðjuna upp í 5 þús. mál, og málið kom fyrir þáv. atvmrh., Ólaf Thors. Hann var að vissu leyti einn um það, hvernig hann leit á málið. En Eysteinn Jónsson og a. n. l. Hermann Jónasson studdu hann eindregið og höfðu á þessu svipaða skoðun og aðrir landmenn, að út á þessa braut ætti ekki að fara. Siglufjörður fékk ekki nema takmarkað leyfi til stækkunar eða upp í 2500 mál. Nú höfðu kommúnistar látið í veðri vaka, að fé væri tryggt og ekkert vantaði nema leyfið. En þeir stækkuðu ekkert, enda leizt víst fáum á fyrirtækið. Bankarnir, a. m. k. Landsbankinn, voru því mótfallnir að leggja í það fé, — og væri það þó mörgum sinnum fjarlægara nú. Í landinu eru til 4 jafnstórar verksmiðjur og Rauðku er ætlað að verða, en kosta ekki meir en 2 millj. kr., og þessi mun ekki kosta minna en 8 millj. Samkeppni hennar við hinar verksmiðjurnar hlyti að verða svo erfið, að hún stæðist ekki, ellegar gróðinn yrði næsta mikill af verksmiðjunum á Hjalteyri og í Djúpuvík. Og svo halda menn, að Rauðka eigi að auki að standa straum af hinni óhemju dýru rafvirkjun Siglfirðinga.

Ekkert bæjarfélag hefur hingað til getað staðið undir slíku. Allt sýnir, að óhugsanlegt er, að hin dýra verksmiðja beri sig. Ýmsir einstaklingar og félög, sem gætu aukið síldarverksmiðjur sínar, hafast ekki að, og ríkið, sem byrjaði á að stækka sínar verksmiðjur, hreyfir sig ekki. Allir vita það fjarstæðu að reisa þessi fyrirtæki nú á hápunkti dýrtíðar. Það kom fram hjá hv. þm. Borgf., að verksmiðjuaukning gæti orðið hjálparráð fyrir bæ, sem væri í kröggum vegna Skeiðsfossvirkjunar. En þegar sú virkjun er nú á veturnóttum komin í þrot, vegna þess að þær 8 millj. eru búnar, sem ríkið ábyrgðist, er víst óvarlegt að ætla Rauðku ófæddri að hjálpa og ætla bænum að bjarga sér úr þrotinu með því að ráðast nú í glæfrafyrirtæki slíkt, að engir aðrir láta sér detta í hug að leggja í það. Þeir koma sjálfsagt til Alþ. aftur með nýtt rafveitulán, því að ósennilegt er, að nokkur annar vilji hjálpa þeim. Hvorki getur rafveitan stutt síldarbræðsluna né síldarbræðslan rafveituna, heldur verður þetta samlagt eitt hið stórkostlegasta tapfyrirtæki, sem sögur fara af, og Siglufjörður kominn á ríkið, þegar að skuldadögunum kemur.

Siglufjörður hefur átt svo bágt með að fá tiltrú, að honum tókst ekki að fá neina hjálp, þó að send væri hingað fjölmenn n. í lántökuerindum, því að málið strandaði á því, að þeir, sem peningana höfðu, vildu ekki treysta Siglfirðingum í þessum efnum. Þegar þeir stóðu svo ráðþrota, leituðu þeir til málafærslumanns nokkurs hér í bænum, sem er á þingi, og hann tók að sér að útvega þetta lán fyrir Siglfirðinga — mjög í ósamræmi við það, sem tíðkazt hefur. Ég geri ráð fyrir, að málið hefði verið einfaldara, ef ekki hefði viljað svo til, að þessi málfærslumaður er jafnframt þm. og málið berst því inn á Alþ. og þar með áhættan af því. Málið er sótt þar á öðrum vettvangi en venjulegt er um slík mál. Ég ætla ekki að leyna því, að ég álít það óviðeigandi, að þm. sé í þeirri aðstöðu, sem hv. þm. Seyðf. er í hér, að berjast fyrir lántöku á ábyrgð ríkissjóðs, þar sem hann er starfandi þm. Ég þykist þess fullviss, að þessi hv. þm. sé ötull að útvega lán, náttúrlega fyrir þá þóknun, sem málaflutningsmenn taka. En hann hefur víst ekki gert sér grein fyrir, að hann er hættur að vera á sínum venjulega starfsgrundvelli, heldur er hann kominn inn á þm.-grundvöllinn, áður en hann veit af. Hér á Alþ. að grípa í taumana.

Ég mun því, áður en málinu lýkur, leggja fram dagskrá þess efnis, að Alþ. álíti ekki viðeigandi að ganga í þessa ábyrgð, þar sem einn af þm. sé á þennan hátt við riðinn málið. — Þetta er ekki aðeins ábyrgðarmál og ríkisáhætta, heldur er formið vafasamt, að þm. séu á atvinnugrundvelli að koma lántökuábyrgð í gegn í þinginu. Ég þykist þess fullviss, að hv. þm. hefði ekki gert þetta, hefði hann athugað, hvert straumurinn bar hann. Sú leið, sem valin hefur verið í þessu máli: að tryggja nóg þingfylgi við ábyrgðina utan Alþ., er nýstárleg, þegar um svo óvenjulegt mál er að ræða. Og mér þætti sennilegt, að við þær skýringar, sem koma munu fram í málinu við umr., muni það koma í ljós, að jafnvel sumum hv. þm., sem hafa bundið sig í þessu efni án þess að hafa yfirsýn yfir málið, finnist ástæða til að athuga þetta nánar.

Eins og tekið er fram í nál., svaraði þessi lántökumaður, hv. þm. Seyðf., fyrirspurn frá mér um undirskriftirnar með því að lesa upp nöfn mannanna. En ég sé, að í nál. hefur af vangá fallið niður hjá mér nafn eins þeirra manna, sem ekki skrifuðu undir, en það er nafn Péturs Magnússonar bankastjóra. Það getur verið, að þeir menn, sem þannig stendur á um, séu fleiri, sérstaklega úr Sjálfstfl., en ég hygg þó ekki, að svo sé. En ég leiðrétti þetta hér með, að því er Pétur Magnússon snertir, því að einmitt hann hefur tekið alveg ákveðna afstöðu í málinu og ráðið sterklega frá því, að út í þetta væri farið. Ég hef enn fremur orðið var við, að á Siglufirði þykir þetta dýr framkvæmd, þar sem búið er að eyða í kostnað við lántökuna á þriðja hundrað þús. kr. til ýmissa starfandi n., sem dvalizt hafa langdvölum hér, og annars slíks, og í prósísion til málafærslumannsins 90 þús. kr. Af því að þetta er svo óvenjulegt, þykir mér rétt að taka fram, að þótt ekkert sé við það að athuga eftir þeim reglum, sem gilda hjá málaflutningsmönnum, þó að þeir hafi hjálparmenn, þá er mér kunnugt um, að sumum mönnum, sem stóðu að því að veita lánið, fannst þetta geta snert sig. Þess vegna hef ég spurzt fyrir um þetta og ætla að gefa hér skýrslu viðvíkjandi því. Eftir því, sem heimildir mínar norðan lands herma, hefur ekkert umtal orðið þar í sambandi við fjárgróða einstakra manna við lántöku Rauðku á Siglufirði, um

að bankastjórn, útibússtjórn eða forráðamenn Tryggingastofnunar ríkisins hafi orðið þar aðnjótandi nokkurra fjárhagshlunninda. Þessi athugasemd lýtur að því, að engum, sem haft hafa orð á því, hve þessar framkvæmdir hafi orðið dýrar, hefur komið til hugar, að forráðamenn þessara stofnana hafi haft af þeim nokkurn hagnað. Að öðru leyti er mér ókunnugt um, hvaða menn aðstoða þennan mann um lántökurnar, því að til hans eins sem þm. er hægt að snúa sér um það.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um það, hve óviðeigandi það er fyrir Alþ. að ganga í þessa ábyrgð, eins og hún er til komin. Ég ætla ekki að fara út í það, hve óheppilegt það er, að Siglufjörður reki stórfelldan atvinnurekstur á eigin spýtur. Þegar þetta mál var til meðferðar hjá þjóðstjórninni, gerði Siglufjörður engar kröfur um ríkisábyrgð, heldur var einungis farið fram á leyfi stj. til að stækka verksmiðjuna og peningalán hjá lánsstofnunum. En nú horfir málið öðruvísi við, því að Siglfirðingar fengu enga áheyrn hjá lánsstofnununum, og fyrst þegar fenginn er þessi málafærslumaður til að taka málið að sér, kemst skriður á það. En þá er sett það ófrávíkjanlega skilyrði fyrir þessu fjögra millj. kr. láni, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir tiltekinni upphæð og tryggi reksturinn, því að ólíklegt er, að hv. þm. hefði beðið um ríkisábyrgð, ef ekki hefði legið fyrir áskorun um það frá þessum stofnunum. Hvorki Tryggingastofnun ríkisins né Útvegsbankinn vildu lána nógu mikið fé til Rauðku án ríkisábyrgðar. Þessar tvær stofnanir vildu ekki hætta þessum fjórum millj., nema ríkið tæki á sig áhættuna. Hv. þm. Seyðf. hefur sýnt þann dugnað að ná vilyrði margra hv. þm. — og kannske meiri hl. þeirra — fyrir ábyrgðinni. Ég hef sagt, að það sé sök sér, þó að þm. í góðri meiningu berjist fyrir áhugamálum sínum og fari fram á fjárveitingu, sem ríkið kann að tapa á, eins og t. d. um læknisbústaði o. fl. En um öll slík fyrirtæki hefur þá jafnan gilt, að þm. var ekki að útvega fé persónulega, heldur fyrir mannfélagið að segja má og án atvinnuvonar fyrir sjálfan sig. Ég hygg, að þetta sé í fyrsta skipti í þingsögu okkar, að það komi fyrir, að maður, sem er í fullum rétti frá sjónarmiði málafærslumanns, taki mikla peninga fyrir að útvega lán og komi svo inn á Alþ. með lokahnútinn í málinu og reyni að tryggja þar, að þetta gangi fram, sem honum er atvinnuspursmál. Ég hef áður sagt, að ég vil ekki kasta rýrð á þennan hv. þm., og vil gjarnan trúa, að hann hafi ekki áttað sig á þessu, en svo mikið er víst, að í hverju norrænu þingi og í Englandi eða Bandaríkjunum væri óhugsandi, að slíkt mál gengi fram. Það kemur í ljós við atkvgr., hvort Alþingi Íslendinga ætlar að leggja út á nýjar brautir í þessu efni og það megi verða eitt af einkennum okkar, að elzta þjóðþing veraldarinnar taki upp slíkan sið. Ég vil benda á, að hér er ekki að ræða um neitt smáræðis atvinnuspursmál. Mér er sagt, að dómarar í hæstarétti hafi látið í ljós í sambandi við væntanleg launal., að minna en 18 þús. kr. laun væri þeim ekki samboðið. Hver þeirra þarf að vinna heilt ár fyrir þeirri fjárhæð. En hvað er það í samanburði við það, sem Alþ. tryggir þessum duglega málafærslumanni, ef þetta mál nær fram að ganga?

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég vil aðeins segja örfá orð til að gera grein fyrir afstöðu minni í fjvn. Ég óska þess ekki að verða þessum þrem nm. samferða. Siglufjarðarkaupstaður hefur nú æ ofan í æ verið að biðja um ábyrgð hjá Alþ. Í fyrravetur var farið fram á ábyrgð fyrir 6 millj. kr. fyrir rafveituna, og í vetur þurfti að fá viðbót, 2 millj. kr., og hugðu menn, að þá mundi linna ábyrgðarkröfunum frá þessum kaupstað, og greiddu margir nauðugir atkv. með þeirri ábyrgð. Nú í sumar milli þinga er aftur hafizt handa um að fá ábyrgð fyrir hálfri annarri millj. kr., og er nú breytt um aðferð. Þetta á að nota til síldarverksmiðju á Siglufirði, og leikur á tveim tungum um það, hvort ekki sé eins mikil nauðsyn, að ríkið greiði fyrir því, að síldarverksmiðjum sé komið upp á öðrum stöðum. Það sýnist sem ekki sé mikil nauðsyn á að biðja um þessa ábyrgð, þegar búið er að útvega 4 millj. kr. til þessarar verksmiðju, en samt er farið fram á hálfa aðra millj. til viðbótar. Ég held, að það væri vandalaust fyrir bæinn að afla þessa fjár án þess að leita til Alþ. Annars ætla ég ekki að deila um þetta atriði, en treysti mér ekki til að greiða atkv. með umræddri ábyrgð, því að ég tel mikinn vafa um nauðsyn þessarar verksmiðju. Í öðru lagi er það, að ef þessa er svo mikil þörf, þá ætti bærinn að geta aflað þessa fjár af eigin rammleik. Og í þriðja lagi hafa þessar beiðnir um ábyrgð æ ofan í æ fælt mig frá þeim. Ég sé ekki annað en kominn sé tími til að spyrna fótum við og segja nú nei við þessari ábyrgðarbeiðni.

Umr. frestað.

Á 52. og 53. fundi í Sþ., 5. og 11. okt., var till tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 54. fundi í Sþ., 13. okt., var enn fram haldið fyrri umr. um till. (A. 294, n. 337, 343 og 345, 385).

Lárus Jóhannesson: Herra forseti. — Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls í þessum umr. En eftir framkomu svo nefnds nál. á þskj. 343 og eftir ræðu hv. þm. S-Þ. þykir mér rétt að skýra með nokkrum orðum frá afskiptum mínum af málinu, og skal ég þá aðeins — til þess að tefja ekki tímann um of — stikla á því stærsta.

Afskipti mín af þessu máli hefjast 26. apríl s. l., þegar Guðmundur Hannesson bæjarfógeti og Snorri Stefánsson framkvæmdastjóri sneru sér til mín sem málaflutningsmanns og báðu mig um aðstoð til að útvega Siglufjarðarkaupstað 4,5 millj. kr. lán til endurbyggingar síldarverksmiðjunnar Rauðku og stækkunar úr 800 mála afköstum á sólarhring upp í 5000 mál. Skýrðu þeir mér frá því, að allir stjórnmálaflokkarnir í bæjarstjórninni litu svo á,

að það væri hið mesta hagsmunamál fyrir Siglufjarðarkaupstað, að hægt væri að endurreisa verksmiðjuna fyrir síldarvertíð 1945.

Leyfi stjórnarráðsins hafði fengizt til að stækka verksmiðjuna upp í 5000 mála afköst, en auk þess hafði félagsmálaráðuneytið leyft lántökuna og fjármálaráðuneytið leyst eignir Rauðku úr veðböndum þeim, sem á henni hvíldu til ríkissjóðs vegna Skeiðsfossvirkjunarinnar. Varð því ekki annað séð en bæjarstjórnin nyti fyllsta stuðnings ríkisstjórnarinnar í málinu.

Mér var skýrt frá, að Landsbankinn hefði neitað að veita umbeðið lán. Þótti mér ekkert óeðlilegt við það, því að sá banki er aðalviðskiptabanki ríkisverksmiðjanna, en auk þess er vitað, að bankarnir kinoka sér við að veita föst stofnlán til langs tíma.

Í sambandi við þetta afhentu þeir G. H. og Sn. St. mér skýrslu, sem þeir höfðu útbúið til skýringar málinu. Fól hún í sér kostnaðaráætlanir um stækkunina, samdar af Sn. St. og Vélsmiðjunni Héðni og endurskoðaðar af Þórði Runólfssyni vélfræðing, svo og rekstraryfirlit, samið af Snorra, og fleiri upplýsingar. Samkvæmt kostnaðaráætluninni var ráðgert, að 4,5 millj. nægðu til að endurbyggja verksmiðjuna upp í 5000 mála afköst á sólarhring til viðbótar þeim eignum, sem fyrir voru, en þær voru metnar á 2169 þús. kr.

Samkvæmt rekstraráætluninni var gert ráð fyrir, að verksmiðjan gæti, þrátt fyrir það að hún yrði reist á þessum dýru tímum, gefið mjög sæmilega rekstrarútkomu.

Hagnaður á ári, miðað við núverandi verð og tilkostnað, er þar reiknaður 224.923,50 kr., en þá hafa verið dregnir frá eftirtaldir kostnaðarliðir:

1. Afborganir af stofnláni ..... kr. 300.000,00
2. Í fyrningarsjóð ..... — 120.000,00
3. Í varasjóð ..... — 100.000,00

en auk þess vaxtakonto af stofnláni, reiknuð a. m. k. 50.000 kr. of hátt og reiknað með 56.000 kr. í útsvarsgreiðslur.

En það, sem gerir fyrirtækið enn þá álitlegra, er það, að ekki mun kosta nema 2,7 millj. kr. til viðbótar eftir núverandi verðlagi að auka afköst verksmiðjunnar upp í 10.000 mál á sólarhring.

Eftir að ég hafði hugsað málið, sagði ég þeim Guðmundi bæjarfógeta og Snorra, að ég mundi gera tilraun til lánsútvegunarinnar gegn venjulegri málflutningsþóknun.

Ég hafði útvegað h/f Ingólfi á Ingólfsfirði 2 millj. kr. lán til byggingar síldarverksmiðjunnar þar. Í því sambandi fékk ég nokkra reynslu á því, hvernig heppilegast væri að haga lánsútvegun eins og þessari. Ég lagði því til, að reynt yrði að skipta lánsupphæðinni niður í fleiri lán, tryggð með mismunandi veðréttum til mismunandi langs tíma og með mismunandi vaxtakjörum, þannig að hægt væri að ná til fleiri lánveitenda, en að öll lánin mynduðu samræmda heild fyrir lántaka. Vildi ég fá ca. 2,5 millj. kr. út á 1. veðrétt til langs tíma með tiltölulega lágum vöxtum, en styttri lán með hærri vöxtum út á síðari veðrétti.

Ég tek það skýrt og greinilega fram, að á þessum tíma var alls ekki gert ráð fyrir neinni ríkisábyrgð, og Tryggingastofnun ríkisins hefur aldrei krafizt ríkisábyrgðar, hvorki fyrir láni sínu né síðari lánum.

Ég skal nú ekki lýsa starfi mínu í sambandi við lánsútvegunina, en láta mér nægja, með leyfi hæstv. forseta, að lesa upp kafla úr bréfi, sem við Guðmundur Hannesson bæjarfógeti sendum stjórn Útvegsbankans 23. maí s.l., þar sem skýrt er tekið fram, hvernig málið stóð þá. Gerði ég mér góðar vonir um, að bankinn veitti þær ábyrgðir, sem um var beðið. Bréfkaflinn er svo hljóðandi:

„Tilraunir okkar til fjáröflunar hafa gengið svo sem hér segir:

1. Tryggingastofnun ríkisins hefur lofað að veita Siglufjarðarkaupstað lán að upphæð allt að 2,5 millj. króna, sem sé afborgunarlaust í allt að tveim árum, en borgist síðan upp með jöfnum afborgunum á 17—18 árum. Lán þetta sé tryggt með 1. veðrétti í verksmiðjunni og beri 4½% ársvexti. Áskilið er af hálfu tryggingastofnunarinnar, að bankaábyrgð sé sett fyrir skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta láns þessa, þar til er verksmiðjan er komin upp og tekin til starfa með fullum afköstum, en þá fellur bankaábyrgðin niður af sjálfu sér.

2. Við höfum fengið ákveðinn ádrátt frá tveimur peningastofnunum hér í bænum um, að þær kaupi af Siglufjarðarkaupstað á nafnverði skuldabréf að upphæð allt að 2 millj. kr., sem séu afborgunarlaus í eitt ár, en greiðist síðan með jöfnum afborgunum á átta árum. Vextir séu 3½%. Áskilið er, að skuldabréf þessi séu tryggð með bankaábyrgð, en gengið út frá, að bankinn taki aftur sem tryggingu 2. veðrétt og uppfærslurétt í verksmiðjunni næst á eftir framangreindum 2,5 millj. kr.

Við leyfum okkur nú að fara fram á, að þér veitið Siglufjarðarkaupstað ábyrgðir þær, sem að framan greinir.

Tryggingar þær, sem þér hafið fyrir ábyrgðinni, eru:

1. Að lántaki er eitt stærsta og athafnamesta bæjarfélag hér á landi.

2. Eignir þær, sem Rauðka þegar á og samkvæmt framanrituðu eru lágt metnar á kr. 2.121.880,00.

3. Verðmæti þau, sem þær 4,5 millj. kr., sem óskað er tryggingar fyrir, skapa.

4. Sparisjóður Siglufjarðar hefur með símskeyti dags. 20. þ. m. kveðið sig reiðubúinn til að lána Siglufjarðarkaupstað allt að hálfri millj. króna án tryggingar til þess að greiða það, sem á kynni að vanta, ef áætlaðar 4,5 millj. kr. nægja ekki til að fullklára verksmiðjuna, með þeim kjörum, að ekki rýri árlega greiðslumöguleika á 4,5 millj. kr. lánunum. Standist kostnaðaráætlunin og ef þér takið að yður framangreindar ábyrgðir, býðst sparisjóðurinn til þess eftir frjálsu vali hans annaðhvort að lána verksmiðjunni síðustu hálfu milljónina án ábyrgðar yðar eða gefa yður bakábyrgð fyrir allt að hálfri milljón króna, sem lækkar hlut-

fallslega við ábyrgð yðar á þeim 2 milljónum króna, sem væntanlega verða tryggðar með 2. veðrétti í verksmiðjunni, jafnóðum og hún afborgar það lán.

Þegar það er athugað annars vegar, að svo miklar tryggingar eru fyrir þeirri upphæð, sem farið er fram á, að þér veitið bakábyrgð fyrir, og hins vegar, að slík bankaábyrgð gefur bankanum kr. 250.000,00—kr. 280.000,00 í aðra hönd fyrir ábyrgðina yfir lánstímann, vonum við, að bankinn sjái sér fært að takast á hendur umbeðnar ábyrgðir.

Við viljum að síðustu taka fram, að tilboð h/f Héðins rennur út 25. þ. m. og fæst ekki endurnýjað óbreytt. Er okkur því nauðsynlegt að fá svar bankans við málaleitun okkar ekki síðar en á hádegi fimmtudaginn 25. þ. m.“

26. maí var ég kallaður niður í Útvegsbanka, en Vélsmiðjan Héðinn hafði þá framlengt tilboð sitt þar til að kvöldi 27. maí. Hafði bankastjórnin þá lagt bréf okkar Guðmundar fyrir bankaráðið, og var svar bankans á þessa leið:

„Bankinn er velviljaður málinu, en telur, að ekki sé bankahæf trygging fyrir öllum þeim ábyrgðum, sem farið er fram á. Hins vegar álítur bankinn, að það sé svo mikið hagsmunamál fyrir þjóðina í heild, að Rauðka komist upp fyrir næstu síldveiðivertíð, að eðlilegt sé, að ríkið taki að sér nokkra ábyrgð á eftir bankanum, en á undan Sparisjóði Siglufjarðar.

Bankinn er þess vegna tilbúinn til þess að takast á hendur umræddar bráðabirgðaábyrgðir og að lána eða ábyrgjast lán að upphæð 1 milljón króna á eftir tryggingastofnuninni svo og að veita rekstrarlán, og í því sambandi talað um 0,5 milljón kr., ef hægt er að fá ríkisábyrgð fyrir 1 milljón króna gegn veðrétti næst á eftir bankanum.“

Þetta er í fyrsta skipti, sem ríkisábyrgð er nefnd í sambandi við lántökuna, og kom uppástungan um hana frá Útvegsbanka Íslands.

Svona stóð málið 26. maí s.l., en eins og ég gat um áður, féll tilboð Héðins úr gildi næsta kvöld. Hér var því ekki um annað að gera en að hætta alveg við málið í svip, því að tími var ekki til að snúa sér til annarra væntanlegra lánveitenda, ef verksmiðjan átti að komast upp næsta sumar, eða rannsaka, hvort ekki væri þingmeirihluti fyrir því að samþykkja áskilda ríkisábyrgð.

Vitað var, að Sósíalistafl. mundi samþ. ábyrgðina, og líklegt mátti telja, að Alþfl. gerði hið sama. Eftir var að athuga aðstöðu Framsfl. og Sjálfstfl., og mátti búast við, að hvorir tveggja flokkarnir væru klofnir, — frjálslyndu mennirnir flestir með, en afturhaldið úr báðum flokkunum náttúrlega á móti.

Guðmundur Hannesson tók að sér að tala við forystumenn Framsfl., en ég við aðra þm., sem hægt var að ná til á þeim stutta tíma, sem til stefnu var.

Ég fyrir mitt leyti gat ekki séð neitt á móti því, að ríkið tækist á hendur umrædda ábyrgð. Ég hafði undirritað bréf til bankastjórnar Útvegsbankans og beðið þá stofnun um að takast ábyrgðina á hendur, af því að ég taldi og tel enn, að fullkomlega bankahæf trygging sé fyrir hendi. Og þá leiðir það af sjálfu sér, að því fremur var næg baktrygging fyrir ríkisábyrgð, því að gerðar eru og gera ber minni kröfur til baktryggingar fyrir ríkissjóð, ef fyrirtækið á annað borð er þess vert, að ríkið aðstoði við stofnun þess með ábyrgð sinni. Ég gat því af beztu sannfæringu mælt með því við hv. þm., að þeir gyldu ríkisábyrgðinni jákvæði sitt. En mér dettur ekki í hug, að meðmæli mín hafi á nokkurn hátt haft áhrif á ákvörðun hv. þm. Þeir eru einfærir um að taka ákvarðanir sínar hver fyrir sig, og því miður er ég ekki sá áhrifamaður á Alþingi, sem hv. þm. S-Þ. virðist vilja gefa í skyn.

Ég fæ ekki séð, að það, að ég er í svip þm., hafi átt að útiloka mig frá að þreifa fyrir mér um fylgi hv. þm. um ríkisábyrgð. Engum hv. þm., sem ég talaði við eða sendi skeyti, gat blandazt hugur um, að ég kom hér fram sem málafærslumaður Siglufjarðarkaupstaðar, og ég staðhæfi, að ég hafi í öllum greinum skýrt þeim rétt frá öllum málavöxtum. Og ekki minntist neinn þeirra á við mig, að hann áliti milligöngu mína óviðeigandi, vegna þess að ég væri þm. Eru þó í hópi þeirra ýmsir af mínum betri vinum, sem sjálfsagt hefðu bent mér á sem ungum og óreyndum þm., ef þeir álitu, að ég væri hér á rangri braut. Hv. þm. S-Þ. er sá eini, sem fundið hefur að þessu, og verð ég að segja, að ég efast um, að skoðun hans hefði verið sú, sem nú virðist vera, á framkomu minni, ef hann hefði verið málinu hlynntur eða ég þægur flokksmaður hans.

Mér hefði líka verið í lófa lagið að koma sjálfur hvergi nærri þessum síðasta lið lánsútvegunarinnar og láta annan málaflutningsmann annast hann, að sjálfsögðu með sama árangri. En slíkt er mér ekki að skapi. Ég þykist vera hreinn og beinn og hef engu að leyna.

Ég skal ekki fjölyrða um þetta, en niðurstaðan varð, að flestallir þeir hv. þm., sem til náðist, sýndu málinu fullan skilning, og innan tilsetts frests voru bankanum afhent skilríki, sem hann taldi tryggja, að málið næði fram að ganga á Alþ. og nægja til að veita bráðabirgðalán, svo að hægt væri að byrja á fyrirtækinu.

Hv. þm. S-Þ. má kalla framkomu mína ómóralska, ef hann vill. Siðferðileg sjónarmið okkar eru áreiðanlega mjög ólík. Ég felli mig t. d. ekki við þann móral, sem felst í niðurlagi þessa svokallaða nál., þar sem hv. þm. ráðleggur þm. að svíkja gefin loforð. En bankastofnunin hefur lánað féð í því trausti, að þau verði haldin.

Þá áfellist hv. þm. S-Þ. aðferðina við að afla tryggingar fyrir væntanlegu þingfylgi. Alþingi sat ekki á rökstólum, þegar þetta gerðist, og það er alkunna, að einmitt slík undirskriftarskjöl sem þau, er fyrir liggja í þessu máli, hafa oft verið notuð áður, þegar fjárhagsákvarðanir hefur orðið að taka í sambandi við loforð um væntanlegar ábyrgðir eða fjárveitingar, og það jafnvel meðan Alþ. hefur átt setu. Má t. d. minna hv. þm. á undirskriftir tuttuguogáttamenninganna í fyrra.

Hv. þm. notar enn sem fyrr þinghelgina til að ráðast að utanþingsmönnum, sem geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér, eins og t. d. Guðmund Hannesson bæjarfógeta. Ég þarf ekki að áfellast það. Slíkur verknaður dæmir sig sjálfur.

Hvað þóknuninni til mín fyrir lánsútvegunina viðvíkur, er það að segja, að hún fer eftir venju og gjaldskrá málafærslumannafélagsins, sem staðfest er af dómsmrh., en út af einni setningu í nál. vil ég taka fram, að hvorki nokkur framsóknarmaður né Alþýðuflokksmaður hefur fengið, á rétt á að fá eða mun fá nokkurn hluta af henni.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Á þskj. 343 er þess getið, hvaða þm. úr Sjálfstfl. hafi ekki skráð nöfn sín á það skjal, sem á að tryggja ábyrgð ríkissjóðs fyrir byggingu síldarverksmiðju á Siglufirði. Meðal þeirra er ekki mitt nafn, og með því að hv. þm. S-Þ. hefur ekki leiðrétt það, að ég væri ekki meðal þeirra manna, sem hefðu undirskrifað þetta tryggingarskjal, um leið og hann leiðrétti m. a. nafn Péturs Magnússonar, þykir mér ástæða til að skýra frá því, að ég hef ekki átt neinn þátt í því, sem gerzt hefur í máli þessu á bak við tjöldin, áður en þing kom saman.

En ég vil, úr því að ég stóð upp, minna hv. þm. á, að áður en gengið er til atkv. um afgreiðslu þessa máls, er mjög nauðsynlegt að gera sér grein fyrir þremur mikilvægum atriðum í sambandi við það, þar sem hér er farið inn á nýja braut, ef till. verður samþ., — að ríkissjóði er ætlað að ábyrgjast stórkostlegt lán fyrir byggingu síldarverksmiðju, auk þess sem hér er höfð í frammi alveg sérstök aðferð við undirbúning og afgreiðslu málsins.

Hið fyrsta atriði er, hvort þess sé þörf vegna almenningsheilla, að þessi verksmiðja sé byggð. Reynist það rétt, er sjálfsagt, að til komi ábyrgð ríkissjóðs, ef aðrar leiðir þykja ekki færar, svo að hægt sé að framkvæma verkið. Nú heldur hv. þm. Borgf. því fram, að nauðsynlegt sé vegna almenningsheilla að koma verksmiðjunni þannig upp og veita ábyrgðina og þess vegna sé hann samþykkur ábyrgðinni. Þessi niðurstaða hans í málinu sé á engan hátt í tengslum við undirbúning málsins, enda hafi undirskriftirnar á skjalinu engin áhrif haft á skoðun sína um nauðsyn ábyrgðarinnar. Í sambandi við þetta vil ég leyfa mér að benda á, að sú stefna hefur ríkt í þessum málum undanfarin ár, að það ætti ekki að fjölga síldarverksmiðjum í landinu fram yfir það, sem ríkið gerði sjálft. Fyrir þessa meginástæðu er það sett í 1. gr. l. um síldarverksmiðjur, að heimild rn. þurfi til að byggja síldarverksmiðjur. Þessari heimild hefur á undanförnum árum verið beitt þannig, að hér eru nú miklu færri verksmiðjur en annars væru, ef þessi lagaákvæði hefðu ekki verið til og þeim beitt skefjalaust til synjunar þeim, sem hug hafa haft á því að fjölga slíkum verksmiðjum. Ég tel því, að eðlilegra væri að greiða úr þessum verksmiðjuskorti á þann hátt að afnema l. og 2. gr. fyrrnefndra l. og gefa þetta mál þar með alveg frjálst fyrir einstaklinga. Væri þetta miklu ódýrara og áhættuminna fyrir ríkissjóð.

Það hefur líka sýnt sig, að rekstur síldarverksmiðja er engu heppilegri fyrir það opinbera en einstaklingana. Ríkisverksmiðjurnar hafa ávallt ráðið síldarverðinu til útgerðarmanna og sjómanna. Hefur nýlega orðið um það atriði hörð barátta milli þeirra og ríkisstjórnarinnar, sem þó endaði þannig, að stjórnin varð að láta í minni pokann, vegna þess að einstaklingarnir, sem áttu og starfræktu síldarverksmiðjur, gátu boðið hærra verð en atvmrh. taldi á þeim tíma, að ríkisverksmiðjurnar gætu borgað. Það hefur enn fremur sýnt sig, að verksmiðjur einstaklinga hafa grætt talsvert meira fé en ríkisverksmiðjurnar, þótt síldarverðið á hverjum tíma sé sama hjá báðum, og það þótt ríkisverksmiðjurnar greiði minni gjöld til bæjar- og sveitarfélaga en ef þær hefðu verið eign einstaklinga. Mér finnst því, að þetta atriði sé mjög veigamikið og rétt fyrir hv. þm. að gera sér þetta vel ljóst, áður en gengið er til atkv. um málið, og hvort því ekki sé réttara að breyta núgildandi l. um síldarverksmiðjur þannig, að leyft sé að stækka verksmiðjurnar af frjálsum vilja og stuðla þannig að því, að sjómenn fái þar með hærri laun, eins og reynslan hefur sýnt, heldur en að ríkið sé að byggja sjálft eða standa bak við bæjarfélögin með milljónaábyrgðir.

Hið annað atriðið er, hvort þetta sé þörf fyrir Siglufjörð. Hv. þm. Seyðf. hefur haldið fram, að svo sé. Skal ég ekki deila um það við hann, því að ég hef ekki haft tækifæri til að kynna mér, hversu arðvænlegt fyrirtæki er hér um að ræða. Hitt er mér ljóst, að það er tvíbent, að bæjarfélag, sem þarf að kalla að taka allt til láns til að byggja upp stóra verksmiðju á mjög dýrum tíma, muni hafa af því fjárhagslegan ávinning, auk þess sem á því er enginn vafi, að ef Siglufjarðarbæ væri heimilt að taka sömu gjöld af ríkisverksmiðjunum og hann mætti taka af sams konar fyrirtækjum, er væru í eigu einstakra manna, mundi hann verða í framtíðinni betur staðar en verið hefur hingað til. Og með því að ekki hafa verið lögð fram þau gögn í þessu máli, sem fullvissa hlutlausa athugendur um nauðsyn þess fyrir bæjarfélagið að hleypa sér í þann kostnað nú, sem samfara er þessari byggingu, get ég ekki greitt atkv. með till. eins og hún liggur fyrir.

Þriðja atriðið, er, — og er það e. t. v. ekki hið ómerkasta, — hvort það sé sæmandi af Alþ. að samþ. nokkra ábyrgð, sem undirbúin hefur verið á þann hátt, sem hér hefur átt sér stað, hvort sem það eru fimm milljónir eða einhver önnur upphæð. Það er þegar upplýst í umr., að hér hefur tvímælalaust verið smalað saman bak við tjöldin ákveðnum mönnum til að tryggja ákveðið mál. Ef þetta er þingleg meðferð á máli, hvers vegna er þá verið að ákveða tvær umr. um það og láta þess utan virðingarmestu n. þingsins athuga það og skila um það áliti? Hvers vegna er það þá ekki afgreitt umræðulaust, nefndarlaust og álitalaust með einfaldri atkvæðagreiðslu? Sé ætlazt til þess, að

þessi háttur verði hafður á afgreiðslu mála í framtíðinni, er óhætt að breyta þingsköpum, breyta þeim þannig, að þegar um auðsæ hrossakaupamál sé að ræða, eins og hér virðist vera, þá skuli halda þeim fyrir utan almenna þingfundi, nema ef vera skyldi til endanlegrar atkvæðagreiðslu. Því að ég hygg, að þeir, sem sömdu þingsköpin, hafi ákveðið þau með það fyrir augum, að málin yrðu athuguð gaumgæfilega á þingi og komið í veg fyrir meðferð slíka sem þessa, svo að það komi ekki fyrir, að mál yrðu afgreidd á þann hátt, sem hér er til stofnað. Hversu mikil nauðsyn það er að byggja verksmiðjur í landinu og hvort sem það er á Siglufirði eða einhvers staðar annars staðar, þá gæti ég aldrei fengið mig til að samþ. ábyrgð, sem væri undirbúin eins og hér hefur verið gert. Ég mundi telja, að ég hefði þá rofið þingmannseið minn, sem ég hef gefið með undirskrift minni, um að halda stjórnarskrána og rækja þingmannsstörfin eftir beztu sannfæringu á allan hátt og í samræmi við gildandi þingsköp um meðferð mála. Hv. þm. Seyðf. gat þess áðan, að enginn af þeim mönnum, sem hann hefði snúið sér til, hefði bent sér á, að nokkuð væri athugavert við þessa meðferð málsins. En þetta er ekki rétt. Þegar þetta mál var nefnt við mig, benti ég einmitt á þetta sem aðalrökin fyrir því, að ég neitaði að undirrita skjalið, bæði við þann mann, sem sendur var með skjalið til mín, og síðar í síma við hv. þm. Seyðf., er hann ítrekaði beiðni um undirskrift mína. Það er því alveg rangt, að hann hafi ekki fengið slíka ábendingu.

Ég hygg, að hv. þm. sé nú ljóst, að hann er hér ekki að taka ákveðna fjárupphæð fyrir að útvega ákveðið lán, því að það er viðurkennt í umr., að lánið hefði fengizt í hvaða peningastofnun, sem var, ef nægar tryggingar hefðu verið fyrir hendi. Og því má honum vera ljóst, að hann er ekki að taka ákveðið fé fyrir að útvega lán, heldur fyrir að útvega atkvæði. Málið er komið á það stig, að ekki þurfti lengur að leita að lánveitendum, heldur þurfti að leita að tryggingum, sem þessir lánveitendur tækju gildar, og þær tryggingar voru hvergi til nema hjá Alþ., eftir því sem hv. þm. Seyðf. hefur sjálfur upplýst. Þess vegna átti honum að vera ljóst, að hann var að bendla þingmannsheiður sinn við það fé, sem hann á að fá fyrir þetta verk.

Ég get ekki tekið það til mín eða viðurkennt, að hægt sé að skipa mér í neina afturhaldsdeild eða flokk fyrir þá ástæðu eina, að ég hafi ekki viljað undirskrifa þetta skjal eða rétta upp höndina tillögunni til samþykktar. Ég tel það ekki tákn afturhalds, þó að menn vilji halda sig innan takmarka þess, sem er þinglegt og heiðarlegt, við afgreiðslu mála. En eigi hér að koma á fastri hrossakaupaafgreiðslu, svo sem hrossakaupum um framlög til vega, hrossakaupum um framlög til hafnargerða og hrossakaupum um ríkisábyrgð í stórum stíl, eins og hér virðist eiga að verða, og ákveða síðan allt slíkt bak við tjöldin og utan þingsins, þá er ég ekki viss um, að það lýsi fremur frjálslyndi en afturhaldi. Slík aðferð er svo langt fyrir utan öll takmörk, svo langt fyrir utan og neðan allt, sem þinglegt má teljast, að ég trúi því ekki fyrr en í síðustu lög, að hv. þm. Seyðf. verði ekki fyrsti maðurinn til að rétta upp höndina gegn þessari þáltill., eins og málið er undirbúið. Með því eina móti getur hann þvegið af sér þann blett, sem hann hefur sett á sjálfan sig með þessu máli hér í þinginu. Og ég vænti þess fyllilega, að hann geri það, ef hann hugsar sér, að þingmannsganga hans eigi að verða honum til gleði og sóma í framtíðinni.

Umr. frestað.

Á 55. fundi í Sþ., 16. okt., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Þetta mál, sem hér um ræðir, er orðið allgamalt hjá Siglfirðingum. Síldarverksmiðjan Rauðka hefur frá 1938 verið rekin fyrir bæjarins fé og nú á síðasta ári með tapi, sem nemur um 1 kr. á hvert mál.

Var nú horfið að því að reisa nýja verksmiðju. En þá kom í ljós, að hægt var að fá hagkvæmari lán með því móti, að ríkisábyrgð fengist fyrir nokkru af því fé, er útvega þurfti.

Á síðastliðnu vori var öllum ljóst, að vinda þurfti að þessu bráðan bug, því að eina leiðin til þess, að verksmiðjan gæti tekið til starfa sumarið 1945, var, að bygging hennar væri hafin þegar í sumar. Var það og gert, strax og unnt var. Ef hins vegar hefði verið beðið eftir því, að þing kæmi saman, hefði verið loku fyrir það skotið, að verksmiðjan gæti tekið til starfa næsta sumar. Þess vegna var tekið það ráð að safna undirskriftum meðal þm. viðvíkjandi ríkisábyrgðinni, með því og að vitað var, að allir þm. voru þegar búnir að taka afstöðu til þessa máls. Og á þennan hátt reyndist unnt að byrja á verkinu þegar í sumar. Nú er að vísu búið að fleygja milljónum króna í sjóinn í síld, og ef togararnir hefðu verið á síld í sumar, hefði útkoman orðið enn verri. En búast má við aukningu síldveiðiflotans á næsta sumri. Það er því hagsmunamál allrar þjóðarinnar, að verksmiðjan komist upp. Nú kom okkur auðvitað ekki til hugar, að ég eða þm. Seyðf., sem hafði forystu í því að afla álits þm. um ríkisábyrgð, gætum á nokkurn hátt haft áhrif á atkvæði þeirra, enda kom í ljós, að þm. voru yfirleitt fyrir fram ákveðnir í því, hvaða afstöðu þeir tækju til þessa máls, og svöruðu flestir ákveðið já eða nei. Þm. Seyðf. hefur með starfi sínu í þessu máli unnið allri þjóðinni gagn og þá auðvitað Siglfirðingum fyrst og fremst.

Hv. þm. Barð. telur, að sökum þess að unnið hafi verið að þessu máli á ósæmilegan hátt, eigi að neita Siglfirðingum um þessa ábyrgð. Hann ræddi málið ekki á þeim grundvelli, hvort það væri nauðsynjamál, enda mundi honum ganga illa að sannfæra nokkurn þm. um annað. En ég vil lýsa yfir því hér, að allar aðdróttanir þm. Barð. til þm. Seyðf. eru tilhæfulausar, og þótt hann að-

stoðaði Siglfirðinga í lánsútvegunum, þá er það einungis af því, að hann telur þetta nytjamál og er því fylgjandi. Það hefði verið full ástæða til, að forseti hefði vítt framkomu þm. Barð., svo fáheyrð sem hún var. Hann vændi hv. þm. Seyðf. um að hafa selt atkv. sitt og jafnvel annarra þm. fyrir peninga. Ég vil benda á, að sú leið, er hér var farin, — að leita álits þm., — er ekkert einsdæmi. Þess er skemmst að minnast, þegar tvennir 14 þm. ákváðu utan þings uppbæturnar til landbúnaðarins, enda þótt sumir þeirra fengju uppbætur sjálfir, svo að tugum þúsunda skipti. — Annars kæri ég mig ekki um að taka hér þátt í deilum á þeim grundvelli, sem þm. Barð. byrjaði á, enda ekki sæmilegt.

Varðandi þær till., sem hér hafa komið fram, þá vil ég þakka undirtektir fjvn. Munurinn á hinum tveim till. er lítill, svo að ég vænti, að það verði þessu máli ekki til falls.

Þá hefur hv. 2. þm. S-M. flutt brtt., sem er þess efnis, að lántaka í 3. veðrétti verði 3½ millj. í stað 4 milljóna. Til þess að sem minnstar deilur verði um þetta mál og það nái fljótt fram að ganga, vil ég mælast til, að þessi brtt. verði samþ., með því að bæjarstjórn Siglufjarðar telur sig geta útvegað nægilegt fé, þótt þetta sé ekki hærra.

Eins og ég gat um áðan, var þegar byrjað á byggingunni og hægt var í vor, og nú er húsið fokhelt og útivinnu að miklu lokið. Nú hafa verkföll þau, er staðið hafa yfir undanfarið, tafið eitthvað fyrir vélum, en þó má ætla, að öllu verði lokið í tæka tíð, þannig að verksmiðjan geti tekið til starfa á næstu vertíð, ef þessi ríkisábyrgð fæst.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil að sjálfsögðu svara nokkru þeim ásökunum, sem beint hefur verið gegn mér. Hv. þm. Siglf. sagði, að ég hefði ekki rætt kjarna málsins. Þetta er ekki rétt. Ég benti á, að til væri önnur leið til þess að fjölga verksmiðjunum, — leið, sem kosta mundi ríkissjóð minna. Og ég benti einnig á það, að fyrir Alþ. lægju ekki nein gögn í þessu máli um, að þetta væri fjárhagsleg nauðsyn fyrir Siglufjörð. Þau hafa að minnsta kosti ekki verið lögð fram af hv. þm. Siglf. Hann fullyrti það aðeins alveg út í bláinn, að ég hefði ekki komið með neitt til að byggja á í þessu máli, en þær fullyrðingar hv. þm. eru einskis verðar.

En hv. þm. gefur nýjar upplýsingar, sem hafa ekki legið fyrir áður, það er, að engin þörf sé fyrir Siglufjörð að fá þessa ábyrgð til þess að geta fengið lán, heldur sé hér bara um að ræða spursmálið um vaxtabyrðina. Þetta ætti að gefa hv. alþm. ástæðu til að drepa þetta mál algerlega, því að sé hér aðeins um smáupphæð að ræða, er því síður ástæða til þess að viðurkenna þá aðferð, sem beitt hefur verið hér í þessu máli til þess að útvega atkvæði, og því engin ástæða fyrir hæstv. Alþ. að samþ. þessa till. Og þess vegna þykir mér vænt um þessar upplýsingar, sem hér hafa komið fram.

Hv. þm. Siglf. talaði um það, að hæstv. forseti hefði átt að víta mig fyrir ræðu mína. Ég geri ráð fyrir því, að hæstv. forseti sé orðinn það þingvanur, að hann þurfi ekki að ganga í skóla til þm. Siglf. til þess að læra það, hvenær víta á þm., og ég fór engum þeim orðum um þetta mál, sem gæfu tilefni til þess, ekki frekar en hv. þm. Siglf., sem bar það fram, að ég hefði verið með persónulegar dylgjur í garð hv. þm. Seyðf., sem ég var alls ekki með. Það er eins og hv. þm. hafi ekki hlustað á ræðu mína, og ef hann er ekki kunnugri aðalefni málsins, sem þessa verksmiðju varðar, þá hefði hann átt að fá einhvern annan mann til þess að bera það fram og ræða það. Hv. þm. Seyðf. hefur ekki mótmælt því, að hann hafi fengið peninga til þess að útvega þetta lán. Hv. þm. Siglf. sagði, að það hefði verið hægt að fá lán, en fyrir því vantað meiri tryggingu. Hann þurfti því að ná atkv. alþm. til þess að útvega tryggingu. Þannig var málið, og það hefur ekki verið hrakið af hv. þm. Siglf. Hér er því ekki um að ræða fé til þess að útvega lán, heldur fé til þess að útvega atkvæði. Ég læt aðra hv. þm. um að dæma um það, hvort hér sé um persónulegar svívirðingar að ræða.

Hv. þm. gerði samanburð á máli því, sem afgreitt var hér áðan og hann taldi, að líkt stæði á um í aðalatriðum, en það var um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Keflavíkurhrepp. En það er allt annað atriði, hvort hæstv. ríkisstj. leitar til þingflokkanna um álit þeirra, áður en hún gerir einhverjar ráðstafanir, en að alþingismaður gangi á milli alþm. til þess að binda atkvæði þeirra skriflega um lán, sem nemur stórri fjárhæð, með þeirri öruggu vissu, að þingmennirnir gangi ekki frá því, sem þeir hafa skrifað undir.

Hv. þm. Siglf. vitnaði í, að nákvæmlega það sama hefði átt sér stað, þegar undirskriftirnar fóru fram um uppbæturnar til bændanna á sínum tíma. Það var þó mál, sem búið var að ræða í þingflokkunum og var til þess að spara ríkissjóði miklar fjárhæðir. Það hefur sýnt sig, að margir hv. þm. hafa breytt skoðun sinni í því máli, því að það er vitað, að ódýrasta og heppilegasta aðferðin í dýrtíðarmálunum var að láta dýrtíðina ekki fara upp, heldur greiða hana niður, eins og gert var. Á þessu tvennu er ekki hægt að gera samanburð. Á hinu breyti ég ekki skoðun minni, að það sé ósæmilegt að hafa slíkar aðferðir á hæstv. Alþ., að láta hv. alþm. skrifa undir skjal, til þess að þeir skuli standa við loforð sín í máli, sem í rauninni er fram komið til þess að afla nokkurra atkv. Það er á móti þingsköpum og óþarfi að senda málið í n., ef slík hrossakaup eiga sér stað. Um hitt segi ég ekkert, hvort þetta er einn liður í samningunum, sem gerðir voru við kommúnista (1940). Um það vita aðrir betur.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki blanda mér í þær umr., sem orðið hafa í þessu máli, eða undirbúning þess. En út af brtt. minni á þskj. 385 vil ég segja örfá orð.

Guðmundur Hannesson bæjarfógeti á Siglufirði

talaði við mig s. l. sumar og skýrði mér frá því, að það væri ætlun bæjaryfirvaldanna á Siglufirði að byggja upp síldarverksmiðjuna Rauðku, og lagði fram áætlun um kostnað við að byggja upp verksmiðjuna. Hann skýrði mér frá því, að leitað hefði verið fyrir um lántökur í þessu skyni og að það væri ekki hægt, eins og þá stóð á, að afla þeirra lána, sem til þyrfti, án þess að hægt væri að gefa það upp um leið, að ríkisábyrgð væri föl fyrir einhverju af láninu. Hann skýrði mér frá því, að áætlaður endurbyggingarkostnaður væri 4½ millj. kr., og jafnframt, að af þessu fé mundu fást lánaðar heima fyrir 500 þús. kr. frá Sparisjóði Siglufjarðar og bæjarstjórn hefði fengið Rauðku leysta úr veðböndum og hún yrði einnig lögð fram sem áhættufé af hálfu bæjarins, en hún hefur verið metin um 2 millj. kr. virði. En hún var talsvert mikils virði sem grundvöllur að fyrirtækinu.

Ég skýrði honum frá því, að ég teldi eðlilegt, að málið gæti verið framkvæmt, án þess að ríkisábyrgð kæmi til, og eðlilegt væri, að Siglfirðingar legðu það mikið fram til verksmiðjunnar, að lánsstofnanir treystust til að lána á móti það, sem á vantaði, án þess að ríkisábyrgð kæmi til. — Bæjarfógetinn kvaðst fús til þess að gera allt, sem í hans valdi stæði, til þess að þetta gæti orðið, en kvað naumt á um tíma, vegna þess að út væri að renna frestur, sem settur var um tilboð um bygginguna frá firma hér í Reykjavík, svo að ekki væri hægt að fá svigrúm um þessa lausn á málinu. Hann kvað því vera um tvær leiðir að ræða: að hætta við málið eða hitt, að nægilega margir alþm. gæfu kost á að vera með ríkisábyrgð.

Nú hefur það verið mitt hlutskipti fyrir nokkrum árum að setja fótinn fyrir, að þessi verksmiðja væri endurreist, og ég gerði það þá vegna þess, að málið lá þá þannig fyrir, að það var um tvennt að velja, annaðhvort að síldarverksmiðjur landsmanna yrðu stækkaðar með þeim hætti eða ríkisverksmiðjan á Raufarhöfn yrði stækkuð. Þegar nú um þetta tvennt var að velja, þá vildi ég heldur, að ríkið stækkaði sína verksmiðju. En það var ekki vegna þess, að ég væri því mótfallinn, að þessi verksmiðja efldist, frá því sem verið hafði. Nú taldi ég þess vegna eðlilegt að gefa kost á því að styðja þetta mál, þó að einhver ríkisábyrgð komi til. Ég sagði þá sem mína skoðun, og ég er sömu skoðunar enn, að ef Siglfirðingar legðu fram 1—1½ millj. kr. í peningum og svo eignirnar, eins og ráðgert er, þá hefðu lánsstofnanir hér getað lánað líkum fyrirtækjum án þess að hafa ríkisábyrgð. Þetta ætti þá að vera fullkomlega eins tryggt og annað, sem gert er um þessar mundir.

Nú hefur, að því er mér skilst, verið gengið linlegar fram í því að afla þessa fjár en eðlilegt hefði verið, en þó er mér kunnugt um, að byrjað er á að selja skuldabréfalán á Siglufirði, sem á að ganga til þessa fyrirtækis, til viðbótar því, sem Sparisjóður Siglufjarðar hefur lofað að lána. Brtt. mín er miðuð við, að í framkvæmdinni verði þessu hagað þannig í Siglufirði. Þannig verður ekki ábyrgzt 1½ millj., nema sýnt sé, að Siglfirðingar hafi gert allt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að afla lána heima fyrir til verksmiðjubyggingarinnar.

Nú hefur verið lögð fram till. um það, að ábyrgjast 1½ millj. kr. á eftir 4½ millj. kr. Ég get ekki skilið, á hverju þessi till. er byggð, og mér virðist óþarfi, að ríkið gangi í svo mikla ábyrgð fyrir þetta fyrirtæki, — það ætti að vera augljóst mál, eins og till. mín er á þskj. 385. Þar geri ég ráð fyrir því, að ríkissjóður ábyrgist 1 millj. kr., sem komi á eftir 3½ millj. kr., en ekki á eftir 4½ millj. kr., eins og hv. flm. gerir ráð fyrir í till. sinni. Þá ætlast ég til, að því næst sé heimilt að bæta við ½ millj. kr., ef kostnaðurinn fer fram úr 5 millj. kr. Ég hugsa mér sem sé, að fyrst komi 3½ millj. kr., svo ½ millj. kr. frá Sparisjóði Siglufjarðar og síðan 1 millj. kr., sem ríkisstj. yrði falið að ábyrgjast, en því aðeins nokkur viðbót, að verksmiðjan fari fram úr 5 millj. kr. fullreist. Till. mín er flutt með þeim skilningi, að ríkið þurfi aldrei að ábyrgjast meira en 1 millj. kr., sem komi á eftir 3½ millj. kr., það er að segja, að á verksmiðjunni hvíli 4½ millj. kr. Rauðka verður lögð fram frá Siglufjarðarkaupstað eins og hún er og ½ millj. kr. frá Sparisjóði Siglufjarðar, og fyrir því, sem á vantar, verði boðin út heima fyrir almenn skuldabréfalán. Ég hef ekki trú á því, að það sé nein veruleg áhætta fyrir ríkið að ábyrgjast þessa einu millj. kr. með þessum hætti. Mér er sagt, að þetta sé heppilegur staður fyrir verksmiðju og aðstaða til rekstrar hennar eins góð og frekast verður á kosið.

Ég vil segja það einnig, að ég teldi mjög heppilegt, ef illa færi fyrir Siglufjarðarbæ og hann gæti ekki staðið í skilum með greiðslur á þessum lánum, að ríkið eignaðist þessa verksmiðju upp í skuldina. Verksmiðjan á að geta tekið 5 þús. mál, og með litlum tilkostnaði mætti stækka hana upp í 10 þús. mál, þannig að ég er ekki hræddur um, að þetta verði svo mjög áhættusamt fyrir ríkið, ef haldið er á þessu máli eins og brtt. mín gerir ráð fyrir.

Ég skal að lokum minnast á, að ég var ekki viðstaddur, þegar hv. þm. Siglf. talaði, en mér hefur verið sagt, að hann og ýmsir aðrir hv. þm. ætli að fallast á þessa brtt.

Það mun þurfa að breyta brtt. þannig, að hún orðist við brtt. á þskj. 337 í stað brtt. á þskj. 345. þ. e. a. s. orðist við nál. meiri hl. fjvn. í stað minni hlutans, og vil ég afhenda forseta till. skriflega með þessari einu breytingu.

Forseti (GSv): Það hefur komið fram brtt. við brtt. á þskj. 385, um, að till. orðist við þskj. 337 í stað 345, og skoðast hún samþ. án atkvgr., ef enginn mælir því í gegn. — Breyting þessi er samþykkt.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í þær umr., sem hér hafa átt sér stað, enda hef ég ekki átt þess kost að fylgjast með þeim öllum. En ég hef þó heyrt þess getið, að hv. þm. Barð. hafi, síðast er þetta mál var til umr., farið allhörðum orðum um þá hv. þm., sem ritað hafa undir loforð um að styðja þá ábyrgð,

sem hér um ræðir. Í ræðu sinni áðan ítrekaði og áréttaði svo hv. þm. Barð. þessi ummæli sín á þann hátt, að hann sagði eitthvað á þá leið, að sannað væri, að hv. þm. Seyðf. hefði fengið fé fyrir að útvega atkv. hv. alþm. með þessu máli.

Af því tilefni, að ég er einn þeirra alþm. Sjálfstfl., sem einna fyrstur undirritaði þessa yfirlýsingu, er hér um ræðir, þá vil ég fyrir mitt leyti algerlega mótmæla þeim aðdróttunum, sem í þessu felast. Ég vil mótmæla því og tel það mjög miður farið, að slíkt skuli hafa komið fram og a. m. k. virðingu sjálfs mín stórlega misboðið að því, sem aðdróttuninni er til mín stefnt, með því að því sé haldið fram, að einstakir alþm., í hvaða flokki sem þeir eru, geti verzlað með atkvæði mitt, og hygg ég, að hv. þm. Barð. hafi ekki gert sér ljóst, hvað í orðum hans felst. Ég vil halda því fram, hvað varðar mig persónulega og aðra flokksbræður mína og aðra þá hv. alþm., er ég þekki til og undirritað hafa þetta skjal, að við höfum gert það í þeirri eindregnu sannfæringu, að við styddum rétt mál, og að því fari fjarri, að við höfum verið fé bornir, og enn síður, að við höfum látið aðra menn verzla með atkvæði okkar. Það lýsir furðulitlu áliti þessa hv. þm. á dómgreind okkar og þingmannshæfileikum, ef hann telur, að nöfn okkar séu svo auðfengin til undirskrifta, sem hann vildi með þessu gefa í skyn.

Eins og ég sagði, þá hef ég ekki átt þess kost að fylgjast að öllu leyti með þessum umr. og skal þess vegna ekki blanda mér frekar inn í þær, að öðru leyti en þessu, að mótmæla algerlega þessum ummælum, sem í ræðu hv. þm. Barð. fólust. Og ég harma það mjög, að menn skuli láta slíka aðdróttun sér um munn fara hér á hv. Alþingi. Það er vitað mál, að fjöldi málefna er afgreiddur með svipuðum hætti og þær undirskriftir, sem hér um ræðir. Það er vitað mál, að áður en alþm. skrifa undir slíkt, þá kynna þeir sér það og taka afstöðu með málunum eða móti. Það má að vísu segja, að heppilegra væri, að afgreiðsla mála færi ætíð fram á formlegan hátt á þingi, en ef menn bera ekki meira traust til alþm. en svo, að þeir láti nafn sitt falt fyrir fé til slíkra undirskrifta, þá er líka ekkert því til fyrirstöðu, að hið sama geti átt sér stað við handauppréttingu á þingi eða að menn hreyfi tunguna til þess að segja já í þingsölunum. Ásökun hv. þm. Barð. hefur því enga stoð í raunveruleikanum eða því, sem hér hefur átt sér stað. Er og vitað mál, að jafnvel hinar mestu fjárgreiðslur hafa áður verið skuldbundnar með svipuðum hætti. Er þess skemmst að minnast, að ýmsir hv. alþm. bundust undir það á síðasta ári að styðja margra millj. kr. greiðslur úr ríkissjóði með undirskriftum. Og því verður ekki í móti mælt, þótt þar sé ef til vill ekki um mjög stórar upphæðir að ræða, að sumir þeirra manna áttu þar hagsmuna sjálfra sín að gæta. Verður að hafa það í huga, ef nú á að fara að hefja ofsóknir gegn einstaka alþm. fyrir það, að hann sem alþm. hefur tekið að sér að útvega málinu já-atkvæði, þótt hann e. t. v. sem málflutningsmaður hafi haft einhver önnur skipti af málinu og fengið greiðslu fyrir þau, svo sem tíðkanlegt er. Ef gera á slíkt að sönnun fyrir spillingu hv. alþm. og að þeir selji atkvæði sín fyrir fjárgreiðslur, þá kynnu vissulega fleiri atriði að koma þar til skoðunar, áður en lyki. Og vildi ég þar í allri vinsemd t. d. skjóta því að upphafsmanni þessara umræðna, hv. þm. S.-Þ., að ég veit ekki betur en hann hafi áratugum saman tekið fé úr sjóði samvinnuhreyfingarinnar til þess að vinna henni gagn, m. a. hér í þingsölunum og m. a. með þeim lítt viðurkvæmilega hætti, að hann hefur stórum dregið fram hlut skóla síns, — þess skóla, sem hann hefur lífsuppeldi sitt af að stjórna, — miðað við aðra hliðstæða stofnun hér í landinu. Og það misrétti, sem þar hefur átt sér stað, verður vandskýrt með öðru en því, að þessi skólastjóri hafi notað þingmannsaðstöðu sína til framdráttar stofnun sinni, en niðurdreps annarri stofnun. — Þannig mætti lengi telja, ef hv. þm. vildu fara út í slíkan leik. — Og varðandi minn ágæta vin, hv. þm. Barð., er sannast bezt að segja, að við höfum hér oft, — e. t. v. með misjafnri ánægju, — séð hv. þm. Barð. standa hér upp og heyrt hann þá ræða um einkamálefni sín á þinginu og nota þingmannsaðstöðu sína til þess að verja aðstöðu sína sem einkaatvinnurekanda. — Hér situr til hægri hliðar mér hv. þm. Mýr. Mér kemur það til hugar, að á s. l. sumri var án þingssamþykktar og með samþykki flokkanna ákveðið af hæstv. ríkisstj. að kaupa setuliðsskála af því tilefni, að koma ætti í veg fyrir brask með þessa skála. Ég held, að ég fari með rétt mál í því, að hv. þm. Mýr. hafi fyrir allstóra fjárhæð gerzt kaupandi að þessum setuliðsskálum og þar með gerzt kaupandi að þeim mannvirkjum, sem hann hafði með atkv. sínu og skuldbindingu stutt til þess, að ríkið keypti, í stað þess að þeir yrðu rifnir niður og fluttir á brott. Þannig má lengi telja. — Um sjálfan mig get ég sagt það, að ég hef óhikað hér á þingi notað aðstöðu mína til framdráttar því bæjarfélagi, sem ég hef lífsuppeldi mitt af að standa fyrir og stjórna. — Ég held, að við séum þess ekki umkomnir að ætla að fara að krafsa augun hver úr öðrum um, að við misnotum þingmannsaðstöðu okkar til þess að hrinda málum fram hér á þingi í eiginhagsmuna skyni, og það sé bezt að láta orðræður um slíkt falla sem fyrst niður. Það er oft erfitt að greina í sundur eigin hagsmuni og opinbera afstöðu til mála og af hverju menn eru með máli eða á móti. Í stjskr. segir, að þm. eigi að fara eftir samvizku sinni einni. Og ég hygg, að þm. ættu a. m. k. að telja, að allsterk rök í gagnstæða átt þyrftu að vera komin fram, áður en þeir færu að bera hver öðrum á brýn, að það væri annað en samvizkan, sem atkv. þeirra réði. Og allra síst ætti nokkur hv. þm. að gera svo lítið úr vegi þingsins og meiri hl. hv. þm. að gefa það í skyn, að það væri á valdi nokkurs einstaks þm. að geta verzlað með atkv. þingbræðra sinna.

Forseti (GSv): Ég verð nú, eins og málum er komið og að gefnu tilefni frá hv. þm., að fara fram á, að þeir héðan af haldi sér við málefni það, sem fyrir liggur, en fari ekki út í aðra sálma, sem, — eins og nú horfir, — geta orðið nokkuð misjafnlega sungnir.

Frsm 2. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. — Ég get náttúrlega ekki um það sagt, hvað menn segja um þann söng, sem ég mun hefja hér. En ég skal verða við þeim tilmælum hæstv. forseta, hvað því viðvíkur að blanda mér ekki í þær umr., sem hér hafa farið fram og lotið hafa að því, sem hv. síðasti ræðumaður gerði sérstaklega að umræðuefni.

Í tilefni af yfirlýsingu, sem hv. þm. Siglf. gaf í síðustu ræðu sinni, vil ég segja nokkur orð. Svo er mál með vexti, eins og kunnugt er, að hv. 2. þm. S.-M. hefur flutt hér brtt., sem hann nú að vísu stílaði við brtt. annars minni hl. fjvn., þ. e. þá brtt., sem ég flutti, en hann hefur nú óskað eftir við hæstv. forseta, að hann beri upp brtt. sína við brtt. hv. meiri hl. fjvn. Þessi brtt., sem hv. þm. S.-M. flytur, er í raun og veru alveg samhljóða þeirri brtt., sem ég flyt, að öðru leyti en því, að þar er gert ráð fyrir í brtt. hans, að á 1. og 2. veðrétti hvíli ekki nema 3½ millj. kr., í stað þess, að í hinum till. er gert ráð fyrir því, að á þessum veðréttum megi hvíla 4 millj. kr. Að öðru leyti er brtt. hv. 2. þm. S.-M. efnislega alveg eins og sú brtt., sem ég flyt. En ef hún hins vegar er borin saman við brtt. meiri hl. fjvn., þá skilur þar á um, auk þess sem ég áður nefndi (þ. e., að ekki megi hvíla á 1. og 2. veðrétti nema 3½ millj. kr.), að í brtt. hv. meiri hl. fjvn. er það látið óbundið, hvaða veðrétt ríkið fær fyrir sinni ábyrgð. Og þetta kom til af því, að í fjvn. var því haldið fram af þeim mönnum, sem fluttu málið þar fyrir Siglufjarðarkaupstað, að það gæti valdið stöðvun á þessu verki, ef þessi 4 millj. kr. lántaka væri bundin við 1. og 2. veðrétt, heldur gæti komið til, að það þyrfti að nota frekari veðrétti til þess að afla þessa 4 millj. kr. láns. Þannig lá málið fyrir í fjvn. Og yfirleitt var lögð á það mjög mikil áherzla í n., að till. yrði að samþ. með þessum hætti, að upphæðin, sem hvíla mætti á veðréttum á undan veðrétti ríkisins, væri ekki lægri en 4 millj. kr., og í annan stað gæti það valdið erfiðleikum við lánsútvegunina, ef 3. veðréttur væri ætlaður ríkinu.

Nú þykir mér þess vegna bregða nokkuð undarlega við, þegar hv. þm. Siglf. lýsir nú yfir, að það sé nú fullnægjandi til þess að afla þessara lána og til þess að koma því verki í framkvæmd, sem hér er um að ræða, að samþ. brtt. hv. 2. þm. S.-M., sem lækkar upphæðina, er áður mátti hvíla á þessum veðréttum, um 500 þús. kr., en auk þess bindur 3. veðrétt til handa ríkissjóði. Mér þykir þetta hálfundarlegt, af því að menn veltu dálítið vöngum við samþykkt þessarar till. í fjvn., og hefði sjálfsagt verið með þökkum þegið frá upphafi í n., ef hægt væri að draga úr þeirri áhættu, sem óneitanlega getur fylgt því, að ríkið gangi í svo háa ábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað. Þetta mál stóð þannig, þegar það var rætt í n., að það var ekki einasta álitið ófært að draga úr þeim upphæðum, sem hvíldu á 1. og 2. veðrétti, heldur þótti ótækt að ætla að binda 3. veðrétt til handa ríkissjóði.

Ég lýsi yfir því sem form. fjvn., að mér þykir þetta miður góð framkoma gagnvart n., því að það má fullkomlega líta svo á, að þarna hafi verið gerð tilraun til að blekkja fjvn. í sambandi við afgreiðslu þessa máls og í raun og veru með tvenns konar hætti, með því, að nú er hægt að komast af með lægri upphæð, sem hvíli á 1. og 2. veðrétti, og auk þess þykir nú fært að binda 3. veðrétt til handa ríkissjóði. Svona framkoma þykir mér miður góð og ég vil segja miður sæmileg gagnvart fjvn. og ekki síður gagnvart hæstv. Alþ. Það kann að vera, að eitthvað hafi komið fram í þessu máli síðan, sem útskýri þessa framkomu, og skil ég það þó ekki, því að við gengum í n. allríkt eftir því að fá að kynna okkur þessar lántökur og lántökumöguleika í þessu efni. Ég verð sem sagt að láta í ljós óánægju mína yfir því, sem fram hefur komið að þessu leyti í þessu máli, því að framhaldið af þessu gæti alveg eins orðið það við lengri meðferð þessa máls, að Siglufjarðarkaupstaður þyrfti ekki einu sinni á þeirri aðstoð að halda, sem í brtt. hv. þm. S-M. felst, og e. t. v. mætti færa þetta enn þá niður. Og máske hefði Siglufjarðarkaupstaður ekki þörf fyrir neinn slíkan stuðning, sem hér um ræðir.

Ég vildi aðeins segja þetta í sambandi við þá brtt., sem hér liggur fyrir, að ég kann illa við þessa framkomu, — svo framarlega sem ekki sé eitthvað alveg nýtt til komið í þessu máli, sem gefi tilefni til þeirra breyt., sem hér er um að ræða. Það er vitanlega alveg sjálfsagt fyrir hæstv. Alþ. að samþ. þá brtt. í þessu efni, sem felur í sér minnsta fjárhagsábyrgð fyrir ríkið. En mér hefði fundizt miklu eðlilegra, að það hefði komið strax fram á fyrri stigum þessa máls, að álitið er, að Siglufjarðarkaupstaður þarfnist ekki meiri aðstoðar í þessu efni en gert er ráð fyrir eftir brtt. 2. þm. S-M., þar sem mér virðist, að litlar líkur séu til þess, að aðstaða til lánsútvegunar í þessu sambandi hafi breytzt, síðan málið var borið fram, er gefi tilefni til þessara brtt.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér finnst nú, að ýmislegt hafi skýrzt í þessu máli undir umr., m. a., að það sé ekki þörf á þeirri háu ábyrgð, sem beðið var um í fyrstu, og jafnvel sé engin þörf á ábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað í þessu sambandi.

En ég vil leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv. og varð þess valdandi, að hann bar á mig þungar sakir. Ef hann hefði hlustað á umr. um þetta mál, þá hefði hann getað sparað sér þá ræðu. — Ég hef ekki haldið því fram, að borið hafi verið fé á neinn þeirra manna, sem undirskrifuðu skuldbindinguna um að vera með í að samþ. þessa ríkisábyrgð hér á hæstv. Alþ., en að ég hefði gert það, var uppistaða ræðu hv. 6. þm. Reykv. Enda var því mótmælt af hv. þm. Seyðf. sjálfum. Hv. þm. S-Þ. bar á hv. þm. Seyðf., að hann notaði fé til þess að kaupa atkv. þingmanna *(JJ:* Misskilningur.) Ég hef talað um það, sem viðurkennt er af hv. þm. Seyðf., að hann hafi fengið fé til þess að safna þessum undirskriftum, en ekki, að hann hafi borgað fyrir þær. — En ég vil benda hv. 6. þm. Reykv. á, að það er þýð-

ingarlaust að bera þetta mál saman við undirskriftirnar undir það að borga uppbætur til bænda, og ágreiningur hér á þingi hefur enginn að ráði verið um það. Hv. 6. þm. Reykv. er manna bezt kunnugt um það, að bændur hafa átt kröfu á að fá þetta fé, annaðhvort á þennan hátt eða með hærra verði með venjulegum hætti án niðurgreiðslu úr ríkissjóði, sem þá hefði kostað m. a. Reykjavíkurbæ tugi milljóna kr. Það var því ekki vegna bænda einungis, sem þetta var gert, heldur af því, að það var þjóðhagsleg nauðsyn, og þingheimur var sammála um, að þessu var þann veg farið. Og hv. 6. þm. Reykv. veit, að það mál kemur ekkert við þessu máli, sem hér liggur fyrir.

Hinu vil ég vísa á bug sem óhugsuðu, að ég hafi hér á hæstv. Alþ. rætt einkamál mín, og vildi ég heyra persónulega utan þingfunda, hvaða slík mál hv. þm. á við með því að segja, að ég hafi rætt mál hér á Alþ., sem hafi verið einkamál fyrir mig.

Frsm. 1. minni hl. (Jónas Jónsson): Það er nú orðið nokkuð langt, síðan þetta mál kom á dagskrá. En það hefur verið mikill ávinningur að því, að málið hefur dregizt, vegna þess m. a., að fjárhagur Siglufjarðar virðist á þeim tíma, sem liðinn er, síðan málið kom fram, hafa batnað að verulegum mun, — og mun sá bær eiga nógu erfitt samt.

Annars vil ég fáort víkja að ræðu hv. þm. Seyðf. Hann gaf hér skýrslu um afskipti sín af þessu máli. Kom þar fram, sem ég hafði sagt í nál. mínu, að hann hefur tekið þetta mál að sér, eftir að Siglfirðingar sjálfir hafa strandað með lántökuna. En honum kemur náttúrlega ekki við forsaga málsins eins og hv. 2. þm. S-M. Hv. þm. Seyðf. kemur í þessu máli fram aðeins sem hjálparmaður og fær peninga fyrir þá hjálp, sem hann veitir í málinu. Svo lýsir hann yfir skýrt og skilmerkilega, hvernig það fé, sem hann gæti fengið að láni hjá Útvegsbankanum og tryggingastofnuninni, var bundið því skilyrði, að ríkið gengi í ábyrgð. Enda er það staðreynd, og þess vegna hefur hv. þm. komið með það hér, að hv. þm. Seyðf. gat ekki útvegað þetta lán öðruvísi. Niðurstaðan var þessi, að hann komst ekki þá leið, sem hann hafði ætlað sér, leið, sem var þess eðlis, að ef um það hefði verið að ræða, að hann hefði getað farið hana, þá hefði enginn fundið að því, þó að hann hefði fengið 90 þús. kr. fyrir að útvega lánið, samkvæmt siðferðisreglum þeirrar stéttar, sem hann tilheyrir. En niðurstaðan varð, að hann komst ekki þessa leið. Og ef hann hefur ekki áttað sig á því, hve geysilegur munur er á því annars vegar, meðan hann var sem málafærslumaður að leita láns hjá lánsstofnun, og því hins vegar að koma hér fram á Alþ. í sömu lánsleit, þá álít ég, að þessar umr. hér hafi gert gagn, — því að ég treysti því, að málið falli hér.

En þó að svo verði ekki, heldur álíti hv. þm. sig bundna við undirskriftir sínar, — þótt þær hafi vafalaust verið gerðar þannig, að menn hafi ekki áttað sig á því, hvernig málið var undir komið, — þá mun enginn maður fara í þau spor hv. þm. Seyðf., — sem ég þykist vita, að hann vildi fara úr, ef hann gæti, — að vera upp á hlut til þess að afla máli fylgis á þingi, eins og nú hefur verið gert. Ef slíkt hefði gerzt í þingum, þar sem almenningsálitið hefur sterk áhrif, t. d. í Englandi, að maður eða menn hefðu fengið stórfé fyrir framgöngu sína í að afla máli fylgis, þá mundi málið fyrst og fremst falla; svo mundi alþýðan krefjast þess, að sá þm., sem slíkt hefði framið, segði tafarlaust af sér, og ef hann vogaði að bjóða sig oftar fram til þingsetu, mundi hann falla við kosningar og aldrei á þing aftur koma. — En ég álít, samt sem áður, að hv. þm. Seyðf. sé vorkunn. Hann hefur lent inn á þessi síðari spor óviljandi. Engu síður álít ég, að dæmi hans eigi til varnaðar að verða.

Þessi hv. þm. vék að því, sem hann á manna bezt að vita, að hann hefur ekki þurft að fá neina borgaða hjálparmenn til þess að vinna að þessari lánsútvegun með einum eða öðrum hætti. Hitt er svo öllum kunnugt, enda viðurkenndi hann það við mig, þegar hann kom til viðtals við n., að hann fær 90 þús. kr. fyrir þetta mál. Og þegar sveigt var að því, að hann þyrfti að borga 20 þús. kr. af því í kostnað við það verk, tók hann því ekki ólíklega. En eins og ég ræði málið, kemur mér ekki við, hvernig hann fer með þessa peninga. Það, sem ég segi, er það, að orðrómur er um það á Siglufirði, að þessi maður hafi af sínum peningum, sem hann hafi sem málafærslumaður tekið við og á málafærslumannsgrundvelli, borgað til tveggja annarra manna, annars úr Alþfl., en hins úr Framsfl. En það er ekki ástæða til að gera hávaða út af því, því að það kemur engum manni við nema hv. þm. Seyðf., hvað hann gefur eða lætur fyrir vinnu, enda gæti það verið mörg önnur vinna en fram fer í þingsölunum. En ég álít ekki undarlegt, þó að Siglfirðingar reyni að gera sér grein fyrir, hvað verður af þessum 224 þús. kr., sem nú er búið að festa í þessu máli. Þetta er óvenjulegur kostnaður, og hv. þm. Seyðf. hefur játað, að hann fengi 90 þús. kr. af því. Hitt fannst mér rétt að taka fram, — af því að mér fannst það bera vott um eðlilega og rétta sómatilfinningu hjá þingmönnum, einkum þeim, sem standa að sérstakri lánsstofnun, — að ég hef ekki fengið vitneskju um það, að nein lánsstofnun hafi verið fjármunalega tengd þessu fyrirtæki.

Ég vil taka fram, að menn mega ekki verða hissa á því — og sízt hv. 6. þm. Reykv., — þó að það hljótist eitthvað leiðinlegt af máli eins og þessu. Honum hlýtur að vera það ljóst, — því að m. a. hefur hann skrifað merka bók um Alþ., — vegna sögulegra rannsókna hlýtur honum að vera það ljóst, að það hefur aldrei komið fyrir fyrr í sögu þingsins, að einn þm. hafi upp á prósentur, ekki minni upphæð en 90 þús. kr., reynt að koma máli fram á Alþ. og það þann veg, að hætta er á, að ábyrgð á því lendi á ríkissjóði. Þegar hv. 6. þm. Reykv. gefur út næstu bók með sögu Alþ., þá geri ég ráð fyrir, að hann taki það fram, að

umr. hv. þm. Barð. og mínar um þetta mál hafi orðið til þess, að eftir þetta hafi þótt alveg óhæfilegt, að nokkur hv. þm. væri á prósentuveiðum hér á þessum stað.

Ég sé því ekki annað en það sé réttlátt og eðlilegt að fella þetta mál, eins og ég hef lagt til í nál., því að með því eina móti getur þingið sýnt, að þingmenn hafi, eftir að þeir hafa prófað málið, komizt að þeirri niðurstöðu, að það eigi ekki fram að ganga.

Ég vil svo enn fremur, — þó að aðrir hafi ýtarlega um það rætt, — víkja að því, að það sýnist fullkomin ástæða til að fella þetta mál á fjárhagsgrundvelli, og vil ég í því sambandi sérstaklega *víkja máli mínu til* hv. 2. þm. S-M., sem hefur flutt hér brtt., sem er eins og undirskrift hans algerlega í ósamræmi við fyrri afstöðu hans í þessu máli. Ef þessi verksmiðjuaukning á að kosta a. m. k. 8 millj. kr. og kannske meira, og þar sem 4 síldarverksmiðjur eru til í landinu jafnstórar, sem kostuðu ekki nema 2 *millj.* kr. hver, þá er þetta fyrirtæki fjárhagslega dauðadæmt, því að þetta fyrirtæki hlýtur samkvæmt óhagganlegu lögmáli gjaldþrota að verða gjaldþrota og lenda síðan á ríkinu. Það er því óafsakanleg glópska af hv. þm. að fylgja þessu máli frá því sjónarmiði. Og nú vil ég spyrja hv. 2. þm. S-M.: Hvað hefur breytzt, síðan hann með miklum dugnaði tók afstöðu með okkur fleirum til að vinna á móti því í byrjun stríðsins, að Rauðka yrði endurbyggð? Þá hefði það þó orðið margfalt ódýrara að byggja upp verksmiðjuna en nú. Þá grundvallaði sá hv. þm. það á sömu röksemd, sem nú er borin fram, þó veikari þá en nú, af því að þá hefði verið ódýrara að byggja verksmiðjuna en nú mundi verða, því að það gerir það fyrst og fremst óaðgengilegt að byggja þessa verksmiðju upp nú, hve það yrði dýrt, því að það er nú svo dýrt að byggja, að engin gróðafyrirtæki og enginn gróðamaður byggir nú verksmiðju. Enginn hreyfir sig í þeim sökum, heldur bíða menn betri tíma. Ég get þess vegna ekki annað en óskað þess, að hv. 2. þm. S-M. geri grein fyrir þessu gagnvart okkur, sem stóðum með honum í fyrra skiptið, þegar hann vildi ekki, að endurbygging þessarar verksmiðju gengi fram, og í öðru lagi, hvað hann meinar með undirskrift sinni í sumar. Hann telur nú, að málið eigi ekki að koma til þingsins kasta. Hvað meinar hann með því að skrifa undir? Ætlar *hann, þó að hann hafi ekki viljað ríkisábyrgð* nú, að greiða atkv. með ríkisábyrgð, eftir að sýnt er, hversu óeðlilegt er, að málið gangi fram?

Hv. þm. Borgf. virtist vera nokkuð undrandi yfir þeim mótsögnum, sem kæmu fram viðvíkjandi fjárhagsatriðum þessa máls. Mér finnst hann ætti ekki að tala um það. Hann er sá maður, sem nú hefur setið hér lengst á þ. og ætti að vera ljóst, að í svona máli koma alltaf fram einhver leiðindi því lengur sem um það er rætt, því að það er byggt á óheilbrigðum grundvelli. Þessar mótsagnir eru minni háttar sjúkdómur, en ekki af stærstu tegund.

Þá víkur hv. 6. þm. Reykv. nokkrum orðum að siðferðislegri hlið þessa máls. Hann hlífir sér þó við því að taka fram, að einn af hv. þm. fær 90 þús. krónur, ef hann getur komið fram þessari till., út á atkv. hv. 6. þm. Reykv. Ef þessir menn tækju upp á að segja: Við viljum ekki standa í ábyrgð, — þá fellur þetta allt niður og Siglufjörður mundi ekki fá lán, ef hann fær það ekki út á annað en ríkisábyrgð. Ég hef nú 20 ára þingreynslu að baki og hef aldrei vitað dæmi þess fyrr en nú, að maður hafi gefið atkv. fyrir atkv. Allt, sem einkennir þetta mál, sker sig úr öllum öðrum málum, sem verið hafa til meðferðar á þingi í 100 ár. — Eftir að hv. 6. þm. Reykv. var búinn að hleypa sér í hita í málinu, fór hann að koma með heimspekilegar ályktanir um það, að mjög væri algengt, að ég syndgaði hér með alls konar eigingirni og fjárdrætti. Það var nú samt bersýnilegt, að honum var það ljóst, að þetta var ekki annað en vindhögg, því að hann fór að *afsaka sig sjálfur og þóttist* ekki sekur. Ég vil víkja að því dæmi, sem hann beindi til mín, ekki af því, að það sé nauðsynlegt, heldur til þess að sýna hv. þm., á hve veikum ísi hann er í þessum efnum. Hann hélt því fram, af því að ég er skólastjóri Samvinnuskólans og hann hefur í mörg ár fengið 5 þús. kr. styrk, að þar sem ég hafi verið hér þm., hafi ég greitt atkv. með þessu. Hefði ég verið með fjárdrátt í þessu skyni. Ég vil benda honum á það, að oft á ýmsum árum þessa tímabils hefði ég auðveldlega og án þess að bíða spillingu getað komið því til leiðar, að skólinn hefði fengið miklu hærri styrk. En ég hef frekar dregið úr því, að það væri gert, og reyndin er, að hann hefur verið miklu minna styrktur en nokkur annar skóli á landinu, og það munar svo miklu, að ef þessi skóli hefði verið ríkisskóli, þá hefði af því hlotizt tvítugfaldur kostnaður á við það, sem verið hefur fyrir minn tilverknað með þessum litla styrk. — Samvinnufélögin, sem hv. þm. minntist á einnig í þessu sambandi, eru nú stærstu fyrirtæki okkar, og á bak við þau er fullur helmingur allra heimila á landinu. Það hefur nákvæmlega enga þýðingu fyrir samvinnufélögin, hvort þau fá þann litla styrk, sem ég hef haft forgöngu um að veita þeim, eða ekki. Það, sem ríkið leggur fram á þennan hátt, hefur engin áhrif á aðstöðu Samvinnuskólans, engin áhrif á aðstöðu mína, og því er það, að röksemdir hv. þm. í þessum efnum eru alveg tilgangslausar nema að því leyti að kasta birtu á þá mestu eigingirni, sem hann er að afsaka, með því að vera svo óheppinn að taka dæmi um mestu óeigingirni, sem hefur komið hér fram.

Ég skil, að hv. 6. þm. Reykv. hefur haldið *sína ræðu í svipuðum tilgangi og verkamenn gera* samúðarverkfall, til þess að hjálpa þessum flokksbræðrum sínum, sem hafa lent hér í nokkuð miklum vandræðum, og verður að líta á það, að þessar rökvillur, sem hv. þm. lenti í, standa ekki í sambandi við hans góðu greind, heldur stafa af því, að hann hefur verið að reyna að rökstyðja

mál, sem ekki verður varið. Ég mun, áður en þessari umr. lýkur, leggja fram rökst. dagskrá um, að málinu verði vísað frá, því að ég álít óviðeigandi að samþ. það.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Umr. þær, sem hér hafa farið fram, eru að ýmsu leyti merkilegar og einstæðar í sögu þingsins. Það er alveg rétt hjá hv. þm. S-Þ., að vissulega er það einn höfuðkostur og einkenni hvers góðs stjórnarfars, að fjármálaspilling eigi sér ekki stað. Þegar ásakanir koma fram um það, er nauðsynlegt, að það sé skoðað ofan í kjölinn. Hins vegar á þetta góða áform ekki að verða til þess, að hafnar séu ofsóknir og ásakanir gegn einstökum þm. fyrir það, að þeir gerast stuðningsmenn máls, sem aðrir þm. eru á móti, þegar það í raun og veru liggur fyrir og er viðurkennt, eins og nú þegar er viðurkennt í þessari umr., að ekkert óleyfilegt hafi átt sér stað. Undirstaðan fyrir þeim ásökunum, sem hér hafa átt sér stað frá hv. þm. S-Þ. og hv. þm. Barð., hlýtur þó að vera sú, að þingmeirihluti hefði ekki fengizt fyrir þessu máli nema því aðeins, að sú þóknun hefði verið greidd, sem hér er um að ræða. En þóknunin hefði ekki getað fengið þessu áorkað nema því aðeins, að hefði hún ekki verið greidd, hefðu menn ekki goldið þessu atkv. Það er ekki nema tvennu til að dreifa. Annaðhvort hefur þóknunin haft áhrif eða ekki. Hv. þm. halda því ekki einu sinni fram, að meiri hl. þm. eða yfirleitt nokkrir aðrir en einn þm. hafi haft af þessu nokkurn fjárhagslegan hagnað. Það er bara einn þm., sem þeir taka út úr og segja, að hafi hagnazt á þessu, en hinir allir skuldbundið sig með málinu, án þess að fjárhagslegum hagnaði hafi verið til að dreifa hjá þeim. Þar með er a. m. k. komið í ljós, að málið sjálft hefur haft nægan stuðning, hvað sem afstöðu hv. þm. Seyðf. líður. En svo kemur það einkennilega fram, að þó þessir hv. þm. segi í öðru orðinu, að hv. þm. Seyðf. hafi auðvitað ekki borið fé á aðra þm., þá halda þeir því fram í hinu orðinu, eins og hv. þm. Barð. sagði berum orðum, að hann hefði fengið fé fyrir að útvega atkv. hv. þm. *(GJ:* Hann fékk það líka.) Hann fékk það líka, segir hv. þm. enn þá. Vill þá hv. þm. Barð. í fullri alvöru bera það á mig og aðra hv. þm., sem undir þetta höfum skrifað, að við höfum látið atkv. okkar föl fyrir milligöngu hv. þm. Seyðf.? — að hv. þm. Seyðf. hafi heildsölu á atkv., ekki aðeins mínu, heldur líka annarra hv. þm.? Ég spyr nú hv. þm.: Er hann einn sá alvitri þm., sem ekki einungis veit, af hvaða ástæðum hann fylgir málinu, heldur veit einnig, að við vitum ekki, hvað við gerum, þegar við tökum afstöðu til málsins? Sannleikurinn er sá, að annaðhvort verður hv. þm. að segja hreinlega, að atkv. okkar hafi fengizt fyrir ofangreinda milligöngu hv. þm. Seyðf., eða falla frá sinni kæru. Þar í er engin millileið. Annaðhvort hafa þessir peningar orðið til þess, að atkv. fengust með málinu, sem ella fengust ekki, eða hér er ekki um saknæman hlut að ræða. Ég segi fyrir mitt leyti, að ég skrifaði einna fyrstur manna undir þessa yfirlýsingu af mínum flokksbræðrum, og þá vissi ég fullvel, hvað ég var að gera. Ég átti langt samtal um þetta mál og hafði kynnt mér það rækilega, áður en ég ritaði undir þessa yfirlýsingu, og taldi, að hér væri um mál að ræða, sem fyllilega væri stuðnings vert. Í þessu liggja enn þá þyngri ásakanir hjá hv. þm. í garð þingbræðra sinna en jafnvel ásakanir þeirra í garð hv. þm. Seyðf., ef þeir gera svo lítið úr getu okkar til að dæma um þingmál, að þeir ætla, að við ritum undir slíkt gersamlega hugsunarlaust og að einhver málflutningsskrifstofa úti í bæ geti fyrir vissa þóknun haft atkv. okkar í heildsölu. Spurningin er: Halda þessir hv. þm. því fram, að slík heildsala eigi sér stað, eða halda þeir því ekki fram? Ef þeir halda því fram, að slík heildsala hafi átt sér stað, er um að ræða ásakanir ekki einungis á hv. þm. Seyðf., heldur og meiri hl. alls þingsins. Hv. þm. Barð. hefur af eintómri hvatvísi fallizt á dylgjur hv. þm. S-Þ. og að vissu leyti lent í gildru hjá honum, því að fyrir hv. þm. S-Þ. vakir hvorki að ná sér niðri á hv. þm. Seyðf. né meiri hl. hv. þm., heldur er þarna um að ræða innanflokksdeilur hans við forystumenn síns eigin flokks. Hann hefur talið, að með þessu fengi hann færi á að gera þá eitthvað tortryggilega, en kemur ekki auga á það í ofsa sínum, að hann ræðst þarna á þá stofnun, sem hann sjálfur á sæti í og hefur því miður átt mikinn þátt í að móta síðustu ár. En annaðhvort er fyrir hv. þm. að játa, að þeir beri okkur meðþingbræður sína þeim sökum, að slík atkvæðaheildsala hafi átt sér stað, eða að falla frá öllum ásökunum í þessum efnum. Þótt þm. kunni að einhverju leyti utan sinna þingmennskueiginleika að hafa verið við mál riðnir, hefur það aldrei verið talið vera því til fyrirstöðu, að hann mætti taka afstöðu til þess hér á þingi. Þvert á móti hefur, eins og ég drap á hér áðan, átt sér stað, að þm., eins og t. d. hv. þm. S-Þ., hafa í raun og veru verið launaðir starfsmenn tiltekinna fyrirtækja til að gæta hagsmuna þeirra hér á þingi. Af því að ég fór of skammt í að rekja þá sögu áðan, hélt hv. þm., að hann gæti lauslega frá því sloppið, en í sambandi við þau ummæli hans áðan, að samvinnufélögin væru stærsta verzlun á Íslandi, má minna á, að hv. þm. gekkst, eftir að hann var kominn á laun hjá þeim, manna mest fyrir því og hefur tileinkað sér heiðurinn af því að útvega þessari stærstu verzlun á Íslandi skattfrelsi. Gæti það og verið, að einmitt skattfrelsið hafi orðið til þess, að þessi stærsta verzlun á Íslandi hefur haldið þessum hv. þm. uppi og hans lítið þarfa skóla. Nú segi ég alls ekki, að þarna sé um að ræða beinan vísvitandi óheiðarleika hjá hv. þm. S-Þ. Hann hefur verið trúaður á samvinnustefnuna, hefur trúað því, að samvinnumannabörnin séu svo veik í trúnni, að þau mundu snúast móti samvinnuhreyfingunni, ef þau gengju í skóla með öðrum börnum á landinu. Allt í góðu skyni gert. En úr því að hann allra manna fyrstur hefur umr. á þingi um það, að menn eigi ekki að styðja mál

á þingi, sem þeir hafa starfað að utan þings og e. t. v. haft einhverra hagsmuna að gæta við, kemst hann ekki hjá því, að hans eigin saga verði sögð þar líka.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. okt., var frv. tekið til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 58. fundi í Sþ., 19. okt., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Áki Jakobsson: Herra forseti. — Það hafa orðið miklar umr. um þetta mál, og mest af þeim umr. hefur verið þannig, að það hefur ekki snert þetta mál, sem til umr. er.

Ég hafði í fyrri ræðu minni farið nokkrum orðum um ræðu hv. þm. S-Þ. og sé því ekki ástæðu til að endurtaka það, sem ég hafði áður sagt. Ég vil þó láta þess getið, að ég tel framkomu þessa hv. þm. óverjandi og óhafandi, og þarf enginn að hrökkva við, þó að hv. þm. S-Þ. grípi til þess að reyna að granda málinu með persónulegum árásum, því að svona hefur hann rekið sína pólitísku starfsemi. Þessi háttur hans hefur nú orðið þess valdandi, að hann stendur nú einn uppi í sínum eigin flokki.

Ég vil benda hv. þm. Barð. á það, að hann mun ekki hafa neina upphefð af því að feta í fótspor hv. þm. S-Þ., og vitanlega mundi hann fara sömu leiðina, ef hann ætlaði að taka upp aðferð hans. Hv. þm. Barð. hefur ekki komið með neina sönnun fyrir því, að ekki sé þörf á að reisa þessa 5 þús. mála verksmiðju. Hann ætti að koma á Siglufjörð um síldveiðitímann, þegar þar bíða um 60 skip afgreiðslu í 1—3 sólarhringa. Þetta er svo augljóst, að það þarf ekki við langrar röksemdaleiðslu til að sannfærast um, að slíkt fyrirkomulag má ekki haldast.

Full líkindi eru til, að á næstu síldarvertíð verði enn fleiri skip. Ef til vill verður þá eitthvað komið af Svíþjóðarbátunum, og sömuleiðis má ætla, að eitthvað af togurunum verði á síld. Ef ekki verður úr bætt, verður því ástandið enn verra en í sumar, og þjóðin skaðast um tugi milljóna króna. Það ætti ekki að þurfa ýtarlega ræðu til að sýna fram á, að verksmiðjurnar þurfa að stækka. Það skiptir ekki máli, hverjir reisa þær, einungis ef þær koma.

Ég benti á í fyrri ræðu minni, að þetta fyrirkomulag, að leita álits þm. utan þings, hefði verið nauðsynlegt, til þess að verksmiðjan gæti tekið til starfa 1945, og það mun verða, ef ekkert sérstakt kemur fyrir.

Þess finnast næg dæmi, að mál hafi verið afgreidd á svipaðan hátt. T. d. má nefna Keflavíkurveituna. Þar var leitað álits um þingviljann utan þingtíma, áður en framkvæmd var hafin. Að vísu var það stjórnin, sem sá um það, en ég tel, að stjórn, sem nýtur ekki stuðnings nokkurs þm., standi ekki að neinu leyti betur að vígi, enda hefur enginn þm. mælt því í mót, að þetta væri rétt aðferð, þegar þjóðarnauðsyn krefst þess, að hennar sé neytt. Hér hefur og verið á það bent, þegar samþ. voru uppbæturnar til landbúnaðarins, að á þá aðferð út af fyrir sig hafi ekki verið ráðizt, enda sennilegt, að þeir hinir sömu þm., sem voru með því utan þings, hefðu einnig verið með því á þingi.

Hv. þm. Barð. telur, að þetta muni vera einn liður í samkomulagi, sem við sósialistar höfum gert við hv. þm. Seyðf. Nú veit þessi hv. þm., að við sósialistar erum fylgjendur þessa máls, og ég geri fastlega ráð fyrir, að hvenær sem þetta mál hefði komið fyrir þingið, hefði hv. þm. Seyðf. verið því fylgjandi sömuleiðis.

Hv. þm. S-Þ. hélt því fram hér í ræðu, að engir nema Siglfirðingar vildu leggja út í slíkt fyrirtæki nú á tímum. Nú hef ég séð á uppfyllingunni hér í Reykjavík fyrirferðarmiklar sendingar til Hjalteyrarverksmiðjunnar, sem munu vera vélar og annað til að stækka hana. Að vísu er mér kunnugt um, að verksmiðjustjórnin hefur ekki séð sér fært að ljúka því verki fyrir næstu vertíð, en það er ekki af fjárhagsástæðum, heldur tekniskum örðugleikum. Þá örðugleika hefur aftur á móti stjórn Rauðku ekki við að stríða og getur þess vegna lokið þessum framkvæmdum. Það er þess vegna ekki rétt hjá hv. þm. S-Þ., að Siglfirðingar séu þeir einu, sem leggi út í slíkar framkvæmdir. Eins og áður hefur verið minnzt hér á, er full ástæða til að ætla, að þessi verksmiðja geti borið sig. Hún er búin fullkomnustu tækjum og þarf lítinn vinnukraft. Hins vegar er öllum ljóst, hvað það kostar að láta síldina eyðileggjast.

Þá sagði hv. þm. S-Þ., að almælt væri á Siglufirði, að bera ætti fé í tvo þm. í Alþfl. og Framsfl. þessu máli til framdráttar. Þetta er mál, sem fáir þm. mundu vilja bera fram, og er það gott dæmi um bardagaaðferð þessa hv. þm. Ég ætla ekki að grafast fyrir um, hvaðan þessar getsakir eru sprottnar. Auðvitað er auðvelt að búa slíkt til og segja svo, að það hafi verið sagt.

Hér hefur verið talað um, að lántökukostnaður væri óhæfilega hár, en þess ber að gæta, að meginið af þessari upphæð mun vera kostnaður við tekniskan undirbúning verksins. Það er því alls kostar óþarfi að gera nokkurt veður út af þessari upphæð. Ég hef ekki sjálfur séð um þennan undirbúning og veit því ekki um einstaka kostnaðarliði til hlítar, en mér er kunnugt um, að meginið af þessu er verkfræðilegur kostnaður.

Ég gat þess áður, að bæjarstjórn Siglufjarðar hafði getað fengið dýr lán, en nú er hún búin að treysta á, að ríkisábyrgð fáist, og kæmi sér því mjög illa, ef það gengi ekki, enda ástæðulaust, þar sem þetta verður hin fullkomnasta verksmiðja, stjórnað af hinum hæfasta manni.

Þegar tekið er tillit til þess, að fyrirsjáanleg eru vandræði vegna verksmiðjuskorts, þá vænti ég þess, að allir þm. verði með þessu, og legg ég til, að till. hv. 2. þm. S-M. verði samþykkt.

Frsm. 1. minni hl. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Hv. þm. Siglf. hefur nú haldið ræðu um

málið og sagt margt bæði fróðlegt og skemmtilegt. Hann fullyrðir, að þessi ábyrgð sé hættulaus, en það hafa nú raunar allir fullyrt á öllum tímum, sem staðið hafa að ótryggum lánum.

Það er fróðlegt að leggja saman allar þær ábyrgðir og öll þau lán, sem Siglufjörður stendur nú undir. Mun láta nærri, að það séu um 30 millj. kr. eða 1 millj. kr. á hverja hundrað íbúa á Siglufirði. En þetta er ekkert undarlegt, því að þeir, sem þessu stjórna, ætla sér aldrei að borga þessar upphæðir. Það er eðlileg afleiðing trúar þessara manna, sem byggja ekki athafnir sínar á venjulegum borgaralegum hugsunarhætti. Þeir ætla að láta aðra borga þetta, þess vegna er þeim nóg, ef þeir aðeins fá það.

Hv. þm. segir, að sú aðferð, sem hér var höfð til að fá vilja þingsins í þessu máli, sé hin sama og áður hafi verið farin. Sennilega veit hann ekki, að þá var þingið búið að samþ. þetta, þótt leyfi þyrfti til að borga það út. Þetta veit maðurinn ekki og ætti því ekki að vera að tala um þetta. Hv. þm. Siglf. þykist vita, að stækka eigi Hjalteyrarverksmiðjuna. Mér er nær að halda, að því fari alls fjarri, og þótt hann hafi séð einhverja hluti, varastykki eða annað, sem fara áttu til Hjalteyrar, þá mælir það ekkert með því að reisa þessa verksmiðju. Við skulum gera ráð fyrir, að þessi verksmiðja kosti um 8 millj. kr. og taki um 5000 mál. En ríkisverksmiðjurnar allar kostuðu einungis 12 millj. og taka um 20 þús. mál. Hvernig heldur svo hv. þm., að þessi verksmiðja geti staðizt samkeppni við þær? Allir, sem nokkurt vit hafa á þessum málum, sjá, hversu mikið óráð þetta er. Má þar til nefna hv. þm. G-K. Þegar hv. þm. talar um, hversu fullkomin verksmiðja þetta verði og hve lítinn vinnukraft þurfi til hennar, svo að jafnvel ýmsir hlutir gangi mannlausir, þá ætti hann að hugleiða, hvort þetta sé nú í sjálfu sér svo heppilegt. Ef svo væri um alla hluti, hvar ætti fólkið þá að vinna, og hvernig fara þá kommúnistar að gera verkfall? Þetta ætti hann að athuga, áður en hann gumar mikið af þessari verksmiðju sinni. — Vert er að athuga það í sambandi við störf hv. þm. Seyðf. í þessu máli, að eðlilegra hefði virzt, að hv. þm. Siglf. sjálfur hefði annazt þau störf. Hann er sjálfur lögfræðingur og alþm. Það ber því ekki vott um mikið traust á honum, að honum skuli ekki hafa verið falið þetta starf. Nú, hitt er vitað, að hv. þm. Siglf. mundi útvega þetta ókeypis. Það er orðin óskaplega mikil vinna, sem í þessar lántökutilraunir er komin. En það, að ekki hefur verið leitað til þm. Siglf., sem búsettur er í Reykjavík og er í sömu stétt og hv. þm. Seyðf. og 6. þm. Reykv., bendir helzt til, að þm. þeim sé ekki treyst af Siglfirðingum og hann sé ef til vill ekki nógu óheiðarlegur og eigingjarn, — því að hv. þm. hlýtur að skilja, að till. hans er einskis verð fyrir lántökumálið. Þó að hann fengi einhverja hv. alþm. meðmælta sér um þetta, þá er hann engu nær. Ég skil ekkert í því, hvers vegna hv. þm. Siglf. er að tala um þennan 280 þús. kr. kostnað, sem er að vísu nokkuð mikið fé, en játa svo, að borga eigi einum manni 90 þús. kr. fyrir að vinna við þetta, og mun ég víkja að því og eðli þess máls, þegar ég segi nokkur orð til hv. 6. þm. Reykv.

Það var eitt, sem hv. þm. minntist á í sambandi við þetta, og er bezt að koma strax að því, en það var ýmiss konar kostnaður við verkfræðilega aðstoð í þessu sambandi. En hv. þm. gat ekki um stjórnarkostnaðinn. Veit hann ekki, að menn, sem komu hingað frá Sigluf., að þeir háu herrar tóku 100 kr. á dag, og hinir, sem með þeim voru, 80 kr. á dag? Það er auðséð, að úr miklu er að spila, en þó er þarna ekkert að hafa nema bara lóðina, sem keypt var fyrir löngu fyrir litla peninga og nú er talin 80 þús. kr. virði. Það er það eina, sem Siglufjörður leggur fram út á það, sem borga þarf þessum mönnum með sínar 100 kr. á dag, til þess að útvega lán og með þeim árangri, sem kunnur er. Mér finnst því frekar lítilfjörleg frammistaðan hjá hv. þm. Siglf. Honum er ekki treyst til þess að útvega peningana, og till. hans er svo ófullkomin, að það verður að laga hana og endurbæta, og svo verður að treysta á hv. 2. þm. S-M., sem hefur barizt móti málinu áður, og síðan á loks upp á það að samþ. þriðju endurbættu útgáfuna. Mér finnst hv. þm. Siglf. og öll aðstoð hans við Rauðku hafa verið ærið reikul bæði fyrr og síðar. Þar eru sömu vinnubrögðin og hjá mönnunum, sem hingað voru sendir.

Þá kem ég að hv. 6. þm. Reykv., sem tekur upp vörn fyrir flokksbróður sinn og starfsbróður sem mesta athafnamanninn í þessu máli.

Ég þykist nú vita, að borgarstjórinn hafi einhvern tíma á sinni löngu menntabraut, þegar hann lagði stund á heimspeki, heyrt það, að Spencer taldi móðurástina réttilega af því sprottna, sem hann hefur kallað „the sense of helplessness“. Og ég hugsa, að það, sem fyrir hv. 6. þm. Reykv. vakir í þessu máli, sé bróðurleg umhyggja fyrir félaga sínum. Hann finnur, að hann á bágt í þessu máli og ef til vill bágara en menn almennt fá áttað sig á. Þess vegna er sjálfsagt að meta þetta að verðleikum, því að það er alltaf fallegt að vilja hjálpa þeim, sem bágt eiga. — Nú hefur hv. 6. þm. Reykv. skipt ræðu sinni í tvo parta, lítinn part um málið sjálft og stóran part um allt annað, sem ekki snertir Rauðku. Nú vil ég aftur á móti hafa stærri partinn af minni ræðu um Rauðku, en minni partinn um hitt.

Ég ætla þá að koma fyrst að því, sem hann reyndi að halda fram og lagði nokkra áherzlu á, sem sé að sanna, að ekkert merkilegt væri við það, þó að einn alþm. hér starfi að því fyrir málafærslumannsprósentur að útvega þetta lán. Ég veit, að það voru menn, sem hlustuðu á þessa umr. síðast, e. t. v. ekki hér í þingsölunum, en á þingpöllunum, sem þótti merkilegt, að borgarstjórinn í Reykjavík skyldi segja, að það væri ekkert nýstárlegt í þessu máli, þó að einn maður fengi 90 þús. kr. verðlaun fyrir starf eins og þetta. Ég þykist vita, að borgarstjórinn hafi ekki meint þetta. Þetta er einmitt svo óhæfilegt og svo langt frá því að vera algengt, að hann getur

áreiðanlega hvergi í sögu Alþingis fundið annað dæmi fyrir sömu aðstæðum, sem eru í þessu máli. Það er ekki viðkunnanlegt af alþm. að bera það á Alþingi, að það hafi viðhaft þau vinnubrögð, sem hér um ræðir.

Nú snertir kjarninn í þessu máli tvö atriði, sem bæði voru rækilega tekin til athugunar af hv. þm. Barð. Fyrra atriðið er fjárhagslega hliðin, og hið síðara er það, hvort málum á að koma gegnum Alþ. á þennan hátt, sem hér er á hafður. — Um fjárhagslegu hliðina vil ég segja það, að það er frá almennu sjónarmiði ómögulegt að hugsa sér, að þetta fyrirtæki geti borið sig, og það verður ekki langt, þangað til tímarnir breytast og stríðið verður búið, og tiltölulega stuttu á eftir, — það sýndi sig eftir síðustu heimsstyrjöld, — hrapar allt verðlag niður. Þess vegna á þessi verksmiðja, sem kostar 8 millj. kr., að keppa við verksmiðjur hér, sem sumpart eru alveg skuldlausar, en kostað hafa 2 millj. kr. Það hlýtur borgarstjórinn að vita, að þetta getur ekki gengið; það er óhugsandi. Ég þykist vita, að hann vilji ekki fella ísl. krónuna, en hún yrði að falla niður í sama sem ekki neitt, með því eina móti væri hægt að bjarga fyrirtækinu.

Þá er það spurningin, hvort þetta er ósk þeirra hv. alþm., sem heitið hafa þessu máli stuðningi sínum. Ég hygg, að flestir hafi gert það af ókunnugleika á málinu. Getur það verið ósk þeirra að bjarga málinu með því að gera krónuna einskis virði? Það er rétt og staðreynd, að yfirleitt hafa þeir, sem reka verksmiðjur, ekki viljað ráðast í að byggja, því að tap er þar að heita má óhjákvæmilegt. Og þess vegna er það, að þetta fyrirtæki á ekki rétt á sér, og það verður enn þá erfiðara að verja framgöngu þess, eftir að við vitum, að á tímum þjóðstjórnarinnar beitti formaður Sjálfstfl. sér á móti því, að þessi verksmiðja væri reist, og þáverandi ráðherra Framsfl. beitti sér einnig gegn því, og allir neituðu þá um hjálp, líka ríkisstjórnin. Menn segja, að það sé bara engin ástæða fyrir ríkið, sem búið er að gera stórkostlegar framkvæmdir á Siglufirði, að fara að búa út samkeppnisverksmiðju til þess að keppa við ríkið. Hyggnir menn á Siglufirði segjast vita það, að þegar þetta fer á hausinn, þá verði því kastað á ríkið og það verði að borga allt saman, og þeir kvíða fyrir því að fá þessa verksmiðju með 10 millj. kr. skuld, sem afkastar 5 þús. málum, ofan á verksmiðjur, sem kostuðu 12 millj. kr., en afkasta yfir 20 þús. málum. Þetta er ekki neinn velgerningur við Siglufjörð, og það er skaði fyrir landið að fá síldarverksmiðjurnar dregnar niður á þennan hátt. En sá flokkur, sem mestu ræður á Siglufirði, hefur það fyrir „plan“ að láta hlutina fara svona. Hvaða vit er í þessu máli núna, þegar það hefur verið stöðvað af leiðtoga Sjálfstfl. og fyrrv. ráðh. Framsfl., þegar miklu betur leit út um það en nú? Nú kemur það upp sem kosningabomba á Siglufirði. Þetta er bara partur af hinni almennu sókn kommúnista á móti þjóðfélaginu, sem út af fyrir sig er vel athyglisverð sem slík. En ég verð að hryggja hv. 6. þm. Reykv., borgarstjórann, með því, að það hefur kviknað tiltölulega fljótt í flokki hans á Siglufirði út frá þessum rauða eldi, og „þar rauður loginn brann“. Mér hefur verið sagt, að um þetta mál hafi verið haldinn fundur og þá hafi sjálfstæðismenn þar haldið því fram, að þeir gætu ekki staðið sig við næstu kosningar, ef þeir tækju ekki þetta mál að sér, og svo gengu þeir í málið. En ég verð að segja það, að rauður loginn brann líka brátt innan meiri hluta Framsfl. á Siglufirði. Að síðustu komu svo kratarnir, án þess að heyrðist hósti eða stuna. Þeir eru nú alltaf svo blíðir og góðir, og það fer svo lítið fyrir þeim, þegar þeir fallast á stefnu kommúnista, eins og þeir gerðu í þessu máli.

Þegar svo þetta heimatrúboð var búið, sem fram fór um svipað leyti og grundvöllurinn að lýðveldinu var lagður hér á Alþ., þá kemur hin ágæti bæjarfógeti Siglfirðinga, Guðmundur Hannesson, hingað suður með sínar 100 kr. á dag og liðsmenn hans með sínar 80 kr. En þó að þeir sætu hér í góðum fögnuði, þá fengu þeir ekki einn einasta eyri að láni, — alls staðar voru læstar dyr. En til þessa unga laglega manns, hv. þm. Siglf., sem þeir gátu gert sér svo miklar vonir um, leituðu þeir ekki, — eins og hann væri ekki til. En þeir lenda hjá öðrum manni, og hann tekur þetta að sér. Og eins og ég hef tekið fram, fór Rauðka fyrst að ganga, þegar hann kom í málið. Og það kom líka nokkuð nýtt í málið, sem hefði ekki þurft að koma þar, ef Guðmundi Hannessyni hefði gengið betur eða hv. þm. Siglf. rækt skyldur sínar betur. Það, sem nú virðist einkennilegt við málið, er það, að hv. þm. Seyðf. tekur það að sér og fær mikið fé, 90 þús. kr., fyrir. Ég vil ekki viðhafa þau ljótu orð „að bera fé á“, en samt er þetta fé. Guðmundur Hannesson á að útvega þessa upphæð, en hann nær henni ekki, og hún næst ekki öðruvísi en með því að leggja fram 90 þús. kr. fyrir þessa vinnu. Ég er ekkert að segja um þetta nema það, að fullvíst er, enda þótt hv. þm. Seyðf. sé hjálpsamur maður og hjartagóður, að hann hefur ekki viljað leggja á sig neitt ómak nema fyrir þetta fé, rétt eins og verkamaðurinn vill ekki vinna fyrir ekki neitt. Slík kauplaus vinna nefnist sjálfboðaliðsvinna. Og þess vegna verður hv. 6. þm. Reykv. að muna það, að smurningin á hjólið kom fyrst, þegar þessar 90 þús. kr. komu til sögunnar. Áður stóð vélin alveg föst, og Rauðka komst ekki úr sporunum. Það er því ekkert á móti því að staðnæmast við þetta.

Ég skil ekkert í því, að hv. 6. þm. Reykv. skuli vera að telja þetta eðlilegt. Það, sem Siglufjarðarbær vinnur til, er að leggja á sig þessa fjárhæð til þess að geta komið málinu áfram.

Ég er ekki málafærslumaður, en ég verð nú að segja það, að ég álít þessa venju, sem hv. 6. þm. Reykv. viðurkenndi, að væri venja lögfræðinganna, ég álít þessa venju andstyggilega. Ég álít það bæði skömm og skaða, að það sé löglegt nokkrum manni að taka slíkt kaup sem þetta, en hitt er svo út af fyrir sig, að það er ekki okkar hér að leiðrétta þetta. En þetta er í miklu ósamræmi við laun opinberra starfsmanna. Ég veit ekki betur en að alla vinnu hæstaréttar í eitt ár, þar sem eru þrír lögfræðingar, mætti borga með upphæð þeirri, sem hér um ræðir,

upphæðinni, sem hv. þm. Seyðf. tekur fyrir þessi störf sín.

Ég viðurkenni, að þetta tilfelli, sem hér er um að ræða, er engu verra út af fyrir sig en mörg önnur, þó að þessi maður taki sín 90 þús. kr., ef þetta er taxti málafærslumanna, en ég segi bara, að það sé andstyggilegt, að þetta skuli tíðkast í þjóðfélagi okkar. Ef hv. 6. þm. Reykv. áttar sig á því, hvað Siglufjarðarbær borgar fyrir að koma þessu máli fram, þá hlýtur hann að sjá, að Siglufjarðarbæ kemur bara ekkert við, hvernig þetta fé er notað. Ef till. fer í gegnum Alþ., þá fær þm. Seyðf. prósentur sínar, og þá er það á valdi þessa eina manns, hvernig hann notar þetta fé. Ég get ekki séð, hvað er þá því til fyrirstöðu, að hann megi þá borga einhverjum öðrum mönnum, sem kynnu að hafa sama „móral" og hann hefur, eftir sama taxta og sjálfum sér.

Það er ekki til neins fyrir hv. 6. þm. Reykv. að vera með óánægju í minn garð, af því að ég hef talað hér í þessu máli. Þessi borgun er staðreynd, og hún var nauðsynleg, því að án hennar hefði hv. þm. Seyðf. ekki hreyft sig. Það er á hans valdi, hvort hann svo borgar hjálparkokkum sínum, svo sem vélritunarstúlku o. fl. Það kemur öðrum ekki við, — það er bara sögulegt atriði. Hitt er rétt, að ég og hv. þm. Siglf. vitum það, að menn á Siglufirði líta hýru auga til þessa fjár.

Nú hefur mér virzt af ræðum hv. þm. Siglf. og 6. þm. Reykv., að þeir gera mun á því, ef einhverjir aðrir menn fengju eitthvað af þessum aurum, og að það væri bölvað, en eðlilegt, að þeir einir fengju, sem til þess vinna. En þeir, sem á einn eða annan hátt hjálpa til við verkið, fá þó sennilega sína „premíu".

Þá eyddi hv. 6. þm. Reykv. tíma í að tala um það, að hann hafi stutt þetta mál af hjartans sannfæringu, og er það náttúrlega góð og falleg yfirlýsing. En ég hafði bara ekki gefið honum neitt tilefni til þess að gefa þessa yfirlýsingu. En hitt reyndi hann ekki að útskýra, hvers vegna hann áliti sig hafa betur vit á „rentability" þessarar síldarverksmiðju en t. d. þm. G-K., sem hefur miklu betra vit á þessu er bæði ég og hv. 6. þm. Reykv. báðir til samans. En þm. G-K. hefur haft ótrú á þessu fyrirtæki frá byrjun og neitaði að skrifa undir þetta skjal, sem hér var á ferðinni. Og það er ómögulegt fyrir hv. 6. þm. Reykv. að sneiða hjá því, að stuðningsmenn þessa máls vilja ekki heldur tala um „rentability" þessa fyrirtækis. Ég hef sterkan grun um, að þeir hv. þm., sem styðja þetta mál, hafi ekki gert sér ljósa grein fyrir því, sem hér um ræðir, og séu ókunnugir málinu. Og mér finnst ósennilegt, að greindur og greinargóður maður, eins og hv. 6. þm. Reykv., sem athugar málin, komist að annarri niðurstöðu en hans æruverðugi flokksforingi, sem ég hef nú vikið að.

Þá gat ræðumaður um eina hlið þessa máls. Honum fannst það vera leiðinlegt fyrir þá hv. þm., sem skrifað hafa undir til fylgis við þetta mál, að vera að fjölyrða um það, að málið hafi komizt áleiðis fyrir það, að þessar undirskriftir eða hlutaráðning komst inn í það. Þessar undirskriftir verða til þannig, að nokkrir sjálfstæðismenn, sem hafa skrifað undir það í einu, hafa getað kynnt sér málið, en til langflestra þessara þm. hefur verið leitað einstaklingslega og þeir þá enga aðstöðu haft til þess að kynna sér málið eins og vera bar. Þetta er óeðlileg aðferð, eins og hv. þm. Barð. sagði, því að undir þeim kringumstæðum geta menn ekki haft nauðsynleg gögn fyrir sér í málinu.

Þess vegna er það, að ef hv. 6. þm. Reykv. hefur geðshræringar út af þessu máli, þá ættu þær að vera við þá menn, sem leiddu hann til þess að skrifa undir það, en ekki við menn, sem hvergi komu nærri þessu máli, eins og hv. þm. Borgf. og ég, sem höfum fengið þá óverðskulduðu æru, að okkur var ekki sent skjalið. *(BBen:* Við reyndum að ná til hv. þm., en það tókst ekki.) Hv. þm. Seyðf. tók það skýrt fram í fjvn., að til væru þeir menn, sem hann treysti illa í þessu máli, og meinti hann þá, að ég væri einn af þeim. Ég held þess vegna, að skjalið til mín hafi ekki misfarizt og þetta sé rangt hjá hv. þm.

Öll rök í þessu máli hníga því að sama punkti, því að þeir menn, sem vit hafa á málinu, snúast allir á móti því og dæma það til dauða.

Nú hefur reynzt hægt — með þessum hörmungaraðferðum — að þoka málinu þetta áfram, að Útvegsbankinn og tryggingastofnun ríkisins ætla að lána nokkuð af peningum, því að þessi fyrirtæki hafa nóga peninga, sem þau geta hæglega lánað, ef þau vilja. En þau vilja ekki leggja neitt í hættu, og þau vilja sem minnst eiga við Siglufjörð. Þau setja því bæði þá skýru kröfu fyrir láninu, að ríkið gangi í þessa ábyrgð. Það er leikur fyrir þessi fyrirtæki að lána þessa upphæð, 1½ millj. kr., nóg hafa þau af peningunum, en þau vilja ekki gera það. Þau vita, að þetta fyrirtæki sligast innan skamms, þegar Siglufjörður springur, og að þá lendir á þeim mikið tap. Þess vegna segja þeir menn, sem fyrir þessum fyrirtækjum standa, að rétt sé að gera þetta, ef Alþ. samþ. það núna. Þessi erfiðu og alveg óvenjulegu skilyrði man ég ekki eftir, að hafi verið í sambandi við nokkra aðra lántöku á því 20 ára bili, sem ég hef setið á Alþ., — að það hafi verið búið að útvega allálitlega lánsfjárupphæð með því skilyrði, að ríkið gengi í ábyrgð. Og af því að svona er og af því að endurbygging Rauðku er fyrirtæki, sem er endemi á alla enda og kanta, þá álít ég, — þó að hv. 6. þm. Reykv. hafi komið í þetta mál af góðum hug og til að hjálpa þeim hjálparlausa, — að hv. 6. þm. Reykv. eigi að taka tíma í það að athuga málið gaumgæfilega; og við það mun hann sannfærast um, að hann hafi ekki haft svo gott vit á þessu máli sem skyldi í upphafi. Við þm. verðum oft að taka ákvarðanir um mál, sem við á þeirri stundu höfum ekki mjög mikla þekkingu á.

En svo var hv. 6. þm. Reykv. að snúast um það atriði, hvort allir þeir hefðu verið keyptir til fylgis, sem væru með þessu máli. Þær umþenkingar hans eru aðeins eiginn heilaspuni hans. En það,

sem fyrir liggur, er þetta: Einn maður fær stóra fjárhæð til þess að koma þessu máli í gegn, og hann fær upphæðina því aðeins, að atkv. falli svo hér á þinginu, að ábyrgðin, sem til þarf, verði veitt af hæstv. Alþ. Hann getur svo fengið öll þessi atkv., kannske út á mælsku sína og kannske sumpart út á það, að hv. þm. eru málinu ókunnugir, og svo getur margt komið annað inn í þetta, t. d. flokksfylgi, og það er skiljanlegast, að einmitt það geti gert hv. þm. Seyðf. auðveldara með að fá fylgi fyrir þessu. *(Forseti:* Þetta er orðið allt of langdregið og margendurtekið, og vil ég biðja ræðumann að takmarka sig.) Ég tek bendingu hæstv. forseta, en bendi honum á, að ég hef ekki talað annað en í sambandi við málið og fer með rétt mál, og ef hæstv. forseti vill takmarka málfrelsi, verður hann að gera það formlega.

Ég kem þá að því, sem fyrr var frá horfið og hv. 6. þm. Reykv. sveigði að, hversu menn gætu snúizt með þessu máli með ýmsu móti, — t. d. þegar bæjarfógetinn á Siglufirði gat ekki útvegað neitt fylgi við þetta mál. Hann var maður ókunnugur hér með lítinn persónustandard og flokksstandard. Og þó að hann gæti engu komið til vegar í málinu, þá er ekkert á móti því, að orðhagur og sniðugur maður, eins og hv. þm. Seyðf., geti það, og hann er að vinna málið. Hann getur beitt ræðusnilld sinni og kunningsskap sínum til þess. — Og hér hefur gerzt það, sem oft hefur gerzt í parlamentariskum löndum, að það hefur ákaflega mikið verið sótzt eftir stuðningi kommúnista til stjórnarmyndunar. Nú er þetta Rauðkumál áhugamál kommúnista, og það getur verið mjög verulegur þáttur í málinu, að menn hafi viljað gleðja kommúnista og liðka þá til með því að láta þetta mál ganga fram, því að þeir hafa um tveggja ára skeið haft steinhart hjarta gagnvart þeim mörgu biðlum, sem reynt hafa að láta þá láta blíðu sína í té í sambandi við ráðherrastólana. — Þessi rök öll og mörg fleiri, sem mætti fram tína, hníga að því, að nú virðist sem þetta mál hafi nægilegt fylgi, þótt undarlegt sé. En ég vil taka verðugt tillit til okkar ágæta forseta og fara ekki frekar nú út í að telja upp fleira í þessu sambandi og eiga þá kannske eitthvað eftir til seinni umr. málsins, ef það þætti betur henta. Læt ég því útrætt um þennan part ræðu hv. 6. þm. Reykv.

En ég get ekki komizt hjá að ræða hinn partinn af ræðu hv. 6. þm. Reykv., þar sem hann fór — að hætti sumra hershöfðingja — í sóknaraðstöðu, eftir að hann hafði skilið sitt veika vígi eftir lítt varið, eins og nú kom í ljós. Hann hafði leitt rök að því, að ég af eiginhagsmunaástæðum hafi greitt atkv. með því, að Samband ísl. samvinnufélaga hefur fengið 5 þús. kr. á ári — og stundum minna — til þeirrar stofnunar, sem ég vinn við. Þegar ég svo benti hv. 6. þm. Reykv. á, að þetta fyrirtæki munar ekkert verulega um þessar 5 þús. kr. og gæti verið án þeirra, ef því væri að skipta, og ég hefði einmitt átt verulegan þátt í því um margra ára skeið, að þetta framlag var ekki hærra, þá féll hv. 6. þm. Reykv. frá þessu, og má hann á því sjá, hversu lítið hald honum verður í slíku einu og einu hálmstrái, sem hann grípur í á þeirri röksemdaeyðimörk, sem hann stendur á í þessu efni.

Vænti ég þess, að hæstv. forseti leyfi mér að minnast á bæjarfélag Reykjavíkur fáeinum orðum í ræðulok, svo sem til frekari skýringar og mótvægis við það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði. Hann sagði, að ég teldi mig hafa átt nokkurn þátt í því, að samvinnufélögin yrðu skattfrjáls, og að ég þar af leiðandi ætti að álítast starfsmaður hjá þeim, sem væri með hagsmunabaráttu. Nú ætla ég að gleðja hv. 6. þm. Reykv. og marga aðra, sem líta eins og hann á það mál, með því að upplýsa það, að það er hið mesta oflof, ef ég hef verið tengdur við það að gera samvinnufélögin skattfrjáls, — svo mikið oflof, að þótt ég nefni ekki nema 5—6 samvinnufyrirtæki, þá var það svo árið, sem leið, að Samband ísl. samvinnufélaga borgaði 430 þús. kr. í skatt og opinber gjöld, Kaupfélag Eyfirðinga 270 þús. kr., Kaupfélag Skagfirðinga 96 þús. kr., Kaupfélag Þingeyinga 102 þús. kr., Kaupfélag Árnesinga 102 þús. kr. og Kaupfélag Héraðsbúa 57 þús. kr. Mér finnst það því ekki alveg viðeigandi, að hv. 6. þm. Reykv., sem allir vita, að er mjög vel viti borinn maður og er talinn talsverður lærdómsmaður, komi hér með svo staðlausa stafi sem þetta. Þessi sex fyrirtæki, sem ég hef nefnt, eru tekin af handahófi. Og eitt þeirra, Kaupfélag Árnesinga, hefur boðizt til að gefa ríkinu stórkostlega eign, sem mundi kosta nú um 1½ millj. kr., ef það mætti vera skattfrjálst í 15 ár. En þm. neituðu þessu, af því að þeim fannst það skaði fyrir ríkið.

Ég álít heppilegt, að hv. 6. þm. Reykv. kom með þessa fjarstæðu nú, því að það gæti verið, að hann og aðrir hlífðu sjálfum sér framvegis og sköpuðu sér ekki óþarft óorð fyrir fákænsku með því að ætla að tala um skattfrelsi samvinnufélaganna, þar sem þau eru með hæstu gjaldendum í landinu. Og um leið og það er upplýst, að ég á hér ekkert hrós skilið fyrir að hafa greitt fyrir samvinnufélögunum í þessu efni, þá fellur líka sú aðdróttun um sjálfa sig, sem hv. 6. þm. Reykv. beindi til mín um það, að ég hefði verið að vinna mér til fjárgróða hjá Sambandinu. Ég hef verið dálítið undrandi yfir því, að þessi hv. þm., — sem mér þykir mjög gaman að tala við og stundum gaman að hlusta á líka, en þó minna, því að hann er ánægjulegri í samtali en í ræðum, þó að þær séu stundum byggðar á töluverðum lærdómi, — mér þykir undarlegt, að hann skuli hafa getað komizt inn á þennan halla, sem hann er kominn, að halda langar ræður til að styðja mál, sem er illa útbúið, hvað röksemdum viðvíkur, og verður eitthvert mesta hneykslismál, ef reist verður þessi verksmiðja og tapið fer að koma fram.

En ég hygg, að hann hafi leiðzt út í þetta af ástandinu í hans eigin bæjarfélagi, þar sem hann er félagsbróðir kommúnista í bæjarstjórn Reykjavíkur. En það er nú svo komið, eins og hv. þm. er kunnugt, að í þessum bæ, sem hv. 6. þm. Reykv. stýrir, er það mikið áhyggjuefni fólksins, sem hann

stýrir og prýðir, hvernig framtíð bæjarins muni verða. Menn vita, að það er bókstaflega ekkert, sem þessi bær hefur að lifa af, nema sárfáir mótorbátar og togarar, þegar setuliðsvinnan hættir, — og það er verið að selja togarana burt. Og nú er mér sagt, að verið sé að gera samning, aðallega milli tveggja hv. þm. úr Sjálfstfl., sem hér hafa talað, hv. þm. Seyðf. og hv. 6. þm. Reykv., og svo kommúnista, um það, að það eigi að reyna að fá einhvers konar farveg úr innstæðum almennings, ekki óleyfilegan, heldur fyrir ráðstafanir ríkisvaldsins, þegar ný stjórn er komin, — til þess að bjarga Reykjavík við, af því að hún hafi bara ekki á neinu að lifa, þegar setuliðið sé farið. Ég harma það, að þessir samningar skuli vera að gerast, og ég álít, að það hefði verið miklu skemmtilegra, ef hv. 6. þm. Reykv. hefði notað sína ágætu hæfileika til þess að vinna bæinn upp eftir sömu eða eitthvað svipuðum leiðum og samvinnufélögin hafa á 60 árum dregið verzlunina úr höndum útlendrar þjóðar fyrir meira en helming þjóðarinnar og hafa verið sjálfbjargarfyrirtæki hin mestu fyrir allan landslýð og hafa minnst allra fyrirtækja staðið fyrir glæframkvæmdum eins og þessi endurbygging Rauðku á Siglufirði mundi verða nú. Ég vildi óska, að hv. 6. þm. Reykv. gæti sem fyrst komizt af þessu plani, sem hann hefur hér lent á, og mætti auðnast að snúa málefnum Reykjavíkur sem fljótast inn á öruggari leiðir en þau virðast vera komin á nú.

Forseti (GSv): Eftir að sá hv. þm., sem næst talar, hefur lokið máli sínu, verður borið upp, ef þurfa þykir, að umr. verði hætt.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég hef í sjálfu sér ekki mörgu að svara hinni löngu ræðu hv. þm. S-Þ., því að eins og hæstv. forseti tók fram, var margt af því, sem hv. þm. S-Þ. sagði, ekki annað en endurtekningar á því, sem áður hefur komið fram í málinu. En þó er það nú svo, að ræða hv. þm. S-Þ. var, svo sem vænta mátti, lærdómsrík fyrir málið, og — réttilega skoðað — í raun og veru algerlega svar við því, sem hann hefur áður haldið fram í málinu.

Hv. þm. S-Þ. útskýrði það rækilega og fór um það mörgum orðum, hvílíkt glæfrafyrirtæki hann teldi Rauðku á Siglufirði vera. Hann lýsti árangurslausri för bæjarfógetans á Siglufirði hingað með fríðu föruneyti, sem hefði setið hér á háu dagkaupi og verið í góðum fagnaði, en orðið lítt ágengt. — Nú er þess að geta, að þessir erindrekar voru ekki á leið til þingsins eða í erindum við Alþ. um að fá stuðning við mál sitt hér á þingi, heldur voru þeir á leið til lánsstofnana og í þeim erindagerðum að fá lán til fyrirtækis síns hjá þeim. Það er vitað, að hv. þm. S-Þ. er einn af forráðamönnum stærstu lánsstofnunar hér, Landsbanka Íslands, stofnunar, sem að vissu leyti hefur ráð hinna lánsstofnananna í hendi sér. Það er þess vegna ekki að furða, þótt það hafi komið á daginn, þegar einn helzti forráðamaður þeirrar stofnunar hafði það álit á fjárgetu þessa fyrirtækis, að það væri glæfrafyrirtæki, að það hafi gengið illa að útvega lán til þess að ráðast í þetta fyrirtæki. Þeir menn, sem mestu réðu í peningamálum landsins, álitu, að fyrirtækið væri þess eðlis, að hæpið væri að veita því lán. Og för Siglfirðinganna í fyrra varð árangurslaus vegna þess, að þessi skoðun hv. þm. S-Þ. var ráðandi hjá stjórnendum Landsbankans og öðrum þeim, sem þá réðu mestu um fjármál landsins. En ég vil leggja áherzlu á, að þá var ekki leitað neitt til Alþ. um neina fyrirgreiðslu í málinu, því að eins og hv. þm. tók fram, sneru erindrekar Siglufjarðar sér ekki einu sinni til síns eigin þm. hér. — Það, sem gerist svo, þegar þessir menn voru komnir heim úr þeim góða fagnaði, sem hv. þm. S-Þ. lýsti, að þeir hefðu setið í hér, er, að þeir sneru sér til annars aðila og leituðu aðstoðar hans um lánsútvegun hjá peningastofnunum. Þessi aðili var málflutningsskrifstofa Lárusar Jóhannessonar. Þeirri skrifstofu tekst svo að útvega þetta lán.

Nú segir hv. þm. S-Þ., að það sé ljótt, jafnvel viðbjóðslegt, að málafærslumenn taki þóknun fyrir að útvega lán. Það er skoðun fyrir sig að halda því fram. Það færi bara betur á því, að hv. þm. S-Þ. væri samkvæmari sjálfum sér í því efni. Ég man ekki til annars en hann nær einn allra manna hér á landi hafi gerzt opinber málsvari þess, að sendimaður landsins erlendis, hæstv. núv. utanrrh., lifði að verulegu leyti á prósisionum, þegar hann var í erindagerðum í New York. Hv. þm. S-Þ. taldi, að þetta væri ekki athugavert og það væri venjulegt, að slíkt ætti sér stað. En ef það er viðbjóðslegt og ljótt, að menn fái þóknun fyrir að útvega lán hjá lánsstofnunum, þá er ekki síður athugavert við það, sem hv. þm. S-Þ. varði svo mjög viðkomandi fyrrv. aðalkonsúlnum í New York. Menn geta rætt um það endalaust, — eins og um ágæti SÍS og annað slíkt, — hvort það yfirleitt sé viðeigandi, að málaflutningsmenn séu til og taki þóknun fyrir störf sín, málaflutning og slíkt. Og það er út af fyrir sig umræðuefni, sem ég skal ekki á neinn hátt gerast talsmaður fyrir hér né verjandi, að lánsstofnun skuli neita fulltrúum bæjarfélags um lán, en frekar láta það í té, þegar málaflutningsmaður kemur til þeirra, sem stofnuninni ráða. Það er líka hægt að hafa sínar skoðanir á því. En hitt liggur fyrir, að það er ekki nema algengt, að málaflutningsmaður taki að sér slíkt starf.

Svo komum við að hinu atriðinu. Ég vil vekja athygli á því, að hv. þm. S-Þ. er í raun og veru algerlega horfinn frá því í þeim löngu umr., sem hér hafa átt sér stað og hann blandaði í fyrstu saman við hið fyrra atriðið, að þm. urðu til þess að heita fylgi sínu við ábyrgð ríkisins á þessu láni. En þetta kemur auðvitað hinu atriðinu ekkert við, ekki á nokkurn hátt. Afstaða hv. þm. Seyðf. væri því aðeins vítaverð, ef það lægi fyrir, að það fé, sem hann fékk sem málafærslumaður til þess að útvega lán, hefði ráðið úrslitum um það, hvort málið fékk meiri stuðning í þinginu eða ekki.

Þetta var líka hv. þm. S-Þ. ljóst í fyrstu. Og með leyfi hæstv. forseta vil ég benda á, að hv. þm. S-Þ. segir á 4. bls. í sínu langa nál.: „Eftir því, sem fram er haldið á Siglufirði, fær Lárus Jóhannesson í umsamin umboðslaun um 90 þús. kr., en mun verða að greiða af því um 20 þús. kr. samtals til tveggja aðstoðarmanna úr Alþýðuflokknum og Framsóknarflokknum."

Þarna er hv. þm. inni á allt öðru og ekki fyrst og fremst ásökunum gagnvart mínum flokki, heldur gagnvart sínum eigin flokki og Alþfl. um, að menn úr þeim hafi látið kaupa sig til fylgis við málið *(JJ:* Það er hvergi sagt, að þeir hafi látið kaupa sig.) Og það er ánægjulegt, að hv. þm. S-Þ. hefur algerlega fallið frá því í umr. um málið að halda þessu fram. Hann gæti sem sagt haft hér uppi harðar ádeilur og hörð ummæli um hv. þm. Seyðf. og stuðningsmenn málsins á þingi, ef hann vildi halda því fram, að hv. þm. Seyðf. væri með málinu sjálfur vegna þess, að hann hefði fengið þetta fé, og hv. þm. Seyðf. hefði fengið aðra hv. þm. með þessu fé til þess að vera með málinu. Þó að hv. þm. S-Þ. segi það ekki berum orðum í nál., þá felst þetta í því. En þegar ég benti svo á þetta í umr., þá skeður það, — og það þykir mér vænt um, — að hv. þm. S-Þ. fellur algerlega frá þessu, segist aldrei hafa sagt það, — lætur sem sér hafi aldrei dottið það í hug. Og úr því að hv. þm. S-Þ. er fallinn frá því, að þetta fé hafi haft þessi áhrif, þá er hér í sjálfu sér ekki mikið um að sakast. Þá er hann kominn að því, að það sé almennt ljótt af málafærslumönnum að taka ómakslaun fyrir störf sín. Það væri þá gott, að hann vildi benda á annað heppilegra form á greiðslum fyrir þjónustu þeirra. Og það væri líka heppilegra, að annar þm. en hann héldi þessu fram, annar þm. en sá, sem gerzt hefur talsmaður fyrir því, að starfsmenn ríkisins erlendis ættu að lifa á slíkum próvisionum, því að hv. þm. S-Þ. hefur verið einn af stuðningsmönnum ríkisstj., þar sem þessi erindreki hefur verið ráðh. og annar maður en ráðh., er lýsti yfir á sínum tíma, að hann færi því aðeins utan sem erindreki okkar erlendis, að hann mætti jafnhliða starfa fyrir fyrirtæki sitt þar. Og vegna þess, að hv. þm. S-Þ. hefur gerzt stuðningsmaður þeirra manna, sem svo hafa farið að, þá ætti hann allra sízt að ásaka málafærslumenn fyrir það að taka þóknun fyrir störf sín. Ef hv. þm. S-Þ. álítur, að hér hafi eitthvað óþinglegt og óviðurkvæmilegt skeð, þá á hann að segja það hreinlega, að hv. þm. Seyðf. hafi mútað einhverjum mönnum í Alþfl. og Framsfl. til þess að vera með málinu. *(Forseti:* Þetta var aths.) Ég vona, að hæstv. forseti virði mér til vorkunnar, þó að ég hafi talað í 10 mínútur, eftir að hv. þm. S-Þ. hefur talað í klukkutíma.

Ég þarf ekki á nokkurn hátt að svara ummælum hv. þm. S-Þ. um Reykjavíkurbæ. Ég get einungis glaðzt yfir því, að hann setur nú ekki metið hærra, sem við eigum að bera okkur saman við, en Samband ísl. samvinnufélaga og fyrirtæki hans. *(JJ:* Það er nokkuð hátt met.) Ég þykist vita, að Reykvíkingar væru allilla komnir, ef þeir væru ekki betur staddir — og það eftir jafnstórkostlegar greiðslur úr ríkissjóði til þess að halda uppi atvinnu sinni — en þeir landsmenn, sem sérstaklega hafa lifað í skjóli Sambands ísl. samvinnufélaga. Og við skulum þá fyrst tala um yfirvofandi hrun Reykjavíkurbæjar, þegar svo er komið. En að vissu leyti eru horfurnar ískyggilegar í þessu sambandi. En þá fyrst er ástæða til að óttast fyrir alvöru, þegar hagur Reykvíkinga er eins illa kominn og þeirra, sem lifað hafa í skjóli Sambands ísl. samvinnufélaga eftir 20 ára starfsemi þess.

Hv. þm. taldi, að ég hefði ekki mikið vit á því glæfrafyrirtæki, sem hér væri um að ræða, og virti mér það til vorkunnar. Ég get játað, að ég er enginn sérfræðingur í síldarmálefnum, þótt ég hyggi, að ég þekki meira til þeirra málefna en hv. þm. S-Þ. Hitt er alrangt, sem hann hélt fram, að formaður Sjálfstfl. væri andstæðingur þessa máls. Ég veit ekki betur en hann hafi á sínum tíma veitt leyfi til þessarar starfsemi, Rauðku. Og ég veit ekki betur en að annar forvígismaður Sjálfstfl., hv. 1. þm. Reykv., hafi einnig veitt áframhaldandi leyfi til þessarar starfsemi. Þótt hv. þm. G-K. hafi af einhverjum ástæðum ekki viljað rita undir þá yfirlýsingu, sem hér um ræðir, er mér ekki kunnugt um, að hann sé andstæðingur þessa máls.

Í sambandi við það, að hv. þm. S-Þ. vitnaði í, að enginn vildi ráðast í framkvæmdir á þessum tímum, má minna á, að sú ágæta lánsstofnun, sem hv. þm. er einn af ráðamönnum í, Landsbankinn, hefur veitt Reykjavíkurbæ ágætan stuðning til að halda áfram framkvæmdum á þessum miklu dýrtíðartímum, bæði hitaveitu Reykjavíkur og aukningu rafveitunnar, og þótt ég viti, að hitaveitan og Sogsvirkjunin séu hvor tveggja mjög nauðsynlegar, tel ég þó víst, að síldarverksmiðjuiðnaðurinn sé sízt ábataminni rekstur en hitt hvort tveggja, enda er mér kunnugt um það sem starfandi í nýbyggingarsjóðsnefnd, að útgerðarmenn og að ég hygg einnig Kveldúlfur, sem hv. þm. gerði að umtalsefni, hafa verið að stækka verksmiðjur sínar og jafnvel reisa nýjar verksmiðjur á þessum sama tíma.

Það er svo, að þetta fyrirtæki getur orðið áhættusamt svo sem margt annað, sem nú er ráðizt í. Ég held nú samt, að það sé hættumest að sitja auðum höndum, telja kjark úr mönnum til framkvæmda og láta dýrtíðina og aðra erfiðleika, sem steðja að um tíma, standa í vegi fyrir því, að réttmætar aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til þess að fólkið í landinu geti fengið lífvænleg kjör, geti átt sér stað. Vil ég ekki fallast á að gerast talsmaður slíkrar helstefnu sjálfur og mun fylgja þeirri till., sem hér liggur fyrir. Og mér þykir leitt, að hv. þm. S-Þ. skuli troða þann helveg, sem hann nú gengur.

Forseti (GSv): Það er nú senn komið fram yfir venjulegan fundartíma, en tilgangurinn er að ljúka þessari umr., og bið ég hv. þm. að halda sig nærri. En nú verður ræðutími takmarkaður og reynt, áður en ræðutíma er slitið formlega með

atkvgr., hvort menn halda áfram að kveðja sér hljóðs. Næstur tekur til máls hv. þm. S-Þ. og hefur 5 mínútur til umráða.

Frsm. 1. minni hl. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Ég ætla að leiðrétta nokkuð leiðan misskilning hjá hv. 6. þm. Reykv., þar sem hann var með óviðeigandi dylgjur um hæstv. atvmrh., en hann var þá sendimaður vestra.

Þegar hér um ræðir, var landið svo fátækt, — sem ekki er víst, að borgarstjórinn muni, — að ekki var hægt að yfirfæra nauðsynlegustu gjöld þar vestra. Þeir Thor Thors og Vilhjálmur Þór urðu með sínu persónulega lánstrausti að koma því til leiðar, að Ísland gæti yfirfært þær fjárhæðir, sem þurfti. Áður en Vilhjálmur Þór fór vestur, var honum jafnhliða þessu embætti, sem þá var lítið hægt að launa, veitt leyfi til að starfa sem embættismaður, og það gerði hann á þann hátt, að hann gat með því móti unnið fyrir venjulegu kaupi hjá þessu fátæka landi. Þegar svo atvikaðist, að hann varð síðar ræðismaður um eins árs skeið, óskaði stjórnin eftir því, að hann reyndi að vinna fyrir sér við ýmis viðskipti, sem honum var betur trúað til en öðrum. Hvern eyri, sem hann fékk fyrir þetta, lagði hann í konsúlatið, og liggja fyrir því hreinir reikningar. Og það er lærdómsríkt fyrir hv. 6. þm. Reykv., sem er ungur maður, að það hefur ekki komið fyrir nema í þetta eina skipti í sögu landsins, að embættismaður hafi unnið fyrir sér sem ræðismaður og lagt hvern eyri í ríkissjóð. Ég vil ekkert segja illt um þá menn, sem nú starfa fyrir landið erlendis, og þetta er vitanlega engin ræðismannsskylda, en það er enginn, sem hefur leikið þetta eftir. Og mér finnst vægast sagt mjög óheppilegt að bera þessar athafnir hans saman við það atriði, sem hér liggur fyrir. Ég vildi, að það væri sá myndarskapur hjá mönnum okkar erlendis, að þeir ynnu fyrir sér á þennan hátt, en því síður ætti að áfellast þá, sem meiri hafa hæfileikana.

Þá ætla ég á þessum fáu mínútum að leiðrétta annað atriði hjá hv. 6. þm. Reykv. Eftir að ég hef margsannað í þessari umr., að þessi ábyrgð, sem hér er um að ræða, hafi komizt á gang fyrir atbeina manns, sem tekur 90 þús. kr. fyrir það, og hann fær ekki undan því komizt, hvaða ráðum sem hann beitir, hyggst hann að hafa afsannað þetta mál, sem er margsannað atriði. Þessar 90 þús. kr. eru hreyfiaflið, sem hefur sett þetta í gang, og það hefur verið talið heppilegra, að þessi maður væri áhrifamaður og í sama flokki og hv. 6. þm. Reykv.

Ég hef hrundið þeim freku og lítilmótlegu aðdróttunum, sem komu fram í ræðu þessa hv. þm. til stuðnings máli, sem öllum er kunnugt um, að einn af þm. landsins er að reyna að koma í gegnum þingið, ábyrgð, sem er hættuleg, og fær stórfé fyrir þetta. Þeir, sem styðja till. mína, sýna andúð á þessum vinnubrögðum, en hinir, sem kunna að fella hana, sýna ást sína og velþóknun á þessum vinnubrögðum.

Forseti (GSv): Mér hefur borizt rökst. dagskrá frá þm. S-Þ. (JJ), svo hljóðandi:

Þar sem það verður að teljast mjög óviðeigandi, eins og málinu er nú komið, að Alþingi gangi í ábyrgð vegna síldarbræðslunnar Rauðku á Siglufirði, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin felld með 30:10 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GJ, HelgJ, IngJ, JJ, PHerm, PÞ, SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ.

nei: EOl, EE, EystJ, FJ, GÞ, GÍG, GTh, JakM, JJós, JPálm, KA, LJóh, LJós, MJ, PZ, PO, SigfS, SB, SG, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, BG, BÁ, BBen, BrB, GSv.

12 þm. (EmJ, GG, HG, HermJ, IngP, JS, JörB, ÓTh, PM, SEH, ÁÁ, BSt) fjarstaddir.

Brtt. 385 samþ. með 29:6 atkv.

Tillgr. þar með ákveðin.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28:7 atkv.

Á 63., 64. og 65. fundi í Sþ., 10., 13. og 14. nóv., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. enn tekin til síðari umr. (A. 461, 488).

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég skal ekki fjölyrða mikið um brtt. þá, sem hér liggur fyrir. Hún er til þess gerð, að allir flokkar, sem sæti eiga í bæjarstjórn Siglufjarðar, geti fengið hlutfallslega jafnan rétt til þátttöku í stjórn verksmiðjunnar. Ég tel það rétt, þar sem ríkið hefur gengið í ábyrgð fyrir byggingarkostnaði verksmiðjunnar. Það er hliðstætt ákvæði í sveitarstjórnarlögunum, og tel ég rétt, að sami háttur sé hafður á um stjórn verksmiðjunnar. Þetta er að vísu ekki lögboðið, en hér er um að ræða íhlutun stjórnmálaflokkanna, sem er eðlileg, þar sem ríkið á að stuðla að því, að verksmiðjan geti starfað.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 488 samþ. með 28 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 26:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SB, SG, SEH, SK, StJSt, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, ÁS, BG, BSt, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, JakM, JJós, KA, LJóh, MJ, GSv.

nei: SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, GJ, HelgJ, IngP, JPálm, JJ, PZ, PÞ.

15 þm. (ÞG, BÁ, GG, GÍG, GTh, HG, HermJ, IngJ, JS, JörB, LJós, ÓTh, PHerm, PM, PO) fjarstaddir.

Við nafnakallið sagði:

Jónas Jónsson: Ég er ánægður yfir því, að það skuli koma atkvgr. um þetta mál. Ég hef heyrt sagt, að forráðamenn Siglufjarðar bíði með 3 millj. kr. ábyrgðarheimild, eftir að þessari afgreiðslu er lokið. Ég segi samt nei.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 554).

39. Húsnæði fyrir geðveikt fólk.

Á 47. fundi í Sþ., 26. sept., var útbýtt:

Till. til þál. um að skora á ríkisstjórnina að gera nú þegar ráðstafanir til þess að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk (A. 365).

Á 49. fundi í Sþ., 2. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Ég hef ráðizt í að flytja þessa till. á þskj. 365 um að skora á ríkisstj. að gera nú þegar ráðstafanir til að auka við húsnæði fyrir geðveikt fólk.

Viðvíkjandi rökstuðningi fyrir till. þá hef ég í raun og veru engu við það að bæta, sem stendur í grg. og ég vænti, að hv. þm. hafi kynnt sér. Ég orðaði þessa till. þannig, að skorað væri á hæstv. stj. að láta nú þegar koma til framkvæmda þá heimild, sem er í 33. lið 22. gr. fjárl. fyrir yfirstandandi ár, þar sem ræðir um aukningu húsrýmis fyrir geðveikisjúklinga, en sá liður, sem þar er um að ræða, hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Að láta byggja við geðveikrahælið á Kleppi eða taka húsnæði á leigu fyrir geðveikisjúklinga og verja fé úr ríkissjóði til greiðslu stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar hins nýja hælis."

Þessi till. var flutt af fjvn., og ætla ég, þegar hún er þannig til komin, að mjög brýn nauðsyn hafi verið til þessarar framkvæmdar og hv. n. hafi haft mjög gild rök til að flytja till., þó að ég hafi ekki leitað þau rök uppi í þingtíðindunum, en þau liggja svo nærri, að það er ljóst mál, að hér er um framkvæmd að ræða, sem í sjálfu sér þolir enga bið.

Í grg. hef ég lítillega rætt tildrögin að því, hvernig þessi húsnæðisekla hefur skapazt, og ýmiss konar framkvæmdir, sem yfirstjórn Kleppsspítalans hefur haft með höndum til úrbóta á ýmsum tímum, og úrbótaframkvæmdir, sem þegar tilheyra fortíðinni og ekki hægt að hafa lengur gagn af, eins og þegar notaður var partur af Laugarnesspítalanum, sem nú er brunninn, fyrir eitthvað af sjúklingum o. s. frv., þá sést, þegar athuguð er saga þessa máls, að húsnæði fyrir geðveikisjúklinga hefur, jafnvel frá því að Kleppsspítalinn var byggður, verið að allt of skornum skammti. Gamli spítalinn var byggður fyrir 50 sjúklinga, en þar voru, eins og kunnugt er, að jafnaði um 70 sjúklingar. Þegar svo nýja spítalanum er bætt við, er ætlazt til, að hann taki 150 sjúklinga, en það nægir ekki heldur, þrátt fyrir það, að neytt hefur verið ýmissa bragða til að útvega sjúklingum dvalarstað annars staðar, og þrátt fyrir það, að Reykjavíkurbær hefur haft sérstaka framkvæmd með höndum í því efni með því að reka sérstakt hæli fyrir bæinn, því að Reykjavíkurbær hefur starfrækt heimili á Elliðavatni fyrir geðveika karlmenn, sem lögheimili eiga í Reykjavík, en þótt nokkur bót hafi verið að þessu, þá hefur það ekki nægt. Mér þykir sennilegt, að neytt hafi verið talsverðra bragða til að reyna að útvega þessu fólki, sem hér er um að ræða, spítalavist, en þó hvergi nærri nægilega. En svo kemur hitt atriðið, að þessi heimild, sem síðasta Alþ. samþ., virðist ekki hafa verið neitt notuð, og það er náttúrlega ákaflega bagalegt, að ekki skuli hafa verið notuð sú heimild, sem Alþ. hefur gefið hæstv. stj. til að bæta ástandið í þessu efni, því að heimildin er ákaflega rúm. Hún heimilar stj. kaup, hún heimilar nýbyggingu annars staðar, ef um það væri að ræða, eða að leigja hús, hún heimilar nægilegt fé til stofnkostnaðar í þessu skyni, og hún heimilar fé til rekstrarkostnaðar, svo að hér virðist ekki skorta það á, að þingið hafi haft vilja á að bæta úr þessu ástandi, vitandi sem eðlilegt er um þá miklu nauðsyn, sem á því er að hafa meira spítalarými fyrir geðveikt fólk.

Mér hefur tjáð yfirlæknirinn á Kleppi, að hann hafi gert nokkrar till., ég held allýtarlegar till., til stj. um úrlausn í þessu máli til bráðabirgða, en það virðist ekki vera, að hæstv. stj. hafi treyst sér til að sinna þeim, a. m. k. hefur ekkert það skeð í því efni, að hægt sé að segja, að hafizt hafi verið handa til að auka þetta spítalaplass. Geri ég ráð fyrir, að hæstv. stj. muni geta sagt eitthvað um það, af hvaða ástæðum ekkert hefur verið gert þrátt fyrir heimild þingsins. Þetta er og verður að því er virðist ákaflega illa þolandi ástand fyrir ýmsa, sem undir þessu eiga að búa, og þeir eru landsmenn víðs vegar, en ekki kannske frekar í einum stað á landinu en öðrum. En á þeim stöðum, þar sem geðbilaðir sjúklingar eru, — ég tala nú ekki um bandbrjálaðir eða svo að segja bandbrjálaðir, en það tel ég þá vera, sem þurfa stöðuga vörzlu, og þau tilfelli eru víst ekki svo fá —, þá náttúrlega er þetta ákaflega tilfinnanlegt ástand. Og hlutaðeigendum, þ. e. aðstandendum slíkra manna, hvort sem það eru bæjarfélög eða aðrir, og hvort sem þessir menn eru á einkaheimilum eða í vörzlu á sérstökum stöðum, — hlutaðeigendum þeirra er þetta náttúrlega ákaflega tilfinnanlegt, þó að maður láti kostnaðinn alveg liggja á milli hluta. Og svo kemur þarna annað til greina, að þessir aumingja sjúklingar, sem þarna eiga hlut að máli, geta undir slíkum kringumstæðum alls ekki notið þeirrar umönnunar og læknishjálpar, sem óneitanlega er þeim nauðsynleg eins og hverjum öðrum sjúklingum. Það er kannske of mikið að segja, að við berumst mikið

á, Íslendingar. En þó er ekki laust við, að manni detti það oft og einatt í hug, að fé sé eytt nokkuð mikið að óþörfu við ýmsar opinberar framkvæmdir og að á ýmsum liðum, sem ríkisstj. hefur beinlínis afskipti af og oft og tíðum eru lítið snertandi áhrif Alþ., a. m. k. framkvæmdin á þeim, sé efnt til meiri kostnaðar heldur en a. m. k. brýn þörf væri á. En þegar um það er að ræða að hlúa að fáráðlingum í þjóðfélaginu, þá virðist það sorglegt, að framkvæmdin sé dregin mjög úr hömlu. Ég held jafnvel, að það sé ekki svo óglöggur mælikvarði á menningu hvers þjóðfélags, hvernig það býr að olnbogabörnum sínum, hvernig búið er að þeim, sem einhverra hluta vegna, — og ekki sízt, þegar það er vegna óviðráðanlegra sjúkdóma, — verða útundan í lífinu. Og hvað snertir geðbilað fólk, þá er það náttúrlega heilög skylda ríkisvaldsins að reyna að búa að því fólki eins og þörf er á og siðuðu þjóðfélagi sæmir.

Ég vil benda á, að í viðbót við húsnæðisvandræðin, þá hafa nú á stríðstímanum steðjað önnur vandræði að geðveikrahjúkruninni og hið sama, sem landlæknir hefur tjáð mér að eigi sér stað viðvíkjandi hjúkrun fávita, og það eru fólksvandræðin. Það er í sjálfu sér eðlilegt, að ekki þyki sérstaklega fýsilegt fyrir hjúkrunarkonur að hjúkra geðveiku fólki, þegar nóg störf bjóðast við hjúkrun á öðru fólki og vinna við mörg önnur störf en hjúkrunarstörf. En hví hagar svo til, að hjúkrunarkonur, sem starfa t. d. á Kleppi, þar sem náttúrlega er ákaflega erfitt að vera við hjúkrun í mörgum tilfellum, fá ekkert hærri laun eftir sínum þjónustualdri heldur en þær, sem t. d. taka á móti í röntgendeild eða sjá um röntgenmyndun eða því um líkt, og nefni ég þetta sem dæmi vegna þess, að þessi síðast töldu störf eru léttari, þrifalegri og áhættuminni heldur en hjúkrun geðveiks fólks eða berklaveiks fólks eða á öðru fólki, sem annaðhvort stafar smithætta af eða önnur hætta. Og þetta kann að vera ein af ástæðunum fyrir því, að allt of lítið hjúkrunarlið fæst til þeirra hæla, sem slíkt fólk dvelst á, a. m. k. að því er Kleppi við kemur, og eykur það að sjálfsögðu enn á vandræðin. Þegar bæði þrengist svo á spítölunum, að miklu fleiri sjúklingar eru hafðir þar á hverri deild heldur en ætlazt er til, og svo fækkar þeim, sem fást til að starfa við hjúkrun á þessum stöðum, þá náttúrlega eru vandræðin orðin nokkuð fullkomin, sem að steðja á þessum stöðum. Svo bætist enn annað við, hve erfitt er í landinu um húsnæði, eins og bent er á í grg, till., og það eykur erfiði þeirra, sem verða nú að hjúkra slíku fólki heima. Og eftirspurnin eftir sjúkravist á spítölum eykst líka við þetta. Eins og tekið er fram í grg. till., þá er talið, að ef Kleppur eða geðveikrahæli önnur gætu opnað dyr sínar og sagt þeim að koma, sem vildu og þyrftu að koma, þá er af kunnugum mönnum gert ráð fyrir því, að um 200 nýir sjúklingar mundu bætast við. Það náttúrlega þýðir ekki sama sem það, að 200 nýir bandóðir menn mundu þá koma á sjúkrahúsin, heldur sjúklingar á ýmsu stigi, sem af ýmsum ástæðum þurfa að vera þar undir læknis hendi. Mér er tjáð, að það hafi verið leitazt við í lengstu lög að taka á móti tvenns konar sjúklingum á geðveikrahæli, fyrst og fremst þeim, sem fá snöggleg geðbilun, en von er til, að með réttri hjúkrun megi takast að láta ná bata, — komast til sjálfra sín aftur, ef svo mætti kveða að orði —, og þau tilfelli koma oft fyrir, að slíkir menn nái fljótt miklum bata, ef hægt er að fara rétt með þá. Og svo eru aftur hinir, sem reynt hefur verið í lengstu lög að taka á móti, menn, sem eru mjög alvarlega veikir og erfitt eða ókleift er að hafa utan geðveikraspítala. En nú er svo komið, að jafnvel slíkir sjúklingar verða að vera úti á landi hér og hvar, og kostar það of fjár fyrir þá, sem eiga að borga það, sem oftast eru bæjar- eða sveitarfélög, að vakta slíka menn. Og þó er aðbúnaður slíkra sjúklinga hvergi nærri sá, sem hann á að vera eða væri, ef þeir væru á reglulegu sjúkrahúsi.

Sem sagt, þetta er mjög alvarlegt mál. Og mér þótti ekki mega ganga framhjá því án þess að hreyfa því hér á Alþ., sérstaklega þegar þess er gætt, að Alþ. hefur gefið hæstv. ríkisstj. heimildir, sem hafa, að því er virðist, legið ónotaðar, a. m. k. síðan síðustu fjárl. voru samin.

Ég hef aðeins drepið á það í grg. till., að við burtflutning erlendra herja hafi hér losnað ýmiss konar húsakynni, sem herinn hefur notað fyrir sjúkrahús. Og ég geri ráð fyrir, að þau séu þannig úr garði gerð, að eitthvert gagn megi af þeim hafa. Enn fremur gæti verið hugsanlegt, að um meiri eða betri vistarverur hersins gæti verið að ræða til bráðabirgða. Ég skal svo ekki ræða þetta ýtarlegar hér, meðfram af því að ég býst við, að hæstv. ríkisstj. hafi verið á þetta bent. Og hafi hún ekki séð sér fært að hreyfa því máli að koma slíkum hælum upp í þessum húsakynnum, þá hefur hún ákaflega gild rök fyrir því, sem væri gott að fá að heyra. En hitt er augljóst, að stórkostlegur hagur væri að því fyrir alla aðstandendur, ef um bráðabirgðaúrlausn á þessi máli væri að ræða, að geta komið geðveikisjúklingum á spítala, við skulum segja bráðabirgðaspítala, þó að vikið væri frá þeirri gjaldskrá, sem nú tíðkast á Kleppi, og það þannig væri allmiklu dýrara að hafa sjúklinga á hælisvist á bráðabirgðaspítala en á Kleppi. Því að jafnvel þótt það yrði, þá yrði sá kostnaður ekki eins mikill og við að setja kannske tvo fíleflda karlmenn til þess að passa einn sjúkling. Og svo eru önnur atriði ákaflega þýðingarmikil í þessu sambandi, sem sé, að á spítala væri í té látin nauðsynleg hjúkrun og lækniseftirlit með slíkum sjúklingum.

Ég geri ekki till. um það að sinni, hvort þessu máli verður vísað í n. til meðferðar að lokinni þessari umr., en ég vil minna á það, að till. um heimildina í fjárl. þessum málum viðkomandi kom frá sjálfri fjvn. Það getur vel verið, að það þyki hlýða að fela þeirri n. enn athugun á þessu máli. Ég ætla ekki að gera það að neinu deiluefni, hvort það verður gert eða ekki, því að ég þykist

vita, að málið muni hvort sem er verða að fara til n., og er þá varla um aðrar n. að ræða en fjvn. eða allshn. Læt ég þetta á vald hæstv. Alþ. og bíð svo átekta.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég verð að segja það, að það er gott, að þessi þáltill. er komin fram, ef hún gæti orðið til þess, að máli því, sem hún fjallar um, yrði komið inn á fastari braut og vikizt yrði með meiri hraða að framkvæmdum í málinu heldur en hefur átt sér stað að undanförnu.

Það vill nú svo til, að ein sú fyrsta till., sem ég sem ráðh. bar fram til fjvn. á þessu þingi, var fjárhæð til viðbótar við geðveikrahælið á Kleppi. Mér var mjög kunnugt um það, að þess var brýn þörf. En ég verð að segja það, að hv. fjvn. skellti við því skolleyrunum. Það mál var dautt á þeirri stundu. Ég sá mér ekki fært að fara aftur á flot við fjvn. um þetta sama fyrir núgildandi fjárl., af því að þar komu önnur atvik til, sem orkuðu á mig þannig, að það væri ekki vert að knýja þar á bæ, og það var ástæða sú, að einmitt á árinu 1943 hafði það komið á daginn um geðveikrahælið á Kleppi, að það var ekki hægt að reka það til fullnustu eins og það var, vegna fólksleysis. Því þótti ekki ástæða til að knýja þar á aftur um að gera viðbót við hælið, heldur að reyna að leita á annan skjá, ef unnt væri. Hins vegar var heilbrigðisstjórninni það mjög vel ljóst, að hér væri brýn nauðsyn bráðra aðgerða. Og það er ekkert mál, sem hefur haft annað eins erfiði í för með sér fyrir ráðherra, fyrir geðveikralækninn á Kleppi og fyrir landlækni heldur en þessi mál. Við höfum verið næstum vaktir upp á nóttunni út af vandræðum, sem orðið hafa í þessum efnum.

Það, sem þá var valið til úrbóta, var, að á sumrinu 1943 tókst landlækni að liðka svo til við spítalann í Stykkishólmi, sem er katólskur spítali, að sá spítali tæki við 10 rólegum geðveikisjúklingum. Og það var beint skilyrði, að þessir sjúklingar væru rólegir og þeir væru búnir að ganga í gegnum veruna á Kleppi og geðveikralæknirinn gæti gefið meiri eða minni ábyrgð fyrir því, að þessir sjúklingar, sem þarna kæmu, gerðu sem minnstan usla eða ama. Þetta var á árinu 1943. En um sumarið 1943 varð það að ráði, eftir að þinginu hafði verið slitið, að ráðast í það, ef unnt væri, að búa til bráðabirgðaskýli á þremur stöðum fyrir um það bil 40 sjúklinga á hverjum stað; þessir staðir voru Vífilsstaðir, Kleppur og Landsspítalinn. Eftir að þessi ráð voru ráðin, kom það á daginn, að miklir erfiðleikar voru á því að koma þessu í framkvæmd. Og enn kom það fyrir, að kunnáttumenn í þessum fræðum töldu það ekki eins heillavænlegt og skyldi að ætla sér að reisa aðeins bráðabirgðaskýli í þessum tilgangi. Frá því var þess vegna horfið. Svo kemur málið fyrir hv. fjvn. undir meðferð hennar á fjárl. Og þá ræður hv. fjvn. það af að gefa þessa víðtæku heimild, sem hv. flm. hefur drepið á og gerð er grein fyrir í fyrstu línum grg. þessarar till.

Enn var það svo, að ekki varð bætt úr brýnni nauðsyn með því að bæta við geðveikrahælið á Kleppi. Þess vegna þótti það ekki ráðlegt, af því að það væri of seint í vöfum. Þá kom hitt til álita að búa til bráðabirgðaskýli eða leigja til bráðabirgða. Það var ekki heldur nógu fljótt, svo að enn var leitað á sömu slóðir og áður, til Stykkishólms, og þá fengust 10 rúm þar fyrir sams konar sjúklinga, þannig að með þessu mátti létta á Kleppi. En ekki vil ég segja, að í stað þessara sjúklinga hafi mátt taka 20 órólega sjúklinga þangað, því að þeir þurfa meira rúm heldur en rólegir sjúklingar.

En stjórnin ætlaði nú ekki að láta sér þetta nægja, og miklar ráðagerðir og bollaleggingar fóru á milli bæði mín og landlæknis og geðveikralæknis á Kleppi um það, hvað gera skyldi til bráðabirgða. Þá er orðið það áliðið, að það var seint í ágúst, er geðveikralæknirinn kemur til mín og lýsir fyrir mér hugmynd, — og ég var dálítið hrifinn af því, að hann skyldi koma og hreyfa því við mig, að hér væri brýn þörf bráðra aðgerða. Og hugmyndin var nokkuð ný; hún var í þá átt, að það væru ekki búin til bráðabirgðahæli, hvorki á Kleppi né við annan spítala, heldur, eins og hv. flm. gat um, að það væru tekin á leigu eða tekið við sjúkrahúsum eða sjúkrahúsi, sem herinn hefði yfirgefið. Hugsunin var sú að ná í sjúkrahús hér, helzt inni í bænum, — síðar utan við bæinn —, af þeim einum ástæðum, að það mundi þá verða gerlegt að ná í starfsfólk. En það er, þótt aumt sé frá að segja, einn höfuðvandræðaliðurinn í þessu máli, að starfsfólk hefur verið ófáanlegt. Ungar konur nútímans vilja ekki gefa sig í annað eins erfiði og það að stunda geðveikt fólk og brjálað. Fólk getur veifað léttari hala og fengið munn sinn og maga fullan nú fyrir léttari störf. — En þess vegna hafði geðveikralæknirinn hugsað sér, ef hægt væri að hafa slíkt hæli inni í bænum, að þá mundi mega fá hjúkrunarkonur, sem væru giftar hér í bænum og ekki stunduðu fast starf, til þess að hjúkra á þessu hæli. Þær mundu geta séð af einhverjum tíma utan heimilisanna sinna og tekið að sér þetta starf. Læknirinn gerði sér hugmynd um það, að það ættu að vera fjórskiptar vaktir, þannig að hver kona eða hver maður, — því að hér var líka að tala um karlmenn —, gæti starfað 6 tíma á sólarhring.

Ég lét það nú uppi við lækninn strax, að ég teldi hann nú vera vongóðan, ef hann héldi, að það væri hægt að fá konur til slíks starfs 6 tíma á dag utan heimilis síns, og ég teldi líklegra, að maður yrði að reikna með fjórum tímum, þannig að það yrðu sexskiptar vaktir á sólarhring.

Ég bað lækninn að setja þetta niður skriflega og beina því til landlæknis og mín, og það gerði hann. Hef ég að vísu afrit af bréfi þessu hér í höndum. Ég skal ekki lesa það upp, en tek aðeins fram niðurstöðutölu þá, að hér er gert ráð fyrir, að með þessu móti verði rekstrarkostnaður fyrir hvern sjúkling um 100 kr. á dag. — Í sambandi við þetta vil ég leiðrétta það, sem segir í grg.

till., að geðveikralæknirinn hafi fyrir alllöngu gert till. til ríkisstj. Því að þetta „fyrir alllöngu" var 31. ágúst. Þetta mál áttum við síðan tal um landlæknir og ég, og við höfðum ekki trú á því fullkomlega, að þetta væri svo auðvelt í framkvæmd eins og áætlað er hér í bréfi geðveikralæknisins, enda þótt ekkert tillit væri tekið til rekstrarkostnaðarins. En rekstrarkostnaðurinn er sá, að geðveikralæknirinn hugsar sér 16 manna deildir og hver kosti 516 þús. kr. á ári. Ef ætti að fullnægja að hálfu leyti eða rúmlega það þeirri eftirspurn, sem búast má við, yrði þetta rúmar 2 millj. kr. á ári í rekstrarkostnað.

Af því að þessar till. komu mér ekki fyrir sjónir fyrr en þetta seint, taldi ég, að ekki væri unnt að gera beina ályktun um, hvað gera ætti, þar sem þ. var þá í þann veginn að koma saman, en þó var það, að þegar eftir að geðveikralæknirinn hafði nefnt þetta við mig, átti ég tal við landlækni, og hann lét í ljós þá hugmynd, að í herbúðahverfi við Hafravatn væru tiltölulega góðar byggingar, þannig að álitamál væri, hvort ekki ætti að reyna að dubba upp á þær og skapa þar varanleg skilyrði fyrir rekstur af þessu tagi, líka handa fávitum. Það er mikið vandræðamál, að við búum að fávitum verr en skyldi.

Við fórum með húsameistara upp að Hafravatni og báðum hann að gera áætlun um gagngerðar viðgerðir á húsunum, en því miður verð ég að játa, að við höfum ekki enn fengið þá áætlun, nema hvað landlæknir kann ef til vill að hafa fengið hana.

Ég vil taka undir það með flm., að mál þetta þolir enga bið, og úr því að það er komið hér fram, teldi ég réttast, að því væri vísað til heilbr.- og félmn. og hún athugaði það í samvinnu við fjvn. Ég tel það sjálfgefið mál, að heilbr.- og félmn. kveðji landlækni og geðveikralækninn til ráða um það, hvernig úr málinu ætti helzt að leysa.

Ég mun ekki tala frekar um þetta mál, en vil leggja áherzlu á það, að ef till. yrði til þess að hrinda málinu á öruggan grundvöll, þá er hún rétt.

Forseti (GSv): Ég vil aðeins benda á það, að það er rétt, að till. verði vísað til fjvn., meður því að heilbr.- og félmn. er ekki til í Sþ. Fjvn. mun svo athuga það frá öllum hliðum.

Umr. frestað.

Á 50. fundi í Sþ., 3. okt., var fram haldið fyrri umr. um till.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vil taka það fram í sambandi við þessa þál., sem hér liggur fyrir, að í fyrra var gerð breyt. á hafnarl. Reykjavíkur, þannig að samþ. var, að reist skyldi skipasmíðastöð við Elliðaárvog.

Að tilhlutun mþn. þeirrar, sem vann að því máli, var gerður bráðabirgðauppdráttur af því svæði, sem skipasmíðastöðin skyldi ná yfir, og nær það svæði samkvæmt þeim uppdrætti alveg að Kleppi eða jafnvel út fyrir hann, og er því gert ráð fyrir, að Kleppur verði að hverfa burtu af þessum stað sem geðveikrahæli. Nú hefur Reykjavíkurbær látið fara fram mælingar á þessu svæði, og það hefur komið í ljós, að þetta svæði er sjálfsagt til þess að koma þar upp skipasmíðastöð. Auk þess hefur verið stofnað hér sterkt félag, h/f Skipanaust, sem ætlar sér að koma hér upp vinnustöðvum til skipabygginga og viðgerða, og þetta félag hefur einmitt fengið til umráða land á þessu áður umgetna svæði. Auk þess hefur þegar verið þrengt svo að hælinu á Kleppi með ýmsum byggingum, bæði verkamannabústöðum og öðru, að ekki kemur til mála þeirra hluta vegna að hefja viðbótarbyggingar við geðveikrahælið þar, og það er fjarstæða að ætla sér að fara að byggja nýtízku hæli á stað, sem það þarf óhjákvæmilega að hverfa af.

Þótt hægt væri að finna einhvern annan stað en Elliðaárvog, sem væri eins heppilegur fyrir skipasmíðastöð, þá er Reykjavíkurhöfn orðin svo þröng, að ekki verður öllu lengur við unað. Hún hefur m. a. ekkert svæði, þar sem hægt er að taka á móti kolum og salti, og verður því ekki hjá því komizt að stækka höfnina hér inn á bóginn.

Ég geri ráð fyrir því, að hv. fjvn. fái þetta mál til meðferðar, og vænti ég þess, að hún taki þetta til athugunar og leggi til, að þál. verði breytt þannig, að ríkisstj. verði ekki heimilt að láta byggja við Klepp og að við till. verði bætt, að ríkisstj. verði falið að undirbúa byggingu nýs hælis og það verði reist annars staðar en á Kleppi. Ef þetta verður ekki gert, þá verður ekki hjá því komizt að flytja nýja till. Út af ræðu hæstv. forsrh., þar sem hann sagði, að það hefðu verið reyndar ýmsar leiðir til þess að bæta úr þessum vandræðum, þá vil ég leyfa mér að spyrja hann, í sambandi við braggakaup ríkisstj. af setuliðinu, sem voru að vísu gerð með samþykki meiri hl. Alþ., en gegn vilja stærsta þingflokksins, hvort í þeim kaupum hafi verið stórt sjúkrahús í Kaldaðarnesi, sem mun hafa verið allmiklu betri bygging en braggar setuliðsins yfirleitt, og að þetta sjúkrahús hafi verið selt, rifið niður og flutt burtu, þannig að nú sé ekki hægt að setja það upp aftur, þannig að hægt verði að nota það sem sjúkrahús eða til íbúðar yfirleitt. Ég vildi nú spyrja hæstv. forsrh., hvort þetta væri rétt, og ef svo væri, þá einnig, hvort það hefðu áður verið athugaðir möguleikar á því að nota það sem hæli fyrir geðveika sjúklinga. Ríkið sjálft á landið þarna, og hefði því ekki þurft að flytja húsið burtu þess vegna. Ef hæstv. forsrh. hefur eins mikinn áhuga á því að bæta úr þessum vandræðum og hann vill vera láta, þá verður að teljast hart, ef annar ráðh. hefur látið rífa húsið, hafi verið hægt að nota það sem geðveikrahæli; slíkt bæri vitni um mikið ósamkomulag innan ríkisstj. Mér þótti rétt að taka þetta fram, áður en þessu máli væri þokað lengra.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. Því miður get ég ekki svarað þessari fyrirspurn svo glögglega sem skyldi, en ég hygg, að sé þarna sjúkrahús, þá sé það brezkt, og þá væri það fyrir utan þau kaup, sem ríkisstj. gerði við setuliðið í sumar, því að það voru aðeins amerískar eignir, sem voru í þeim kaupum.

Ég játa, að í þeim viðræðum, sem ég hef átt við landlækni og geðveikralækni um þessi mál, þá hefur það aldrei komið til tals að nota sjúkrahúsið í Kaldaðarnesi, en hvort það hefur fylgt með í kaupum ríkisstj. á eignum setuliðsins, er mér ekki fullkunnugt um, en ég hygg þó, að svo hafi ekki verið.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir hans góðu undirtektir við þetta mál. Hæstv. forsrh. taldi, að það hefði verið eitt sitt helzta áhugamál, er hann tók við yfirstjórn þessara mála, að greiða úr þessum málum. *(Forsrh.:* Ég orðaði það ekki svona). Ég skildi það svona, en það getur vel verið, að ég hafi misskilið hæstv. ráðh. eitthvað, því að það getur verið, að orð hans hafi fallið eitthvað öðruvísi, en ég var ekki að leita að orðanna hljóðan, heldur að meiningu málsins. Ég verð að segja það, að ef þetta hefur verið hans aðaláhugamál, þá er það sorglegt, að árangurinn skuli ekki hafa orðið meiri en raun ber vitni um.

Hæstv. forsrh. var að tala um það, að hann hefði átt viðræður við geðveikralækni og landlækni um þetta mál, en út úr þeim viðræðum hefur komið lítið jákvæð niðurstaða, og mér skildist á hæstv. ráðh., að hann hefði ekkert viljað taka sér frekara fyrir hendur í málinu, þar sem þá hefði verið komið svo nærri því, að þing tæki til starfa.

Ef svona væri haldið áfram, væri hægt að gera úr þessu *eilífðarmál*, með því að láta það lenda í eintómum bollaleggingum. Það er rætt við tvo embættismenn, sem hvor leggur sitt til, og loks er ekkert aðhafzt. Svo var hæstv. ráðh. að tala um það, að húsameistari ríkisins væri enn ekki búinn að leggja fram sínar till. En hver er húsbóndi þessa húsameistara, ef það er ekki ríkisstj. sjálf? Var það þá ekki *hægt fyrir hana að fá annan húsameistara* til þess að gera uppdrátt að þessu, ef þessi brást henni? Það er ekkert annað en viðbára að láta svona aðkallandi framkvæmdir bíða vegna eins húsameistara, þegar nóg er til af húsameisturum í þessu landi, til þess að ekki þurfi að stranda á teikningum að byggingunni. Mér fannst það skína í gegn hjá hæstv. ráðh., að ráðstafanir hans í þessu máli hefðu einkum beinzt að því að leita álits landlæknis og geðveikralæknis, og að þar sem komið hefði fram meiningamunur hjá þessum læknum, þá hefði ríkisstj. ekki séð sér fært að gera meira í málinu.

En málið má ekki heldur stranda á þessu. Ríkisstj. má ekki standa ráðalaus, þótt tveimur embættismönnum hennar beri ekki saman. Hún verður sjálf að ráða fram úr málunum. Hæstv. forsrh. sagði, að fólksleysið væri erfitt viðfangs, og það hef ég fengið upplýsingar um, að muni vera rétt hjá honum. En till. yfirlæknisins á Kleppi gekk í þá átt, eins og hæstv. ráðh. drap á, að finna bráðabirgðalausn á þessu máli þann veg, að betur mætti ráðast fram úr þessu fólksleysi. Og þar kom það fram, að yfirlæknirinn á Kleppi hefur sótzt eftir því að reyna að hreiðra um sig, — ég segi enn til bráðabirgða, því að þetta er ekki til frambúðar, — með sína sjúklinga hér í bænum, þar sem rafmagn, vatnsleiðsla og skolpleiðsla er við höndina og þar sem líka bráðabirgðahælið væri svo í sveit komið, að unnt væri að styðjast við hjúkrunarkrafta frá fólki, sem annars vinnur önnur störf, t. d. húsmæðra, sem lært hafa hjúkrunarfræði og mundu vera fáanlegar til þess, *ef hælið væri í bænum, að taka nokkurra klukkutíma vakt á dag við hjúkrun á slíku hæli,* — náttúrlega fyrir háa borgun. Þetta mun hafa vakað fyrir yfirlækninum á Kleppi. En Hafravatnshugmyndin getur verið ákaflega mikils virði í framtíðinni til lausnar kannske báðum þeim málum, sem hæstv. ráðh. minntist á. En hún verður háð sömu *annmörkum hvað fólkshald snertir og hver annar* spítali utan við bæinn. Og þetta þarf að lagfæra. Og að því er þessa hugmynd snertir, þá er það hún, sem strandar á þessum blessuðum húsameistara til þess að framkvæma það, sem hann á að framkvæma í ríkisins þarfir. En geti hæstv. ríkisstj. ekki fengið þennan mann til þess að skila teikningu sinni, þá á hún bara að snúa sér til annars húsameistara. Í svona þýðingarmiklu máli á ekki að binda sig við það, hvort maðurinn heitir húsameistari ríkisins eða ekki. Það verður þá að notast við aðra krafta, ef húsameistari ríkisins getur ekki unnið sín störf eins og ætlazt er til.

Hv. þm. Barð. minntist á það, að það væri til lítils gagns að bæta við byggingum á Kleppi fyrir geðveikisjúklinga, — eiginlega kæmi það í bága við aðrar framkvæmdir, sem fyrirhugaðar eru í nágrenni Klepps. Þetta mun vera rétt. En það snertir í raun og veru ekki lausn þessa máls, sem hér liggur fyrir, því að hér er um að ræða úrræði til bráðabirgða, en ekki framtíðarskipun eða framtíðarstað fyrir geðveikrahæli, a. m. k. ekki þann veg, að það verði nein úrbót til þess að ráða bót á því vandræðaástandi, sem er hvað hælisvist fyrir sjúklinga *snertir nú. Sem sagt,* þó að geðveikraspítalinn nýi, sem hv. þm. Barð. telur, að verði að vera einhvers staðar annars staðar en á Kleppi, — og ég skal ekki mæla á móti því, að svo verði að vera í framtíðinni —, þó að honum væri valinn staður í sveit, langt frá skipasmíðastöð og öðrum skarkala, sem ég játa, að sé ekki heppilegt nágrenni fyrir *slíkan spítala, og þó að húsameistari eða aðrir væru* settir í að gera nýjar teikningar að spítala og heilbrigðisstjórn réði ráðum sínum um það, hvernig hann ætti að vera, þá er það annað og talsvert óviðkomandi því, sem hér er um að ræða.

Það, sem um er nú að ræða, er að gera bráðabirgðaráðstafanir í þessu máli, ráðstafanir, sem hæstv. ráðh. segist hafa verið að bollaleggja við báða læknana í sumar, sem nefndir hafa verið. En ráðh. segir, að því miður hafi þessar bollaleggingar ekki borið tilætlaðan árangur.

Ég vil nú vænta þess, að sú n., sem fær þetta mál til athugunar, sæki að ráðum annaðhvort annan þessara lækna eða báða, og gæti þá n. heyrt till. þeirra sameiginlega eða þá hreint og beint farið eftir till. annars hvors þeirra. Því að hitt, að ganga þarna á milli tveggja heysátna og vita aldrei, að hvorri á að snúa sér, það leiðir ekki að neinni niðurstöðu í málinu. Náttúrlega verður maður að álíta, að yfirlæknirinn á Kleppi sé bærastur til þess að dæma um

það, hvað er möguleg lausn um spítalavist, þegar um geðveikisjúklinga eingöngu er að ræða. En ég geri það ekki að ágreiningsefni, hvort þessu máli verður vísað til hv. fjvn. eða heilbr.- og félmn., eins og hæstv. ráðh. stakk upp á.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég hef ekki neinu sérstöku við það að bæta, sem ég sagði í gær um þetta mál. En ég vildi benda á það, að í heimildarákvæðum fjárl. í 22. gr. stendur, að heimilað sé ríkisstj. annaðhvort að láta byggja viðbót við geðveikrahælið á Kleppi eða taka húsnæði á leigu. Það er nú það skringilega við þetta, að einmitt á þeim sama tíma, sem þetta viðhorf hefur myndazt, sem hv. þm. Barð. minntist á í ræðu sinni, þá er í fjárlagaheimild ríkisstj. heimilað að láta nú byggja við Klepp. Þetta rakst á. Og vitanlega tóku þetta atriði til athugunar þeir kunnáttumenn, sem fjalla um málið, og það eru þeir yfirlæknirinn á Kleppi og landlæknir. Þeir sáu strax vankanta á þessu. Ef stór skipasmíðastöð verður sett þarna, þá dugir ekki að byggja þar. Og m. a. með þetta á bak við eyrað var horfið frá því að hefjast handa um viðbótarbyggingu á Kleppi, þó að annars hefði það verið hægt. Nú líða þessir mánuðir framan af árinu án þess ákveðið væri, hvað gera skyldi helzt til frambúðar eða þá a. m. k. bráðabirgða. Og eftir allar þessar athuganir hjá kunnáttumönnunum, þá kemst jafnvel geðveikralæknirinn svo að orði, að það hafi engin lausn fengizt á þessu máli. Hvað átti að gera? Átti að gera eitthvað til bráðabirgða eða eitthvað til frambúðar? Og þá kemur hann með þessa till., sem ég minntist á í gær. — Í raun og veru þurfa ekki að vera fyrir hendi neinar ráðaleysisbollaleggingar, þó að ekki sé hægt að ráða til lykta á fáum mánuðum, hvar eigi að reisa hús, sem eiga að kosta milljónir, eða hvar eigi að reka bráðabirgðahæli, sem kostar hlutfallslega ógrynni fjár. Það má vel vera, að ég hefði getað tekið rögg á mig, — eins og hv. þm. Vestm. sagði —, og skorið úr um þetta og sagt: Svona skal það vera, þarna skal setja geðveikrahælið niður, í þessu hverfi þarna. — En þegar svo var, að ég fékk þessar till. í hendurnar 8. sept. s. l. og ég las það í áætlun, sem fylgdi þessari till., að talið var, að dvöl hvers sjúklings mundi þar kosta 36 þús. kr. á ári og þingið var komið saman, þá var það einnig til viðbótar, að líklegt þótti, að seta núv. ríkisstj. mundi ekki verða til neinnar frambúðar. Og þá taldi ég a. m. k. áhættuminnst, og ég vil segja alveg rétt, að kostað yrði ekki til milljónaframlags af mér, sem gat búizt við að vera farinn úr ríkisstj. eftir viku.

En ég vil segja, eins og ég tók fram í gær, að það er gott, að þessi þáltill. er komin fram, því að nú eru allar staðreyndir opnar fyrir hv. fjvn. og fyrir heilbr.- og félmn. Og þingheimur getur nú sagt ríkisstj. að taka rögg á sig. Ég vil heyra, að þingið taki rögg á sig og setji málið á örugga braut, og ég var einmitt að tala um það í gær, að þetta væri sú fasta braut, sem málið er nú loksins komið inn á.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Ég heyri í þessum umr., að til orða hefur komið að vísa þessari þáltill. til fjvn. Mér finnst, eins og þessi þáltill. liggur hér fyrir, að hún eigi ekkert erindi til fjvn. Fjvn. hefur flutt um það till. á síðasta þingi að heimila ríkisstj. að verja fé í þessu skyni. Að þessu leyti hefur fjvn. lýst afstöðu sinni til þessa máls. Nú er í þessari þáltill. farið fram á, að ríkisstj. framkvæmi það, þ. e. a. s. noti þessa heimild, sem hún, eftir því sem fram hefur komið, hefur ekki gert. Mér virðist þess vegna þetta mál liggja þannig fyrir, að í þessu formi sé gersamlega ástæðulaust að vísa þessu máli til fjvn. Ef svo flm. þessarar þáltill., eins og fram hefur komið, er óánægður með það, að ríkisstj. noti ekki þessa heimild, sem mér skilst eftir orðum hæstv. forsrh., að hún hyggist ekki að gera, enda fellur það saman við þá skýrslu, sem ríkisstj. hefur gefið fjvn. um það, hvað hún hafi notað af heimildum 22. gr., þá finnst mér liggja beinast við fyrir hv. flm. þessarar þáltill. og þá aðra, sem vilja nú fá þessu til vegar komið, að byggt sé þarna á Kleppi, að bera fram einmitt í sambandi við afgreiðslu fjárl. till. um það, að fé skuli vera varið til þessara bygginga. Þá er málið komið inn á eðlilegan grundvöll. Og mér skilst það vera sá eðlilegi rekspölur líka, eins og við horfir um þetta nú. — Þessu vil ég skjóta til hv. flm. þessarar þáltill. En að vera að vísa þessari till., eins og hún liggur hér fyrir og eins og þetta mál er í pottinn búið af hálfu fjvn., til fjvn., sé ég ekki, að geti verið til þess að greiða neitt fyrir þessu máli. Hitt virðist mér miklu eðlilegra, þegar málið er borið fram í þessu formi, sem nú er gert, að Alþ. láti ákveðið í ljós vilja sinn um þetta og láti þá af hendi rakna það, sem til þess þarf, að verkinu sé hrundið í framkvæmd, sem sé fjárveitingu til þess að framkvæma þetta með.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég er að vísu þakklátur hv. form. fjvn. fyrir góð ráð í þessu. En ég skal nú taka það fram, að það var ekki beinlínis mín till. upphaflega, að hv. fjvn. yrði send þessi þáltill. Ég held, að ég hafi heyrt það á hæstv. forsrh., ef ég man rétt, eða einhverja rödd, sem taldi þetta sjálfsagt. En ég sagði þá þegar, að ég ætlaði ekki að gera deilur út úr því. Svo hefur verið talað um að vísa þessu máli til n., sem ekki er til í sameinuðu þingi, nefnilega heilbr.- og félmn. Það eru deildanefndir.

Ef maður athugar eðli málsins, þá er það þetta: Hér er verið að skora á ríkisstj. að framkvæma það, sem fjvn. er búin að leyfa, að stjórnin framkvæmi. *(PO:* Sem Alþ. er búið að leyfa.) Já, eftir till. hv. fjvn. er Alþ. búið að leyfa ríkisstj. að framkvæma þetta. Og ég get í sjálfu sér ekki tekið það upp á öðrum grundvelli. Ég hef engin bréf í höndum um það sem flm. þessarar till., hvort rétt sé að byggja á Kleppi eða hjá Hafravatni eða hvort rétt sé að gera einhverjar sérstakar aðrar ráðstafanir heldur en þetta. En hitt veit ég, að það verður eitthvað að gera, til þess að leysa þessi vandræði. Ef á að skilja afstöðu ríkisstj. þannig, að hún vilji ekk-

ert með málið hafa, þá virðist mér ekki um annað að ræða en annaðhvort að samþ. till. áframhaldandi til fjvn. eða þá senda hana til allshn., sem vafalaust getur um hana fjallað. En mér virðist það rétt hjá hv. form. fjvn., að fjvn. sem slík er búin að segja sitt orð í málinu með því að flytja till. í málinu áður. Hér er að ræða um heimild, sem þingið hefur veitt ríkisstj. til framkvæmdar, sem ríkisstj. hefur ekki séð sér fært að nota enn þá. En mér virðist eðlilegast, að samþ. þessarar þáltill., sem ég tel sjálfsagt að samþ., mundi vera áherzla á það við hæstv. ríkisstj., hver sem hún verður, að koma þessu máli í höfn. Og eftir að hafa heyrt álit hv. form fjvn., leyfi ég mér að gera það að till. minni, að málinu verði vísað til allshn. — En ekkert fyrirheit er gefið um það, að málið verði látið falla niður, þótt sú hv. n. geri ekkert við það.

Forseti (GSv): Till. er komin fram um það, að þessu máli verði vísað til n. Ég tel rétt að fresta þessari fyrri umr., meðan n. fjallar um málið, ef því skyldi verða vísað til einhverrar þeirrar n., sem nú hefur verið stungið upp á, og ekki er um annað að tala. Það er svo, að þetta mál hefur verið hjá fjvn. á sínum tíma og á sinn hátt. Á síðustu fjárl. var einmitt þessi heimild, sem nú er verið að tala um að fyrirskipa ríkisstj. að láta koma til framkvæmda.

Nú má segja, að það sé engan veginn svo, að það sé fjvn., sem samþ. hafi heimildina til fjárútlátanna, ef því væri að skipta, að aðstæður væru breyttar. — Og nú hefur komið fram tvennt: Að ríkisstj., sem farið hefur með þessi mál, hefur ekki séð sér fært að framkvæma þessa heimild; og svo hitt, að nú er komin fram áskorun um að láta framkvæma þessa heimild. — Þá eiga svona mál að vera hjá fjvn., þótt hún hafi fjallað um þau áður.

Hins vegar er till. komin fram um að vísa málinu til allshn., þar sem um sé að ræða að láta framkvæma verk, sem þegar sé búið að heimila.

Ég vil ekki að svo vöxnu dæma um þetta frekar. Mun ég skoða þessa síðari till. sem brtt., að vísa málinu til allshn., og verða hv. þm. að ákveða við atkvgr., til hvorrar n. málið fer.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 20:17 atkv., að viðhöfðu *nafnakalli*, og sögðu

já: STh, SÞ, ÞG, ÁÁ, BG, BrB, EOl, GJ, IngJ, JakM, JJós, JPálm. KA, LJóh, LJós, ÓTh, PÞ, PO, SG, SK.

nei: SkG, StgrA, SvbH, ÞÞ, BSt, EystJ, GÞ, GTh, HermJ, IngP, JS, JJ, JörB, PHerm, PZ, SB, SEH.

GSv greiddi ekki atkv.

14 þm. (StJSt, ÁkJ, BÁ, BBen, EE, EmJ, FJ, GG, GÍG, HG, HelgJ, MJ, PM, SigfS) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till. (A. 365, n. 502).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Á fjárl. fyrir árið 1944 er í 23. lið 22. gr. ríkisstj. veitt heimild til að veita fé til þess að byggja við hælið á Kleppi, án þess þó að nokkur fjárhæð sé tiltekin. Þetta sýnir, hversu fjvn. hefur álitið þetta mál mikilsvert. Nú hafa engar framkvæmdir átt sér stað, og því er þetta hér flutt. En úr framkvæmdum varð ekki, sökum þess að ekki hafði farið fram nægur undirbúningur, til þess að verkið yrði hafið. Þegar allshn. hafði fengið þetta mál til meðferðar, tók hún að kynna sér orsakir þess, að ekkert hafði verið gert, og hverjar líkur væru til, að hafizt yrði handa til úrbóta í þessu máli. Hún gerði fyrirspurnir til landlæknis og yfirlæknisins á Kleppi. Úr báðum stöðunum komu þau svör, að brýn nauðsyn væri að ráða bót á því ástandi, er nú ríkir í þessum málum. Húsrúm fyrir geðveikt fólk væri allt of lítið, þannig að þörf mundi vera fyrir húsrúm fyrir á fimmta hundrað sjúklinga, en eins og nú er ástatt, væri ekki rúm fyrir nema um 200 á Kleppi, auk 25 sjúklinga á spítalanum í Víðihlíð og nokkurra á öðrum stöðum. Landlæknir gerði ráð fyrir, að samkvæmt Evrópumælikvarða gætum við reiknað með um 600 geðveikisjúklingum. Nú koma þau tvö sjónarmið til greina, hvort byggja skuli einn stóran spítala eða fleiri smærri úti um land. N. taldi það ekki heyra undir sig að ákveða neitt hér um á þessu stigi málsins, en taldi rétt að fela ríkisstj. að athuga þetta vandlega. En vert er að gæta þess, að innan tíðar mun rísa upp mannvirki við Elliðaárnar, svo og skipasmíðastöð í nágrenni Klepps, og mun þetta mæla á móti að byggja þennan spítala þar. Um þetta voru báðir læknarnir sammála; þó var landlæknir ekki frá því, að þar mætti byggja deild fyrir órólega sjúklinga, þótt aðalbyggingin yrði annars staðar. Viðvíkjandi því að byggja spítala úti á landi, þá taldi landlæknir ekki ómögulegt, að það gæti komið til greina, þó varla á þann hátt, að þau yrðu reist í sambandi við önnur sjúkrahús. En yfirlæknirinn leit svo á, að ekki yrði hjá því komizt að hafa sérfróða lækna við þessi sjúkrahús. Höfuðvandamálið þessu viðvíkjandi töldu þó báðir læknarnir væri skortur á hjúkrunar- og starfsliði til spítalanna. Bent var á, að til væri hús uppi við Reyki, sem mundi nothæft, ef starfslið væri fyrir hendi, og sama er að segja um hús austan fjalls við Kaldaðarnes. Virðist ljóst, að helzt mundu líkur til að fá starfsfólk að sjúkrahúsi, sem reist væri og starfrækt í Reykjavík eða nágrenni hennar.

Dr. Helgi Tómasson lagði til, að komið yrði á fót hæli hér í bænum með einhverju móti, t. d. fá til þess braggahverfi. N. taldi sig ekki geta mælt með þessu. Þá kvaðst yfirlæknirinn mundu geta útvegað starfsfólk, ef hann mætti hækka kaup þess um 100%. Þetta áleit n. ekki vera færa leið, með því að á þann hátt gæti myndazt kapphlaup á milli sjúkrahúsanna, án þess nokkur bót væri ráðin á málinu í heild. Einnig var bent á, að nú væru launal. til athugunar og þar væri væntanlega gerður munur á launum hjúkrunarliðs við geðveikraspítala og aðra spítala. Enn bar það á góma í n., að bráðabirgðalausn þessa máls gæti orðið sú að

taka einhvern hluta af kjallara sjómannaskólans og útbúa þar nokkrar sjúkrastofur. N. gerir þetta þó ekki að till. sinni, en með því að nú hefur dr. Helgi Tómasson mælt fastlega með, að þessi leið verði farin, þá vil ég láta þetta koma fram; mun það þá koma undir félmrh. að ræða þetta við landlækni og ríkisstj. Dr. Helgi gerir sér vonir um, að á þennan hátt muni hjúkrunarkonur, sem giftar eru hér í bæ, fást til að hjúkra og hafa það sem aukaatvinnu. N. leggur til: Í fyrsta lagi, að þegar sé hafinn undirbúningur af hálfu ríkisstj. til að leysa þessi mál; í öðru lagi leggur n. til, að Alþ. feli ríkisstj. að bæta úr þeirri brýnu þörf, að sjúklingar utan af landi, sem eru heimilum alls ofviða, verði fluttir á spítala. Mikið af sjúklingum, sem nú dveljast á Kleppi, eru einungis taugaveikladir, en margir sjúklingar úti á landi eru að leggja heil heimili í rústir. Þetta er að sjálfsögðu ekki vandalaust, því að erfitt mun vera að skipa yfirlæknunum að skipta á lítið veikum sjúklingum, sem þar eru nú, og meira veikum sjúklingum utan af landi, einkum þar eð læknirinn hefur þá skoðun, að meiri þörf sé að lækna sjúklingana til fulls en taka stöðugt inn mikið veika sjúklinga.

Viðihlíð mun geta tekið nokkru fleiri sjúklinga, ef þar fengist starfsfólk. Sömuleiðis tel ég líklegt, að takast mætti að fá húsrúm fyrir veiklaða sjúklinga t. d. á Húsavík, en sjúkrahúsið þar varð að hætta vegna skorts á starfsliði.

Ég vil svo að lokum geta þess, að allshn. leggur á það mjög mikla áherzlu og væntir þess, að hæstv. félags- og heilbrmrh. geri sitt ýtrasta til þess, að úr þessu verði leyst eins fljótt og auðið er, með tilliti til þess, að fyrra þing hefur raunverulega samþ. takmarkalausa fjárhæð til að geta leyst úr þessum vandræðum.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Ég verð að játa, að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum, þegar ég las nál. hv. allshn., og skal þó játa, að verk hennar er að engu leyti slælegt. En því miður skilst mér, að eftir þá athugun, sem fram hefur farið, og eins og hv. frsm. sagði, vafalaust hefur verið ýtarleg, standi málið engu nær lausn en áður, nema síður sé, þar sem hv. n. bendir á það, sem vissulega er rétt, að nokkrum annmörkum mun vera bundið að byggja til viðbótar á Kleppi, hvort heldur er á sjálfum staðnum eða í næsta nágrenni. Mér skilst því, að nál. upplýsi ekkert annað en það, að það muni vera jafnvel enn þá erfiðara en menn hafa gert sér grein fyrir að leysa þessi mál og að n. hafi ekki á nokkurn hátt bent á neina leið til lausnar því mikla vandamáli, sem hér er um að ræða; þessu vandamáli, sem raunverulega varðar ekki í bili, hvað fyrst og fremst eigi að gera að mörgum árum liðnum og hvernig eigi að koma þessu máli fyrir í framtíðinni, heldur hvernig eigi að firra öllu heldur yfirstandandi en yfirvofandi vandræðum fjölda heimila og þar með sveitarfélaga víðs vegar um landið. Því að eins og nú standa sakir, eru menn í allmiklum vandræðum með fjölda geðveikra manna, brjálaðra sumra, úti um allt land og hér í bænum ekki síður. Þetta leiðir til þess, eins og sagt hefur verið, að leggja mikinn húskross á fjölda heimila, og veldur einnig gífurlegum kostnaði auk þess, að annaðhvort aðstandendur eða sveitarfélögin verða oft að láta fjölda manna halda vörð um þessa geðveiku eða brjáluðu menn, og slíkt ástand er auðvitað svo alvarlegt, að auðsætt er, að hið opinbera verður að láta það til sín taka að einhverju leyti og reyna hið bráðasta að leysa úr þessu núna í bili.

En það, sem verst er við þetta og gerir ástandið enn þá verra í því sjúkrahúsi, sem nú þegar er rekið, er það, að þar er miklu færra starfsfólk en þyrfti að vera, og örðugar aðstæður, og gerir það einnig að verkum, að við liggur, að starfræksla öll leggist niður, ef ekki fæst úr þessu bætt.

Eins og áður hefur verið tekið fram, eru þessi vandræði tvenns konar. Annars vegar er að fá aukið húsnæði frá því, sem verið hefur, og svo hins vegar það, sem enn þá síður má bíða, en það er að fá starfsfólk til að sinna störfum í því húsnæði, sem þegar er fyrir hendi, svo að það verði nýtt til fulls, og til þess að vinna á nýjum stöðum, ef að einhverju leyti yrði um aukningu að ræða. Mér finnst, að n. hafi gersamlega gefizt upp við að finna nokkra leið út úr þessu, heldur aðeins bent á það, sem vitað er, að hér sé um mikið vandamál að ræða. En þó er það svo, að till. hafa legið frammi um það, hvernig úr þessu ætti að bæta að einhverju leyti. En n. vill annaðhvort ekki taka tillit til þeirra eða segir, að þær séu óframkvæmanlegar. Mér skilst þó, að sumar þessar till., sem fyrir liggja, t. d. þessi, hvort hægt sé að taka einhvern hluta af sjómannaskólanum nýja, meðan hann er ekki notaður til annars, þar sé um að ræða atriði, sem n. fyllilega gæti tekið afstöðu til, annaðhvort með henni eða móti, og finnst mér n. standa það nærri, að hún segi álit sitt um það atriðið til leiðbeiningar fyrir hæstv. ríkisstj.

Varðandi önnur atriði þessa máls, þá hafði það áður fyrr, þegar svipað stóð á, reynzt þrautaúrræðið, m. a. vegna launagreiðslanna, að fá einstaklinga til þess að reka viðbótarheimili við Klepp. Það er kunnugum mönnum hér í Reykjavík vitanlegt, að þetta var gert um mörg ár milli 1920 og 1930, og þó var það sannast að segja sízt betra húsnæði en það, sem nú mun vera völ á. Og ég held sannast að segja, að ef ekki reynist unnt að fá menn með núverandi kaupgjaldi til þess að ganga í þjónustu ríkisins til að sinna þessum störfum, sé óverjandi fyrir stjórnarvöldin að reyna ekki hina leiðina, að vita, hvort einstaklingar, sem hafa frjálsar hendur um kaupgjald, gætu ekki tekið þetta að sér að einhverju leyti. Þótt ekki hafi tekizt betur til um stundarsakir með bráðabirgðahverfin, eins og yfirlæknirinn á Kleppi hefur bent á, dugar ekki að segja eins og hv. frsm. sagði, að það væri ekki viðunandi húsnæði til spítalahalds. Það vita allir menn, að það er það ekki. En það tjóar ekki að bera það húsnæði, sem þessir aumingja menn eiga við að búa, saman við fullkomnasta spítalahúsnæði, sem ekki er til hér. Það dugar

því ekki, meðan stjórnarvöldin geta ekki bent á neina fullnægjandi lausn, að loka augunum og sinna ekki þeim úrræðum, sem þó kunna að vera fyrir hendi, þótt þau séu ekki nógu góð, því að betra er að veifa röngu tré en engu.

Ég er með þessu á engan hátt að áfellast nefndina fyrir afskipti hennar af þessu. Hún hefur, sem sagt, velt málinu mikið fyrir sér og komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri mikið vandamál. Hún hefur alveg gefizt upp við lausn þess, og kemur það til af því, að á nm. sjálfum hvílir ekki sá mikli þungi, sem er á þeim, sem ekki komast hjá því að leysa málið vegna sinnar pólitísku afstöðu. Mér eru nokkuð kunnir, sem starfandi að bæjarmálefnum Reykjavíkur, þeir örðugleikar, sem við höfum lent í hér af þessum sökum. Bærinn hefur lagt í mikinn kostnað til þess að ráða bót á þessu og tekizt það að nokkru leyti. En við þetta hef ég kynnzt þeim ákaflegu örðugleikum, sem þessu er samfara.

Þá vil ég kröftuglega mótmæla þeirri skoðun, sem kemur fram í nál. og hv. frsm. hreyfði við, að komið gæti til mála, að ekki yrði veitt móttaka á spítalanum öðrum sjúklingum en þeim, sem ekki mættu ganga lausir og væru bandóðir. Niðurstaðan yrði sú, ef þetta yrði upp tekið, að á fáum mánuðum hefðu menn hér helmingi fleiri bandóða menn í landinu en við höfum nú, og er ótækt að láta sér detta í hug að ætla að lækna menn með slíkum hrossalækningum.

Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um þetta, en vildi beina því til hæstv. dómsmrh., að hann athugaði gaumgæfilega, hvort ekki væri unnt að finna einhverja bráðabirgðalausn, sem að haldi gæti komið nú þegar. Og æskilegt væri nú, að mínu viti, að n. tæki málið aftur til athugunar og hefði það til frekari umr. við aðila og hæstv. dómsmrh., þar til einhver skynsamleg lausn hefur fengizt.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Ég er að vísu þakklátur n. fyrir það starf, sem hún hefur lagt í að rannsaka þetta mál, en þó hefði ég óskað og get tekið undir það með hv. 6. þm. Reykv., að hún hefði komið með gagngerðari till. til úrbóta en hún hefur gert. En ég þykist vita, að um mikla örðugleika sé að ræða á þessu sviði og að hún hafi orðið þeirra vör líka. Afleiðing þess er sjáanleg á till. hennar, án þess þó að tillit sé tekið til tillagnaleysis hennar. Það ástand, sem blasir við í þessu efni, er svo alvarlegt, að það krefst handfastari aðgerða en sjáanlegar eru á því, sem hér liggur fyrir, og heyranlegar eru, þegar talað er við heilbrigðisyfirvöld landsins.

Yfirlæknirinn á Kleppi hefur bent á bráðabirgðaúrbætur, sem n. hefur varpað frá sér, þ. e. a. s. að notast við bragga í bili og svo hitt, sem drepið hefur verið á, að nota nokkuð af húsnæði sjómannaskólans til bráðabirgða. Þá má geta þess, að skoðanamunur virðist vera milli landlæknis og yfirlæknisins um bráðabirgðaúrlausn þessa vandamáls.

En ástandið er nú svo hræðilegt, að málið þolir enga bið. Ég veit til þess, að fílefldir karlmenn verða að vera yfir sjúklingum á daginn og að loka verður þá í fangaklefum um nætur.

Tillit til þessa hræðilega ástands hlýtur að hefla vankantana af þeirri bráðabirgðalausn, sem bent hefur verið á, og betri er lítilfjörleg lausn en engin.

Hús sjómannaskólans er geysistórt, og er vel athugandi, hvort ekki er hægt að nota nokkurn hluta kjallarans sem bráðabirgðahúsnæði fyrir geðveikt fólk, án þess að skemma starfsemi stofnunarinnar.

Ég býst ekki við, að eftir þessu hafi verið leitað við skólastjóra sjómannaskólans. Stýrimannaskólinn hefur verið nefndur í þessu sambandi, en húsrúm hans er svo takmarkað, að slíkt getur ekki komið til greina. Ég vil óska, að bót yrði ráðin á þessu slæma ástandi sem fyrst. Það dugar ekki að horfa í kostnaðinn, sem yrði meiri í bili en kostnaðurinn við þá sjúklinga, sem nú eru á Kleppi.

Það er tvennt, sem nú þegar þarf að bæta úr: fólksekla og húsnæðisskortur. Það þarf engan að undra, þótt skortur sé á þjónustu- og hjúkrunarkonum á Kleppi. Þær bera ekki meira úr býtum þar en annars staðar, en þar mega þær búast við glóðarauga og pústrum. Það er því engan veginn réttmætt, að þær búi við sömu launakjör þar og á venjulegum spítölum. En þegar á það er bent, að starfsfólk fáist máske með því að bjóða hærra kaup en á venjulegum spítölum, kemur í ljós, að það rekst á taxta, sem gerður var við hjúkrunarkvennafélagið. Fleiri agnúar kunna að vera hér á.

Landlæknir taldi, að kvenfólk vildi ekki vera við hjúkrunarkvennastörf nú og að hjúkrunarkvennaeklan stafaði af því, en ég held, að flestir vilji vera við þann eldinn, sem bezt brennur.

Aðgerðaleysi í þessum efnum hlýtur að leiða til enn meiri vandræða en eru þegar í dag. Þegar á það er litið, mega menn ekki vísa á bug þeim till. um bráðabirgðalausn, sem fram hafa komið, með þeim rökum einum, að leiðinlegt sé að búa í bragga. Nauðsynin hlýtur að ganga fyrir, og verður að neyta einhverra ráða, og mun hér sannast hið forkveðna, að neyðin kennir naktri konu að spinna.

Þetta á við þá stórkostlega geðveiku, sem virðast vera bitbein þjóðfélagsins og enginn vilji hafa, þá sem Helgi Tómasson kallar kroniskt geðveika. Það er eðlilegt, að læknir, sem leitast við að lækna sjúklinga sína, vilji ólíkt heldur taka inn á spítalann fólk, sem fær köst, en getur losnað við þau, eða fólk með hugarvíl og aðra sinnisveiki, sem batnað getur við skynsamlega meðferð og aðbúð. En þessir menn, sem ekki þykir von um, þurfa einhvers staðar sómasamlegt skýli, og þjóðfélaginu ber skylda til að sjá þeim fyrir því. Ef það er athugað ofan í kjölinn, hvaða aðbúnað t. d. þeir menn hafa, sem loka þarf hverja nótt í klefum, þarf ekki að láta sem ketill falli í eld, þótt talað sé um að taka bragga eða kjallara stýrimannaskólans og breyta í íbúðir fyrir þetta fólk.

Eftirtektarvert er, hve þetta geðveikramál hefur átt þröngum skilningi að mæta og átt örðugt uppdráttar hjá fyrrv. ríkisstjórnum. Minna vil ég á, að

fyrrv. forsrh. lýsti yfir, að hann hefði hinn mesta áhuga á að bæta úr, en þar við situr. Í áliti allshn. á þskj. 502 er fylgiskjal frá landlækni, og vil ég lesa part af því með leyfi hæstv. forseta:

„Vildi ég eiga þess kost að ræða mál þetta ýtarlega við nefndina. Jafnframt mundi ég vilja láta bera á góma, hver höfuðnauðsyn er á því, að ekki dragist lengur að hefja ráðstafanir til að auka til frambúðar sjúkrahúsrými fyrir geðveika sjúklinga, til þess að ekki þurfi að koma til þess, þegar úr raknar starfsfólksvandræðunum, að þá verði eftir sem áður ekkert unnt að gera vegna húsnæðisvandræða. Hef ég árum saman aldrei þagnað á því, hver höfuðnauðsyn er að láta verða úr því að reisa hina margfyrirhuguðu deild fyrir órólega sjúklinga á Kleppi, en allar ríkisstjórnir og Alþingi jafnan daufheyrzt við. Og meðfram þess vegna er nú svo komið sem komið er.“

Þetta segir landlæknir 16. okt. 1944, og býst ég við, að allir þm. muni samþ. með mér, að það sé þung ákæra á Alþingi og ríkisstjórnir, sem að völdum hafa setið undanfarin ár.

Hv. 6. þm. Reykv. áleit það koma til mála, að allshn. tæki þetta enn til athugunar og framkvæmda í samvinnu við félmrh. Ég vil mjög gjarnan taka undir þá ósk og vona, að hæstv. ráðh. veiti nú þegar nokkur svör um, hvað hann hyggst fyrir í málinu. Hef ég þar fyrst og fremst í huga bráðar bætur núverandi ástands, en sízt vil ég vera móti því, að undirbúin sé nú þegar framtíðarlausn geðveikramálanna. Allir vita, að til þess undirbúnings þarf langan tíma, og eitthvað hagnýtt verður að gera tafarlaust. Að öðru óreyndu vil ég treysta ríkisstj. til þess að ganga í málið af dugnaði. Ég væri þess og fýsandi, að n. yrði áfram stjórninni til ráðuneytis um lausn vandans. Ég vænti svara ráðh.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Í þessum umr. hefur það komið glöggt fram, sem raunar var vitað, að mikill skortur er á sjúkrahúsrými fyrir geðveikt fólk. Stafar af því margfaldur kostnaður oft og tíðum, vegna sjúklinga, sem komast ekki á spítala, og mikil óþægindi. Þingn. er orðið ljóst, að Kleppur tekur ekki nema nokkurn hluta þessa fólks, í öðru lagi að svo miklar athafnir eru fyrirhugaðar rétt hjá Kleppi, að vafi leikur á, hve staðurinn henti geðveikraspítala til frambúðar. Ástandið er svo alvarlegt, að ætla mætti, að menn legðust á eitt að reyna að kippa þessu í eitthvert lag. Hvað sem líður framtíðarlausn málanna, megum við ekki bíða eftir henni með brýnustu aðgerðir.

Sérstaklega hefur verið bent á tvær leiðir, bráðabirgðahúsnæði í hermannaskálum eða kjallara stýrimannaskólans nýja. Vel má vera, að önnur hvor þessara leiða sýnist fær, og mun ég taka það til nánari athugunar í samráði við yfirmann heilbrigðismálanna, landlækni, og ráðfæra mig við n. þingsins. Út af till. n. vil ég benda á, að hún virðist ekki vel framkvæmanleg, nema eitthvað meira komi þar til. Í nál. segir n., að hún vænti, að ríkisstj. geri það, sem fært sé, án þess að fara í kapphlaup við önnur sjúkrahús um hjúkrunarlið. Ef það er svo, sem ég ætla, að of lítið sé af hjálparfólki, sem nokkur sjúkrahússtörf kann og er fáanlegt, er þá útilokað, að ríkisstj. megi ráða nokkra manneskju frá öðrum sjúkrahúsum? Hvaða ráð á hún þá að hafa um útvegun hjúkrunarkvenna? Mér finnst aths. n. geta orðið þrándur í götu framkvæmda. Ég á ekki við, að farið yrði í stórum stíl að ráða fólk frá sjúkrahúsum, sem hafa helzt til fátt starfslið, en einhver miðlun og tilfærslur verða að vera leyfilegar.

Hv. frsm. (GJ) áleit nóg fé veitt til þessara framkvæmda, af því að á 22. gr. fjárl. 1944, 33. lið, er gert ráð fyrir ótiltekinni greiðslu ríkisfjár til aukningar Kleppsspítala og rekstrarkostnaðar vegna aukningarinnar. En sú heimild er þýðingarlaus, ef ekkert fé er afgangs af ríkistekjum þessa árs til að greiða þann kostnað, og það er ég hræddur um, að verði. Heimildin er ekki takmörkuð, það er satt, en féleysi takmarkar hana og ónýtir. Ef snúið verður að framkvæmdum, tel ég fulla nauðsyn á, að Alþ. bregðist vel við varðandi kostnað, og mun ríkisstj. þá leita þess. Ég hef hug á að taka þetta mál til bráðrar meðferðar.

Umr. frestað.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till. (A. 365, n. 502, 535).

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Ég hef leyft mér að bera fram viðaukatill. við brtt. hv. þm. Vestm., sem að nokkru leyti er sprottin upp af þeim umr., sem fóru hér fram síðast, þar sem það kom í ljós, að þrátt fyrir þá miklu nauðsyn, sem er á því að ráða fram úr þessu máli, þá hefur hvorki heilbrigðisstjórn né n. séð sér fært að koma fram með ákveðnar till. Hins vegar kom það fram í umr. þá, að ástandið er þannig, að hér á landi munu vera um 600 manns, sem þyrftu að fá aðhlynningu á geðveikrahæli, en ekki hægt að koma nema um 200 manns á núverandi hæli og þó tæplega hægt að fullnota það vegna skorts á þjónustufólki.

Það hefur enn fremur komið fram í sambandi við þetta mál, að vegna skipulags Reykjavíkur muni á sínum tíma verða að flytja núverandi hæli burt og byggja annars staðar. Þessi staðreynd verður til þess, að það verður miklu síður lagt út í að bæta við Kleppsspítalann, sem þó annars þyrfti að gera. Og þar sem nú vantar spítala fyrir 400 manns í viðbót, þá yrði óeðlilegt að hafa þetta geðveika fólk allt á einum stað og ekki hagnaður á neinn hátt. Og þar sem heilbrigðisn. Reykjavíkur hefur komið sér saman um, að rétt sé að byggja bráðabirgðaskýli fyrir geðveikt fólk á Akureyri, þá hef ég hugsað mér þann möguleika að byggja part af geðveikraspítala á Akureyri. Þar þarf hvort sem er að byggja. Og þar er ekki neinn vafi um staðinn, því að fyrirhugað hefur verið að byggja í þessu skyni nálægt spítalanum þar. — Það væri þess vegna, að mínum dómi, hentugt að byggja þar

nokkurn part af geðveikraspítala, meðan verið er að finna stað handa nýjum Kleppi sunnanlands aftur. — En þar sem þetta tekur tíma og þar sem það kom í ljós í umr. um þetta efni á dögunum, að e. t. v. væri öruggust bráðabirgðalausn á þessu vandamáli það að taka part af kjallara núverandi sjómannaskóla eða þeirri byggingu í þessu skyni, þá fannst mér rétt, að það kæmi hér til atkvæða, hvað menn vildu gera í þessu efni. Læknar á Kleppi telja, að spítalanum sé heppilegt að finna stað inni í bænum. Og þar sem nú er erfitt að fá öruggt húsnæði, en mér er fullkunnugt um það, að fyrst um sinn a. m. k. verður ekki notaður kjallari undir austurálmu sjómannaskólans og verður ekki heldur á næsta ári lokið við stofurnar þar uppi yfir, heldur hinn part skólans, þar sem kennsla byrjar á næsta hausti, þá vildi ég láta koma í ljós, hvað Alþ. og heilbrigðisstjórn vildi vera láta um að taka þetta húsnæði í þessu skyni. Og hygg ég, að þetta mundi líklegust bráðabirgðalausn, einkum ef litið er á það, að það verður að líkindum leitazt við að fá karla og konur, sem önnur störf stunda hér í bæ, til þess að sinna hjúkrun til bráðabirgða í þessu skyni.

Ég vil leiðrétta misskilning, sem kom fram hjá hv. frsm. n. (GJ), viðvíkjandi sjúkraskýlinu á Húsavík. N. hafði borizt sú frétt, að það hefði staðið autt fyrir starfsfólksleysi. Það er ekki, heldur er spítalinn í fullum gangi. En tilefni þessarar fréttar mun vera það, að aðalhjúkrunarkonan þar veiktist í haust og fór burtu, og vantaði hjúkrunarkonu í nokkrar vikur, þannig að læknar gerðu þar þá ekki stærri uppskurði um tíma. Svo raknaði úr, svo að nú er allt í lagi um þetta, eins og á að vera. Og það er alls ekki hægt að ráða bót á þessu máli, sem hér er til umr., í sambandi við þann spítala.

Forseti (GSv): Áður en lengra er farið, vil ég benda hv. flm. brtt. á þskj. 535 á, að hún er við aðaltill., en komin er fram frá hv. allshn. brtt., sem algert breytir allri tillgr., og mundi þá hans till. (á þskj. 535) alls ekki samrímast því, ef samþ. yrði brtt. hv. n. En fyrst yrði borin upp brtt. n., og mundi að henni samþykktri brtt. á þskj. 535 vart koma til greina. En það er hægt að laga með því að taka brtt. á þskj. 535 aftur til síðari umr. *(JJ:* Ég tek brtt. mína aftur til síðari umr.).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Út af ummælum hv. 6. þm. Reykv. þykir mér rétt að benda á, að það er ekki nauðsynlegt, þó að menn tali um geðveikramál, að tala eins og geðbilaðir menn, en öll hans ræða benti á, að eitthvað væri athugavert við sálarástand hans þá stund, sem hann var að tala um þetta.

Hv. þm. var með þungar ásakanir á allshn. fyrir, að hún hefði gefizt upp við að leysa þetta mál, en samt sem áður óskar hann eftir, að þessi n., sem svo óskaplega illa hefur tekizt til með málið, fái það til meðferðar á ný. Ég vil benda þessum hv. þm. og öðrum á það, að í aðaltill. á þskj. 365 er verið að skora á stj. að láta nú þegar koma til framkvæmda heimild í 33. lið 22. gr. fjárl. fyrir árið 1944. Ég geri ráð fyrir, að ef allshn. hefði ekkert annað gert en að gefa út nál., þar sem hún hefði einróma lagt til, að þessi þáltill. væri samþ., þá hefði hvorki hv. 6. þm. Reykv. né aðrir hv. þm. kastað neinum hnútum að n. fyrir að hafa gefizt upp við málið. En allshn. gerði annað og meira en þetta. Hún rannsakaði, hvort unnt væri fyrir núv. stj. að láta þessa till. koma til framkvæmda, ef hún væri samþ., og hvort það mundi bæta úr málinu að fullu. Hún komst að þeirri niðurstöðu, að það væri engan veginn nægilegt að samþ. till. eins og hún var upphaflega borin fram. Þess vegna gerir n. þá breyt., að hún leggur til að fela stj. einnig að hefja undirbúning undir framtíðarlausn þessa máls. Þingið hefur forsómað allan þennan tíma, eins og hv. flm. minntist á, að leysa þessa skyldu af hendi. N. vildi láta það koma sérstaklega fram í sinni till., að grundvallarnauðsyn væri að fá eitthvert skipulag á þessi mál fyrir framtíðina, þannig að ekki yrði lengur sama ófremdarástandið og lýsti sér í umsögn yfirlæknisins á Kleppi, að þar hefði verið a. m. k. síðustu tíu árin, sem hann sagðist aldrei hafa treyst sér til að tilkynna Alþ. En n. gerði meira en þetta. Hún lagði einnig til, að það væri skorað á stj. að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til bráðabirgða til að bæta úr brýnustu húsnæðisvandræðunum. Ég veit ekki, hvað hv. 6. þm. Reykv. meinar, þegar hann heldur fram, að þrátt fyrir þetta hafi n. gefizt upp á málinu. Það getur þó aldrei verið hlutverk þingn. að gera sérstakar ráðstafanir. Það er það, sem hæstv. stj. ber að gera í málinu. N. var aðeins að dæma um, hvort þætti tiltækilegt, rétt eða eðlilegt að skora á stj. að hrinda þessu máli í framkvæmd, en ekki að útvega húsnæði úti í bæ, eins og mér heyrðist helzt á hv. 6. þm. Reykv., að hann teldi, að n. bæri skylda til að gera. N. vill ekki leggja til, að tekinn verði til þessara nota neinn hluti af nýja sjómannaskólanum, en bendir aðeins á hæstv. dómsmrh. til leiðbeiningar, að þetta hafi komið til umr. og lækninum á Kleppi hafi litizt vel á þetta húsnæði. En þegar um það er komin sérstök brtt. frá hv. þm. S-Þ., þá vil ég fara um hana nokkrum orðum og benda á, að ef Alþ. telur, að málinu sé á einhvern hátt betur borgið með því að samþ., að hæstv. stj. skuli taka eitthvert ákveðið húsnæði hér í bæ, þá koma sannarlega til greina fleiri staðir en sá hluti sjómannaskólans, sem hér er um að ræða, m. a. hvort ekki væri ástæða til að taka einhvern hluta af þjóðleikhúsinu. Ég hygg, að þar muni vera herbergi, sem eru komin lengra á veg, til að hægt sé að nota þau til mannaíbúðar, hvort sem er fyrir sjúka menn eða heilbrigða, heldur en þessi hluti sjómannaskólans er. Einnig mætti þá athuga, hvort ekki væri unnt að fá gamla stúdentagarðinn; hann er nú rekinn sem spítali. Getur vel verið, að hæstv. dómsmrh. takist að fá hann rýmdan, svo að þangað væri nú hægt að flytja sjúklinga, ef ekki þá bandóðu menn, sem þarf nú að sjá fyrir húsnæði og eru nú hér og þar úti um landsbyggðina, þá

eitthvað af þeim taugaveikluðu sjúklingum, sem nú eru á Kleppi og hv. 6. þm. Reykv. sagði, að væri glæpur að hreyfa þaðan burt, fyrr en þeim væri fullbatnað, hvernig sem væri líðan þeirra manna, sem eru úti á landinu. Það má einnig benda á, að hér í bænum er hús, sem heitir hegningarhús. Getur vel verið, að hægt væri að koma þar fyrir sjúklingum, sem hvergi er hægt að stunda nema í Reykjavík. Ég vil aðeins skýra frá þessu, af því að hæstv. heilbrmrh. er viðstaddur, til þess að hann geti látið rannsaka þessi mál, án þess að ég geri það að minni till.

Út af brtt. á þskj. 535 um að reisa á Akureyri sjúkrahús fyrir 50 menn vil ég taka fram, að það kom ekki til umr. í n., hvort reisa ætti slíkt sjúkrahús á Akureyri, heldur hvort rétt væri að dreifa þessum byggingum út um land. N. bar ekki skylda til að rannsaka það mál, enda var ekki þess að vænta, að hún hefði svo mikla þekkingu á málinu, að hún væri fær um að segja, hvort það skyldi gert eða ekki. Það þurfti miklu frekari rannsóknar við. Þess vegna m. a. lagði n. til, að þessi mál væru rannsökuð, og taldi á þessu stigi enga ástæðu til annars en að bera fullt traust til hæstv. ráðh., að hann léti rannsaka þetta eins fljótt og unnt væri og velja til þess þá menn, sem hann teldi í samráði við landlækni heppilegasta til að finna örugga lausn í málinu. Ég skal um leið geta þess, að yfirlæknirinn á Kleppi hélt fast fram í n., að það væri ekki einasta miklu dýrara að byggja mörg slík sjúkrahús og dreifa þeim um landið, því að reynslan sýndi, að það væri miklu ódýrara að reka eitt stórt sjúkrahús heldur en að hafa þau mörg og smá, heldur lagði hann einnig mikla áherzlu á, að ógerningur væri af öðrum ástæðum að gera það, því að það þyrfti að sjá þessum sjúklingum fyrir læknum, sem hefðu sérþekkingu á þessum sjúkdómum, og taldi hann, að þeir væru ekki mjög margir hér á landi, sem hefðu það. Hann taldi óverjandi að láta almenna og venjulega héraðslækna stunda þessa sjúklinga, og hann tók svo djúpt í árinni, að hann áleit, svo að ég noti hans eigin orð, eins gott að láta járnsmiði gæta þeirra og hjúkra þeim eins og venjulega héraðslækna. Ég dæmi ekki um þetta; ég segi aðeins frá, hvernig á þetta var litið frá hans sjónarmiði.

Af þessum ástæðum var það, að n. taldi nauðsynlegt, að þetta mál væri undirbúið af mönnum með meiri þekkingu en allshn. gat haft. Væri þá ekkert á móti því, að hæstv. félmrh. í náð sinni skipaði hv. 6. þm. Reykv. í slíka n., ef hann býr yfir meiri þekkingu í þessu máli en þm. almennt. Tekur hann það vonandi til alvarlegrar athugunar, þegar hann á að ráða fram úr þessu máli.

N. vildi ekki leggja til, að keyptir væru eða leigðir neinir braggar hér í bænum til þessara nota, af því að húsameistari ríkisins og landlæknir gáfu n. þær upplýsingar, að það yrði svo kostnaðarsamt að útbúa þessi hreysi, að það mundi nema miklu meira en þó að byggt væri nýtt sjúkrahús, og sama væri að segja um það húsnæði, sem komið hefði til mála að nota uppi við Hafravatn. N. gerði sér það ómak að skoða þetta húsnæði til þess að geta rætt um það á fundi. Vil ég benda á, og er það til upplýsingar fyrir hæstv. ráðh., að yfirlæknirinn á Kleppi taldi, að það væri ef til vill eina lausnin á því að geta aukið hjúkrunarliðið, að sú krafa væri gerð til hvers, sem sendi sjúkling á spítalann, að hann léti fylgja honum starfsstúlku, sem þar yrði að starfa í sex mánuði. Hefur hann gert það að ófrávíkjanlegri kröfu um alla nýja sjúklinga. Í sumum tilfellum hefur það borið árangur, og hefur þannig tekizt að fá starfskrafta. En ef slíkt skilyrði er sett um nýja sjúklinga, þá á engu síður að vera hægt að setja slíkt skilyrði aðstandendum þeirra, sem hafa átt sjúklinga á spítalanum, því að vitanlega eiga sömu skilyrði að vera fyrir alla þegna landsins. Ef þetta er hægt, þá er miklu fremur hægt að greiða úr hinu atriðinu, sem sé húsnæðisleysinu. Yfirlæknirinn á Kleppi hefur gert þetta skilyrði fyrir sjúklinga, sem ég persónulega þekki til, og eru nú viðkomandi hreppsfélög að leysa málið á þeim grundvelli, svo að sjúklingarnir geti fengið sjúkrahúsvist.

Mér fannst hæstv. ráðh. heldur halla á n. fyrir að hafa ekki viljað leggja til meira „pósitívt“ en hún gerir í till. sínum. En ég sé ekki, að það hefði leyst þetta mál, þó að allshn. hefði lagt til að hækka laun hjúkrunarkvenna til að fá þær á Klepp frá öðrum sjúkrahúsum, sem yrði þá kannske til þess, að starfsfólk vantaði þar, og hefðu þau sjúkrahús þá kannske ekki önnur úrræði en að hækka launin hjá sér til að fá stúlkurnar aftur frá Kleppi. Þetta á n. við, þegar hún segist ekki vilja stofna til kapphlaups um stúlkurnar. En ég vil einnig benda á, að það hefur aldrei staðið á þessu atriði. Síðasta þing gaf hæstv. fyrrv. stj. fulla heimild til þess að reka viðbótarhæli við Klepp, jafnvel að reisa til þess nýtt hús og bera kostnað af rekstrinum. Allshn. hefur einnig lagt til í sínum till., að ríkisstj. geri allt, sem unnt er, til að leysa úr þessum vandræðum og hefur raunverulega ekki takmarkað það við neina fjárhæð. N. er svo vel ljós hin mikla þörf á að bæta úr þessu, að hún vildi ekki undir neinum kringumstæðum draga úr þeim áskorunum, sem um það hafa komið fram, heldur miklu fremur bæta við það. Þess vegna þótti mér undarlegt, þegar hv. 6. þm. Reykv. var í sinni geðbiluðu ræðu að taka undir það, að n. hefði ekki gert fulla skyldu sína í þessu máli. Hann sagðist vita um sjúkling, sem rammefldir karlmenn hefðu ekki ráðið við á daginn og yrði að sitja yfir um nætur. N. er ljóst, að það eru fleiri sjúklingar en þessi, sem sýna ljóslega, að málið er mjög aðkallandi, og álítur hún, að till., eins og hún vill ganga frá henni, bjargi málinu bezt, en vel getur verið, að hv. flm. telji hana betri eins og hún var borin fram á frumstigi. Sé þingið á þeirri skoðun, að málinu sé betur borgið með því að samþ. frumtill., þá sé ég ekkert á móti því, en ég tel samt, að málið sé fært í betra horf með því að afgr. það eins og n. leggur til. Hitt er ekki n. sök, þó að hv. flm. komist nú að þeirri niðurstöðu, að hann hefði átt að orða till. öðruvísi en hann orðaði hana og öðruvísi en n., en honum er þá innan handar að koma með brtt., ef honum sýnist svo.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Hv. þm. Barð. álítur, að ég hafi smitazt af ræðu hv. 6. þm. Reykv. Það kann að vera að einhverju leyti rétt, ef það er lagt þannig út, að ég lét í ljós eftir ræðu hans þá ósk, að n. hefði gert ýtarlegri till. um þetta mál heldur en er að finna á þskj. 502. En ég skal játa, að mér kemur ekki til hugar að gera þær kröfur til n., að hún geri þær ýtarlegustu till. um framkvæmdir.

Ég skal taka undir það, sem hv. frsm. segir, að við verðum, og mér er það *mjög ljúft*, að treysta réttdæmi og góðvilja þess ráðh., sem um þetta mál á að fjalla, og þeirra sérfróðu manna, sem hæstv. ráðh. getur kvatt sér til aðstoðar til að leysa þetta mál.

Það er að vísu svo, að till. n. ganga lengra en þær till., sem ég setti niður á pappírinn. En það er alltaf bezt að hafa það, sem sannara reynist í hverju máli, og ég get vel fallizt á, að það beri að líta á fleiri hliðar þessa máls en þá, sem mest er um rætt og mestra og fljótastra aðgerða þarf, en það eru bráðabirgðaaðgerðirnar í þessu máli. Hitt er alveg rétt, sem hv. frsm. minntist á, að það eru stærri verkefni, sem bíða, sem sé að koma betra skipulagi á það í framtíðinni, að þetta húsnæði sé á hentugum stöðum. Það virðist vera, að þeir, sem rannsökuðu skipasmíðastöðvarstaðinn, hafi alveg gleymt, að þar stendur geðveikraspítali. En það er fleira, sem hér kemur til greina. Það er nú orðið ljóst, að Kleppur, sem á sínum tíma var langt frá *annarri* byggð bæjarins, er nú orðinn talsvert leiðinlega nálægt ýmsum íbúðarhverfum, sem nú eru að rísa upp. Eru þær byggingar nú komnar nálega *heim að túngarði á Kleppi*. Þarf það engrar skýringar við, hversu óviðfelldið það hlýtur að vera fyrir fólk að búa svo nærri geðveikrahæli. Ég held því *alls* ekki fast við, að það eigi endilega að samþ. það orðalag, sem mín till. hefur, og ég get vel ímyndað mér og meira að segja fallizt á, að það sé réttara að líta lengra fram í þessu máli, eins og hv. n. gerir.

Ég verð að segja, að ef það er, sem ég álít, að sé engin ástæða til að efa, rétt hermt hjá hv. frsm., að yfirlæknirinn á Kleppi álíti sína kollega ekki hafa meira vit en svo á geðveikimálum, að eins gott væri að fela slíka sjúklinga í umsjá járnsmiða, að ég mundi hafa tilhneigingu til að taka mér varúð á fullyrðingum frá slíkum sérfræðingi í geðveikimálum. Þetta er vitanlega talað af leikmanni, sem hefur ekkert vit á sjúkdómum, en ég verð þó að segja það, að mér finnst, að svona fáránleg fullyrðing hjá sérfræðingi sé sem sagt ófær.

Viðvíkjandi brtt. hv. þm. S.-Þ. á þskj. 535, þá er þar lagt til, að ákveðin bygging sé tekin til þessara nota, sem sé nokkur hluti af kjallara sjómannaskólans. Ég hefði tilhneigingu til að fylgja þessari till., *ef* hún væri framkvæmanleg. Hitt er annað mál, hvort rétt er að hafa eina deild geðveikispítala landsins á Akureyri.

Að öllu *samanlögðu finnst mér*, að þær aths., sem fram hafa komið frá hv. þm. S.-Þ., hv. n. og öðrum, hljóti að geta orðið dálítil ábending fyrir hæstv. stj., sem maður hlýtur að treysta til að taka þetta mál til meðferðar, svo aðkallandi sem það er.

Ég sé svo ekki ástæðu til að orðlengja um þessa till. Ég skal sem sagt alveg játa, að ég tel, að málið í heild sinni þurfi að athugast eins og hv. n. leggur til, en það dregur ekkert úr því, að óhjákvæmilegt er að bæta sem allra fyrst úr þeirri brýnu nauðsyn, sem er á því að gera nú þegar eitthvað til bráðabirgða.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég hef áður við umr. um þetta mál látið í ljós, að mér er fyllilega ljós hin brýna þörf á að gera tafarlaust einhverjar bráðabirgðaráðstafanir. Hins vegar er mér eins og sakir standa ekki ljóst, hvernig á að gera þær, en ef þessi till. verður samþ., og raunar hvort *sem er, mun ég ráðfæra mig* við þá, sem mest hafa vit á þessum málum og áhuga hafa fyrir þeim til að reyna að koma einhverju til leiðar í því efni, sem till. *fer fram á*.

Við erum í aðalatriðum sammála um þetta mál. En út af till. hv. þm. S.-Þ. vildi ég benda á, að með því að koma henni á framfæri er hann *búinn* að ávinna það, sem hann ætlaði sér með henni. Ég mun fúslega taka efni hennar til athugunar, hvort sem hún gengur til atkv. eða ekki, og að sumu leyti væri viðkunnanlegra og heppilegra, að hún gengi ekki til atkvæða nú. Það verði bæði athugað um viðbótarbyggingu á Akureyri og að fá hluta af sjómannaskólanum til afnota. Mun það fremur auðsótt, ef skólinn þarf ekki á því húsrými að halda í bili, en skólinn hefur sérstaka yfirstjórn, og er ekki heppilegt að gera um það þingsamþykkt að henni fornspurðri.

Þar sem gert er ráð fyrir, að framtíðarlausn málsins þurfi sérstakan undirbúning, verður bið á henni. Verður þá fyrst að íhuga, hvort rétt muni að skipta geðveikrahæli landsins á tvo staði og efla geðveikraspítala á Akureyri. Ef horfið verður að því að flytja Klepp þaðan, sem hann er nú, verður hælið byggt í nágrenni við Reykjavík og helzt þar, sem hægt yrði að ná í heitt vatn. Vel má vera, að enn sé hægt að *nota* Klepp *nokkur ár*, en byggja viðbótarbyggingu þar, sem hælið ætti allt að rísa seinna. Það er ekki hyggilegt að gera ráð fyrir geðveikrahælum hér og þar *úti um landið*, því að *fagkunnátta notast* svo bezt, að hælið sé eitt. Hvort sem till. hv. þm. S-Þ. kemur til atkvæða eða ekki, mun ég taka til athugunar það, sem þar er lagt til.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil aðeins þakka hæstv. *félmrh. þessar undirtektir*. Þetta er það, sem allshn. óskaði eftir, að gert væri, og ég skil, að hann hefur fullan vilja á að uppfylla þær óskir. Það, sem hann sagði um *mþn., er á misskilningi byggt*. Hún gerði sér fyllilega ljóst, að ekki ætti að auka húsrúm á Kleppi, vegna þess hve þar er þegar komið margt í kring, jafnvel þótt aldrei komi þar hin ráðgerða skipasmíðastöð.

ATKVGR.
Brtt. 535 tekin aftur.
Brtt. 502 (ný tillgr.) samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 68. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til síðari umr. (A. 555, 560).

Jónas Jónsson: Eftir ræðu hæstv. dómsmrh., þar sem hann fór fram á það, að ég tæki aftur annan eða báða liði minnar till., þar sem hann mundi taka til greina efnislega það, sem um væri að ræða í till., tók ég aftur þann lið, sem laut að úrræðum fyrir bæinn og hreyft hefur verið af einum hv. þm. hér í d. áður en ég benti á það, og skal ég ekki fara frekari orðum um það. Aftur á móti sé ég ekki ástæðu til að taka aftur hina till., um byggingu fyrir geðveikt fólk á Akureyri. Þessi mál liggja nokkuð ljóst fyrir. Kleppur, gamli og nýi spítalinn, rúmar ⅓ af því fólki, sem þyrfti hælisvist. Það er hins vegar sennilegt, að Kleppur verði ekki notaður á þeim stað, sem hann er, sökum skipasmíðavinnu þar, og liggur því fyrir að byggja spítala hér á landi fyrir miklu hærri tölu sjúklinga heldur en Kleppur rúmar nú. Það er satt bezt að segja, að það hefur legið fyrir að reisa byggingar á Kleppi í mörg ár, en það hefur verið vanrækt af heilbrigðisstjórninni. Þegar lokið var við byggingu Klepps, og ég hafði afskipti af því, var eftir að byggja aðra álmuna að norðan, nýja Klepp, og var það þá þegar nauðsynlegt, en hefur alltaf verið vanrækt, og sýnir það. hversu lítið málinu hefur verið sinnt af heilbrigðisstjórnum landsins. En þar sem nú hins vegar hefur ekki verið bætt við nýrri byggingu á Kleppi og þar sem ekki mun enn þá vera búið að tilnefna stað í landinu, sem væri sérstaklega heppilegur í þessum efnum, og vitað er, að Kleppur verður fluttur og reistur væntanlega ekki langt frá höfuðstaðnum, þá sýnist mér óhætt fyrir Alþ. að slá því föstu, að partur af geðveikrahæli landsins væri á Akureyri. Þar er út úr neyð byrjað að byggja hæli, sem er fullkomin þörf á vegna neyðarástands í þessum efnum, eins og hér í Reykjavík. Það hefur verið reynt að taka við geðveikum mönnum í kjallarann undir spítalanum á Kleppi, og er ekki ósennilegt, að þaðan heyrist háreysti upp um gólfið, sem er úr timbri, til þeirra sjúklinga, sem uppi eru. Ég nefni þetta sem dæmi um það, hversu menn hafa reynt ófærar leiðir til þess að ráða fram úr þessu. Nú er það engan veginn skynsamlegt að byggja eitt hæli fyrir 600 sjúklinga, heldur væri skynsamlegra að byggja hæli á tveim stöðum. Á Akureyri eru nú búsettir mjög margir læknar, og er auðséð, að þar hefur myndazt önnur miðstöð læknastarfseminnar í landinn, eins og í Reykjavík, sem eðlilegt er, þar sem bærinn er stór og liggur í miðjum fjölmennum fjórðungi. Það er þess vegna skoðun mín, að óhætt sé fyrir Alþ. að samþ. að láta byggja slíka byggingu sem þessa á Akureyri. Ég held, að upphæðin til þessarar byggingar ætti ekki að vera lægri en 100 þús. kr. Ég held, að það verði nógu erfitt fyrir heilbrigðisstjórnina að ráða fram úr þessum málum hér í Reykjavík, þó að þessi tillaga verði samþykkt.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég skil það svo, að hv. þm. S.-Þ. taki þessa till. aftur, en nú er hún komin fram í breyttu formi. Það hefur ekki gefizt tækifæri til þess að ræða um þetta sérstaklega á nefndarfundi hjá allshn.; hins vegar hef ég átt tal um þetta við meiri hl. meðnm. minna, sem leggja til, að þessi till., eins og hún liggur fyrir, verði ekki samþ. Við lítum svo á, að till. sé ekki tímabær eins og hún er nú. Við álítum, að fyrst eigi að fara fram sú rannsókn, sem um getur í till. n. á þskj. 555, áður en Alþ. ákveður, hvar spítalinn skuli reistur og fyrir hvað marga sjúklinga. Þess vegna er það till. mín sem frsm. meiri hl. n., að brtt. 560 verði felld.

Jóhann Jósefsson: Ég vildi leyfa mér, af því að mér hefur verið bent á það, að vekja athygli á því, án þess að ég geri um það neina till., hvort ekki sé hugsanleg lausn á þessu máli, að samkomulag geti tekizt um það að hafa einhver afnot af Korpúlfsstöðum fyrir þann spítala, sem hér um ræðir. Ég veit, að hér er um eign að ræða, sem ríkið á ekki, en ég vil benda hæstv. stj. á þann möguleika, sem þarna virðist að kunnugra manna dómi vera fyrir hendi.

Korpúlfsstaðir eru að vísu nokkuð notaðir nú fyrir fólk, sem er húsnæðislaust, en hvergi nærri til fulls; m. a. er mér skýrt frá því, að þar séu góðar íbúðir notaðar sem lagerpláss fyrir húsgögn fyrir ýmsa bæjarbúa, og mundi hins vegar mega fá þess háttar pláss á öðrum stöðum. Sá, sem vakti athygli mína á þessu, benti á það, að ef um samkomulag væri að ræða við bæinn í þessum efnum, þá mundi ríkið geta látið af hendi eitthvað af Syðra-Langholti til bæjarins, til móts við það, ef bærinn þættist missa of mikið með því að láta slík afnot af hendi af Korpúlfsstöðum. En búskilyrði á Korpúlfsstöðum er mér tjáð, að ekki séu notuð nema að litlu leyti. Nú er það svo, að þarna er um mjög reisuleg hús að ræða; þarna er mikið ræktað land og miklir möguleikar til þess að hafa stórt bú. Virðist því ekki óhugsandi, að þarna gæti í framtíðinni orðið spítalaplass, þar sem allir vita, að geðveikrahælið þarf að flytjast burt þaðan, sem það er nú. En þetta er aðeins ábending frá minni hálfu til hæstv. ríkisstj. að taka þennan möguleika til athugunar. Aðrir hv. þm. hafa bent á úrlausn, sem ekki hefur fengið náð fyrir augum þingsins. Ég skal ekki segja um það, hvort þessi hugmynd á rétt á sér, en mér finnst eftir atvikum, að hún sé þess virði, að hún sé athuguð. Í þessum húsakynnum munu vera öll þau þægindi, sem þarf til þess að fólk gæti hafzt þar við, frárennsli, vatnsrennsli o. s. frv. Ég vildi ekki láta undir höfuð leggjast að koma þessari uppástungu á framfæri, þar sem góður og gegn borgari þessa bæjar heimsótti mig til þess að ræða um þessa úrlausn málsins.

Jónas Jónsson: Ég ætla aðeins að gera aths. út af ræðu hv. þm. Barð. Það sýnist eins og sú ágæta n., sem hann stýrir af miklum dugnaði í þessu máli, en þó ekki nógum dugnaði til þess að hafa getað náð nokkrum árangri í því, geri ekkert annað en

velta vöngum hér á Alþ. yfir því, að það þurfi eitthvað að gera í þessu máli. Síðan 1928 hefur ekkert verið gert í málina nema ein óhagkvæm viðbót á Kleppi, og með sama áframhaldi gæti orðið dálítið langt þangað til þessi rannsókn yrði gerð. Þess vegna lít ég á ræðu hv. þm. Barð. svo sem það eigi ekkert að gera í málinu, heldur eigi vangavelturnar að halda áfram og erfiðleikar þeirra manna, sem að þessu máli standa.

ATKVGR.

Brtt. 560 felld með 16:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SÞ, SkG, BSt, GÞ, HelgJ, HermJ, IngP, JS, JJ, JörB, PHerm, PÞ.

nei: PO, SB, SG, SK, ÞÞ, ÁÁ, BG, FJ, GJ, GTh, IngJ, JJós, JPálm, LJóh, MJ, PZ.

SvbH, BÁ, EE, EystJ, JakM, GSv greiddu ekki atkv.

18 þm. (SigfS, SEH, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁS, BBen, BrB, EOl, EmJ, GG, GÍG, HG, KA, LJós, ÓTh, PM) fjarstaddir.

1 þm. gerði svolátandi grein fyrir atkv. sínu:

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Mér sem flm. er kappsmál, að hafizt verði handa í þessu skyni, og hefði ég gjarnan viljað styðja slíka till. sem þessa, en ég óttast, að hún sé ekki nægilega undirbúin, og segi því nei.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 589).

40. Alþjóðlega vinnumálasambandið.

Á 65. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um þátttöku í alþjóðlega vinnumálasambandinu (A. 496).

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég get að mestu leyti látið nægja að vísa til þeirrar ýtarlegu grg., sem till. fylgir. Alþjóðlega vinnumálastofnunin var stofnuð um líkt leyti og þjóðabandalagið og í rauninni þáttur úr því, þó óháð í störfum. Og þegar það hætti starfsemi, fluttist skrifstofan til Canada og heldur þar áfram störfum. Þing heldur hún á tveggja ára fresti, og var hið síðasta háð í Philadelphiu á s. l. vori 20/4—12/5. Þar átti 41 ríki fulltrúa, en fyrir stríð voru mest 55 ríki þátttakendur. Sum þeirra, svo sem baltisku löndin, eru ekki lengur sjálfstæð. Búlgaría, Finnland og Ungverjaland voru nú forfölluð frá þátttöku, og Rússland var farið, því að það var rekið úr þjóðabandalaginu fyrir árás sína á Finnland 1939. Ítalía og Spánn höfðu og gengið úr, en Bandaríkin gerzt þátttakendur í staðinn, síðan 1934. Á þinginu í Philadelphíu var talið, að stofnunin mundi eftir stríð gegna hliðstæðu hlutverki við UNRA og fleiri alþjóðasamtök, sem að endurreisn vinna. Og hvað sem verður um alþjóðasamtök í framtíðinni, taldi fulltrúi Íslendinga, sem boðinn var gestur á þingið, Þórhallur Ásgeirsson, að mikið væri undir því komið, að Íslendingar þægju það boð að ganga í þessi samtök með fullum réttindum til að gæta þar hagsmuna sinna, og hefði stofnunin fengið tryggð mikil ítök og áhrif í framtíðinni.

Þannig er fulltrúavali háttað, að tveir fulltrúar mæta af hálfu hverrar ríkisstj., en að auki eru einn maður frá hverju landi sem fulltrúi verkamanna og annar af hálfu atvinnurekenda. Hver fulltrúi hefur atkvæðisrétt, og þarf ⅔ atkv. til þess, að samþykkt öðlist gildi. Gera má því ráð fyrir, að samþykktir þinga þessara séu eingöngu um samkomulagsatriði, sem litlar deilur vekja. Á þinginu í Philadelphíu var samþ. yfirlýsing um mannréttindi og ber nafn eftir borginni. Þar segir m. a. og er grundvallaratriði, að vinnan sé ekki verzlunarvara, sem fylgja eigi lögmáli framboðs og eftirspurnar. Kosningafrelsi, skoðanafrelsi og samtakafrelsi er þar talið óhjákvæmilegt skilyrði öruggra framfara. „Fátækt á einum stað er hætta fyrir velgengni annarra staða", segir í yfirlýsingunni, „og stríð gegn skorti verður að heyja hjá hverri þjóð með stöðugum og sameiginlegum átökum allra þjóða á þeim samkomulagsgrundvelli, sem alþjóðavinnumálasambandið byggist á".

Í öðrum kafla yfirlýsingarinnar er áherzla lögð á félagslegt réttlæti. Þar segir:

„a) Allir menn, án tillits til kynflokka, trúarbragða eða kynferðis, eiga rétt á því að leita bæði efnalegrar velferðar sinnar og andlegs þroska í frjálsum og sómasamlegum lífskjörum, fjárhagslegu öryggi og jafnrétti til að fá að njóta þeirra hæfileika, sem hver og einn hefur til að bera.

b) Sköpun þeirra skilyrða, sem gera þetta mögulegt, skal vera höfuðmarkmið innanlands- og alþjóðastjórnmála.

c) Alla innanlands- og alþjóðastjórnmálaviðleitni og framkvæmdir, einkum hagfræðilegs og fjármálalegs eðlis, skal dæma út frá þessu og því aðeins láta koma til framkvæmda, að talizt geti til eflingar, en ekki hindrunar því, að náð verði þessu höfuðmarkmiði.

d) Það er skylda hins alþjóðlega vinnumálasambands að rannsaka og íhuga allt það, sem fram kemur í alþjóðlegum hagfræði- og fjármálastefnum og ráðstöfunum, með hliðsjón af þessu höfuðmarkmiði.

e) Í framkvæmd þeirra starfa, sem hinu alþjóðlega vinnumálasambandi eru falin, er því heimilt að undangenginni rannsókn á öllum hagfræðilegum og fjármálalegum atriðum, sem um er að ræða, að taka upp í ákvarðanir sínar og tillögur hver þau ákvæði, sem það álítur réttmætt."

Í næsta kafla yfirlýsingarinnar er rætt um atvinnumál og talin skylda stofnunarinnar að stuðla að því, að stefnt verði að eftirtöldum hlutum:

„a) Nægri atvinnu og bættum lífskjörum.

b) Að verkamenn fái atvinnu í þeim starfsgreinum, þar sem þeir geta notið þeirrar ánægju að láta í té í sem ríkustum mæli hæfileika sína og fagkunnáttu og lagt sem stærstan skerf til almennrar velferðar.

c) Að til þess að ná þessu marki með fullkominni tryggingu fyrir alla, sem hlut eiga að máli, sé mönnum gert kleift að afla sér fræðslu og þjálfunar, og enn fremur, að flytja megi menn á milli atvinnugreina og til annarra staða til að stunda þar atvinnu eða setjast að.

d) Að setja reglur um laun og tekjur, vinnudag og önnur vinnuskilyrði, sem miði að því að tryggja öllum réttmætan hluta af arði framleiðslunnar og lágmarkslaun öllum, sem vinna og eru verndar þurfi í þessum efnum.

e) Að viðurkenndur sé í verkinu réttur manna til sameiginlegra samningsumleitana, samvinna vinnustjórnenda og verkalýðs til áframhaldandi umbóta á framleiðsluafköstum og samvinna verkamanna og vinnuveitenda í því að undirbúa og beita félagslegum og hagfræðilegum ráðstöfunum.

f) Efling félagslegra öryggisráðstafana í því skyni að tryggja grundvallartekjur öllum, sem eru verndar þurfi í því efni, svo og allsherjar sjúkraumsjá.

g) Fullnægjandi vernd á lífi og heilsu verkamanna í öllum atvinnugreinum.

h) Barnavernd og mæðrahjálp.

i) Að tryggja mönnum gott viðurværi, húsnæði og möguleika til hvíldar og menntunar.

j) Að tryggja mönnum jafnrétti til að fá að njóta menntunar og atvinnumöguleika."

Í síðari köflum yfirlýsingarinnar ræðir um það, að framkvæmdir verði að fara eftir því hjá hverri þjóð um sig, sem henni hentar og á við þróunarstig þar í landi. Og „vitandi vits, að fyllri hagnýting á auðlindum heimsins til þess að ná þeim markmiðum, sem greinir í þessari yfirlýsingu, er hægt að tryggja með virkum aðgerðum á innanlands- og alþjóðavettvangi, þar á meðal ráðstöfunum til þess að auka framleiðslu og neyzlu, til að forða miklum fjárhagssveiflum, til að efla fjárhagslegar og félagslegar framfarir í þeim hlutum veraldarinnar, þar sem hagnýting auðlinda er skammt á veg komin, til að tryggja meiri festu í markaðsverði helztu nauðsynja og til að stuðla að víðtækari og öruggari heimsverzlun, heitir þingið fullri samvinnu hins alþjóðlega vinnumálasambands við þau alþjóðasamtök, sem hægt er að trúa fyrir ábyrgðarhluta í þessu mikla starfi til eflingar heilbrigði, menntunar og vellíðunar allra þjóða."

Um þessa yfirlýsingu mælti Roosevelt forseti í ávarpi til fulltrúa ráðstefnunnar 17. maí s. l.:

„Þér hafið haldið þing í Philadelphíu, þar sem feður þessa lýðveldis staðfestu fyrir 169 árum, að augljós væru m. a. þau sannindi, að öllum mönnum væru af skaparanum gefin ákveðin óafsalanleg réttindi, svo sem líf, frelsi og leit að hamingjunni. Í þessum orðum felst markmið allra þjóða, sem gæddar eru hugsjónum frelsis og lýðræðis.

Yfirlýsing sú, sem þér hafið gefið í Philadelphíu, á vafalaust eftir að verða álíka mikilvæg, og ég trúi því einlæglega, að óbornar aldir muni líta um öxl á þennan atburð og telja, að hann marki tímamót í sögu mannsandans."

Nú hefur ríkisstj. í málefnasamningi sínum sagt frá því sem fastráðnum hlut, að samþ. verði á Alþingi, að Ísland gerist nú þegar þátttakandi í International Labour Office eða þeirri stofnun, er við hennar störfum kunni að taka. Með þeim röksemdum, sem ég hef vikið að eða nefndar eru í grg., leyfi ég mér að leggja til, að till. verði vísað til síðari umr. og fjvn.

Kostnaður af þátttökunni mun verða 2—3 þús. dollara á ári auk kostnaðar við sending fulltrúa á ráðstefnur eða þing annað hvert ár. Rétt er að benda á það, sem grg. skýrir frá, að upptök málsins voru þau, að samþ. var 15. okt. 1943 þál., flutt af 4. þm. Reykv., um að ríkisstj. íhugaði þátttöku í þessari stofnun. Síðan var Íslandi boðin þátttaka í þinginu í Philadelphíu og boðið þegið. Fulltrúi landsins þar, Þórhallur Ásgeirsson sendiráðsritari, hefur sent ríkisstj. greinagóða skýrslu um störf þingsins og getið helztu starfa vinnumálasambandsins á liðnum árum. Hvetur hann af þeim rökum eindregið til þátttöku og skýrir frá því, að raddir á þinginu hafi talið mjög æskilegt, að Ísland stæði eigi utan við þessi alþjóðasamtök. Augljóst er, að gagn Íslendinga getur orðið margvíslegt, og er ekkert áhorfsmál, að þetta ber að samþykkja.

Steján Jóh. Stefánsson: Ég vildi aðeins þakka hæstv. félmrh. og ríkisstj. fyrir að bera fram þessa þáltill., sem er beint framhald till. minnar, er samþ. var 15. okt. 1943. Ég tel einnig, að af hálfu fyrrv. ríkisstj. hafi verið vel að málinu unnið með því að velja ágætan fulltrúa fyrir landsins hönd á þingið í Philadelphíu. Kemur vel fram í hinni glöggu skýrslu hans, hve þýðingarmikið ýmsir fulltrúar á þinginu töldu, að Ísland gengi í þessi samtök. Það er að mínu viti mjög nauðsynlegt, bæði vegna álits og beinna hagsmuna, að við gerum það sem fyrst, og er það í samræmi við yfirlýsing ríkisstj. að neyta allra slíkra möguleika til þátttöku í alþjóðasamstarfi.

Ríkisstj. hefur á stefnuskrá sinni að koma á almennum tryggingum á næsta ári, og væri þá talsverð stoð í að hafa samráð við þessa stofnun og skrifstofu hennar. Ég vona, að þetta sé spor í áttina til að fullkomna félagsmálakerfið á Íslandi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 72. fundi í Sþ., 7. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 496, n. 607).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Fjvn. mælir einróma með því, að till. verði samþ. óbreytt.

Eins og þm. er kunnugt, er till. flutt í framhaldi af þál. samþ. 15. okt. 1943, þegar ríkisstj. var falið að undirbúa þátttöku okkar í þessari stofnun, og samkv. málefnasamningi stjórnarflokkanna er þátttakan ákveðin. Kostnaður er talinn verða mjög hóflegur.

ATKVGR.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 643).

41. Hitaveita á Húsavík.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á skilyrðum til hitaveitu vegna Húsavíkur (A. 541).

Á 68. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 6. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég hef leyft mér að óska eftir, að Alþingi legði fyrir ríkisstj. að láta gera verkfræðilega rannsókn á því, hve mikið mundi kosta að koma á hitaleiðslu frá Uxahver til Húsavíkur. Í grg. eru aðalatriði málsins skýrð. Í Uxahver eða hverunum þar er ákaflega mikið af sjóðheitu vatni, eflaust meira en ¼ þess, sem Reykjavík notar. Ég geri ráð fyrir, að það mundi reynast tiltölulega ódýrt að koma upp hitaleiðslu þessari. Ekki þarf að bora eftir vatninu. Það mundi geta verið sjálfrennandi niður eftir Reykjahverfi og þyrfti ekki dælur eins og á Reykjum í Mosfellssveit. Ekki þyrfti heldur eins dýra einangrun og á leiðslunni þaðan til Reykjavíkur.

Húsvíkingar hafa, eins og eðlilegt er, mikinn hug á að fá þessa rannsókn gerða og hefja síðan framkvæmdir. Yrði þá farið að vinna að verkinu á næstu missirum eftir að rannsókn lyki. Ég óska, að till. verði vísað til síðari umr. og n.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Sþ., 15. des., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 541, n. 664).

Frsm. (Jónas Jónsson): Fjvn. hefur athugað þetta mál og komizt að þeirri niðurstöðu einróma, að hér væri um svo eðlilegar framkvæmdir að ræða, að réttast væri að mæla með því.

Eins og ég tók fram við fyrri umr., er þessi aflgjafi, Uxahver í Reykjahverfi, óvenjulegur; hann er með mestu hverum, sem til eru á Íslandi, þ. e. a. s. sem einstakur hver, og skilyrði til virkjunar þannig, að það virðist mega leiða vatnið án þess að dæla því frá Uxahver til Húsavíkur og í gegnum Reykjahverfi á leiðinni. Það, sem hér er farið fram á, er aðeins það, að ríkið láti rannsaka kostnað og mögu leika vegna þessarar virkjunar. Og það er ekki aðeins Reykjahverfi og Húsavík, sem mundu njóta þessara þæginda af heita vatninu, heldur má gera ráð fyrir því, að Húsavík verði ein af stærstu iðnaðarstöðum norðanlands í sambandi við síldariðnað, þegar þar að kemur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en ég vænti þess, að hv. dm. sjái sér fært að mæla með því, að þetta verði gert.

ATKVGR.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 717).

42. Brú á Jökulsá á Fjöllum.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum (A. 500).

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Sþ., 15. des., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 500, n. 668).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Fjvn. hefur athugað till. þessa og sent hana til vegamálastjóra til umsagnar. N. hefur borizt umsögn vegamálastjóra, sem hún hefur látið prenta sem fskj. á þskj. 668. Eins og bréf vegamálastjóra ber með sér, þá telur hann mikla þörf fyrir, að brú á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum verði byggð hið fyrsta, en bendir á, að verða muni ýmsir erfiðleikar á því að koma verkinu í framkvæmd nú á næsta ári, þar sem örðugt muni verða að fá efni og vinnukraft.

En viðvíkjandi fjárhagshlið málsins er það að segja, að samkvæmt l. um brúasjóð er gert ráð fyrir, að þessi brú verði byggð fyrst allra brúa fyrir fé brúasjóðs, svo að af þeirri ástæðu þyrfti ekki að tefjast bygging þessarar brúar. Nú er fé brúasjóðs talið verða um næstu áramót kringum eina milljón króna, og er það svipuð upphæð og gert er ráð fyrir, að Jökulsárbrúin muni kosta.

Fjvn. vill mæla með þessari till. á svipaðan hátt og gert er í bréfi vegamálastjóra, að ríkisstj. sé falið að láta gera þessa brú á næsta ári, ef tök eru á að koma því verki í framkvæmd. N. leit hins vegar svo á, að rétt væri að gera smábreyt. á till. N. vill láta það koma fram í till., að því aðeins sé stj. falið að láta leysa þetta verk af hendi, að henni reynist kleift að fá viðunanlegt efni til þessa verks svo og annað, sem til þess þarf, svo sem æfða smiði og annan vinnukraft. Þá vill n. einnig, að það komi skýrt fram í till., að þessi brú skuli vera á Jökulsá hjá Grímsstöðum, en í till. kemur það ekki greinilega fram, þó að það muni hafa verið ætlun flm., að brúin yrði þar eins og brúarl. ákveða. Þetta kom einnig fram í bréfi vegamálastjóra, og þótti nefndinni rétt að taka einnig af öll tvímæli um þetta atriði.

Ég vil segja það, að að mínum dómi er alveg sérstaklega nauðsynlegt, að þessi brú verði byggð. Það hefur mjög mikið að segja fyrir samgöngumál Austurlands. Það er vitað mál, að ef brúin kæmi, mundi bílvegurinn milli Norður- og Austurlands styttast um 90 km., og má því segja, að bílasamgöngur við Austurland gerbreytist við komu þessarar brúar. Auk þess má benda á, að brúin á Jökulsá í Axarfirði er gömul hengibrú og talin mjög veik fyrir þá miklu umferð, sem um hana er. Einnig af þessum ástæðum er mikil nauðsyn, að hafizt sé handa sem fyrst um að gera þessa brú.

Ég fagna því, að fjvn. vill, að till. sé samþ., og ég hef orðið var við það hjá hæstv. samgmrh., að hann mun gera það, sem í hans valdi stendur, til að þessu verki verði hrundið í framkvæmd. Ég hef rætt um þetta mál við hann nokkru áður en þáltill. kom fram, og ég flutti hér við afgr. fjárl. á síðasta ári till. um að veita nokkurt fé til þessarar brúargerðar. Að vísu náði hún ekki fram að ganga þá, en ýmsir þeir, sem þá drógu úr, að lagt væri í smíði þessarar brúar að svo stöddu, skildu þó, að mikil nauðsyn var á, að þessi brú væri byggð svo fljótt sem nokkur kostur væri. Ég vil því eindregið mæla með, að till. verði samþ. í því formi, sem fjvn. leggur til.

Páll Zóphóníasson: Ég vil leyfa mér að þakka n. fyrir, að hún leggur til, að þessi till. verði samþ. Þær breyt., sem hún vill gera, eru smávægilegar og sjálfsagðar, og hef ég ekkert við þær að athuga. Ég vil svo mega vænta þess fastlega, að hæstv. stj. geri sitt ýtrasta til að tryggja það, að á þessari brúarsmíði verði byrjað þegar á næsta ári. Það er svo mikið nauðsynjamál af þeim ástæðum, sem hv. frsm. nefndi, og ýmsum öðrum, að þegar fyrir liggur, að fé er nægjanlegt fyrir hendi til að byggja þessa brú, þá er það óforsvaranlegt með öllu að láta dragast að hefja framkvæmd á verkinu.

Þessi orð vildi ég láta fylgja till.

Jörundur Brynjólfsson: Það er fjarri því, að ég ætli að vera á móti samþ. þessarar till. Ég veit fullkomlega nauðsyn hennar. Það er því á allan hátt rétt, að Alþingi greiði, eftir því sem unnt er, fyrir því, að þetta mannvirki komist sem fyrst í framkvæmd. En fyrst þykkjur hv. þm. og skoðanir eru nú svo nærmar fyrir því, að þannig sé greitt fyrir þessari umferð, sem ég tel sjálfsagt, þar sem vegalengdarmunur er 90 km eftir því sem talið er, þá er ég öruggur þess, að ekki muni standa á hv. þm. til að greiða fyrir samgöngum, sem oft verða að eiga sér stað, þar sem um 160 km krók er að ræða. Á ég þar við brú á Hvítá í Árnessýslu og þær ferðir, sem þykja þýðingarmestar, því að þótt mikil umferð sé yfir Hvítá á Iðu, þá er þó tilfinnanlegast, þegar verður að taka þennan krók í lækniserindum, því að eins og kunnugt er, klýfur Hvítá læknishéraðið í tvennt og veldur þessum krók, sem ég hef nefnt, fyrir helming íbúa læknishéraðsins. Mér þykir því vænt um þann velvilja til nauðsynlegra brúargerða, sem fram kemur hér, því að þá óttast ég ekki um liðsemd hv. þm. Ég veit, að þeir eru ekki þannig skapi farnir, að þeir láti standa á sér, þegar fullkomna á réttlætið líka í þessum efnum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að andmæla í neinu því, sem hv. 1. þm. Árn. sagði. En benda vil ég honum á það, að það eru til fjögur önnur sundvötn, sem kljúfa læknishéruð og gera álíka krók á leiðir manna og Hvítá gerir nú fyrir þá, sem þurfa úr Hreppum að Laugarási.

Jörundur Brynjólfsson: Já, það má vel vera, að víðar séu erfiðleikar. En ekki hélt ég, að öðrum liði betur, þó að þeir vissu deili á því, að annars staðar liði einhverjum illa. Og nær mundi vera að gera sitt til að greiða fyrir þessu fólki öllu. Vil ég vera með í því verki, og hv. 2. þm. N.-M. er manna líklegastur til að ljá þar stuðning sinn, og þá erum við sammála.

ATKVGR.

Brtt. 668,1 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Brtt. 668,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv., með fyrirsögninni:

Till. til þál. um smíði brúar á Jökulsá á Fjöllum hjá Grímsstöðum.

Á 77. fundi í Sþ., 16. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 720).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 727).

43. Byggingarmál.

Á deildafundum 9. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um byggingarmál (A. 402).

Á 53. fundi í Sþ., 11. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Till. þessari fylgir allýtarleg grg., og sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða meira um hana en þar er gert. Efni till. er það, að mþn. verði skipuð til að íhuga, með hverjum hætti verði bezt greitt fyrir húsbyggingum í kaupstöðum og kauptúnum og að sérstaklega skuli tekin til endurskoðunar l. um verkamannabústaði og l. um byggingarsamvinnufélög. Má í því sambandi geta þess, að af hálfu forstöðumanna beggja þessara félaga, sem starfa hér í bæ, eru komnar fram áskoranir um, að slík mþn. verði skipuð.

Að öðru leyti er ýtarlega gerð grein fyrir málinu í grg., og leyfi ég mér að vitna til hennar.

Ég legg til, að till. verði vísað til síðari umr. og allshn.

Forseti (GSv): Það er svo um þetta mál, að það gæti komið til álita, hvort ekki ætti að vísa því til fjvn. Mér skilst, að í till. sé gert ráð fyrir allviðamiklu starfi, sem gæti verið kostnaðarsamt, og er þá fullkominn siður að vísa slíkum málum til fjvn.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég álít, að þetta mál sé ekki viðamikið, en ég læt mér það í léttu rúmi liggja, að það fari til hv. fjvn., og ef hæstv. forseti telur það rétt samkvæmt þingvenju, þá úrskurðar hann það.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 35 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 76. fundi í Sþ., 15. des., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Sþ., 16. des., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 402, n. 669 og 677).

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Þessa till., sem hér liggur fyrir, hefur n. athugað, og þótt hún hafi ekki að öllu leyti orðið sammála, er það í raun og veru lítið, sem á milli ber. Það er helzt það, að minni hl. vill taka í einu öll byggingarmál landsins. Við teljum þau vinnubrögð heppileg og affarasæl að taka byggingarmál í landinu fyrir í einu, athuga alla löggjöfina og endurskoða í heild, en ekki að taka nokkurn hluta af byggingarlöggjöfinni, þann hlutann, sem um kaupstaði og kauptún fjallar, en sleppa hinum, sem á við sveitirnar. Það má sjá í skýrslu, sem nýkomin er út, að byggingarþörfin er eins mikil í sveitum og kaupstöðum. Það er talið, að mig minnir, að 3900 íbúðir í sveitum séu svo lélegar, að þær þurfi að endurnýja, og er það rúmur þriðjungur þeirra íbúða, sem eins er ástatt um á öllu landinu. Ég tel alveg víst, að jafnvíðsýnn maður og hv. 6. þm. Reykv., sem er flm. þessarar till., muni sjá þetta og sannfærast um, að enginn ágreiningur var innan fjvn. um nauðsyn þess að greiða eitthvað fram úr byggingarmálum vorum. Minni hl. n. taldi, að jafnhliða því að greiða fram úr byggingarþörf kaupstaðanna þyrftu sveitirnar þess einnig með, því að eins og við vitum, hefur mikið dregið úr húsabyggingum í sveitum á síðustu árum. Ég veit um fjölda íbúða í sveitum, sem búið er í núna, sem væru úrskurðaðar óhæfar til íbúðar, ef í kaupstað væru. Við teljum það heppilegast og ódýrast, að íbúðir í kaupstöðum og sveitum verði teknar í einu til athugunar, því að margt er sameiginlegt; við vitum, að enginn munur er á loftslaginu, hvorki fyrir utan kaupstaði né innan, byggingarefnið þarf að vera sams konar, hvort heldur er í sveit eða kaupstað. Þess vegna er það, að það er ekki nóg að hugsa aðeins um að afla löggjafar um lán til þess að byggja, heldur þarf líka að fá fræðslu um það, hvað heppilegast er, bæði aðferð og efni til þess að byggja, hvað kostnaðarminnst og hvað bezt er að gera í húsabyggingum. Þetta á allt saman að athuga, og þar getur og þarf að vera samvinna milli sveita og kaupstaða. Ég tel líklegt, að um þessi atriði þurfi að kynna sér nýjustu aðferðir í útlöndum. Það er miklu hægara fyrir ríkisstj., sem á að velja sérfræðinga, að hún sé samhent um það val. Og það er enginn vafi á því, að rétt er og drýgst, að endurskoðun allra þessara reglugerða verði tekin í einu, svo að það fáist nú varanlegt uppgjör á þessu og þurfi ekki að fara að káka við það æ ofan í æ. Ég verð að segja, að ég held, að það sé affarasælast, einmitt eins og ég tók áður fram, að stjórnin velji menn, sem eru samstilltir, einn þátttinn tekur þessi og annar hinn, þannig að byggingarfróðir menn taka þann hlutann, sem að byggingum lýtur. Að endingu vil ég benda á það, að við erum orðnir sæmilega saddir af n. og n. hér, því að ég hygg, að eitthvað á milli 50 og 100 n. sitji hér nú, svo að ég tel enga nauðsyn bera til þess að bæta miklu við. Ég tel sem sagt hér um bil víst, að hv. flm. þessa máls muni taka þessi atriði til greina nú og við nánari athugun sannfærast um, að það, sem hér er um að ræða, er aðeins það, að við förum töluvert lengra en hann, og ætti sízt að lasta það, heldur einmitt leggja samþykki á þá hluti.

Frsm. meiri hl. (Þóroddur Guðmundsson): Það voru allir sammála um það í fjvn., að mál þetta þyrfti athugunar við og heppilegast væri að skipa n. til þess að athuga þetta, en algerlega rangt, sem hv. frsm. minni hl. fjvn. segir, að þarna sé um mismun að ræða, að því leyti, að meiri hl. vilji skipa nýja n., en minni hl. vilji fela ríkisstj. þetta, en ríkisstj. mun líka skipa til þess n., svo að það er enginn mismunur hvað þetta snertir. Meiri hl. vill leggja til, að þessi till. verði samþ. óbreytt, ekki fyrir það, að byggingarmál sveitanna þurfi ekki athugunar við, heldur telur n., að heppilegra sé, að sérstök n. athugi byggingarmál sveitanna, hvort sem þetta yrði

ný n. eða Búnaðarfél. Ísl. yrði falið að gera till. um málið; þar eð þeirri stofnun er haldið uppi af ríkissjóði með fjárframlögum, ætti hún að geta látið þessa athugun fara fram.

Það er ekki rétt, sem hv. frsm. minni hl. segir, að það standi eiginlega eins á um byggingar á kaupstaðalóðum og utan þeirra. Það er í raun og veru gerólíkt mál, byggingarmál kaupstaðanna og byggingarmál sveitanna, og menn, sem gætu verið prýðilega til þess fallnir að athuga byggingarmál í kaupstöðum, kynni að skorta nauðsynlega þekkingu til þess að gera nýtilegar till. um byggingarmál sveitanna. Ég ætla svo ekki að orðlengja þetta frekar, en legg eindregið til, að till. verði samþ. óbreytt.

Bjarni Benediktsson: Ég leyfi mér að þakka hv. fjvn. fyrir góðar undirtektir undir till. mína og þá sérstaklega hv. meiri hl. n., sem leggur til, að till. mín verði samþ. óbreytt. En þrátt fyrir það, að hv. minni hl. n. leggi til, að till. mín verði nokkuð breytt, þá álít ég nú engu að síður, að minni hl. hafi tekið till. mjög vinsamlega, og það getur ákaflega vel komið til álita, hvort ekki sé hægt að fallast á brtt. hans. Ég skal játa, að þegar ég flutti mína till., vakti sérstaklega fyrir mér, að það yrði tekið til endurskoðunar, með hverjum hætti hið opinbera styrkti fjárhagslega byggingar í kaupstöðum. Ég leit þess vegna þannig á, að nóg væri að taka kaupstaðina eina út af fyrir sig, vegna þess að kaupstaðirnir eru núna miklu verr settir í l., sem þetta varða, heldur en sveitirnar. Það má segja, að um þessa tvo aðila gildi tvær gerólíkar réttarreglur, þar sem sveitirnar sitja í fyrirrúmi, en kaupstaðirnir njóta tiltölulega lítilla hlunninda og hlunnindin miðuð við núverandi verðlag tiltölulega lítils virði. Ég ætla ekki á nokkurn hátt að beita mér fyrir því, að dregið verði úr þeim miklu styrkjum og hlunnindum, sem veitt eru með ýmsu móti til sveita. Mér dettur það ekki í hug. Það mesta, sem ég gat látið mér til hugar koma, var, að kaupstaðirnir verði að nokkru leyti gerðir jafnrétthæir sveitum, og taldi þess vegna eðlilegt, að kaupstaðirnir væru teknir þarna einir til, þar sem sennilega þætti ekki fært að auka þau hlunnindi, sem sveitunum að þessu leyti eru veitt með ríkisframlagi. Spurningin var eingöngu um það, hvort menn treystu sér einnig til að veita kaupstöðunum svipuð hlunnindi, í átt við það, sem sveitirnar hafa notið. Nú sé ég aftur á móti, að ýmsum þykir það eðlilegt, að athugun á þessu tvennu eigi sér stað samtímis, og frá mínu sjónarmiði hefur kaupstöðunum verið misgert í þessu tilfelli. Auðvitað er síður en svo, að ég geti haft á móti, að þetta sé allt tekið til athugunar í heild, því að ég er sannfærður um, að slík heildarathugun á byggingarmálum, sem ekki hefur átt sér stað áður, hlyti að leiða til leiðréttingar kaupstöðunum í hag. Ég tel því ekki óeðlilegt, fyrst ósk kom fram, að úr því verði, að þessi mál séu öll athuguð í heild. Spurning er, hvort menn vilja breyta upphaflegu till. varðandi þessi atriði eða hvort menn vilja samþ. brtt. minni hl. fjvn.

Annað höfuðatriðið er, að hæstv. ríkisstj. verði falin athugun og að gera till. um þessi mál í stað þess að mþn. verði skipuð til þess, þrátt fyrir, að þetta atriði skipti ekki svo miklu máli, vegna þess að einhverja menn verður að fá til þessa verks, eins og frsm. tók fram, hvort sem hæstv. ríkisstj. tilnefnir þá eða hv. Alþ. í formi mþn. En ástæðan til þess, að mér fannst eðlilegast, að mþn. yrði falið þetta, var sú, að ég áleit sérstaklega viðeigandi, að allir þingfl. kæmust að varðandi þessa endurskoðun, — að það yrði ekki eingöngu hæstv. ríkisstj., sem réði því, eftir hvaða sjónarmiðum þar væri starfað, heldur einnig minni hl. flokkarnir hér á Alþ., sem þarna kæmust að. Enn fremur var sú ástæða fyrir þessu, að þegar ég flutti till. upphaflega, var utanþingsstj., og þótti mér því sjálfsagt, að mþn. mundi hafa þetta verk með höndum. Nú er aftur á móti komin þingræðisstj.. — ríkisstj., sem ég fyrir mitt leyti veiti stuðning og trúi til flestra góðra hluta, og vil ég lýsa ánægju minni yfir till. minni hl. um, að hæstv. ríkisstj. verði falið þetta mál, ef hún kýs þann kostinn heldur en að mþn. verði falið það. En ég verð einnig að lýsa ánægju minni yfir því, að einmitt sá hluti n., sem ekki styður núverandi ríkisstj., ber til hennar svo mikið traust, að hann leggur til, að hæstv. ríkisstj. annist þessa endurskoðun, en hinir að mþn. annist hana. Þetta er mjög ánægjulegt, og væri gott til þess að vita, ef hv. l. þm. Rang. og aðrir hv. þm., sem með slíku offorsi hafa snúizt gegn hæstv. ríkisstj., væru nú búnir að sjá að sér og að við ættum nú von á því að verða „ein hjörð og einn hirðir", — ekki sízt nú um jólaleytið, þegar við eigum að leggja allan ágreining til hliðar. — Ég held þess vegna, að það sé ekki hægt fyrir okkur, sem styðjum hæstv. ríkisstj., að taka upp baráttu gegn því, að ríkisstj. ein annist þetta verk, ef hæstv. ríkisstj. óskar eftir því og ef þeir menn, sem ekki styðja hæstv. ríkisstj., óska einnig eftir þessu. — Að öllu þessu athuguðu, sem sé, ef hæstv. ríkisstj. getur fallizt á brtt. minni hl. og vill ganga að því að taka að sér athugun á þessum málum, þá vil ég lýsa yfir því, að ég mæli eindregið með því, að brtt. minni hl. verði samþ., og skoða hana sem eins konar traustsyfirlýsingu á hæstv. ríkisstj.

Frsm. minni hl. (Þorsteinn Þorsteinsson): Herra forseti. — Það var hv. 6. þm. Reykv., sem lauk hér máli sínu, og heyrðist mér hann vera að ræða um traustsyfirlýsingu á hæstv. ríkisstj. Ég er dálítið í vafa um, hvernig ég á þá að líta á þskj. 669, þar sem fimm af sterkustu stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. setja sig upp á móti till. okkar minni hl., um að mál þessi séu falin í hendur hæstv. ríkisstj. Ég held, að hér reki sig dálítið hvor á annars horn. Sýnist mér dálítill ruglingur um þetta atriði. — En svo að maður tali um málið eins og það liggur fyrir, á hæstv. ríkisstj. að velja menn til þess að láta athuga og gera till. um þau verkefni, er hér um ræðir, samkv. till. okkar í minni hl., en eftir till. flm. á að kjósa með hlutfallskosningu fimm

manna mþn., og vita allir, að stjórnarliðið verður í miklum meiri hl. í þeirri n. við þá kosningu, en ég ætla mér ekki að deila um það atriði. Ég álít, að hæstv. ríkisstj. gæti valið tvo eða þrjá menn til þess að standa fyrir þessum málum, en í till. flm. er farið fram á fimm. Það er vitað mál, að ef mþn. verður kosin af Alþ., fær hún sér ýmsa sérfræðinga til aðstoðar, en hæstv. ríkisstj. á hins vegar miklu hægara með að velja sérfræðinga. — Ég vil taka það fram, að ég er þakklátur hv. 6. þm. Reykv. fyrir stuðning hans í garð okkar í minni hl., og tel ég ekki þurfa að deila um þetta mál lengur. Finnst mér því nú vel í höfn komið, þar sem það hefur nú svo traust fylgi. — Hvað viðvíkur því, sem frsm. meiri hl. n. sagði, gegnir öðru máli, og finnst mér ekki þurfi að vera sérstakir húsasmiðir í kaupstöðum og sérstakir smiðir í sveitum. Ég veit ekki, hvernig á að flokka þá, eða á að kalla þá hallarsmiði og kofasmiði? Mér finnst, að við gætum einnig orðið sammála um smiðina. — Að endingu vil ég svo þakka flm. till. fyrir ágætar undirtektir.

ATKVGR.
Brtt. 677 (ný tillgr.) samþ. með 24:4 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Sþ., 4. jan., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Sþ., 5. jan., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 732).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 757).

---

44. Herzla síldarlýsis.

Á 68. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um byggingu verksmiðju til herzlu síldarlýsis (A. 586).

Á 71. fundi í Sþ., 6. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Ég geri ráð fyrir, að ekki sé tímabært á þessu stigi að ræða ýtarlega um málið, því að það fer að sjálfsögðu til fjvn. til athugunar. Tilefni þess, að till. er flutt, er ákvæði í 1. gr. laga um nýjar síldarverksmiðjur frá 1942. Þar segir, að ríkið láti reisa 6 nýjar síldarverksmiðjur á þeim stöðum, sem til eru nefndir, og lýsisherzlustöð, þegar það þykir tímabært og nægilega rannsakað. Árið 1939 hafði málið verið rannsakað nokkuð af Trausta Ólafssyni efnafræðingi. Þeim, sem vilja kynna sér það vel, get ég vísað til gagna, er hann birti og fyrst og fremst er að *finna í skýrslum* iðnaðardeildar Háskólans 1939 og í mjög fróðlegu erindi, sem Trausti birti í tímariti verkfræðingafélagsins, 5. hefti 1940. En allt, sem þar segir, er miðað við verðlag og hráefnismagn, sem var fyrir stríð, og þarf því að sjálfsögðu nýja rannsókn málsins.

Til lýsisherzlunnar er gert ráð fyrir að þurfi mikið *rafmagn og mikið vatn*. Rafmagn hefur skort, en á þessum vetri mun rafveita Siglufjarðar taka til starfa, svo að það skortir ekki lengur, og á Siglufirði eru langbezt skilyrðin til hráefnaöflunar fyrir stöðina.

Venja er, að fyrri umr. slíkra þáltill. sé frestað, meðan þær eru athugaðar í n. En ef forseta virðist gerlegt, óska ég, að málinu verði flýtt á þann veg að vísa því fyrst til síðari umr. og síðan til n.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur látið fara fram mjög gagngerða athugun á þessu máli og m. a. leitað tilboða um vélar til stöðvarinnar. Upplýsingar um þetta eru 2—3 ára gamlar og munu vera tiltækar, ef n. vill kynna sér þær.

Ég tel *hina mestu nauðsyn*, að komið verði á lýsisherzlu hér á landi. En það er rétt, að skilyrði hafa ekki verið til þess. Við herzluna hafa aðallega verið 2 aðferðir notaðar, og þarf við aðra mjög mikið koks, en við hina mjög mikið rafmagn og vatn. Mikið koks hefur verið flutt frá Bretlandi í þessu skyni til austurstranda Ameríku, því að *hin síðari aðferðin* þótti þar tæplega svara kostnaði.

Ég tel hæpið, að fjvn. geti nú gert þær athuganir, sem þörf er á í málinu, og er álitamál, hvort ekki ætti að vísa till. til nýbyggingarráðs til athugunar.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 80. fundi í Sþ., 4. des., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 81. fundi í Sþ., 5. des., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 586, n. 704).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Ég var mjög fáorður um þetta mál við fyrri umr. Ástæðan til þess er sú, að þetta er í raun og veru till. um að fela ríkisstj. að taka mál þetta til framkvæmda, þegar ástæður leyfa, og þess vegna þurfti ekki neinar sérstakar skýringar í málinu. Ég skal líka taka það fram, að það er talsvert

erfitt að fara út í þetta mál, bæði fjárhagshlið þess og þá menningarlegu, sökum þess að tímar þeir, sem nú eru yfir okkur, hafa skapað svo mikinn glundroða í þessu efni, að það hefur raskað fyrri áætlunum, sem gerðar hafa verið. Fjvn. komst þó að þeirri niðurstöðu og var algerlega sammála um að leggja til, að till. yrði samþ. Ég ætla mér að láta það að mestu leyti nægja að vísa til þessa sameiginlega álits, en vil aðeins til áherzlu þó minna á það, að fyrir þessu máli hefur jafnan verið eindreginn vilji í þ., þó að Alþ. hafi að sönnu ekki lagt mikið út í það að kryfja það til mergjar frá fjárhags- og hagfræðilegum sjónarmiðum. Það, sem gerzt hefur í málinu áður og ég lítils háttar drap á við fyrri umr. málsins, er það, að ríkisstj. sneri sér til atvinnudeildar Háskólans, ég held á árinu 1939, og óskaði eftir rannsókn á þessu máli, hvort hagkvæmt mundi og framkvæmanlegt að reisa verksmiðju til herzlu lýsis eða fituefna. Fyrir liggur í málinu bæði bréf ríkisstj. og einnig bréf frá Trausta Ólafssyni efnafræðingi til ríkisins um þetta mál, og þar vísar hann aðallega til skýrslu í tímariti verkfræðingafélagsins, en sú skýrsla er erindi, sem hann sjálfur hefur flutt í verkfræðingafélaginu, og þar er náttúrlega farið afar nákvæmlega út í teknisku hliðina, og ég sé ekki ástæðu til þess, bæði sökum þekkingarskorts sjálfs mín og væntanlega einnig hv. þm., að fara út í þá hlið málsins, enda skiptir hin hagfræðilega og fjárhagslega hlið málsins mestu. Í þessu erindi kemst efnafræðingurinn að þeirri niðurstöðu, að þá, á árinu 1942, séu fullkomin skilyrði til þess að reisa verksmiðju til herzlu fituefna á tveimur stöðum í landinu, sem sé á Siglufirði og Hjalteyri, að því einu undanskildu, að það var þá og er enn rafmagnslaust á þeim stöðum, en að sönnu telur efnafræðingurinn, að lýsismagnið á Djúpuvík og Ströndum sé einnig nægilegt til þess að reisa verksmiðju, sem reka mætti með góðum árangri, en telur hins vegar þar svo erfið skilyrði til rafvirkjunar, að ekki þurfi að gera ráð fyrir því í bráð. Sjálfsagt er nú nægilegt lýsismagn á Raufarhöfn, til þess að það borgi sig að reka þar herzlustöð, en það mun vera eins um þann stað og Djúpuvík, að erfitt mun um rafmagn. Nú var það samþ. hér á Alþ. 1942, þegar gerð var breyt. á l. um síldarverksmiðjur ríkisins, að fela stj. einnig að reisa verksmiðju til lýsisherzlu, og það er sjálfsagt engum vafa bundið, að ríkisstj. hefði þegar gert það, ef ekki hefði enn skort þetta nauðsynlega skilyrði, rafmagnið. Nú er búizt við, að á þessu ári og innan örstutts tíma taki til starfa rafveita Siglufjarðar, og þá virðast þeir erfiðleikar yfirstignir. Annars skal ég taka fram út af því, sem hv. þm. Barð. sagði í sambandi við annað mál, um þann ávinning að breyta fiskiolíunni í herta fitu, að það er alveg rétt, að eftir þeim áætlunum, sem gerðar voru fyrir stríðið, þá er þessi fjárhæð ekki mikil, og enn fremur það, að efnafræðingurinn hefur talið það vafasamt, að fituefnin þyldu langan flutning og þess vegna hagkvæmast að reisa verksmiðjuna þar, sem framleiðslan væri nægilega mikil, til þess að þar mætti verða herzlustöð fyrir þá einu framleiðslu. Þó er það álit efnafræðingsins, að vel geti borið sig að flytja hráefnin frá verksmiðjunum við Eyjafjörð, á Dagverðareyri og í Krossanesi til Hjalteyrar og nota eina herzlustöð á því svæði. Við þetta er náttúrlega það að athuga, að það hafa orðið svo miklar breytingar á síðustu tímum og ekki fullkunnugt um, hve markaðurinn hefur breytzt í þessu efni, en efnafræðingurinn getur þess einnig í sinni skýrslu, að þó að þessi verkmunur verði ekki mikill, þá komi enn til athugunar, að flutningskostnaðurinn á hertri fitu verður að sjálfsögðu mun minni en á lýsi. En þessi hlutföll geta líka vel hafa breytzt síðan, og að sjálfsögðu lætur hæstv. ríkisstj. rannsaka allt slíkt áður en hún leggur í byggingu verksmiðjunnar, en ég vil þó leggja áherzlu á það, að það er að sjálfsögðu mjög mikil nauðsyn fyrir Íslendinga, að framleiðslan verði sem mest fullunnin, áður en hún er flutt út úr landinu, því að þeir tímar eru ekki löngu um liðnir, þegar eitt mesta böl okkar var skortur á erlendum gjaldeyri, sem að sjálfsögðu stafaði svo að segja eingöngu af því, að okkur vantaði aukin útflutningsverðmæti, en ekki af því, sem margir misskildu, að það stafaði af of miklum innflutningi. Slíkir tímar geta einnig verið framundan og að sjálfsögðu mikils vert fyrir okkur að geta flutt út meir af vinnu landsmanna en verið hefur og breyta henni í erlendan gjaldeyri, sem þjóðin aftur getur fengið erlendan varning fyrir, sem gæti gert henni mögulegt að lifa meira menningarlífi en ella. Ég held þess vegna, að jafnvel þótt verðmunurinn á fiskiolíunni, sem nú er flutt út svona hálfunnin, og á hertri fitu yrði ekki geysimikill og kannske ekki meiri en tilkostnaðurinn, þá sé samt sem áður geysimikill óbeinn hagnaður að því að fullvinna þessa vöru í landinu sjálfu. Ég hef ástæðu til þess að álíta og veit með sanni, að hæstv. ríkisstj. er slíkum málum sem þessum mjög hlynnt, og ég hef ekki flutt þessa till. fyrir því, að ég hafi á nokkurn hátt efazt um það, að hæstv. ríkisstj. mundi hefjast handa um þetta mál í raun og veru, en mér finnst ekkert á móti því og haganlegra, bæði fyrir Alþ. og hæstv. ríkisstj., að hæstv. ríkisstj. hafi þann bakhjarl, ef hún hefst handa í þessu máli, að hún styðjist við ótvíræðan þingvilja. Má segja óbeinlínis, að sá þingvilji sé fyrir hendi í samþykkt Alþ. 1942, þegar breyt. var gerð á l. um síldarverksmiðjur ríkisins, og þar eru fyrirmæli um það, að ríkið skyldi láta reisa verksmiðju til lýsisherzlu, en þetta er endurtekið, að ég held, ekki með öllu að óþörfu, og get ég ekki hugsað mér, að hæstv. ríkisstj. hafi neitt á móti því að hafa nýjan þingvilja til að styðja sig við í þessu efni.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins taka það fram, að samanburðinn á því, sem ég gerði í öðru máli, ber engan veginn að skilja sem andúð gegn þessu máli, og er ég að fullu samþykkur því, að þessi till., sem hér liggur fyrir, nái samþykki.

Ég hef dálítið rætt við Trausta Ólafsson, og staðfesti hann, að aldrei yrði unnt að láta slíka verk-

smiðju bera sig, ef reiknað yrði með svipuðu verði lagi á rafmagni og gert er í áætlun um rafmagnssölu á Siglufirði.

Ég er fyllilega sammála um það, að þetta beri að athuga, og mun fylgja þessari till. þrátt fyrir þær aths., sem ég gerði.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég get fyrir mitt leyti algerlega undirstrikað röksemdir hv. frsm. fyrir þessari till. Það er bráðnauðsynlegt að geta komið því við að flytja út lýsið í hertu formi. Það eru ekki einasta þær röksemdir, sem hann taldi fram, heldur það, að þetta eykur mjög markaðsmöguleika okkar. Það lýsi, sem út er flutt, er ekki hægt að selja annars staðar en þar, sem skip geta farið og lýsisherzlustöðvar eru, en ef við gætum sjálfir komið fitunni í fast form, er hægt að selja hana út um allt meginland Evrópu og handhægt að flytja hana með járnbrautum og hvers konar farartækjum, en mjög erfitt um allan flutning á lýsi. Eins og hv. frsm. tók fram, eru margvíslegir örðugleikar og vandamál, sem þarf að leysa í sambandi við þetta, umfram það, sem venjulega gerist. Í fyrsta lagi eru nú teknisku vandamálin og þau fjárhagslegu við að koma þessu upp hér á landi. Hins vegar höfum við ýmsa, sem hafa kynnt sér þetta vel og eindregið hvatt til þess, að í þetta verði lagt, bæði af tekniskum og fjárhagslegum ástæðum hér heima fyrir, en þar að auki eru viðskiptaleg vandamál, sem rísa upp vegna þessa, þar eð við mættum búast við samkeppni tveggja stórra hringa, annars ensks, en hinn hefur aðsetur á meginlandinu. Þessir hringar gerðu með sér samkomulag skömmu fyrir stríð. Er hætta á því, ef við færum að herða eitthvað lýsi, en þurfum jafnhliða að selja þann hluta lýsisins, sem við ekki herðum, til þessara aðila, að þeir beiti okkur refsiráðstöfunum, svo að okkur takist ekki að selja lýsið. Fyrirsjáanlegt er, að þegar í stað verða ekki herzlustöðvar, sem herða allt okkar lýsi. Þetta er atriði, sem þarf að gera sér ljóst, sérstaklega ef farið er út í þetta í stórum stíl. Það þarf að athuga í heild markaðsmöguleika fyrir hert lýsi og venjulegt lýsi, áður en út í þetta er farið. Hins vegar mun neyzlan hér á landi á fituefnum vera um þúsund tonn til smjörlíkisframleiðslu og annars, og það er ákaflega sennilegt, að það muni vera rétt að ráðast strax í að herða það lýsi, sem hægt er að losna við í landinu. Með því mætti kannske fá þýðingarmikla reynslu.

Ég álít till. þá, sem hér liggur fyrir, mjög góða. Hún bendir til þess, að þ. vilji eindregið, að einskis sé látið ófreistað til þess að geta stigið skrefið áfram í þessu efni, og tel ég sjálfsagt að samþ. hana.

Nýjustu upplýsingar, sem fyrir liggja í þessu máli, er álitsgerð, sem framkvæmdastjóri síldarverksmiðja ríkisins lét stj. í té, þegar hann kom úr Ameríkuför sinni, en í þeirri för var honum sérstaklega falið að rannsaka möguleika á því að kaupa vélar til lýsisherzlu, og það var einmitt byggt á frv. frá 1942. Ég hef ekki haft aðstöðu til að kynna mér efni þessarar álitsgerðar, en hún mun að ýmsu leyti vera mjög ýtarleg, og ég mun gera ráðstafanir til þess, að þeir menn, sem vit hafa á þessum málum og áhuga, fái að kynna sér það sérstaklega með það fyrir augum að athuga möguleika í sambandi við stríðið. Því miður gat ég ekki komið þessari álitsgerð til nm. eða flm., sem þó kannske hefði getað orðið þeim einhver leiðbeining í málinu, en hún verður afhent hverjum þeim, sem kynni að hafa áhuga á þessu máli. Mæli ég svo eindregið með því, að þessi till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 758).

45. Framkvæmd póstmála.

Á 61. fundi í Sþ., 25. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um framkvæmd póstmála (A. 478).

Á 63. fundi í Sþ., 10. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Páll Zóphóníasson): Ég ætla ekki að hafa langa framsögu í þessu máli, því að það liggur afar ljóst fyrir. Það var sett n. til að athuga póstsamgöngur o. fl., er snertir póstmál í landinu. Snemma á þessu þingi var útbýtt frá þessari n. áliti um, hvernig hún hugsaði sér að haga póstferðum um landið. Var það í ýmsu frábrugðið því, sem nú er, aðallega í því, að póstsamgöngur stóraukast, og átti að koma póstur vikulega á flestöll heimili úti um allt land.

Það gæti vel komið til mála, að ekkert frekar væri gert í því máli og Alþ. léti málið ekki meir til sín taka, heldur léti í vald ríkisstj., hvað af þessum till. hún sæi fært að framkvæma og hvernig. Ég lít a. m. k. svo á, að það fé, sem ætlað er til póstmála, sé áætlað, og þess vegna mætti segja, að það lægi algerlega á valdi ríkisstj., hvað hún léti framkvæma af þessum till. og hvort hún léti framkvæma nokkuð af þeim eða ekki neitt.

Mér finnst ekki rétt að láta málið liggja þannig, heldur miklu réttara, að Alþ. segði álit sitt um, hvernig því litist á þessar till., og skoraði á ríkisstj. að láta þegar hefja undirbúning til framkvæmda á næsta ári. Mér finnst liggja í hlutarins eðli, að svo gagngerð breyt. eins og þetta taki tíma, og þó að undirbúningur væri þegar hafinn, er þetta ekki komið til framkvæmda fyrr en í allra fyrsta lagi snemma á næsta ári og vafasamt, að það verði komið að öllu leyti til framkvæmda, þegar árið 1945 er á enda. En því fyrr sem byrjað er, því fyrr komast þessar mikilsverðu umbætur fyrir alla þegna þjóðfélagsins í framkvæmd.

Ég vil nefna sem dæmi þær till. um að koma upp póstkössum á vegamótum víðs vegar úti um

landið, sem póststjórnin á að láta smíða. Það eitt út af fyrir sig að smíða mörg hundruð kassa og koma þeim fyrir og ganga frá þeim tekur sinn tíma, og því fyrr sem byrjað er, því fyrr kemst það til framkvæmda. Till. mín er ekki önnur en að fá úr því skorið, hvort Alþ. vill fallast á þá stefnubreytingu, sem í till. n. er, og láta hefja undirbúning að framkvæmdum eins fljótt og auðið er og að mestu leyti á næsta ári.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 75. og 76. fundi í Sþ., 13. og 15. des., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Sþ., 16. des., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 478, n. 645, 652, 689).

Pétur Ottesen: Frsm. fjvn. er ekki viðstaddur, og verð ég í forföllum hans að fara nokkrum orðum um þetta mál. Fjvn. leggur til, eins og um getur á þskj. 645, að till. verði breytt nokkuð frá því, sem hún er flutt á þskj. 478. Fjvn. ræddi við samgmrh. um þetta mál, og var það í samráði við hann, sem n. leggur til, að þessari þáltill. verði breytt eins og greinir á þskj. 645, einnig að framkvæmdir yrðu auknar á póstsamgöngum eftir því, sem við verði komið á næstu árum. Í samráði við samgmrh. flytur n. einnig brtt. um það, að hækkaður verði liðurinn til póstsamgangna í landinu um 200000.00 kr. Þessi hækkunarliður er miðaður við það, að strax upp úr áramótunum verði að því unnið, eftir því sem kostur er, að framkvæma auknar póstsamgöngur.

Mþn. í póstmálum hefur skilað áliti, sem liggur fyrir Alþ. Er þar gert ráð fyrir að gera allverulegar breytingar á póstsamgöngum í landinu, sem allir munu vera sammála um, að nauðsynlegt sé að framkvæma svo fljótt, sem við verður komið. Kostnaðurinn af þessum fyrirhuguðu framkvæmdum er talinn nema um 750 000.00 kr. En nokkuð af þeirri upphæð, eða þriðji hluti hennar, er miðaður við það, að komið verði upp kössum eða hylkjum til þess að láta póst í á þeim svæðum, þar sem mjólkurflutningsbifreiðar eru notaðar til póstflutninga. En það leiðir af sjálfu sér, að það er mjög mikið hagræðisatriði þar, sem því verður við komið, að nota slíkar bifreiðar til þessara flutninga, bæði vegna þess, að hér er um að ræða mjög örar ferðir og auk þess verður það miklu ódýrari framkvæmd en hægt er að fá með annarri tilhögun. Þess vegna er það alveg rétt á litið hjá mþn., sem hafði málið til meðferðar, að það er óþarfi að horfa í þann kostnað, sem leiðir af því að koma upp slíkum hylkjum til að láta póst í, þar sem mjólkurbílar eru notaðir til þessara flutninga. Það, sem ber á milli í hinum upprunalegu till. og till. fjvn., er það, að till. póstmálan. má skilja svo, að ætlazt sé til, að þessum málum sé hrint í framkvæmd nú þegar á næsta ári. En fjvn. áleit rétt að þreifa nokkuð fyrir sér með þessar framkvæmdir, því að við það mundi fást mikilsverð reynsla og sjást betur, hvernig haganlegast væri hægt að koma þessu fyrir samkv. till. póstmálanefndar.

Ég hef svo ekki fleira um þetta mál að segja, enda gerð grein fyrir skoðun n. á þessu máli á þskj. 645. Ég ætla, að komnar séu fram tvær brtt. við málið, önnur frá hv. þm. Barð., á þskj. 652, en hin frá hv. 2. þm. N-M. En ég sé ekki ástæðu til að minnast á þær, fyrr en flm. hafa gert grein fyrir þeim, ef mér þykir þá ástæða til þess.

Gísli Jónsson: Hv. fjvn. hefur lagt til á þskj. 645, að ríkisstj. verði falið að láta framkvæma frá næstu áramótum till. mþn. í póstmálum eftir því, sem við verður komið. Hefur n. einnig ætlað nokkurt fé til þessara framkvæmda, án þess þó að taka nokkuð fram um það, hvernig þessu fé skuli varið, hvort verja skuli því til þess að fjölga póstsamgöngum á þeim stöðum, sem bezt eru settir í þessu efni, eða verja því til þeirra staða, sem örðugast eiga hér hlut að máli, eða hvort verja skuli fénu til þess að koma upp kössum fyrir póst. En talið er, að það muni kosta á þriðja hundrað þús. kr. Með brtt. minni legg ég til, að framkvæmdum sé hagað þannig, að hinum nýju fjárframlögum verði varið fyrst og fremst til þess að bæta samgöngur í þeim héruðum, sem búa við lakastar póstsamgöngur. Í tilefni af þessu leyfi ég mér að upplýsa hér, að áður en n. hóf aðalstarf sitt sendi hún út bréf með fyrirspurnum til á 3. hundrað sveitarstjórna í landinu og annarra aðila. Og það er eftirtektarvert, að flest svörin bárust frá þeim héruðum, sem standa verst að vígi með póstsamgöngur. Og svör bárust úr hverjum einasta hreppi í þeim héruðum, sem afskekktust eru, sem sagt í þessum héruðum var langmestan áhuga að finna fyrir bættum póstsamgöngum. En þau héruð, sem fá póstinn á hverjum degi á sumrin og einu sinni eða tvisvar í viku á veturna, eins og hér á Suðurlandsundirlendinu, þaðan komu miklu síður svör og sum ekki, fyrr en eftir töluverða eftirgangsmuni. Nú komst n. að þeirri niðurstöðu, að það kostaði lítið að bæta póstsamgöngurnar í þeim héruðum, sem góðar póstsamgöngur eru fyrir í. Og hef ég ekkert á móti því, að það sé gert, svo framarlega, að það kosti póstsjóð ekki aukin útgjöld, og ef það er ekki heldur gert á kostnað þeirra héraða, sem við verstar póstsamgöngur búa. Væri t. d. farið inn á þá leið að eyða þessu fé til þess að koma upp póstkössum á þessum slóðum, þá tel ég, að gengið sé á rétt þeirra héraða, sem erfiðastar póstsamgöngur hafa. Það kom mjög til umræðna í n., hvort rétt væri að gera till. um það, að sveitahéruð tækju að einhverju leyti sjálf þátt í kostnaðinum við að koma upp póstkössunum, en eftir að hafa rætt við póststjórnina, þótti henni ekki rétt að leggja það til. En hins vegar bendir hún á það, að ef ríkissjóður sér sér ekki fært að leggja fram nægilegt fé nú þegar til þessara framkvæmda, þá komi til athugunar, hvort ekki sé rétt, að þau héruð, sem vildu leggja til helming kostnaðar, gengju fyrir öðrum að koma

þessu kerfi upp hjá sér, burtséð frá því, hvort þau búa við betri eða lakari póstsamgöngur.

Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr., nema sérstakt tilefni gefist til þess, en vil alvarlega beina því til hæstv. samgmrh., að því fé, sem varið verður til þess að bæta póstsamgöngur, verði framvegis varið til þess að bæta úr þeim þar, sem þær eru verstar, og legg til, að till. mínar á þskj. 652 verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Við 2. umr. fjárl. var fellt að veita meira fé til þessara framkvæmda en hv. fjvn. hafði ákveðið. Ég var óánægður með þetta, því að ég sá það, að í þessu fólst, að þessar miklu umbætur myndu ekki framkvæmdar nema að litlu leyti. Af þessum ástæðum flutti ég brtt. mína á þskj. 689. Nú hef ég heyrt það í ræðu hv. frsm. fjvn., að þessi upphæð er að hans dómi algerlega áætlunarupphæð og því á valdi ráðh. og póstmálastjórnar, hve umbæturnar verða miklar og víðtækar. Það má því gera ráð fyrir, að sama gildi um þessa fjárhæð og ýmsar aðrar í fjárl., að hún sé áætluð miklu lægri en hún muni verða. Af þessum ástæðum get ég sætt mig við það, þar sem þetta sé áætlun, og tek brtt. mína aftur, en jafnframt vil ég undirstrika það, sem hv. þm. Barð. sagði, að fyrst verði byrjað á því að bæta póstsamgöngurnar þar, sem þær eru lakastar. Sem dæmi um, hversu póstsamgöngurnar eru óviðunandi sums staðar, get ég tekið það sem dæmi, að ég veit um staði, þar sem bréfin eru orðin 6 til 8 vikna gömul, er þau berast viðtakanda, en á öðrum stöðum vikugömul eða svo. Það liggur í augum uppi, að mest þörfin er að auka póstsamgöngurnar, þar sem þær eru lakastar, eins og t. d. í Múlasýslum yfirleitt, suðurhluta Vestfjarða og á mörgum fleiri stöðum. Ef ég sendi bréf til einhvers þessara staða, þarf ég ekki að reikna með því, að svar geti borizt fyrr en eftir 2 til 2½ mánuð. Þess vegna undirstrika ég það, sem hv. þm. Barð. sagði, að fyrst þyrfti að bæta póstsamgöngurnar þar, sem þær eru lakastar. Mér hefur borizt til eyrna, að því hafi verið haldið fram í fjvn., að ómögulegt væri að bæta póstsamgöngur við Austurland, skipaferðum væri þannig háttað. Þetta er í raun og veru svo mikil fjarstæða, að því er ekki svarandi, enda er fjvn. ekki fylgjandi þeirri skoðun, þótt hún kunni að hafa komið fram í n., heldur er hún sammála hv. þm. Barð. um það, að fyrst beri að bæta úr póstsamgöngum þar, sem þær eru lakastar, en með tilliti til þess, að því er yfirlýst, að liðurinn sé áætlaður, og með tilliti til þess, að vitað er, að margar aðrar upphæðir í fjárl. eru áætlaðar miklu lægri en þær koma til með að vera, þá geri ég ráð fyrir, að því sé eins farið með þessa upphæð, og tek því aftur brtt. mína á þskj. 689.

Pétur Ottesen: Ég ætla ekki að minnast á þá brtt., sem hér hefur verið tekin aftur. Eins og menn sjá í brtt. fjvn., leggur n. til, að felld verði niður úr upphaflegu till. heimild fyrir ríkisstj. til þess að verja fé í þessu skyni, því að fjvn. hefur lagt til, að liðir þessir yrðu hækkaðir með tilliti til væntanlegra framkvæmda á næstu árum. Hitt er svo eins og reynslan hefur sýnt, að það er náttúrlega ekki hægt að einskorða það, að þessi liður fari ekki fram úr áætlun, og þess vegna má náttúrlega líta á slíkan lið sem áætlunarlið, en hins vegar felur sú hækkun, sem þarna er gerð, eða sú upphæð, sem lagt er til, að samþ. verði, í sér bendingu til ríkisstj., að ekki er gert ráð fyrir, að fullnaðarframkvæmdir geti orðið á þessu ári, því að þá hefðu að sjálfsögðu verið teknar upp upphæðirnar miðað við það. Mér þykir svo ekki ástæða til þess að taka þetta frekar fyrir, en ég vildi aðeins, vegna brtt. hv. þm. Barð., taka það fram, að mér fyndist ákaflega eðlilegt, að við þær framkvæmdir, sem væntanlega verður um að ræða á næstu árum, verði það sjónarmið, sem fram kemur í brtt. hv. þm. Barð., haft til hliðsjónar. Ég tel eðlilegt, að reynt sé að bæta þar úr, sem þörfin er mest, og framkvæmdir miðaðar við það, þangað til þetta er komið í það horf, sem væntanlega verður áður en langt um líður, að það, sem lagt er til í till. póstmálan., verði grundvöllur frekari framkvæmda.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta, því að form. fjvn. hefur í ræðu sinni lýst viðhorfi mínu til málsins. Ég vildi segja nokkur orð vegna ræðu hv. 2. þm. N-M. Það er að vísu rétt, að þessi upphæð í fjárl. er áætluð til þessa, en hver, sem við framkvæmdum málsins tekur, hlýtur þó að telja sig bundinn, eins og hægt er að binda yfirleitt, við þá upphæð, sem þar er nefnd, og þær framkvæmdir, sem lagt er út í, hljóta að miðast við þessa upphæð, þótt eitthvað kunni að fara fram úr áætlun og verða öðruvísi og dýrara en gert er ráð fyrir í upphafi, þótt heildarlínan sé lögð um þessar framkvæmdir, miðað við þá upphæð, sem á fjárl. er ætluð til þess.

ATKVGR.
Brtt. 689 tekin aftur.
Brtt. 652 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 645, svo breytt, samþ. með 29:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv.

Á 80. og 81. fundi í Sþ., 4. og 5. jan., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 82. fundi í Sþ., 9. jan., var till. enn tekin til síðari umr. (A. 729).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 27:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 783).

46. Hlutabréfakaup í Útvegsbankanum.

Á deildafundum 15. sept. var útbýtt frá Sþ.: *Till. til þál. um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f.* (A. 313).

Á 44. fundi í Sþ., 18. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Sú till., sem liggur fyrir á þskj. 313, fer fram á, að ríkisstj. sé falið að kaupa hlutabréf erlendra hluthafa í Útvegsbanka Íslands. Eins og hv. þm. er kunnugt, var hér fyrir ekki löngu samþ. till. um að kaupa af þeim, sem eignazt hafa hlutabréf í sparisjóðsdeild bankans, að ríkissjóður keypti þau með nafnverði og greiddi með skuldabréfum ríkissjóðs. Í samræmi við þessa ályktun var svo þetta auglýst og þeim, sem selja vildu, gert að senda tilkynningu fyrir desemberlok þessa árs. Til þessa dags hafa komið tilkynningar um 310 þús. kr. Íslenzkir hluthafar utan ríkissjóðs munu eiga um 1½ millj. kr. í hlutabréfum. En síðan þetta gerðist hefur komið málaleitun frá einum erlendum hluthafa um, að ríkið keypti hans hlutabréf. Erlendir hluthafar eiga nú í bankanum hlutabréf fyrir um 1300 þús. kr. Af því á enskur banki 500 þús. kr. og danskur banki 500 þús. kr., ýmsir danskir hluthafar munu eiga um 300 þús. kr., samtals 1300 þús. kr. Þá eru hluthafar í bankanum fyrir utan ríkissjóð, sem ráða yfir 2,8 millj. kr. í hlutabréfum.

Eins og nú er komið, að ríkissjóður á meiri hl. í bankaráði og ræður þar af leiðandi í raun og veru öllu á hluthafafundum hans, virðist mjög eðlilegt, að ríkissjóður geri þeim erlendu hluthöfum, sem eignazt hafa bréf á þann hátt, sem varð, þannig að þeir voru í raun og veru neyddir til að kaupa þau, kost á að losna við bréfin með nafnverði. Ég hygg, að erlendir hluthafar muni telja þá lausn mjög vel viðunandi, eins og komið er, ef þeir fá þann höfuðstól, sem þeir lögðu fram, þó að ekki séu greiddir vextir af honum þann tíma, sem hann hefur staðið í bankanum. Teldi ég illa við eigandi, ef ríkissjóður keypti nú ekki þessi bréf. Hins vegar mundi ég ekki hafa neitt við að athuga, þótt væntanleg n. breytti till. á þann hátt, að ríkisstj. yrði heimilað að kaupa öll hlutabréf bankans, sem nú eru í eigu einstakra manna. Ég tel svo, að þetta mál gangi af sjálfu sér til fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 82. fundi í Sþ., 9. jan., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 313, n. 767).

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Fjvn. hefur athugað þessa þáltill. eins og hún lá fyrir og varð sammála um að mæla með henni með nokkrum breyt. Fyrsta breyt. er sú, að till. verði í heimildarformi í stað þess, að nú er hún bein fyrirmæli til stj. N. vill láta það vera á valdi hæstv. stj., hvort þetta verði gert, og að heimildin verði bundin við eitt ár, nefnilega árið 1945. Aftur varð smámeiningamunur innan n. um, hvort stj. ætti að fá heimild til að kaupa af öllum bréfaeigendum, sem vildu selja. Verulegur ágreiningur varð ekki, en einstakir nm. vildu þó ekki binda atkv. sín um það atriði.

Eins og sakir standa nú og hv. þm. mun vera kunnugt, var upphaflega hlutafé Útvegsbankans um 7,300,000 kr. Af því átti ríkissjóður 4½ millj. kr. en útlendingar rúmlega 1,200,000 kr., en 1,600,000 kr. var einstakra innlendra manna hlutafé. Nú er því þannig komið, að ríkið er búið að kaupa 25% eða 400,000 kr. af bréfum innlendra hluthafa, og ráðstafanir munu hafa verið gerðar til að kaupa bréf útlendra hluthafa. Verður þá eftir rúm milljón af bréfum innlendra hluthafa.

Ég get sagt, að ég hef verið á móti því, að ríkið færi nokkuð að seilast í þessi bréf, heldur væru einstaklingarnir látnir í friði með þau og ríkið færi ekki að gera þeim kauptilboð. Á síðasta þingi varð sú skoðun ofan á að fara að kaupa þessi bréf, en úr því að kominn er skriður á að kaupa þessi bréf og það verður aðeins örlítið eftir, sem hluthafar eiga, $1/_7$ í mesta lagi, og þeir, sem þessi bréf eiga, hafa engu ráðið á hluthafafundum, þar sem ríkisstj. hefur haft mikinn meiri hluta, þá virðist rétt að gefa þessum hluthöfum kost á að selja bréf sín með nafnverði. Ég geri ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. fari hóflega í þessi bréfakaup og fari ekki að seilast eftir þeim meira en góðu hófi gegnir, en muni fullkomlega líta á hag ríkissjóðs í þeim efnum og að við þurfum ekki að bera kvíðboga af að láta hana hafa heimild, eins og gert er með þál. þannig breyttri.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Eins og kom fram í ræðu hv. frsm., var ríkisstj. heimilað á síðasta þingi að kaupa þau hlutabréf í Útvegsbanka Íslands, sem ekki höfðu skipt um eigendur, síðan bankinn var stofnaður. Þetta var nokkur sanngirni, af því að ýmsir af þessum eigendum höfðu svo að segja verið neyddir til að gerast hluthafar til að bjarga bankanum á sínum tíma. Við rannsókn, sem fór fram, hefur komið í ljós, að um 400 þús. hafa ekki skipt um eigendur, og má því gera ráð fyrir, að meginhlutinn af þeim fari til ríkissjóðs. Nú hefur komið fram till. að fela stj. einnig að kaupa erlenda hlutabréfaeign í bankanum. Ég álít þetta skynsamlegt. Eftir því sem hagur bankans er nú, er ekki hægt að sjá, að áhætta sé fyrir ríkissjóð að kaupa þessa eign. Því er ekki heldur að neita, að það er heldur óviðfelldið að hafa erlenda hluthafa í stofnun, sem er orðin að miklu leyti eign ríkissjóðs. Ég er því eindregið fylgjandi till. á þskj. 313. Hins vegar tel ég, að brtt. á þskj. 767 orki mjög tvímælis. Það má segja eins og hv. frsm. gat um, að ekki væri mikil hætta, þó að stj. fengi heimild til að kaupa þessi bréf, en ég sé ekki heldur neinn vinning við það. Það er gert ráð fyrir, að þessi bréf séu keypt með nafnverði. Eins og ég gat um, er ekki ástæða

til að ætla, að þessi bréf séu minna virði, kannske eitthvað yfir því, svo að ekki á að vera á neinn hátt eftirsóknarvert fyrir hluthafana að selja bréfin þessu verði, en frá bankans sjónarmiði álít ég það heldur tap. Ég álít það vinning fyrir bankann, að það séu nokkrir menn, sennilega eru það að talsvert miklu leyti góðir viðskiptamenn bankans, sem eiga nokkurra hagsmuna að gæta í sambandi við rekstur hans. Ef litið er á þetta frá sjónarmiði ríkissjóðs, má segja, að engin ástæða sé til að ætla, að hann þyrfti að bera tap, þótt hann keypti bréfin. En hann á svo mikið af hlutabréfum í bankanum, að lítil þörf er fyrir hann að slægjast eftir meira af þeim. Þó að ríkissjóður kynni að geta grætt eitthvað á því að ná í þessi verðmæti af innlendum eigendum, tel ég það ekki mjög eftirsóknarvert. Og sem stendur gæti það orðið ríkissjóði talsvert óþægilegt að kaupa bréfin, sem um ræðir, líklega allt að 1200 þús. kr. Hann þyrfti að taka til þess lán, sem ég sé ekki ástæðu að taka.

Segja má, að samþ. heimildar í þessa átt skipti ekki miklu máli, ekki saki að hafa þarna opna leið. Þó að þessi heimild verði samþ., býst ég ekki við, að hún verði notuð af núv. ríkisstj.

Sigurður Kristjánsson: Þetta mál er orðið nokkuð gamalt á þingi. Náttúrlega er rétt frá skýrt í nál., að þrír þm. í fjvn. gátu ekki tekið þátt í samþ. meiri hl. n. né mælt með brtt. á þskj. 767. Ég vil gera grein fyrir minni afstöðu, en rifja um leið upp nokkur atriði.

Samþykkt sú, sem gerð var í fyrra um kaup á *hlutabréfum, átti svo örðugt uppdráttar, að hún bar* þeirrar meðferðar merki og var hvergi nærri viðunandi, hún var vandræðaúrlausn á þessu viðkvæma máli. Það var t. d. ekki réttmætt að binda þetta við upphaflega eigendur bréfanna eina. Erfingjar höfðu eignazt bréfin með fullum rétti, og líkt má segja um nýrri eigendur bréfanna í mörgum tilfellum öðrum, þótt tvímælis orki um hlutabréf, sem menn hafa keypt litlu sem engu verði af upphaflegum eigendum. Þeim eigendum þarf engan skaða að bæta, allra sízt ef talið væri, að bréfin væru meir en nafnverðs virði. Ég hefði talið réttmætt að greiða fyrri eigendum einhverja litla vexti af inneign þessari, sem þeir lögðu fram á sínum tíma til að styrkja stofnunina. Þótt því hafi að vísu ekki enn verið hreyft, tel ég ekki um seinan að minnast á það og taka það til athugunar.

Mér finnst, að hlutur þeirra manna, sem átt hafa allan þennan tíma þetta bundna fé, sé yfrið þungur orðinn, þótt þeir fengju nokkra vexti, en féð var bundið fyrir þeim með þeim hætti, sem menn mega muna. Íslandsbanki varð fyrir þeirri ógæfu að verða pólitískt bitbein og þoldi grimma ofsókn pólitískra fjandmanna, sem loks tókst að leggja hann að velli, þótt miðlunarmenn sneru því máli dálítið á aðra leið en til var ætlazt og sú ríka andúð, sem kom í þessari ofsókn fram gegn sjávarútveginum og öðrum þeim atvinnugreinum, sem bankinn hafði stutt, fengi ekki að hrósa algerum sigri. Meðan á þessu slátrunarstarfi stóð, kom það til tals, að þeir, sem inni ættu í bankanum, legðu fram helming þess fjár til að bjarga hag hans og gerðu það að hlutafé hans. Mikill hluti sparifjáreigenda varð við þessum tilmælum af þegnskap og velvilja. Það var fólk, sem safnað hafði þessum upphæðum á löngum tíma með ráðdeild og sparsemi og þurfti þeirra mjög til elliáranna eða annarra brýnna þarfa, en fékk ekki, fyrr en þá nú, vaxtalaust fé, rýrnað að verðgildi. Þjóðfélaginu sæmir ekki að verðlauna þegnskapinn þannig.

Þetta fé var lagt fram til að reisa Íslandsbanka við. Það var ekki lagt fram af eigendum til að stofna hinn nýja banka, sem við tók af hinum, Útvegsbanka Íslands, en forstöðumenn hans tóku það með valdi og slepptu ekki. Ég er viss um, að menn hefðu getað náð þessu fé af bankanum með því að leita hjálpar dómstólanna. En mönnum þykir ávallt ísjárvert að standa í málaferlum við bankana, sem þeir eiga aðra hluti til að sækja, svo að úr því varð ekki. Nú, þegar vitað er, að bréfin væru yfir nafnverði, ef ríkið sæi sér ekki hag í að hafa arðgreiðslur sem lægstar, er engin ástæða til að ræna þetta fólk rétti.

Ég vildi ekki vera með brtt. fjvn. af því, að ég áleit, að núv. eigendur hlutabréfanna séu mjög misvel að þeim komnir. En viðkunnanlegra hefði mér þótt, að till. væri orðuð sem heimild. Eftir þeirri skýringu, sem hæstv. fjmrh. gaf, og ummælum hans um sína afstöðu til heimildar, vildi ég segja, að ég hef talið, ef ekki er vitað um beina andstöðu ríkisstj. gegn slíku máli, að þá ætti Alþingi að láta vilja sinn í því í ljós í heimildarformi, — ríkisstj. mundi þá ekki þrjózkast gegn þeim þingvilja, heldur framkvæma hann, svo framarlega sem ekkert kæmi síðar í ljós, sem gerði framkvæmdina varhugaverða. Nú þegar hæstv. fjmrh. lætur í ljós, að heimildin muni ekki verða notuð, ætti að vera hættulaust að greiða atkv. með brtt., en um það kann þó enn að sýnast sitt hverjum. Hitt skiptir meira máli að mínum dómi, að sú venja skapist, að þingvilji, sem í heimildarformi er sýndur, skuli jafnan framkvæmdur, ef ekkert sérstakt verður til fyrirstöðu.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Það er vafamál, hvort hlutabréfaeigendum er nokkur sérstakur greiði gerður með því að kaupa hlutabréfin á nafnverði, þegar þau eru talin fyllilega þess virði, ef seld væru á opnum markaði, og eru nú vel seljanleg. Í stað þess að greiða eðlilegan arð voru á síðasta hluthafafundi, sem svo var nefndur, gefnar gjafir af arðsúthlutunarfénu.

Hæstv. fjmrh. taldi óþægilegt fyrir ríkið að fara að taka lán til hlutabréfakaupanna. Mín skoðun var, að Útvegsb. gæti lagt fram nóg fé til þess *(Fjmrh.:* En það fé þyrfti að endurgreiða). Að vísu. En sú eignabreyting bankans væri honum ekki óhagstæð í bili, og þyrfti hann að losa féð, eru opnar leiðir til sölu bankavaxtabréfa. Þó að ráðh. telji þetta e. t. v. ekki hagkvæmt bankanum í bili, getur margt breytzt á árinu með þeirri hreyfingu, sem nú er á peningamálum okkar, og tel ég sjálfsagt, að þetta sé heimilað.

Ásgeir Ásgeirsson: Ég ætla ekki að fara út í forsögu þessa máls. Ég skildi ræðu hæstv. fjmrh. svo, að hann ætlaði að nota heimildina að því er varðar innstæður erlendra eigenda, og um fé, er var á hlaupareikningi, hafa ráðstafanir þegar verið gerðar. Eftir eru þá aðallega menn, sem eignazt hafa hlutabréfin eftir að Útvegsbanki Íslands var stofnaður, en kynnu nú að vilja selja þau ríkinu. Ég álít, að þau bréf eigi einnig að kaupa, ekki af því, að ríkið hafi skyldur við þá menn, heldur af því, að það sé hagkvæmt. Útvegsb. heitir hlutafélag, en er það ekki, því að einn hluthafinn ræður öllu, og vald hans er ótakmarkað. Í öðru lagi hefur þessi hluthafi, ríkið, sérstakar skyldur umfram aðra hluthafa og ber svo að kalla ótakmarkaða ábyrgð á rekstri bankans. Enn fremur nýtur þessi stofnun skattfrelsis og annarra mikilvægra réttinda, og má segja, að eðlilegt sé, að ríkið sé sá hluthafinn, sem arðinn af þessum sérréttindum hlýtur. Menn geta sagt, að hlutabréfin séu nú ákaflega lágt virt á „pari", en gæta verður þess, að ekki er líklegt, að hærri arður en 4% p. a. verði greiddur, því að ríkið sér mestan hag í því og þörf að leggja ríflegar upphæðir til hliðar til tryggingar rekstri bankans og bankastarfseminnar í landinu í heild.

Ég tel, að heimildin til kaupanna ætti að vera föst heimild frá ári til árs. Engan á að knýja til að láta bréf sín af hendi. Ríkið þarf þá vonandi aldrei að leggja fé úr sínum sjóði til kaupanna, nema það vilji. Það er enginn vandi nú að losna við litla upphæð af stuttum skuldabréfum. Með 4% vöxtum af 4½ millj. bankahlutabréfa, sem ríkið á nú, ætti ekki að reynast örðugt að kljúfa kaup framboðinna bréfa og standa undir þeirri eignabreytingu framvegis. Ég teldi réttast að halda þessum kaupum utan ríkisreikninganna á þann hátt. Hér er verið að kaupa verðbréf, sem eru verðmætari fyrir ríkissjóð en fyrir nokkurn annan, og er það nokkurt íhugunarefni.

Ég vildi láta þetta koma fram. Ég er því fylgjandi, að ríkið innleysi sem mest af bréfunum.

Fjmrh. (Pétur Magnússon): Það er ekki ástæða til að karpa lengi um þetta. Ég get ómögulega fallizt á þá skoðun hv. þm. V.-Ísf. (ÁÁ), að kaupin muni ekki þurfa að kosta ríkissjóð nein fjárútlát. Ég veit, að það er enginn vandi að fá lán, en lán verður að endurgreiða. Ég geri ráð fyrir, að hann hafi reiknað það rétt, að ríkið þurfi ekki að leggja fram fé nema sem svarar arði þess af bankanum. En það er allt annað en að kaup bréfanna kosti ekkert eða að bréfin standi undir sér.

Hv. 7. þm. Reykv. (SK) taldi ríkisstj. skylda til að nota hverja heimild, sem henni er veitt, svo framarlega sem ekki sæist, að framkvæmdin væri hættuleg þjóðfélaginu. — En þingvilji á að koma fram sem áskorun eða lagaboð, en eigi aðeins heimild. Ég tel stjórninni í sjálfsvald sett, hvort hún framkvæmir heimild eða ekki. Þá skoðun hef ég haft, síðan ég kom fyrst á þing. Yfirlýsing mín var um það, að ég mundi ekki nota heimild, en alls ekki um hitt, að ég mundi setja mig móti þingvilja, ef hann kæmi fram.

Sigurður Kristjánsson: Fjarri fór því, að ég hefði neitt við yfirlýsingu hæstv. ráðh. að athuga, hvað þetta mál snertir. En ég vil ekki láta þá hefð sigra, að ekki sé virtur þingvilji, sem birtur er í formi heimildar. Þegar svo ber undir, að ríkisstj. óskar heimildar og þing veitir, er henni í sjálfsvald sett, hvort hún notar hana. En þegar Alþingi á frumkvæðið og notar þetta kurteislega form til að birta stjórninni vilja sinn, ber henni að líta á það sem ótvíræðan þingvilja. Atvik og breyttar ástæður geta auðvitað hindrað framkvæmd slíkrar heimildar, og er heimildarformið heppilegt, þegar búast má við breyttum ástæðum.

Ég skal játa, að stundum hef ég tekið það ráð, þegar ég hef séð andúð ríkisstj. gegn máli, að hverfa frá heimildarformi, sem mér hefði þar raunar þótt sama bezt, og bera málefnið fram í formi áskorunar eða laga, en ekki vildi ég, að reglan yrði, að menn neyddust til þess. Það ætti ekki að gera, nema sýnt væri, að ríkisstj. ætlaði ekki að framkvæma veitta heimild. Ég veit, að eins og hún nú er orðuð, þá hefur ríkisstj. það í valdi sínu, hvort hún framkvæmi heimildina eða ekki. Það kemur þá í ljós, hvort sá skilningur er ríkjandi hjá ríkisstj., að henni beri ekki skylda til að taka þingviljann til greina, ef hann er ekki látinn í ljós í þingskipunarformi.

Ásgeir Ásgeirsson: Það er vitanlega alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að þau hlutabréf, sem nú verða keypt, munu ekki standa undir lánum, sem taka verður til að eignast þau. Ég reiknaði með því, að ef ríkið keypti um 2½ millj. kr. hlutabréf og á fyrir 4½ millj. kr., þá á hann 7 millj. samtals. Arðurinn af þeim á þá að nægja til að greiða hallann á þeim, sem tekin eru til skamms tíma. Ég á við það, að ríkið léti bankann vinna fyrir þessum kaupum, svo að ekki þurfi að koma til þess, að taka verði skatttekjur ríkisins fyrir það.

Skúli Guðmundsson: 23. nóv. 1943 var afgreidd frá Sþ. þál. um kaup á hlutabréfum Útvegsbanka Íslands h/f. Ályktað var, að ríkisstj. væri falið að kaupa við nafnverði hlutabréf í áðurgreindum banka af núverandi og upprunalegum eigendum eða erfingjum þeirra, ef þess er óskað fyrir lok des. 1944. Í þeirri ályktun, sem hér liggur fyrir, og brtt. hennar á þskj. 767 er hins vegar um að ræða, að því er mér virðist, almenna heimild til stj. um að kaupa þau hlutabréf, sem Útvegsbankinn eða ríkið er ekki eigandi að. En það er ekki tekið fram, hvort kaupa skuli af upprunalegum eigendum og erfingjum þeirra, eins og í fyrri ályktuninni, eða hvort heimilað er að kaupa öll hlutabréfin. Ég leyfi mér að beina þeirri fyrirspurn til þeirra, sem að þessari till. standa, hvort það sé meining þeirra, að stjórnin hafi heimild til að kaupa öll hlutabréfin, hverjir sem hafa verið eigendur þeirra á umliðnum árum. Einnig væri gott að heyra frá hæstv. fjmrh., hvort heimildin verði notuð þannig, ef hún verður samþ.

Frsm. (Þorsteinn Þorsteinsson): Ég get tekið það fram og þóttist hafa gert það, að það er meiningin

að kaupa af öllum. Ég gat þess líka, að skoðun mín væri breytt í þessu máli, þar sem búið er að gera ráðstafanir til að kaupa af erlendum hluthöfum, tel, að úr því ætti ekki að láta þar staðar numið, heldur kaupa þau bréf, sem fáanleg eru.

ATKVGR.

Brtt. 767 (ný tillgr.) samþ. með 19:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JörB, LJós, PO, SigfS, SG, SEH, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BBen, EmJ, EystJ, GJ, GÍG, GTh, GSv.

nei: PZ, PM, SK, SÞ, SkG, SvbH, ÁkJ, FJ, GÞ, HarJ, IngJ, JakM, JPálm.

LJóh, ÓTh, PÞ, SB, HelgJ, IngP greiddu ekki atkv.

14 þm. (JJ, KA, MJ, PHerm, STh, ÞG, BÁ, BrB, EOl, EE, GG, HG, HermJ, JJós) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. tekin til síðari umr. (A. 788).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 26:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJós, SigfS, SG, SK, STh, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BSt, BÁ, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GTh, HarJ, HelgJ, IngP, JPálm, JörB, GSv.

nei: PZ, PÞ, SÞ, SkG, SvbH.

LJóh greiddi ekki atkv.

20 þm. (BG, GÞ, GG, GÍG, HG, HermJ, IngJ, JakM, LJós, JJ, KA, MJ, ÓTh, PHerm, PM, PO, SB, SEH, StJSt, StgrA) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 850).

---

47. Rafveitulán fyrir Ólafsvíkurhrepp.

Á deildafundum 29. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Ólafsvíkurhrepp (A. 582).

Á 68. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 6. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Herra forseti. — Þessi till. fer fram á að heimila ríkisstj. að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs 130 þús. kr. lán til rafveitukerfis í Ólafsvík.

Um nokkurt skeið hefur verið fyrirhuguð virkjun Fossár fyrir þorpin í Ólafsvík og á Sandi og nágrenni þeirra. Rannsókn sýnir, að þar er um einstæð skilyrði að ræða, og ætti virkjunin að verða mjög hagstæð. Enn hefur ekki verið hægt í þetta að ráðast, því að efni hefur ekki verið fáanlegt. En nú hafa Ólafsvíkingar hug á að fá rafmagn til ljósa og leggja inntaugakerfi um þorpið. Kostnaðaráætlun hefur verið gerð og nemur 130 þús. kr. eða því fé, sem till. tekur til. Mótor, sem fyrst um sinn verður að knýja rafstöðina, kostar 50 þús. kr., og aflar hreppurinn þess fjár án ríkisábyrgðar. Hvort sem Fossá verður síðan virkjuð eða hentugra þykir að fá rafmagn frá landsrafveitu, verður inntaugakerfið miðað við að geta tekið við rafmagni frá vatnsvirkjunum, þegar það er hægt, og verður þá ekki tíverknaður úr þessu. Þegar verk þetta var ákveðið í Ólafsvík, var Alþ. eigi saman komið, og var það ráð tekið að leita umsagnar flokkanna. Hafa a. m. k. 3 þeirra veitt ákveðið vilyrði um stuðning, og að því fengnu hefur Búnaðarbankinn veitt lán, 130 þús. kr. víxil, sem fellur í gjalddaga 23. des. n. k. Fyrir þann tíma þyrfti till. að hafa náð fram að ganga.

Ég treysti því, að ekki verði fyrirstaða að fá þessa samþ., og legg til, að till. verði vísað til síðari umr. og fjvn.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 30 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. tekin til síðari umr. (A. 582, n. 814).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Ég hef ekki sett saman langt nál. um þetta mál, ég álít þess ekki þörf. Fjvn. hefur samþ. ágreiningslaust að mæla með till. En rökin fyrir till. eru í rauninni alveg nægileg fyrir hv. þm. í grg. till. sjálfrar. Það er skýrt frá því í grg., að þarna sé fyrirhuguð vatnsvirkjun fyrir Ólafsvík, Hellissand og Fróðárhrepp, og virðist þetta vera álitlegt fyrirtæki. En vegna styrjaldarástandsins hefur ekki fengizt efni til þessarar veitu í Ólafsvíkurhrepp, þess vegna var ákveðið að setja upp bráðabirgðastöð með olíumótor. En kerfið innan bæjar hefur verið lagt eins og ætlazt er til, að það verði í framtíðinni fyrir vatnsvirkjun. Lán til þessa bráðabirgðafyrirtækis, sem að líkindum yrði í framtíðinni varastöð, þegar vatnsveitan er komin, er þegar fengið, að upphæð kr. 130 þús. Það er þetta lán, sem hér er farið fram á, að ríkissjóður ábyrgist, og lánsstofnunin hefur gengið út frá því, að svo muni verða, og fjvn. leggur til, að þessi ábyrgð verði veitt með þeirri einu aths. eða breyt. á till., að í stað þess, að í till. sjálfri er farið fram á, að þessi ábyrgð verði 100% á þessi 130 þús., þá verði ekki veitt ábyrgð nema fyrir 85% af láninu. Þetta er í samræmi við fyrirætlanir sveitarfélagsins, því að í þessu láni, 130 þús. kr., er ekki falinn kostnaður við aflvélina, sem nema mun meira heldur en þessum 15%, sem undan-

skilið er aðalkostnaðinum í till. n. Fyrir hönd n. legg ég því til, að till. verði samþ. eins og hún er orðuð á þskj. 814.

ATKVGR.
Brtt. 814 samþ. með 27:1 atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 28:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 855).

48. Framkvæmdir á Rafnseyri (síðari till.)

Á 73. fundi í Sþ., 8. des., var útbýtt:
Till. til þál. um nefndarskipun til að stýra framkvæmdum á Rafnseyri (A. 636).

Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Sþ., 15. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Aðalefni þessa máls er þegar afgr. við 2. umr. fjárl., þegar samþ. var að veita 10 þús. kr. til framkvæmda á Rafnseyri, og á það að vera fyrsta greiðsla af þremur. Í grg. till. segir, hver sé tilgangur hennar, og hirði ég ekki að fara mörgum orðum að svo stöddu um þær framkvæmdir, sem hátíðarn. lýðveldisins hefur athugað og langar til að gerðar verði, og hefur hátíðarn. þótt rétt að leggja til, að sérstök n. yrði skipuð til þess að sjá um samstarf og samtök við þessi störf. Þessa n. hefði að vísu mátt skipa af ríkisstj. án þáltill., en þó þótti mér réttara að gera um þetta þáltill.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að eyða fleiri orðum um þetta nema tilefni gefist til. En ég óska að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. allshn.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Það er alveg rétt, sem hv. flm. sagði, að það er búið að samþ. fjárveitingu til framkvæmda á Rafnseyri til minningar um Jón Sigurðsson, en fyrirkomulag þess er að öðru leyti alveg óháð Alþ., að mér skilst.

Nú er það að sönnu vitað, að ætlazt er til þess af flm., að þessar framkvæmdir, sem um er að ræða, standi í sambandi við byggingu barnaskóla á Rafnseyri. Ég skal ekki fara út í það, — það er mál út af fyrir sig. *(Eyst]:* Kemur það fram einhvers staðar?) Það er margyfirlýst og tekið fram í samráði við skólan. og fræðslumálastjórn. Ég skal ekki fara langt út í það mál, heldur vil ég benda á hitt, að þegar um er að ræða einhverja verulega minningu um Jón Sigurðsson, virðist mér ekki geta komið til mála, að hæstv. Alþ. afsali sér allri íhlutun, hvað verður gert. Ég held, að það hljóti að vera misskilningur hjá hv. flm. að hugsa sér, að með samþ. þessarar þáltill. verði kosin þriggja manna n., alveg án íhlutunar Alþ., sem skuli gera á kostnað landsins og ábyrgð Alþ. það, sem henni sýnist, til minningar um Jón Sigurðsson. Ég mun þess vegna, áður en þessu máli lýkur, bera fram brtt. um það, að framkvæmdirnar verði bornar undir vilja Alþ. og komi þá aðeins til framkvæmda, að Alþ. samþ., hverjar þær skuli vera. Ég get ekki skilið, að hæstv. Alþ. hafi neitt á móti, að þessi aðferð verði við höfð. Og ekki heldur get ég skilið, að það muni koma mjög í bág við vilja hv. flm., því að sjálfir hafa þeir ekki ætlað sér að taka neitt fram fyrir hendur Alþ. um þetta mikilsverða atriði, og maður verður í því sambandi að gera sér það vel ljóst, að það er ekki alveg vandalaust að gera veglega og varanlega minningu Jóns Sigurðssonar. Því hefur margsinnis verið yfir lýst, að Íslendingar litu svo á, að Jón Sigurðsson hafi verið langmerkasti maður Íslands á síðari tímum og Alþingi beri því í hvívetna að halda uppi með öllu minningu hans. En það væri alls ekki að mínu viti viðeigandi vinnubrögð, ef hæstv. Alþ. leyfði, að kosin væri einhver n. til þess að gera það, sem henni sýndist, á kostnað landsins.

Í þessu sambandi get ég ekki komizt hjá því að minnast á það, sem ég held, að hátíðarn. hafi hugsað sér, að gert yrði á þessum stað til minningar um Jón Sigurðsson. Það er nú út af fyrir sig ákaflega vafasamt, að varanleg minning um Jón Sigurðsson eigi að standa á Rafnseyri, því að hann er náttúrlega ekki sérstakt tákn fyrir einhverja þúfu eða laut og hóla í þessu landi, þar sem hann af tilviljun er fæddur, heldur auðvitað fyrir þjóðina og landið í heild, og mér virðist, að minning eftir slíka menn eigi fyrst og fremst að vera á þeim stöðum, þar sem fjölmennt er og hver maður getur séð. Þetta er mál út af fyrir sig. En svo er framkvæmd þessa minningarstarfs, sem ekki er farið dult með, að eigi að reisa barnaskóla á Rafnseyri. Nú skil ég ekki, satt að segja, hvernig mönnum hefur dottið í hug, að það væri sérstaklega viðeigandi að láta minningu um Jón Sigurðsson vera bundna við barnaskóla, en ef svo ætti nú að vera, þá ætti sá skóli a. m. k. að standa á þeim stað, þar sem skilyrði eru til þess, að sá skóli gæti orðið þjóðfélaginu að gagni. En nú er útlitið svo þarna vestra, að þrátt fyrir það, þótt þessi mikli maður sé fæddur þar, þá er það að verða ískyggilegt með þetta byggðarlag, að það fari í eyði, það fækkar alltaf þeim jörðum, sem eru byggðar. Ég hef hér fyrir mér skýrslu frá landlækni, sem honum var send frá héraðslækninum, ekki í sambandi við þetta mál, heldur aðeins hans embættisskýrsla, og segir þar m. a., að byggðarlagið sé að fara í eyði, meiri hluti af jörðum í þessari sveit sé að fara í eyði á fáum árum, og það er engin ástæða til þess að véfengja skýrslu læknisins, er segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Í Auðkúluhreppi er lítið að gera af þessum ástæðum, enda er sá hreppur að fara í eyði og fullur helmingur býla mannlaus. Þó má telja, að þarna séu hin beztu lífsskilyrði til lands og sjávar, en fólkinu þykir þar of afskekkt, og það verður ekki við það ráðið, að byggðin er

að leggjast í eyði.“ Og eftir skýrslu sama læknis eru barnsfæðingar að hverfa úr sögunni, t. d. var ein barnsfæðing í hreppnum árið 1941, en landlæknir segist ekki hafa fengið skýrslu um þetta síðan, svo að slíkir atburðir geta hafa komið fyrir. Mér finnst það út af fyrir sig ekki nema eðlilegt, þó að menn í þessari fámennu og deyjandi sveit séu tregir til þess að leggja út í barnaskólabyggingu, og ég get skilið, að þeir vilji gjarnan velta því af sér, ef þeir eiga þess kost á annað borð. En þó að við sleppum nú þessari firru með barnaskólabygginguna, þá er ekki sama, hvaða aðrar framkvæmdir verða gerðar. Ég mun bera fram brtt. fyrir síðari umr. um það, að í staðinn fyrir niðurlag aðalmálsgr. þáltill., að n. skuli ráðstafa því fé, sem veitt er á fjárl., og skuli starfa í samráði við skipulagsstjóra ríkisins og fræðslumálastjóra og einnig við sóknarn. Auðkúluhrepps og skólan. komi: Nefndin fær til umráða það fé, sem verður á fjárl. í þessu skyni, þegar hæstv. Alþ. hefur samþ. framkvæmdir. — Sem sagt, nefndir geta ekki ráðizt í neinar framkvæmdir, fyrr en hæstv. Alþ. hefur sagt þar síðasta orðið um.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Hæstv. Alþ. hefur þegar tekið ákvörðun á grundvelli þessa nál. frá hátíðarn. og sú fjárveiting, sem samþ. hefur verið við 2. umr. fjárl., var samþ. með þeirri röksemd, sem felst í því nál. En það þýðir viðurkenning hæstv. Alþ. á því, að það vildi fyrir sitt leyti hjálpa til þess, að prestssetrið verði byggt upp og byggður heimavistarbarnaskóli, sem um leið væri notaður sem gistihús á sumrin. Þessi ákvörðun er þegar tekin, og þó að hv. 7. þm. Reykv. beri fram aðrar till., þá sé ég ekki, að það breyti neinu, því að fjárveitingin er byggð á þessum grundvelli, og þar með er þeirri n., sem hér yrði sköpuð, ákveðið starfssvið. Þingið afsalar sér ekki því, á hvern hátt Jóns Sigurðssonar verði minnzt á Rafnseyri. Þingið hefur tjáð sig samþ. því, að hans verði minnzt á fæðingarstað hans með því að vinna fyrir héraðið að menningarmálum í nútíð og framtíð.

Ég verð að segja, að mér þykir alveg óþarfi að tala um barnaskóla í óvirðingartón og Jóni Sigurðssyni sé sýnd lítilsvirðing með því, að á fæðingarstað hans verði komið upp barnaskóla. Slíkt held ég hefði verið fjarri honum sjálfum.

Hv. þm. veit betur en hann segir, þegar hann ræddi um fæðingar barna á þessum slóðum, því að þessi skóli er hugsaður fyrir allan Arnarfjörð, en þar munu skólaskyld börn vera um 40—60, sem búa í dreifbýli og þyrftu að komast í heimavistarskóla. Þessi áhugi, sem landlæknirinn hefur sýnilega með því að gefa þessar upplýsingar, er ákaflega mikils virði, en þær sýna, að þarna eru ágæt lífsskilyrði, og ég veit ekki, hvaða trygging er betri fyrir, að þarna verði byggð áfram, en mér skilst á hv. þm., að honum sé hugleikið að stöðva þessa þróun og láta byggðina í fæðingarstað Jóns Sigurðssonar deyja út samkvæmt landlæknis ráði. Ég get vel skilið, að menn geti verið ósammála um, hvað skuli gera á slíkum menningarstöðum sem þessum. En mér finnst þó, að þegar Alþingi telur einn mann hafa unnið svo mikið fyrir land og þjóð, að við eigum að kenna endurreisn lýðveldis okkar við hann, þá sé ekki úr vegi að veita smáfjárhæð til að halda við byggð og menningarlífi á fæðingarstað hans. Hér á Íslandi höfum við að vísu minnzt merkra manna á mismunandi hátt. Það vill svo einkennilega til, að hér í Reykjavík bjó fyrsti landnámsmaður Íslands, og ég veit ekki til, að hans hafi verið minnzt á neinn hátt annan en þann, að á húsvegg, þar sem talið er, að bær hans hafi staðið, var til skamms tíma skrifað: Hér fást ánamaðkar. En svo er annað. Rafnseyri er nú að verða í þjóðbraut, og það er svo aðkallandi, að ekki verður hjá því komizt að gera þar eitthvað til þess, að hægt sé að taka móti öllum þeim ferðamannastraum, sem þar liggur um. Ég vildi, að hv. þm. kæmi á þessar slóðir eftir 5—10 ár, og þá mundi hann sjá, að eitthvað hefði munað um þær ráðstafanir, sem hér er verið að gera, og þá mundi hann kjósa, að hann hefði sagt færra til að draga úr, að það megi vel fara.

Sigurður Kristjánsson: Þetta mál á að ganga til síðari umr., og það er ekki ástæða til að deila nú um þetta efni.

Ég held, að ekkert geti borið á milli að svo komnu máli, að það er þingið, sem á að leggja síðustu hönd á þetta verk. Það er alls ekki rétt hjá hv. flm., að fjvn. hafi lagt nokkurn dóm á, hvað þarna eigi að gera. Fyrir henni hefur aðeins legið að leggja til, að veitt yrði fé til framkvæmda til minningar um Jón Sigurðsson, en alls ekki komið til mála að samþ. neinar vissar aðgerðir. Ég vil ekkert segja um, hvernig það mundi standa í fjvn. Annars tel ég, að það sé ekki fjvn., heldur Alþ., sem á að segja síðasta orðið um, hvað gera skuli til minningar um Jón Sigurðsson.

Um afstöðu landlæknis er óþarft að fjölyrða. Ég hef beðið opinberan starfsmann um upplýsingar úr opinberri skýrslu, og það er enginn áróður um þetta mál frá hans hendi og ekki heldur læknisins, því að hann gefur sína skýrslu löngu áður en þetta mál kom til umr.

En hvað þau rök snertir, að þetta eigi að vera skóli fyrir allan Arnarfjörð, þá er hægt að segja slíkt, en það verður ekki framkvæmt, og þýðir ekki að tala um það, að menn fyrir vestan Arnarfjörð taki þátt í skólahaldi á Rafnseyri. Það væri álíka og að ætla að byggja barnaskóla á Suðurnesjum og ætla að taka í hann börn af Snæfellsnesi. Það er yfir stóran flóa að fara og kemur ekki til mála. Ég er viss um, að þeir á Rafnseyri yrðu að horfa yfir hafið um haust af auðri strönd eftir börnum vestan úr Ketildalahreppi. Það kemur ekki til greina, að börn þaðan sæki skóla að Rafnseyri.

Ég hef lofað hæstv. forseta að lengja ekki umr. nú og skal standa við það. Ég vil aðeins undirstrika, að fjvn. hefur enga afstöðu tekið til þess, hvað gert verði til minningar um Jón Sigurðsson, heldur aðeins mælt með fjárveitingu til þess, án tillits til, hvað gera skuli, að sjálfsögðu í trausti þess, að það yrði eitthvað skynsamlegt.

Gísli Jónsson: Ég vil í tilefni af till. hv. 7. þm. Reykv. minna á, hvort ekki sé heppilegra að bera hana fram sem brtt. við fjárl., því að mér finnst, að hún eigi frekar þar heima sem skilyrði við fjárveitinguna. Ég vil benda á þetta nú, áður en gengið er til atkv. um till., þar sem hv. flm. gæti þá tekið hana aftur og borið hana síðan fram í fjvn. í stað þess að láta hana fara til allshn.

Að öðru leyti skal ég benda hv. 7. þm. Reykv. á það vegna vanþekkingar hans, að hvergi hafa betri námsmenn komið fram en einmitt úr Ketildölum til að vera í heimavist hjá prestinum á Rafnseyri, og ekki hafa komið meiri vísindamenn og stórmenni frá neinum stað á Íslandi en einmitt úr Arnarfirði.

Flm. (Ásgeir Ásgeirsson): Ég vil aðeins taka fram, að ég hef ekkert sagt um, að fjvn. hafi á einn eða annan hátt útkljáð neitt sérstakt í þessu máli, heldur að Alþ. hafi nú þegar tekið ákvörðun á grundvelli þeirrar grg., sem fyrir lá. Þetta hefur Alþ. gert, en fjvn., sem er að vísu mesta n. þingsins, stendur þar ekki yfir um ákvarðanir. Að öðru leyti skal ég ekki fara lengra út í þetta mál, en ef hv. 7. þm. Reykv. ætlar að byggja mál sitt á því, að Arnarfjörður sé eins breiður eða breiðari en Faxaflói, þá býst ég við, að árangurinn verði eftir því.

Sigurður Kristjánsson: Út af þessari till. hv. þm. Barð., að þetta komi í sambandi við fjárl., þá vil ég geta þess, að okkur hefur virzt, að það gæti komið í bága við till. sjálfa eða að það þyrfti þá að breyta till., því að ályktunin sjálf og fjárlagaákvæði mega ekki rekast á.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 636, n. 773, 744).

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Eins og nál. ber með sér, leggur n. til, að till. verði samþ. óbreytt. Í nál. sést einnig, að allir nm. voru ekki viðstaddir, og voru sumir ekki komnir aftur eftir þinghlé. Það var vitað, að brtt. var fram komin hér í þinginu, en líklegt, að engir myndu fylgja henni. N. þótti till. fela það í sér, að samstarf yrði haft við ríkisstj. um þetta, svo að óþarft væri að setja frekari ákvæði þar um.

Ég sé svo enga ástæðu til þess að ræða þetta frekar. Ef þinginu sýnist svo, má ef til vill láta hjá líða að skipa nokkra n. En málið var í raun og veru að efni til afgr. með fjárl. síðasta árs.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Eins og kunnugt er, hef ég flutt brtt. við þessa þáltill. Nú hefur fjvn. haft þetta mál til athugunar og lagt til, að brtt. minni verði ekki sinnt. Það er rétt að rifja upp helztu atriði þessa máls. Eins og þáltill. á þskj. 636 ber með sér, er lagt til, að skipuð sé n. til að annast framkvæmdir á Rafnseyri við Arnarfjörð. Þeir menn, sem n. skipa, skulu eigi kosnir af Alþ., heldur af sýslunefndum Vestur-Barðastrandarsýslu og Vestur-Ísafjarðarsýslu og hinn þriðji af ríkisstj. Og n. skal ráðstafa því fé, sem lagt verður fram, og starfa í samráði við skipulagsstjóra ríkisins, fræðslumálastjóra, biskup, sóknarnefnd í Auðkúluhreppi o. fl. En með þessu eru áhrif Alþ. algerlega þurrkuð út og ríkisstj. næstum.

Ég get ekki fallizt á, að sú fjárveiting, sem við í fjvn. höfum ákveðið til þessa, sé þannig fengin í hendur hinum og öðrum mönnum, án þess þó að ég vantreysti þessum væntanlegu heiðursmönnum. Og ég get ekki skilið, hvað getur mælt á móti því, að Alþ. megi leggja dóm sinn á þetta.

Þessi brtt. mín er því bara öryggisráðstöfun, að Alþ. fái að hafa eftirlit með því, hvað gert er við það fé, sem það veitir, og tel ég þetta tilræði við sóma þingsins.

Á því er enginn vafi, að það er gengið nærri landsfólkinu í innheimtu skatta, og því er slæmt, að hæstv. Alþ. fari gáleysislega með þetta fé. Vil ég því skora á hv. þm., að þeir hugsi sig um, áður en þeir fella þessa brtt.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Dagskránni lauk, og þessi viðureign er kunn, enda ber ræða síðasta hv. þm. með sér, að hann er almennt á móti þessu máli, eins og þegar fjárveitingin var samþ. Um það þurfti engar nýjar upplýsingar. En þegar hæstv. Alþ. er einu sinni búið að afgreiða eitt mál, er ekki hægt að koma aftur og aftur og segja, að það sé ótilhlýðilegt af Alþ. að gera ekki um það samþ. æ ofan í æ, hvað gera skuli. Eins og tekið er fram í till., skulu sóknarnefndin í Auðkúluhreppi og skólanefndir í Arnarfirði hafa samstarf við hina væntanlegu n., og er ekkert einkennilegt, þó að í n. eigi sæti menn tilnefndir af sýslunefndum Vestur-Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu, þar sem ætlazt er til samkv. till., að Jóns Sigurðssonar sé minnzt á þessum stað með héraðsframkvæmdum, sem ætlaðar eru til framfara og menningar viðkomandi héruðum.

Hv. fjvn. gerði enga „klásúlu“, og var það af því, að meiri hl. hennar mun ekki hafa ætlað sér slíkt, og því er það nú, að þessi „klásúla“ kemur frá þeim stað, sem ekki skyldi verið hafa. Till. þessi kemur fram of seint og er til þess gerð að eyða þessu máli.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég hef ekki lagt neitt til þessara mála. Till. var afgr. í allshn. áður en ég kom til bæjarins, og er mér sagt, að vantað hafi þrjá menn í n., þegar málið var afgreitt. Er mér óskiljanlegt, hvernig á því getur staðið, að hv. form. n. tók málið fyrir á meðan. Ég t. d. hafði ekki boðað, að ég mundi ekki koma til þings. Hv. 2. þm. N-M. var kominn til þings, og er hann vanur að mæta sæmilega á fundum. Hygg ég, að aðstæður hefðu verið til að fá hann til að koma á fund. Hv. 2. þm. Skagf. var ekki við, en að sjálfsögðu átti sá, sem kom í hans stað, að mæta í n.

Ég hafði þó hreyft því við form. a. m. k., að ég hefði í hyggju að bera fram brtt. í svipaða átt og hv. 7. þm. Reykv. Þar sem sú till. er fram komin, hef ég ekki borið fram brtt.

Ég er alls ekki á móti því, að heiðruð sé minning Jóns Sigurðssonar og gert sé á Rafnseyri eitthvað, sem má verða minningu hans til sóma. En ég fæ ekki séð, að verið sé á neinn hátt að tefja fyrir þessu máli, þó að brtt. á þskj. 744 verði samþ. Þar er ekki farið fram á annað en það, að Alþ. fái að fylgjast með þessu máli. Alþ. hefur veitt fé til framkvæmdanna, og það hefur því rétt til að fylgjast með því, hvað þessir góðu menn hugsa sér að gera og hvernig þeir haga verkum sínum. — Ég segi þetta ekki af því, að ég vantreysti þeim mönnum, sem í n. kunna að verða kosnir, eða af því, að ég vilji leggja stein í götu þessa máls, heldur af hinu, að mér finnst, að hæstv. Alþ., sem að vissu leyti er ráðgjafi ríkissjóðs, eigi að hafa hönd í bagga með þessu á meðan verkinu er ekki lokið.

Ég legg því til, að hæstv. Alþ. samþ. brtt. á þskj. 744.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég skil ekkert í þessari skapvonzku hv. frsm. allshn., því að það er engin ástæða til að vera vanstilltur, þó að menn séu ekki á sama máli um það, hvaða form skuli á því haft, sem gera á til minningar um Jón Sigurðsson á Rafnseyri. Ég vil ekki vera með neinar getsakir, en mér er þó ekki grunlaust um, að það sé einhver aðkenning af samvizkubiti, sem veldur þessu. Við höfum rekið okkur á það, að mönnum hættir stundum við að nota gjarnan nöfn, sem eiga að vera — ja, segjum heilög — til að ýta fram ýmsum smámunalegum hagsmunamálum.

Það hefur borið á því, að menn hafa viljað nota nafn Jóns Sigurðssonar til þess að ýta undir framkvæmdir á einstöku stöðum. Það er mjög sómasamlegt og virðulegt að koma upp góðu bókasafni fyrir almenning. Á Ísafirði er mjög gott bókasafn, miðað við stærð kaupstaðarins. En þá skortir húsnæði o. fl. til að geta aukið við það. Nú þótti snjallræði að kalla þetta Bókasafn Jóns Sigurðssonar og ginna þannig Alþ. til að láta fé í að byggja þetta hús. — Annar kom með þá till., þótt ekki væri hún skrifleg, að lagður væri vegur frá Ísafirði til Arnarfjarðar, sem helgaður væri Jóni Sigurðssyni. Vildi hann fá ríflega fjárhæð í þennan veg, er hann vildi láta kalla veg Jóns Sigurðssonar.

Það *mætti sjálfsagt finna fleiri tröðninga*, sem Jón Sigurðsson hefur farið um. En mér þykir þetta ekki vel farið með nafn hans.

Svo kemur enn einn, sem vill láta reisa barnaskóla í þessu héraði, sem er raunar barnlaust að kalla og á hraðri ferð að leggjast í auðn. En þar sem verður lögum samkvæmt að halda þar uppi einhverri kennslu, þá er auðvitað ágætt ráð að kalla skólann barnaskóla Jóns Sigurðssonar og láta ríkið reisa hann.

Það er rangt hjá hv. frsm., að ég hafi alltaf verið á móti þessu máli. Ég hef aldrei sagt orð í þá átt, að ekki bæri að gera eitthvað til minningar um Jón Sigurðsson. Ég hef aðeins viljað, að vandlega yrði athugað, hvað það ætti að vera, því að ef það mistækist, gæti það orðið til þess að draga nafn hans niður í lítilmennskuna eða jafnvel duftið. En að öðru leyti þykir mér sjálfsagt, að ríkið sé ekki að skera við neglur sér, ef það gæti fundið eitthvað, sem vel sómdi minningu Jóns Sigurðssonar.

Ég vil að lokum leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. frsm. um afstöðu fjvn., því að þetta mál kom þar ekki til atkv. Var um það rætt að hafa fyrirvara við fjárveitinguna, en það var beinlínis í samráði við fjvn., að þessi leið var farin að flytja brtt. Var það borið undir mig, hvort ekki mundi eðlilegra að breyta sjálfri till. en að fylgja einhverri „klásúlu“ um fjárveitinguna, og það varð alveg að samkomulagi. Er ekki rétt af hv. frsm. að vera að grípa svona fjarstæða hluti.

Að öðru leyti skal ég ekki ræða þetta mál, álít ekki rétt að taka það með neinu kappi og vil leggja það undir dómgreind hv. þm.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Út af ummælum hv. 2. þm. Rang. um afgreiðslu þessa máls í n., vil ég gefa þær upplýsingar, að strax á fyrsta þingfundi eftir jólafríið óskaði hæstv. dómsmrh. eftir því, meira að segja skriflega, að ákveðin mál væru afgreidd þá þegar, og meðal þeirra var þetta mál. Ég boðaði því strax til fundar í all hn. til þess m. a. að ræða þar þessa till., og fékk hv. 2. þm. N.-M. það boð á sama hátt og aðrir nm. Ræddum við um það á fundinum, að 2. þm. Rang. mundi vera á móti þessari till. eins og hún lá fyrir. Minntist ég meira að segja á það, hvort ekki væri ástæða til að fresta afgreiðslunni, en n. kom sér þó saman um, að úr því að meiri hl. hennar væri sammála um að afgreiða málið þannig, væri ekki ástæða til að fresta því, þar eð þessir menn gætu gert sérálit á sínum tíma.

Hins vegar var mér með öllu ókunnugt um, hvenær staðgengill hv. 2. þm. Skagf. og hv. 2. þm. Rang. kæmu til bæjarins, og ég sé ekki, að hægt sé að ásaka n., þó að hún afgreiði mál með sameiginlegum meiri hl., eins og hún gerði. Svo að ég vísa frá með öllu sem form. n. þeim ásökunum, sem hér hafa komið fram um afgreiðslu málsins.

Ég vil benda hv. 7. þm. Reykv. á það, að ég mundi ekki telja sæmilegt af Alþ. að fara nú að setja sérstök ákvæði um þá fjárveitingu, sem nú er búið að veita, og enn fremur, að enda þótt till. þessi yrði samþ., hefur hæstv. ríkisstj. fulla heimild til að verja fénu eins og henni sýnist. Liggur fyrir því nýr hæstaréttardómur, að samþ. einnar þáltill. getur ekki raskað lagaákvæðum hér á Alþ. Stendur því nákvæmlega á sama, hvort till. verður samþ. eða ekki upp á það að gera, að þessi fjárveiting, sem nú er búið að veita, verður ekki tekin af staðnum. Af þeim ástæðum einnig sá n. enga ástæðu til að bíða eftir þeim mönnum, sem einhverju öðru höfðu að sinna en þingmálum.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég skal vera stuttorður. Af því, sem fram hefur komið frá hv.

form. n., vil ég skýra frá því, hvernig þetta bar að. Það er rétt, að fyrsta þingdag eftir annað fríið, sem hæstv. ríkisstj. gaf þm., boðaði þm. mig á fund. Þá sagði ég: „Viltu ekki lofa Sjálfstfl. að tilnefna mann í stað Jóns Sigurðssonar og lofa 2. þm. Rang. að komast í bæinn, áður en fundur verður boðaður?" Ég taldi ekki hægt að ræða málið, meðan menn voru enn ekki komnir til þings. Þá sagði hann: „Þetta er ósk ríkisstj." Samt gerir hann það nú að halda ekki fund þann dag, en boðar fund daginn eftir. Þá sagðist ég ekki mundu koma á fund, fyrr en menn væru komnir í bæinn, og kvað a. m. k. vorkunnarlaust fyrir Sjálfstfl. að tilnefna mann í stað Jóns Sigurðssonar. Í stað þess að gera það og bíða eftir, að nm. kæmu í bæinn, er fundur boðaður, þótt ég áður væri búinn að segja, að ég kæmi ekki á þennan fund til að taka þátt í afgreiðslu málsins og gerði það ekki, fyrr en n. væri aftur fullskipuð.

Frsm. (Ásgeir Ásgeirsson): Herra forseti. — Þá hafa verið gerðar aths. við skýringu hv. form. allshn. varðandi þetta mál, og tel ég þær heldur lítils virði. Fannst hv. 2. þm. N.-M. meiri þörf á allri þessari vakningu en hinu að mæta á fundinum? En þótt málið væri afgreitt á þessum degi í n., var beðið til mánudags eftir þeim mönnum, sem ókomnir voru. Ég veit ekki, hvort þetta verður talið áfellisvert, en er þó gott að því leyti, að það sýnir, að önnur rök eru ekki sterk.

Ég vil benda hv. 2. þm. Rang. á, að í svipuðum tilfellum eru mál alls ekki tekin aftur fyrir Alþ., en það kann nú að valda einhverju um, að hann ber ekki nóg traust til núv. ríkisstj.

Skal ég svo reyna að stilla skap mitt, því að hv. 7. þm. Reykv. virðist vera illa við alla skapvonzku, en get þó ekki tekið undir það með honum, að við tillögumenn, sem höfum staðið að þessu máli, þurfum að hafa vonda samvizku af því, að við ætlum að misnota nafn Jóns Sigurðssonar til að hrinda í framkvæmd hinum og öðrum framkvæmdum. Við ætlum að nota nafn hans til þess, að það verði einhver sómi sýndur hans fæðingarstað, sem um leið verður hans eigin minning.

Mun ég svo ekki segja meira, jafnvel þótt frekara tilefni gefist til.

ATKVGR.

Brtt. 744 felld með 19:17 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, GÞ, HarJ, HermJ, IngJ, JJós, JPálm, JJ, JörB, SB, SK, SÞ, SkG, ÞÞ, ÞG, BSt, BBen.
nei: FJ, GJ, GÍG, HG, HelgJ, IngP, LJós, ÓTh, PÞ, SigfS, SG, STh, StgrA, ÁÁ, BÁ, EOl, EE, EmJ, GSv.

PZ greiddi ekki atkv.

15 þm. (GG, GTh, JakM, KA, LJóh, MJ, PHerm, PM, PO, SEH, StJSt, SvbH, ÁkJ, BG, BrB) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 26:3 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GJ, GTh, HG, HarJ, HelgJ, IngP, JPálm, JörB, LJóh, LJós, PÞ, PM, SB, SG, SEH, STh, SÞ, SkG, ÁkJ, ÁÁ, BSt, EE, EmJ, GSv.

nei: GÞ, IngJ, SK.

PZ, ÞÞ, ÞG greiddu ekki atkv.

20 þm. (GG, GÍG, HermJ, JakM, JJós, JJ, KA, MJ, ÓTh, PHerm, PO, SigfS, StJSt, StgrA, SvbH, BG, BÁ, BBen, BrB, EOl) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 866).

---

49. Framleiðsla kindakjöts fyrir innlendan markað.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt frá Nd.:

Till. til þál. um skipulag á framleiðslu kindakjöts fyrir innlendan markað (A. 537).

Á 82. fundi í Nd., 27. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 83. og 84. fundi í Nd., 28. og 29. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 85. fundi í Nd., 2. des., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Ásmundur Sigurðsson): Herra forseti. — Það eru aðeins örfá orð til þess að fylgja þessari till. á þskj. 537 úr hlaði. Það virðist vera orðin nauðsyn að fara að hugsa um skipulag á landbúnaðarframleiðslunni meira en verið hefur. Að vísu er mér ljóst, að þessi till. er ekki fær um að leysa þetta mál að fullu. Hins vegar er sú leið, sem þarna er bent á, heppileg til þess að beina þróun landbúnaðarframleiðslunnar á þann veg, sem vera þarf. Eins og nú standa sakir, eru greiddar allháar uppbætur á það kindakjöt, sem flutt er úr landinu, svo sem kunnugt er. Hins vegar ættu hv. þm. að vera sammála um það, að slíkar uppbætur muni ekki koma til greina eftir stríð. Hins vegar liggur það beint við að reyna að beina þróun þessarar framleiðslu í þá átt, að sem mest verði framleitt fyrir innlendan markað, en eins og sakir standa, virðist stefna í gagnstæða átt, að minnka mjólkurframleiðsluna í kringum Reykjavík, en taka í þess stað upp kjötframleiðslu. Slíkt er óheppilegt og getur

ekki gengið til lengdar. En eins og sakir standa, er vissum héruðum lögheimilaður einkaréttur til þess að selja mjólkurafurðir á vissum markaðsstöðum. Hér er farið fram á, að þau héruð, sem ekki hafa aðstöðu til að koma framleiðslu sinni á þennan markað, fái aðstöðu til þess að framleiða kjöt fyrir innlendan markað og tilraunir verði gerðar til þess *að dreifa framleiðslunni á innanlandsmarkaðinn á* heppilegri hátt en verið hefur. Auk þess má benda á það, að það er mjög líklegt, að þegar á næsta ári falli verð á kjöti erlendis, og hefur heyrzt, að kjötverð í Englandi hafi fallið um ⅔ vegna þess, að mikið hafi borizt að af kjöti frá Bandaríkjunum. Þess vegna má fullyrða, að bændur í þeim héruðum, sem ekki geta framleitt annað en sauðakjöt, verði í mjög mikilli hættu eftir stríð, ef þeir fá ekki aðstöðu til þess að koma vöru sinni að miklu leyti á innanlandsmarkað. Ég sé ekki ástæðu til að ræða *þetta meira nú*, vegna þess að ég vildi gera það að till. minni, að umr. yrði frestað, og till. vísað til landbn.

Jón Sigurðsson: Ég stend ekki upp til þess að mótmæla þessari till. Ég kvaddi mér hljóðs af því, að ég var óviss um það, hvort hv. flm. mundi ætlast til þess, að málið færi til n. Þá vildi ég upplýsa, að nú um nokkurt skeið hefur mþn., sem er starfandi á vegum búnaðarþings, haft þessi mál til athugunar og aflað sér nokkurra gagna þar að lútandi. Hún er að *vísu ekki búin* að ganga frá till., en ég geri ráð fyrir, að búnaðarþing, sem kemur saman í vetur, muni leggja fram till. frá mþn. um þessi mál. Þess vegna óska ég eftir, að umr. verði frestað og málinu verði vísað til landbn. til frekari athugunar.

ATKVGR.

Till. vísað til landbn. með 18 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 109. fundi í Nd., 19. jan., var fram haldið einni umr. um till. (A. 537, n. 833 og 859).

Frsm. meiri hl. (Jón Pálmason): Herra forseti. — Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 537, fer fram á það eitt, að ríkisstj. láti rannsaka, hvort ekki sé hægt að koma á því skipulagi, að þau héruð, sem bezta aðstöðu hafa til sauðfjárræktar, hafi einhver sérréttindi til að nota innanlandsmarkaðinn. — Landbn. var öll sammála um, að þetta væri rétt að athuga. En minni hl. n. leggur til að vísa þáltill. frá með rökstuddri dagskrá, með tilliti til þess, að mþn. sé starfandi í búnaðarþingi, sem hafi þetta til athugunar. Við, sem skipum meiri hl. landbn. í þessu máli, álítum rétt að taka tillit til þess álits, sem þessi mþn. gefur, og þeirra till., sem búnaðarþing kann á sínum tíma að gera um málið, en það sé ekki ástæða til að vísa þessari till. frá, heldur sé rétt, að hv. þd. láti í ljós álit sitt um það, hvort þessi athugun eigi að fara fram.

Að öðru leyti mun ég ekki ræða málið, nema tilefni gefist, enda þótt ástæða væri til að fara um það ýmsum fleiri orðum.

Frsm. minni hl. (Bjarni Ásgeirsson): Herra forseti. — Það er nú rétt, sem hv. frsm. meiri hl. landbn. sagði um þetta mál og afstöðu n. Við álítum allir í n., að mjög sé ástæða til að taka þetta til athugunar og það fljótlega. Og það er ekkert nýtt álit, sem kemur hér fram um þetta, hvorki hjá hv. flm. né okkur í n., vegna þess að þetta mál var tekið til rækilegrar meðferðar á síðasta búnaðarþingi og skipuð í það sérstök mþn., sem hefur haldið marga fundi um málið og mun leggja fyrir búnaðarþing *till. sínar um það.* — Vegna þess að þessi skriður var kominn á málið, álítum við í minni hl. landbn. ekki ástæðu til, að svo komnu, að Alþ. fari að taka málið upp, heldur verði beðið átekta, þangað til till. koma frá búnaðarþingi um málið. Þess vegna viljum við vísa málinu frá með rökstuddri dagskrá á þskj. 833.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 833, frá minni hl. landbn., felld með 14:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BÁ, EystJ, GSv, HarJ, IngJ, JJós, PZ, PÞ, PO, SEH, SÞ, SkG, JörB.

nei: ÞG, ÁkJ, ÁÁ, EOl, EmJ, FJ, GTh, JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SG, STh, SÁÓ.

8 þm. (BG, GÞ, GG, HelgJ, JakM, SB, SK, SvbH) fjarstaddir.

Tillgr. samþ. með 18:8 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 16:5 atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 902).

50. Loftflutningasamningur við Bandaríkin.

Á 86. fundi í Sþ., 24. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til að gera samning við Bandaríkin um loftflutninga (A. 928).

Á sama fundi var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 87. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.

Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 29 shlj. atkv.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Í þessari þáltill. á þskj. 928 er farið fram á, að Alþingi heimili stj. að gera samning við stjórn Bandaríkja Ameríku um loftflutninga samhljóða því, sem prentað er sem fylgiskjal með þáltill. Í upphafi þessa fylgiskjals segir, að með tilliti til ályktunar þeirrar,

sem undirrituð var 7. desember 1944 á alþjóðaflugmálaráðstefnunni í Chicago, séu stjórnir beggja ríkja, sem að samningnum standa, ásáttar um, að stofnun og þróun flugrekstrar milli landa þeirra skuli hlíta þeim ákvæðum, sem þar segir. Síðan kemur samningurinn sjálfur, og er ætlazt til, að stj. fái heimild hjá Alþingi til að undirrita hann.

Þetta mál er kunnugt öllum hv. þm. Það hefur verið rætt á lokuðum fundi í Alþingi nokkuð ýtarlega, auk þess sem með það hafa farið sérstakir fulltrúar þingsins, sem var falin sú málsmeðferð á áðurgreindum lokuðum fundi, og enn fremur hefur utanrmn. haft málið til meðferðar. Hafa þessir aðilar orðið sammála um, að eðlilegt væri, að slíkur samningur væri undirritaður.

Ég held, að ég skýri málið ekki fyrir hv. þm. frekar en orðið er. Allir hv. þm. hafa kynnt sér málið svo vel, að ég tel mig ekki bæran um að bæta þar um. Ég endurtek aðeins það, sem ég hef áður bent á á lokuðum fundi í Alþingi, og það, sem mér hefur fundizt einnig koma fram hjá öðrum hv. alþm. úr öllum flokkum Alþingis, sem á þetta hafa minnzt, að samkvæmt beinum og ótvíræðum ákvæðum samningsins er heimilt af hendi hvors aðila um sig að segja samningnum upp með eins árs fyrirvara. Það er öllum kunnugt, að Íslendingar hafa litla reynslu í þessu efni og vita þess vegna kannske ekki til hlítar, hver kostur og löstur kann að fylgja slíkum samningi, og af þeim ástæðum leggja menn nokkuð upp úr því að hafa þetta ótvíræða uppsagnarákvæði í samningnum. Það er vitað mál, að Íslendingar hafa lengi óskað að verða ekki utan gátta, þegar flugsamgöngur hefjast milli landa, og að því leyti hefur það verið kærkomið tækifæri Íslendingum að gefast kostur á að gerast aðilar að þessum samningi, sem, enda þótt hann sé aðeins gerður milli tveggja þjóða, Bandaríkjanna og Íslands, er þó ætlaður sem liður í stærri flugsamgöngum og víðtækari en milli þessara landa.

Ég sé ekki ástæðu til að flytja einhverja spádóma um það, hverja þýðingu slíkar samgöngur geta haft fyrir Íslendinga. Ég sé að sjálfsögðu í þessu sambandi ekkert lengra fram í tímann en aðrir hv. alþm. Hitt fer ekki dult, að Íslendingar hafa mjög látið í ljós þá von, að Íslendingar megi hafa margvíslegan hagnað af auknum flugsamgöngum, og ég hef tilhneigingu til að aðhyllast vonir þeirra bjartsýnustu í þeim efnum. Það mætti vel vera, að seinna meir þætti það með merkari viðburðum, þegar slíkur samningur er undirritaður um að hefja flugsamgöngur milli Bandaríkjanna og Íslands og svo frá Íslandi áfram til Evrópu. Það má vel vera, að eftir 10—20 ár eða jafnvel skemmri tíma þyki þessi dagur merkur dagur, þegar Alþingi ákveður fyrir sitt leyti að taka tilboði, sem Íslendingum hefur verið gert um að verða aðilar að slíkum samningi, en sú skoðun byggist á spádómum, sem ég er ekki bærari um að bera fram en aðrir hv. alþm. Ég tel, að Íslendingum beri að gerast aðilar að þessum samningi, vegna þess, eins og ég hef áður greint, að hér virðist ríkja eining um það, hvaða hagsmuni Íslendingar geti haft af slíkum samningi, og svo er hitt, sem líka hefur verið álitið, sem ég sé ekki neitt til fyrirstöðu, að komi opinberlega fram, að við alþm. höfum í okkar hópi á lokuðum fundi talið, að það gæti a. m. k. svo farið, ef Íslendingar vildu ekki gerast aðilar að slíkum samningi, þegar það stendur þeim til boða, þá gæti það orðið til þess, að flugleiðin yrði lögð að meira eða minna leyti fram hjá okkur, og það mundi vera ákaflega gagnstætt því, sem þjóðin óskar í þessu efni.

Með hliðsjón af þessu annars vegar og hins vegar af því, að ef samningurinn þætti vankantaður, þegar dómur reynslunnar félli á hann, þá höfum við sjálfsagðan rétt til að segja honum upp samkvæmt ótvíræðum fyrirmælum 8. gr., þá er það skoðun stj., studd við álit, sem undirbúningsnefnd, sem var kosin til að fjalla um það, einnig utrmn. og álit lokaðs fundar í Alþingi, að þennan samning beri að undirrita. Vænti ég því, að Alþingi fallist á það.

Sé ég svo ekki ástæðu til að láta fleiri ummæli fylgja till. að sinni.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 941).

51. Vatnsveitur.

Á 112. fundi í Nd., 25. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar um vatnsveitur (A. 943).

Á 113. fundi í Nd., 26. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 114. fundi í Nd., 29. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Þessi till. er þess efnis að skora á ríkisstj.: í fyrsta lagi að gera yfirlit um, hver af kauptúnum og kaupstöðum landsins búa við óviðunandi neyzluvatn, og í öðru lagi að láta undirbúa löggjöf um stuðning ríkisins við vatnsveitur fyrir þau kauptún og kaupstaði, sem er algerlega um megn að ráðast í slík fyrirtæki af eigin rammleik.

Ég get sparað mér ýtarlega framsöguræðu og vil vísa í meginatriðum til grg., sem er allýtarleg. Það er kunnugt, að í allmörgum kauptúnum landsins eru hinir mestu erfiðleikar um neyzluvatn, ýmist þannig, að það vatn, sem notað er, er meira og minna óhæft til drykkjar, eins og rannsókn hefur sýnt í mörgum tilfellum, og á hinn bóginn, að víða er svo mikill skortur á vatni, að til stórvandræða horfir. Sem betur fer eru í sumum og allmörgum kauptúnum og

kaupstöðum á landinu þegar komnar viðunandi vatnsveitur, sem aðeins hefur orðið á þá lund, að viðkomandi héruð hafa getað klofið þetta sjálf, en annars staðar er aðstaðan svo erfið, að útilokað er, að fámenn byggðarlög geti gert það af eigin rammleik.

Á undanförnum þingum hafa verið bornar fram till. í sambandi við fjárl. um stuðning við ýmsar vatnsveitur, ýmist sem beinar styrkbeiðnir eða ríkisábyrgðir. Það hefur verið svo að segja föst regla hjá Alþ. að synja um allar slíkar aðstoðarbeiðnir. Við flm. teljum hins vegar, að svo búið megi ekki lengur standa, að jafnmiklu menningar- og heilbrigðismáli sem hér er um að ræða, að íbúar landsins hafi aðgang að sæmilegu drykkjar- og neyzluvatni, sé enginn gaumur gefinn og að slíku ástandi megi ekki lengur við halda.

Till. fer þess vegna fram á, að sett verði löggjöf um þessi efni, en áður verði reynt að fá yfirlit um, hve margir staðir kæmu hér til greina, og eftir því sem unnt er um kostnaðinn við þær vatnsveitur og hvaða úrræði kæmu helzt til greina á hverjum stað. Sums staðar hefur verið reynt með borunum að fá neyzluvatn; sums staðar hefur það ekki borið árangur og annars staðar talið tilgangslaust eftir athugun á jarðveginum. Yfirleitt verður væntanlega leiðin sú að ná neyzluvatni úr lindum í nágrenni kaupstaðanna, en leiðin er það dýr, að ógerningur er fyrir íbúana undir því að rísa.

Ég vænti þess, að þessi till. um undirbúning og athugun á málinu fái góðar undirtektir í hv. d. og hæstv. ríkisstj. verði, ef till. verður samþykkt, við þessari áskorun um að undirbúa löggjöf um stuðning ríkisins við vatnsveitur fyrir næsta þing.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 19 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SigfS, SB, SG, SEH, STh, SÁÓ, SvbH, BG, EOl, EmJ, EystJ, GSv, GTh, IngJ, JJós, JPálm, HarJ, PÞ, JörB.

PO, SK, SÞ, SkG, HelgJ, PZ greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, FJ, GÞ, GG, JakM, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 18 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 980).

52. Virkjun Andakílsár (ábyrgðarheimild).

Á 74. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt:

Till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni til virkjunar Andakílsár (A. 658).

Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Pétur Ottesen): Eins og kunnugt er, hefur hæstv. Alþingi áður heimilað ríkisstjórninni að ganga í ábyrgð fyrir 3 millj. kr. láni til Andakílsárvirkjunarinnar til efniskaupa. Ábyrgðin var þegar veitt, enda var búið að festa kaup á nærri öllu efni til virkjunarinnar, sem er upp á 5000 hestöfl. Það er aðeins eftir að festa kaup á efni til stíflunnar og húsbygginga, sem gert er ráð fyrir að kaupa eftir hendinni. Það, sem vantar nú, er 4,5 millj. kr., og verður þá heildarábyrgðin 7,5 millj. kr. Þau félög, sem standa fyrir virkjuninni, eru sýslufélag Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstaður. Rafmagn það, sem hér um ræðir, á að leiða til Akraness, Borgarness, Hvanneyrar og allmargra sveitabæja, sem eru í leiðinni, sem leiðslan er lögð um. Og fleiri svæði koma til greina, þar sem þéttbýlt er. Þessi virkjun nær ekki nema til helmings þeirrar vatnsorku, sem hægt er að fá úr Andakílsárfossum. Samkv. útreikningi, sem félagið hefur látið gera, er gert ráð fyrir, að virkja megi 12000 hestöfl. Þess er getið í grg. fyrir till., að miðað sé við áframhaldandi virkjun þessara fossa, með það fyrir augum að leiða rafmagn um fleiri byggðir Borgarfjarðar og e. t. v. út fyrir héraðið. Grg. getur þess einnig, að tilhögun framhaldsvirkjunar þessa staðar fari eftir því, hvaða löggjöf kann að verða sett um þetta efni í framtíðinni. En þessar framkvæmdir falla mjög haganlega inn í það heildarkerfi, sem gert er ráð fyrir, að komið verði á í þessu efni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum, en mælist til, að till. verði vísað til fjvn. að lokinni umr.

Skúli Guðmundsson: Eins og vikið var að í ræðu hv. frsm. (PO) um till., þá hefur þetta mál áður verið hér til meðferðar í þinginu. Á aukaþinginu langa veturinn 1942—43 var flutt frv. um virkjun Andakílsárfossa. Það hlaut ekki afgreiðslu þá. En 14. apríl 1943 var samþ. till. um fjáröflun til útvegunar efnis til virkjunarinnar. Þar var ríkisstjórninni veitt heimild til að leggja fram fé úr ríkissjóði eða ábyrgjast lán til smíða á vélum og nauðsynlegu efni í virkjunina. Það lítur út fyrir, að ríkisstjórnin hafi notað þessa heimild á þann veg að ganga í ábyrgð fyrir láni, en ekki þannig að leggja fram fé til að kaupa efnið. En það var henni heimilt. Í þeirri þál., sem hér liggur fyrir, er farið fram á ábyrgð til að koma virkjuninni lengra áleiðis. Það má vera, að um annað sé ekki að ræða, því að eins og nú standa sakir hefur ríkissjóður ekki handbært fé til að leggja fram til slíkra hluta.

Ég vildi aðeins við þessa fyrri umr. láta það koma fram, að ég tel það réttast, að það sé ríkið, en ekki sérstakt félag, sem kemur upp þessari virkjun, ekki einungis þessari 5000 hestafla virkjun, heldur þarf að vinna að því, að fullnaðarvirkjun Andakílsárfossanna komist í framkvæmd, svo fljótt sem ástæður leyfa.

Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur mþn. í raforkumálum nú skilað áliti til ríkisstjórnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, að ríkið setji upp stórt raforkukerfi um landið. Þetta frv. mþn. hefur ekki enn verið lagt fyrir Alþ., þótt þess hefði mátt vænta. En ég geri ráð fyrir, að það verði gert nú næstu

daga eða þá í byrjun næsta þings, annaðhvort frá einstökum þm. eða frá ríkisstjórninni. Eins og ég sagði áðan, vildi ég, að sú skoðun kæmi hér í ljós, að það væri heppilegast, að ríkið annaðist þessar framkvæmdir þegar frá upphafi. En hins vegar er vafalaust rétt að greiða fyrir því, eftir því sem hægt er, að efnis og annars, sem með þarf, sé aflað. En það kemur að sjálfsögðu til athugunar í n., hvort henni finnst ástæða til að gera brtt. við þáltill. eða ekki.

Flm. (Pétur Ottesen): Það er alveg rétt, sem hv. þm. V.-Húnv. (SkG) tók fram, að sú þáltill., sem samþ. var í fyrra viðvíkjandi þessu máli, veitti ríkisstjórninni heimild til að láta virkjunarframkvæmdir fara fram á vegum ríkisins eða veita ábyrgð til að semja um efniskaup. Ríkisstjórnin veitti ábyrgð fyrir láni, sem þeir aðilar tóku, sem að verkinu standa. Og þar sem engin löggjöf er til um það, að ríkið hafi með höndum slíkar framkvæmdir, er það eðlilegt, að þeir aðilar, sem að verkinu standa, hafi allar framkvæmdir með höndum í þessu efni, með þeim stuðningi, sem ríkið veitir með ábyrgð. Þessi tilhögun hefur leitt til þess, að nú þegar er búið að útvega allt efni til virkjunarinnar. Nokkur hluti vélanna er smíðaður í Sviþjóð, og verður smíði þeirra lokið í febrúar og júní. Verða þær og annað efni þar tilbúið til flutnings hingað strax og siglingaleiðir opnast. Með þessari tilhögun er málið komið þetta langt á leið. Og finnst mér það eðlileg afleiðing, að þessi tilhögun verði látin haldast áfram með þessa byrjunarvirkjun Andakílsár. Um tilhögun áframhaldandi virkjunar leiðir af sjálfu sér af því, hvaða löggjöf verður sett um þetta efni.

Þessari virkjun er hagað þannig, að þá orku, sem ekki er hagnýtt við fyrsta átak, er auðvelt að hagnýta síðar með því að bæta við fleiri vélasamstæðum. Og á þann hátt er búið í haginn fyrir áframhaldandi virkjun.

Ég vænti, að hæstv. Alþ. geti fallizt á að afgr. till. eins og hún liggur fyrir. En vitanlega verður till. rædd í fjvn. frá því sjónarmiði, sem hv. þm. V.-Húnv. minntist á.

Skúli Guðmundsson: Ég þarf ekki að gera athugasemd við þessa síðari ræðu hv. þm. Borgf. Ég vil aðeins segja það, að ég lít svo á, að þótt ríkið veiti stuðning á þennan hátt til að halda áfram virkjuninni, þá sé engu slegið föstu um það, hvaða aðili hafi endanlega þessar framkvæmdir með höndum.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 84. og 86. fundi í Sþ., 16. og 24. jan., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., var till. enn tekin til síðari umr. (A. 658, n. 830, 837).

Frsm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. — Eins og sést á nál., þá mælti fjmrh. með því, að þessi þál. yrði samþ., með breyt. þó, að upphæðin, sem í upphafi var sótt um ríkisábyrgð fyrir í heild, verði takmörkuð við 85% af heildarkostnaði. N. hefur fallizt á þetta, enda er svo háttað, að þessi breyt. hefur ekki áhrif á þá upphæð, sem sótt var um ábyrgð fyrir, sökum þess að félag það, sem tók að sér verkið, ætlaði ekki að sækja um lán til innanbæjarkerfisins. Af þessari ástæðu þarf ekki að breyta fjárhæð þeirri, sem um ræðir í till., þótt þessi takmörkun verði ákveðin. Innanbæjarkerfinu verður einungis bætt við.

Ég skal fara fáum orðum um sögu þessa máls. Á þinginu 1943 var samþ. þál. til ríkisstjórnarinnar um fyrirgreiðslu þessa verks. Stóð þar opið, hvaða aðilar skyldu hafa framkvæmd verksins á hendi. Þetta var einungis gert til þess að hefja mætti undirbúning. Nú varð enginn undirbúningur gerður af hálfu ríkisstjórnarinnar. Var því um tvennt að velja, annaðhvort að láta málið niður falla eða héraðsmenn hæfust sjálfir handa. Fyrst var leitað eftir um efniskaup í Ameríku, en þar fékkst ekki útflutningsleyfi. Þá var leitað til Sviþjóðar. Kom þá í ljós, að þar mátti fá vélar og annað efni með allt að því helmingi betri kjörum en í Ameríku. Nú var leitað til ríkisstjórnarinnar um að fá ríkisábyrgð fyrir láni til efniskaupa, sem nam 3 milljónum króna. Þessa ábyrgð veitti ríkisstjórnin. — Þetta vildi ég láta koma fram í sambandi við það orðalag, sem viðhaft er um þessa framkvæmd í till. Sem sagt, það var um það tvennt að ræða, að reyna að hefjast handa eða leggja árar í bát. Nú er málið komið svo áleiðis, að smíði véla verður lokið á þessu ári. Vatnsvélin verður tilbúin í næsta mánuði og rafmagnsvélin í júní. Annað efni verður tilbúið þegar leiðir opnast, en ekkert efni kemst vitanlega fyrr. Þar sem málum er svo komið, að á því einu stendur, að efnið fáist flutt, er áformað að hefja verkið á næsta vori, byggja vélahús o. fl., sem má ljúka, þótt vélarnar séu ekki komnar. Efni til þessara hluta fæst í löndum þeim, er við nú skiptum við, og er því þeirra hluta vegna hægt að byrja í vor.

Aðilar þeir, sem hér eiga hlut að máli, eru sýslufélög Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og Akraneskaupstaður, og eiga þeir sinn þriðjung í fossunum hver. Það er getið um það í nál., að fjvn. hafi borizt bréf frá meiri hl. mþn. í raforkumálum, en nefndarmenn eru Jón Pálmason, Skúli Guðmundsson, Ingólfur Jónsson og Jörundur Brynjólfsson. Eru það hinir sömu, sem flytja brtt. á þskj. 837, og er hún sama efnis og bréf þetta. Þar er lagt til, að ríkisstjórnin taki allt þetta að sér og ríkið verði eigandi þessara mannvirkja.

Nefndin átti samræður við ráðh. og 1. þm. Árn., sem er form. mþn. í raforkumálum. Varð niðurstaðan sú, að ráðh. féllst á till., eftir að það ákvæði, sem fyrr er getið, hafði verið fellt inn í hana. — Í nál. er nokkuð farið inn á það, hversu megi samræma þetta mál heildarlausn raforkumálanna, en afgreiðslu þeirra verður ekki lokið á þessu þingi, en það er mál, sem skammt hlýtur að bíða,

að teknar verði ákvarðanir um, eða ekki lengur en til næsta þings. Eitt atriði enn vildi ég minnast á þessu viðvíkjandi, og það er, hvaða ástæða er til að setja þetta mál í samband við heildarlausn raforkumálanna. Fjvn. leit svo á, að ekki væri á nokkurn hátt spillt fyrir eða tafinn framgangur þeirra mála í heild, þótt þetta verk yrði nú hafið. — Hv. þm. Barð. vék hér að því áðan, að með samþ. þessarar till. væri slegið föstu um stefnuna í þessum málum. Þetta er rangt athugað og undarlegt um svo duglegan mann, sem hv. þm. Barð. er, því að það má hann eiga, að hann skuli ekki hafa kynnt sér betur plögg þessa máls, því að þessi skoðun hlýtur að stafa af því, að hann hafi ekki lesið nál. Eftir þeim skilningi, sem hann hélt fram, ætti ekki að vera hægt að taka þessar vélar af þeim aðilum, sem nú hafa fest kaup á *þeim, og nota þær í virkjanir, sem ríkið kæmi til* með að standa fyrir og framkvæma. Það er reginmisskilningur hjá hv. þm., að fjvn. hafi slegið föstu um þetta, og held ég, að ég verði að lesa upp dálítinn póst úr nál., með leyfi hæstv. forseta, ef vera kynni, að það væru einhverjir hv. þm., sem ekki hefðu kynnt sér það, sem í nál. stendur sérstaklega um þetta atriði. Tekur það alveg af skarið um afstöðu fjvn. og sannar, að n. ætlar sér ekki á neinn hátt að marka með þessari till. neina sérstaka stefnu í raforkumálum. Eins og stendur í nál., er eðlilegast, að framkvæmdum sé haldið áfram af þeim aðilum, sem staðið hafa að undirbúningi virkjunarinnar. Í framhaldi af því segir:

„Að því leyti, sem ný löggjöf kynni að marka nýtt viðhorf, að því er það snertir, að annar aðili hefði upp frá því á hendi framkvæmd þeirrar virkjunar, sem hér um ræðir, og síðar aukning hennar, þannig að orka sú, sem í Andakílsfossum felst, yrði hagnýtt að fullu, þá getur fjárveitinganefnd ekki séð, að með samþykkt þessarar till. sé lagður steinn í götu þeirra þörfu og nauðsynlegu framkvæmda, sem hér er byrjað á, — síður en svo".

Til frekari stuðnings því, að þetta þurfi ekki að leggja stein í götu þess, að hægt sé að samræma þessar framkvæmdir þeirri heildarlöggjöf um þessi efni, sem ráðagerðir eru uppi um, er bent *á það hér, að lega Andakílsfossa er þannig*, að þessi virkjun fellur alveg inn í það heildarkerfi, sem talað hefur verið um að koma upp einmitt á þessu svæði. Mér finnst, að eiginlega ættu allir að geta verið fyllilega sammála um þetta. Mér þykir því harla einkennilegt, að ekki skuli allir geta orðið því samþykkir að lofa framkvæmd þessara mála að halda áfram á þeim grundvelli, sem lagður hefur verið, þar til heildarlöggjöf hefur verið sett um þetta efni. Hitt veit ég, að allir hv. þm. skilja mjög vel, að þar til heildarlöggjöf hefur verið sett um þetta, er *þeim aðilum, sem undirbúið* hafa þetta mál með brennandi áhuga, sem byggist á nauðsyn þessara framkvæmda, auk þess sem þá er lagður grundvöllur að frekari útfærslu raforkunnar á þessu svæði, mikið í mun að fá að halda áfram þessu verki og telja því að þessu leyti bezt borgið í sínum höndum. Þeir hafa mjög vandað allan undirbúning í sambandi við þetta mál og valið til þess þann verkfræðing, sem t. d. undirbjó Laxárvirkjunina fyrir norðan, og þær áætlanir, sem hann þar gerði, hafa staðizt mjög vel, svo að þær hafa að ýmsu leyti skorið sig úr mörgum öðrum áætlunum á þessu sviði. Það er því mjög eðlilegt, að þessir aðilar óski þess og telji mest öryggi í því, að þessum málum verði haldið áfram og byrjað á verkinu með þeirri faglegu aðstoð, sem þeir hafa tryggt sér, og fái að halda verkinu áfram, þar til búið er að setja löggjöf um þetta mál, sem e. t. v. felur í sér breytta afstöðu að þessu leyti, er þeir að sjálfsögðu beygja sig undir.

Ég var búinn að ganga inn á þessa hlið málsins áður en hv. 1. flm. þessarar till. hafði talað fyrir henni, og er það af því, að einn af hv. flm., hv. fyrri þm. Árn., var búinn að reifa þetta mál í fjvn. og setja fram þær ástæður, sem meiri hl. n. hafði fyrir því að bera fram þessa brtt., og jafnframt af því, að ég vildi benda á, að ekki væri á rökum reist það, sem hv. þm. Barð. sagði í umr. um næsta mál hér á undan, að með þessu væri af hálfu fjvn. mörkuð stefna eða tekin afstaða til þess stefnumunar, sem máske kann að koma fram í sambandi við endanlega afgreiðslu þessa máls. Og ég vil segja það, að ef því er haldið fram, að hér sé um stefnu fjvn. að ræða, þá er það eins stefna hæstv. ríkisstjórnar, því að n. var sammála hæstv. ríkisstjórn um afgreiðslu þessarar tillögu. En ég held, að eins og fjvn. hefur ekki markað neina stefnu, verði heldur ekki sagt um hæstv. ríkisstjórn, að hún sé að marka neina stefnu um þetta, þótt hún hafi lagt það til málanna um afgreiðslu þessarar till., sem um er getið í nál.

Skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Eins og hv. þm. hafa veitt athygli, þá flyt ég á þskj. 837 brtt. ásamt 3 þm. öðrum, hv. þm. V-Húnv., hv. 2. þm. Rang. og hv. fyrri þm. Árn.

Í þessari brtt., sem nokkuð hefur verið rædd af hv. frsm. fjvn., er farið inn á, hvaða stefnu skuli fylgja í raforkumálum okkar og að ákveðið sé nú þegar, að þessi stóra virkjun, sem þarna er áformað að hefja við Andakílsá, verði framkvæmd af ríkinu með það fyrir augum, að stefnunni verði slegið fastri í þá átt.

Raforkumálin hafa meiri þýðingu fyrir sveitirnar en frá þurfi að segja. Það, að raforka hefur verið leidd til hinna stærstu bæja og fólkinu gefinn kostur á að njóta þeirra miklu þæginda, sem hún hefur í för með sér, hefur orðið til þess að draga fólkið meira og meira til hinna stærri bæja *frá sveitum landsins og hinum smærri* þorpum. Ef þessu heldur áfram og gengið er inn á það að skilja sveitirnar eftir, en virkja fyrir kaupstaðina, er tvímælalaust, að það þýðir áframhaldandi auðn í sveitum landsins, — áframhaldandi auðn segi ég, því að hún er þegar byrjuð, fyrst og fremst af því, að þægindin eru svo ólík og í hinum stærri

bæjum. Við, sem höfum starfað undanfarið í mþn. í raforkumálum, höfum gert okkur það fyrir löngu ljóst, að í þessu stórmáli, sem ég hygg, að sé stærsta málið, er liggur fyrir þessu þingi, er aðeins um tvær leiðir að velja. Annars vegar að halda áfram að tína úr bæina, stærstu kauptúnin og þorpin, og virkja með smávirkjunum fyrir þessa staði, þar sem aðstaða er þægileg, en skilja sveitirnar í kring alveg eftir og halda þannig áfram þeirri stefnu, sem tekin hefur verið upp á undanförnum árum í sambandi við hinar stærri virkjanir, sem þegar er búið að koma upp. Hin leiðin er sú, sem við meiri hl. þessarar n. höfum ákveðið að velja, að hér verði farið svipað að og með aðrar stórar framkvæmdir í landinu, að ríkið sjálft framkvæmi þetta, eigi virkjanirnar, leiðslurnar og selji rafmagnið svipuðu eða sama verði um land allt.

Það eru þessar tvær leiðir, sem um er að ræða, og við höfum ekki verið í neinum vafa um, hvora leiðina bæri fremur að fara, því að undir því, hvort sú síðarnefnda verður valin, er það komið, hvort hægt er að vænta þess, að sveitir landsins fái rafmagn á næstu árum. Bezta sönnunin fyrir þessu fæst með því að gera samanburð á þessum málum annars vegar og símamálum, vegamálum og brúargerðum hins vegar. Við höfum reynslu fyrir því, að þótt ekki sé annað en að koma síma út um sveitir landsins, gengur það mjög treglega, þegar framkvæmdirnar eru í höndum einstaklinga eða héraða, og vantar mjög mikið á, að það hafi tekizt. En að svo miklu leyti sem það hefur tekizt, er það fyrir atbeina ríkisins að mestu leyti og nú síðustu ár alveg á ríkiskostnað. Alveg sama er að segja um vegina. Hvað halda menn, bæði hv. þm. Borgf. og aðrir, að væri langt komið vegalagningu hér á landi, ef einstakar sveitir ættu að gera það af eigin rammleik? Ég held, að allir hljóti að vera sammála um, að það væri næsta skammt komið okkar samgöngubótum. — Sama gildir um brýrnar.

Nú er það öllum mönnum kunnugt, að rafmagnsvirkjanir eru margfalt dýrari framkvæmdir en vega- og símalagning, og þeim mun minni líkur eru til þess, að þeim verði hrundið í framkvæmd af einstaklingum og héruðum, þar sem svo miklu munar á kostnaði.

Hins vegar er n. alveg ljóst, að þær rannsóknir, sem gerðar hafa verið í þessu víðtæka máli, eru enn þá ekki svo langt komnar, að hægt sé um það að segja fyrir víst, hvort virkja eigi alls staðar, hvernig bezt sé að leggja leiðslurnar, hve víðtækt kerfið eigi að vera o. s. frv. Þó má geta þess, að í sambandi við þær rannsóknir, sem fyrir liggja, telur n. hentugt að hafa samband milli hinna stærri virkjana.

Og þá kem ég að því atriði, sem við nefndarmenn leggjum mjög mikla áherzlu á. Við höfum ekki séð okkur fært að leggja til í till. okkar, enda þótt ýmsir okkar hefðu til þess mikla tilhneigingu, að ríkið tæki nú þegar í byrjun eignarnámi þær virkjanir, sem fyrr segir, og tæki þær inn í það kerfi, sem ætlazt er til, að ríkið hafi um rafmagnsleiðslur um land allt. Er það af því, að við höfðum enga von um, eins og stendur um hug manna á hæstv. Alþ., að það næði fram að ganga. Eftir því sem fleira er fært inn á sömu leiðina af nýjum rafmagnsvirkjunum, er minni von um að koma því í löggjöf, sem stefnir í þá átt, er við teljum hina einu réttu. Það var því síður en svo á misskilningi byggt, sem fram kom hjá hv. þm. Barð., að verið væri að marka fasta stefnu um það mál, hvora leiðina ætti að fara.

Hitt er rétt hjá hv. þm. Borgf., að samkv. þessari till. er gert ráð fyrir, að ríkið geti síðar tekið þessar virkjanir í sínar hendur. En það er líka gert ráð fyrir því í Sogsvirkjunarlögunum og fleiri lögum, að ríkið geti tekið þessar rafmagnsvirkjanir í sínar hendur, ef lög verða um það sett.

Það er rétt að gera sér þess ljósa grein, hvað farið er fram á í þessari tillögu. Hugmyndin er að virkja 5000 hö. af 12000 hö., sem talið er, að virkja megi í Andakílsfossum. Er ætlunin að virkja aðeins fyrir kauptúnin, Akranes og Borgarnes, og svo nokkra bæi á þeirri leið, sem línan liggur um, en skilja eftir sveitirnar. Við flm. brtt. teljum mjög óheppilegt, að Borgfirðingar og Mýramenn, sem búa í sveitum, þurfi, þegar til þeirra kasta kemur að koma raforku heim til sín, að byrja á því að semja við kauptúnin í nánd við þeirra héruð. Það er allt annað, ef ákveðið væri með heildarlöggjöf fyrir landið allt, að tryggt sé, að rafmagn á þessum svæðum sé leitt út um öll þessi héruð, að svo miklu leyti sem hugsanlegt er, að það borgi sig að fara vítt í það. Því verður fyrir fram eðlilega ekki slegið föstu, að ekki þurfi kannske af illri nauðsyn að skera af raforkuframkvæmdunum einhverja afskekktustu bæi, þegar farið verður að leiða rafmagnið út um sveitirnar. Það er rannsóknarefni, sem reynslan verður að skera úr um í framtíðinni. En aðalatriðið er, að ekki verði haldið áfram á þeirri braut að virkja eingöngu fyrir þá staði, sem bezta aðstöðu hafa til þess, en skera sveitirnar vegna strjálbýlis frá þeim framkvæmdum, þar sem erfiðleikarnir eru mestir á að geta fengið að njóta þeirra miklu þæginda, sem raforkan veitir. Það, sem líka veldur því, að við erum vondaufir með, að þessi stefna sé heillavænleg, að taka upp hin stærri raforkukerfi nú þegar, er, að við vitum, að margir menn, innan þings og utan, blátt áfram trúa því, að útilokað sé, að það geti borgað sig að koma rafmagninu út um sveitir landsins, og þeir trúa því ekki, að það verði nokkurn tíma hugsanlegt. En ef við eigum að byggja á slíkum hugsunarhætti, er eins gott að segja: Við viljum smátt og smátt leggja sveitirnar í eyði. Því að eftir því sem rafmagn kemst víðar í kauptún og þorp á landinu við sjóinn, en sveitirnar eru afskiptar í því efni, eftir því eru meiri líkur til þess, að sveitirnar leggist í eyði, vegna þess að fólkið getur ekki unað við það til lengdar, að svo gífurlega mikill þægindamismunur sé á milli manna, eftir því hvar þeir búa.

Hv. þm. Borgf. hélt því fram, og las upp úr nál. fjvn. því til sönnunar, að það væri villa ein,

að þessi þáltill., þótt samþ. yrði eins og hún liggur fyrir, skæri úr um það, hvaða stefna væri farin í þessu efni. En þetta er bara fyrir það, að hlutaðeigandi maður vill ekki láta það koma fram í sambandi við þetta mál, hvað hér er að gerast. Hér er á ferðinni fjöldi af till. um það, að ríkið gangi í ábyrgðir fyrir hin og þessi þorp út um landið vegna raforkuframkvæmda. Það var nýlega verið að samþ. slíka ábyrgð fyrir Sauðárkrók, þar sem á að skilja það kauptún frá í þessu efni, en sjá ekki hinum blómlegu byggðum í Skagafirði kringum Sauðárkrók fyrir þeirra þörfum um að fá rafmagn, aðeins af því, að í bili var hægt að virkja fyrir þetta kauptún, ef ekki var hugsað um þessar blómlegu sveitir jafnframt í því efni. Svona er þetta víðar á landinu, að það liggja fyrir um ýmsa staði slíkar till., og það á dagskrá í dag, sem hv. fjvn. mælir með, um ábyrgðir fyrir þorp til þess að taka sig á þennan hátt út úr um raforkuframkvæmdir, án þess að sveitir njóti þar af. Sumar þessar ábyrgðarbeiðnir er hv. fjvn. búin að samþ. og sumar lítur út fyrir, að n. ætli að samþykkja. Og það er augljóst mál, að ef þessi þáltill., sem hér liggur fyrir, gengur fram eins og hún er nú frá hálfu hv. fjvn., þá er stefnan mörkuð í raforkumálunum um það, hvort á að skera sveitir landsins frá því um ófyrirsjáanlegan tíma að verða raforkuþægindanna aðnjótandi og gera þeim erfiðara fyrir um að verða það síðar en vera þyrfti. Því að verði þessi þáltill. samþ., verður ekki í veg fyrir það komið á yfirstandandi þingi, að fleiri eða færri ábyrgðir sams konar vegna annarra staða á landinu verði samþykktar. Og þá er eyðilagður sá grundvöllur, sem við í meiri hl. í raforkumálan. viljum byggja á.

Það hefur dregizt undarlega mikið, að frv. frá okkur í meiri hl. í raforkumálanefnd væri lagt hér fyrir hæstv. Alþ. Það er víst komið mikið á aðra viku síðan við, sem að því stöndum, settum það í prent. Hins vegar, þó að við sýnum það frv. á Alþ. nú, gerum við okkur ekki neina von um, að það nái afgreiðslu á þessu þingi. En við teljum, að það sé miklu hagstæðara, að menn fái að sjá það, ekki aðeins innan þings, heldur líka utan, hvaða stefna það er, sem við viljum marka á þessu þingi, til þess að koma í veg fyrir það æði, sem virðist hafa gripið menn um það að koma fram raforkuvirkjunum víðs vegar um landið, þar sem aðstaðan er skást.

Þá er það að athuga í sambandi við þessa þáltill., eins og hv. þm. Borgf. tók réttilega fram, að þessi Andakílsárvirkjun er að allra áliti æskilegur liður í þessu raforkukerfi, sem ætlazt er til, að raforkuframleiðsla landsins byggist á. Hér væri þess vegna ekki verið að brjóta neitt á bak aftur að neinu leyti, þótt brtt. okkar yrði samþykkt. Við viljum bara, að stefnan sé mörkuð nú þegar í þessum málum og komið í veg fyrir, að gengið verði í ábyrgðir vegna raforkuframkvæmda víðs vegar um landið, þar sem enginn undirbúningur hefur fram farið. Ég lít svo á, að þeir, sem standa að þessari þáltill., fulltrúar fyrir Borgarfjarðar- og Mýrasýslu, ættu að geta verið mjög vel ánægðir með það, að brtt. okkar yrði samþ., því að þeir mega tejast gæfunnar börn, og mega þakka það sínum dugnaði, þótt till. okkar verði samþ., því þar með er ákveðið, að þeir verði fyrstir til þess að verða aðnjótandi þeirra þæginda, sem hér er um að ræða og við ætlumst til, að ríkið kosti.

Þá skal ég víkja að því í þessu sambandi, að þótt við viljum ekki að neinu leyti setja fót fyrir þessa framkvæmd og viljum láta ríkið nú þegar taka þetta að sér og marka þar með stefnu í þessum málum, þá teljum við, að eins og sakir standa sé ákaflega hæpið að ganga eins mikið áfram í því að slá föstu um rafvirkjanir annars staðar á landinu og lagt er til í þeim till., sem fram hafa komið. Á þessum stað, við Andakílsfossa, virðist ekki vafi á því, að aðstaðan sé góð og að hægt sé að virkja sameiginlega fyrir kaupstað, kauptún og sveitirnar í kring, og að ekki aðeins þessi svæði geti haft not rafvirkjana við þetta vatnsfall, heldur miklu fleiri svæði. En allt öðru máli er að gegna um það, að setja upp rafvirkjanir í öðrum kauptúnum, þar sem rannsókn hefur ekki farið fram að neinu marki til undirbúnings. Og eins og nú standa sakir er ákaflega hæpið, frá hvaða sjónarmiði sem það er skoðað, að vera með mjög mikið æði á þessu sviði, vegna þess fyrst og fremst, að við erum nú á hátindi dýrtíðar, þegar líkur eru til, að þessar framkvæmdir verði dýrari en nokkru sinni fyrr eða síðar. Annað atriði er svo það í þessu sambandi, að það standa vonir til þess einmitt nú að stríði loknu, að upp komi mjög merkar, nýjar uppgötvanir á sviði rafmagnstækni, því að sú tækni er í örri framþróun, og hluturinn er sá, að við vitum ákaflega lítið um það, hve vítt hin nýja tækni á þessu sviði kemst. Hitt er nokkurn veginn víst, að einmitt nú á stríðstímanum hefur fengizt svo mikil reynsla á þessu sviði, að við getum vonazt eftir mjög miklum nýjungum á þessu sviði um það leyti er stríðinu lýkur. Til sönnunar því, að ég tali hér ekki út í bláinn, vil ég geta þess, að mér var nýlega sagt frá því af manni, sem segist hafa það úr amerísku riti, að það er ekki lengra síðan en frá 26. des. s. l., að stærsta raforkufirma í New York bauð 200 byggingamönnum til þess að skoða nýjung á sviði rafmagnstækni, sem voru í því fólgnar, að þeir töldu nauðsynlegt að hafa allt aðra innréttingu á öllum nýjum húsum með tilliti til rafleiðslna en verið hefur. Og þetta byggja þessir menn allt á því, að raforkan verði á komandi árum send þráðlaust, í loftinu. Það er byggt á sama grundvelli og með útvarpið. Hve langt er hægt að komast á þessu sviði, er náttúrlega fyrir okkur ekki hægt að segja um. En þetta bendir til þess, að fyrir hendi geti orðið á komandi tímum hægstæðari og auðveldari aðstaða um raforkuframkvæmdir, sem leitt gæti til þess, að þær yrðu ódýrari en við höfum haft af að segja til þessa.

Þrátt fyrir allt þetta viljum við að engu leyti setja fót fyrir það, að þessar raforkuframkvæmdir geti orðið bráðlega, sem þáltill. þessi er um, heldur viljum við beina þeim inn á rétta leið, svo að

ekki verði spillt fyrir því, að unnt verði að koma á heildarlöggjöf um raforkumál landsins, sem tryggi það, að hinar strjálu byggðir geti fengið til sín rafmagn svo fljótt sem nokkur kostur er á. Raforkulagafrv., sem mþn. hefur samið, er væntanlegt inn í þingið á morgun eða næstu daga, og þá fá menn tækifæri til þess að ræða það og sjá, hverjar þær till. eru, sem við leggjum til, að samþ. verði sem heildarlöggjöf í raforkumálum. Og ég verð að segja, að mér þykir það mjög undarlegt, ef svo mikið bráðlæti er hjá einstökum hv. þm. vegna sinna umbjóðenda, að þeir geti ekki sætt sig við það að bíða eftir því, að úr því verði skorið, hvort á að halda áfram sú ringulreið, sem verið hefur í þessum málum, eða ekki. En ég tel, að það brjóti á í þessu Andakílsármáli um það, hver stefna verði tekin í raforkumálum landsins yfirleitt.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þessa brtt. eða málið í heild sinni. Það verður að skeika að sköpuðu um það, hvað ofan á verður á hæstv. Alþ. í þessum málum. En við þessir þm., sem að brtt. stöndum, teljum það skyldu okkar að reyna að stýra málinu inn á þá leið, sem við teljum heillavænlega og heppilegasta fyrir landið í heild á komandi árum.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Áður en ég svara hv. þm. Borgf., vil ég fara nokkrum orðum um brtt. þá, sem fyrir liggur á þskj. 837. Ég get strax lýst yfir því, að ég treysti mér ekki til að fylgja henni, og eru fyrir því tvær ástæður. Önnur er sú, að í 2. málsgr. brtt. er lagt til, að ríkisstjórninni heimilist að verja fé úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, sem í brtt. greinir í fyrri málsgr., en til þess að sjá fyrir fé til þess, hefur hvorki komið fram till. um lánsheimild né heldur hefur þetta verið tekið til greina við afgreiðslu fjárl. Hin ástæðan er sú, að ég hef alls ekki sannfærzt af ræðu hv. þm. A-Húnv. í þessu máli. Hann færir fram sem aðalrök fyrir sínu máli og leggur áherzlu á það, að með raforkumálin eigi að fara eins og síma, vegi og brýr í landinu. En þá er hægt að slá því föstu strax, að ef framkvæmd raforkumálanna í landinu ætti að verða á svipaða lund, þá yrðu þær sveitir, sem erfiðast eiga með að fá rafmagn, eins langt á eftir með að fá ljós og annað, sem rafmagnið veitir, eins og þær hafa orðið að bíða eftir því að fá til sín vegi, brýr og síma. Og ég tel þetta svo stórt mál, að það megi alls ekki fara í sama farveg og samgöngumálin hafa verið í gagnvart þeim sveitum landsins, sem á eftir hafa orðið um þær framkvæmdir. Það er nýlega búið að leggja hér fram landsreikninginn fyrir árið 1941, sem hv. þm. A-Húnv. hefur sjálfur endurskoðað og gert aths. við, og er m. a. veitt hvorki meira né minna en 213 þús. kr. til nokkurra tilgreindra vega og brúa fyrir það ár á fjárl., en greiddar 974 þús. kr. til þeirra. Það þýðir, að 761 þús. kr. hafa verið greiddar það ár til þessara vega- og brúargerða fram yfir áætlun á fjárl., eða nærri fjórfalt á móts við það, sem lagt var fram á fjárl. Og hv. þm. A-Húnv. gerir þá aths. við þetta: „Á þessum tuttugu og einum gjaldalið 13. gr. nema umframgreiðslurnar samtals kr. 761 064.37. En auk þess, sem hér er talið, er greitt til ýmissa þjóðvega, og til sumra þeirra verulegar upphæðir, sem ekkert er veitt til á fjárl. Nema þessar greiðslur samtals 77 þús. króna.“ Þannig hefur verið farið með síma- og vegamál allan tímann, sem hv. þm. A-Húnv. hefur setið á þingi. Alltaf hefur verið þann tíma misnotað stórkostlega veitingarvald Alþ. á fé til þessara framkvæmda, og sumpart hefur verið varið til þeirra fé utan við fjárl., og er skemmst að minnast á Krýsuvíkurveginn, en inn á þennan veg vil ég ekki fara með rafmagnsmálin, það er óhugsanleg stefna. Og ég get minnzt á misrétti í símamálum, þar sem á röngum forsendum hefur verið veitt meira til samgöngubóta en önnur héruð hafa fengið, miðað við þörf og aðrar ástæður, sem til greina koma. Af hverju hefur slíkt verið gert á röngum forsendum? Af því að ekki var hægt að koma því fram á réttum forsendum. Má t. d. um þetta nefna Álftaverssímann. *(GSv:* Hver dæmir um það?) Einnig má nefna símalagningar í Borgarfjarðarsýslu, Húnavatnssýslu og ýmsum öðrum sýslum landsins. — Af þessum ástæðum mun ég ekki geta greitt þessari þáltill. atkv. mitt.

Ég var dálítið undrandi yfir því, þegar hv. þm. A-Húnv. sagði, að aðalatriðið væri ekki að byrja á raforkuframkvæmdum á þeim stöðum, þar sem aðstaðan til þess er bezt. En hann vill endilega láta þá staði, þar sem aðstaðan er bezt til þess að koma raforkumálum í framkvæmd, bíða þangað til hinir staðirnir eru búnir að fá rafmagn til sín. En það vil ég ekki. Og ég er ekki svo illgjarn, að ég geti ekki unnt stöðunum, sem betri aðstöðuna hafa í þessu tilliti, að fá rafmagn, þótt ekki sé um leið hægt að koma rafmagninu til strjálbýlisins. Ég álít farsælast fyrir framkvæmd raforkumálanna í landinu, að einstaklingar fái einnig að taka þátt í því að hrinda þeim í framkvæmd. Það er sameiginlegt um flest stórmál, að farsælast er, að framkvæmd þeirra verði fyrir framtak einstaklinga, héraða og ríkis, þannig að sameiginlegt átak þessara aðila verði til þess að lyfta þeim. Og þannig verða langminnst fyrir borð bornir hagsmunir þeirra manna, sem bezt þarf að gæta. — Hv. þm. A-Húnv. sagði, að fólkið mundi ekki þola þann mismun á þægindum til lengdar, að allir fengju ekki rafmagn til sín. En það sama má þá alveg eins segja um hitaveitur. Málið má ekki takast upp á svo þröngum grundvelli, heldur á þeim grundvelli, sem ég hef lýst sem skoðun minni á málinu.

Þá var hv. þm. A-Húnv. að tala um æði, sem hefði gripið fólkið í sambandi við þessi rafmagnsmál. En það er ekki undarlegt, þó að fólkið hafi mikinn áhuga fyrir þessum málum þar, sem hægt er að koma þeim í framkvæmd. Og hv. þm. skyldu sjá, hvaða æði mundi grípa fólk um allar sveitir, þegar búið væri að ákveða með l., að ríkið skyldi sjá fólkinu fyrir rafmagni í hverri sveit og hverju koti á landinu. Því að raforkumálin eru ein hin

mestu áhugamál landsmanna allra nú. Og þess vegna er það líka, að allir, sem til þess hafa getu, eiga að taka saman höndum um að koma rafmagninu heim til sín, hvort sem þeir búa í sveit eða við sjó.

En langmestu erfiðleikarnir í raforkumálunum eru þeir, hve erfitt er að senda rafmagnið. Það er vitanlegt, að mörg sveitabýli vildu fá rafmagn frá Sogsvirkjuninni á sínum tíma. En það hefur ekki verið framkvæmt vegna þess, að það kostar svo mikið að breyta spennunni, þegar rafmagn er tekið af háspennuleiðslu. Þess vegna er það ákaflega víða í sveitum, að það kostar minna að virkja sérstaklega eða að koma rafmagnsstöð upp á annan hátt fyrir hvern bæ, og það þótt aðstaðan sé ekki neitt sérstaklega góð til þess, heldur en að leiða rafmagn heim á bæinn af háspennulínu, því að til þess þarf svo dýra spennustöð og leiðslu. Í Skaftafellssýslu hafa t. d. verið reistar margar rafstöðvar, sem hver er aðeins fyrir einn bæ.

Vil ég þá snúa mér að því, sem hv. þm. Borgf. sagði. Ég vil benda honum á, að ég las meira en nál. Ég las líka tvær þáltill., sem hafa verið samþ. hér á hæstv. Alþ. í sambandi við þetta mál. Og ég held, að ekki sé hægt að segja annað en að einmitt sé farið hér inn á nýja braut. Það var samþ. á Alþ. 3. marz 1944 þál. út af þessu ákveðna máli, sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess, með fjárframlagi úr ríkissjóði eða lántöku og ábyrgð fyrir hönd ríkissjóðs, að hafin verði smíði á vélum og nauðsynlegu efni í fyrirhugaða virkjun Andakílsár.

Jafnframt fellur niður heimild sú, er ríkisstjórninni var veitt með þingsályktun um sama efni frá 12. apríl 1943."

Hér er í raun og veru alveg ákveðið með þessari heimild, að ríkissjóður skuli standa að öllu leyti undir þessum framkvæmdum, sem hér er til tekið að gera. En með brtt. á þskj. 830 er því alveg slegið föstu, að 15% af þeirri áhættu, sem fylgir rafvirkjun á þessum stað, sem hér er nú um að ræða, skuli hvíla á viðkomandi héraði, ef þessi brtt. verður samþykkt. Og ég tel þetta ákaflega mikla stefnubreytingu. Ég mun því fylgja þessari brtt., en mun bera fram skrifl. brtt. til viðbótar síðar.

En ég vil benda á það, að þegar búið er að samþ. ábyrgð þessa fyrir Andakílsárvirkjunina og einnig fyrir Siglufjörð og fleiri staði og farið er að reka þessar raforkuveitur, e. t. v. með hagnaði, þá hygg ég, að erfitt verði fyrir það opinbera að koma svo aftur og taka þessar stöðvar eða virkjanir af þessum héruðum. Það kann vel að vera, að mögulegt sé að gera það, en erfitt hygg ég að það muni vera. Það kann vel að vera, að verjanlegt væri að gera það t. d. gagnvart Andakílsfossavirkjuninni, ef rafmagn væri þar fyrir hendi, sem hægt væri að dreifa út um héraðið. Og ef Dynjandi yrði virkjaður fyrir Vesturland og það yrði gróðafyrirtæki, sem ég veit ekki, hvort verða mundi, ef til kæmi, þá veit ég ekki, nema það kynni að vera hæpið, að ríkið gæti sagt: Við viljum taka þetta orkuver og ráða ykkar rafmagnsverði, þó að þið standið að fullu við skuldbindingar ykkar vegna virkjunarinnar. — Þess vegna er hér farið inn á nýja braut með þessari brtt., sem ég út af fyrir sig er ekkert að harma. Ég tel frekar hægt að koma þessum rafmagnsmálum í framkvæmd, ef þeir menn, sem áhuga hafa fyrir þessum málum, fá að hjálpa ríkissjóði til þess að koma þeim í framkvæmd.

Það er því sjálfsagt, að ríkið hafi sterkara eftirlit með þessu en verið hefur hingað til. Þess vegna leyfi ég mér að bera fram brtt., sem hljóðar þannig: „Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, er ráðuneytið samþykkir". Þetta er sagt í öllum hafnarl., og ég tel óverjandi, að ríkissjóður gangi í ábyrgð fyrir 85% af kostnaðarverði, nema slík ákvæði fylgi. Þá ber ríkið ábyrgð á því, sem gert er, og getur fylgzt með því, sem fer miður en skyldi, sbr. það, sem hefur verið gert á Siglufirði.

Ég vil svo leyfa mér að afhenda hæstv. forseta þessa brtt. og vænti, að hún verði samþykkt.

Forseti (GSv): Eins og hv. þm., sem seinast talaði, hefur tilkynnt, þá er fram komin skrifl. brtt., eins og hann greindi. Þarf tvöföld afbrigði, til þess að till. geti legið fyrir til umr. Annars lítur út fyrir, að ekki verði hættulegt, þó að brtt. kæmist ekki að nú, því að umr. verður sýnilega ekki lokið að þessu sinni. Enginn úr hæstv. stj. er við, og bekkir þm. ekki fullskipaðir. Ég skal láta þess getið, að næsti fundur verður ekki á morgun, heldur hinn daginn. Ég tel, að fyrir forms skuld verði samt að leita eftir, hvort hægt er að koma þessari skrifl. brtt. að nú.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 946) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Bjarni Ásgeirsson: Herra forseti. — Mig langar til að segja nokkur orð um þetta mál, sérstaklega þá brtt., sem hér liggur fyrir, og í tilefni af því, sem fram hefur komið frá hv. þm. A-Húnv.

Hv. þm. A-Húnv. hóf mál sitt á því að ræða um heildarstefnuna í rafmagnsmálum, og virtist mér ræða hans frekar eiga heima við mál, sem hann boðaði, að bráðum mundi koma fram í þinginu, en liggur ekki fyrir enn þá. Ég vil segja eins og hv. þm. Borgf., frsm. fjvn., að sú stefna, sem hann ræddi um í sambandi við það mál, liggi ekki endanlega fyrir í sambandi við meðferð þessa máls, og skal ég koma að því síðar.

Hann talaði um, að ef haldið yrði áfram að virkja fyrir kaupstaðina og sveitirnar skildar eftir, þá væri sveitunum voði búinn og þær mundu bráðlega leggjast í auðn. Ég skal ganga inn á, að þetta sé svo, en ég sé ekki, að það hafi nokkur áhrif á þetta mál, þó að brtt. þessa hv. þm. sé samþ., vegna þess að með þeirri brtt. er ætlazt til, að

gert sé nákvæmlega það sama og ætlazt er til samkvæmt till. sjálfri, það á að virkja Andakílsárfossa, og þar er gert ráð fyrir sömu virkjun og farið er fram á með aðaltill. og ætlazt til, að byrjað verði á að virkja fyrir kauptúnin Akranes og Borgarnes og þær sveitir, sem liggja þar í kring, svo að í því er engin stefnubreyting, þó að brtt. verði samþykkt.

Hv. þm. segir, að sú tilhögun, að ríkið eigi rafveiturnar og selji orkuna til allra, sé sú stefna, sem hann og n. berjist fyrir, og sú stefna, sem hann álíti, að bjargi öllu í þessu máli. Það má vel vera, að svo sé, en ég sé ekki annað en að sú stefna geti sigrað, hvort sem þessi virkjun er ákveðin samkv. till. fjvn. eða ekki, því að virkjunin á að vera sú sama eftir báðum till., en svo sker framtíðin úr, hvaða tilhögun verður höfð, þegar rafmagnið verður leitt víðar út um byggðir landsins. Og þó að ég sé ákveðið á móti brtt., þá neita ég því alveg, að ég sé þar með að marka fyrir mitt leyti þá stefnu, sem ég á sínum tíma kann að taka yfirleitt í þessum málum. En aðalástæðan fyrir því, að ég er á móti brtt., er sú, að ég býst við, að ef hún er samþ., þá verði það eingöngu til þess að torvelda framkvæmd þessarar virkjunar og tefja hana um ófyrirsjáanlegan tíma.

Það liggur fyrir frá fjvn., að hæstv. stj. hafi lagt á móti þeirri meðferð, sem farið er fram á í brtt., og lagt með því, að aðaltill. eða sú tilhögun, sem fjvn. fylgir, verði samþ. Og þar sem það er vitað, að sá er vilji hæstv. stj., þá höfum við flm. enga vissu fyrir, að hæstv. stj. muni samþ. þá heimild, sem henni yrði gefin með brtt. um framkvæmd málsins, a. m. k. meðan ekki liggur fyrir yfirlýsing hæstv. stj. um, að hún samþ. þá heimild, þá getum við eins búizt við, að ef brtt. yrði samþ., þá yrði það til þess, að sú framkvæmd, sem fyrirhuguð er í þessu máli á næsta ári, stöðvaðist í bráð og jafnvel um óákveðinn tíma. Enn fremur er það rétt, sem kom fram hjá hv. þm. Barð., að það er ekki okkur vitanlegt, að hæstv. stj. hafi til umráða nokkurt fé til að verja í þessu skyni. Það er vitað, að nú er búið að ganga frá fjárl. og ráðstafa öllum tekjum, sem hæstv. stj. hefur yfir að ráða, og ég held öllum tekjuvonum, sem hæstv. stj. eða þingmeirihl. hefur komið sér saman um að afla stj. á þessu þingi. Það liggur því ekkert fyrir um það, að til sé fé til að framkvæma þetta á næsta ári eða vilji hjá hæstv. stj. til að framkvæma það, og þegar það liggur fyrir, getum við flm. eins búizt við, að samþ. brtt. verði eingöngu að fótakefli þessu máli, sem er langt á veg komið, eins og hv. þm. Borgf. hefur lýst rækilega og hv. þm. er kunnugt. Af þessum ástæðum treysti ég mér ekki til að vera með brtt., þó að ég vilji engu slá föstu um það, hvaða stefnu ég kynni að fylgja í raforkumálum, þegar þau liggja fyrir til úrslita hér á þingi.

Ég vil minna á, að upphaflega, þegar samþ. var þál. hér á þingi um þetta efni, þá var engu slegið föstu um, hverjir framkvæmdu verkið, en látið liggja milli hluta, hvort stj. framkvæmdi það eða hvort þeir aðilar, sem að málinu stæðu heima í héraði, framkvæmdu það. Við flm. gengum inn á þessa lausn málsins, tilbúnir til að beygja okkur undir hvora aðferðina sem væri, en þegar til kom, varð það þannig, að stj. óskaði ekki að nota þá heimild, sem hún hafði til að framkvæma verkið sjálf, heldur vildi hún láta aðilana sjálfa hafa það með höndum. Ég get því ekki séð, að þótt aðaltill. yrði samþ., þá sé hún nokkuð fremur en brtt. brot á þeirri stefnu, sem þessi hv. þm. vill, að upp sé tekin í rafmagnsmálum hér á landi, því að hún er ekkert nema áframhald af þeirri stefnu, sem hefur verið tekin á undanförnum þingum af þingi og stj. um framkvæmd þessa máls, meðan þetta bráðabirgðaástand ríkir í þessum málum og þingið er ekki búið að skapa sér fasta framtíðarstefnu. Og sé ég ekki ástæðu nú frekar en áður að taka þetta eina fyrirtæki út úr, áður en sýnt er, hvað þingið ætlar sér í hinum stærri málum, því að þótt nú væri samþ., að ríkið framkvæmdi þetta verk, þá er engin vissa fyrir því, að hv. þm. A-Húnv. og þeir, sem svipað líta á þessi mál, gætu fengið framgengt öðrum atriðum stefnu sinnar í þessu máli eða öðrum, sem er miklu meira um vert í rafveitukerfinu en þessi litla virkjun.

Hv. þm. segir, að þessi virkjun sé fyrir kaupstaðina eina, en sveitirnar eftir skildar og að það væri ekki þægilegt fyrir sveitir Borgarfjarðarsýslu, þegar þær vildu hefjast handa um að afla sér rafmagns. Þessi fullyrðing hans er byggð á nokkrum misskilningi á þessu máli, vegna þess að eins og hann ætti að vita, þá eru það sýslurnar, Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla, ásamt Akraneskaupstað, sem eiga að standa að þessari virkjun. Sýslurnar ráða algerlega þeirri stefnu, sem upp verður tekin í málinu innan héraðsins. Þess vegna eru það sýslurnar, sem geta ráðið frekari framkvæmdum og hverjar þær verða og hvenær hafizt er handa um auknar framkvæmdir til að leggja rafveitur um héraðið. Undirbúningur málsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu er því hér alveg sá sami og hann og félagar hans vilja koma á fyrir landið í heild. Sýslurnar, sveitirnar, hafa algerlega meirihlutaaðstöðu í málinu, svo að óðar en möguleikar eru fyrir hendi til að leggja rafveitur út um héraðið, þá hefur dreifbýlið aðstöðu til að ráða öllu um framkvæmd málsins. En það er ekki hægt að ráðast nú í stærri virkjun en svo, að hún nái til þéttbýlisins, til að fá þar með grundvöll undir frekari virkjun fyrir sveitirnar, þær tekjur, sem yrðu af virkjun og rafveitu til fjölmennra kaupstaða, geta orðið til að lyfta undir aukna virkjun og útþenslu rafmagnsnetsins um héraðið. Ég held, að þannig sé frá þessu máli gengið, að einmitt þeir, sem bera dreifbýlið fyrir brjósti, nauðsyn þess og þarfir, geti mjög vel unað við þessa tilhögun málsins, og ég vil undirstrika það, að ef þessari virkjun verður haldið áfram á þeim grundvelli, sem hv. fjvn. leggur til, þá gerist ekkert, sem staðið gæti í vegi fyrir, að þetta fyrirtæki geti fallið inn í frekari útþenslu, hvort sem er í héraðinu sjálfu eða heildarkerfi landsins alls.

Ég harma það, að þær till., sem hv. þm. A-Húnv. boðaði, að lægju fyrir frá mþn., skyldu ekki koma fram fyrr á þinginu en nú. Við flm. höfum alltaf búizt við að verða að beygja okkur fyrir þeim ákvörðunum, sem þar yrðu teknar í þessu máli. En þegar þær liggja ekki fyrir, þá getum við ekki unað því, að það eigi að verða til að hefta framgang þessa máls, sem nú þegar er vel undirbúið og getur því orðið til að bæta úr þeirri miklu þörf, sem dreifbýlið hefur fyrir rafmagn, sem er svo mikil, að hv. þm. A-Húnv. komst svo að orði, að það væri því líkast, að æði hefði gripið fólk um þessar framkvæmdir. Ég kann ekki vel við þá lýsingu á þeim áhuga, sem hefur komið fram á undanförnum árum hjá fjölda byggða, bæði þéttbýli og dreifbýli, að kalla það æði, því að það sýnir, hvað fólkið hefur lifandi áhuga í þessu máli, og meðan ekkert liggur fyrir frá mþn., þá vil ég ekki, að starf hennar verði til að draga úr og aftra framkvæmdum í þeim héruðum og hjá þeim mönnum, sem hafa sýnt mestan áhuga og dugnað við að koma þessum málum fram.

Ég vil því að lokum endurtaka þá yfirlýsingu mína, að ég tel, að atkv. mitt í þessu máli, sem verður gegn þeim brtt., sem hér liggja fyrir, segi ekkert um, hver afstaða mín verður til raforkumálanna í heild, þegar þau liggja fyrir, og að afstaða mín mótast eingöngu af því, að ég vil ekki tefla þessu máli í meiri tvísýnu en þörf er á, því að það eru samt nógir erfiðleikar, sem liggja fyrir slíkum málum hér á landi.

Við brtt. hv. þm. Barð. hef ég ekkert að athuga. Ég tel hana sjálfsagða, og ég get lýst yfir fyrir mitt leyti og ég býst við f. h. okkar beggja flm., að ekkert sé við það að athuga, að hún sé samþ. Hún er í samræmi við það, sem áður hefur verið gert til að ríkisvaldið geti fylgzt með í slíkum málum.

Skúli Guðmundsson: Hv. þm. A-Húnv., sem er 1. flm. að þeirri brtt. á þskj. 837, sem við fjórir flytjum, hefur gert grein fyrir, á hverju hún er byggð, og þarf ég ekki að bæta miklu þar við, en ég vil þó fara um málið nokkrum orðum, m. a. vegna þeirra andmæla, sem fram hafa komið gegn þessari brtt. okkar.

Ég held, að í sambandi við þetta mál sé gott fyrir okkur að rifja upp, hvernig framkvæmdum hefur verið háttað í þessum raforkumálum hér á landi á undanförnum árum. Það er svo, að það hafa verið reistar nokkrar stöðvar í landinu, smáar rafstöðvar, bæði fyrir einstök heimili og einnig fyrir nokkur kauptún, bæði vatnsaflsstöðvar á fáum stöðum og eins rafstöðvar, þar sem rafmagnið er framleitt með mótorvélum. Til skamms tíma mun það hafa verið þannig, að þessar smástöðvar hafa verið settar upp án nokkurrar aðstoðar frá ríkinu. Síðar færist það meira í það horf, að það, sem gert hefur verið í þessum efnum, hefur verið gert með stuðningi ríkisins, og á það a. m. k. við um allar hinar stærri framkvæmdir í þessum málum. Öllum hinum stærri rafstöðvum, sem reistar hafa verið, hefur verið komið þannig upp, að ríkið hefur veitt ábyrgð fyrir svo að segja öllu og í mörgum tilfellum öllu því fé, sem til framkvæmdanna hefur þurft. M. ö. o., þetta hefur verið þannig, að einstök bæjar- og sveitarfélög munu hafa staðið að þessum framkvæmdum og haft stjórn þeirra að öllu leyti í sínum höndum, en ríkið í raun og veru borið áhættuna.

Það er einnig ástæða til að minna á það í þessu sambandi, hvernig þessi fyrirtæki hafa verið rekin, þessar stærri rafveitur. Rafveitan við Sogið í Árnessýslu, sem Reykjavíkurbær kom upp með aðstoð ríkisins, er nú tíu ára gömul, og eftir því sem ég veit bezt, mun vera eitt sveitaheimili þar eystra í grennd við rafstöðina, sem hefur fengið rafmagn frá þeirri stöð. Aflið er tekið úr vatnsfalli í Árnessýslu, en engir héraðsbúar fá nein not þess nema eitt sveitaheimili. Öll veitan fer eingöngu til að mæta þörfum Reykjavíkur fyrir rafmagn. Fyrir nokkrum árum var einnig reist stór stöð við Laxárfossa í Þingeyjarsýslu. Akureyrarbær stóð að þeirri virkjun og fékk til þess sams konar aðstoð og Reykjavík hafði fengið, og líklega hefur enginn sveitabær fengið rafmagn frá þessari stöð, ekki einu sinni þeir, sem allra næst liggja, heldur er raforkan eingöngu notuð af Akureyringum. Þetta er gott og blessað frá sjónarmiði þeirra, sem telja, að rafmagnið eigi ekki að fara út um sveitirnar, því að það eru því miður til menn, jafnvel hér á þingi, sem hafa látið uppi þá skoðun, að það sé til ills eins að veita rafmagni út um sveitirnar, því að það tefji fyrir þeirri sjálfsögðu þróun, að þær leggist í auðn og fólkið flytji til annarra staða. En frá sjónarmiði þeirra, sem líta öðruvísi á þetta mál og telja það lífsskilyrði fyrir sveitirnar að fá rafmagn, er ómögulegt að telja þessa stefnu, sem fylgt hefur verið að undanförnu, æskilega. Ég hygg, að ef fram kæmu óskir til Reykjavíkur- og Akureyrarbæjar frá þeim, sem næst búa þessum orkuverum, að fá þaðan rafmagn, þá sé óhætt að gera ráð fyrir, að þær óskir yrðu ekki teknar til greina. Það er þessi stefna eða stefnuleysi, sem ríkt hefur að undanförnu, sem knúði mþn. til að leita markvissari stefnumiða og reyna að fá þau viðurkennd.

Við teljum, að ekki eigi að fara lengra á þeirri braut, að ríkið leggi fram allt fjármagnið til að koma upp stórum rafveitum fyrir einstök kauptún og kaupstaði, án þess að hafa nokkra íhlutun um stjórn fyrirtækjanna, en allir aðrir eigi að bíða í vonleysi um að fá bætt úr sínum þörfum. Mörg smærri kauptúnin verða þá út undan engu síður en sveitir, jafnvel þótt í námunda sé við stórar stöðvar. Við, sem flytjum brtt. á þskj. 837, teljum ekki mega fresta því að taka upp nýja stefnu, taka upp ríkisvirkjun, sem fullnægi ekki aðeins þörfum hinna stærri kauptúna, heldur alls almennings í nærliggjandi byggðum við orkuver og aðalleiðslur. Það er engin hagsýni að hefjast ekki þegar handa um framkvæmdir á þeirri braut, sem við verðum síðar að fara, og nauðsyn er að láta ekki fleiri mistök verða en orðin eru sakir stefnuleysisins.

Undirbúningur ríkisvirkjana er þegar nokkur orðinn, og löggjöf um þau efni verður að skapast innan skamms. Í nóv. s. l. hafði mþn. í raforkumálum lokið að semja frv. til raforkulaga. Þetta frv. lá alllangan tíma hjá ríkisstj. til athugunar. En þegar nm. fengu að vita, að ríkisstj. sæi sér ekki fært að taka það til flutnings, ákváðum við að flytja það, og verður því væntanlega útbýtt á morgun í þinginu.

Alþingi hefur ákveðið, að ríkið setji upp rafveitu til Keflavíkur, og er að henni unnið og ákveðið að hún fái rafmagn frá Sogsfossum. Brtt. okkar um nýja skipun Andakílsárvirkjunar er í samræmi við þá stefnu, sem þar var tekin, þótt raforkulagafrv. okkar sé ekki orðið að lögum. Hér er einnig á dagskrá Reykjanesrafveitan, sem gert er ráð fyrir í framhaldi Keflavíkurrafveitunnar til tveggja þorpa á Suðurnesjum, og ýmsir þm. hafa flutt viðaukatill. um, að ríkisstj. fái heimild til að kaupa efni í fleiri veitur, bæði frá Sogsvirkjun og Laxárvirkjun. Brtt. er í samræmi við þessar ráðagerðir um ríkisframkvæmdir á þessu sviði.

Ég á bágt með að skilja, hvers vegna hv. þm. Borgf. og hv. þm. Mýr. geta ekki fallizt á brtt. okkar. Báðir vilja þeir, að rafmagnið verði leitt út um sveitirnar. Þeir hafa fyrir augum þá reynslu, sem ég gat um, að byggðunum verður ekki gagn að rafveitunum með því lagi, sem verið hefur. Bent hefur verið á, að framkvæmd þessarar virkjunar er alveg jafntrygg, þótt brtt. verði samþ., því að engin ástæða er til annars en ætla, að ríkisstj. færi þar að vilja Alþ. Að vísu er brtt. orðuð sem heimild. En ef það þætti betra, mundum við flm. fúsir að breyta því orðalagi og segja: Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta byggja o. s. frv. En hin till. er líka í heimildarformi, svo að okkur þótti rétt að velja þá leið.

Hv. þm. Barð. lýsti sig eindregið andvígan till. okkar. Ég fæ ekki skilið það, ef hann hefur nokkurn áhuga á, að fleiri en íbúar kaupstaða og kauptúna fái rafmagn. Hann segir, að ef ríkið eigi að gera þetta, þá verði sveitirnar að bíða, eins og þær hafi orðið að bíða eftir símanum. Þó að framkvæmdir í símalagningum hafi ekki orðið eins hraðar og æskilegt hefði verið, hefur nú mikið á unnizt. Þar er raunar og sá munur, að menn hafa mikil not símans, þótt bæjarleiðir þurfi að fara að ná til hans, en rafmagns hafa menn ekki not, nema þeir fái það heim til sín. Eftir að rafveitur væru komnar í héruðin, yrði reynt að hraða lagningum aukalína eftir megni. Hv. þm. Barð. finnur það að till. okkar, að ekkert sé þar um fjáröflun ríkisins til verksins. Um þetta talaði hv. þm. Mýr. einnig. Það þarf vitanlega að sjá ríkissjóði fyrir fé til þessa, og auðvitað er leikur einn að afla fjárins með lántökum á líkan hátt og flm. þáltill. gera ráð fyrir, og er ekkert erfiðara fyrir ríkið samkv. okkar till., því að ríkið tekur ábyrgðina hvort sem er. Við sáum ekki ástæðu til að flytja till. um fjáröflun, fyrr en sæist um afdrif brtt.

Ég sé ekki, að það hafi við nein rök að styðjast, sem hv. þm. Mýr. heldur fram, að samþ. brtt. okkar mundi torvelda framkvæmd málsins. Það er hægt að herða á ríkisstj. að gera þetta. Hv. þm. Mýr. segir, að þeirra till. sé beint framhald af fyrri aðgerðum í málinu. En samkv. fyrri heimild gat ríkisstj. gert hvort sem hún kaus heldur, lagt fram fé til að kosta rafveitu eða ábyrgzt fé, sem til þurfti. Hún tók síðari kostinn, sem ég tel lakari. Brtt. okkar getur eins vel talizt beint framhald af fyrri samþ. Alþ. í málinu. Það var ómaklegt í okkar garð, sem fram kom hjá hv. þm. Mýr., að við værum að reyna að tefja fyrir málinu og till. okkar væri dragbítur, ef samþ. yrði. Það hefur ekki við neitt að styðjast.

Umr. frestað.

Á 88. fundi í Sþ., 26. jan., var fram haldið síðari umr. um till. (A. 658, n. 830, 837, 946).

Jón Pálmason: Þegar umr. stóðu um þetta mál hér í fyrradag, komu fram ýmsar aths. í sambandi við till. mína og okkar fjögurra, sem ég finn ástæðu til að fara örfáum orðum um. Þær aths. komu frá tveim hv. þm., hv. þm. Barð. og hv. þm. Mýr., 2. flm. þessarar aðaltill., sem hér liggur fyrir. Enda þótt einn meðflm. minn, hv. þm. V-Húnv., hafi að nokkru leyti svarað sumum af þessum atriðum, þykir mér ástæða til að víkja þar nokkru nánar að.

Hv. þm. Barð. byrjaði ræðu sína á því að gefa yfirlýsingu um það, að enda þótt hann teldi hér skorið úr um þá stefnu, sem taka ætti í raforkumálum þjóðarinnar, gæti hann ekki fylgt brtt. okkar á þskj. 837. Mér kom þessi yfirlýsing mjög á óvart, því að ég gerði ráð fyrir, að þessi hv. þm. að vanda væri það viðsýnn maður að sjá, að hér þýðir ekki að taka út úr einstaka staði á landinu og skaffa þar rafmagn, en skilja hina eftir. Það, sem hann færði þessu til sönnunar, var aðallega tvennt. Í fyrsta lagi það, að ekkert fé væri áætlað á fjárl. varðandi þetta mál, og í öðru lagi hitt, að með þeim hætti mundi verða meiri dráttur á þessum framkvæmdum víðsvegar um landið en ella mundi. Viðvíkjandi því, að ekki sé veitt fé til þessarar virkjunar á fjárl., er það náttúrlega kunnugt og rétt og hefur í sjálfu sér aldrei verið til þess ætlazt, hvorki af okkur né neinum öðrum, að þessar framkvæmdir væru gerðar með fjárframlögum, heldur eins og hv. þm. V-Húnv. vék að, með lántöku, og ef till. okkar verður samþykkt, er innan handar fyrir hæstv. ríkisstj. að afla sér, áður en þingi slítur, lánsheimildar til þessa verks. Ég fæ ekki með nokkru móti séð, að það breyti nokkru um, hvort hægt sé að framkvæma verkið eða ekki, hvort fé sé tekið á ábyrgð ríkisins eða af ríkisstj. fyrir hönd ríkissjóðs. Það er nákvæmlega sama upphæðin, sem þarf til framkvæmdanna, hvora leiðina sem farið er. Það leiðir því af sjálfu sér, að það sem hv. þm. Barð. talaði um í þessu sambandi og rétt var, að það væri ekki veitt fé á fjárl., kemur í sjálfu sér ekki þessu máli við.

Það, sem hann nefndi í sambandi við ríkisreikninginn 1941, var rétt, og ég tók það ekki sem nein ásökun fælist í því til okkar yfirskoðunarmanna,

því að það kom ekki þannig fram, en ég tel, að það komi ekki neitt þessu raforkumáli við. Hvað viðvíkur hinu, um dráttinn, þá er nokkur ástæða að víkja örfáum orðum að því. Ég býst við, af því að ég þekki hv. þm. Barð. að því að vera glöggan mann og slyngan í fjármálum, að honum hljóti að vera ljóst, að aldrei hefði komið jafnmikið af vegum, símum og brúm hér á þessu landi og er, ef einstök héruð eða félög hefðu átt að koma þeim framkvæmdum á. Það er einmitt vegna þess að ríkisvaldið hefur staðið fyrir því með því fjármagni, sem það hefur átt yfir að ráða, að þessi mál eru þó komin það langt á leið sem þau eru, þótt mikið vanti á, að vel sé í þeim efnum. Það er nokkuð líkt ástatt með þessar raforkuframkvæmdir og símann, að til þess að nokkurt vit sé í framkvæmdunum, þarf að byggja á því að fullnægja þörfum talsvert fjölmennra héraða samtímis, svo að það komi að gagni. Þegar landssíminn var upphaflega lagður, var hann strax lagður á aðalleiðunum, og það mundi eins verða í þessu tilfelli. Ég get þess vegna ekki fallizt á þessa röksemd hv. þm. Barð., enda þótt henni sé mjög á lofti haldið, ekki eingöngu af þessum hv. þm., heldur mörgum öðrum, sem eru því andvígir að fara þá leið, sem við í meiri hl. raforkumálan. teljum rétt að farin sé í þessu sambandi.

Þá var það einn misskilningur, sem hlýtur að vera, sem fram kom í ræðu hv. þm. Barð. Hann sló því fram, að það hefði verið á mér að skilja eins og ég vildi láta virkja fyrir þá staði fyrst, sem lakasta hefðu aðstöðuna. Þessi misskilningur er alveg tilefnislaus af minni hálfu, vegna þess að það, sem ég hef um það sagt og við um það skrifað, gefur ekki tilefni til neinna slíkra ályktana. Það, sem við leggjum áherzlu á, er að virkja samtímis fyrir hvert það svæði, sem á að nota hverja virkjun, eða skipuleggja það að minnsta kosti þannig, að hægt sé að fullnægja þörf þeirra nærliggjandi héraða, sem hlut eiga að máli. Því til sönnunar, að þetta er okkar skoðun, er það, að við viljum koma í veg fyrir, að það sé einungis virkjað fyrir fjölmenna kaupstaði, en sveitirnar í kring skildar eftir og útilokaðar þannig, því að við sjáum ekki að nokkrar líkur séu til, að tækifæri eða ástæður aðrar gefi tilefni til þess, að mögulegt verði að fá rafmagn í þær, eftir að sú aðferð hefur verið viðhöfð. Hér er því ekki um það að ræða, að við viljum eða látum okkur detta í hug að láta virkja fyrst fyrir þá staði, sem lakasta hafa aðstöðuna, heldur, að það sé gert samtímis á hverju því svæði, sem virkjunin nær til. Hitt er náttúrlega, eins og gefur að skilja, óákveðið mál, á hvaða virkjunarstöð verður byrjað, þegar þessum framkvæmdum er lokið, sem hér eru til umr. og ætlazt er til að nái fyrst og fremst til Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og þeirra kauptúna, sem þar eru, en mundu þó að öllum líkindum ná til víðara svæðis.

Það kemur í sjálfu sér ekki þessu máli við, sem hv. þm. Barð. talaði um, að við gætum alveg eins í sveitum landsins heimtað heitt vatn, eins og t. d. Reykjavík, eins og að heimta rafmagn. Það er ólíku saman að jafna, því að því miður eru mjög fáar sveitir, sem hafa tækifæri til að fá þau þægindi, svo að við getum ekki borið það saman.

Þá er það síðasta, sem ég vildi víkja að í sambandi við ræðu hv. þm. Barð. og eru mjög athyglisverð ummæli, að hann sagði, að hann teldi, að ekki væri unnt eða að minnsta kosti væri mjög hæpið að taka virkjunarframkvæmdir af einstökum félögum eða einstökum kauptúnum, ef þau fyrirtæki bæru sig og stæðu að öllu leyti undir þeim skuldbindingum, sem þau hafa tekið á sig. Hérna er einmitt nákvæmlega gripið á kýlinu, gripið á því höfuðágreiningsefni, sem um er að ræða, og það er, að um leið og farið er inn á að virkja fyrir fleiri kaupstaði og fleiri kauptún og þeim tryggð raforkuframlög, eftir því eru minni líkur til, að strjálbýlið í kring fái nokkurn tíma að njóta þessara þæginda. Við höfum í því efni talsverða reynslu, eins og hv. þm. V-Húnv. benti á í ræðu sinni í fyrradag, og það er augljóst mál, að ef haldið er áfram á þeirri braut, þá skapar hver ný virkjun, sem gerð er fyrir kauptún eða kaupstaði, meiri örðugleika á því, að hægt sé að fullnægja raforkuþörf úti í strjálbýlinu á nálægri tíð. Það, sem gerir það að verkum, að þessi ágreiningur liggur hér fyrir í þessu sambandi, er náttúrlega það, og það þýðir ekkert að leyna því, að ef raforkan er virkjuð eingöngu fyrir kaupstaðina, þá verður hún ódýrari þar en ef strjálbýlið er tekið með. Og það, sem þeir menn óttast, sem þar eiga hlut að máli, er, að þeir þurfi að borga raforkuna hærra verði, ef hún er tekin sameiginlega fyrir sveitirnar og kauptúnin, heldur en ella, ef kauptúnin eða kaupstaðirnir eru teknir eingöngu. Þetta er eiginlega sá grundvallarágreiningur, sem hér er um að ræða og veldur því, hversu það virðist erfitt uppdráttar að fá til vegar komið að skipuleggja þetta stórmál fyrir hagsmuni landsins í heild.

Þá eru nokkur atriði í ræðu hv. þm. Mýr., sem er 2. flm. að þessari till., sem gefa tilefni til þess að segja nokkuð meira, enda þótt hann væri í flestum greinum inni á sömu línu og hv. 1. flm. og hv. þm. Barð. í þessu máli. Hann sló því föstu, sem mér þykir undarlegt, að nokkur greindur maður skuli gera, að þó að þessi till. yrði samþ., hefði hún engin áhrif á, hvaða stefna yrði tekin í þessum málum. Mér þykir þetta mjög undarlegt, vegna þess að þetta virðist liggja í augum uppi. Það fylgir þessari till. heil hrúga af ábyrgðarheimildum til handa ríkissjóði fyrir kauptún og kaupstaði víða kringum land, sem vafalaust verða samþ. á sama hátt og þessi till., ef hún nær fram að ganga í þeirri mynd, sem hún er í hér. Það virðist því skorið úr hér með því, hvort till. verður samþ. eða ekki, hvaða stefna á að verða ofan á hér á Alþ. í þessu stærsta máli, sem fyrir liggur.

Hv. þm. Mýr. var að átelja það, að við í raforkumálanefnd hefðum ekki fyrr lagt hér inn okkar frv. til raforkulaga, og er ástæða til að svara því fáeinum orðum, vegna þess að þær átölur eru tilefnislausar. Við afhentum okkar nál. og frv.

til hæstv. ríkisstj. í nóvembermánuði og óskuðum eftir, að hæstv. stjórn tæki þetta frv. til flutnings, helzt á þessu þingi. Um það fengum við, sem ekki var eðlilegt, ekki neitt ákveðið svar hjá hæstv. ríkisstj., en stuttu seinna, áður en þinghlé var gert fyrir jól, fengum við það svar í þessu sambandi, að ríkisstj. teldi sig ekki hafa aðstöðu til í þingönnum að athuga þetta flókna og stóra mál svo rækilega sem hún óskaði, til þess að hún gæti lagt það fyrir Alþ. áður en því væri nú slitið. Við sáum því, að þess var ekki von, að hæstv. ríkisstj. flytti frv. nú, og er það að vísu leitt, en þegar við sáum, að farið var að hrúga hér inn á Alþ. till. um ábyrgðarheimild upp á margar milljónir eða jafnvel tugi milljóna, því að það voru hvorki meira né minna en 10 slíkar till. á dagskrá hv. Sþ. í fyrradag, þá sáum við okkur ekki annað fært en sýna þetta frv., þótt við gerum engan veginn ráð fyrir, sem varla standa efni til, að það fái afgreiðslu áður en þessu þ. er slitið.

Ýmsir vilja halda því fram, að okkar till. stefni í þá átt að tefja þetta mál, sem hér liggur fyrir, en ég fæ ekki séð annað en það sé misskilningur, því að það er einskis manns ætlun, að það sé tafið fyrir það, þó að ríkinu sé ætlað að annast þessar framkvæmdir, í stað þess að hv. flm. ætlast til þess, að félag geri það. Ég vil spyrja: Hvers vegna ætti það að vera til tafar fyrir Keflavík, að ríkisstj. er falið að annast kaup á efni til þeirrar rafveitu? Þar er að vísu ekki svo um búið sem skyldi, og það mundi sjálfsagt fylgja þeim l., sem samþ. verða í þessu sambandi, en það er þó á réttri línu. Þó að það sé sjálfsagt rétt, sem hv. þm. Mýr. sagði, að fyrrverandi stj. hefði ekki viljað fara inn á það að taka þessa virkjun að sér sem ríkisvirkjun, sem hún hafði þó heimild til samkvæmt till., sem samþ. var í fyrra, þá sannar það ekkert um það, að það mundi verða á neinn hátt til þess að tefja fyrir þessu máli, þó að samþ. yrði sú till., sem hér liggur fyrir frá okkar hálfu.

Þá vildi hv. þm. Mýr. halda því fram, að það væri ekki neitt til tryggingar því, að rafmagn yrði selt sama verði í bæjum og sveitum, þótt okkar till. yrði samþ. En þar er einmitt um aðalágreiningsefnið að ræða, eins og ég hef tekið fram í sambandi við ummæli hv. þm. Barð. í því sambandi, og ef það eru réttar röksemdir hjá honum, að það sé ekki hægt að taka virkjunina af þeim kaupstöðum, sem hafa sett þær upp og þær bera sig vel og fullnægja að öðru leyti sínum skuldbindingum, þá er það víst, að það tefur mjög fyrir því, að rafmagnsframleiðslan komi að notum úti um hinar strjálu byggðir landsins.

Þá var hv. þm. Mýr. að tala um það, að það væri mjög illa sagt af minni hálfu að tala um þann áhuga, sem fyrir liggur í þessum málum og kæmi fram í hinum mörgu till., sem lagðar hefðu verið fram um raforkumál á þessu þingi, þegar ég talaði um það sem nokkurs konar æði. Ég skal ofurlítið fara inn á, hvað það er, sem ég á við. Ég á ekki við, að það sé neitt æði í sambandi við Andakílsárvirkjunina, vegna þess að hún kemur alveg inn í það plan, sem okkur kemur saman um að eigi að verða ríkjandi, hvor leiðin sem þar verður farin. Það, að farið var að undirbúa þetta mál með efniskaupum o. s. frv., stafaði meðal annars af því, að það var á þinginu 1943 gert bandalag milli þeirra manna, sem standa að þessari virkjun, og hinna, sem stóðu fyrir Sogsvirkjuninni, sem við höfum þegar fengið nokkra reynslu af, hvernig horfir við. Hitt kalla ég æði, að það skuli vera svo, að margir hv. þm. skuli leggja á það höfuðkapp að koma fram með till. um ábyrgðarheimildir einmitt nú, áður en nokkuð er séð um það, hvort mögulegt muni verða að koma á heildarlöggjöf um þetta þýðingarmikla mál, sem við erum að reyna að koma í framkvæmd og búið er að skila áliti um. Ég held þess vegna, með þeirri aðstöðu, sem nú liggur fyrir í okkar landi, svo sem um verðlag og annað, þá hefði það verið skaðlaust, þótt ekki hefði verið gengið lengra í þessu máli á þessu ári fyrr en séð var, hvernig sú heildarlöggjöf yrði, sem ætlazt er til, að sett verði um þessi mál. Það gera allir ráð fyrir því, að það sé komið að stríðslokum, og það eru allar líkur, sem til þess benda, að það verði skammt þess að bíða, að efni til þessara framkvæmda verði ódýrara en nú er. Við höfum fengið upplýsingar um það, í sambandi við þá stórvirkjun, sem nú er verið að byggja og upphaflega var áætlað að mundi kosta 6 millj. kr. og nú er sagt að muni kosta 13 millj., hvað það gildir að flýta slíkum þýðingarmiklum framkvæmdum á þeim tíma, sem verðbólgan er sem allra mest. Ég held þess vegna, að það væri öllum fyrir beztu, að það væri ekki gengið lengra í þessum efnum en það að halda áfram þeim virkjunum, sem búið er þegar að panta efni til, og það verður að láta sitja fyrir að koma á þeirri heildarlöggjöf, hvernig svo sem hún verður, sem stendur til að setja um þessi mál á næsta þingi. Mér þykir það raunalegt, að það skuli vera lagt á það jafnmikið kapp af hv. þm. og nú er að gera ákvarðanir eins og þessi till. gerir ráð fyrir, og gera ákvarðanir, sem torvelda það á allan hátt að koma löggjöfinni í það horf, að málið sé skipulagt fyrir landið í heild sinni.

Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til þess að sinni að fjölyrða meira um þetta mál, en vænti þess, að fyrir þeim hv. þm., sem hafa verið við þessar umr., liggi það ljóst fyrir, hvað það er, sem er hér deiluefni í sambandi við þessi stóru rafmagnsmál.

Sigurður Thoroddsen: Með því að mér hefur óbeint verið blandað inn í þessar umr. sem nm. í raforkumálan. og því hefur verið haldið fram oftar en einu sinni, að ég væri ósammála meiri hl. n. um heildarskipun í raforkumálunum, vil ég taka það fram, að þetta er fjarstæða, með því að þeim mönnum, sem þetta tala, er ekki kunnugt um afstöðu mína í þessu máli. En í það eina skipti, sem n. lét frá sér fara eins konar stefnuyfirlýsingu í sambandi við umr. um Reykjanesrafveituna, þá bar ekki mikið á milli mín og ann-

arra nm. Ég skal hins vegar taka það fram, og vil geta þess, að það er skoðun mín, að í rafmagnsmálunum hljóti að verða miklar framkvæmdir í framtíðinni, og það er skoðun mín, að heppileg úrlausn þeirra mála fáist ekki nema heildarskipun verði á þeim málum höfð. Ég veit, að þessi verkefni verða það stórfelld, að þau munu taka langt út yfir sérhagsmuni einstakra héraða, svo að mér er ljóst, að hér er þörf á, að nýr aðili komi til. Þess vegna er ég samþykkur því, að ríkið annist orkuvinnsluna og orkuflutninginn. Hvað þetta snertir, er því enginn ágreiningur milli mín og nefndarmeirihlutans. Ágreiningurinn er á öðru sviði, en um það verður tækifæri til að ræða síðar.

Ég skal svo taka það fram um það mál, sem hér er til umr., ábyrgðarheimild fyrir ríkisstj. varðandi Andakílsárvirkjunina, að ég mun greiða atkv. með því máli, því að ég er þess fullviss, að Andakílsárvirkjunin getur fallið inn í heildarskipun raforkumálanna, og í því trausti, þar sem hér er um heimild að ræða, að ríkisstj. geri það eitt í þessu máli, sem þjóðinni í heild er fyrir beztu, mun ég greiða þessu máli atkv.

Frsm. (Pétur Ottesen): Mér virðist, að á málflutningi hv. þm. A-Húnv. og að vissu leyti líka hjá hv. þm. V-Húnv. kenni nokkurs tvíveðrungs, því að jafnframt því, sem þeir láta í ljós brennandi áhuga sinn fyrir því að stuðla að auknum rafvirkjunum í landinu og fara um það mörgum fögrum orðum, þá eru þeir, sérstaklega hv. þm. A-Húnv., að reka hníflana í þær till., sem fluttar eru hér á hæstv. Alþ. og ganga í þá átt að greiða fyrir þessu máli. Það er ákaflega áberandi í málflutningi hv. þm. A-Húnv., að hann amast yfirleitt við öllum þeim mörgu till., sem bornar hafa verið fram á þessu þingi og ganga í þá átt að greiða fyrir framgangi þessa máls. Að vísu segist hann gera það á þeim grundvelli, að þessi mál muni öll verða til tafar og erfiðleika, þegar sú löggjöf, sem hann hefur verið að vinna að í 3 ár og flutt hefur verið inn á þingið, verður samþ. og þegar á að fara að starfrækja þessi mál eftir henni. Ég held, að þetta sé byggt á því, að hv. þm. hafi alls ekki gert sér nægilega grein fyrir því, hvernig þessi mál liggja fyrir hér á Alþ., og ætti hann þó, sem hefur unnið svo lengi að þessum málum, að hafa sett sig nokkuð inn í afstöðu þessara mála hér, eins og þau liggja fyrir, með tilliti til þeirrar löggjafar, sem hann vill nú koma á um þetta atriði. Ég sé ekki af þeim málum, sem hér liggja fyrir á Alþ., að þau hafi fengið daufar undirtektir. Þau eru sum búin að fá endanlega afgreiðslu og önnur hafa fengið afgreiðslu í n., og þeim, sem síðast hafa komið fram, er nú verið að vísa til n. hér, og sé ég ekki, að eitt einasta af þessum málum þurfi að nokkru leyti að rekast á löggjöf þá, sem hv. þm. vill hér koma á um það mál, eða framkvæmd þeirra á nokkurn hátt að verða til tafar.

Því hefur verið áður lýst hér af okkur báðum flm. þessarar till., sem hér er til umr., að þó að sú byrjun yrði hafin á þessu ári, sem stefnt er að, þá þurfi það engan veginn að koma neitt í bága við það, sem ofan á yrði í þessum efnum á næsta þingi og fullkomlega er gert ráð fyrir, að verði ofan á í þessum efnum. Hvernig er þetta svo um aðrar till., sem liggja hér fyrir? Ég man ekki að nefna þær allar, en get drepið á nokkrar. Það er búið að afgreiða hér till. viðvíkjandi rafveitu Keflavíkur, og er það ekki nema partur af því máli, sem afgr. hefur verið, og ekki kemur það mál í bága við þá löggjöf, sem hér um ræðir. Hér er næst á dagskrá till. um áframhald Reykjanesveitunnar, og ekki kemur hún neitt í bága við þessa löggjöf, sem hér um ræðir. Hér liggur fyrir þáltill. um ábyrgðarheimild fyrir Vestmannaeyjar, og ekki kemur hún í bága við þessa löggjöf, þar er um að ræða að koma upp öflugri mótorstöð fyrir Vestmannaeyjakaupstað. Samkvæmt áliti, sem legið hefur fyrir hjá fjvn. frá forstöðumanni Rafmagnseftirlits ríkisins, segir hann, að þó að rafmagnið verði leitt til Vestmannaeyja, sem framleitt væri með fossafli, þá væri þessi stöð nauðsynleg varastöð fyrir Vestmannaeyjar, svo að ekki kemur hún þess vegna neitt í bága við þessa löggjöf. Hér er á ferðinni ábyrgðarheimild fyrir Ólafsvík til þess að endurbæta rafkerfi Ólafsvíkur, endurbótin er miðuð við það, að innanbæjarkerfi Ólafsvíkur geti verið til taks þegar að því kemur, að þangað verði leitt rafmagn frá einhverju fallvatni landsins, og ekki rekst þessi þáltill. neitt á þessa löggjöf, sem hv. þm. talaði um. Hér liggur fyrir till. um ábyrgð fyrir Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp, þ. e. endurbætur á því kerfi, sem þar er komið upp, og ekki kemur það neitt í bága við ákvæði þessarar löggjafar, þó að nokkuð sé stækkað það kerfi, sem búið er að koma upp á Ísafirði. Það liggur hér fyrir till. um ábyrgð fyrir Neskaupstað, það er um endurbætur á bæjarkerfinu þar, og er miðað við það, að þangað verði síðar meir leitt rafmagn frá einhverju fallvatni austanlands. Ekki kemur það í bága við þessa löggjöf, sem hv. þm. var að tala um. Ég nenni ekki að vera að rekja upp allar þessar till., sem hér liggja fyrir um þetta efni, en vildi bara benda á þessi dæmi til þess að sýna, að hv. þm. er að berjast við skuggann sinn, þegar hann er að amast við og sporna á móti því, að þetta mál fái afgreiðslu hér á hæstv. Alþ. Það er ekkert undarlegt í sjálfu sér, þó að svona málflutningur verði ekki ákaflega áhrifaríkur, þegar ummælin stangast svona greinilega á eins og þau gera í þessu máli.

Raforkumálanefnd hefur nú setið með þessi mál nokkuð mikið á þriðja ár. Þetta er náttúrlega stórmál, og er ekkert við því að segja út af fyrir sig, þó að mér sýnist satt að segja nokkurt bráðræði í því hjá hv. meiri hl. n. að unna ekki ríkisstj. nokkurra mánaða tíma til þess að setja sig inn í þetta mál, sem n. hefur þurft svona langan tíma til þess að undirbúa, og verð ég að segja það, að það sýnist ekki nærgætni gagnvart ríkisstj., þó að ég ætti ekki að vera að halda uppi svörum fyrir hana, að gera kröfu til hennar nú um það, að hún athugi þetta mál og leggi fyrir Alþ., áður

en fram er komið nál. frá minni hl. n., sem að einhverju leyti er annarrar skoðunar en meiri hl. Mér finnst því satt að segja það út af fyrir sig ekki tiltökumál, þó að þeir menn, sem eru í andstöðu við ríkisstj., a. m. k. ekki stuðningsmenn hennar, hafi ekki þá tilfinningu fyrir henni að setja þetta mál ekki fram, en þar er allt öðru máli að gegna um hv. þm. A-Húnv., sem er mjög ákveðinn stuðningsmaður hæstv. stj., það er nokkuð undarlegt, að hann skuli taka þátt í því að taka málið þannig út úr höndum hæstv. stj. og flytja það inn á Alþ., og því fremur sem hv. þm. A-Húnv. hefur gengið fram fyrir skjöldu í málflutningi stj. vegna hér á hæstv. Alþ. Mér virðist því gæta nokkurs tvíveðrungs í málflutningi hv. þm. í þessu máli, og tvíveðrungs gætir líka að því er snertir afstöðu hans til hæstv. ríkisstj. hvað þetta mál snertir. Til þess svo að undirstrika afstöðu sína vegna afgreiðslu rafmagnsmálanna hér á hæstv. Alþ., fór hv. þm. A-Húnv. að tala um það, að eiginlega væri það ógerlegt frá fjárhagslegu sjónarmiði að hreyfa slíkum málum nú. Þetta er náttúrlega rétt, það er hátt verð á öllu, sem á þarf að halda til þess að framkvæma eitt og annað, en það er einmitt það, sem bendir mjög áþreifanlega á framfarahug og framtakssemi íslenzku þjóðarinnar, að undir eins og raknaði úr um fjárhag manna til sjávar og sveita, þá horfa þeir ekkert í það, þó að nokkuð sé dýrt að framkvæma hlutina, heldur nota þeir þá bættu fjárhagsaðstöðu, sem þeim hefur fallið í skaut, til þess að hefja framkvæmdir, og það er ekkert undarlegt, þó að slíkur framfarahugur komi fram í slíku nauðsynjamáli sem rafmagnsmálin eru, og ætti það sízt að vekja furðu hv. þm. A-Húnv., því að þetta er ekki nema eðlilegur hlutur í sjálfu sér. En svo fannst mér ekki fara vel saman hjá honum að vera að hreyfa andmælum gegn því, sem væri plan í þessum framkvæmdum, þar sem hann viðhafði þau orð um þá aðila í ræðu sinni í fyrradag, sem hafa sýnt mestan áhuga í þessu máli, sem er félagsskapur Borgfirðinga, er stendur að Andakílsárvirkjuninni, — að þeir væru gæfunnar börn. Hvers vegna voru þeir gæfunnar börn? Af því að þeir höfðu ráðizt í framkvæmdir og fest kaup á efni til rafvirkjunarinnar. Hins vegar er hv. þm. A-Húnv. ekki neinn þátttakandi í þeirri gæfu, því að þegar við hv. þm. Mýr. fluttum frv. um sérleyfi, sem þarf til slíkrar virkjunar, 1943, átti hann hlut að því að beita til þess aðstöðu sinni í mþn. í raforkumálum að koma í veg fyrir, að við fengjum þetta sérleyfi. Það var fyrir frumkvæði okkar hv. þm. Mýr., að flutt var þáltill., sem heimilaði ríkisstj. hvort eð væri að veita ábyrgð fyrir láni til virkjunarinnar eða hefja virkjun og efnið væri keypt fyrir hönd ríkissjóðs. Við áttum frumkvæði að því, og það getur verið, að hv. þm. hafi rétt upp höndina með þessari till., en þar átti hann ekkert frumkvæði og hann beitti afstöðu sinni þannig. En hvað gerði hann til þess að fá ríkisstj. til þess að framkvæma þetta á þeim grundvelli, að ríkið gerði það? Ég veit ekki til, að hann hafi gert neitt til þess. Það var líka fyrir frumkvæði okkar hv. þm. Mýr., að ríkisábyrgð fékkst og nokkuð var gert til þess að kaupa efni til þessarar virkjunar, þar lagði hv. þm. A-Húnv. engan hlut að. Hann hefur kannske ekki gert neitt til að spilla fyrir því, en hann hefur heldur ekki gert nokkurn hlut til þess að hrinda þessu máli áfram. Ég held þess vegna, að það, að þetta framtak ætlar að verða til góðs fyrir Borgfirðinga og aðra þá, sem koma til með að njóta góðs af þessum framkvæmdum, sé ekki fyrir atbeina hv. þm. A-Húnv., hann hefur þar ekkert lagt til þessa máls, sem orðið hafi til þess, að það er komið það áleiðis sem það nú er.

Ég get þá vikið nokkrum orðum að hv. þm. V-Húnv., — þar sem hv. þm. A-Húnv. þurfti að víkja sér frá, — nágranna hans og mjög skoðanaskyldum að því er snertir afstöðuna til þessa máls, ef hann er ekki í svo nauðsynlegum samræðum, að hann mætti vera að því að hlusta á mig. Hv. þm. V-Húnv. varpaði hér fram í sambandi við þetta mál, að Andakílsárvirkjunin væri eingöngu gerð fyrir kaupstaði og kauptún, en gengið væri fram hjá sveitum landsins. Hann varpaði og fram þeirri spurningu, hvort líklegt væri, að Reykjavík eða Akureyri mundu dreifa rafmagninu út um landið. Og á þessu átti svo að byggja það, að Borgarnes mundi ekki veita rafmagni í nærliggjandi sveitir. En ég vil þá upplýsa það, sem honum virðist hafa dulizt, að þrír aðilar, Borgarfjarðar- og Mýrasýsla og Akraneskaupstaður, standa að þessu verki, að ⅓ hver. Þeir lögðu ekki í stærri framkvæmdir til að byrja með. Fyrst verður rafmagnið lagt til Akraness, Borgarness og Hvanneyrar og á nálæga sveitabæi. En í milli þessara staða eru þéttbýlar sveitir, svo að þegar í stað fer rafmagnið inn í fjölmörg sveitaheimili, en síðar er áætlunin að leiða það um allan Borgarfjörð. Hér er alveg byrjað á réttan hátt, rafmagnið er fyrst lagt til þeirra staða, sem líklegastir eru til að bera kostnaðinn og veita fjárhagslega undirstöðu. Það er fullvíst, að það verður að nota þéttbýlið og aðstöðuna í kaupstöðunum til að bera uppi rafveitu í sveitirnar. Þetta ættu hv. þm. að gera sér ljóst. Þannig virðist mér liggja beint við, að hinar stærstu virkjanir hér á landi, svo sem Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin, verði liðir í dreifingu rafmagnsins um sveitirnar, ekki síður en þessi virkjun, sem hér um ræðir. Fyrir þessu virðist mér þó ekki gert ráð af hálfu n., enda munu handaverk hennar fremur ófullkomin.

Ég get hér frómt úr flokki talað. Ég þykist hafa átt góðan hlut að lausn rafmagnsmála hér á Alþ., þótt ég hafi ekki átt sæti í þeirri raforkun., sem nú starfar.

Ég hygg, að það muni álit flestra, að ekki sé æskilegt, að allir landsmenn flytji á mölina og sveitirnar leggist í auðn, og mér finnst það vera þegnskaparatriði, að allir landsmenn sameinist í því að gera öllum fært að búa við rafmagn.

Það munu nú ekki vera fleiri atriði, sem ég þarf að fara inn á. Raunar væri vert að fara nokkrum orðum um málflutning hv. þm. A-Húnv. Og

það er fullvíst, að ef Borgfirðingar hefðu varpað áhyggjum sínum upp á þm. A-Húnv., þá hefði ekkert verið gert og þessi mál ekkert verið komin áleiðis. *(JPálm:* Alveg rétt). Já, alveg rétt, segir hann. En ég get fullvissað þennan hv. þm. um, að hann fær ekki nokkurn Borgfirðing til að trúa því, að hann hafi unnið þessu máli gagn. Og ég verð að segja, að það hefur illa til tekizt að velja slíka dragbíta í raforkun. sem þessa menn.

Það var vikið að því hér áðan, að þessi þál. fellur vel inn í það plan, sem fyrirhugað er, og er það óneitanlega mikill styrkur fyrir þetta mál.

Ég gaf yfirlit um það í upphafi ræðu minnar, hversu rafmagnsmálin horfa nú. En ekkert af þeim lögum, sem legið hafa fyrir Alþ. hér að lútandi, hafa að öllu fallið betur undir hið væntanlega skipulag. Það er þess vegna alveg vonlaust að hefja andróður á þeim grundvelli. Og ef þessir hv. þm. ætla að standa á móti þessu máli, þá taka þeir um leið fram fyrir hendur þeirrar stjórnar, sem þeir þó styðja. Vitna ég í því sambandi til ummæla hæstv. ráðh. um þetta mál.

Það er fullkomlega rangt hjá hv. þm. A-Húnv. og hv. þm. V-Húnv., að á þessu brotni sú löggjöf, sem fyrirhuguð er. Hún mun ekki ná fram að ganga á þessu þingi, en eru hins vegar ekki unnin nein spjöll, þótt þessi þáltill. sé samþ. Við eigum lengi að búa að þeirri löggjöf, og er þess vegna full þörf á, að hún sé vandlega athuguð og undirbúin. En sá ráðherra, sem með þessi mál fer, hefur verkfræðingsþekkingu og hefur því góða aðstöðu, en honum þarf eðlilega að vinnast tími til að vinna að þessu. Hv. þm. A-Húnv. vill ekki gefa honum tækifæri til þessa, líklega telur hann sitt verk svo fullkomið.

Ég skal svo ekki fjölyrða meir um þetta. Það er algerlega út í loftið sagt, að nokkuð brotni á samþ. þessarar þáltill. Alþ. hefur alveg frjálsar hendur til að gera sínar ákvarðanir síðar. Það, sem það þarf nú að gera, er einungis að leyfa, að byrjað verði á stíflugerð, vélarhúsi og íbúðarhúsi. Aðrar framkvæmdir eru ekki fyrirhugaðar á næsta ári. Ég skal taka það fram viðvíkjandi till. þm. Barð., að ég tel rökfærslu hans gilda og fellst fyrir mitt leyti á till. og vænti, að aðrir nm. í fjvn. geri það einnig.

Gísli Jónsson: Ég held, að hollt sé, að hv. þm. geri sér það ljóst, að hér er um stórmál að ræða, og ég hefði vonað, að útiloka mætti úr umr. þessum allt persónulegt. Ég hef hlustað á ræður hv. þm. Borgf. og hv. þm. A-Húnv., og mér fannst ekki koma fram svo mikill skoðanamunur. Ég vil nú bera fram till., sem ég vænti, að verði til þess að flm. till. á þskj. 837 taki sína till. til baka. Þm. Borgf. hefur getið þess, að það sé ekki ætlun sín að tefja heildarlausn þessara mála, svo að ótti við það er ástæðulaus. Till. mín hljóðar svo: „Við tillgr. bætist nýr málsliður, er hljóði svo: Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.“ Mér hefur skilizt á hv. þm. Borgf., að virkjunin verði látin af hendi þegar þar að kemur, svo að óþarft virðist að breyta fyrirsögn þál. Ég vil svo sannarlega framgang þessa máls, að ég vil ekkert leggja í götu þess, sem verða mætti til að tefja það. Ég vil svo leyfa mér að leggja fram þessa till. og vænti, að báðir aðilar megi sættast á hana.

Hér hefur nú verið lagt fram frv. til raforkul., en þar er ekki tryggt, að dreifbýlið fái raforku. Ríkinu einu er samkvæmt því heimilt að byggja rafstöðvar yfir 100 hestöfl, en ríkinu er ekki bundin nein skylda í þessu efni. Þá er og ákveðið, að þau héruð skuli ganga fyrir, sem mest geta lagt fram. Ég veit ekki, hvernig menn hafa hugsað sér þetta, því að ef við hugsum okkur t. d., að ekki sé hægt að framkvæma nema tvö orkuver á einhverju tímabili, en 6 eða 8 héruð, sem geta lagt fram svo mikið fé, eigi að fara í kapphlaup um það, hvað þau geta lagt mikið fram, og ef ekki yrði tekið upp í lagabálk á sínum tíma ákvæði um það, að hver bær og hvert hérað geti hafizt handa, þegar þeim sýnist, um raforkuframkvæmdir fyrir þá sjálfa, gegn því, að þeir leggi fram ákveðinn hluta, sem ákveðinn er fyrir fram í l. sem lán eða á annan hátt, — þá er ekki hægt fyrir nokkurn mann, sem vill tryggja raforkumálin út um sveitirnar, að fylgja því, því að þá er farið inn á sama og með vegina og brýrnar, að þetta er aðeins gert fyrir þá, sem bezta hafa aðstöðu á þingi á hverjum tíma til að koma sínum málum fram, og það vil ég ekki. Ég get þó vel fallizt á, að þessi takmörkun, hvort sem hún er 18% eða 20%, væri mismunandi, t. d. hærri þar, sem er þéttbýli og möguleikar fyrir kaupstaðina á að útvega meira fé, og miklu lægri fyrir dreifbýlið og hina fátækari hreppa. En það verður að setja í löggjöfina ákveðna takmörkun. Þá skulum við sjá, hverjir verða með dreifbýlinu og hverjir á móti.

Orð hv. þm. A-Húnv., sem hann lét falla um það, að ég vilji ekki, að bærnir borgi dýrt rafmagn, til þess að sveitirnar fái raforku fyrir sig, eru alveg út í bláinn. Ég hef ekkert um það sagt. Ég álít einmitt, að það sé mjög frambærilegt m. a., að allur raforkusjóður sé notaður til styrktar sveitunum í raforkumálum. En ég vil ekki, að þannig sé frá þessum málum gengið, að ef einhverjir staðir á landinu, þótt afskekktir kunni að vera, en hafa góð skilyrði til raforku, vilja raflýsa hjá sér, þá komi ríkið og segi: Nei, við ráðum, hvenær þið fáið rafmagn, og þið verðið að bíða eftir því, þangað til okkur sýnist. En þannig vill einmitt hv. þm. A-Húnv. marka stefnuna.

Ég vil þá snúa mér að því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um þetta mál. Hann talaði mikið um það, að Reykjavíkurbær hefði fengið allt sitt rafmagn frá Árnessýslu, þar sem ekki væri búið að raflýsa einn einasta bæ enn þá. En mér er spurn, væri búið að raflýsa marga bæi í Árnessýslu, þótt Reykjavík hefði ekki fengið þaðan rafmagn, og væri landið nokkuð betur sett, þó að Reykjavík væri ekki raflýst? Hefur ekki ríkissjóður grætt mest á því, að Reykjavík hefur verið raflýst? Og

hve mikið ætli hafa sparazt af olíu, í ljósum, upphitun o. s. frv.? Menn, sem horfa svona skakkt, ættu ekki að ræða um þessi stóru mál. Ég er viss um, að ef reiknað væri út, hve mikið ríkissjóður hefur grætt á raflýsingu Reykjavíkurbæjar, yrði það ekki lítið fé. Og ég man, að það er ekki langt síðan þessi hv. þm. áleit, að landið hefði skaðazt á því að byggja stöð við Sogsfossana. Það er ekki til þess að lyfta undir þessi mál að ætla að setja fótinn fyrir þá menn, sem hafa verið ríkinu fremri í að beita sér fyrir því að leiða raforkuna um landið.

Hv. þm. minntist á, að ég hefði m. a. beitt mér fyrir því, að ríkið tæki að sér að leggja rafveitu um Reykjanes. Ég held, að ekki verði um það deilt, að ríkið vilji gjarnan veita Suðurnesjamönnum þessi hlunnindi og þeir séu sammála um að taka á móti þeim. En hið sama gildir um Andakílsárfossana. Aðilar þar vilja fá þessa aðstoð, og ef hæstv. Alþ. vill samþ. hana, þá sé ég ekki annað en að það sé sama stefnan og haldið hefur verið uppi áður. En þetta verður aldrei leyst, án þess að allir aðilar hjálpi til að koma því í framkvæmd, og sízt, ef á að útiloka einstaka menn, fyrirtæki eða hreppa frá því að koma þessu í framkvæmd.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ég ætla fyrst að minnast á það atriði í ræðu hv. þm. Barð., er snertir rafveituna við Sogið.

Ég hef aldrei, hvorki fyrr né síðar, látið nein orð um það falla, að það hefði verið landinu til tjóns, að Reykjavíkurbær byggði stöð við Sogið, og eru því þessi ummæli hv. þm. alveg tilefnislaus. En hitt tel ég að hefði verið heppilegra á þeim tíma, sem l. voru sett um Sogsvirkjunina, að tryggt hefði verið í þeirri löggjöf, að Reykjavíkurbær hefði um leið bætt eitthvað úr raforkuþörf þeirra byggða, sem næst liggja þessari orkustöð. Það var ekki gert, og því fór sem fór, eins og ég gat um í fyrradag í umr. um þetta mál, að það er aðeins einn sveitabær í nánd við þetta stóra orkuver, sem fær þaðan rafmagn, enn sem komið er.

Annars stóð ég aðallega upp til þess að gera aths. við ræðu hv. þm. Borgf. Það var nú töluvert um að vera hjá þeim hv. þm., og vildi hann leggja á það mesta áherzlu, að þm. heyrðu allt, sem fram gengi af hans munni. Nú sé ég hann því miður ekki hér í d., en mun ekki láta það hafa nein áhrif á mig og geri mínar aths. eftir sem áður.

Ég held, að það sé öllum ljóst, sem kynnt hafa sér þessa till., sem hann flytur ásamt hv. þm. Mýr., að ætlun þeirra er fyrst og fremst sú að bæta úr raforkuþörf íbúa Akraness og Borgarness. Og það mun sýna sig, að þegar þessi virkjun er komin upp, þá verða það þeir, sem nota þetta rafmagn, en mjög fáir aðrir, a. m. k. fyrst um sinn, og er ekki gott að segja, hve lengi sú skipun verður þar á.

Hér í grg. með till. þeirra stendur m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Rafmagn frá virkjun þessari verður leitt til Akraness, Borgarness, Hvanneyrar og allmargra sveitabæja, sem eru á leið þeirri, sem línurnar liggja um, og auk þess einhverjar leiðslur um nágrenni Akraneskaupstaðar og e. t. v. víðar".

Það er sem sé gefið í skyn, að það muni verða leitt víðar. Það eru raunar nokkrir bæir á þessari leið, en þeir eru ekki margir að tiltölu við þann bæjafjölda, sem er í þessum sýslum.

Þá sagði hv. þm. Borgf., að Akraneskaupstaður taki þátt í þessu aðeins að ⅓, en Mýra- og Borgarfjarðarsýsla eigi hina ⅔ þessa fyrirtækis. Hann vill í sambandi við þetta halda því fram, að í raun og veru séu það því sveitahéruðin, sem ráði að mestu yfir þessu fyrirtæki, og þess vegna muni sveitirnar njóta þess ekki síður en íbúar kauptúnanna. Ég hefði gjarnan viljað beina til hv. þm. Borgf. nokkrum spurningum viðvíkjandi þessu atriði, en fyrst hann hefur ekki tíma til að vera hér, vildi ég, að hv. meðflm. hans, hv. þm. Mýr., tæki þetta til athugunar og gæfi svör, áður en lýkur. Ég vildi vita, hvernig samningum er háttað milli þessara sýslna og kaupstaðar innbyrðis, sem hér eiga hlut að máli. Í grg. segir, að Akranes eigi ⅓, Borgarnes ⅓ og Mýrasýsla ⅓, en eftir er þá að vita, hvernig þeim samningum er háttað. Þegar t. d. að því kemur að leiða rafmagn út um byggðirnar, hefur þá verið samið um að selja það með sama verði á öllu svæðinu? Eða getur t. d. Akranes, sem á ⅓, heimtað að fá ⅓ af rafmagninu, sem þarna er framleitt, fyrir það, sem það kostar komið niður á Akranes, en verða sýslurnar að sjá um dreifingu á rafmagninu að öðru leyti og bera allan aukakostnað, sem er því samfara að leiða rafmagnið um hin strjálli héruð? Mér þætti mjög vænt um að fá upplýsingar um það, hvernig þessir samningar eru.

Þá sagði hv. þm. Borgf., að hann hefði ekkert á móti því, að Andakílsfossavirkjunin yrði liður í hinu væntanlega landskerfi, og enginn árekstur þyrfti að verða. Ég vil þá beina þeirri spurningu til hans, hvort hann sé með því, að ríkið taki þessa virkjun til eignar fyrir kostnaðarverð hvenær sem henta þykir. Hv. þm. Barð. hefur nú boðað, að hann muni flytja skrifl. brtt. við till., sem, að því er mér skilst, gengur í þá átt, að ríkið hafi heimild til að taka virkjunina með kostnaðarverði hvenær sem er. En hafi ég tekið rétt eftir, þegar hann las þessa till., er miðað við það, að þetta verði gert áður en verkinu er að fullu lokið. Ég vil þó benda á, að þetta yrði e. t. v. ekki framkvæmt meðan á verkinu stendur, og þess vegna hefði ég talið heppilegra, að hann hefði fellt aftan af sinni till. einmitt þetta, því að ef það er talið heppilegra, að ríkið taki síðar þessa virkjun, þá getur það eins vel orðið eftir að búið er að fullgera hana eins og meðan hún er í smíðum. Ég vil skjóta því til hv. þm., hvort hann vill ekki taka þetta til athugunar.

Þá þætti mér einnig vænt um að heyra, hvort hv. þm. Borgf. mundi vilja, að ríkið taki þessa virkjun fyrir kostnaðarverð. Skilst mér, að þetta ætti að geta gengið, án þess að leita þyrfti nokkurrar heimildar frá hæstv. Alþ., heldur væri samið um slíkt um leið og þessi stuðningur er veittur,

sem nú er farið fram á. En ef menn geta fallizt á, að það sé eðlilegt, að ríkið geti hvenær sem er tekið að sér þessa virkjun, fæ ég ekki séð, að neitt sé því til fyrirstöðu, að ríkið geri það nú þegar, eins og við förum fram á í okkar brtt., því að eins og ég gat um í fyrri ræðu minni, er engin ástæða til að ætla, að það mundi tefja fyrir þessum framkvæmdum.

Hv. þm. Borgf. sagði, að hann hefði áður haft afskipti af raforkumálum hér á hæstv. Alþ. og hefði því kunnugleika á þeim. Þetta er rétt hjá honum, því að ef ég man rétt, hefur hann verið nokkuð við riðinn og stutt að einhverjum hinum varhugaverðustu framkvæmdum á þessu sviði. Hvort nokkurt samband er hér á milli, skal ég ekkert um segja.

Hv. þm. Borgf. var, að því er mér skildist, að áfella mþn. í raforkumálum fyrir það, hve langur dráttur hafi orðið á nefndarstörfum. En í ræðu sinni áðan var hann að ásaka sömu nm. fyrir það, að því er mér skildist, að þeir kæmu of snemma með sitt frv. Finnst mér ekki gott samræmi í þessu.

Skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en vænti þess, að fyrrgreindum fyrirspurnum verði svarað.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Hv. þm. V-Húnv. hefur nú að nokkru leyti rakið þær mótsagnir, sem fram komu í ræðu hv. þm. Borgf. hér áðan. Mér þykir þó ástæða til að bæta þar ofurlitlu við og minnast á nokkur atriði, sem fram komu í ræðu hans.

Hann byrjaði á því að tala um, að mótsagnir væru í afstöðu okkar í mþn. til þessa máls, þar sem við annars vegar lýstum yfir áhuga okkar á þessu raforkumáli og nauðsyn þess að koma raforku út um sveitirnar, en hins vegar fylgdum við ekki þeim till., sem hér liggja fyrir. Í þessu er engin mótsögn. Till. okkar miðar þvert á móti að því að tryggja það, að hægt sé að koma heildarskipun á þessi mál með tilliti til hagsmuna allrar þjóðarinnar, eins og hv. þm. V-Húnv. hefur nú lýst.

Þá endurtók þessi hv. þm. það, að þessi till. kæmi ekki að neinu leyti í bága við það skipulag, sem áformað er með brtt. á þskj. 837. Er búið að svara þessu að nokkru, og þarf ekki að endurtaka þær röksemdir. Það er augljóst mál öllum, að fáar virkjanir fyrir kauptúnin, sem ekki fylgja jafnframt skyldur til að láta þær ná til hinna strjálli byggða, skapa verri aðstöðu til að koma fram heildarlöggjöf, sem tryggir, að sveitirnar fái raforku í náinni framtíð. Það er því fjarri lagi, að um nokkrar mótsagnir sé að ræða af okkar hálfu, eins og hv. þm. vill láta í veðri vaka.

Hv. þm. sagði, að mþn. hefði setið á rökstólum að þessum málum í 2½ ár. Þetta er ofmælt, því að það eru ekki nema liðug tvö ár. Ég efast um, að það sé á nokkurn hátt áfellisvert, en eins og hv. síðasti ræðumaður vitnaði í, kemur fram mikil mótsögn hjá honum, þegar hann jafnframt átelur okkur fyrir að leggja þetta frv. fram nú. Í því sambandi skal ég fara lítillega út í það, sem hv. þm. Borgf. talaði um afstöðu mína til hæstv. ríkisstjórnar, að komið hefðu fram hjá mér mótsagnir, sem bentu til, að ég hefði breytt um afstöðu til hennar og viðurkenndi það með því að gerast meðflm. að þessari brtt. Ég hélt nú satt að segja, að það væri ekkert nýtt að leggja inn frv., sem hæstv. ríkisstj. hefur ekki tekið afstöðu til, eða þó að breyta þurfi frv., sem lögð eru fyrir Alþ., og það ætti þessi hv. þm. að þekkja bezt. Annars mætti það vera okkur stuðningsmönnum hæstv. ríkisstj. ánægjuefni, ef þessum hv. þm. hefur eitthvað snúizt hugur frá því að hann skrifaði bréfin, sem getið hefur verið um sums staðar í landinu. — Skal ég svo ekki lengur ræða þetta atriði, með því að tækifæri mun gefast til þess síðar, þegar frv. okkar um raforkumál verður til meðferðar.

Þá vildi hv. þm. Borgf. mjög átelja það, sem ég sagði hér í ræðu minni áðan í sambandi við þetta mál, að mjög væri óheppilegt að fá þetta í hendur einstökum fyrirtækjum eða kaupstöðum nú, án þess að tryggja um leið, að ríkisvaldið hafi þar tök á. Kvaðst hv. þm. í því sambandi telja það mjög mikla framför, ef brtt. hv. þm. Barð. yrði samþ., þó að okkar till. yrði felld. En um þetta er það að segja, að í Sogsvirkjunarlögunum er heimild til að taka þessar virkjanir, ef samþ. er fyrir því á Alþ. Hv. þm. Borgf. og aðrir eru að átelja okkur fyrir það, að við höfum ekki hug til þess að leggja þetta til. En við höfum ekki gert það, af því að við töldum meiri líkur til þess, að hægt væri að koma þessum l. í gegn með sæmilegu samkomulagi.

Ég hef ekki mikla trú á því, sem hv. þm. Borgf. lýsti yfir, að hann vildi laga það fyrirkomulag, sem á þessu er, með því að skattleggja þær rafveitur, sem nú eru fyrir, og borga með því kostnað við rafveitur úti um sveitir landsins. Ég held, að það sé engin fullnægjandi lausn á þessu máli. Hins vegar er það svo, að samkvæmt okkar frv. er gert ráð fyrir því, að að svo miklu leyti sem þarf að auka virkjunarframkvæmdir fyrir stærri bæi, sem brátt þarf að gera, þá geri það rafveitur ríkisins.

Þá er það, sem hv. þm. Borgf. var að endurtaka af því, sem hv. meðflm. hans sagði hér í gær, að þátttakan um þessa virkjun í héraðinu væri að þriðjungi frá hverjum aðila, Akranesi, Borgarnesi og Mýrasýslu. Og hann hélt því fram, að það væru sveitamennirnir, sem væru þar í meiri hluta og gætu ráðið yfir því, hvað gert væri. En þetta kemur í mótsetningu við manntalsskýrslurnar. Ég þori að fullyrða, að það er fleira fólk á Akranesi og í Borgarnesi samtals en í sveitum í þessum héruðum.

Þá er það eitt af því, sem hv. þm. Borgf. taldi vera mjög mikla mótsögn af minni hálfu, að ég hefði verið að tala um það í gær, að þeir væru gæfunnar börn, sem að þessari virkjun standa, ef hún kæmist á, en ég vildi þó koma í veg fyrir, að þetta félag starfrækti fyrirtækið áfram. *(PO:* Ég sagði þetta í sambandi við andstöðu hv. þm. A-Húnv. á móti öðrum till.). Ég tel þessa menn því

aðeins gæfunnar börn í þessu héraði á þessu sviði, að samþ. verði okkar till. um að tryggja, að ekki aðeins kaupstaðurinn og kauptúnið á þessu svæði, heldur einnig sveitirnar mættu njóta þessara framkvæmda. Og ég tel það mikils virði. Og það má virðast undarlegt, að þessir menn taki því ekki fegins hendi, að þetta verði fyrstu héruðin, sem tryggð verði á þessu sviði með ríkisvirkjun, ef okkar till. verða samþ. — Og t. d. rafveitan á Sauðárkróki kemur eins og nú er ekkert inn í það plan, sem við viljum leggja með till. okkar. Hún miðar að því að skera sveitirnar frá Sauðárkróki og gera sveitunum í hinni blómlegu byggð Skagafjarðar örðugra fyrir en ef þær framkvæmdir væru gerðar sameiginlega í sveitum og kaupstöðum og kauptúnum. Og svona er þetta hvarvetna annars staðar. Og þó að þessar rafvirkjanir, sem hinar mörgu till. eru um hér á þingi, séu sniðnar með heildarhag fyrir augum, þá tel ég það miður farið, að þær séu ákveðnar áður en heildarlöggjöf er sett um þessi mál.

Hv. þm. Borgf. var allharðorður út af því, að ég og við í raforkumálanefnd hefðum ekkert í því gert að tryggja, að Andakílsfossar væru virkjaðir. Það var ekki í okkar verkahring að gera till. um það, hvort þetta eða hitt vatnsfall yrði virkjað fyrr eða seinna. Það er á verksviði þeirra manna, sem ætlazt er til, að stjórni þessum framkvæmdum. Og ég býst við, að þó að þetta félag, sem hér er stofnað, hefði ekkert gert, þá hefði þessi virkjun verið mjög framarlega á línunni um framkvæmdir eftir áætlunum raforkumálanefndar. Og reynslan sker úr um það, hvort það verður til happa, að vélarnar eru keyptar, sem búið er að kaupa, og að stofnað er til framkvæmdanna nú þegar. Ég spái hvorki illu né góðu um það. En þessir menn eru því aðeins gæfunnar börn á þessu sviði, ef þeir ganga inn á það að fá að vera fyrstir í þeirri ríkisvirkjun, sem fyrirhuguð er eftir okkar frv.

Þá var hv. þm. Borgf. að tala um það, að ég og hv. þm. V-Húnv. værum dragbítar í þessu máli, en alls ekki neinir framfaramenn, að mér skildist. En þar kemur bara fram sá stóri ágreiningur, hvort heppilegra sé að fara inn á þessar leiðir, sem hv. þm. Borgf. og aðrir, sem eru á sömu línu, vilja, að taka fyrir til framkvæmda smávirkjanir, heldur en að hafa stórar virkjanir og samband á milli, eins og okkar stefna er. Það er nokkurn veginn orðinn skýrt afmarkaður sá ágreiningur, og því er ástæðulaust að vera með brigzl um, að hér sé um dragbítshátt að ræða. Það er alveg þvert á móti.

Þá skal ég víkja örfáum orðum að því, sem hv. þm. Barð. minntist á, og kemur það þá frekar til umr. í sambandi við okkar frv., þegar það liggur fyrir til umr. Hv. þm. segir, eins og rétt er, að ríkinu séu veitt réttindi samkv. frv., en ekki að sama skapi skyldur um það, hve fljótt það eigi að ráðast í raforkuframkvæmdir. Þetta er rétt. Hve fljótt framkvæmdir mundu verða, veltur á því að sjálfsögðu, hvernig Alþ. er skipað á hverjum tíma. Það er ekki hægt fram hjá því að komast, og um leið hinu, hvernig fjárhagur þjóðarinnar er á hverjum tíma. En það ákvæði, að ætlazt er til þess, að þeir sitji fyrir um framkvæmdir á þessu sviði, sem mest geta lagt fram, á að vera til þess að tryggja, að áhugi manna á þessu sviði fái að njóta sín, þó að um ríkisvirkjanir sé að ræða. Og þó að 4 til 8 héruð gætu samtímis lagt fram jafnmikið fé, þyrfti það ekki að rekast á, ef unnt væri að útvega efni, sem til þyrfti. — En svo kom hv. þm. Barð. inn á það sama og hv. þm. Borgf. áðan, að það megi ekki hefta neitt einstaklingsfyrirtæki á þessu sviði, heldur verði að lofa öllum, sem vilja virkja, að gera það og veita þeim ríkisábyrgð fyrir stofnkostnaði, og það vegna þess, að það yrði til stuðnings fyrir framtíðina í þessum málum. En hér er ágreiningur. Við í raforkumálanefnd teljum, að með því að koma þessum málum í heildarkerfi, þá sé það mest tryggging fyrir landið allt, og þá séu mestar líkur til þess, að þessar framkvæmdir verði öllu landinu að fullu gagni. Einstaklingsfyrirtækin geta náttúrlega gert mikið á þessu sviði, þar sem bezt er aðstaðan, ef þeim er leyft að tryggja sig og sína aðstöðu án þess að hugsa um hina, sem verri skilyrði hafa, og ef þessum fyrirtækjum er veitt ríkisábyrgð fyrir lánum, sem til þarf. Í þessum efnum höfum við dæmin fyrir okkur, og þau dæmi eru þannig, að mér virðist þau benda fullkomlega í þá átt, sem stefnan hefur verið á mörgum sviðum, að hinir stærri bæir og þéttari byggð sitji fyrir um að fá lífsþægindin, en ekki hirt um það, að strjálbýlið og sveitirnar fari smátt og smátt af þeim sökum í auðn, að þar fær fólk ekki að njóta þeirra þæginda, sem raforkan veitir. Þar sem nú er fyrir hendi þessi stóri ágreiningur á þessu sviði, gerist þess ekki frekari þörf að svo komnu að ræða þessa hlið málsins.

Frsm. (Pétur Ottesen): Herra forseti. — Ég vil segja hér nokkur orð út af þeirri brtt., sem hv. þm. Barð. hefur borið hér fram. Ég get efnislega að ýmsu leyti verið henni samþykkur, en teldi réttara að orða þá hugsun, sem þar kemur fram, dálítið öðruvísi, og það með sérstöku tilliti til þess, að ég álít niðurlag þeirrar till. ekki heppilega orðað, því að það mætti segja, að samþ. þess fæli í sér yfirlýsingu Alþ. um, að einhverjir sérstakir erfiðleikar væru á að taka þær stöðvar eignarnámi, sem nú þegar er búið að ljúka byggingu á. En ég vil ekki leggja stein í götu þess, að sá möguleiki standi opinn. Þess vegna ætlum við flm. að bera hér fram brtt., sem ég hef borið undir hv. þm. Barð. og hann getur fallizt á, og mun hann þá taka sína brtt. aftur. Og má segja, að á þessu stigi stöndum við þrír að brtt. En brtt. er um, að bætt verði aftan við tillgr., eins og hún er hér á þskj. 830: „Enda sé virkjunin háð þeim ákvæðum, sem síðar kunna að verða sett um eignarhald og rekstur á raforkuveitum í landinu.“ Þetta er nákvæmlega í samræmi við þá skoðun, sem ég hef haldið fram, og má þá líta á þessa viðbót, ef samþ. verður, sem skilyrði af hálfu Alþ. fyrir því,

að ábyrgðin verði veitt. Er þá rutt úr vegi þeim ótta, sem ég álít, að hafi verið ástæðulaus, um að þetta fyrirtæki yrði ekki að lúta þeim ákvæðum, sem sett yrðu í löggjöf um þetta efni, alveg eins og ég líka lít svo á, að þau fyrirtæki slík sem þetta, sem nú þegar er búið að byggja, verði að sjálfsögðu að lúta löggjöf um þetta. Þessa brtt. vil ég svo afhenda hæstv. forseta. En áður en ég geri það, ætla ég aðeins að segja nokkur orð að gefnu tilefni frá tveim hv. síðustu ræðumönnum.

Hv. þm. V-Húnv. varpaði hér fram þeim spurningum, sem ekki aðeins snerta mig, heldur líka hv. þm. Mýr., og getur þá það svar, sem ég gef hér með við þessum spurningum, gilt fyrir okkur báða, því að við höfum borið okkur saman um það. Viðvíkjandi þeirri spurningu, hvaða samningar eru á milli þeirra aðila, sem að Andakílsárvirkjuninni standa, er fljótlegt að gefa upplýsingar. Þessir aðilar eru allir jafnréttháir, af því að þeir eiga allir jafnan hlut í virkjuninni. Þess vegna er það meirihlutaákvörðun hverju sinni, sem gildir, bæði að því er snertir stofnkostnað þessarar virkjunar og einnig hvað snertir rekstur hennar, og þar á meðal um verðið á raforkunni. Og það er samkomulag um það, að rafmagnið verði selt allt á sama verði til sömu nota frá þessu orkuveri, og er það staðfest, með því að gengið er út frá því, að þeir sveitabæir, sem eru margir, sem fá rafmagn frá þessari virkjun, fái rafmagnið á sama verði og íbúar Akraness og Borgarness. Og að því er snertir sveitirnar í þessu sambandi og það, sem hv. þm. A.-Húnv. skaut inn í í þessu sambandi um það, að samkvæmt manntalsskýrslum séu Akranes og Borgarnes samanlagt mannfleiri en sveitirnar, sem þarna standa að, þá rengi ég það ekki út af fyrir sig. En það hefur ekkert að segja viðkomandi stjórn þessa fyrirtækis, því að þar eru þrír aðilar jafnréttháir og hlutföllin innan stjórnar fyrirtækisins eru í samræmi við það. Það eru 8 hreppar í Mýrasýslu, og Borgarnes er ekki nema einn af þeim 8. Svo að þarna kemur manntal ekki til greina, heldur hlutföllin frá þessu sjónarmiði séð, sem tryggja hlut sveitanna.

Viðvíkjandi hinu atriðinu, hver afstaða okkar flm. þessarar þáltill. er gagnvart raforkulagafrv., er það að segja, að það kemur ekki til úrslita fyrr en á næsta þingi, svo að hv. þm. A.-Húnv. á enga kröfu á því að fá að vita afstöðu okkar flm. þessarar till. til máls, sem kemur til úrslita á næsta þingi. En hann getur að vísu ráðið nokkuð í hana eftir þessum umr., sem hér hafa farið fram. En frekari svör fær hann ekki frá okkur að þessu sinni. Enda er það frv. ekki komið til umr. enn á hæstv. Alþ. Og mér virðist ræða hv. þm. A.-Húnv. litlu eða engu hagga af því, sem ég sagði um hans afstöðu eða þeirra félaga, sem nú hafa staðið í nokkurri andstöðu við okkur um þetta mál. Ég skal aðeins geta þess, að því leyti sem hv. þm. A.-Húnv. minntist á till., sem liggja fyrir þessu þingi, að ég hafði gleymt að minnast á rafveituna fyrir Sauðárkrók. Hv. þm. sagði, að sú till. félli ekki inn í þetta kerfi, sem hann vill mynda um raforkumálin. Það má nú kannske segja, að svo sé. En það lágu fyrir í fjvn. yfirlýsingar um það frá forstöðumanni rafmagnseftirlits ríkisins, að virkjunarskilyrði væru svo hagstæð þarna, að ekki væri hægt að gera ráð fyrir því, þótt Sauðárkrókur kæmist inn í þetta kerfi, að það skapaði honum hagstæðari aðstöðu en þessi virkjun nær. Og það, hvort virkjunarskilyrðin eru hagstæð eða ekki hagstæð, skapar grundvöllinn fyrir því, hvert rafmagnsverðið er, en ekki hitt, hvar rafmagnið er tekið. Og eftir upplýsingum um það, við hvaða verði hægt er að selja rafmagnið þar, þá er það með því hagstæðara, sem við höfum hér hjá okkur. Þetta rafmagn nægir Sauðárkróki kannske nokkuð lengi, en ekki þar fram yfir. Og þá gæti þessi stöð fallið inn í kerfið, eins og stöðin við Elliðaárnar inn í Sogsveitukerfið. Svo að það er ákaflega langsótt að draga Sauðárkrók fram sem dæmi til þess að sýna, að ekki eigi að verða við slíkum ábyrgðarbeiðnum, að segja, að þetta falli ekki inn í kerfið. En það má fullkomlega gera ráð fyrir því, að verðið verði ekki lægra á rafmagni frá þessari virkjun en þegar til þess kemur að selja rafmagn frá því væntanlega kerfi. Þetta tek ég fram, af því að hv. þm. Skagf. hafa ekki gert það til forsvars þeirra till.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að við mættum eiginlega vera þakklátir fyrir það, að samkvæmt þeirra till. ættum við að verða fyrstir til að komast að um raforkuframkvæmdir eftir hinu nýja kerfi. Ég veit nú ekki, hvað þetta þakklæti á að ná langt. En það, sem gert hefur það að verkum, að við mundum geta komið þar fyrstir til greina, er sá áhugi og það starf fyrir málið, sem komið hefur fram og átt sér stað heima í héraðinu um að koma þessu máli í framkvæmd og fá ríkisábyrgð til þess. Hitt stendur óhaggað, að hv. þm. A.-Húnv. hefur ekkert gert til þess að hrinda þessu máli í framkvæmd. Hins vegar vildi hann veita þessu máli viðnám árið 1943.

Vitanlega kom fram afbrýðisemi hjá hv. þm. A.-Húnv. þegar hann sagði, að ég hefði tekið svari ríkisstjórnarinnar. Það mátti kannske til sanns vegar færa, að ég gerði það. Því að ég hafði nokkurn fyrirvara um það, að eiginlega væri það einkennilegt, að ég skyldi hljóta að sjá mig tilneyddan að taka svari hæstv. ríkisstjórnar. Og máske, sagði hann, væri ég vinveittari stjórninni en ég hefði verið. Ég hafði lesið í blaði, að á fundum, þegar hv. þm. A.-Húnv. talaði við kjósendur sína, þá hefði hann haldið því fram, að við fimm-menningarnir værum farnir að dauðsjá eftir því öllu saman, sem við gerðum, þegar við studdum ekki núverandi hæstv. ríkisstjórn, og líklega vildum við svo skríða yfir til þeirra, sem með henni stæðu. *(SigfS:* Er þetta ekki satt?) Okkar afstaða, fimm-menninganna, er gersamlega óbreytt. Og það, sem skeð hefur, síðan stjórnin var mynduð, hefur engin áhrif haft á okkur til þess, að við álítum ekki, að okkar afstaða hafi verið rétt.

Forseti (GSv): Mér hefur borizt skrifl. brtt., sem hv. þdm. hafa heyrt. Fyrir henni þarf tvöföld afbrigði, sem ég leita hér með.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 958) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Ræða hv. þm. Borgf. gefur mér tilefni til þess að gera nokkrar aths., og einnig sú brtt., sem hann hefur hér borið fram skrifl., sem er frá honum og hv. þm. Mýr. — Hv. þm. Borgf. telur sig víst hafa svarað þeim spurningum, sem ég beindi til hans og hins flm. að aðaltill. En mér finnst svörin ekki svo glögg sem æskilegt hefði verið né taka af tvímæli um það, sem ég var í vafa um.

Viðvíkjandi spurningu minni um það, hvernig þessir samningar væru á milli þessara aðila, sem standa að Andakílsárvirkjuninni, um framkvæmd og rekstur fyrirtækisins, þegar það er komið upp, endurtók hann aðeins það, sem áður hefur verið tekið fram, að Akranes eigi þriðjunginn og Mýra- og Borgarfjarðarsýsla hina ⅔ hluta, og þess vegna hefðu sýslurnar þarna meirihlutavald um stjórn fyrirtækisins. Eitthvað gat hv. þm. Borgf. um það, að það væri til þess ætlazt, að þeir, sem fengju rafmagn frá þessari virkjun, Akurnesingar, Borgnesingar og nokkrir menn aðrir, ættu að greiða allir jafnmikið fyrir raforkuna. Hins vegar gekk sá hv. þm. alveg fram hjá því, sem var aðalatriðið í minni fyrirspurn, hvernig samningar væru um frekari stækkun þessa mannvirkis eða leiðslur frá raforkuveitunni út yfir stærra svæði, hvort fyrirhugað væri, að allir kostuðu það að jafnmiklu leyti, sem að þessari virkjun standa og reka hana, þegar til kemur, og hvort allir fengju þá rafmagnið með sama verði, sem notuðu rafmagn frá raforkuveitunni, og hvernig þessir samningar væru yfirleitt þessu viðkomandi, ef nauðsynlegt væri að hækka rafmagnsverðið, ef orkan væri leidd um stærra svæði. Hefur það verið tryggt, að þeir, sem hér eiga að fá rafmagn, séu reiðubúnir til að borga hærra verð síðar, ef það, að virkjunin verður teygð yfir stærra svæði, verður til þess, að rafmagnið verður dýrara en áður? Við þessu hef ég ekkert svar fengið.

Þá tók ekki betra við, þegar kom að hinni spurningunni, hvort þeir væru með því, að þetta yrði liður í landskerfinu, þannig að ríkið tæki þessa virkjun til eignar og umráða, þegar henta þætti. Hann segir, að það sé ekki hægt fyrir mig að fara að krefjast af þeim neinnar skuldbindingar nú, en það fór ég ekki fram á. Þessi spurning er ekki um, hvort þeir vilji samþ. frv. til raforkul., heldur hvort þeir vilji lýsa yfir, að þeir hafi ekkert á móti því, að þetta verði liður í landskerfi, hvort þeir vilji lýsa yfir, að þeir vilji, að ríkið taki þessa virkjun fyrir kostnaðarverð, hvenær sem henta þykir. Við þessu fékk ég ekkert svar.

Þeir hafa komið fram með skrifl. brtt. og fengið hv. þm. Barð. til að taka sína brtt. aftur. En ég skil ekki, að hv. þm. Barð. skuli láta þá hafa slík áhrif á sig, vegna þess að með þessari till., sem á að koma í staðinn, er ekkert sagt. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta: „Við brtt. bætist: Enda sé virkjunin háð þeim ákvæðum, sem síðar kunna að verða sett um eignarhald og rekstur á raforkuveitum í landinu.“ Með þessu er ekkert sagt! Það er svo um allar virkjanir, að þær eru háðar slíkum ákvæðum. Þetta er allt annað en það, sem hv. þm. Barð. var með, því að hann vildi tryggja, að ríkið gæti tekið þessa virkjun. Ég mun því bera fram skrifl. brtt., ef till. okkar fjórmenninganna kynni að verða felld. Er hún að efni til svipuð þeirri till., sem hv. þm. Barð. flutti, en hefur nú tekið aftur. Sennilega verður till. okkar borin fyrst upp, þar sem hún fer fram á mesta breyt. á till. eins og hún liggur fyrir.

Forseti (GSv): Mér hefur borizt brtt. frá hv. þm. V-Húnv., sem hann hefur nú lýst. Hún er of seint fram komin og þar að auki skrifleg. Þarf tvöföld afbrigði til þess, að hún megi komast að.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 959) leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var enn fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 837 felld með 25:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, EystJ, HelgJ, IngJ, IngP, JPálm, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ.

nei: SK, STh, SÞ, SÁÓ, StgrA, ÞG, BÁ, BrB, EOl, EmJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, JakM, JJós, HarJ, KA, LJóh, PM, PO, SigfS, SG, MJ, GSv.

SB greiddi ekki atkv.

12 þm. (SEH, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, EE, FJ, GG, HG, HermJ, LJós, ÓTh) fjarstaddir.

Brtt. 959 felld með 23:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, HelgJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm, HarJ, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt.

nei: GÞ, GJ, GÍG, GTh, JakM, KA, LJóh, MJ, PM, PO, SigfS, SG, SK, STh, SÞ, SÁÓ, StgrA, ÞG, BÁ, BrB, EOl, EmJ, GSv.

SB greiddi ekki atkv.

12 þm. (FJ, GG, HG, HermJ, LJós, ÓTh, SEH, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, EE) fjarstaddir.

1 þm. gerði grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Sveinsson: Ég er hlynntur því, að komið verði á hér á landi ríkisrafveitum fyrir almenning, en þar sem virkjun Andakílsár, eins og málið liggur fyrir, virðist engan veginn hindra það, er ég brtt. mótfallinn og segi nei.

Brtt. 958 samþ. með 30:1 atkv.

Brtt. 830, svo breytt, samþ. með 28:4 atkv.

Brtt. 946 samþ. með 27 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 28:5 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 997).

53. Rafveita Ísafjarðar og Eyrarhrepps.

Á 71. fundi í Sþ., 6. des., var útbýtt:
Till. til þál. um ríkisábyrgð vegna rafveitu Ísafjarðar og Eyrarhrepps (A. 609).

Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til fyrri umr.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég get raunar vísað að mestu leyti til grg. En vegna þess, að mannvirkið, sem um ræðir, er viðbótarvirkjun til að undirbyggja og tryggja þá, sem fyrir var, og hefur sú rafveita lagt rúmar 300 þús. kr. til nýja mannvirkisins, — vegna þess er ekki farið fram á ábyrgð nema á 85% stofnkostnaðar. Verkið er það langt á veg komið, að farið er að nota vatn frá þessari virkjun til vatnsmiðlunar fyrir gömlu vélarnar. Hefði ekki það óhapp komið fyrir, að nauðsynlegir hlutir til virkjunarinnar sukku með Goðafossi, svo að panta þarf þá aftur, hefði nýja rafveitan getað tekið til starfa í vetur. — Ég óska vegna þess, hve skammt er til þingloka, að till. verði ekki vísað til n., fyrr en að lokinni umr.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv. og til fjvn. með 28 shlj. atkv.

Á 86., 87. og 88. fundi í Sþ., 24. og 26. jan., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var till. enn tekin til síðari umr. (A. 609, n. 885, 973).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 973 samþ. með 27 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 29:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 998).

---

54. Rafveitulán fyrir Sauðárkrókshrepp.

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt:
Till til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Sauðárkrókshrepp (A. 523).

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 29 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 523, n. 883).

Frsm. (Helgi Jónasson): Fjvn. hefur haft til meðferðar fjöldamargar till. um heimild fyrir ríkisábyrgð um rafveitulán, og þessi till. er ein af þeim. Fjvn. hefur haft samráð bæði við hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh. og borið till. undir þeirra álit, og þeir hafa báðir mælt með því, að þessi lánsheimild yrði veitt. Enn fremur hefur fjvn. leitað umsagnar Rafmagnseftirlits ríkisins. Hefur orðið að samkomulagi hjá fjvn. í samráði við þessa 2 hæstv. ráðh. að mæla með, að þessi lánsheimild yrði veitt, þó með því skilyrði, að lánsheimildin yrði ekki hærri en 85% af heildarkostnaðinum og fylgdi það þessari ábyrgðarheimild eins og fjöldamörgum öðrum, sem liggja fyrir hjá hv. Alþ. Einn nm. skrifaði undir með fyrirvara, sem hann væntanlega mun gera grein fyrir, ef hann mætir hérna. Annar nm., hv. 2. landsk., áskilur sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kom, um að ábyrgð yrði veitt fyrir öllum þeim kostnaði, sem þessu tilheyrir.
Ég þarf ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til, að þessi till. verði samþykkt.

Gísli Jónsson: Í sambandi við þetta mál vildi ég leyfa mér að beina þeirri fyrirspurn til hv. frsm., hvort beri að skilja svo, að þessi stefna sé tekin hjá hv. fjvn. í rafmagnsmálum yfirleitt, og hvort skoða beri hana sem ákveðna stefnu í framtíðinni.
Fyrir þessu þ. hafa legið allmargar beiðnir fyrir rafveitur, sem flestar eða allar eru stílaðar á líkan hátt, að ríkissjóði sé heimilt að ábyrgjast allt að 85%, og mér skilst sú stefna tekin af hv. fjvn. að mæla með því, að þessar ábyrgðir séu veittar, og kemur þá vitanlega á eftir á næsta þ. hópur af beiðnum frá hinum ýmsu héruðum á landinu, sem ég býst við fari fram á það sama, að óska eftir því að fá 85% ríkisábyrgð fyrir þeim rafveitum, sem þau kynnu að vilja koma á stofn, og finnst mér með því mörkuð stefna um, að allt, sem mþn. hefur lagt til í þessum málum, að fara skuli fram rannsókn um allt land, sé sett til hliðar og hér sé hverri sveitinni út af fyrir sig ætlað að brjótast áfram í málinu með aðstoð ríkisins, eins og gert er ráð fyrir í þessari till.
Ég er ekki með þessu að mæla á móti, að þessi stefna sé tekin og því síður, að þessar ábyrgðir séu veittar, en ég vildi gjarnan fá upplýsingar við þetta tækifæri, þar sem rætt er í fyrsta skipti um þetta mál, hvort þessi stefna er ofan á í fjvn. og hvort fjvn. er þá alveg óskipt um þessa stefnu í þessu stórmáli þjóðarinnar.

Pétur Ottesen: Ég vil út af þeim ummælum, sem hv. þm. Barð. hefur beint til fjvn. í sambandi við afgreiðslu þessa máls, taka það fram, að að því leyti, sem hægt er að kalla það stefnu að veita ekki ábyrgð nema fyrir 85% af láninu, þá er það samkv. till. ríkisstj., sem það er tekið upp. *(GJ:* Ég taldi það ekki stefnu.) En viðvíkjandi hinu atriðinu, þá vitum við allir, að mþn. í raforkumálum hefur setið á rökstólum núna að undanförnu. Það er komið fram álit frá meiri hl. þessarar n., en minni hlut-

inn er ekki enn, að því er ég bezt veit, búinn að skila áliti. Af þessu leiðir auðvitað, að á þessu þ. verða ekki lagðar fram neinar till. um úrlausn þessara mála eða um það, hvaða stefna verði tekin í þessum efnum.

Nú er spurningin um þær till., sem fjvn. hefur þegar mælt með, hvort þau meðmæli eru miðuð við þær kringumstæður, sem nú eru, þannig að n. hafi afgr. málið á þeim grundvelli, að ríkið hafi á hendi þessar framkvæmdir þar, sem þegar er byrjað á þeim. N. hefur einnig mælt með að leggja til, að þar, sem héruðin hafi beitt sér fyrir þessum framkvæmdum, þá verði aðstoð ríkisvaldsins miðuð við þær kringumstæður, eins og t. d. á sér stað um virkjun Andakílsár, og getur þessi till. þá líka komizt undir það, þó að framkvæmdir þar séu að öllu leyti miklu skemur á veg komnar en í hinu tilfellinu. En um þetta atriði kemur annars skýrt fram afstaða fjvn., ef hv. þm. Barð. hefur lesið nál. það, sem fylgir till. um virkjun Andakílsár. Þar er tekið fram, að þrátt fyrir það þó að n. mæli með samþ. þeirrar till., eins og hún liggur nú fyrir, þá feli það engan veginn í sér ákvörðun um það, hvernig einstakir nm. muni haga afstöðu sinni, þegar kemur til kasta Alþ. um að marka heildarstefnuna í þessum málum, sem gera má ráð fyrir, eins og kemur fram í nál., að muni verða á næsta þingi. Það er nú svo t. d. um Andakílsárvirkjunina, að þar er undirbúningur hafinn, og verður byrjað á því verki á þessu ári. En að því er snertir framkvæmdir á Sauðárkróki, þá eru þær skemmra á veg komnar, en hins vegar er full ástæða til að ætla, að þegar fjvn. og ríkisstj. hafa fjallað um þetta mál, þá verði talin ástæða til þess að veita þessa heimild, svo að hægt væri að fara að undirbúa og leita fyrir sér um efnisútvegun til þessara framkvæmda. Það fer svo eftir því, hvaða ákvarðanir verða síðar teknar á Alþ., hver verður endir þessara framkvæmda.

Ég vænti þess vegna, að afstaða n. til þessa máls sé fullskýr fyrir þm. Barð.

Forseti (GSv): Það skal tekið fram um meðferð þessa máls, að þó að bæði þessi mál, 14. og 15. mál á dagskrá, snerti nokkuð sama efni, þá er þess að gæta, að þetta mál, sem nú liggur fyrir, er aðeins til fyrri umr., og þó að það yrði látið ganga til síðari umr., þá er það ekki komið neitt á undan hinu málinu, því að síðara málið verður afgr. til fullnustu.

Sigurður Þórðarson: Ég býst við því, að það verði ekki rengt af neinum hv. þm., að það sé mikil þörf á því fyrir Sauðárkrók að fá rafveitu og styrk úr ríkissjóði til hennar. En ég vildi aðeins taka það fram, að samkvæmt því, sem Rafmagnseftirlit ríkisins hefur látið í ljós í bréfi dags. 6. des. 1944, telur það, að ábyrgðin mundi hættulaus bæði fyrir ríkið og fyrirtækið, og segir í bréfinu, að rafveitan mundi verða tekjuhá og bera sig vel fjárhagslega, og það er þetta, sem er aðalatriði, þegar Alþ. tekur að veita til þess fé. Þess vegna vil ég taka það fram, að samkvæmt áliti rafmagnseftirlitsins er ábyrgð ekki hættuleg fyrir ríkissjóð, hins vegar vita allir, að rafmagnsþörf kauptúnsins er mjög aðkallandi. Þess vegna vænti ég þess, að hæstv. Alþ. bregðist vel við þessu áhættulausa fyrirtæki til framdráttar fólkinu þarna norður frá. — Það er að vísu svo, að þó að af þessari rafstöðvarbyggingu verði, þá mun kannske brátt verða þörf fyrir meira rafmagn, en við vonum, að ef hæstv. Alþ. vill styðja þetta mál, þá verði eitthvað til þess að styðja að áframhaldandi rafmagnsþörf fólksins, og við vonum, að þessi rafveita, ef af henni verður, gæti fallið inn í landskerfið og yrði þá eins og Elliðaárstöðin fyrir Reykjavík, sem vel hefur reynzt.

Það ríður á því fyrir Sauðárkrók að fá þennan stuðning, sem ábyrgðin veitir, til þess að geta hafizt handa um framkvæmdir málsins. Ég ætla svo ekki að orðlengja um þetta, þörfin á þessu er ákaflega brýn, og þar sem maður hefur orð Rafmagnseftirlits ríkisins fyrir því, að ábyrgðin sé ekki hættuleg fyrir ríkissjóð, vona ég, að hæstv. Alþ. sjái sóma sinn í því að hlaupa þarna undir bagga fyrir þörf fólksins á Sauðárkróki.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Eins og vikið var að af hv. þm. Barð. og hv. 1. þm. Rang., þá er það svo, að það hefur verið starfandi mþn. í raforkumálum, og hún er, að einum manni undanskildum, alveg sammála um það, að þessi mál beri að setja í fast kerfi, þannig að það sé rannsakað, hvað heppilegast er með heildarskipulag fyrir augum, og okkar aðalstefna er sú, að það verði ríkið sjálft, sem standi fyrir þessum framkvæmdum, en ekki einstök kauptún eða héruð. Ég ætla ekki að fara langt út í þetta í sambandi við þetta mál, sem hér liggur fyrir, af því að ég geri ráð fyrir, að umr. snúist aðallega um það mál, sem er næst á dagskrá, sem er virkjun Andakílsár. Þó vil ég segja það varðandi þessa ábyrgð, sem hér liggur fyrir, að ég get ekki samþ. hana að fengnum þeim upplýsingum, sem fyrir liggja. Í fyrsta lagi hef ég ekki séð áætlanir um stofnkostnað eða rekstrarkostnað þessa fyrirtækis, og þó að það sé sagt, eins og alltaf hefur verið sagt, þegar slík ábyrgð hefur verið til meðferðar, að fyrirtækið gæti staðið undir sér, þá hafa þær áætlanir viljað bregðast, a. m. k. finnst okkur það varðandi Siglufjörð, og eins gæti farið um þetta. Það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Skagf. sagði, að þörfin er alls staðar um allt landið ákaflega brýn og eins á þessum stað og annars staðar. En það ber að sjálfsögðu að líta á það, hvaða skipulag er heppilegast fyrir heildina og hvaða kerfi ber að taka. En með tilliti til þess, að það er alveg rétt hjá hæstv. forseta, að það skiptir ekki miklu máli, hvort þetta mál verður samþ. til síðari umr. eða ekki, því að það, sem fyrst og fremst verður hér rætt um varðandi það, hvaða stefnu beri að taka, er brtt. okkar varðandi Andakílsárvirkjunina og hvort hún verður samþ. eða ekki hér á Alþ., og um það mál hljóta að verða aðalumr. og átökin

í sambandi við það, hvaða stefnu eigi að hafa á þessu þýðingarmikla sviði.

Frsm. (Helgi Jónasson): Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál, því að form. fjvn. skýrði afstöðu hennar. En ég vil lýsa því yfir, að ég aðhyllist aðallega þá skoðun, sem fram kemur hjá mþn. í raforkumálum, að það verði haft eitt heildarkerfi fyrir allt landið og ríkið taki að sér að leggja rafmagnið. En varðandi þá till., sem hér er til umr., þá finnst mér sanngjarnt, að hún sæti sömu meðferð og afgreiðslu og aðrar till., sem n. er búin að samþ., og vilji þeir ráðh., sem um þessi mál eiga að fjalla, hæstv. samgmrh. og hæstv. fjmrh., að þessi till. sæti sömu meðferð og aðrar slíkar till., sem rafmagnseftirlitið mælir með og telur, að geti staðið undir sér, þá sé ég ekkert á móti því, að þessi till. um ábyrgðarheimild verði látin sæta sömu meðferð og aðrar till., sem hér liggja fyrir um sama efni.

Gísli Jónsson: Ég vil aðeins þakka fyrir þær upplýsingar, sem ég hef fengið í þessu máli frá hv. fjvnm. En ég vil benda á það, að með slíkri afgr. eins og þessarar ábyrgðarheimildar er gengið framhjá því meginatriði, sem mþn. í raforkumálum byggir á, því að þegar búið er að samþ. ábyrgð fyrir þessa staði, dettur engum í hug að taka þetta aftur af þessum héruðum, ef þau standa við sínar skuldbindingar. En með því að fara inn á þessa braut er því slegið föstu, að þau héruð, sem treysta sér sjálf til þess að reisa rafveitu með 85% ríkisábyrgð, þau hafi einnig allan ágóða af því og þá fyrst verða raflýstir beztu staðirnir, en hinir látnir sitja á hakanum.

Ég vil benda hv. 1. þm. Rang. á það, að þetta er stefnan, sem hv. fjvn. markar í þessum málum á þessu þingi.

ATKVGR.
Brtt. 883 (ný tillgr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27:1 atkv.

Á 88. fundi í Sþ., 26. jan., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 944, 971).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 971 samþ. með 27 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 28:2 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 999).

55. Bifreiðakaup handa læknishéruðum o. fl.

Á 88. fundi í Sþ., 26. jan., var útbýtt frá Nd.:
Till. til þál. um kaup á bifreiðum handa læknishéruðunum (A. 950).

Á 115. fundi í Nd., 30. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 116., 117., 118., 119. og 120. fundi í Nd., 31. jan., 1. og 2. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 121. fundi í Nd., 5. febr., var till. enn tekin til einnar umr.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Eins og mönnum er kunnugt, hafa tekizt samningar milli stjórnarvalda erlends hers og sölunefndar setuliðseigna f. h. ríkissjóðs um sameiginleg kaup á allmiklu af bifreiðum og ýmsu fleira, sem afhent verður smám saman, eftir því sem setuliðið flytur úr landinu. Núna fyrir helgina voru afhentir fyrstu bílarnir og koma til úthlutunar í þessari viku. Landlæknir, sem sýnt hefur, að hann hefur opin augu fyrir því, hve nauðsynlegt læknum í sveitahéruðum er að hafa bíla til að létta sér ferðalög og komast sem víðast, hefur ritað heilbrigðis- og félmn. um þetta mál. Hingað til hefur þetta ekki orðið með öðru móti en því, að læknar eignuðust sjálfir bíla til ferða sinna, og hafa sum héruð gefið læknunum bíla í þessu skyni. En með því fyrirkomulagi er héruðunum ekki tryggt, að bíllinn haldist í læknisnotkun þar til langframa. Læknar flytjast milli héraða og líka geta þeir, og hafa gert, selt þá bíla, er þeir hafa fengið. Landlæknir hefur því hugsað sér þá lausn, að læknishéruðunum sé gefinn kostur á að eignast bíla af þeim gerðum, sem þau telja sér henta og nú hafa verið keyptar af setuliðinu. Óskar landlæknir í bréfinu, að Alþingi hlutist til um það. Að því miðar þessi þáltill., sem öll n. flytur.

Landlæknir gerði ráð fyrir, að héruðin ættu að fá bílana með kostnaðarverði og helzt án þess að greiða af þeim toll. En þegar málið var rætt við ráðh., kom það fram annars vegar, að ekki væri heimild til að gefa eftir toll, — þótt ég viti til, að það hafi verið gert bæði eftir tilmælum fjvn. og með sjálfdæmi ríkisstj., — og hins vegar, að örðugt mundi að ákveða kostnaðarverð, þar sem tiltekin er ein og óskipt fjárhæð sem söluverð allra setuliðseigna, er afhentar verða nú. Þó hefur matsverð verið lagt á hvern hlut, og virðist mér rétt, að héruðin fái bílana með því verði, sem þeir hver einn hafa verið áætlaðir, að viðbættum fáeinum % fyrir hlutdeild í sölukostnaði. En um eftirgjöf á tolli, sem var a. m. k. öðrum ráðh., sem við var talað, mjög á móti skapi, viljum við ekki leggja það til, sem landlæknir vildi. Okkur virðist sanngjarnt, að greiddur verði 10% tollur af þessum bifreiðum eins og af flutningabílum, en ekki 30%

tollurinn, sem greiddur er af fólksflutningabílum, sem eru annaðhvort lúxusbifreiðar einstaklinga eða atvinnutæki til mannflutninga gegn fargjaldi, og er hvorugu þessu jafnandi við sjúkraflutningsbíla eða fararskjóta handa læknum.

Það var hugmynd okkar, að héruðin fengju að kjósa, hvort þau vildu heldur sjúkrabifreið eða „jeep"-bíl. Þar, sem góðir eru vegir og læknir á bíl fyrir, mundu héruðin víða kjósa sjúkrabílana, og af þeim mun fást nægilega margt til þess, að þau geti fengið þá, sem þess óska. En í mörgum héruðum eru vegir þannig, að ekki eru líkur til, að hægt sé að hafa þar mikið gagn af venjulegum bílum. Þá er gert ráð fyrir, að hægt sé að láta þau héruð fá „jeep"-bíl. Í tveim héruðum hefur ríkisstj. komið því til vegar, að „jeep"-bílar hafa verið reyndir til læknisflutninga um óvegi og vegleysur, og reynslan hefur orðið eftir beztu vonum. — Þessi lausn bílamálsins gæti ef til vill að einhverju leyti stutt að því, að læknar fengjust í héruðin, en það hefur gengið illa, enda mörg ein læknislaus.

Ég vona, að till. verði samþ. og þau héruð, sem þegar hafa sótt um bíla, geti fengið úrlausn mála sinna sem fyrst.

Sigurður E. Hlíðar: Eins og hv. frsm. hefur skýrt frá, var enginn ágreiningur um flutning þessa máls í heilbrigðis- og félmn. En ég skrifaði undir með þeim fyrirvara, að ég flytti brtt., sem n. var ekki orðin á einu máli um. Mér fannst rétt, að dýralæknar fengju að vera með. Að vísu eru dýralæknahéruðin heilir landsfjórðungar og ekki þess að vænta, að samtök verði um bílakaup í svo takmarkalitlu héraði, eins og er. Þá getur framkvæmdin aðeins orðið sú, að dýralæknar megi, ef þeir vilja í það leggja, kaupa þessa bíla með sömu kjörum og héruðin. Sama rétt vildi ég ætla Slysavarnafélagi Íslands. Eftir að n. hélt fund um málið og afgreiddi það, sneri félagið sér til mín, sem formanns í n., og fór fram á þetta. Félagsstofnun þessi hefur þróazt ört undanfarið og getið sér almenningshrós. Allir líta hana hlýju auga. En það er gefin sök, að Slysavarnafélag Íslands þarf einmitt að hafa bíla til flutninga á slysstað, hvar sem hann er, og þarf að hafa stóran bíl til þess að geta flutt menn og hjálpargögn á staðinn og ekki sízt til þess að flytja sjúklinga eða slasaða menn frá strandstað á sjúkrahús eða annan öruggan stað. Þess vegna fer Slysavarnafélag Íslands fram á, að það fái að njóta sömu kjara um kaup á tveimur bílum: einum stærri, sem mætti nota sem sjúkrabíl, og svo aftur minni, — „jeppa", sem félagið hugsar sér til annarrar starfsemi. Eins og hv. þm. vita, þá hefur Slysavarnafélagið sent fulltrúa sinn út á land til þess að kenna hjálp í viðlögum, sem hefur gefizt mjög vel. Hefur landlæknir nú fyrir skömmu skorað á fél. að senda fulltrúa sinn langan veg, með vorinu, einmitt til þess að halda námskeið í hjálp í viðlögum. Álítur félagið mjög heppilegt fyrir sig og nauðsynlegt að fá „jeppa" til slíkra ferðalaga.

Af þessum sökum hef ég tekið að mér að flytja hér brtt. við þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 950, sem hljóðar þannig, með leyfi hv. forseta, að á eftir fyrri málsgr. tillgr. komi: Slysavarnafélag Íslands nýtur sömu kjara með 2 bíla, sem það þarf að kaupa vegna starfsemi sinnar. Dýralæknum skal einnig gefa kost á „jeep"-bílum með sömu kjörum.

Ég geri ekki ráð fyrir, að ég þurfi að skýra þetta mál öllu meir. Býst ég við, að hv. þm. skilji, hver meiningin er og að um nauðsynlega viðbót er að ræða, a. m. k. hvað snertir Slysavarnafélag Íslands. Það getur sitt sýnzt hverjum um vesalings dýralæknana, þótt ég fyrir mitt leyti álíti þörf þeirra eins mikla og læknanna a. m. k.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. Ak., sem hann hefur gert grein fyrir og ég tel ekki þörf að skýra nánar. Hún þarf tvenns konar afbrigði, er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1034) leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Það var aðeins út af þessari brtt. frá hv. þm. Ak., að ég tek til máls.

Ég tel, að lengi hafi verið búið illa að dýralæknum í landinu, og tel, að mikil nauðsyn væri, ef hægt væri að greiða fyrir starfsemi þeirra, með því að þeir fengju hentugar bifreiðar til umráða. Nú er þess að gæta, að í till. er ráðgert, að læknishéruðin eigi bifreiðarnar, sem héraðslæknunum er ætlað að nota, en ekki læknarnir sjálfir, og mér skilst það hafi að einhverju leyti reynzt þrándur í götu þessarar hugmyndar. Mönnum finnst erfitt að koma þessu fyrir á heppilegan hátt með þá, þannig að tryggt væri að þessar bifreiðar yrðu notaðar í þágu dýralæknanna, en lentu ekki í venjulegum viðskiptum, yrðu t. d. ekki seldar. Þess vegna vildi ég beina því til þeirra, sem hlut eiga að máli, flm. brtt. og annarra í n., sem um málið fjalla, hvort ekki er hægt að taka dýralæknana inn í þetta á þann hátt, að búnaðarsamböndin á hverju dýralæknissvæði ættu bíl, sem væri til afnota fyrir dýralækninn á sama hátt og um héraðslæknana, þar sem ráðgert er, að læknishéruðin eigi bifreiðar, en læknarnir noti þær. Ef menn vildu athuga þetta, mætti gjarnan fresta umr. og gefa þessu gaum, því að engin hætta er á því, að þetta mál dagi uppi, og ætti ekki að taka langan tíma að athuga það, hvernig mætti koma þessu fyrir.

Forseti (JörB): Það var sakir þess, að þetta mál var tekið fyrir núna, að komið var að því að úthluta nokkrum bifreiðum, þar eð n. sú, er sjá á um úthlutunina, mun nú vera um það bil að taka við bifreiðunum.

Mér skilst nú, að unnt muni verða á þessum fundi, ef ráðizt verður í að breyta þessum vatill., sem hv. 2. þm. S.-M. hafði á orði, mundi vinnast tími til þess, þótt málið verði ekki tekið út af dagskrá eða því frestað. Ég vildi skjóta þessu fram hv. n. til athugunar.

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Ég vil benda á það, að fjarri fer því, að dýralæknaumdæmi falli saman með búnaðarsambandssvæðum. *(EystJ:* Það vissi ég nú vel.) Þess vegna mun það vera erfitt að leysa málið með því, að búnaðarsamböndin eigi bílana. Hins vegar eru dýralæknarnir svo fáir, að ég fyrir minn part mundi ekki setja mig á móti því, þó að þeir fái sams konar kjör með bílana, en hins vegar er þá á það að líta, að tveir þeirra dýralækna, sem nú starfa, hafa fengið bíla og selt þá aftur með hagnaði, og þeir eiga ekki að fá bíla ódýra til þess eins að nota ekki til ferðalaga, heldur selja þá til ágóða fyrir sjálfa sig.

Sveinbjörn Högnason: Ég vildi leyfa mér að bera fram brtt. við till. Ef á að fara að skaffa embættismönnum farartæki með sérstökum kjörum, finnst mér algerlega eðlilegt, að prestar í sveitum njóti einnig sömu kjara og hér er lagt til, og vil því leggja til, að bætt verði aftan við till., þannig að aftan við orðið „læknishéruð" komi: og prestaköll, — og vildi ég biðja hæstv. forseta að taka við þeirri till. fyrir mig.

Forseti (JörB): Mér hefur borizt skrifleg brtt. frá hv. þm. V.-Sk. Þarf hún tvenns konar afbrigði, er of seint fram komin og skrifleg.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1033) leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Eysteinn Jónsson: Ég benti á það áðan, hvort ekki væri hugsanlegt, að búnaðarfélagssamböndin ættu bifreiðar, sem dýralæknar hefðu til afnota. Ég gerði þessa bendingu aðeins vegna þess, að mér var sagt, að n., sem um þetta fjallaði, hafi ekki treyst sér til að taka dýralæknana upp í till. sínar, þannig að þeir væru einkaeigendur bifreiðanna. Það var einmitt þess vegna, að ég gerði þessa brtt. að umtalsefni, að ég hélt, að meiri hluti hv. þm. mundi leggjast gegn till., ef ekki væri fyrir þessu séð. Nú hefur hv. frsm. meiri hl. hins vegar komið inn á það að taka dýralækna með, þó að þeir ættu sjálfir að eiga bifreiðarnar. Það stendur ekkert á mér að fallast á það, í því trausti, að þeir skilji fullkomlega, að bifreiðarnar eru afhentar þeim með sömu kjörum sem dýralæknum og fylgja embættinu, þótt þær að forminu til séu í einkaeign.

Ég get því vel tekið aftur þessa bendingu mína, því að hún var eingöngu gerð út af því, að ég hafði heyrt, að n. treysti sér ekki til þess að taka dýralæknana með, vegna þess að þeir yrðu þá eigendur bifreiðanna sjálfir.

Varðandi till. hv. þm. V.-Sk. sé ég enga ástæðu til þess, að prestaköll fái til afnota bifreiðar á sama hátt og læknishéruð fá, af þeirri einföldu ástæðu, að prestaköll eru yfirleitt svo miklu minni en læknishéruðin og viðráðanlegri ferðalög í þeim. *(STh:* Hvað eru þau mörg?) Ég veit það ekki, en þau eru margfalt minni en læknishéruðin, og því er margfalt minni ástæða til þess að greiða fyrir ferðalögum presta á opinberan hátt.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Mér þykir leitt, að þessu skuli komið í það horf, sem virðist valda ágreiningi hér innan þessarar hv. d., en hvað snertir dýralækna, þá er það rétt, að mjög var um þá rætt innan n., og eins og fram kom á fundi, skildist mér, að það væri form. n. einn, sem væri óánægður með þá afgreiðslu að fá þá ekki inn í till. n. Ég kvaddi mér hljóðs til þess að upplýsa, að innan n. kom sú skoðun fram, að dýralæknar ættu að sjálfsögðu að njóta þessara hlunninda, en vegna þess, hve héruð þeirra eru stór, þá er ekki hægt að skylda héruðin til þess að kaupa bifreiðarnar, en sú skoðun hefur komið fram, að ríkið ætti að eiga bifreiðarnar og láta þær af hendi við dýralæknana, og þar af leiðandi gætu þær fylgt embættinu. eins og kom fram í ræðu hv. 2. þm. S.-M.

Það. sem mér virtist vaka fyrir n., var það að útiloka, að þessar bifreiðar yrðu einkaeign. Þess eru dæmi, að menn hafi fengið bifreiðar í nafni embættis og selt þær síðan með miklum hagnaði, án þess að nota þær fyrir embættið. Það var einmitt þetta, sem n. vildi koma í veg fyrir, að farið yrði í brask með þessar bifreiðar, og hugsunin, sem á bak við liggur, er, að bifreiðar þessar vinni sér inn fé til endurnýjunar í viðkomandi læknishéraði, og inn á þessu var n. nokkurn veginn.

Ég held, að það sé rétt, sem skaut upp hjá hv. 2. þm. S.-M., að breyta till. þannig, að ríkið ætti bifreiðar til afnota fyrir dýralækna, en að sjálfsögðu yrði ekki hægt að verzla með þær eða selja sér til hagnaðar, eins og dæmi eru til.

Ég er þakklátur hv. flm. brtt. um Slysavarnafél. Ég var svo hæverskur, að ég vildi ekki hreyfa því innan n., óttaðist, að margar stofnanir aðrar myndu þá koma upp og óska eftir hliðstæðum kjörum. Slysavarnafélag Íslands er góð stofnun og nýtur mikils styrks úr ríkissjóði, og það, sem hér er um að ræða, er að hafa nauðsynleg tæki til að bjarga mannslífum, og eins er það vant að hafa tvenns konar starfsemi, námskeið úti um allt land, en bílakostur dýr í slíkar ferðir, en annað hitt, að leitað er til félagsins, ef leita þarf manna upp til heiða, og er þá ekki sízt nauðsynlegt, að svona bifreiðar geti verið til taks.

Ég vildi óska, að till. yrði breytt þannig, að ekki þurfi að verða árekstur, að hún félli á því, að þarna er hnýtt aftan við till. um bifreiðakost til handa dýralæknum. Þess vegna er ég sammála uppástungu hv. 2. þm. S.-M. um, að dýralæknar fái bifreiðar, en ríkið eigi þær.

ATKVGR.

Brtt. 1033 felld með 17:7 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SvbH, BÁ, GÞ, IngJ, HarJ, SÞ, JörB.
nei: SÁÓ, ÞG, BG, EOl, EystJ, FJ, HelgJ, LJós, ÓTh, PZ, PÞ, PO, SB, SG, SEH, SK, STh.

EmJ, GSv, SkG greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁkJ, ÁÁ, GG, GTh, JakM, JJós, JPálm, SigfS) fjarstaddir.

Brtt. 1034 fyrri málsl. samþ. með 19 shlj. atkv.

Brtt. 1034 síðari málsl. samþ. með 17:2 atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 20:2 atkv.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég vil skjóta því til hæstv. forseta, hvort hér sé ekki um talsvert fjárhagsatriði að ræða, og hvort heimilt er að afgr. málið við eina umr.

Það er enginn vafi á því, að bifreiðarnar eru seldar mikið undir því verði, sem ríkisstj. á kost á að fá fyrir þá.

Forseti (JörB): Ég hef nú að vísu gefið þessu gaum, og ég hygg, að það brjóti á engan hátt í bága við ákvæði þingskapa, þótt þessi meðferð sé höfð á málinu. Það er að vísu á óbeinan hátt fjárhagsatriði fyrir ríkissjóð, en bein fjárútlát eru það þó ekki, en að vísu nokkru minna fé, sem í ríkissjóð rennur. *(EystJ:* Sem kemur út á eitt.) Nokkuð gegnir öðru máli um það. Nú er gert ráð fyrir, að greidd verði í ríkissjóð lögboðin gjöld, svo að því leyti kemur það ekki í bága við ákvæði l. um þetta efni. *(EystJ:* Það eru engin lagaákvæði um, að það eigi að okra á „jeep"-bílum.)

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 18:2 atkv. og afgr. sem ályktun neðri deildar Alþingis (A. 1035).

56. Reykjanesrafveitan.

Á 56. fundi í Sþ., 17. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til kaupa á efni í Reykjanesrafveituna (A. 431).

Á 57. og 58. fundi í Sþ., 18. og 19. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 59. fundi í Sþ., 20. okt., var till. enn tekin til fyrri umr. (A. 431, 459).
Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 459. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Flm. (Guðmundur Í. Guðmundsson): Herra forseti. — Ég hef borið fram þessa till., sem er þess efnis, að Alþingi heimili ríkisstj. að verja fé úr ríkissjóði á þessu og næsta ári til kaupa á efni til að fullgera Reykjanesrafveituna, svo og aðalspennistöðvar þessarar rafveitu, og í háspennuveitur um þorpin á Suðurnesjum.

Þetta mál er ekki nýtt á Alþingi, svo að ekki þarf að kynna það fyrir hv. þm. með langri ræðu. Málið var hér á ferð á s. l. hausti, og þá kom fram, hve almennur áhugi er á því á Suðurnesjum að geta orðið njótandi rafmagns. Þeir Suðurnesjabúar hafa unnið að því að útvega efni til rafveitugerðar um nesin. Árið 1942 var talið, að ekki stæði á öðru en útflutningsleyfi úr Bandaríkjunum, og horfur á, að það fengist um haustið, en vegna nýrra útflutningsreglna brást það. Haustið 1943 var þó hægt að útvega efni í þann hluta rafveitunnar, sem nægði til þess, að Keflavík fengi rafmagn. Þessi lausn á málinu var náttúrlega góð byrjun og vakti mikla ánægju hjá Keflvíkingum, en aðrir þykjast litlu nær, og fyrir þá er nú unnið að því af utanríkisráðuneytinu að útvega efni og útflutningsleyfi á því. Eftir þeim upplýsingum að dæma, sem utanríkisrh. hefur síðast fengið frá sendisveitinni í Washington, er ástæða til þess að ætla, ef nú yrði sótt um viðbótarleyfi fyrir efni til rafveitunnar, að þá fengist það, a. m. k. að einhverju leyti. Gert hefur verið ráð fyrir, að ríkið yrði til bráðabirgða að leggja fram féð til efniskaupanna, þar til ráðstafanir yrðu gerðar til annarrar fjáröflunar, sem undir yrði risið.

Í fyrra varð það úr, að ríkisstj. var veitt tímabundin heimild til efniskaupa fyrir rafveitur, unz þing það kæmi saman, sem nú situr. Sú heimild er því úr gildi. En mér er tjáð, að ekki sé til neins að sækja um útflutningsleyfi, nema vissa sé fyrir, að leyfi, sem fengist, yrði notað. Þess vegna er þessi till. fram borin í beinu framhaldi af því, sem áður hefur verið gert.

Nokkuð hefur verið um það rætt, hvort ekki mundi hagkvæmara að fá þetta efni frá Svíþjóð eftir stríð. Ég geri ráð fyrir, að n., sem fær þetta til meðferðar, taki þann möguleika til athugunar, en athugun hefur gert mig honum fráhverfan eins og sakir standa.

Komið hefur fram brtt. á þessum fundi um heimild varðandi efniskaup fyrir rafveitur á ýmsum fleiri stöðum, og er gott eitt um það að segja, að sú heimild verði einnig veitt með einhverju móti.

Ég legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn. ásamt brtt. á þskj. 459.

Kristinn Andrésson: Ég flyt hér ásamt hv. 2. þm. Árn. brtt. á þskj. 459, sem felur í sér að gera þessa till. víðtækari en hún er. Málið hefur verið rætt svo á fyrri þingum, að ástæðulaust er að rekja það nú eða lýsa þörf manna og áhuga á, að framkvæmdir dragist ekki lengur en nauðsyn ber til. Það hlýtur að vera öllum ljóst, að ekki er hægt að láta nægja að afgreiða till. eins þrönga og hún er. Við leggjum til, að heimildin nái til efnis í rafveitur til þessara staða: Eyrarbakka, Stokkseyrar, Selfoss, Hveragerðis og Suðurnesja, Húsavíkur og Reykjahverfis. Á öllum þessum stöðum liggja fyrir fullkomnar áætlanir um rafveitur. Ef möguleikar verða á að útvega efni í Ameríku til að gera þessar rafveitur, þarf heimildin að vera fyrir hendi, og hv. þm. munu ekki eiga auðvelt með að gera upp á milli þessara staða. Málinu mun verða vísað til fjvn. ásamt brtt.

Ég gæti eiginlega fallizt á, að ekki yrði tiltekið um ákveðna staði, heldur aðeins framlengd sú heimild, sem í gildi var frá s. l. hausti um kaup á efni í rafveitur. Ef það yrði ofan á, gætum við tekið brtt. okkar aftur. Hitt væri ófært, ef efni fengist í rafveitur til allra þessara staða, að ríkisstj. hefði ekki heimild til að kaupa það.

Ég vil loks geta þess, að ég verð að bera fram skrifl. brtt. um, að fyrirsögn till. breytist til samræmis við þá breyt., sem lagt er til á þskj. 459.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 466) leyfð og samþ. án atkvgr.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég skal ekki vera margorður um þessa till. á þskj. 431. Ég geri ráð fyrir, að hv. flm. hafi fært fram þau rök, sem að efninu hníga og minnzt er á í grg., og mæli ég með því, að hún verði samþ. Varðandi brtt. þá, sem fyrir liggur á þskj. 459, er það kunnugt, að ég er hvetjandi slíkra framkvæmda sem þeirra, er þar er gert ráð fyrir. Hins vegar lít ég svo á, ef fyrir liggur vissa um, að efni fáist til þeirra sérstöku framkvæmda, sem um er að ræða í till. á þskj. 431, að þá sé rétt að hafa þann hátt á að samþ. hana eina út af fyrir sig og samþ. svo sér efnislega till. á þskj. 459. Mér skildist af samtali við hv. flm., að hann vildi, að þessi till. færi til fjvn. Ég er því samþ. og vil eiga þátt í þeirri afgr. málsins. Ég fæ ekki séð, að það saki, þó að þessi háttur sé hafður á afgr., en það er von, ef öryggi er fyrir því, að efni fáist til ákveðinnar rafveitu, en ekki annarra, þá séu þeir, sem sérstöðu hafa í málinu, hvetjandi þess, að málin verði aðgreind, en það þarf ekki að skaða áhugamál hinna. Ég mun því greiða atkv. með því, að aðaltill. sé vísað til n. og brtt. tekin aftur til athugunar fyrir n. *(KA:* Ég get sætt mig við það. — *GÞ:* Ég tek þá till. upp.)

Eiríkur Einarsson: Ég vil taka það fram, að brtt. á þskj. 459 var útbúin í gær og var þá send til prentunar, ef hægt er þá að nefna það því nafni, og að hv. samþm. minn, 1. þm. Árn., var þá fjarri, og veit ég því ekki um sérstaka afstöðu hans, þó að ég viti, að hann muni vilja leggja málinu allt það lið, er hann getur, sem og okkur ber að gera sameiginlega. En til að fyrirbyggja misskilning, vildi ég taka fram, að ég stend einn þm. Árn. að till. af tilgreindum ástæðum. Annars var það hv. l. flm. till., sem mælti fyrir henni, og þarf ég ekki að endurtaka það, er hann sagði, að öðru en því, að það má segja, að sagan endurtaki sig. Það var á þ. 1943 heilmikið rætt um efniskaup til ýmissa rafveitna. Þá komu fram ýmsar brtt., sem miðuðust við ákveðna staði, en þá var það Keflavík ein, sem skauzt fram fyrir og fékk forgang. Hins vegar varð samkomulag um að veita ríkisstj. sameiginlega heimild til kaupa á efni til annarra rafveitna. En sú ályktun var tímabundin. Hún gilti ekki lengur en þar til næsta Alþ. kæmi saman, og nú er það orðið, svo að heimildin er úr gildi fallin, og er þá annað tveggja að láta sitja við það, sem áður var, eða leita heimildar að nýju. Hv. l. flm. lét skína í, að það skipti litlu máli, hvort staðirnir væru tilgreindir eða sameiginleg yfirlýsing fengist um ónafngreinda staði. Ég lít svo á, eftir því sem málinu er háttað um þessa heimild til að borga efnið, að það eigi að vera samfelld heimild án tilgreiningar staða. Ég álít það heilsteyptara, því að ef glíma á um staði, hvort t. d. Reykjanes eða einhverjir aðrir staðir eigi fyrst að fá þessu framgengt, þá yrðu það reiptog og glímubrögð fremur en það svaraði til réttmætrar faglegrar niðurstöðu í málinu. Ég spurði þann mann um málið, sem ég hygg, að beri sérstakt skynbragð á þetta, en það er forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins, og hann sagði, að verið hefði stöðug viðleitni á því að útvega efni til þeirra rafveitna, sem næst standa, eins og rafveitna til Eyrarbakka-, Stokkseyrar-, Reykjaness- og Þingeyjarsýslulínunnar, og heyrði ég á honum, að ekkert hefði fengizt enn, en viðleitnin væri fyrir hendi og henni haldið áfram af fullum áhuga. Hins vegar heyrðist mér ekki á honum, að um væri að ræða nokkurn aðstöðumun fyrir þessar ýmsu línur. Svo er það, að úr því að einn hv. þm. varð til að flytja till., sem er stíluð á þessa einu línu, þá freistast maður til að gera hið sama. Ég endurtek, að maður, sem hefur fagþekkingu í þessum málum, forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins, sagði þetta við mig í gær, að stöðug viðleitni væri höfð á þessu máli, án þess að einn staður væri látinn vera öðrum framar. Þess vegna óska ég þess, að jafnframt því að þessi till. fer til fjvn. verði athugað gaumgæfilega, hvaða aðferð sé heppilegust í þessu máli. Ég get að því leyti ekki verið samþ. því, sem kom fram hjá hv. þm. G.-K., þar sem hann mælist til, að till. á þskj. 431 verði samþ. og brtt. okkar kannske líka að athuguðu máli í fjvn. Ég álít, að það eigi að skipa þessum stöðum á sama stallinn án þess að gera upp á milli þeirra og óforsvaranlegt sé að láta ýmsa þm. vera að þumlunga sig áfram hvern með sinn stað. Ég álít það ekki rétt og ekki þinglegt. Ég vildi gjarnan óska þess, að Reykjanessrafveitan kæmi sem fyrst, en ekki á óeðlilegan og óþinglegan hátt og á kostnað annarra staða. Og það gæti farið svo eftir reynslu fyrr og nú, að það endaði með óheppilegu reiptogi. Það er álitamál, hvort ekki væri rétt fyrir n., sem fær þetta mál til athugunar, að skeyta við sínar niðurstöður samfelldri till. án tilgreiningar stöðva þess efnis, að framkvæmdir skuli unnar jafnóðum og efni fæst, eftir till. Rafmagnseftirlits ríkisins, því að það er um þetta eins og allar stórvægilegar framkvæmdir, að til þess eru fagmenn og trúnaðarmenn ríkisstj. og Alþ., að farið sé eftir þeirra till. Þá tekst mikið ómak af Alþ., og það losnar við freistingu til togstreitu. Þetta er ekki sagt til að mótmæla neinni af till., heldur er ég með orðum mínum að benda á það, sem krefjast verður til samræmis þessu máli.

Garðar Þorsteinsson: Ég hefði talið réttast, að sú till., sem samþ. var í fyrra, yrði samþ. aftur að efninu. Ég tel, eins og till. á þskj. 431 er orðuð, að hún gangi í þá átt að láta Suðurnesin ganga fyrir, þótt vitað sé um aðra staði, þar sem þörf á raflögnum er eins mikil. Ég er á móti því, sem hv. þm. G.-K. sagði, að rétt væri að samþ. efnislega þessar tvær till. sérstaklega. Ef á að tiltaka einhverja staði, er rétt að tiltaka þá alla staði, sem

vitað er um, að jafna kröfu hafi til að fá lagt til sín rafmagn. Nú hefur verið mælt með raflögn út til Dalvíkur í sambandi við lögn frá Akureyri, og mér hefur skilizt, að hana ætti að leggja næst á eftir Reykjanesslínunni. Ef á að tiltaka staði fyrirfram, finnst mér eðlilegt, að þessi lögn komi þar með, og leyfi ég mér því að bera fram skrifl. brtt. við brtt. á þskj. 459, að niðurlag hennar orðist þannig: Húsavíkur, Reykjahverfis og út um Eyjafjörð vestanverðan til Dalvíkur. — Þessi till. kemur að líkindum til athugunar í fjvn., og ég teldi eðlilegt, að sú almenna heimild gilti, sem fólst í gömlu till., þar sem ríkisstj. var heimilað að verja fé til efniskaupa, og svo yrði leitað til fagmanna um ákvörðun lagnanna sjálfra. Svo langar mig til að spyrja hæstv. fjmrh. um það, að hve miklu leyti þessi heimild hefur verið notuð, á hve miklu efni hafa verið fest kaup í Ameríku og hvort eiga megi von á því, að efnið fáist hingað.

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Ég tek undir það, sem hv. 2. þm. Eyf. sagði. Mér finnst ekki óeðlilegt, að þegar till. kemur fram um að heimila ríkisstj. að kaupa efni til rafveitu um Suðurnes, séu líka teknar ákvarðanir um aðra staði, sem rafveiturannsóknir hafa náð til, og lýsi ég yfir því, eins og hv. þm., að ég er á móti því, að afgreitt sé að leggja línu um Suðurnes, án þess að aðrir staðir komi til greina. Með samþ. Alþ. um lögn til Keflavíkur og þeim framkvæmdum, sem hafnar hafa verið í því efni, virðist mér stigið spor, sem gefur fordæmi og veitir öðrum landshlutum og byggðarlögum rétt til að krefjast sömu meðferðar á sínum raforkuveitum og Keflavík hefur orðið aðnjótandi og nú er ætlazt til, að Suðurnes hljóti. Með það fyrir augum tel ég eðlilegt, að hafður sé sá háttur á að tiltaka staðina, úr því að byrjað var á því. Ég skyldi hafa fallizt á það, hefði frá upphafi verið heimilað að verja framlögum til sérstakra staða samkvæmt áliti sérfræðinga. En þegar stigið er það spor á Alþ. að áætla sérstökum sveitum eða byggðarlögum þessi fríðindi, er óhjákvæmilegt, að önnur byggðarlög sigli í sama farið, og með tilliti þess leyfi ég mér að bera fram brtt. varðandi Vestmannaeyjar, því að þær eru nátengdar línunni til Stokkseyrar og austursveitanna, og ég vil halda því fram, að þær eigi sama rétt á atbeina Alþ. og stj. og aðrir staðir. Því leyfi ég mér að leggja fram skrifl. brtt. við till. á þskj. 431.

Forseti (GSv): Tvær skrifl. brtt. hafa komið fram, frá hv. þm. Vestm. og hv. 2. þm. Eyf. Þær eru of seint fram komnar, og þarf afbrigða við. Vil ég leita afbrigða fyrir till. báðar nú þegar.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 467 og 468) leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Jörundur Brynjólfsson: Ég þarf í rauninni ekki að segja mörg orð um þetta mál, en get tekið undir við þá hv. þm., sem látið hafa uppi þá skoðun, að heppilegt sé að veita ríkisstj. allsherjarheimild um efniskaup til rafveitna og telja, að betra sé, að frá málinu sé gengið á þann veg en að tilgreindir séu einstakir staðir. Ég býst við, að verði sá háttur upp tekinn að tilgreina ákveðna staði, verði staðirnir orðnir nokkuð margir, áður en slík ályktun er búin að ganga gegnum Alþ., og er það vorkunnarmál. Mér þykir líklegt, að hefðu hv. þm. Rang. verið hér staddir í dag, þá mundu þeir hafa borið fram brtt. við þessa till. um að leiða rafmagn um Rangárvallasýslu. Þess vegna er það fjarri öllum sanni að ætla á þessu stigi málsins að tilgreina einstaka staði, og þó að eitthvað kunni að mæla með einum stað öðrum fremur, þá tel ég ekki rétt, eins og nú standa sakir, að fara að gera sérstaka samþykkt um þá. Það liggur fyrir athugun á allmörgum stöðum víðs vegar um landið, sem góðar horfur eru á, að unnt væri að koma raforku til. Það yrði því ærinn vandi fyrir Alþ. að ætla sér að ákveða staði með þó ekki betri upplýsingum um málið en það hefur enn þá. En hitt er annað mál, að það er mjög áríðandi, að þm. reyni að greiða fyrir því, að fólk víðs vegar úti um héruð landsins fái raforku í þjónustu sína.

Þegar ákvörðun var tekin um að veita raforku til Keflavíkur, þá hefur það ekki hjálpað lítið til, að sú ákvörðun var tekin og efni fékkst, að herinn hafði bækistöðvar sínar á Reykjanesskaga. Mér hefur verið tjáð, að það hafi nokkuð greitt fyrir því, að efni fékkst í þá rafveitu. Nú hefur verið tekin ákvörðun af hendi þingsins um framkvæmd þessa verks. Það er að vísu aðeins skyndiráðstöfun, en það er eðlilegt, að þessi mál séu nokkuð á reiki hjá okkur enn sem komið er.

Nú er starfandi mþn. í þessum málum, og ég vil mega vona, áður en mjög löng stund líður, að hún geti komið fram með till. sínar fyrir þetta Alþ. Þegar ég segi innan mjög langs tíma, meina ég, að það geti orðið innan hálfs mánaðar eða svo, að till. hennar verði tilbúnar til þess að leggjast fyrir Alþ. Ég vil því mega vænta þess, að Alþ. sýni áhuga sinn á því að greiða götu þeirra till., svo að löggjöf verði sett um þetta efni. Það er algerlega óhugsandi, að fast skipulag geti orðið á þessum málum öðruvísi en slíkar framkvæmdir fari eftir ákveðinni löggjöf. Alþ. hefur ekki enn átt kost á því, og er ég þó ekki með þessum orðum að ásaka þá hv. þm., sem eru flm. þessarar till. Það ber aðeins vott um, hve aðkallandi er, að hafizt verði handa um framkvæmd þessa verks, og áhuga hv. þm. og umbjóðenda þeirra að fá þetta mál leyst. Ég vil því beina því til hv. fjvn., sem vafalaust fær þessa till., að mjög æskilegt væri, að sú almenna heimild væri aðeins veitt í þetta sinn og að samþykkja ekki neinar sérstakar till. um sérstaka staði, heldur væri það látið á vald hæstv. ríkisstj., sem leitaði þá álits og till. þeirra manna, sem mest hafa með framkvæmd þessara mála að gera og hafa þá eðlilega mestan kunnugleika á þeim.

Hvað áhrærir það hérað, sem ég er fulltrúi fyrir, þá hefði reyndar ekki átt að þurfa af okkar hálfu að knýja mjög á stjórnarvöld landsins og þá menn,

sem annast um þessar framkvæmdir, að koma því máli í höfn. Þegar löggjöf var sett um virkjun Sogsins og öðrum héruðum leyfðar þær miklu framkvæmdir að sækja orku þangað, þá var beinlínis gefið loforð um það, að við skyldum verða fyrstir orku aðnjótandi utan Reykjavíkur af héruðunum austan fjalls. Til þessa dags hafa héraðsbúar, sem þó var gefin von um að fá afl þetta skjótlega, aðeins notið ánægjunnar að sjá ljósadýrðina við orkuverið, en ekki fengið neina orku enn. Það má dálítið af því ráða, hvernig takast mundi til um slík mál, ef ekki yrði fastari skipan um þau en nú er orðin.

Ég ætla svo ekki að þessu sinni að fjölyrða um það frekar. Ég vil aðeins vænta þess, að hæstv. ríkisstj. og þeir menn, sem hún hefur í þjónustu sinni til að annast um framkvæmd þessa máls, geri af sinni hálfu hvað unnt er til að efna nú það loforð, sem einu sinni var gefið, að héraðsbúar í Árnesþingi fái raforku nú.

Ég tel, að að þessu sinni muni ég ekki þurfa að tala um þetta frekar. Ég mun bíða átekta, hvaða till. hv. fjvn. kann að gera. Ef mér þykir till. hennar verða á þann hátt, að ég telji ólíklegt, að málið verði afgr., mun ég bera fram brtt. um skipan þessara mála.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Út af þeim orðum, sem féllu hjá hv. 2. þm. Eyf. um, hvað ríkissjóður hafi greitt í sambandi við Keflavíkurrafveituna, þá hef ég ekki tölur hjá mér í augnablikinu og get því ekki gefið upplýsingar um það. Ég vil benda á, að skv. þál. 12. nóv. 1943 er ríkisstj. heimilað að verja úr ríkissjóði allt að einni millj. kr. til að kaupa efni í Keflavíkurveituna. Nú er svo komið, að til þess að hægt sé að halda þessu áfram, hefur orðið að leggja fram frv., sem er komið fram í Ed., þar sem ríkisstj. er heimilað að taka lán allt að átján hundruð þús. kr. til að standast straum af þessu fyrirtæki, og ekki eingöngu það, heldur að ríkisstj. er heimilað að koma upp þessari rafveitu og ríkissjóður annist rekstur hennar eða feli opinberum aðilum, bæjar- eða hreppsfélögum, að gera það.

Þetta virðist mér benda ótvírætt á, að óhyggilegt væri að ráðast í slíkt mál með einfaldri þál. Fyrst og fremst vegna þess, að svo getur farið, að þessi mál lendi í fullri óreiðu, þegar til lengdar lætur, og í öðru lagi er engin trygging fyrir því, að ríkissjóður geti lagt út það fé, sem nauðsynlegt er til að hægt sé að halda þessu gangandi. Þess vegna gæti nægt, til að þetta geti komizt á heilbrigðan grundvöll, að fyrir lægi heimild til að taka nauðsynleg lán til að standast straum af þessu.

Þó að þessi till. verði samþ., þá getur vel komið að því, að nauðsynlegt verði skömmu síðar að leggja fram frv., sem fæli í sér heimild fyrir ríkisstj. til að taka lán í þessu skyni. Ég hygg því, að málið verði á miklu traustari grundvelli, ef fyrir þessu verður séð þegar í byrjun.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 84., 86., 87. og 88. fundi í Sþ., 16., 24. og 26. jan., var till. tekin til frh. fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 431, n. 831, 459, 466, 467, 468).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Allar brtt. teknar aftur.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 431).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 27:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1049).

---

57. Rafveitulán fyrir Vestmannaeyjar.

Á deildafundum 15. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Vestmannaeyjakaupstað (A. 503).

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. aftur tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 84., 86., 87. og 88. fundi í Sþ., 16., 24. og 26. jan., var till. tekin til frh. fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 503, n. 824, 972).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 824 samþ. með 27:1 atkv.
Brtt. 972 samþ. með 27:1 atkv.
Tillgr. þar með ákveðin.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 1000).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 27:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1050).

58. Rafveitulán fyrir Neskaupstað.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Neskaupstað (A. 625).

Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Sþ., 15. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Ég vil reyna að hafa sem fæst orð um mál þetta, ef það gæti flýtt till. til n. til athugunar ásamt öðrum till. um sams konar efni, sem þegar liggja hjá fjvn. Þessi till. er flutt samkv. samþ. bæjarstj. Neskaupstaðar. Hún er flutt vegna þess, að það stendur fyrir dyrum í Neskaupstað að umbreyta og lagfæra mjög rafveitukerfi bæjarins. Rafmagn er framleitt þar með olíumótorsstöð. Er það lítið magn og óhagstæð framleiðsla á allan hátt. Hins vegar hefur þörf bæjarbúa fyrir rafmagn vaxið mjög undanfarin ár, og er nú ekki lengur hægt að víkjast undan því að auka nokkuð rafmagnsframleiðsluna. En til þess að það sé hægt, verður að breyta því rafveitukerfi, sem nú er í bænum. Það hefur verið jafnstraumskerfi, en ekki fæst að leiða um þetta kerfi meiri orku en nú er nema koma upp riðstraumskerfi, eins og er í öllum stærri kaupstöðum. Hins vegar kostar þetta talsvert, og er áætlunin um 750 þúsund kr., gerð af Rafmagnseftirliti ríkisins. Og þegar Neskaupstaður fer fram á ríkisábyrgð fyrir láni, er það gersamlega til samræmis við það, sem gert er fyrir aðra kaupstaði. Ég vil benda á, að þessi till. er að öllu leyti nákvæmlega eins og till., sem lá fyrir þinginu fyrir örfáum dögum, nema mun lægri. Sú till. var flutt af þm. Vestm. Ég vildi mælast til þess, að þessi till. fengi sams konar afgreiðslu og yrði vísað til fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 84., 86., 87. og 88. fundi í Sþ., 16., 24. og 26. jan., var till. tekin til frh. fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 625, n. 834, 974).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 834 samþ. með 28 shlj. atkv.
Brtt. 974 samþ. með 27:1 atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 28:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 1001).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1051).

59. Rafveita Húsavíkur (till. fjvn.).

Á deildafundum 18. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ábyrgð ríkissjóðs fyrir rafveitu Húsavíkur (A. 879).

Á 86., 87. og 88. fundi í Sþ., 24. og 26. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var till. enn tekin til fyrri umr. (A. 879, 970).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Brtt. 970 samþ. með 27:1 atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29:1 atkv.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 1003).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1052).

60. Rafveita Reyðarfjarðarhrepps.

Á deildafundum 10. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstj. til þess að ábyrgjast fyrir Reyðarfjarðarhrepp lán til aukningar raforkuveitu hreppsins (A. 790).

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Þessi till. fer fram á, að hv. Alþ. taki að sér að ábyrgjast ½ millj. kr. lán til endurbóta á raforkuveitu Reyðarfjarðarhrepps. Raforkuveitan er nú orðin alveg ófullnægjandi, og verður ekki hjá því komizt að ráðast í stækkun hennar svo fljótt sem auðið er. Við ætluðum, að á þessum málum yrði tekið í heild og þetta mundi þá falla þar í, en á því mun nú verða bið. Við höfum áætlun um þetta frá Rafmagnseftirliti ríkisins, og munum við afhenda fjvn. öll þau gögn, sem fyrir eru í þessu máli. Ég vona svo, að við verðum ekki látnir gjalda þess, að við biðum með að flytja þessa till. þangað til við sáum, hvaða heildarstefna yrði tekin í þessum málum, en legg til, að till. verði vísað til fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 790, n. 951).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. — Fjvn. hefur haft till. þessa til athugunar á fundum sínum, og hefur hæstv. samgmrh. mælt með samþykkt hennar. Fyrir n. lá og grg. frá Rafmagnseftirliti ríkisins, og er forstöðumaður þess hlynntur málinu.
Óska ég, að málinu verði vísað til síðari umr.

ATKVGR.
Brtt. 951 (ný tillgr.) samþ. með 27:1 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 1002).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 26:1 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1053).

61. Hafnargerð í Höfðavatni.

Á 76. fundi í Sþ., 15. des., var útbýtt:
Till. til þál. um rannsókn á hafnargerð í Höfðavatni í Skagafirði (A. 707).

Á 80., 81., 82. og 83. fundi í Sþ., 4., 5., 9. og 15. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Herra forseti. — Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. ásamt þremur öðrum hv. þm. um að fela hæstv. ríkisstj. að láta fram fara rannsókn á hafnargerð í Höfðavatni í Skagafirði.

Um þetta mál þarf ekki að hafa mörg orð að þessu sinni; ég hirði ekki um að fara að endurtaka það, sem stendur í grg. fyrir málinu, — tel þess ekki þurfa og ekki hlýða, en vildi aðeins taka það fram, að þarna í Höfðavatni halda sumir fram, að séu ákaflega miklir framtíðarmöguleikar og tiltölulega ódýrt að gera trygga og ágæta höfn. Hitt er alveg víst, að höfn þarna mundi liggja við einhver allra beztu síldveiðisvæði landsins. — Enn fremur liggur þessi staður mjög vel við fiskveiðum, er nálægt Skagagrunni, sem nú er sótt af bátum frá Ólafsfirði og Eyjafirði og er eitthvert mesta fiskveiðisvæði fyrir Norðurlandi. Ef það reyndist svo, að þarna yrði hægt að gera mannvirki fyrir tiltölulega lítið fé, þá trúi ég ekki öðru en hafizt yrði handa í framtíðinni um hafnargerð á þessum slóðum. Nú eru deildar meiningar um þetta, en flestir verkfræðingar cg sjómenn eru mjög hrifnir af hafnargerð í Höfðavatni og telja, að hún geti átt mjög mikinn rétt á sér. Hins vegar eru aðrir, sem hafa engu trú á þessu. Sú rannsókn, sem hér um ræðir, á því að leiða sannleikann í ljós í þessu máli. Ég veit, að það er ævinlega betra að rannsaka málin en slá niður deilur milli manna, sem ekki hafa haft aðstöðu til þess að tala af þekkingu, og mér finnst ekki vera hægt að deila um það, að rannsókn á hafnargerð í Höfðavatni væri mjög æskileg. Þá er um það að ræða, hvort slík rannsókn mundi hafa mikinn kostnað í för með sér. Benedikt Jónasson verkfræðingur, er framkvæmdi mælingar og aðrar athuganir að þessari fyrirhuguðu hafnargerð árið 1918, hefur sagt mér, að það gæti ekki orðið dýrt að gera kostnaðaráætlun um verkið, þar sem svo vel vill til, að á vitamálaskrifstofunni eru til uppdrættir og mælingar af þessum fyrirhuguðu framkvæmdum, sem gerð voru í Kaupmannahöfn eftir mælingum hans árið 1918. Benedikt telur, að þetta þyrfti ekki að vera öðruvísi en að maður af hafnarskrifstofunni yrði sendur norður til þess að athuga, hvort nokkrar breytingar hafi átt sér stað á þessum slóðum síðan 1918, er rannsóknin fór þar fram, og ef grandinn milli sævar og Höfðavatns hefur ekki breytzt, þá er hægt að byggja á þeim mælingum, sem áður hafa verið gerðar. Það sýnist því ekki mundu kosta ríkissjóð

mikið, ef úr þessari rannsókn yrði, en hins vegar geta af henni hlotizt miklar framkvæmdir og miklir framtíðarmöguleikar fyrir þær sveitir, sem þarna eiga hlut að máli, og fyrir sýslufélagið í heild.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri; málið sýnist mjög einfalt, og er óskað eftir því, að málinu verði vísað til fjvn. að þessari umr. lokinni og síðan tekið til síðari umr.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 88. fundi í Sþ., 26. jan., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 707, n. 936).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var till. aftur tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1054).

62. Símamál.

Á deildafundum 11. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um símamál (A. 809).

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 84. og 86. fundi í Sþ., 16. og 24. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Ég hef leyft mér að flytja þessa till., ásamt hv. þm. V.-Sk. og þm. Mýr. Till. er um það, að yfirstjórn símamála verði falið að rannsaka möguleika á því að útvega efni til símalagningar og talstöðva, er nægi til þess að koma öllum sveitabýlum landsins í símasamband á næstu árum. Þá er ætlazt til þess, að gerð verði áætlun um kostnað við þessar framkvæmdir. Það er gert ráð fyrir því í till., að niðurstöðurnar verði að þessu athuguðu lagðar fyrir Alþ. Þegar þessari rannsókn er lokið, þá verður það þingið, sem tekur ákvarðanir um framkvæmdir.

Eins og getið er í grg., lætur nærri, að nú séu símar á 25 af hverjum 100 sveitabýlum landsins. Það er því mikið ógert í þessu efni til þess að koma símamálum sveitanna í viðunandi horf. Alþ. hefur þegar sýnt, að því er ljóst, að það er þörf aðgerða í þessu máli, því að nú fyrir skömmu, í sambandi við afgreiðslu fjárlaganna, var veitt heimild til þess að verja meira fé en áður til símalagninga.

Það er margt, sem gerir það nauðsynlegt, að allir landsmenn hafi auðveldlega aðgang að síma, og er margt, sem gerir það enn nauðsynlegra nú en áður fyrr. Ég hirði ekki um að nefna margt af því, en eitt er það, sem gerir þetta enn nauðsynlegra en áður var. Það er sú fólksfækkun, sem orðið hefur á sveitaheimilum síðustu árin. Einmitt vegna þeirrar fækkunar er það meiri nauðsyn en áður fyrir sveitaheimilin að hafa síma.

Eins og vikið er að í till. og grg., er gert ráð fyrir að koma öllum sveitaheimilum í talsamband, en til eru sveitaheimili, sem eru svo afskekkt, að of kostnaðarsamt yrði að leggja þangað síma, og er gert ráð fyrir því, að þar verði settar upp svokallaðar talstöðvar. Það hefur verið gert á nokkrum afskekktum stöðum á landinu, og munu vera að því mikil not fyrir þá, sem hafa fengið þessar stöðvar.

Þetta er einfalt mál, sem hér er um að ræða, og auðvelt fyrir menn að átta sig á því. Ég fyrir mitt leyti get því ekki séð, að nauðsynlegt sé að vísa því til n., en mun að sjálfsögðu leggja það á vald hæstv. forseta, hvernig með málið verður farið. En ef hæstv. forseti telur, að till. eigi að fara til n., þá vil ég leggja á það áherzlu, að sú n., sem fær málið til meðferðar, hraði svo afgreiðslu þess, að það geti fengið fullnaðarafgreiðslu áður en þinginu lýkur.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 809, n. 1007).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Ég ætla ekki að hafa langa framsöguræðu í þessu máli. Það fylgir nál. bréf frá póst- og símamálastjóra, þar sem hann útskýrir málið frá þeirri hlið, sem veit að starfsemi póst- og símamála. Hann telur mjög nauðsynlegt, að þetta sé gert, en vill víkka heimildina út og láta koma öllum heimilum landsins í símasamband. N. hefur út af fyrir sig ekkert á móti því, og er sjálfsagt að gera það, fyrst hann vill það, því að það er ekki samfara því verulega aukinn kostnaður, að vísu eitthvað meira mannahald, en annað ekki.

Hins vegar vil ég leggja áherzlu á það, að þegar þessi áætlun verði gerð, þá verði hún gerð það greinileg, að hvert svæði í kerfinu komi sjálfstætt fram, og þetta legg ég áherzlu á, af því að ég tel ákaflega misjafna þörf á því að leggja síma inn á heimilin. Það er ákaflega miklu minni þörf að gera það t. d. í einhverju þéttbýlu, litlu þorpi, þar sem eru 10—20 heimili, heldur en í einhverri strjálbýlli sveit, þar sem langt er á milli bæja og menn eiga þess vegna mjög óhægt með að komast í símasamband. Þess vegna legg ég áherzlu á, að þessi sundurliðun sé gerð svo greinileg, að seinna meir, þegar þ. fer að ákveða, hvaða liðir skuli settir í framkvæmd þetta og þetta ár, þá sé greinilega hægt að sjá, hver kostnaðurinn er samkvæmt þessari eða hinni framkvæmdinni, sem þá er ráðizt í, en ekki, að þá verði ein heildar-ágizkunaráætlun, eins og menn kannske gætu búizt við, þegar talað er um að áætla víst á heimili fyrir landið sem heild.

N. leggur til, að till. verði samþykkt þannig breytt sem póst- og símamálastjóri óskar eftir og farið fram á, að hún yrði með því fororði, að sú áætlun, sem gerð verður, sé það sundurliðuð, að það megi af henni sjá kostnaðinn fyrir hvert einstakt svæði, þegar þ. síðar meir veitir fé til framkvæmdanna og ráðizt verður í þær.

Skúli Guðmundsson: Ég vil fyrir hönd okkar flm. þessarar till. þakka hv. allshn. fyrir góða og greiða afgreiðslu málsins. N. hefur sent þessa till. okkar til póst- og símamálastjóra til umsagnar, og hefur hann lagt til, að nokkur breyt. yrði gerð á till., en n. hefur tekið þessa brtt. hans upp og flutt hana í nál. á þskj. 1007.

Við flm. getum á það fallizt, að þessi breyt. verði gerð og till. þannig afgreidd. Í sambandi við þetta vil ég aðeins benda á, að ég tel, að um leið og þessi heildaráætlun er gerð, ætti að athuga, hve mörg af heimilum landsins, sem nú eru símasambandslaus, óska eftir að fá síma. Þetta hlýtur vitanlega að hafa allmikil áhrif á þá heildaráætlun, sem gerð verður, en ég get búizt við, að allmörg heimili, bæði í kaupstöðum og kauptúnum, muni ekki óska eftir að fá síma. Þar hagar víða svo til, að það er mjög auðvelt fyrir fólk að komast í símasamband, án þess að fá síma inn á heimili sín, og ég get því búizt við, að þarna verði um töluvert mikinn frádrátt að ræða. Um þetta sé ég enga ástæðu að gera neina brtt., þótt ég hins vegar vildi benda á þetta atriði.

ATKVGR.

Brtt. 1007 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1055).

63. Flutningur hengibrúar.

Á deildafundum 25. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um flutning hengibrúar frá Selfossi að Iðu (A. 939).

Á 88. fundi í Sþ., 26. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 939, n. 1022).

Frsm. (Pétur Ottesen): Fjvn. ræddi að sjálfsögðu um þetta mál bæði við samgmrh. og sendi auk þess till. til umsagnar vegamálastjóra, og er álit hans sem fskj. með nál. Einnig höfðu flm. till., áður en till. var flutt, rætt við hæstv. samgmrh. um orðalag hennar, og er tillgr. eiginlega orðuð í samræmi við það, sem hæstv. ráðh. vildi leggja til um þetta atriði.

Fjvn. hefur algerlega fallizt á þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir því, að sjálfsagt væri, ef það reyndist kleift, að nota þessa brú, gömlu hengibrúna á Ölfusá við Selfoss, á Hvítá við Iðu. Vegamálastjóri telur að vísu nokkur vandkvæði á því, að þetta muni takast, með tilliti til þess, að nokkru lengri brú muni þurfa á Iðu en Ölfusárbrúin gamla er og auk þess sé ekki víst um, hvort styrkleiki Ölfusárbrúarinnar gömlu muni svara til þeirrar kröfu, sem gerð verður um framtíðarbrú á þessum stað. Hins vegar tekur vegamálastjóri ekki af um, að með nánari athugun á þessu máli mundi þetta ef til vill reynast kleift, og leggur mjög með því, að þetta sé athugað.

Það leiðir af sjálfu sér, að þetta er allmikið hagkvæmnisatriði, svo framarlega sem hægt er að nota gömlu Ölfusárbrúna, að geta þá notað hana svo nærri. Fjvn. mælir því með því, að þáltill. verði samþ. og framkvæmd verði fullkomin athugun á því, hvort ekki sé kleift að nota brúna og leysa þar með þá nauðsyn, sem er fyrir hendi um það að geta brúað Hvítá hjá Iðu. Um þetta hefur legið hér till. á undanförnum þingum, og hefur mjög verið rætt um nauðsyn þessa máls, en eins og getur um í nál., hefur sá kostnaður, sem af því leiðir að byggja nýja brú, vaxið það í augum, að ekki hefur orðið úr því, að það verk hafi verið framkvæmt, þrátt fyrir þá miklu nauðsyn, sem þar er fyrir hendi. Fjvn. leggur því til, að þessi till. verði samþ.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Það var í umr. um annað mál snemma á þessu þingi bent

á það, hvort ekki væri mögulegt að nota brúna á Ölfusá á Hvítá hjá Iðu eða á Hólmsá í Landeyjum, sem eru báðar á Suðurlandsundirlendinu. Hér er aftur á móti lagt til, að brúin verði notuð á Hvítá hjá Iðu, og hef ég ekkert á móti því. Hins vegar er mér ljóst, að brú þarf að koma á hina ána og þar er hægt að komast af með brú, sem hefur minna burðarmagn, og þar að auki er brúarstæðið þar töluvert styttra en hjá Iðu, og að órannsökuðu máli gæti maður búizt við því, að heppilegra væri að setja brúna á Hólmsá. Enn gæti ég búizt við því, að allra bezt passaði gamla Ölfusárbrúin á Tungufljót hjá Króki, og þar er umferð svo lítil, að sterka brú þarf ekki. Mér finnst því, að fjvn. hefði átt að láta rannsaka þessa staði alla. Ég ætla ekki að gera sérstaka till. um það, en ætlast til þess, að vegamálastjórnin hugsi um að láta rannsaka bæði brúarstæði á Hólmsá og Tungufljóti og á Hvítá hjá Iðu. Mér finnst þurfa að rannsaka alla þessa möguleika og það eigi að gerast, sem heppilegast er fyrir heildina, hvað sem þessari till. líður. Þessar brýr liggja allar skammt frá Ölfusá, og er því auðgert að flytja brúna á hvern staðinn, sem er, og ætti það þá eingöngu að ráða, á hvern staðinn heppilegra og hyggilegra er að setja brúna, ef það reynist gerlegt að nota hana á einhvern þeirra.

Eiríkur Einarsson: Við flutning þessarar till. var reynt að setja málið þannig fram, að það þyrfti ekki að valda ágreiningi, þar sem með henni er einungis farið fram á rannsókn á því, hvort brúin muni henta, þegar hún verður óþörf á Selfossi, til endurbyggingar á brúarstæði hjá Iðu, og ef rannsókn leiddi það í ljós, að svo sé, þá verði heimilað, að hún verði þangað flutt og endurreist þar. Þetta er efni gr. og hvorki meira né minna. Í samræmi við þessar sanngjörnu óskir og að þarna er mikil nauðsyn á þessum framkvæmdum er till. borin fram. Ég er mjög þakklátur þeim, sem málið hefur heyrt undir til umsagnar og álits, hv. samgmrh. og vegamálastjóra, sem hafa mælt með samþ. till. hvor frá sínu sjónarmiði, og einnig vil ég þakka hv. fjvn., sem einróma hefur tekið í sama streng. Þetta mál hefur verið kynnt hér á hæstv. Alþ. fyrr, eins og tekið hefur verið fram af hv. frsm. fjvn., og það, sem fyrir vakir með því máli, er, eins og oft hefur verið tekið fram, að bæta úr nauðsyn brúargerðar hjá Iðu vegna almennrar samgönguþarfar og ekki sízt vegna læknissóknarferða um margar fjölbyggðar sveitir, og þessu máli hefur verið tekið með vinsemd og skilningi. En þar sem hv. 2. þm. N-M. vék að því, að það séu fleiri ár óbrúaðar, og nefndi sérstaklega til eina, þá er það síður en svo, að ég vilji vera að andmæla því, að svo sé. En ég vildi vænta þess, að rannsókn leiddi í ljós, að brúin gamla á Selfossi verði hæf til að bæta úr þörfinni á hinni sömu á þarna uppi á héraðinu, þar sem svo mikið liggur við. En ég segi það satt, að ef svo illa tækist til, að rannsókn leiddi í ljós, að brúin ekki hentaði á þessum stað, þá vildi ég, að hún gæti komið að haldi þar, sem þörf verður að nota hana. Um það, hvað rannsókn leiddi í ljós, er það að segja, að það væri barnalegt af mér, eins og það er barnalegt af hv. þm. N-M., að leiða getur að því, hvað slík rannsókn leiddi í ljós. Ég vil láta þessa rannsókn fara fram og vænti þess, að það eitt komi í ljós við hana, sem reynist bezt, og niðurstöðurnar vona ég verði í samræmi við þá hófsömu till., sem hér liggur fyrir, að ég vona til samþykkis hjá hæstv. Alþ. með þeim meðmælum, sem liggja fyrir frá hæstv. samgmrh. og hv. fjvn.

Ingólfur Jónsson: Ég skal ekki segja mikið um þetta mál, en hv. 2. þm. N-M. vakti athygli á því, sem Rangæingar hafa vitað áður, að það gæti komið til mála, að brúin á Ölfusá hentaði vel á Hólmsá í Landeyjum, en okkur þm. Rang. þótti þó ekki ástæða til að koma með brtt., því að þessi till. fer aðeins fram á, að það verði rannsakað, hvort það henti að nota þessa brú hjá Iðu. Vegamálastjóri segir, að þar sem það sé ekki útilokað að nota brúna á Hvítá hjá Iðu, sé hann ekki á móti því, að till. verði samþ., en hann telur ýmiss konar vandkvæði á því. Brúin hjá Iðu þurfi að vera 100 metrar, en Ölfusárbrúin sé ekki nema 75 metrar. Ég veit, að það er mikil þörf á því að brúa Hvítá sunnar í Árnessýslu, og finnst mér því, að það ætti að rannsaka, hvort ekki hentaði betur að nota hana þar en á Hólmsá. En ég veit, að vegamálastjóri muni nota brúna á annan hvorn þennan stað, eftir því sem hún hentar, og tel ég þess vegna óviðeigandi, að við Rangæingar færum að flytja brtt. við þessa till. og keppa um það við þm. Árn., hvort brúin yrði á Hvítá hjá Iðu eða á Hólmsá, því að það er enginn vafi á því, að vegamálastjóri mundi setja brúna niður þar, sem hún hentaði bezt, hvernig svo sem till. hljóðaði. Þessi till. er þannig orðuð, að því er ekki slegið föstu, að brúin verði sett hjá Iðu, heldur aðeins, að það fari fram rannsókn á þessu brúarstæði, og það mundi aðeins verða til þess að opna þetta meira að fara að flytja brtt. um þetta efni. Ég vildi aðeins taka þetta fram, að það er ekki vegna þess, að við Rangæingar munum ekki eftir brúnni á Hólmsá, að við komum ekki með brtt., heldur er það af því, að okkur er ljóst, að brúin verður sett þar, sem hún hentar bezt, hvað sem till. þessari líður.

Helgi Jónasson: Ég vil taka undir það með hv. samþm. mínum, að okkur vantar brú á Hólmsá. En brúarstæði þar hefur verið rannsakað á ýmsum stöðum, og ég fyrir mitt leyti hef enga trú á því, að hægt verði að notast við þessa brú á Hólmsá, eins og hún er, því að sannleikurinn er sá, að Hólmsá er þannig úr garði gerð og það vatnsmikil, að það hefur staðið styrr um það, hvað mætti þrengja hana mikið þar, sem brú yrði sett. Ég er þeirrar skoðunar, ef ætti að nota þessa brú á Hólmsá, þá þyrfti að þrengja ána svo mikið, að engar líkur séu til þess, að hægt yrði

að nota hana á Hólmsá og ekki heldur hjá Iðu, og af því að ég býst ekki heldur við því, að hægt verði að nota hana á Hólmsá eða Iðu, þá kom ég ekki með brtt. En ef það skyldi reynast svo, að hægt væri að nota brúna á Hólmsá og vegamálastjóri teldi það heppilegra en nota hana á Iðu, þá er náttúrlega ekkert á móti því.

Eiríkur Einarsson: Ég vil einungis taka það fram til andsvara því, sem hv. 2. þm. Rang. sagði, að það er drengilega mælt hjá honum að vilja ekki fara í hreppapólitík í þessu máli. Það er nú einu sinni svo, að þessi till., eins og hún liggur fyrir, er ákvörðun um rannsókn á þessu, sem við erum að tala um. Mér finnst því fávíslegt að vera að leiða getur að því, hvar verði tiltækilegt að nota þessa brú. Málið er komið á þann rekspöl, ef till. verður samþ., að það skuli rannsaka með gaumgæfni af fagmönnum, hvort hún sé nothæf á sjálfa ána, sem hún er tekin af. Það er rétt, að það er til brúarstæði á Hvítá samkvæmt brúarl., sem er nær en Iða, það vantar brú hjá Kiðjabergi, en það nefnir enginn, þótt það kannske hentaði betur, því að það er ekki eins aðkallandi að fá brú þar. Ég hygg líka, að Hólmsárbrúin kæmi sér vel og það séu miklar þarfir þar á bak við, en brú hjá Iðu er áreiðanlega enn þá meira aðkallandi, og mér finnst hv. 2. þm. Rang. líka skilja það vel, að með tilliti til læknissóknar sé þessi þörf ákaflega brýn, og það er málefni, sem hv. 1. þm. Rang. ætti að bera sérstaklega gott skyn á, að því stærri nauðsyn er þetta, sem það nær til fleiri manna. En ef það reyndist svo, að brúin hentaði ekki á þessum stað, þá vildi ég gjarnan, að hún kæmi öðrum í góðar þarfir í samræmi við það, sem þessir hv. þm. hafa verið að hafa orð á.

Ég vil svo leyfa mér að votta þeim mönnum þakklæti, sem hafa mælt með till., og vil vona, að hæstv. Alþ. sjái sér fært að samþ. till. eins og hún liggur fyrir.

ATKVGR.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1056).

64. Rafveita Stykkishólms.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir rafveitu Stykkishólms (A. 843).

Á 84. og 86. fundi í Sþ., 16. og 24. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Í Stykkishólmi er rafveita með mótorstöð með tveimur gömlum vélum, sem eru nú nær því ónothæfar. Þær voru upphaflega 25 hestöfl, en skila nú ekki meira en 20 hestöflum. Mótorarnir eru mjög olíufrekir, annar talinn ónýtur og engir varahlutir fáanlegir. Vatnsvirkjun fyrir Stykkishólm hefur verið fyrirhuguð í Svelgsá, en álitið er, að hún verði ekki framkvæmd svo fljótt, að hún bæti úr þeirri brýnu þörf, sem er á að bæta úr rafmagnsmálum þorpsins. Hreppsn. Stykkishólms hefur beðið mig að flytja till. um ríkisábyrgð fyrir láni til að kaupa tvo mótora fyrir rafveituna í stað þeirra ónýtu og til að breyta spennunni úr 110 volt í 220. Ég hef ráðfært mig við forstjóra Rafmagnseftirlits ríkisins, Jakob Gíslason, og telur hann, að heildarkostnaður muni verða 400 þús. kr., og í samræmi við þá stefnu, sem fjvn. hefur aðhyllzt, að ábyrgð nemi ekki yfir 85% af kostnaði, þá hef ég sett í till. heimild fyrir 350 þús. kr., þó ekki yfir 85%.

Ég þarf svo ekki að hafa um þetta fleiri orð, en legg til, að till. verði vísað til síðari umr. og fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 843, n. 1006).

Frsm. (Sigurður Kristjánsson): Ég get verið stuttorður um álit fjvn. um þessa till. Það var höfð á því svipuð aðferð og höfð hefur verið um önnur slík málefni, að þetta var sent til Rafmagnseftirlits ríkisins, og lét n. birta hér svar Jakobs Gíslasonar, f. h. Rafmagnseftirlitsins, en hann er eindregið meðmæltur því, að þessi ábyrgð verði veitt. N. fellst alveg á rök hans og lætur því nægja að vísa til bréfs hans á þskj. 1006, því að í því felst sá rökstuðningur, sem n. vildi hafa fyrir máli sínu. Hún mælir því með, að till. verði samþykkt.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1062).

65. Rafveitur í Árnes- og Rangárvallasýslum.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um rafveitur til kauptúna í Árnessýslu (A. 854).

Á 86. fundi í Sþ., 24. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég tel ekki nauðsyn á að láta þessari þáltill. að þessu sinni fylgja mörg orð. Þetta mál er kunnugt hér. Því hefur oft verið hreyft og verið gerðar áætlanir yfir framkvæmd þessa verks. Þegar Sogið var virkjað, var gefið fyrirheit um það af hálfu þess, er þá framkvæmd lét gera, að kauptúnin austanfjalls í Árnesþingi skyldu fá rafmagn mjög fljótlega. Úr framkvæmdum á því hefur þó ekki orðið til þessa. En ég vil vona, að það þurfi ekki að dragast öllu lengur.
Það hefur verið borin hér fram vatill. við þessa þáltill. af hálfu hv. þm. Rang. Og það er fjarri mér, að ég vilji á nokkurn hátt leggja stein í götu þess máls, sem í vatill. er borið fram. Ég býst ekki heldur við, þótt sú vatill. yrði samþ., að það þyrfti á nokkurn hátt að tefja framkvæmd verksins.
Ég óska svo ekki eftir af minni hálfu að fjölyrða frekar um þáltill. að sinni. En ég vil fara fram á það við hæstv. forseta, að þessari umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. fjvn.

Ingólfur Jónsson: Herra forseti. — Ég ætla bara að láta þess getið, að ég tel ekki ástæðu til þess að tala fyrir brtt. á þessu stigi málsins og ég geri mig ánægðan með, að málið fari til n. til athugunar þar.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 854, 867, n. 1026).

Frsm. (Helgi Jónasson): Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessar till. Þær hafa sætt sömu meðferð í fjvn. og aðrar till. svipaðs eðlis. Við till. á þskj. 854 var brtt. á þskj. 867, sem einnig var tekin til meðferðar af n. N. hefur rætt við samgmrh. og leitað umsagnar Rafmagnseftirlits ríkisins og að því athuguðu komið sér saman um að mæla með því, að till. verði samþykktar með þeirri brtt., sem hér er getið um á þskj. 1026, og nákvæmlega í samræmi við aðrar till., sem á undan eru gengnar um sama efni.

Jörundur Brynjólfsson: Það skulu ekki verða mörg orð. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir afgreiðslu hennar á málinu. Reyndar hefði ég fremur kosið, hvað framkvæmdir áhrærir, að ákvæði upphaflegu till. hefðu verið látin halda sér, en ég vil samt sem áður mega vænta þess, að vel takist til um framkvæmdir, þó að till. væri breytt í þetta horf.

ATKVGR.
Brtt. 1026,1 (ný tillgr.) samþ. með 28 shlj. atkv.
— 1026,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.
— 867 komu ekki til atkv.
Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv., með fyrirsögninni: *Till. til þál. um efniskaup í rafveitur í Árnes- og Rangárvallasýslum.*

Á 92. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 1046).
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1063).

---

66. Lendingarbætur á Hellissandi.

Á deildafundum 22. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á láni til lendingarbóta á Hellissandi (A. 913).

Á 86. fundi í Sþ., 24. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Gunnar Thoroddsen): Till. fer fram á að heimila ríkisstj. að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 25 þús. kr. lán til lendingarbóta á Hellissandi. Það var í fyrra vor, að ég flutti frv. í hv. Nd. um þetta efni. Í því var farið fram á, eins og í öðrum l. um lendingarbætur, að ríkisábyrgð yrði veitt fyrir helmingi þess kostnaðar, sem hreppurinn þyrfti sjálfur að leggja fram. Þegar leitað var álits vitamálastjóra um það mál, taldi hann rétt að fresta afgreiðslu frv. þessa, unz rannsókn hefði farið fram á hafnargerð í Rifsósi, sem liggur rúmlega 2 km frá Hellissandi.
Á s. l. sumri var hins vegar unnið að bryggjugerð á Hellissandi, og varð kostnaðurinn við það rúmlega 110 þús. kr. Helmingur þeirrar upphæðar var veittur á þrennum fjárl., og eru það því 55 þús. kr., sem hreppurinn sjálfur á að leggja fram. Hefur tekizt að útvega lán fyrir rúmlega 30 þús. kr. án ríkis- og sýsluábyrgðar, en útilokað er af skiljanlegum ástæðum, að hreppurinn geti fengið lán fyrir öllu án atbeina annarra. Nú er auðvitað fullkomið sanngirnismál, að þessi hreppur, sem aðrir, fái ríkis-

ábyrgð, og má ekki láta hann gjalda þess, þótt heppilegra þyki að fresta frv. um lendingarbætur á Hellissandi um leið og athugun á Rifsósi fer fram.

Þessi till. um ríkisábyrgð fyrir allt að 25 þús. kr. er flutt í því skyni að greiða nokkurn hluta af framlagi hreppsins til þeirra lendingarbóta, sem framkvæmdar voru á s. l. sumri, en enn eru í skuld.

Ég skal að öðru leyti vísa til grg. fyrir þessari till. og enn fremur til nál. um frv. til l. um lendingarbætur á Hellissandi á þskj. 919, og er þar birt með álitsgerð vitamálastjóra um þetta mál. Ég legg svo til, að till. verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 913, n. 1021).

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég get langsamlega að mestu leyti vitnað til nál., sem fjvn. hefur gefið út um þetta mál. Þar er tekin fram ástæðan fyrir því, að farið er fram á þessa ábyrgð með þeim hætti, sem hér er gert, og hún er sú, að það hefur verið frestað að setja l. um lendingarbætur í Ólafsvík, sem stafar af því annars vegar, að það er sýnt, að það er ákaflega miklum erfiðleikum bundið að gera þær lendingarbætur, þar sem hafizt hefur verið handa um þær, þannig úr garði, að nokkur veruleg þróun geti orðið í útgerð þar og að bátarnir geti stækkað, sem er að sjálfsögðu nauðsynlegur liður fyrir framtíðarafkomu manna á þessum stað. Hins vegar er verið að athuga möguleika í Rifsósi við Ólafsvík fyrir því að geta fengið þar fiskihöfn. Af þessari ástæðu hafði sú ákvörðun verið tekin að slá á frest samþykkt þess frv., sem hv. þm. Snæf. flutti á öndverðu þessu þingi, en með tilliti til þess, að Ólafsvíkurbúar þurfa vegna framkvæmda, sem gerðar voru á s. l. sumri, endilega að fá ábyrgð fyrir láni, til þess að geta fengið hagkvæmt lán í þessu skyni, þótti fjvn. af þeirri ástæðu, sem hér greinir, forsvaranlegt að víkja frá þeirri reglu í þessu tilfelli, sem hún annars heldur sér við, að veita ekki ábyrgð fyrir slíku láni öðruvísi en heimild sé gefin fyrir því í viðkomandi hafnarl.

Hér er aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða, því að annaðhvort verður Rifsós gerður svo úr garði, að útgerðarmenn úr Ólafsvík geti flutt þangað, eða hafizt verður handa á ný um frekari endurbætur í Ólafsvík sjálfri, og þá mundu verða samþykkt hafnarl. í því sambandi, sem veittu ábyrgð fyrir láninu.

Fjvn. leggur til af þessari ástæðu, að þessi ábyrgð verði veitt í því formi, sem hún liggur fyrir, til þess að leysa þann vanda, sem Ólafsvíkurbúar eru í í sambandi við lántöku vegna framkvæmdanna á s. l. sumri.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 27 shlj. atkv.

Á 92. fundi í Sþ., 7. febr., var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1064).

---

67. Rafveita Dalvíkur.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í raforkuveitu til Dalvíkur (A. 821).

Á 84. og 86. fundi í Sþ., 16. og 24. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Garðar Þorsteinsson): Herra forseti. — Það hefur áður komið fram þáltill. og verið samþ. á Alþ. viðkomandi raflögn frá Akureyri til Dalvíkur. Og þessi þáltill. er flutt í beinu áframhaldi af þeirri samþykkt.

Það hefur farið fram athugun á því að leggja rafmagnsleiðslu frá Akureyri til Dalvíkur. Og mér hefur skilizt af fyrrverandi stjórn, sem hafði þetta mál til athugunar, að þessi lína mundi verða lögð næst á eftir Keflavíkurlínunni, sem er verið að leggja.

Hér er um leið að ræða, þar sem þrjár síldarverksmiðjur eru starfandi, og þær mundu nota mikið rafmagn á þeim tíma, sem þörfin er minnst fyrir rafmagn á Dalvík. Auk þess liggja þarna að fjögur sjávarpláss, sem að sjálfsögðu mundu öll hafa mikil not rafmagns til venjulegra nota og til iðnaðar. Það mun vera gert ráð fyrir, að lýsisherzlustöð verði sett upp e. t. v. á Hjalteyri, og þá er að sjálfsögðu nauðsynlegt, að rafmagn verði leitt þangað, og mundi línan liggja þar um.

Ég vil leyfa mér að óska þess, að þessari umr. verði frestað og málinu verði vísað til hv. fjvn.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 92. fundi í Sþ., 7. febr., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 821, n. 1038, 1042).

Lúðvík Jósefsson: Frsm. fjvn. í þessu máli, hv. 2. landsk. þm., gat ekki verið hér viðstaddur nú og hefur beðið mig að segja örfá orð frá n. hálfu viðvíkjandi afgreiðslu n. á þessu máli.

Fjvn. mælir sem sagt öll með því, að till. verði samþ., eins og nál. á þskj. 1038 ber með sér, en

4 nm. töldu þó, að æskilegt væri, til þess að taka af öll tvímæli, að bæta við ákvæði viðvíkjandi línu til Hríseyjar, eins og brtt. á þskj. 1042 ber með sér, en sem sagt, um ágreining var ekki að ræða í n. Þessir 4 nm. töldu hins vegar eðlilegt að taka fram, eins og hefur raunar komið fram í bréfi frá Rafmagnseftirliti ríkisins, að línan út á Dalvík eigi í rauninni að fela í sér einnig línu út í Hrísey. En af því að till. er nú orðuð á þá lund, sem menn sjá, þótti þessum 4 mönnum rétt að taka af öll tvímæli um, að einnig verði gefin heimild til kaupa á efni í línu út að Hrísey ásamt línu frá Akureyri til Dalvíkur.

Ég þarf svo ekki að hafa fleiri orð um till. þessa. Hún er svipaðs eðlis og margar fleiri till., sem nú hafa verið samþ. fyrir stuttu síðan, og skýrir sig að mestu leyti sjálf.

ATKVGR.
Brtt. 1042 samþ. með 23:4 atkv.
Tillgr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv.

Á 93. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til síðari umr. (A. 1066).

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Ég vil aðeins að gefnu tilefni vekja athygli á því, sem reyndar má vera ljóst, að þessi till. til þál. leysir ekki það mál, sem hér er um að ræða, nema að hálfu leyti. Í till. felst aðeins heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efninu, en síðar er ekki í henni að finna neina aðra heimild til þess að nota efnið eða vinna úr því eða reka þá veitu, sem væntanlega á þarna að byggja. Á sínum tíma var samþ. sams konar heimild og þetta fyrir Keflavík. En þá varð á eftir að leita heimildar til þess að leggja línu þangað og til þess að reka þá rafveitu, sem vitaskuld fékkst. Nú hefur sú heimild verið sett í frumvarpsform og er borin fram í hv. Ed. En ég teldi, að ef þetta mál og annað svipað fyrir Árnessýslu á að koma til framkvæmda í nánustu framtíð, þá þyrfti að tryggja, að með þessari till. fylgdu l., sem tryggðu, að framkvæmdir þessar yrðu unnar, og það þarf að gera til þess að efnið geti notazt.

Ég vil aðeins minna á þetta, að þetta þarf að fylgja með, til þess að samþykkt þessarar till. komi að notum.

ATKVGR.
Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1098).

---

68. Rannsókn byggingarefnis o. fl.

Á deildafundum 8. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsóknir á efni til bygginga og annarra verklegra framkvæmda (A. 770).

Á 82. fundi í Sþ., 9. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Ég get látið nægja að vísa til grg. viðvíkjandi þessari till. Tilgangur hennar er að koma á fullnægjandi rannsóknum á öllu efni til bygginga, vegagerða, hafnarmannvirkja og annarra verklegra framkvæmda.

Öllum þeim, sem hafa staðið að slíkum verklegum framkvæmdum, er augljós nauðsyn þessa. Stofnkostnaður við slíkar rannsóknir verður að sjálfsögðu allmikill, en hann mundi án efa fást endurgreiddur bæði beint og óbeint, áður en langt um liði. Réttast mun, að þessi stofnun verði í sambandi við atvinnudeild Háskólans.

Þá er gert ráð fyrir, að ríkisstj. hlutist til um, að einhverjir menn afli sér fróðleiks um þessi efni, ef þess þykir þörf.

Að öðru leyti hlýtur málið að koma fyrir Alþingi, áður en frekari framkvæmdir verða hafnar.

Ég legg svo til, að málinu verði vísað til fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 93. fundi í Sþ., 12. febr., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 770, n. 1083).

Jóhann Jósefsson: Herra forseti. — Búið var að ákveða, að hv. form. fjvn. yrði frsm. í þessu máli, en hann varð að vera fjarverandi vegna jarðarfarar. Fékk ég orðsendingu frá honum um að segja nokkur orð fyrir hönd n. um þessa till. í hans stað.

Nál., sem öll n. stendur einróma að, er á þskj. 1083. Fjvn. hafði þessa þáltill. á þskj. 770 um alllangan tíma til meðferðar og taldi sjálfsagt að gera sem gagngerðasta athugun á því máli, sem hér ræðir um. Því að hér er sannarlega um mjög merkilegt mál að ræða, sem varðar alla landsmenn, þar sem farið er fram á, að fullnægjandi rannsóknir fari fram á efni, innlendu og erlendu, sem ætlað er til bygginga, vegagerða, hafnarmannvirkja og annarra slíkra verklegra framkvæmda. Því miður, — og þess sjást líka oft dæmi —, hefur það verið svo á undanförnum árum og áratugum, að lítil athugun hefur farið fram á eiginleikum þeirra byggingarefna, sem landsmenn hafa notað. Sumpart kann það að hafa verið af því, að ekki hafi aðstaða verið til þess að framkvæma rannsóknir á þessum hlutum. En sumpart hefur þetta líka verið vegna þess, að augu þjóðarinnar hafa ekki verið vel opin fyrir því, hve mikla þýðingu einmitt það atriði hefur, að efni, sem byggt er úr, hafi þá eiginleika til að bera, sem þarf til þess að gera húsin varanleg og vistleg í að búa. Þeir eiginleikar eru að vísu til á misjöfnu stigi hjá öllu byggingarefni. En vitaskuld ber að stefna að því að komast að niðurstöðum í þessum efnum, sem geri mönnum fært að fá

það nothæfasta og bezta byggingarefni til að byggja úr. Er hér ekki hvað sízt nauðsyn á að athuga það innlenda efni, sem hægt er að byggja úr og nú er orðið talsvert fjölbreyttara en áður var, a. m. k. í orði kveðnu. En víst er, að mjög skortir á, að rannsóknir hafi farið fram á gildi byggingarefnis. En nauðsynlegt er, að þær rannsóknir gætu farið fram, svo að mönnum veittist hægra að greina á milli beztu byggingarefna, sem fáanleg eru, og þeirra byggingarefna, sem að vísu eru nýtileg, en ekki eins varanleg. — Fjvn. var því í heild mjög sammála þeirri hugmynd, sem fram kemur í þáltill. á þskj. 770 og er önnur í röðinni á þessu þingi, sem einn hv. þm., 6. þm. Reykv., hefur flutt um byggingamál.

Í viðtölum, sem fram fóru á milli n. og Trausta Ólafssonar efnafræðings, sem kom á fund n. sérstaklega til að ræða þetta mál, kom í ljós, sem raunar var nú vitað áður, að sá merki starfsmaður og vísindamaður hefur haft með höndum dálitlar athuganir nú þegar á þessu sviði, þ. e. a. s. athuganir á efni og eiginleikum þess, svo sem einangrunarhæfni ýmiss konar byggingarefnis, sem hér er við höndina og mest notað. En þó að hann hafi mikinn áhuga á þessum hlutum, er aðstaða hans til þessa í Atvinnudeild Háskólans mjög erfið. Því að rannsóknir í þessum efnum útheimta húsrými meira en þar er nú til þessara hluta. En vitaskuld verður að sjá fyrir nægilegu húsrými til þeirra rannsókna, sem hér eiga í þessum efnum fram að fara. Það var nú aðeins orðað í n., að kringum Háskólann væru einhverjar þær byggingar, sem reistar hafa verið til bráðabirgða, sem kannske mætti taka til rannsókna á steypuefni og slíku, þótt ekki væru nú reistar nýjar byggingar þegar í stað til þessara hluta. En hitt er jafnljóst, að þær úrlausnir, sem kynnu að fást á þessu sviði með því að nota þær, mundu ekki vera nema til bráðabirgða, og að við alhliða rannsókn á þeim efnum, sem till. fer fram á, að rannsökuð verði, kemur það mjög til greina, að byggt sé hentugt húsrými til þess að starfa að þessum rannsóknum í. Nú eru íslenzkir menn erlendis, sem eru að afla sér þekkingar, sem getur komið að haldi við þær rannsóknir. sem hér ræðir um. Komu þær upplýsingar fram í n., að einn slíkur maður er í Danmörku við nám og annar í Bandaríkjunum, sem væntanlegur er heim bráðlega.

Fjvn. vill því í heild sinni leggja til, að þessi þáltill. verði samþ. eins og hún er orðuð, en hefur það þó fyrir augum, að byggt verði á þeirri undirstöðu, sem Trausti Ólafsson hefur lagt í þessum efnum, og telur, að það muni verða betra og farsælla að efla og treysta það í þessu efni, sem búið er að forma af þeim efnafræðingi, heldur en að setja upp beinlínis nýja stofnun í þessu skyni. Það er því skoðun n., að auka beri starfskrafta og húsrými við Atvinnudeild Háskólans, til þess að fullnægja því verkefni, sem þáltill. fer fram á, að unnið verði að. en mælir að öðru leyti eindregið með því, að þáltill. verði samþ. án breyt.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 31 shlj. atkv.

Á 94. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til síðari umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1130).

---

69. Endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna.

Á deildafundum 25. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna (A. 945).

Á 88. fundi í Sþ., 26. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Ég hef leyft mér að bera hér fram, ásamt hv. þm. N.-Ísf., till. til þál. um endurskoðun og samþykkt ríkisreikninganna.

Við flytjum þessa till. í tilefni þess, að nú lá fyrir þinginu til samþykktar ríkisreikningurinn frá 1941. Mörgum hefur fundizt ríkisreikningurinn koma of seint. Þegar svo langur tími er liðinn og nú er um reikninginn frá 1941, er varla um annað að gera fyrir þm. en samþykkja hann. Það er ekki hægt að láta vanþóknun sína og aðfinnslur, ef um þær er að ræða, koma niður á réttum aðilum eftir svo langan tíma.

Ég sé ástæðu til þess, vegna þess að hér er tekið fram í grg., sem fylgir þáltill., að þessi dráttur muni aðallega vera ríkisbókhaldinu að kenna, að lesa hér upp bréf, sem mér hefur borizt frá aðalbókara ríkisins. Hann segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í grg. fyrir till. til þál., sem fram er komin á Alþ. um endurskoðun og samþykkt ríkisreikningsins, er gefið í skyn, að ríkisbókhaldið eigi sök á því, hve ríkisreikningarnir koma seint til samþykktar á Alþ.

Í tilefni af þessu óska að taka þetta fram:

Uppgjöri ríkisreikningsins er venjulega lokið síðla sumars, fyrir næsta ár á undan, og er hann þá tilbúinn til prentunar. Yfirskoðunarmenn reikningsins byrja sjaldan á endurskoðun fyrr en hann hefur verið prentaður, enda er slíkt hagkvæmara að öllu leyti. Ríkisprentsmiðjan hefur hins vegar talið sig eiga erfitt með að prenta reikninginn á sama tíma og Alþingi er háð, sakir anna í þágu þingsins. Hef-

ur því oft staðið lengi á prentun eftir að reikningurinn hefur verið tilbúinn, einkum eftir að haustþing urðu svo tíð sem undanfarið.

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1942 var tilbúinn til prentunar haustið 1943, en fullprentaður var hann (án aths.) í marz 1944 og hefur legið með öllum fylgiskjölum hjá yfirskoðunarmönnum síðan. Reikningurinn fyrir árið 1943 var tilbúinn til prentunar í okt. s. l., en prentsmiðjan hefur ekki enn þá séð sér fært að byrja á honum.

Með þessu vildi ég láta flm. fyrrnefndrar þáltill. vita, að ríkisbókhaldið á ekki sök á því, hve ríkisreikningurinn kemur seint fram á Alþingi."

Ég sé ástæðu til þess að lesa þetta bréf upp hér, svo að hv. alþm. fái hugmynd um það, hvernig á því stendur, að svo mikill dráttur er á því, að ríkisreikningurinn er lagður fram á Alþ., sem raun ber vitni. Áður en þessi þáltill. var flutt, höfðum við flm. ekki kynnt okkur ástæðuna til þess. Okkur fannst það vera aðalatriðið að vekja athygli á því, að þetta ástand er óviðunandi, og fá hæstv. ríkisstj. til þess að ráða bót á því með einhverjum ráðum. Nú er það ljóst, eftir því sem fram kemur í bréfi ríkisbókara, að það er ríkisprentsmiðjan Gutenberg, sem sakir anna hefur ekki getað komizt að því að prenta ríkisreikninginn fyrr en oft eftir langan tíma, og endurskoðendur ríkisreikninganna, sem um er að kenna. En þeir hafa vitanlega sínar afsakanir á reiðum höndum, t. d. að þeir séu svo önnum kafnir, og þá sérstaklega vegna þess, hve þingin eru orðin löng, þar sem tveir af endurskoðendunum eru þm.

Ég ætla ekki að ræða meir að þessu sinni þessa þáltill., mér finnst ekki þörf á því. Það, sem þáltill. fer fram á, er aðeins að skora á ríkisstj. að sjá um, að úr þessu verði bætt. Og það er ætlazt til þess, að hann sé prentaður næsta ár eftir að hann hefur verið samþ. á Alþingi. Þá er hægt fyrir hv. þm. að fylgjast betur með og gera athugasemdir sínar heldur en þegar líða 3—4 ár á milli. Ég tel, að með því að samþ. þessa þáltill., þá fái ríkisstj. viðeigandi áminningu frá Alþ. um það að taka þetta til greina og ráða bót á þessu.

Jörundur Brynjólfsson: Það eru aðeins nokkur orð.

Það er afar skiljanlegt, að hv. þm. óski þess, að ríkisreikningurinn fyrir umliðin ár kæmi fyrr tilbúinn til afgr. fyrir Alþ. Ef eitthvað væri athugavert við reikninginn, væri auðveldara að ná til þeirra, sem ábyrgðina bera, ef um eitthvað slíkt væri að ræða. Þetta eru mjög einfaldar og skiljanlegar ástæður, það er ekki hægt annað en að taka undir það. Hins vegar hef ég fyrir mitt leyti, svona fyrir fram, ekki sérstaklega mikla trú á því, að Alþ. kunni að láta mjög til sín taka í því, þótt eitthvað væri áfátt um starfrækslu ríkisins, ef því væri skotið til Alþ. Því að ég veit ekki betur en árum saman hafi um nokkur atriði verið athugavert, sem snertir starfrækslu hins opinbera og ríkisreikninginn, sem bent hefur verið á af endurskoðunarmönnum ríkisreikningsins, þar sem þeir töldu rétt að gera einhverjar ráðstafanir. — Þetta er ekki um stórvægileg atriði að ræða, en þó þess eðlis, að ekki væri rétt, að slíkt héldi áfram á sömu braut. En ég man ekki til, að nú um langan tíma hafi þingið í eitt einasta skipti fallizt á að gera nokkurn hlut út af þeim. Þetta hafa ekki verið stór atriði eða örlagarík, sem þannig skipta miklu máli, heldur hver skipan væri höfð um það atriði, sem um var að ræða í það og það skiptið. En það hafði ekki út af fyrir sig nein sérstök áhrif á fjárhagsafkomu ríkisins. En í þessum efnum hefur þinginu ekki fundizt ástæða til þess að láta það sig neinu varða.

Um það atriði, hvernig á því stendur, að ríkisreikningurinn er farinn að vera nú venju fremur síðbúinn, þá kemur þar ýmislegt til greina. Það mun vera nokkuð rétt, sem talið er upp í þessu bréfi, það sem það nær, en margt fleira kemur til greina, t. d. að reikningi frá fyrra ári er ekki lokað fyrr en seint á sumri eða seint að hausti. Þá mun það skiljanlegt, að það mun taka nokkurn tíma fyrir ríkisbókhaldið að gera reikninginn upp, eftir að honum er lokað. Það er að vísu hægt að hefja undirbúning með uppgerð ríkisreikningsins, en bó er ekki hægt að ganga frá því verki, fyrr en búið er að loka reikningnum. Nú var það um nokkurt skeið venja, að fljótlega á árinu var reikningnum lokað, — ég hygg í apríl eða maí —, og það hafi ekki dregizt lengra fram á vorið. Hin síðari ár hefur þetta dregizt nokkuð lengur. En ég vil ekki telja, að það stafi neitt sérstaklega af hirðuleysi þeirra manna, sem um það hafa átt að fjalla, t. d. þeirra ráðherra, sem um það hafa þurft að taka ákvörðun, hvenær reikningnum væri lokað. Það stafar áreiðanlega fyrst og fremst af rás tímanna og því, hvernig háttað hefur verið um ýmislegt í þjóðlífi okkar nú hin síðustu ár. Það hafa verið svo óvenjulegir tímar, sem gripið hafa meira og minna inn í athafnalíf þjóðarinnar, sem áreiðanlega hafa orðið þess valdandi, að svo síðla hefur verið lokið reikningsuppgerð ríkisins af hálfu ráðuneytisins hin síðari ár. Þetta er samt sem áður bagalegt. Því að fyrir þær sakir kemur reikningurinn seinna til yfirskoðunarmanna en annars mundi vera, ef reikningnum væri lokað fyrr. Þar við bætist svo, að ríkisprentsmiðjan, eins og í bréfinu stendur, á svo annríkt einkum í seinni tíð, að hún hefur ekki komizt nærri yfir það, sem hún þyrfti að prenta fyrir hið opinbera. Þess vegna hefur orðið að flýja frá ríkisprentsmiðjunni með prentun ýmissa skjala og bóka fyrir það opinbera, og t. d. upp í Borgarfjörð með prentun þingtíðinda. Nú hefur það komið fyrir einmitt fyrir þessar sakir, að yfirskoðunarmenn hafa orðið að byrja á verki sínu, áður en búið var að prenta reikninginn, og með þeirri tilhögun getur það nokkuð torveldað allt verkið, og sérstaklega er það miklu meira verk fyrir yfirskoðunarmenn hans, ef þeir þurfa að vinna verkið, áður en búið er að prenta reikninginn. Þetta hefur samt sem áður orðið að gera til þess að reyna að flýta fyrir afgreiðslu reikningsins. Endurskoðun á ríkisreikningnum fyrir árið 1942 er af okkar hálfu nú nær lokið og hefði vafalaust verið lokið, ef við hefðum ekki verið, eins og aðrir þm., bundnir mjög af störfum þingsins. Mestur hluti s. l.

árs má heita að hafi farið í þinghald. Þá hefur það og tafið mjög verk okkar, hvernig hefur verið háttað með það húsnæði, sem við höfum átt við að búa. Við höfum verið á mestu hrakhólum og átt erfitt með að koma okkur fyrir til þess að vinna þetta verk. Stundum höfum við orðið að fara út í bæ og fá okkur þar einhverja kompu til þess að vinna í. Hjá ríkisféhirði fengum við herbergi, sem er áfast við vinnustofu fólksins, og höfðum við af þess hálfu gott næði, eftir því, sem frekast var hægt. Þó var það þannig, að fólkið, sem starfar þarna, hafði hina mestu þörf fyrir þetta húsnæði, því að það var vinnustofa þess. Þegar við svo komum að okkar verki, urðum við að reka þetta fólk frá starfinu, og það þurfti þess vegna að vinna innan um skarkalann í afgreiðslusalnum. Það þurfti að taka saman pjönkur sínar, þegar við komum til þess að vinna, og sama máli gegndi með okkur, þegar við fórum, — við urðum að taka saman og koma plöggum okkar út í horn. Þá vita allir hv. þm., hvernig háttað er húsnæði hér í þinginu; ef menn koma til þess að tala við þm., verða menn oftast að tala við þá á göngunum, hversu brýn erindi sem þeir eiga við þá. Herbergi til slíkra viðtala er ekki til í þinghúsinu. Það hafa að vísu verið herbergi til hér, sem eru upptekin til geymslu, og er þar hin versta aðstaða til vinnu. Það má þess vegna telja þetta eina af þeim ástæðum, sem hefur haft áhrif á að tefja þetta verk, þannig að til þessara tafa liggja ýmsar orsakir.

Ég tel mig geta mælt fyrir munn allra endurskoðunarmanna, að við mundum óska þess, að verk okkar tæki sem stytztan tíma, og við höfum gert það eftir ýtrustu getu að ljúka verkinu og koma reikningnum frá okkur. En þótt starfi okkar sé lokið, þá er reikningurinn ekki strax kominn fyrir þingið. Fyrst þarf stjórnarráðið að hafa sitt tóm til þess að svara athugasemdum, ef þær hafa gripið inn í atriði, sem ekki liggja augljóst fyrir. Þá kemur aftur að því, hve langan tíma það tekur að fá reikninginn prentaðan.

Þó að ég dragi nú þetta hér fram við þessa umr., þá er ég alls ekki að amast við þessari þáltill. Mér þykir *hún mjög* eðlileg. *En ég vil samt sem áður*, um leið og slík ályktun er tekin, að það liggi ljóst fyrir, hvernig þessum málum er háttað, og að það eru nokkur atriði viðvíkjandi þessu verki, sem ástæða er til að ráða bót á, svo að auðveldara verði þá að ljúka verkinu.

Viðvíkjandi því atriði, sem ég minntist á áðan um lokun reikningsins, þá má maður kannske vænta þess, að tímarnir fari að breytast og komast á meira jafnvægi en verið hefur. Og mætti þá um leið gera ráð fyrir því, að hægt væri að loka reikningnum fyrr á næsta ári en gert hefur verið um nokkurt skeið.

Gísli Jónsson: Ég get fallið frá að ræða þetta mál nú, ef því verður vísað til n. Og ég geri till. um, að því verði vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 92. fundi í Sþ., 7. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 945, n. 1025).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Eins og sjá má á nál. 1025, hefur allshn. verið sammála um þessa till., en hún vill gera við hana orðabreyt. og orða á þennan veg, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að endurskoðun og útgáfu ríkisreiknings ásamt athugasemdum verði hraðað svo, að hann geti jafnan legið fyrir til samþykkis fyrir lok næsta árs á eftir.“

Í grg. till. er svo að orði komizt, að það hefði verið sæmilegt, að Alþingi, sem nú situr, hefði haft til meðferðar ríkisreikninginn fyrir 1943, en ekki reikninginn fyrir 1941, sem það samþykkti fyrir nokkru. Í samræmi við það vill n. nú orða till., og teljum við flm. þá lausn ákjósanlegasta.

N. átti tal um þetta við skrifstofustjóra fjmrn. Hann hafði ekkert á móti, að till. væri orðuð eins og n. vill og endurskoðun og prentun hraðað svo sem unnt er, til þess að henni verði jafnan lokið innan hins tilskilda tíma. Taldi hann nauðsyn að keppa að því að koma endurskoðuninni í það horf.

Í gær var til umr. frv. til fjáraukal. fyrir 1941. Það er nokkuð seint að ræða um þau útgjöld árið 1945. Það er ekki nema eðlilegt, að alþm. vilji reyna að fá þetta lagfært. Það er aldrei annað hægt en samþ. þessi fyrndu fjáraukal., hvernig sem þau eru, annars væri sú stjórn sett í vandræði, sem þá er við völd, en ber ekki ábyrgð á greiðslum fyrirrennara sinna.

Hv. 1. þm. Árn. færði sem endurskoðandi ríkisreikninganna fram ýmsar ástæður fyrir því við fyrri hluta umr., að samþ. reikninganna hefur ekki getað orðið fyrr en svo seint. Engu að síður sagðist hann vera samþ. till. og óska eftir gagngerðum umbótum í þessu efni. Till. er gerð til þess að reynt verði að bæta vinnuskilyrði endurskoðenda og annað, sem við þarf, og sjá um að reikningurinn fáist prentaður strax, þegar hann er tilbúinn.

Þar sem Alþ. virðist sammála um þetta, sé ég ekki þörf á fleiri orðum.

Jörundur Brynjólfsson: Það er síður en svo, að ég vilji andmæla því, að reynt sé það, sem hægt er, til þess að lokun, prentun og endurskoðun ríkisreikninganna verði hraðað. En ég tel hæpið, að þessi ályktun fái staðizt með því orðalagi, sem n. hefur á þskj. 1025. Mér sýnist, að svo geti þá farið, að gersamlega ómögulegt verði að fullnægja ákvæðum till., og nær hún þá alls engum tilgangi. Ef ríkisreikningurinn á að liggja fyrir til samþykktar Alþingis „fyrir lok næsta árs á eftir,“ eins og það er orðað í till., þ. e. næsta árs eftir reikningsárið, skilst mér, þá verður hann að vera tilbúinn í tæka tíð til að koma fyrir Alþingi þess árs. Með þeim þingtíma, sem ákveðinn er í l., er þetta ekki hægt. Í framkvæmd verður það þannig. S. l. ár var 1944,

og nú ætti þing ársins 1945 eftir l. að koma saman 15. þ. m. og endurskoðaður ríkisreikningur að leggjast fyrir það. Það væri útilokað, hversu góðum mannafla sem á væri að skipa og hvað góðar aðstæður sem væru til endurskoðunar, og jafnvel þótt þing stæði fram eftir vori, kæmi sjaldan fyrir, að þetta reyndist hægt. Reikningum ríkisins er aldrei lokað fyrr en á útmánuðum, sjaldan fyrr en í apríl, þegar vel lætur. Það stafar af því, að ýmsar skilagreinir frá embættismönnum vantar þangað til, án þess að hægt sé að kenna vítaverðri vanrækslu um. Ekki er hægt að prenta ríkisreikning án undirbúnings, og ekki er hægt að ljúka endurskoðun fyrr en reikningum hefur verið lokað og ríkisreikningur prentaður. Það er hægt að undirbúa, en ekki fullgera neitt áður, m. a. af því, að endurskoðendur verða að ganga úr skugga um, að það, sem þeir eru búnir að endurskoða samkv. frumgögnum, hafi síðan komizt óbreytt á prent og samræmi ekki raskazt við breytingar í reikningslokin.

Miklu meiri von væri um að geta fylgt ákvæðum till., ef haustþing væru lögboðin, en það eru þau ekki. Ég tel æskilegt, að landsreikningur þyrfti ekki að verða síðbúnari en svo, að hann gæti komið fyrir haustþing, ef haldið yrði, næsta ár eftir reikningsárið. En stundum hefur það dregizt nokkuð fram á haustið, að reikningum yrði lokað. Það er vitanlega allt of seint og tefur endurskoðunina óhóflega. En þeir tímar, sem hafa verið undanfarið, hafa raskað þessu, eins og svo mörgu öðru. Okkur er ljóst, að það er dregið að loka reikningunum meira en viðunandi er, og það þarf að laga. En ég hygg, að hæpið sé að orða þessa ályktun svona. Ég hef ekkert á móti þessari till. annað en það, að hún fær tæplega staðizt, a. m. k. verður þá að breyta öllum vinnubrögðum frá rótum. Þá þyrfti að byrja að loka reikningunum um áramót og flýta síðan prentun og yfirskoðun, allt þyrfti að ganga fyrir sig í byrjun ársins. Á fáum mánuðum yrði öllu að vera lokið. Ég hef ekki meira en svo trú á því, að þetta takist *(GJ:* Hv. þm. skilur ekki orðalag till., kann ekki að lesa.) *(Forseti (GSv):* Hv. þm. ætti að biðja um orðið og færa rök fyrir skoðun sinni heldur en grípa svona fram í.) Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa upp ályktunina: Tillgr. skal orða svo: Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að endurskoðun og útgáfu ríkisreiknings ásamt athugasemdum verði hraðað svo, að hann geti jafnan legið fyrir til samþykkis fyrir lok næsta árs á eftir.

Mér finnst till. nokkuð ljóst orðuð, og ég hélt ég mundi skilja hana. En ég sé á innskoti hv. þm. Barð., að svo muni ekki vera. Er mér þá ekki grunlaust um, að hv. þm. muni meina allt annað en till. hljóðar upp á. Ég vil leyfa mér að taka árið 1944 sem dæmi. Eftir orðalagi till. þarf reikningur ársins 1944 að liggja fyrir til samþ. á þingi 1945 og fá afgreiðslu. Ég hélt, að árið 1945 væri næsta ár á eftir 1944. Það kann að vera, að hjá sumum sé þetta allt öðruvísi. En í mínum barnalærdómi stóð nú þetta. Við lifum að vísu á byltingartímum, og nýsköpunin er í fullum gangi, en þetta hélt ég mundi standast allar byltingar. Ef önnur er meiningin, þá er æskilegt, að það komi fram. Eftir því, sem till. er orðuð, get ég ekki skilið hana öðruvísi. Og út frá því hef ég svo talað. Svo skal ég ekki fara fleiri orðum um þetta, en vona, að frsm. gefi skýringu á því, ef skilja á þetta öðruvísi.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Hv. 1. þm. Árn. hefur gert athugasemdir við þessa till. og telur, að orðalagið fái ekki staðizt, a. m. k. ef þing kemur saman eins og nú er lögákv., 15. febr. En ég vil halda því fram, að þótt þing komi saman 15. febr. og haustþing verði ekki, þá megi samþ. till. óbreytta. Hins vegar er það vitað, að þing hefur nú verið haldið á haustin, og segja mætti mér, að svo muni það verða hér eftir. Við skulum fyrst athuga það, ef þing kæmi saman 15. febr. og verði lokið í apríl, maí eða júní, þá ætti þessi till. að geta staðizt. Vitanlega yrði að taka upp ný vinnubrögð við endurskoðun og bókhald, eins og hv. 1. þm. Árn. sagði. Ríkið er að vísu fyrirferðarmeira en önnur fyrirtæki, t. d. bankar og Eimskipafélagið, en þau draga ekki að loka reikningum sínum langt fram eftir árinu eða að fá þá endurskoðaða. Hv. þm. talaði um, að ekki væri hægt að loka reikningunum vegna þess, að innheimtumenn hefðu ekki skilað af sér fyrr en í apríl. En mér finnst óþarft að gefa þessum innheimtumönnum svo langan frest. Þeir eiga að geta skilað af sér í jan. eða febr. Og ríkið á að geta lokað reikningum sínum í jan.—febr. eins og önnur fyrirtæki. Þótt ríkisbáknið sé fyrirferðarmeira en önnur fyrirtæki, hefur það þeim mun fleiri menn í sinni þjónustu. Þess vegna eiga verk hjá ríkinu að ganga eins fljótt og hjá smærri fyrirtækjum.

Ég verð að taka undir það, sem hv. þm. Barð. skaut inn í ræðu hv. fyrri þm. Árn. Ég fæ ekki betur séð en hv. fyrri þm. Árn. hafi ekki skilið till. rétt. þar sem hann segir, að samkv. orðalagi hennar verði að samþ. reikninginn frá 1944 á þingi 1945, jafnvel þótt því verði lokið í maí eða júní. En till. segir aðeins, að endurskoðun og útgáfu ríkisreiknings ásamt athugasemdum verði hraðað svo, að hann geti jafnan legið fyrir til samþykkis fyrir lok næsta árs á eftir. Ef ekki er hægt að samþ. þá á febr.-þinginu og ekki situr haustþing, þá bíður reikningurinn fram yfir áramót þar til þing situr. Ég þykist vita það, að ef hv. fyrri þm. Árn. athugar þetta og álítur, að reikningurinn frá 1944 geti verið tilbúinn til samþ. fyrir árslok 1945, þá geti hann með góðri samvizku samþ. till. eins og hún er.

Hv. þm. talaði um, að endurskoðun gæti ekki hafizt fyrr en reikningurinn fengist prentaður. En mér finnst það dálítið skrýtið, að hann skuli ekki vera endurskoðaður fyrr en búið er að prenta hann. Mér finnst það ætti að endurskoða reikninginn áður en hann er prentaður, svo að hann sé prentaður eftir að hafa verið leiðréttur. Þannig er það í bönkum og hjá öllum öðrum fyrirtækjum, nema hjá ríkinu. Ef fara á eftir þeim bókhaldsreglum. sem nú eru í gildi, skilst mér það hljóti að eiga að vera þannig, að reikningurinn sé prentaður, þegar búið er að leiðrétta hann, en ekki áður.

Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum. Ég

býst við, að þegar hv. fyrri þm. Árn. hefur athugað þetta nánar, þá séum við nokkurn veginn sammála.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég get stytt mál mitt, vegna þess að hv. frsm. hefur gert grein fyrir málinu. Ég mun aðeins drepa á það, sem ég skaut inn í ræðu hv. fyrri þm. Árn. Ég ræddi einmitt sérstaklega um þetta við skrifstofustjóra fjmrn. Og ég vil benda hv. þm. á það, að hann lagði til, að till. væri samþ. Í till. er ekki sagt, að reikningurinn skuli hafa verið samþ. fyrir árslok næsta ár á eftir, heldur að hann sé tilbúinn til samþ. og umr. fyrir árslok. Það er fullur skilningur og réttur skilningur á till., eins og hún er orðuð nú. Ef við höldum okkur við árið 1944, þá er gangur málsins hugsaður þannig, að fjmrn. loki reikningunum í apríl 1945. Skrifstofustjóri fjmrn. upplýsir, að þeir geti þá vel orðið tilbúnir bæði til prentunar og endurskoðunar, en það á að fara fram samtímis. Það er gamall og úreltur háttur að láta prenta þá fyrst, eins og hv. frsm. tók fram, og endurskoða þá á eftir. Þá er verið að gera prófarkalestur, sem ekki kemur endurskoðun við. Endurskoðun frumreikninganna eiga að gera allt aðrir menn, sem þurfa allt aðra menntun heldur en prófarkalesarar. Skrifstofustjóri fjmrn. taldi, að þetta verk gæti verið búið í aprílok, og til áramóta eru þá 8 mán., sem menn hafa til að endurskoða reikninginn. Ég vil benda á það, að þegar þing situr á haustin, mun kannske vera álitið, að þeir menn, sem Alþ. kýs til endurskoðunarinnar og sæti eiga á Alþ., hafi ekki tíma til að sinna endurskoðuninni meðan þing situr. En það er ekki hægt að byggja afgreiðslu og endurskoðun ríkisreikningsins á því, að þeir, sem valdir eru til starfsins, hafi ekki tíma til að vinna verkið, sem þeir eru ráðnir til að gera. Ef þeir taka verkið að sér, eiga þeir að ljúka því innan þess tíma, sem Alþ. telur nægilegan. Sem sagt, ríkisreikningur ársins 1944 á að liggja fyrir endurskoðaður og prentaður fyrir árslok 1945, en hvenær hann verður svo samþ., fer eftir því, hvenær Alþ. kemur saman. Till. segir ekkert annað en þetta, ef menn lesa hana eins og vera ber og eins og menn lesa almennt mál.

Jörundur Brynjólfsson: Ég ætla aðeins að segja örfá orð. Mér skilst á ummælum þessara tveggja hv. þm., sem talað hafa, að eiginlega sé ekki frekar meiningin, að samþykkt reikninganna fari fram árið eftir, eins og gefið er til kynna í till., heldur megi draga það þar til árið þar eftir ellegar það sé þá ótiltekið, hvenær á að samþ. þá. Það, sem fyrir þeim vakir, er, að yfirskoðun sé lokið árið eftir og reikningurinn sé þá tilbúinn til umr. og athugunar. En umr. fyrir hverja? Ég hélt það væri aðalatriðið og tilgangurinn að fá reikninginn sem fyrst tilbúinn til afgreiðslu fyrir þingið. Ég held það verði ekki svo auðvelt að koma þessu í kring.

Hv. 2. þm. Rang. fannst það ekki rétt tilhögun, að yfirskoðun færi fram eftir að reikningurinn hefði verið prentaður, heldur ætti hún að fara fram áður. Mér skilst, ef þetta á að ganga rökrétt fyrir sig, þá þyrfti yfirskoðunin helzt að fara fram samtímis og uppgjör reikninganna eða jafnvel áður. Þar kæmu yfirskoðunarmenn þá með sínar athugasemdir. Ef eitthvað er ekki rétt við reikninginn, þá kemur það hvergi fram, og reikningurinn kæmi þá réttur fyrir Alþ. Ég held hv. þm. rugli saman hinni umboðslegu endurskoðun og yfirskoðun reikningsins. En það er vitanlega alveg sitt hvað. Að sjálfsögðu verða yfirskoðunarmenn í höfuðatriðum að kynna sér, hvort reikningurinn er tölulega réttur, en það er annað en hin umboðslega endurskoðun. Ef yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna, sem eru kjörnir af Alþ., ættu að kynna sér reikninginn alveg frá rótum og allt, sem að reikningnum lýtur, þá entist þeim ekki árið til þeirrar vinnu, þótt þeir væru alltaf við. Þess vegna hafa yfirskoðunarmenn aðallega byggt á umboðslegri endurskoðun. Þeir komast ekki yfir meira en að kynna sér þá höfuðdrætti, sem að reikningnum liggja og lýtur að því tölulega. Það væri auðvitað hægt að haga þessu öðruvísi. En ég er ekki viss um, að Alþ. kærði sig um, að endurskoðun yfirskoðunarmanna hætti að vera fyrst og fremst umboðsleg endurskoðun. Hún felst einmitt í því, að yfirskoðunarmenn athuga, hvernig meðferð fjármuna hefur verið. Þess vegna er það í alla staði rétt, að þeir taki ekki reikningana til fullnaðarafgreiðslu, fyrr en þeir liggja fyrir prentaðir, og gera sínar athugasemdir, ekki tölulegar, heldur einkum krítiskar, eins og Alþ. ætlast fyrst og fremst til. Þetta, sem hv. 2. þm. Rang. sagði viðkomandi þessari hlið málsins, býst ég við, að sé fyrst og fremst mælt af ókunnugleika, og þessi hlið málsins stendur alls ekki í vegi fyrir, að yfirskoðuninni sé flýtt. Hv. þm. Barð. sagði, að ekki væri ætlazt til þess, að yfirskoðunarmenn stunduðu prófarkalestur. Það er nú svo, en þeir hafa þó gert það. Hafi tölurnar ekki verið réttar, sem á reikninginn hafa verið færðar, þá athuga þeir, hvort um prentvillu sé að ræða eða skekkju í frumritinu. Um þetta ætti svo ekki að þurfa að fjölyrða frekar. Mér skilst, eftir þeirri meiningu, sem flm. sjálfir leggja í till., þá sé það ekki ætlunin að taka hana alveg bókstaflega og því ekki slegið föstu, að reikningurinn skuli fá fullnaðarafgreiðslu Alþ. næsta ár á eftir. Þess vegna ætla ég, að auðvelt muni vera að fullnægja því, sem till. fer fram á.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Mér skilst, að það sé alveg óþarfi að halda uppi málþófi við fyrri þm. Árn. um þetta, það er svo lítið, sem ber á milli. Hv. fyrri þm. Árn. talaði um það, að ég misskildi það hlutverk, sem yfirskoðunarmenn hefðu, sem væru kjörnir af Alþ. Ég vil taka það fram, að hér er ekki um misskilning að ræða frá minni hálfu. Ég veit vel, að hlutverk þessara endurskoðunarmanna er fyrst og fremst að framkv. „krítíska" endurskoðun. Og þó að svo sé, sé ég ekki, að ástæða sé til, að þessir endurskoðunarmenn haldi að sér höndum meðan prentun fer fram á reikningnum. Þetta liggur í augum uppi, og ástæðulaust er að vera að kýta um það.

Hv. þm. talaði um, að eftir þessu að dæma væri aukaatriði samkv. þessari till., hvenær reikningurinn væri samþ., bara ef hann væri prentaður og endur-

skoðaður. Þetta er alveg talað út í hött hjá hv. þm. Hann veit, að undireins og reikningurinn hefur verið endurskoðaður, verður hann lagður fyrir Alþ. til samþykktar. Ef haustþing er, verður hann samþ. næsta ár á eftir, en ef ekki er haustþing, þá bíður reikningurinn tilbúinn til samþykktar og verður lagður fyrir Alþ. 15. febr. næsta ár á eftir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta nánar, þar sem svo lítið ber á milli, en vona, að hv. d. sjái sér fært að samþ. ályktunina eins og hún liggur fyrir.

Forseti (GSv): Áður en lengra er haldið, vil ég geta þess, að tími er nokkuð takmarkaður vegna funda í d. Ef flm. óska að taka till. aftur til endurskoðunar eða lagfæringar, svo að samþykktin mætti skýrari verða, þá mun umr. verða frestað.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Ég hef ekki hugsað mér að fara langt út í umr. um þetta mál, þar sem hv. fyrri þm. Árn. hefur þegar gert grein fyrir aðstöðu okkar.

Ég vil ítreka það, að eins og till. liggur fyrir, fær hún engan veginn staðizt. Í því sambandi vil ég benda á, að það er alveg nýbúið að kjósa yfirskoðunarmenn til að endurskoða reikninginn fyrir árið 1943, en það eru engir yfirskoðunarmenn til fyrir árið 1944. Og þeir verða ekki kosnir fyrr en eftir næstu áramót, vegna þess að engar líkur eru til, að reikningurinn verði búinn til endurskoðunar fyrr en eftir lok þessa árs. Við höfum margfundið að þessu fyrirkomulagi, og nú er ákveðið að loka reikningnum fyrr en verið hefur. Og það er framför.

Nú er það augljóst mál, að þeir, sem þessa till. flytja, og aðrir, sem um þetta mál hugsa, telja ástandið, eins og það er nú, ekki viðunandi og því verði að breyta til batnaðar á einhvern hátt. Ég fyrir mitt leyti vil, að því sé breytt á þann veg að afnema yfirskoðunina, eins og hún er nú rekin, en þegar stjórnarskránni verður breytt næst, verði þar ákveðið að haga yfirskoðuninni á allt annan hátt.

En eins og lokun og frágangi reikninganna hefur verið háttað á undanförnum árum, þá er það útilokað. að það hafi nokkra þýðingu að samþ. slíka till. eins og þessa, sem hér liggur fyrir frá allshn. Það rekur sig náttúrlega ekkert á, þótt till. sé samþ. eins og hún kom frá flm. í upphafi. Hún er bara einföld áskorun.

Forseti (GSv): Ég vil benda á, að þeir, sem standa að þessari till., ef þeir óska þess, sem í raun og veru er full nauðsyn, bæði að forminu og svo að eðli málsins einnig að efni til, ef þeir óska að fara yfir till. aftur og þá að hafa samstarf við þá, sem þessu máli eru kunnugir, þá er það eðlileg leið, áður en málið er borið upp.

Hæstv. fjmrh. hefur ekki getað verið hér og hefur ekki skýrt frá sínu sjónarmiði, en hér er þess að gæta, að um áskorun á hæstv. ríkisstj. er að ræða, og þess vegna mætti segja, að hæstv. ríkisstj. mætti segja til um, hvort hún getur tekið við áskorun slíkri, um að fullnægja því, sem till. þessi greinir.

Ég mun nú ekki halda áfram umr. lengur, ef fallizt verður á þetta, sem er eðlilegt, að taka aftur till. og færa hana í skýrara horf.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Við flm. þessarar till. höfum að sjálfsögðu ekkert á móti því, að hún verði tekin af dagskrá í dag, og ég geri ekki ráð fyrir, að allshn. hafi nokkuð við það að athuga, að það sé gert. Ég býst við, að form. hennar sé fús til þess að kalla saman fund til þess að athuga það nánar, hvort hægt er að hafa tilhögunina betri en hún er nú. Ég fyrir mitt leyti hef ekki trú á því. Hæstv. forseti talaði um, að rétt væri að bera málið undir þá menn, sem kunnugir væru málinu, ef takast mætti að koma málinu í betra horf en nú er. — Ég vil aðeins endurtaka það, sem ég hef áður sagt, að n. átti tal við skrifstofustjóra í fjmrn. og bar orðalag till. undir hann, en hann hafði ekkert við það að athuga.

Ef hv. þm. er þægð í því, að n. taki till. til nánari athugunar, skal ég, sem flm. og nm., ekki hafa neitt á móti því, því að vonandi gefst tækifæri til þess að samþ. till. þrátt fyrir það.

Gísli Jónsson: Ég sé ekki neina ástæðu til, að n. taki þetta til athugunar, fyrst og fremst vegna þess, að till. felur fullkomlega í sér það, sem henni er ætlað.

Í tilefni þess, sem hæstv. forseti hefur sagt, þá vil ég óska, að hæstv. forseti skipi svo fyrir um þetta mál, að ekki þurfi að skera niður umr. um jafnstórt mál og hér er á ferðinni. Það er óviðunandi að skera niður umr. um jafnalvarlegt mál og þetta, að almenningur fái að sjá endurskoðaða landsreikningana, áður en þeir eru margra ára gamlir. Í till. er farið fram á, að landsreikningarnir séu ekki meira en ársgamlir frá því ári, sem þeir eiga að gefast út, og hæstv. ríkisstj. verður vitanlega að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, einnig að biðja þ. að velja endurskoðendur og skapa þeim nauðsynleg vinnuskilyrði, og allt þetta felst í till. fyrir menn, sem vilja lesa hana eins og almennt mál er lesið. Sé ég því enga ástæðu til þess að taka till. aftur til athugunar.

Forseti (GSv): Umr. um málið verður frestað í þeirri von, að hv. n. í samráði við þá, sem óneitanlega eru miklu kunnugri þessu en ýmsir þeir, sem hér hafa fjallað um, vildi taka till. til yfirskoðunar aftur.

Umr. frestað.

Á 94. fundi í Sþ., 16. febr., var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 945, n. 1025, 1081).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Það er ástæðulaust að bæta miklu við það, sem sagt var um þessa till., þegar hún var til umr. síðast, en allshn. hefur til samkomulags við þá hv. þm., sem andæfðu þessari till., gert dálitla orðabreytingu á till., og er það aðeins orðabreyting, en ekki efnisbreyting, og voru allir nefndarmenn sammála um, að sjálfsagt væri

að gera það, a. m. k. 2 hv. þm. lögðu kapp á, að það yrði gert.

Það er lagt til, að tillgr. orðist eins og gert er á þskj. 1081: „Alþ. ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að hraða svo útgáfu ríkisreikningsins, að hann geti jafnan legið fyrir fullgerður með athugasemdum og svörum fyrir lok næsta árs á eftir.“ Brtt. n. á þskj. 1025 er þá tekin aftur, en hv. þm. er kunnugt um, hvernig hún hljóðaði, og ef hún er borin saman við brtt. á þskj. 1081, verður öllum ljóst, að það er enginn efnismunur, en eins og till. er á þskj. 1081 er fengið samkomulag um hana við þá menn, sem hér við umr. síðast töldu ástæðu til að gera aths. við till., eins og hún hljóðaði á þskj. 1025.

Þykir okkur flm. og n. gott, að samkomulag hefur fengizt, og við teljum það vænlegra til árangurs, að till. verði samþykkt mótatkvæðalaust af öllum hv. alþm. heldur en kannske með litlum atkvæðamun. Ég tel svo óþarft að fara fleiri orðum um þetta, þar sem mér virðist komið samkomulag um orðalag till. og enginn hv. þm. mun mæla á móti því, eins og hún nú er orðuð.

ATKVGR.

Brtt. 1081 (ný tillgr.) samþ. með 27 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1131).

70. Vinnuhæli berklasjúklinga.

Á deildafundum 10. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um að fela ríkisstjórninni að greiða laun yfirlæknum við vinnuhæli sambands íslenzkra berklasjúklinga (A. 782).

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég hef, ásamt 13 öðrum hv. þm., leyft mér að flytja þá till. til þál., sem hér er um að ræða, í þá átt, sem þar segir, að fela ríkisstj. að taka að sér að greiða laun væntanlegs yfirlæknis við vinnuheimili Sambands íslenzkra berklasjúklinga. — Öllum hv. þdm. er kunn saga þessa máls og það, með hverjum ágætum hið háa Alþ. og þjóðin öll hefur tekið þessari mikilsverðu tilraun berklasjúklinga til þess að tryggja þann bata, sem berklasjúklingar fá á heilsuhælum, og svo að forða þeim frá því að missa þann bata, heldur þvert á móti að efla hann, þar til fullri hreysti er náð, og í öðru lagi að leitast við að notfæra vinnuþol þessara manna á þann hátt, sem heilsa þeirra leyfir og kraftar og geta, þeim sjálfum til framdráttar og þjóðfélaginu til gagns.

Nú er það, eins og kunnugt er, þannig, að vinnuheimilið að Reykjum í Mosfellssveit, er hér um ræðir, er nú svo langt komið, að það getur tekið til starfa, þegar læknir hefur verið ráðinn og reglugerð um það samþ. Og í sambandi við það vil ég geta þess, að reglugerð hefur verið samin, en ég er ekki viss um, að hún hafi enn verið staðfest. Ég geri ráð fyrir, að hún hafi verið send á réttan stað, þ. e. a. s. til hæstv. heilbrigðismálaráðh., og muni þar fá afgreiðslu án stórra breyt. — Nú er það svo, að fyrst verða þarna á vinnuheimilinu að vísu ekki margir vistmenn, sem þeir verða nefndir. En rúm er þar nú þegar fyrir 20 vistmenn, og gert er ráð fyrir, að innan þriggja mánaða verði sú tala tvöfölduð. sem hægt er að hafa af vistmönnum á heimilinu. Og eftir því, sem stjórn S. Í. B. S. hefur upplýst fyrir nokkrum okkar flm. þáltill., er þess að vænta, að innan skamms verði sú tala aftur tvöfölduð, þannig að um 80 sjúklingar verði þarna langvistum.

Það leiðir af sjálfu sér, að við slíka stofnun sem þessa er nauðsynlegt, að þegar frá byrjun sé læknir þar yfir, til þess að starf og meðferð þessara manna geti frá upphafi miðazt við þeirra ástand, sem náttúrlega er eins misjafnt og mennirnir eru margir. Það þarf að hafa daglegt eftirlit með heilsu þeirra, þ. e. a. s. vinnuþoli þessara manna, og líka með aðbúnaði þeirra. Þá þarf og að gæta þess, að hegðunarreglum, svipuðum og eiga sér stað á hinum eiginlegu heilsuhælum fyrir berklaveikt fólk, sé fylgt út í æsar, og það fer tæplega vel fram, nema yfirlæknir sé á staðnum. Þá er enn fremur mjög mikilsvert atriði, sem varðar nágrenni vistheimilisins, þ. e. a. s. það fólk og þau heimili, sem verða nágrannar þessara sjúku manna. Því að vitaskuld verða þeir sjúkir að meira eða minna leyti, og er það ekki hvað þýðingarminnst, að þar sé gætt allrar þeirrar varasemi, sem unnt er, svo að nágrenni staðarins geti ekki stafað smithætta af vistmönnunum. Þegar á þessu stigi málsins hefur orðið vart við það, að nokkur uggur er í því fólki, sem kemur til með að hafa nábýli við þetta vinnuheimili, og er það í sjálfu sér eðlilegt, þegar þess er gætt, hvað hér er um smitandi sjúkdóm að ræða og hvað það er orðið öllum ljóst, að allrar varúðar verður að gæta í umgengni við berklaveika menn.

Í þeirri reglugerð, sem ég minntist á, er í 4. gr. talað um tilgang stofnunarinnar, og vil ég þar drepa á nokkur atriði. Tilgangurinn er fyrst og fremst að sjá þeim sjúklingum, sem lokið hafa vist á heilsuhæli fyrir berklasjúklinga, fyrir vinnu við þeirra hæfi, þeim til þjálfunar, svo og námi og sjúkrahjálp, eftir því sem þarf. Í öðru lagi er tilgangurinn að taka við til vistar berklasjúklingum með langvinna berklaveiki, sem ekki hafa lengur not heilsuhælisvistar og mega ekki dveljast á einkaheimilum vegna smithættu. Í þriðja lagi að taka á móti öðrum berklaöryrkjum, sem ekki hentar vist á sjúkrahúsum eða heilsuhælum.

Þetta er þá þannig, að í þessum þremur flokkum eru taldir þeir menn, sem sérstaklega er ætlað að njóta vistar og aðhlynningar á þessu vinnuheimili.

Í 5. gr. er tekið fram, að það sé skilyrði vistar samkv. 4. gr., að vistþegi hafi að dómi yfirlæknis

heimilisins minnst þriggja stunda vinnuþol daglega. Þetta bendir á það, að mjög nákvæmt eftirlit verður að hafa með því, hvað sjúklingar eða vistmenn þola að leggja á sig af vinnu, og tel ég það á einskis annars manns færi en læknis, sem er kunnugur sjúklingunum og þeirri veiki, sem hér er um að ræða.

Þá er í 12. gr. ákveðið, að sérhver vistmaður sé skyldugur til að hlíta þeim reglum, sem settar kunna að verða sérstaklega um sjúklinga í berklahælum ríkisins. Þar með er sagt, að vistmennirnir eigi að hlíta hinum almennu reglum, sem settar hafa verið og kunna að verða í sjálfum berklahælunum. Þá eru og vistmennirnir háðir, samkv. þessari gr., hegðunarreglum, er yfirlæknir stofnunarinnar setur.

Þá er í 13. gr. gert ráð fyrir því, hvernig með skuli fara, ef vistmaður veikist á ný.

Þessar greinar, sem ég hef drepið á, segja nægilega mikið til þess að færa hverjum manni heim sanninn um það, að þarna þarf að hafa sérstakan lækni með kunnugleika og það gerþekkingu á vistmönnum heimilisins eða sjúklingum og sjúkdómnum, og hann þarf að vera til staðar. Því að daglegt eftirlit með heilsufari og hegðun vistmannanna, þ. e. að settum reglum sé hlýtt, verður tæplega framkvæmt svo, að fullnægjandi sé, nema læknir sé þar að staðaldri.

Nú munu margir segja, að hér sé um stofnun að ræða, sem ekki sé ríkisstofnun, og að það sé ekki viðeigandi, að ríkið kosti að öllu leyti þann yfirlækni, sem slík stofnun hefur. Þar til vil ég svara því, að til eru þær stofnanir í heilbrigðismálum hér á landi, sem eru ekki ríkiseign og hafa lækni launaðan á einhvern hátt. En þessi stofnun snertir berklaveiki, sem þjóðfélagið á alveg sérstakan hátt hefur tekið að sér að reyna að vinna bug á, með þeim árangri, sem kunnur er og telja má mjög góðan, að það hefur áunnizt í seinni tíð, að berklaveikin fer rénandi í landinu. Og af því að hér er um að ræða þennan sérstaka og erfiða og smitandi sjúkdóm, þá hefur ríkið lagt mjög mikið á sig til þess að kosta hælin og hjúkrun þar. Og virðist það því vera í fullu samræmi við það, sem þjóðfélagið hefur áður gert í þessu efni, að ríkið taki á sig þann kostnað, sem leiðir af því, að yfirlæknir sé hafður við þessa stofnun. Enn fremur má á það benda, að í umr. um þetta mál hér á hæstv. Alþ. hafa allir, sem um það hafa talað, og þar á meðal núv. hæstv. heilbrmrh., látið orð falla um það, að enginn efi væri á því, að þetta vinnuheimili, sem er eiginlega eins konar berklahæli í sjálfu sér, yrði að njóta mjög ríflegs styrks úr ríkissjóði. Og virðist mér, með því að allt mælir með því að sanngjarnt sé, að samþ. verði að fela ríkisstj. að sjá fyrir þessum mjög mikilsverða þætti við rekstur vinnuheimilisins, sem sé að kosta laun þess yfirlæknis, sem valinn verður.

Ég veit, að þetta mál þarf athugunar við í n., og tel heppilegast, að því verði, að lokinni umr., vísað til síðari umr. og hv. fjvn.

Umr. frestað.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., var fram haldið fyrri umr. um till.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Herra forseti. — Ég skal falla frá því að ræða þetta mál frekar við þessa umr., en vænti þess, að því verði þá vísað til síðari umr. og hv. fjvn., og óska eftir að eiga tal við n. áður en málið verður afgreitt.

Helgi Jónasson: Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta fyrirhugaða embætti, því að ég býst við, að þáltill. fari til þeirrar n., sem ég á sæti í.

Maður sér það, að þessi þáltill. mun eiga allmikið fylgi hér á hæstv. Alþ., þar sem ekki eru færri en 14 þm., sem flytja hana. Má segja kannske, að það sé að vonum, því að ég býst við, að allir séu sammála um það, að þessi stofnun sé þörf og góð, sem hér er um að ræða. En mér finnst það dálítið einkennileg aðferð, ef Alþ. og íslenzka ríkið á að fara að launa forstjóra eða lækna við einkafyrirtæki. Þessi stofnun mun enn þá vera algerlega einkastofnun. Og ég veit ekki dæmi þess, að ríkið hafi gengið svo langt eins og hér er stefnt að. Þykir mér einkennilegt, ef ríkið á nú að fara að ganga inn á þessa braut. — Ég er hins vegar mjög hlynntur því, að þessari stofnun verði veittur einhver rekstrarstyrkur, sem svaraði þeirri upphæð, sem hér er farið fram á.

Í öðru lagi finnst mér þessi þáltill. vera — ég vil segja — flott í launakjörum. Því að þessi læknir, sem á að taka við yfirlæknisstörfum á þessu berklasjúklingaheimili, á að fá eftir till. sömu laun nú strax í byrjunarlaun eins og yfirlæknar hafa við heilsuhælin á Vífilsstöðum og Kristnesi. Þarna á berklasjúklingaheimilinu verður a. m. k. fyrst um sinn ekki um að ræða nema örfáa sjúklinga, og gert er ráð fyrir, að nú muni tilbúin um 20 rúm. Og það kann vel að vera, að á næstunni verði fjölgað eitthvað þar rúmum. En mér finnst það nokkuð mikið í lagt, að þessi læknir, sem þarna á að vera, fái strax í byrjun sömu laun og gamlir og reyndir yfirlæknar við heilsuhælin á Vífilsstöðum og Kristnesi. Við höfum hér í Reykjavík stofnun, sem heitir Heilsuverndarstöð Líknar, og þar er búinn að starfa í fjöldamörg ár dr. med. Óli Hjaltested. Og hann hefur ekki eins há laun og lagt er hér til, að þessi yfirlæknir við vinnuheimili berklasjúklinga hafi. Virðist mér þarna gæta nokkurs ósamræmis, ef athuguð eru launakjör þessara manna, sem annar hefur og hinum eru ætluð. Enn fremur eru yfirlækninum hjá Líkn veitt laun að hálfu frá ríkinu, en að hálfu frá Reykjavíkurbæ. Og mér finnst frá hálfu ríkisins það hægt að ganga lengst í að launa yfirlækni þessa vinnuheimilis, að honum verði ekki launað af ríkinu nema að nokkru leyti, en að stofnunin sjálf launi hann að vissum hluta.

Mun ég í fjvn. gera till. í samræmi við það, sem ég hef nú tekið fram, að þessari stofnun verði veittur rekstrarstyrkur sem svarar launum eins læknis eða kannske jafnvel meira. Um það skal ég ekki deila. En inn á það mun ég ekki ganga, að ríkið launi

yfirlækninn við þessa stofnun, án þess það hafi íhlutunarrétt um það, hvaða manni þetta embætti er veitt. En í raun og veru hygg ég, að þess verði ekki langt að bíða, að þessi stofnun komi yfir á ríkið. Og þá fær ríkið sannarlega að launa yfirlækninn þar, ásamt fleira. Ég er ekki á móti því, að þessi stofnun verði af ríkinu tekin á einhvern hátt. En að hafa þessa aðferð, sem í þáltill. er gert ráð fyrir, tel ég ekki heppilegt.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Þegar þetta mál lá fyrir síðast, langaði mig til að benda á tvö atriði. Fyrst, hversu óviðeigandi það er af mönnum, sem eru í fjvn., eins og 1. og 2. flm. þessarar þáltill., að fara að koma með þáltill. um útgjöld úr ríkissjóði nokkrum dögum eftir að fjárl. eru afgreidd. Það er eins og verið sé að gera leik að því að halda útgjöldum ríkissjóðs utan við fjárl. Það eru 14 þm., sem flytja þessa þáltill. Engum þeirra hugkvæmdist að koma þessum gjöldum á fjárl. En þegar nýbúið er að samþ. fjárl., koma þeir með þetta. Þetta er aðferð, sem ekki á að eiga sér stað. Það er fyrir sig á aukaþingum, sem ekki eru fjárlagaþing, þó að svona sé farið að hlutunum. En að gera það á löngu fjárlagaþingi er óviðeigandi í alla staði. *(GJ:* Hvernig var með Krýsuvíkurveginn?) Mín till. var, að það væri tekið upp á fjárl., sem til hans var veitt. *(SB:* Hvað gerði hv. fjvn. í því?) Hún sveik það. — Ég vænti þess, að þeir menn, sem nú sitja í fjvn., sjái sóma sinn í því að stuðla að því, að þetta komist á fjárl. Þetta yfirlæknisstarf virðist ekki eiga að auglýsa, svo að menn geti keppt um það, heldur er það einhver stjórn privatstofnunar, sem á að veita starfið. Þess vegna kemur ekki til mála, frá mínu sjónarmiði séð, að ríkið greiði slík laun. Hitt er annað mál, ef S. Í. B. S. er þannig statt, að það þarf á fjárstyrk að halda, að það fái styrk til þess að launa mann. En að það heiti svo, að ríkið launi mann, sem ekki er í þess þágu og það hefur ekkert yfir að segja, er óviðeigandi í alla staði. Þess vegna finnst mér ekki eðlilegt, að ríkið fari að launa Pétri og Páli fyrir að gegna yfirlæknisstöðu þarna. *(SK* og *GÍG:* Ekki Páli. — *PO:* Hvorki Pétri né Páli.) Og ég veit, að þegar hv. fjvn. fer að athuga þetta, og ef hún telur nauðsyn á fjárstyrk til þessa vinnuheimilis, þá hefur hún ekki það framlag í því formi, að hún veiti það handa sérstökum manni, heldur sem styrk til fyrirtækisins, sem fyrirtækið getur svo varið eins og því sýnist.

Flm. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Vegna þeirra ummæla, sem fallið hafa, vil ég láta þess getið, að áfellisdómur hv. 2. þm. N.-M. er nú svona bæði í garð þeirra, sem eiga sæti í fjvn., og annarra hv. þm., sem gerzt hafa flm. þáltill., sem hér liggur fyrir, og er ekki sérlega sanngjarn. Því að tilmæli til Alþ. um þetta efni komu ekki fram fyrr en nú fyrir mjög skömmu og meira og minna eftir að fjárl. voru afgr., svo að ég bið hv. þm. að taka flm. þáltill. það til inntekta á þann skuldareikning, sem hann var að benda á í sambandi við flm. þessa máls. Það er ekki verið að fara hér bak við fjárl., því að að sjálfsögðu mundi til þess ætlazt, að slík laun yrðu tekin á fjárl., þegar til kemur. Hitt er svo annað mál, að bygging og aðrar framkvæmdir í sambandi við þetta vinnuheimili hefur allt gengið með meiri hraða heldur en menn bjuggust við, sem er bein afleiðing af því, hversu þjóðin hefur fundið nauðsynina á því, að heimilið kæmist upp. Það má því virða forgöngumönnum þessa máls það til vorkunnar, að þeir hafa séð nú, að þeir hafa þurft að taka fyrr til starfa í þessu efni heldur en þeir höfðu búizt við. En það er beint fyrir áhrif þjóðarinnar sjálfrar, að vinnuheimilið verður tilbúið svona snemma. — Og viðvíkjandi því, að það sé rétt og nauðsynlegt, af því að hér sé um einkastofnun að ræða, að sú einkastofnun launi þennan yfirlækni, en það heiti ekki svo, að ríkið geri það, vil ég segja þetta: Þetta vinnuheimili á að hafa það verkefni með höndum að gera að vinnufærum mönnum þá, sem hafa verið sjúklingar, og það er ætlazt til, að þeir smátt og smátt fái einhverja umbun fyrir vinnu sína. Það er líka nauðsynlegt, því að frá heilsufarslegu sjónarmiði skoðað væri það hin mesta fásinna að hugsa ekki fyrir því, að afköst manna yrðu umbunuð. Að því leyti til yrði hér um sjálfstæða fjárhagslega stofnun að ræða. Nú á yfirlæknirinn á heimilinu að vera sá leiðandi maður og húsbóndi þessara vistmanna, sem á vinnuheimilinu dveljast. Og að minni hyggju er það ekki heppilegt fyrirkomulag, að hann sé launaður af sjúklingunum sjálfum. Þetta munu menn skilja, ef menn athuga, að það hefur siðferðislega þýðinga fyrir góðan ávöxt þess starfs, sem þarna verður af hendi leyst.

Ég skal ekki fara út í meting um launakjör, eins og hv. 1. Rang. gaf þó nokkurt tilefni til. Ég hygg, að hér muni ekki vera að ræða um það ferlíki í þeim efnum, að ekki sé eins gott að bíða betri tíma um að tala um það, þar sem líka hægt er að sýna fram á miklu meiri mismun launakjara manna heldur en í sambandi við þennan eina mann.

Vonast ég svo til, að málið geti farið fljótlega í n.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till. (A. 782, n. 1019 og 1020).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Það var ekki laust við, þegar þessi till. kom fram, að ýmsir, bæði innan þings og utan, litu svo á, að hér væri til of mikils mælzt, ef gerðar væru ráðstafanir til þess, að frá upphafi vega væri hæfur læknir látinn hafa málefni vinnuheimilis berklasjúklinga að Reykjalundi til meðferðar. En svo er fyrir að þakka, að þetta mál þurfti í sjálfu sér ekki mikilla skýringa við, hvorki meðal þm. né meðal almennings, þar til menn sáu það og könnuðust við, að einmitt þetta, að skipaður væri þar læknir þegar í stað, væri heppilegt og í sjálfu sér ekki annað verjandi, þegar þess er gætt, hve mikið risaátak þjóðin hefur gert til þess að koma upp þessu vinnuhæli. Það er að

sjálfsögðu einsdæmi hér á landi, að almenningur til sjávar og sveita hafi brugðizt við nokkru málefni betur. Að vísu hefur fólk brugðizt drengilega við ýmsu, en ég held, að það sé einsdæmi, að þjóðin hafi fundið og skilið þörfina á nokkrum hlut eins vel og einmitt á þessu vinnuheimili, og það er í rauninni ekki undarlegt, þegar þess er gætt, hve mikið er búið að leggja í sölurnar, — ég meina ekki sérstaklega peningalega, heldur hve miklu búið er að fórna og hve mikið af þjáningum og sorgum þessi óttalega veiki, berklaveikin, hefur leitt yfir þjóðina. Nú er þetta mál komið á það stig, að einstaklingar í þjóðfélaginu hafa tekið á sig sameiginlega að tengja við þær aðgerðir, sem hið opinbera áður hafði gert í þessum efnum, með því að byggja heilsuhæli og með læknisaðgerðum og öðru slíku. Þegar nú einstaklingarnir höfðu stigið þetta risaskref, að koma upp vinnuheimili berklasjúklinga, þá var ekki við öðru að búast en menn yrðu fljótir til að skilja, að ekkert annað væri verjanlegt en að fá hæfan yfirlækni til þess að hafa þennan sérstaka starfa á hendi, — heilbrigðiseftirlit og eftirlit með daglegri líðan þeirra vistmanna, sem þar dveldust, og enn fremur að reyna að hjálpa þeim til þess að verða að fullfrískum og dugandi mönnum. Þetta mun hafa valdið því, að í sjálfu sér má segja, að fjvn. vilji eitt og hið sama í þessu máli, en það var þó svo, að minni hl. n. beit í sig orðalag í þessu efni, sem meiri hl. gat ekki fallizt á, og einkum og sér í lagi vil ég geta hér um það, að þar sem segir í nál. minni hl., að n. hafi rætt till. þessa við félmrh. og berklayfirlækni Sigurð Sigurðsson, og að öðru leyti þar sem það er gefið í skyn, að Sigurður Sigurðsson kysi orðalag minni hl., þá ber þar dálítið á milli að mínum dómi. Ég held, að hv. frsm. hafi viljað fallast á annað orðalag á tímabili, en seinna var hann horfinn frá þeirri skoðun. Svo hvað rökstuðninginn snertir, þá er hann aðallega sóttur hjá minni hl. til landlæknis. Hann segir m. a., að honum þyki of ríflega áætluð þessi fjárhæð, og virðist þá landlæknir horfa framhjá því, að yfirlækni vinnuheimilisins er ætlað að hafa einnig annað starf á hendi við heimilið, þ. e. framkvæmdastjórastöðuna. Það er því alveg út í loftið að segja, að viðkomandi maður eigi að launast jafnt og yfirlæknar heilsuhæla ríkisins, því að þótt sagt sé, að hann eigi að hafa sömu laun sem læknar á þeim, þá er þess að gæta, að hann á jafnframt að hafa á hendi að vera ráðsmaður heimilisins, annast innkaup á efni til þess, sem framleiða skal, og annast sölu þess, sem framleitt er, o. s. frv. Ég vildi taka þetta fram til þess að fyrirbyggja, að misskilningur gæti risið út af þessu. Fyrir sjálf læknisstörfin kemur þá sem sagt sem svarar hálfum launum yfirlæknis við ríkishælin, en hinn helmingurinn fer fyrir framkvæmdastjórastöðuna. Landlæknir heldur því enn fremur fram, að sér sé ekki kunnugt um, að athugun kunnáttumanns hafi farið fram á því, hver læknaskipun mundi henta hinni fyrirhuguðu stofnun. Lítur það dálítið undarlega út, að slíkt skuli koma fram hjá yfirmanni í heilbrigðismálum þjóðarinnar, þar sem jafnvel leikmönnum var það vitanlegt, að sá maður, sem hefur verið falið að vera yfirlæknir, Oddur Ólafsson, var ytra einmitt til að kynna sér þessa hlið málsins sérstaklega, og er sá eini af læknum hérlendis, sem hefur aflað sér þekkingar á rekstri slíkra vinnuheimila. Svo segir landlæknir, að sér sé ekkert um þetta kunnugt, en það er kunnugt meðal annarra manna í landinu. Ég skal svo ekki fjölyrða um þetta; ég vildi bara halda fram því orðalagi, sem meiri hl. n. hefur samþ. og prentað er á þskj. 1019. Þó vildi ég gera þar eina undantekningu til samkomulags, eftir að hafa athugað það mál. Brtt. meiri hl. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða árlegan styrk til vinnuheimilis Sambands íslenzkra berklasjúklinga að Reykjum, er samsvari launum yfirlæknis við heilsuhæli ríkisins, og gangi styrkur þessi til að launa yfirlækni vinnuheimilisins, enda hafi hann jafnframt framkvæmdastjórn þess á hendi."

Nú hefur mér verið bent á af fróðum mönnum, að það kunni að valda togstreitu, að í till. er talað um „árlegan" styrk, þar eð oftast séu þál. miðaðar við eitt ár eða ákveðið tímabil. Það stóð nú svo í mínum heila, að þetta hefði verið áður gert, en vera kann, að mig misminni það. En þar sem ég vil ekki leggja nokkurn stein í götu þessa máls, ber ég fram brtt., sem fellir þetta „árlega" úr. En ég geri það í því trausti, að í þetta starf verði ráðinn fastur maður, enda þótt landlæknir segi, að ekki sé eðlilegt, að ríkið launi starfsmann við einkastofnun. Ég lít svo á, að ekki beri að skoða þetta sem venjulega einkastofnun. Þessi stofnun er að vissu leyti eins bundin ríkinu og hver annar spítali. Þess vegna er það, að þótt ég komi með þessa brtt., þá vænti ég þess fastlega, að ætíð verði stuðlað að rekstri hælisins, m. a. með því, að ríkið kosti yfirlækni og framkvæmdastjóra í einni persónu.

Í bréfi frá landlækni segir, að vel hefði mátt byrja og sjá, hversu þessu reiddi af, en létta undir síðar, ef þörf krefði.

Við erum þessu andvígir. Við viljum þegar frá byrjun láta gera allt undir stjórn þess læknis, sem á að reka hælið í framtíðinni.

Ég leyfi mér svo að afhenda hæstv. forseta þessa skriflegu brtt.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1057) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Frsm. minni hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður að þessu sinni.

Hv. frsm. meiri hl. fjvn. vildi láta skína í það, að minni hl. væri andvígur þeirri stofnun, sem hér um ræðir, vinnuheimili S.Í.B.S., en það er alls kostar rangt, að svo sé.

Ágreiningurinn er einungis um það, í hvaða formi ríkið skuli styrkja þessa stofnun. Við álítum, að Alþ. ætti ekki að fara inn á þá braut að

launa starfsmenn við þær stofnanir, sem ríkið hefur engin umráð yfir. Við vildum hins vegar ganga inn á þá braut, að ríkið legði til fjárhæð, sem svaraði launum eins starfsmanns. En í till. er þessi upphæð bundin við ákveðinn starfsmann, og því erum við á móti.

Þá virtist frsm. meiri hl. hneykslaður á því, að við tökum tillit til landlæknis í þessu efni. Það mun þó vera venja, að Alþ. leiti álits hans á svipuðum málum, og það ætla ég, að þá hafi miður farið, þegar ekki hefur verið farið eftir tillögum landlæknis varðandi heilbrigðismál. Er þess skemmst að minnast, þegar rokið var til í fyrra og stofnuð læknishéruð þvert ofan í till. landlæknis, en nú flytja sömu þm. till. um að fresta framkvæmd þeirra l. Það má vera, að launakjör þess manns, sem hér um ræðir, séu aukaatriði, en það er þó dálítið undarlegt, að nú, þegar mest er talað um að samræma laun, þá skuli hinir sömu þm., sem hyggjast setja reglur þar um, leggja til, að þær reglur verði þverbrotnar.

Mér þykir það undarlegt, að þessi maður, sem vafalaust er ágætur, skuli eiga að fá nú þegar sömu laun og læknar, sem búnir eru að starfa í 25 ár, en þetta má kannske lagfæra með því að hækka þá; það er hinn venjulegi gangur. *(JJós:* Hann kemur nú ekki frá prófborðinu.) Nei, hann hefur að vísu verið læknir um skeið, en ég hygg þó, að hv. þm. sjái, að hér er ekki um samræmi að ræða, og þar mun koma, að aðrir yfirlæknar munu krefjast hækkunar.

Það er nokkur bót, að fellt er úr till. þetta „árlega", en samt mæli ég með, að till. minni hl. verði samþ. Sérstaklega vil ég undirstrika það, að verði till. meiri hl. samþ., er gefið alvarlegt fordæmi, sem getur leitt út í hinar mestu ógöngur.

ATKVGR.
Brtt. 1020 (ný tillgr.) samþ. með 16:13 atkv.
— 1019 og 1057 komu ekki til atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv.

Á 92. og 93. fundi í Sþ., 7. og 12. febr., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 94. fundi í Sþ., 16. febr., var till. enn tekin til síðari umr. (A. 1059, 1075).

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Eins og kom í ljós við fyrri umr. þessa máls, var lítils háttar formlegur ágreiningur í fjvn. um orðalag þeirrar till., sem upphaflega var flutt af 14 hv. alþm. um þetta mál, og fóru svo leikar, að till. minni hluta fjvn., sem prentuð er á þskj. 1020, var samþykkt. Ég hirti þá ekki að fara út í neinar kappræður við hv. fyrri þm. Rang. um þau atriði, er hann dró fram, og álít þess í raun og veru ekki þörf heldur nú að öðru leyti en því, að ég vildi vekja athygli hv. alþm. á því, að það er ekki rétt málafærsla að halda því fram, að þessi yfirlæknir, sem verður við vinnuhælið fái laun sín eingöngu fyrir læknisstörf. Ég segi, að það er ekki rétt málafærsla, og einkum og sér í lagi er hún röng, þegar athugað er, að margbúið er að taka fram í umr., enda hefur það alltaf staðið til, að þessi sami maður gegndi forstjórastörfum um leið, og þau verða vitaskuld við svona nýskipan, ef svo má að orði kveða um þessi mál, talsvert vandasöm, a. m. k. í byrjun. Það þarf að velja hæfilegt verkefni fyrir hvern einstakan, og það þarf að sjá til þess, að efni fáist handa þeim, sem þarna vinna. Þau efni geta verið margs konar, bæði handa körlum og konum, og enn fremur þarf líka að sjá til þess, að þessi vinna fari þannig fram, að afrakstur verði sem mestur eftir atvikum, og loks þarf að koma því í peninga, sem þarna er framleitt, þannig að það geti orðið þeim til framdráttar, sem vinnuna stunda. Þarna er því um miklu meira starf að ræða heldur en blátt áfram ráðsmannsstarf á sjúkrahúsi, þar sem allt gengur í föstum farvegi og engin nýbreytni sérstök er á ferðinni. Hér þarf forstöðumaðurinn að skapa nýja tilveru fyrir menn, sem eru búnir fyrir óviðráðanlegar aðstæður að vera aðgerðalausir, sumir mánuðum saman og sumir árum saman. Ég þykist ekki þurfa að benda frekar á það, hve mikla athygli þarf við þetta, og þess vegna megum við líta á það forstöðumannsstarf, sem hér um ræðir, sem mikið starf og mjög þýðingarmikið.

Þetta er þá það, sem yfirlæknir hælisins á í raun réttri að fá helming af launum sínum fyrir, en hinn helminginn þá fyrir yfirlæknisstörf. Það sjá því allir, hve því fer fjarri að halda fram, að með því að þessum manni sé launað fyrir allt saman svipað og yfirlæknum á heilsuhælum er launað fyrir sín læknisstörf, þá sé þeim þar með gert rangt til eða hann sé gerður ofjarl þessara lækna, því að hann gegnir hér 2 hlutverkum í starfi sínu.

Þá vildi ég aðeins drepa á, að það var á það minnzt, að það væri óviðeigandi, að svona greiðsla eins og við leggjum til væri höfð í byrjun — sem byrjunarlaun. Það mætti kannske segja, ef hér væri tekinn kandidat, nýkominn frá prófborðinu, og settur í starfið, en því er ekki hér til að dreifa. Sá maður, sem hefur tekið að sér yfirlæknisstarfið, og það með samþykki réttra heilbrigðisyfirvalda í landinu, er ekki viðvaningur í þessu starfi. Hann er búinn að starfa 7 ár við heilsuhæli og hefur þar að auki það til að bera, að hann hefur sérstaklega kynnt sér rekstur stofnana erlendis, sem hafa hliðstæð vinnuheimili berklasjúklinga. Ég hef ásamt hv. 2. landsk. og hv. 1. þm. Skagf. flutt brtt. á þskj. 1075, sem er orðuð eins og þar segir, og ætla ég þá, að enginn þurfi að segja það, að yfirlæknar heilsuhæla ríkisins séu nefndir í þessari till. Að öðru leyti vil ég ekki orðlengja um málið, — ég þykist vita, að það sé meira af þrákelkni heldur en beinlínis af því, að það sé hjartans mál hjá minni hl., að hann hefur ekki getað fylgt meiri hl. fjvn. í þessu atriði, en vænti þess að öðru leyti, að hv. alþm. geti fallizt á brtt. þá, sem ég lýsti á þskj. 1075.

Frsm. minni hl. (Helgi Jónasson): Ég skal ekki að þessu sinni hafa um þetta mörg orð, því að

málið var rætt við fyrri umr. En ég held, að það sé óþarfi af frsm. meiri hl. að tala um þrákelkni minni hl., — ég held það sé frekar hann, sem sýnir það en við. Hv. frsm. sagði, að deilan hefði verið aðallega um það, að okkur hefði þótt laun þessa manns of há, en deilan var alls ekki um það; hún var aðallega um það form, sem hér er verið að ganga inn á af Alþ., að fara að greiða laun til starfsmanna einkafyrirtækis, — það er mergurinn málsins. Ef Alþ. sér sér fært nú að ganga inn á þá braut að greiða laun úr ríkissjóði til forstjóra, hvort sem hann heitir yfirlæknir eða forstöðumaður, einkafyrirtækis, þá teljum við það mjög óvarlegt af Alþ.; það gæti dregið dilk á eftir sér. Það var þetta, sem fyrir okkur í minni hl. vakti með till., sem við komum með við fyrri umr. og fengum samþ., að Alþ. liti svo á, að ekki væri rétt að miða þetta við laun, heldur sem styrk til þessa fyrirtækis, sem alls góðs er maklegt. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Vestm., sem hann gaf í skyn, að ég hafi hér við fyrri umr. málsins talað um þennan mann, sem þarna á að hafa forstöðu, sem einhvern viðvaning. Ég tók það einungis fram, að þetta væri ágætur maður, en þar fyrir liti ég svo á, að ekki væri rétt fyrir Alþ. nú að ákveða laun eins starfsmanns utan við launal., þar sem ný launal. yrðu sennilega afgr. hér í næstu viku. Það hefur oft verið talað um það, hve mikið ósamræmi væri í launagreiðslum, af því að Alþ. hefur svo oft fastákveðið laun opinberra starfsmanna utan við launal. En nú er hér komin fram brtt. frá hv. þm. Vestm. og fleiri, sem fer í þá átt, að nú eigi Alþ. að fara að ákveða einum ákveðnum manni hjá einkafyrirtæki vissa launaupphæð, þrátt fyrir það, þó að nú sé verið að undirbúa afgreiðslu nýrra launal. Þetta teljum við fráleitt að fallast á, og vænti ég þess, að Alþ. gangi ekki inn á þessa braut nú fáum dögum áður en afgr. launal. er ákveðin. Hv. þm. sagði, að nú væri öllu óhætt, því að nú væru ekki nefndir yfirlæknar heilsuhælanna, en það er þó tekin sama upphæðin og í launalfrv. er ákveðin til slíkra starfsmanna. Ég skal svo ekki fara um þetta fleiri orðum; ég tel, að Alþ. hafi sýnt vilja sinn í þessu við fyrri umr., og vænti þess, að Alþ. samþ. þá till., sem hér var samþ. við fyrri umr. En ég vil geta þess, að við prentun hefur láðst að breyta fyrirsögn till. eftir fyrri umr., og leyfi ég mér að bera fram leiðréttingu um það, hvernig fyrirsögn till. átti að orða eftir fyrri umr.

Forseti (GSv): Eins og getið var um af hv. síðasta ræðumanni, er fram komin brtt., aðeins um fyrirsögn till., sem er í samræmi við það, sem till. hljóðar nú um. Ég tel rétt að afla heimildar fyrir því, að brtt. komi strax inn í umr., en mun þó bíða að sinni, þangað til séð er, hvernig skuli orða þetta aðalefni till.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 1133) leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég skal ekki blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram um þetta mál. Ágreiningur virðist að vísu ekki orðinn mikill og ekki um mikið efni, því að að efninu til virðast þessar till. í rauninni vera alveg samhljóða. Í upphaflegu till. var ákveðið, að ríkið greiddi laun yfirlæknisins við vinnuheimili berklasjúklinga. Þetta þótti mörgum þm. heldur óviðkunnanlegt, að fara að taka upp þá reglu, að ríkið greiði laun við einkastofnun, jafnvel þótt um svo ágæta stofnun væri að ræða sem vinnuheimili berklasjúklinga. Mér virðist, að þessi ágalli hafi verið sniðinn úr till. við fyrri umr. og þær till., sem hér eru til umr., séu þannig vaxnar, að það skipti mjög litlu, hvor þeirra yrði samþ., vegna þess að í hvorugri till. er tekið fram beinlínis, að ríkið greiði laun til neins manns við þessa stofnun. Hins vegar er í brtt. 1075, sem flutt er af þrem þm., gengið til móts við óskir stjórnar hælisins um það, að í till. sé beinlínis tekið fram, að styrkurinn sé ætlaður til þess að launa forstjóra hælisins. Ég hygg, að stjórn S.Í.B.S. hafi fært fyrir því fullgild rök, að till. sé orðuð á þessa leið. Ég hirði ekki um að taka þau rök upp hér, en a. m. k. verkuðu þau mjög sannfærandi á mig, að nauðsynlegt væri að fá till. þannig orðaða. Nú hefur berklayfirlæknir upplýst, að hann álíti, að ef ætti að greiða laun yfirlæknis við vinnuhæli S.Í.B.S., sem ekki gegndi neinu öðru starfi, þá væru launin of há. En hins vegar telur berklayfirlæknir, að það sé svo mikil vinna umfram sjálf læknisstörfin við hælið að hafa á hendi framkvæmdastjórn, svo sem ætlazt er til, að yfirlæknir þar hafi, að launin séu sízt og há, þegar saman eru lögð bæði þessi störf. Það veltur á mjög miklu, að vel takist um framkvæmd þessa máls þegar í byrjun, ekki eingöngu fyrir ríkið, heldur einnig fyrir þá, sem þarna dveljast, og ég hygg, að það detti engum í hug að neita því, að þær upplýsingar, sem berklayfirlæknir hefur gefið um þessi væntanlegu störf, séu réttar. Ég vil lýsa því yfir, að þó að till. á þskj. 1075 verði samþ., þá mundi ég fyrir mitt leyti greiða sömu fjárhæð úr ríkissjóði eins og ef till. á þskj. 1059 yrði samþ. Hins vegar sé ég ekki, að það sé neinn verulegur munur á till. annar en sá, að með brtt. 1075 er gengið ríkissjóði að kostnaðarlausu á móts við óskir hælisins, og vil ég þess vegna mæla með því, að sú brtt. verði samþ. Mér finnst, að sá ágreiningur, sem upphaflega var um þessa till., sé burtu fallinn, hvor till., sem samþ. er, en vil mæla með brtt. af þeim ástæðum, sem ég hef tilgreint. Ég vil vænta þess, að afgreiðslu þessa máls geti nú orðið lokið og um það þurfi ekki að verða miklu meiri ágreiningur.

Þorsteinn Þorsteinsson: Ég get tekið undir það með hæstv. dómsmrh. hvað fjárhæðina snertir, að það sýnist ekki skipta miklu, hvort brtt. er samþ. eða sú till., sem fyrir lá, úr því að hann er búinn að lýsa því yfir, að hann ætli sér að greiða þá upphæð, sem er í brtt. Annað, sem kom mér til

þess að standa upp, er það, að ég sé, að í brtt. er talað um greiðslu til yfirlæknis við hælið. Ég veit ekki, hvað það á að merkja, — við eigum að festa hér á þál. þetta nafn, yfirlæknir; þá veit ég ekki, hvort orðið yfirlæknir er haft þar, sem enginn undirlæknir er. Nú skilst mér á hv. þm. Vestm., að yfirvöldin væru búin að samþ. þessi nöfn. En ég vildi gjarnan vita, hvort þarna ætti að vera yfirlæknir og undirlæknir, þegar til kemur.

Annað kom mér í hug út af þessu með lækni þarna við hælið. Við vitum allir, að þeir, sem eru teknir á þetta hæli, eru vinnufærir; það er ætlazt til, að hver vistmaður geti unnið 3 stundir á dag. Nú liggur hælið í miðju Álafosslæknishéraði, mér hefur því dottið í hug, hvort heilbrmrn. og landlæknir vildu ekki athuga, hvort ekki mætti fella þetta saman og gera það ódýrara, þannig að héraðslæknir Álafosshéraðs væri einnig læknir við þetta hæli. Mér hrýs hugur við yfirlæknisnafninu og vildi gjarnan fá frekari skýringu á því, hvernig því mundi verða hagað, þegar til kemur.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég held, að ótti hv. þm. Dal. vegna yfirlæknisnafnsins sé ástæðulaus. Það er svo ákveðið í l., að til þess að reka sjúkrahús eða hæli, þurfi forstöðumann, samþ. af heilbrigðisstjórninni, og í þessu tilfelli er búið að samþ. forstöðumann við þetta hæli, sem heilbrigðisstjórnin hefur tekið gildan. *(HelgJ:* Er það í reglugerð sambandsins?). Það er samkvæmt l., og ég held, að hv. þm. geti sannfært sig um það með því að líta í l. Hvað því viðvíkur, að héraðslæknir Álafosshéraðs yrði forstöðumaður við þetta hæli, þá er það að segja, að hann er ekki sérfræðingur í berklasjúkdómum og hefur þess vegna ekki þá möguleika til að veita þessu hæli forstöðu sem sá maður hefur, sem stj. hælisins þegar hefur ráðið til þess. Hefði hins vegar Álafosslæknishérað verið laust, hefði mátt athuga þetta atriði, þó þannig, að hælið hefði ráðið sérstakan framkvæmdastjóra. En það er ekki víst, að það hefði á nokkurn hátt orðið ódýrara, vegna þess m. a., að sá maður, sem stj. hælisins valdi fyrir lækni hælisins, hefur kynnt sér þessi störf sérstaklega utanlands og hefur sérstakan áhuga fyrir þessum málum og sérþekkingu á berklalækningum; hann hefur einnig verið aðstoðarmaður við berklahælið á Vífilsstöðum. Ég sé ekki annað en það sé sjálfsagt fyrir Alþ. að koma til móts við stj. S.Í.B.S., eins og farið er fram á með brtt. 1075, þannig að ákveðinn styrkur gangi til þess að launa mann, sem bæði er forstjóri hælisins og framkvæmdastjóri. Þar er ekki sagt, að ríkið greiði þessum manni laun, heldur er það gert að skilyrði, að styrkurinn gangi til þess yfirlæknis vinnuheimilisins, sem sé jafnframt framkvæmdastjóri þess.

Frsm. minni hl. (Helgi Jónasson): Hæstv. dómsmrh. sagði, að það væri ekki orðinn mikill ágreiningur um málið, og má það til sanns vegar færast. Ég tók það fram í fyrri ræðu minni, að ég teldi ekki heppilegt, að Alþ. færi nú að ákveða launaupphæð til ákveðins starfsmanns, meðan launal. eru í endurskoðun á Alþ. Ég get ekki skilið, hve S.Í.B.S. sækir þetta fast, að hæstv. ráðh. borgi úr ríkissjóði þann styrk, sem hér er farið fram á, og binda það við þennan fasta launaflokk, ég skil ekki þá þrákelkni. Ég get ekki skilið, hvers vegna það er nauðsynlegt, að Alþ. fari nú að ákveða þessa upphæð svo nákvæmlega, meðan launal. eru í endurskoðun. Þá vísaði hæstv. ráðh. mjög til berklayfirlæknis. Ég hef átt tal við hann um þetta mál, og hann telur, að nú á fyrsta árinu þyrfti engan lækni; hann segist telja, að nú á fyrsta árinu mætti vel komast af með hjúkrunarkonur og læknaiseftirlit öðru hverju. Hann sagði okkur, að hann væri með þeirri till., sem hér er til umr., þegar hún var borin undir hann af minni hl., svo að við getum engu síður en hæstv. ráðh. vitnað til hans ummæla. Ég las hér um daginn reglugerð fyrir sambandið, og þar er skýrt tekið fram í 7.—8. gr., að það væri vinnuhælið sjálft, sem réði starfsmenn fyrirtækisins, forstöðumann, stjórn og annað. En það getur verið, að þessu hafi verið breytt síðan, en ég held, að það hafi ekki komið á prenti, og það kemur ríkisvaldinu ekkert við, hvaða menn hælið velur í stjórn eða framkvæmdastjórastöðu við þetta fyrirtæki. Ég vil síður en svo stuðla að því, að sambandið fái ekki réttlátar kröfur sínar uppfylltar hér á Alþ., en mér finnst þetta form óeðlilegt. Ég held því fast við það, að samþ. verði sú till., sem hér var samþ. við fyrri umr.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég verð að vísa til þess, að ég mætti á fjvn.fundi, þar sem berklayfirlæknir lét svo um mælt, að hann teldi hyggilegt, að ákveðin væru þau laun, eða eitthvað svipað því, sem hér er farið fram á, og færi helmingur fyrir læknisstörf, en helmingur fyrir framkvæmdastjórastarfið. Ég man ekki, hvort hv. 1. þm. Rang. var á þessum fundi, en ég vitna þá til annarra fjvnm. um þetta. Það kemur mér því kynlega fyrir, ef berklayfirlæknir hefur sagt, að hælið þyrfti engan lækni fyrsta árið. Mér finnst ótti hv. 1. þm. Rang. um það, að nú eigi að fara að fastákveða vissa upphæð, áður en gengið er frá launal., algerlega ástæðulaus, því að í till. stendur „allt að 11100 kr.," sem er sú upphæð, sem í launalagafrv. er ætlazt til, að greidd sé yfirlæknum við berklahæli ríkisins. Ég get lýst því yfir, að ef einhver önnur upphæð yrði samþ. í launal., mundi ég ekki láta fjárgreiðslur fara fram úr því, sem þar yrði ákveðið. Enn fremur mun það vera svo, að yfirlæknar á heilsuhælum ríkisins hafi ókeypis, eða fyrir lágt verð, húsnæði, ljós og hita, og yrði það í samræmi við það, sem þessi maður mundi þurfa að borga í húsaleigu fyrir sig. Hvað viðvíkur því, að það hafi verið staðfest reglugerð fyrir hælið, þar sem sé ákveðið í 7.—8. gr., að stj. S.Í.B.S. ráði allt starfsfólk til hælisins, þar á meðal lækna, þá get ég fullvissað hv. 1. þm. Rang. og aðra þm. um það, að slíkt hefur ekki við nein rök að styðjast. Enda væri það gagnstætt l., því

að til þess að mega reka sjúkrahús eða hæli, sem hafi vissa tölu sjúklinga, þarf sá læknir, sem er ráðinn, að fá samþykki heilbrigðisstj. Ég skil ekki í því kappi, sem hv. 1. þm. Rang. leggur á þetta mál, sem verður m. a. til þess, að hann fullyrðir, að heilbrigðisstj. hafi samþ. reglugerð, sem gengi á móti l., sem honum er kunnugt um, að eru í gildi. Ég ítreka það, að ég vænti þess, að það geti orðið samkomulag um brtt., og vona að menn dragi úr því undarlega kappi, sem hefur hlaupið í þá út af þessu máli, sem menn eru þó annars sammála um, þar sem ekki ber meira á milli heldur en það, sem felst í þessum 2 till., sem hér liggja fyrir.

Frsm. meiri hl. (Jóhann Jósefsson): Herra forseti. — Ég skal ekki þreyta hér langar umr.

Hæstv. dómsmrh. hefur svarað hér því, sem þurfti. Það var viturlega athugað hjá hv. þm. Dal., að heppilegt hefði verið að sameina þetta starf læknisembættinu í Álafosshéraði, en hæstv. dómsmrh. hefur nú bent á það, sem því er til fyrirstöðu.

Það er vitanlegt, að hv. 1. þm. Rang. er læknir, en við ekki, enda lætur hann þess mjög kenna, en hvarflar þó allmjög á milli þyngdarpunkta og gerir ýmislegt að aðalatriðum. Í till. stendur, að styrkurinn skuli miðaður við hæfileg laun eins manns, og má segja, að þetta atriði sé mjög svipað í brtt. En nú finnst hv. 1. þm. Rang. hin mesta óhæfa að ákveða laun þessa manns, þegar verið er að setja launal. En við höfum farið svo hóflega að ráði okkar, að við segjum „allt að 11100 kr.“, enda ekkert ákveðið um þetta embætti í launal. Ég vil svo vona, að þetta mál fái afgreiðslu í dag, og þykist ekki hafa gefið tilefni til frekari umr.

Þorsteinn Þorsteinsson: Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður, en ég vildi aðeins láta það koma fram, að það ljón, sem hæstv. dómsmrh. sá á veginum viðvíkjandi því að skipa Álafosslæknishérað með tilliti til þessa starfs, er ekki svo ægilegt sem hann vildi vera láta. Það hefur einatt mátt takast að færa menn á milli embætta í svipuðum tilfellum, og hygg ég, að það gæti komið til athugunar, ef áhugi væri fyrir hendi hjá heilbrigðisstjórninni.

Pétur Ottesen: Ég ætlaði ekki að blanda mér í þetta mál, enda ekki þörf, þar sem hv. 1. þm. Rang. hefur haldið á því svo, sem þörf gerðist. Ég vil aðeins benda á, að það er eðlismunur á þeirri brtt., sem hér er borin fram af nokkrum hv. þm., og þeirri till., sem hér var samþ. síðast í þessu máli. Það, sem hv. 1. þm. Rang. hefur lagt til, er samkvæmt vilja landlæknis og berklayfirlæknis. En þeir telja það ekki eðlilegt, að ríkið fari að launa embættismenn við einkastofnun.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta fremur en orðið er, þar eð öllum mun málið nægilega ljóst.

ATKVGR.

Brtt. 1075 samþ. með 22:15 atkv.

— 1133 samþ. með 18:15 atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1134), með fyrirsögninni:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að greiða styrk til vinnuheimilis Sambands íslenzkra berklasjúklinga.

71. Leiga á færeyskum skipum o. fl.

Á 94. fundi í Sþ., 16. febr., var útbýtt:

Till. til þál. um leigu á færeyskum skipum o. fl. (A. 1120).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 28 shlj. atkv.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Það liggur hér fyrir til samþykktar samningur sá, er háttv. alþm. er kunnugt um, að gerður hefur verið um leigu á færeyskum skipum. Ég sé ekki ástæðu til að fara út í þennan samning í einstökum atriðum, þar sem hann liggur hér fyrir. En ég vil lítillega rekja aðdraganda þessa máls.

Eins og kunnugt er, vildu Bretar ekki framlengja þá samninga, sem við höfum haft við þá, eða ekki þann hluta þeirra, sem lagði þeim skyldur á herðar um að flytja fiskinn. Þeir töldu sig ekki hafa til þess nægilegan kost hentugra skipa. En flutningar þeir, sem þeir hafa annazt, hafa verið verulegur þáttur í fiskútflutningi okkar síðasta ár, eða um ⅓.

Samkvæmt skýrslum frá í fyrra nam útflutningur því, sem hér segir:

Í jan. rúm 2000 tonn, í febr. rúm 7000 tonn, í marz tæp 16000 tonn, í apríl rúm 16000 tonn og hálfan maí tæp 9000 tonn.

Nú er áætlað, að bresk skip muni ekki geta flutt nema um 1500 tonn á mán., þar sem þau taka fisk aðeins eftir hentugleikum. Samningar hafa verið gerðir við Eimskipafélagið um að flytja um 800 tonn á mán. Með þessu móti verður flutningsgeta okkar, að frádregnum færeysku skipunum, ekki nema 8—9 þús. tonn á mánuði, en sé það borið saman við tölurnar frá í fyrra, þá er það alls kostar ónóg. Það mun því hafa verið álit allra, að við yrðum að fá færeysku skipin leigð, þótt það geti að vísu komið fyrir, þegar gæftaleysi er, að skipin verði að liggja. Talið er, að færeysku skipin geti flutt um 6 þús. tonn, og er það, að viðbættum þeim skipum, sem áður eru talin, ekki meira en það, sem telja verður nauðsynlegt að hafa til að anna fiskflutningunum. Þegar í nóv. voru einstaklingar og félög farin að tryggja sér skip á leigu fyrir vertíðina frá Færeyjum. En fyrir áramótin kom það í ljós, að

Lögþingið færeyska vildi ekki samþykkja þetta, og þá varð að ráði, að nefnd yrði send hingað til að semja um leigu á skipunum.

Sjónarmið Færeyinga var þetta: Það er auðvelt að leigja beztu skipin, en þau lakari eru skilin eftir og ekki tryggð nein atvinna við þau.

Þetta vildi Lögþingið fyrirbyggja, og er það vel skiljanlegt.

Meðal sjómanna og verkamanna voru háværar kröfur um að leigja skipin alls ekki, heldur gera þau út til fiskjar frá Færeyjum. Þó varð það að samkomulagi, að ef Íslendingar vildu taka megnið af skipunum yfir vertíðina, þá skyldu þau leigð.

Áð öllu þessu athuguðu var talið rétt að taka upp samninga, og liggur nú hér fyrir hin endanlega niðurstaða. Alþingi hefur ekki aðstöðu til að breyta samningunum. Það getur aðeins sagt já eða nei. Kjör sjómanna á færeyskum skipum eru að því leyti frábrugðin ráðningu manna á íslenzku skipunum, að prósentan er miðuð við nettóágóða eða sölu, þar sem hún er miðuð við brúttósölu á íslenzku skipunum.

Þetta er að því leyti kostur, að þarna eru skipshafnirnar sjálfar mjög áhugasamar fyrir því að skila fljótt og vel þeim farmi, sem þeim hefur verið fenginn. Ég býst ekki við, að hægt sé að koma því við, nema einhver slys beri að höndum, en þetta er sem sagt mikill kostur.

Ég hef orðið þess var, að sumir halda því fram, að þegar búið er að gera svona lagasamþ., hafi engir aðilar neinn áhuga fyrir því, að flutningarnir gangi vel. En ég held, að þannig sé frá samningnum gengið, að engin hætta sé á því, að skipseigendur eða sjómenn á skipunum séu í þannig aðstöðu, að þeim sé sama, hvernig flutningarnir ganga, þvert á móti eiga þeir mikið undir því, að þeir gangi vel.

Ég vil svo leyfa mér að fara fram á það við hæstv. forseta, að mál þetta verði afgreitt endanlega í dag, þannig að hann haldi þegar að loknum þessum fundi eða síðar í dag fund um það, svo að það geti fengið endanlega afgreiðslu á þessum degi. Ég sé ekki ástæðu til, að málið verði sett í n., því að það liggur ekki þannig fyrir, að um neinar breyt. sé að ræða, heldur aðeins um samþykkt eða synjan.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Þessi till. fjallar um samning þann, sem gerður hefur verið um skipaleigu við Færeyinga. En l. þessi standa í þannig sambandi við fiskflutning og fiskverzlun, að það er óhugsandi annað en hæstv. Alþ. verði að athuga þau mál í sambandi við þessa till. og sérstaklega vegna þess, að um þau málefni hefur ekkert verið lagt fyrir þingið annað en þetta, þó að margir hafi búizt við, að svo hlyti að verða gert.

Um þennan samning, eins og hann liggur fyrir, get ég ekki mikið fjölyrt, þar sem ég hef ekki haft neina aðstöðu til að fylgjast með þeirri niðurstöðu, sem hér hefur orðið í einstökum atriðum, og læt ég hann því að þessu sinni liggja á milli hluta.

Þó finnst mér ég hljóti að óska eftir því, að hæstv. ráðh. sá, sem talaði hér fyrir málinu, gefi hv. þm. upplýsingar um það, hve mörg skip það eru, sem hér hafa verið leigð, því að það kemur ekki fram í þskj. því, er fyrir liggur, og þá hve mörg þeirra hafa verið leigð til 1. júní 1945 og hve mörg til 15. okt. s. á. Þá væri einnig gaman að heyra frá hæstv. ráðh. samanburð á þeim leigukjörum, sem hér eru ákveðin og eru mjög flókin, við þau leigukjör, sem tíðkazt hafa á færeyskum skipum undanfarið, og enn fremur þau leigukjör, sem Færeyingar með frjálsum samningum höfðu ýmist ákveðið eða fyrirhugað, áður en afskipti lögþingsins og ríkisstj. Íslands komu til. Enn fremur væri mjög fróðlegt að heyra álit hæstv. ráðh. um það, hvað hann álítur um horfur fyrir því, að þessi skip leigist til samlaga og annarra aðila hér í landi með sömu kjörum og þau eru leigð af Færeyingum, og í því sambandi, ef hann heldur, að það verði ekki um allan þennan flota, hvaða skoðun hann hefur um það, hvernig takast muni að notfæra fyrir ríkið þau skip, sem ekki leigjast með því móti, og hvernig takast muni að fá það verð, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú ákveðið fyrst um sinn út úr þeim flutningum. — Væri gott að heyra um það frá hæstv. ráðh., því að hér er um stórt fyrirtæki að ræða, hve miklar tölur hér er um að ræða brúttó, t. d. leigu allra skipanna samtals fyrir tímann, því að þá geta menn fengið hugmynd um þá áhættu, sem hér er um að ræða mesta.

Það er því ekki hægt á þessu stigi málsins að ræða samninginn í einstökum atriðum. Þetta mál hlýtur að fara til n. í þinginu, því að það er ekki hægt að ætlast til, að nokkur þm. geti í raun réttri tekið afstöðu til þessa máls, án þess að kynna sér það nokkru nánar. Það er raunar rétt, sem hæstv. ráðh. sagði, að búið er að gera þennan samning og verður ekki aftur snúið með það. En það er eigi að síður sjálfsögð kurteisi gagnvart hv. þm., að þeir fái tækifæri til að athuga þetta mál í einstökum atriðum, áður en þeir eru til þess kvaddir að taka afstöðu til þess, og það er ekki hægt nema í n.

Ég tel því víst, að þingheimur muni telja rétt að vísa þessu máli til athugunar í n. og þá þess heldur, sem ekkert rekur nú á eftir því, að þessu máli sé svo mjög hraðað. Það er búið að gera þennan samning, og þingið á eftir að starfa enn góða stund, svo að engin hætta er á, að þetta mál verði látið daga uppi.

Annars skilst mér, að ekki þurfi mikinn kunnugleika á þessum málum til að vita, að það hefur verið og er neyðarkostur fyrir Íslendinga að leigja jafnstóran flota og þegar hefur verið gert af smáskipum til fiskflutninga, því að það mun hart á því undir núverandi kringumstæðum, að hægt sé að fleyta sumum þessum skipum og fá úr flutningunum það verð, sem menn höfðu ætlað sér að ná, og svo vita menn vel, að framundan geta verið breyt. í þessum efnum og þá náttúrlega mjög erfitt að koma þessum flutningum við þannig, að það hafi ekki áhrif á brúttó-fiskverðið. En það hefur víst ekki verið um annað að gera en leigja mikið af færeyskum skipum og því hafi orðið að taka þennan neyðarkost. Hitt getur svo verið álitamál, hvernig á þessum samningum hefur verið haldið og hvernig þá hefur borið að, hvort hægt hefði verið að láta þá bera, að á heppilegri hátt en orðið hefur. Skal ég ekki fara út í það hér, en mikið af skipum til flutninga þurfti

að tryggja með beztu fáanlegum kjörum. Hefur það verið í hendi hæstv. ríkisstj., hvernig á málum þessum hefur verið haldið í upphafi, og ber hún því ein ábyrgð á því.

Mér sýnist því sjálfsagt, að þetta mál, eins og það er, fari til athugunar í n. í þinginu, því að þótt samningurinn hafi verið gerður, þá er þess að gæta, að hér er ekki aðeins um það að ræða, hvort þingið vill samþ. samninginn, sem gerður hefur verið við Færeyinga, heldur og hitt, hvernig ríkið á nú að ráðstafa öllum þessum mikla flota, sem tekinn hefur verið á leigu, og má segja, að það sé aðallega það, sem liggur fyrir hæstv. Alþ. að gera sína samþ. um. Samninginn er búið að gera, en eftir er að ákveða, hvernig koma skuli þessum flota fyrir við fiskflutningana, og inn í það blandast æðimörg og mikil vandamál. Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. ráðh. um eitt eða tvö atriði. Nú geri ég ráð fyrir, að hæstv. ríkisstj. hugsi sér að leigja sem mest af þessum skipum út aftur, til framleigu, helzt með sömu kjörum og hún hefur leigt þau af Færeyingum. Nú er í sumum smástöðvum í landinu nokkur áhugi ríkjandi í mönnum að taka smáskip á leigu í þessu skyni á sína áhættu. Þá er augljóst, að ef nokkuð ber út af á slíkum stöðum og halli verður á rekstri skipanna, þá er áður búið að taka svo mikið af fiskverðinu, að ekki er viðunandi, og fiskverðið máske farið með öllu, ef illa fer. Það eru því mjög sterkar líkur fyrir því, að menn hiki við að taka skip á leigu með sömu kjörum og þau höfðu verið leigð með heildarsamningnum. Og hvað á þá að gera við þau skip, sem ekki framleigjast? Í þessu sambandi vildi ég því spyrja hæstv. ráðh. um það, hvort hæstv. ríkisstj. hefur ekki athugað þetta mál alveg sérstaklega og hvort hún muni þá ekki taka til þess ráðs, úr því sem komið er, að láta þessi skip, sem ekki kunna að leigjast, taka fisk fyrir reikning fiskimálanefndar á hinum smærri höfnum, sem ekki treysta sér til að taka þau á leigu, og taka fisk í skipin þannig, að það verð verði borgað út, sem hæstv. ríkisstj. hefur áskilið á fiskinum.

Nú mætti mörgum sýnast, að það væri nokkuð mikil frekja að halda því fram, að þetta væri eðlilegt. En í því sambandi vil ég sérstaklega minna á það, að núv. hæstv. ríkisstj. hækkaði verð á fiski í vetur. Það er vitanlega alveg óséð, hvaða gagn verður af þessari ráðstöfun í heild. Það sýnir reynslan, og ég efast ekki um, að hæstv. ríkisstj. hefur ætlazt til, að að þessu yrði gagn fyrir ríkið í heild sinni. En hitt er augljóst mál, að smáhafnir víðs vegar um landið eiga mjög erfitt með að fá til sín fisk, og getur það jafnvel orðið til þess, að þessir staðir geti alls ekki fengið til sín fiskikaupaskip og þar af leiðandi ekki losnað við ísfisk sinn, nema á móti komi af hálfu hæstv. ríkisstj., að færeysku skipin yrðu látin taka þeirra fisk með því verði, sem hæstv. ríkisstj. hefur tilskilið.

Ég get því ekki betur séð en að það sé eðlilegt, að þessi leið verði farin, og vildi leyfa mér að spyrja um það, hvort hæstv. ráðh. eða hæstv. ríkisstj. hafi ekki einmitt hugsað sér, að þessi leið yrði valin. Ég þykist raunar sjá þess nokkur merki í þáltill., að þessum möguleika sé haldið opnum, því að í henni stendur, að Alþ. heimili ríkisstj. ekki aðeins að samþ. færeyska samninginn, heldur og að framleigja skipin og annast rekstur þeirra, ef þörf krefur. Þar er átt við, að ríkisstj. reki skipin og komi þeim í einhvern starfa, ef hún getur ekki framleigt þau.

Mér er það ljóst, að þessu er máske samfara nokkur áhætta, en fæ ekki séð, að hjá því verði komizt að taka þessa áhættu, úr því að byrjað er að skipta sér af fisksölumálunum eins og gert hefur verið, og verður því hæstv. ríkisstj. að gera í framhaldi þær ráðstafanir, sem beint leiðir af því. En það leiðir beint af þessari ráðstöfun, að það verður að gera eitthvað til þess að sjá borgið hagsmunum þeirra, sem eiga erfiðast með að koma fiski sínum í verð, fyrir þessar almennu ráðstafanir, sem á að gera til gagns fyrir heildina.

Af þessu, sem ég nú hef tekið fram, hvernig á að reka þau skip, sem ekki framleigjast nú þegar, og hvernig krafa hlýtur að koma upp um það, að fiskurinn sé tekinn af því opinbera á ýmsum stöðum, sem hafa orðið fyrir erfiðleikum, vegna almennra ráðstafana, sjá menn, að þessi þáltill. fjallar ekki aðeins um samþykkt færeyska samningsins, heldur einnig og engu síður um það vandamál, hvernig á að reka allan þennan stóra flota. Og þó að segja megi, að samningsins vegna sé ekki ástæða til að athuga málið í n., þá held ég, að till. hæstv. ráðh. um, að málið fari ekki til n., hljóti að vera byggð á misskilningi, þar sem ekki getur komið til álita, að það verði ekki tekið til meðferðar í n., hvernig eigi að fara með þann skipaflota, sem hefur verið tekinn til leigu af ríkinu, og þau höfuðatriði sjávarútvegsins, sem koma til athugunar í því sambandi.

Þá vil ég minnast á það, að eftir því sem tilkynnt hefur verið af hæstv. ríkisstj., hefur hún leigt fleiri skip en færeysku skipin. Hæstv. ríkisstj. hefur skýrt frá því, að hún hafi einnig leigt brezk skip til flutninga, og ég sé ekki annað en hæstv. ríkisstj. ætti að leita á sama hátt heimildar Alþ. fyrir þeirri skipaleigu og um það, hvernig þau verða notuð, eins og með færeysku skipin. Tel ég því, að inn í þessa till. eigi að koma heimild Alþ. til þeirrar skipaleigu, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú samið um við Breta, og enn fremur ákvörðun eða heimild til ríkisstj., hvernig þau skip verði rekin. Ég skal taka það fram, að mér finnst áhætta við leigu á færeysku skipunum vera allveruleg, ekki sízt, þegar gætt er þeirrar siðferðilegu kröfu, sem margir eiga nú á hendur því opinbera, til að fiskurinn sé tekinn með föstu verði.

Þá hefur komið fram af hálfu hæstv. ráðh., að hæstv. ríkisstj. hafi tekið til umráða skip frá Eimskipafélagi Íslands. Ég veit ekki, með hverjum hætti, — hvort Eimskipafélagið hefur fallizt á samninga að taka fisk til flutninga gegn ákveðnu flutningsgjaldi eða hæstv. ríkisstj. hefur leigt þessi skip af Eimskipafélaginu og þá með hvaða kjörum. En ef þessu er þannig farið, að hæstv. ríkisstj.

hefur leigt skip af Eimskipafélaginu í því skyni að taka í þau fisk fyrir sinn reikning, þá sýnist mér, að það þurfi líka að koma inn í þetta heimild fyrir þeirri skipaleigu og ákvæði um það, hvernig rekstri þeirra skipa skuli komið inn í þetta fjárhagslega.

Þá vil ég í þessu sambandi minna á mál, sem er þessu svo náskylt, að ekki er hægt annað en að minnast á það um leið. Það er verðjöfnunarvandamálið, hvernig eigi að koma fyrir verðjöfnun á fiskinum. Hæstv. ríkisstj. hefur sett á sérstakt verðjöfnunargjald og telur sig hafa haft til þess heimild samkv. útflutningsl. frá 1940. Tel ég mjög hæpið, að hæstv. ríkisstj. hafi haft heimild til að setja á það gjald, samkv. eðli málsins, hvað þá heldur, að hún hafi haft heimild til að ráðstafa slíkri fjárhæð með tilskipun eða auglýsingum eftir sínum geðþótta. Ég hafði alltaf búizt við því, að hæstv. ríkisstj. mundi leggja þessa ákvörðun fyrir Alþ., a. m. k. kveðja Alþ. til að vera í ráðum með sér, hvernig verðjöfnuninni skyldi komið fyrir, því að það er auðvitað mikið hagsmunamál, sem snertir alla, er sjávarútveg stunda í þessu landi. Og ég fullyrði, að þegar l. um útflutning afurða voru sett, vakti ekki fyrir neinum manni, að eftir þeirri löggjöf mætti gera óendanlega verðjöfnun manna á milli í sambandi við útflutning. En þetta hefur hæstv. ríkisstj. ekki gert, og ég tel það miður farið og ekki rétt. Nú hefur hæstv. ríkisstj. eftir langa umhugsun ákveðið að skipta landinu í verðjöfnunarsvæði. Um þetta má mjög mikið deila, en eitt er víst, að með því að skipta landinu þannig í verðjöfnunarsvæði í stað þess að hafa allt landið eitt verðjöfnunarsvæði, getur svo farið, að þessi verðjöfnun komi að litlu eða engu haldi í sumum landshlutum. Þetta er mönnum svo kunnugt, að ekki skal farið út í það nánar. En það getur hæglega farið svo, að verðjöfnunarsjóður verði svo sem enginn til í sumum landshlutum og einmitt þeim, sem helzt þyrftu á honum að halda og ættu mest tilkall til verðjöfnunargjalds, en það eru einmitt þeir menn, sem samkv. till. hæstv. ríkisstj. eru verr settir en illa til að koma fiski sínum í verð.

Ég tel því margt mæla með því, að landið verði allt gert að einu verðjöfnunarsvæði í þessu sambandi, og liggja til þess nokkuð sömu rök og ég áður færði fyrir þeirri kröfu, sem útvegsmenn ættu víðs vegar um landið á hendur því opinbera, að fiskurinn væri tekinn með því verði í skipaflota ríkisstjórnarinnar, sem hún hefur sett sem lágmarksverð.

Ég er undrandi yfir því, að verðjöfnunin skuli ekki vera víðtækari að því leyti, að ekki skuli allur ísfiskur koma undir verðjöfnunargjaldið, til þess að það gæti orðið að einhverju liði, ef út af ber. Og þó hef ég veitt því athygli í sambandi við þær auglýsingar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gefið út um þetta mál, að hún hefur enn ekki tekið ákvörðun um það, að sá hagnaður, sem hún kann að hafa af fiskflutningunum í heild sinni, gangi til verðjöfnunar á fiski í landinu, sem ég tel þó alveg sjálfsagt, en skal ekki fara lengra út í það við þessa umr.

Ég vildi aðeins drepa á þessi atriði. Ég hef gengið út frá því sem sjálfsögðu, að mál þetta færi annaðhvort til allshn. eða fjvn., og býst ég við, að fáum muni þykja fært að afgreiða mál sem þetta frá þinginu, án þess að það fari til n., því að hér er ekki aðeins verið að samþ. færeyska samninginn, heldur einnig verið að ákveða eitt hið stærsta fjárhagsmál, sem fyrir þingið hefur komið, sem sé það, hvernig ríkið á að ráðstafa þeim stóra skipaflota, sem þegar hefur verið leigður, og önnur vandamál í sambandi við það. Og það er náttúrlega allt annað atriði heldur en sjálfur færeyski samningurinn. Ég vil því óska eftir, að það gæti orðið samkomulag um það, að þetta mál færi til annarrar hvorrar þeirrar n., eftir því sem hæstv. ríkisstj. þætti betur við eiga. Ríkisstj. getur samt sem áður haft málið algerlega í hendi sinni, þótt það fengi slíka athugun. Hæstv. ríkisstj. hefur það alveg á valdi sínu, hvenær þingið hættir, og þingið á nú að þessu sinni enn eftir að sitja nokkra stund vegna afgr. annarra mála, sem engum dettur í hug, að alþm. hlaupi frá óafgreiddum.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Út af því, sem hér hefur verið sagt um það, hvort vísa ætti þessari þáltill. til n. eða þó öllu heldur, til hvaða n. þá ætti að vísa henni, vildi ég segja nokkur orð. — Eins og hæstv. atvmrh. hefur tekið fram, er búið að gera þennan samning, og öllu er slegið föstu um efni þessa samnings. Samþ. eða synjun Alþ. hefur þess vegna engin áhrif á það, að við þennan samning verður að standa, hvort sem að samningnum verður hagur eða að hið opinbera, ríkið, bíður eitthvert fjárhagslegt tjón í sambandi við samninginn. Hitt er svo annað mál, sem hv. 2. þm. S-M. hefur bent hér á, að það eru önnur atriði, sem eru í þessari þáltill., sem e. t. v. væri fullkomin ástæða til að taka til athugunar af n., svo sem, hvernig ráðstafa skyldi þeim skipum, sem samningurinn hljóðar um. Þar er náttúrlega um tvær leiðir að ræða eftir þessari þáltill., sem sé, að ríkisstj. leigi skipin öðrum, og að hinu leytinu sú leiðin, að ríkisstj. annist rekstur þeirra. Að vísu bendir endir till. til þess, að að því verði stefnt af hæstv. ríkisstj. að leigja skipin, því að þar er aðeins talað um það, að ríkisstj. annist rekstur þeirra, ef þörf krefur, og skil ég það þannig, að ef ekki tekst að leigja skipin einstökum mönnum eða félögum til fiskflutninga, þá annist ríkisstj. um rekstur skipanna. Þetta er náttúrlega atriði út af fyrir sig, sem er alveg á valdi Alþ., hvaða till. það vill gera til ríkisstj. um. Og það get ég tekið undir með hv. 2. þm. S-M., að e. t. v. væri ástæða til að taka þetta til athugunar.

Hv. 2. þm. S-M. benti á tvö önnur atriði í þessu máli. Annað þeirra er þeir leigusamningar, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert um þau skip í eigu Englendinga, sem sigla hér á milli og ríkisstj. er búin að semja um, að hafi á hendi fiskflutninga, og að hinu leytinu þau tvö skip, sem upplýst hef-

ur verið, að hæstv. ríkisstj. hafi tekið á leigu af Eimskipafélagi Íslands til fiskflutninga. Og ég verð að segja það, að úr því að hæstv. ríkisstj. fer að leita samþ. Alþ. á leigusamningum um færeysk skip, þá virðist mér það liggja í hlutarins eðli, að eðlilegt væri, að einnig væri leitað samþ. Alþ. á þeim samningum, sem gerðir hafa verið um ensku skipin til þessara sömu nota, og á þeim samningi, sem gerður hefur verið við Eimskipafélag Íslands. Ég veit náttúrlega ekkert um það, til hve langs tíma samningurinn hljóðar um ensku skipin og ekki heldur um skip Eimskipafélagsins. En ég sé ekki eðlismun á því, a. m. k. að því er snertir ensku skipin annars vegar og þau færeysku hins vegar, þannig að það hefði eins átt gagnvart leigu ensku skipanna að leita um samþ. Alþ. á samningum um þau á sama hátt og hér er gert viðkomandi færeysku skipunum. — Það, sem þá gæti verið hlutverk n., ef málinu væri vísað til n., er því eingöngu að athuga um það atriði málsins, hvernig ætti að ráðstafa skipunum. Og þá leiðir af sjálfu sér, að það er hlutverk hv. allshn. Alþ. að fjalla um málið að því er snertir almenn fyrirkomulagsatriði og framkvæmd málsins. Náttúrlega gæti sú athugun leitt til þess, að það yrði að verja nokkrum tíma til þess að leita ýmissa upplýsinga í sambandi við málið, svo sem um afstöðu fiskimanna til þess, hvort ríkið ætti að leigja út þessi flutningaskip eða hvort ríkið ætti að annast rekstur þeirra sjálft, sem mér skilst, að því er snertir hið síðarnefnda, að eftir till. sé því aðeins gert ráð fyrir, að ríkisstj. takist ekki að leigja skipin aftur út frá sér. — Og með tilliti til þessa vil ég enn fremur láta það koma hér fram, að því er fjvn. snertir, að auk þess, sem mér finnst, að eftir efni og eðli þessa máls eigi málið að fara til allshn., þá er fjvn. svo störfum hlaðin og hefur verið það um langt skeið, af því að búið er að vísa til hennar nú á þessu þingi, fyrir utan fjárlagaafgreiðsluna með öllum skjölum þar að lútandi, fjölda af þáltill. og öðrum erindum, sem n. hefur orðið að leggja mikið verk í að gera till. um. Það hefur verið vísað til fjvn. upp undir 40 málum, fyrir utan fjárlagaafgreiðsluna, nú á þessu þingi. Og mér er kunnugt um, að einu máli var vísað til fjvn. í dag í viðbót, og ein eða tvær þáltill. eru hér á ferð í þinginu, sem samkv. eðli sínu eiga að fara til fjvn., svo framarlega sem þeim verði vísað til n. Af þessum ástæðum öllum geri ég ekki ráð fyrir, að það komi til, að þessu máli verði vísað til fjvn.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Út af því, sem rætt hefur verið hér um það, hvort þessari þáltill. skuli vísað til n., og þá til hvaða n., vildi ég segja nokkur orð. Ég er, satt að segja, dálítið undrandi yfir því, að hæstv. atvmrh. óskar eftir því, að jafnveigamikið mál og þetta fari ekki til n. til athugunar, heldur verði samþ. án þess það fái þinglega meðferð í n. Ég mun því taka mjög undir það, sem hér hefur komið fram hjá tveimur hv. þm., að málinu verði vísað til n. til athugunar. — Hv. þm. Borgf. telur, að þetta mál eigi heima í allshn., en það get ég ekki alls kostar fallizt á, að rétt sé, því að hér er um mjög mikið fjárhagsatriði að ræða. Þetta er ekki sagt af því, að ég er form. allshn., heldur bendi ég á þetta til athugunar. En því er ekki hægt að neita, að samþ. þessarar till. hefur í för með sér mjög mikla fjárhagslega áhættu fyrir ríkissjóð, — e. t. v. getur orðið af samþ. þessa máls fjárhagslegur gróði fyrir ríkissjóð, en það skal ég ekki segja um, hið gagnstæða gæti líka átt sér stað. En ef það skyldi verða ofan á, að málinu yrði vísað til allshn., vildi ég, að hæstv. atvmrh. vildi athuga þær aths., sem ég vil gera um þetta mál nú.

Eins og málið liggur nú fyrir, finnst mér það fyrsta, sem þurfi að gera, sé að breyta þáltill. á þann hátt, að þessi samningur verði ekki lagður fram til samþykktar eða synjunar á Alþ. Vildi ég beina þeirri fyrirspurn til hæstv. atvmrh., hvort hann heldur fast við það orðalag till. Því að það má vitanlega alveg eins samþ. á Alþ. að heimila ríkisstj. að gera þennan samning. Ef tekin er sú aðferð um afgreiðslu málsins að heimila ríkisstj. að gera samning þennan, þá tekur ríkisstj. á sig alla ábyrgðina á samningnum, eins og hann er gerður, enda hefur hún vitanlega gert það. Því að hæstv. atvmrh. hefur lýst yfir, að engu verði breytt í samningnum. Þess vegna finnst mér, að hér eigi aðeins að vera um að ræða samþykki eða synjun á heimild til ríkisstjórnarinnar til að gera samning um leigu á færeyskum skipun.

Þá kemur einnig til greina, hvort ekki væri rétt að hafa heimild þessa viðtækari og heimila ríkisstj. ekki aðeins að gera samning um leigu á þessum færeysku skipum, heldur líka öðrum skipum eftir því, sem henni þætti nauðsyn til bera til þess að koma fiski út á erlendan markað. Ef því hæstv. ríkisstj. heldur fast við það orðalag á þáltill., sem nú er á henni, mun ég fyrir mitt leyti ekki geta fylgt till. Ég get ekki látið hæstv. ráðh. fyrirskipa mér þannig um að greiða atkv. um mál, sem ekki hefur verið til meðferðar og er samningur, sem hæstv. ráðh. hafa gert á sína ábyrgð, — og sérstaklega, þegar margt er í þessum samningi þannig, að það hefði ekki gengið út úr Alþ., ef samningurinn hefði verið lagður fyrir þingið til umr. nægilega snemma. — Vil ég benda á atriði, sem hæstv. ráðh. minntist á sjálfur. Hann sagði m. a., að hér séu laun starfsmannanna reiknuð þannig, að meira en 15% af fiskverðinu sé dregið frá áður en þeir fá sinn ágóðahlut. En nú er það ekki svo. Því að það má í þessu tilliti ekki draga meira frá af fiskverðinu eftir samningnum heldur en var 1944, 15%. Þá eru en fremur ákvæði í samningnum um það, að ís skuli reiknaður eftir allt öðru verði heldur en er á honum á Íslandi. Og fleiri atriði eru í samningnum, sem ég fyrir mitt leyti get ekki fellt mig við, að samþ. verði af hæstv. Alþ. Hitt er annað atriði, hvort ekki er sjálfsagt að gefa hæstv. ríkisstj. heimild til þess að leigja þessi skip og þá enn fremur til þess að leigja önnur skip, sem nauðsyn er, til þess að reka þessa flutninga. Og ég vil benda á, að jafnvel þótt samið sé um að skila skipunum

1. júní eða 15. okt., þá er svo langt gengið í samningnum, að það skuli skila þeim í vetrarfestum á þeim stað, þar sem þau eru tekin á leigu. Ég bendi á þetta sem dæmi um það, sem ekki hefði verið ástæða til að setja inn í samninginn.

Ef heimila á ríkisstj. að leigja skip, ber einnig að athuga, hvort heimila eigi ríkisstj. að endurleigja þau eða reka þau sjálf. Og sé farið inn á þá leið að heimila ríkisstj. að reka þau sjálf, þá er það stærsti ríkisrekstur, sem við nokkurn tíma höfum farið inn á, því að umsetning hans mundi skipta mörgum millj. kr. Og ég ber ákaflega mikinn kvíðboga fyrir því, að þegar upplýst var, að Færeyingar vildu láta af hendi á leigu ekki aðeins góð skip, heldur líka allt ruslið, þá kunni einnig svo að fara, að þótt ríkisstj. geti leigt eitthvað af þessum skipum til annarra í frjálsum samskiptum, þá verði erfitt fyrir ríkisstj. að leigja út þau skip, sem Færeyingar sjálfir gátu ekki leigt hingað, þ. e. a. s. eigendur þeirra skipa sem slíkir. Og þá getur verið, að veita þurfi ríkisstj. heimild til þess að gera skipin út, til þess að hafa von um hag af betri skipunum til þess að geta staðið undir tapi af þeim skipunum, sem lökust eru, — nema ríkisstj. takist að leigja fyrir eitthvað hærra betri skipin heldur en hún borgar fyrir þau. Mér virðist því auðsætt, að ef gefa á ríkisstj. heimild til að reka skipin, þá verði að gefa henni heimild til að reka öll skipin. — Ef mál þetta kemur til allshn. til athugunar, mun ég gera tilraun til þess, að tillgr. verði breytt í það horf, sem hér hefur verið greint af mér, en ég mun hins vegar gera allt til þess að flýta málinu eins og í mínu valdi stendur. En vegna eðlis málsins tel ég, að sjálfsagt sé, að málið fari til fjvn. til athugunar, því að þar á það vitanlega heima.

Viðkomandi verðjöfnun á fiski vil ég taka undir það, að það er náttúrlega alls ekki sanngjarnt að láta þá landshluta, sem lakasta hafa aðstöðu, líða fyrir þessar ráðstafanir. Það verður að sjálfsögðu að tryggja þeim a. m. k. það verð, sem áður var á fiski á Íslandi, hvað sem öðru líður. En á því munu mestir örðugleikar verða. Það mætti e. t. v. gera jöfnuð í þessu efni með niðurrröðun skipa. Því að ég tel óhjákvæmilegt, að lökustu skipin séu sett á þá staði, sem næstir eru markaði, því að rekstur þeirra getur aðeins borið sig með því, að þau flytji fisk frá slíkum stöðum, en alls ekki með því að flytja frá hinum stöðunum, sem liggja fjær. Og ef á að flytja með lökustu skipunum fisk frá stöðum, sem eru fjarst markaða,i þá er útilokað, að fyrir þann fisk fáist það verð, sem fékkst fyrir fiskinn 1944. Þetta er stórt framkvæmdaratriði fyrir ríkisstj. að glíma við. Það mun verða erfitt að fá fiskimenn við Faxaflóa til þess að gefa góðfúslega eftir verðjöfnun til hinna, sem búa t. d. á Norðausturlandi, og um það munu verða átök. En það mun enginn friður verða, ef útflutningur frá Faxaflóa gefur 15—20% meiri ágóða heldur en frá öðrum stöðum, eftir að allir landsmenn verða að taka á sig áhættu um það, að ríkissjóður greiði háar upphæðir í sambandi við þennan rekstur.

Forseti (GSv): Eins og fram hefur komið, eru það tilmæli hæstv. ráðh., að afgreiðslu þessa máls ljúki í dag að fullu frá þinginu. Í öðru lagi hefur hæstv. atvmrh. farið fram á, að þetta mál gangi ekki til n. Nú hafa raddir komið fram frá form. n. einmitt um það, að nauðsyn bæri til þess, að málið verði athugað betur, áður en það er afgr., og þá í n.

Mér skilst, að hvort tveggja sé, að ef málið færi til n., þá geti orðið að því hagnaður, ef samkomulag yrði um orðalag till., svo að viðunanlegt væri, og í öðru lagi ætti það ekki að þurfa að taka sérlega langan tíma að athuga málið í n., þannig að halda mætti tvo fundi um málið þess vegna á þessum degi.

Ég beini því til hæstv. atvmrh., að þar sem ekki er hér að tala um, að leyfi því, sem í þáltill. felst, verði breytt eða rift, heldur hitt aðeins, að samþykkt sú, sem þingið gerir, sé í samræmi við það, sem hentast og eðlilegast er og ætti að vera, þá skilst mér, að ekki sé hætta á ferð, þótt málinu sé nú vísað til n. Á morgun yrði kvaddur saman fundur um málið, ef þurfa þætti að bíða með það þangað til.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Út af orðum hæstv. forseta vil ég taka fram, að ég get ekki fallizt á, að ástæða sé til þess, að þetta mál fari í n. Það er alls kostar óviðurkvæmilegt að tengja ýmis þau mál, sem hér hefur verið minnzt á og ekkert koma við þessum samningum, við þessa samninga um færeysku skipin. Og ef Alþ. færi að tengja önnur mál, sem geta verið deilumál, við samningana við Færeyinga um þessi skip, þá væri ómögulegt að skoða það öðruvísi en svo, að það væri óvinfengi við þá þjóð. Og ekki er ástæða til þess. Þegar um slíka samninga er að ræða, er ekki viðurkvæmilegt annað en afgreiða þá út af fyrir sig. Svo getum við tekið deilumálin til meðferðar sér á parti utan við þetta mál, ef við viljum, svo sem það, hvort ríkisstj. hefur ákveðið verðjöfnun á fiski án heimildar og hvort ríkisstj. hafi án heimildar gert samning við Eimskipafélags Íslands. Þess vegna vil ég ekki fallast á, að nauðsyn sé á því, að þetta mál fari í n. Og það er ósk ríkisstj. í heild, að þetta mál verði afgr. endanlega frá þinginu í dag.

Samningurinn er að vísu gerður, það er ekki um það að ræða að breyta honum. Þetta mál hefur verið rætt á lokuðum fundi allra þm. og líka á fundi utanrmn., svo að hv. þm. vissu vel, hvað hér var á ferðinni.

Í sambandi við það, sem hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. Barð. tóku hér fram, þá vil ég taka það fram, að það er alls ekki svo, að stj. sé á nokkurn hátt að reyna að skjóta sér undan neinni ábyrgð. Þáltill. er ekki borin fram til þess, — síður en svo; heldur er aðeins farið fram á, að þingið samþ. þessar gerðir stj.

Út af fyrirspurn, sem fram hefur komið um, hve mörg skip væri hér um að ræða, vil ég skýra frá, að það eru 60 skip frá því í febrúar og fram í júní og 30 skip frá þeim tíma og fram til 15. okt. Þetta segir hv. 2. þm. S.-M., að sé svo mikið fjárhagsmál, að slíks séu engin dæmi, þar sem leigan sé 4 millj.

kr. Ég verð að segja, að við, sem borgum 20 milljónir til landbúnaðarins, hrökkvum ekki við, þó að nefndar séu 4 milljónir króna. Ég vil enn fremur benda á, að í fyrsta skipti, sem till. kom um þessar greiðslur úr ríkissjóði, sem voru þá 20 milljónir á einu bretti í þál., þá þótti ekki einu sinni þörf á, að sú till. færi til n. Og þá verð ég að segja, að það er í hæsta máta einkennilegt, ef það mál, sem hér er til umr., á að vera svo stórkostlegt, að það þarf um það langar umr. og n. að athuga það, eftir að málið liggur þannig fyrir, að allfjölmenn n. ýmissa vel færra manna, sem eru vel kunnugir öllum sjónarmiðum Íslendinga í þessum greinum, hefur starfað að samningunum.

Ég vil enn fremur benda á, að það er full ástæða fyrir okkur til að afgr. samningana á þann hátt, að þar komi fram fullt vinfengi frá okkar hendi í garð Færeyinga. Þeir hafa átt við mjög erfið kjör að búa. Þar hefur verið atvinnuleysi og það mjög mikið. Þetta er þjóð, sem er náskyld okkur og hefur lifað á sama atvinnuvegi og við, þjóð, sem við þurfum að hafa sem allra nánast samstarf við á næstu árum bæði til hagsbóta fyrir okkur sjálfa og fyrir þá. Ég held, að það sá afar illa til fallið að byrja það samstarf með því, eins og hv. 2. þm. S.-M. vill gera, að draga inn í umr. alls konar deilumál okkar Íslendinga. Það hefði engum dottið í hug að draga slík deilumál inn í umr., ef Bretland eða Bandaríkin hefðu hér átt í hlut, en ekki Færeyingar. En það má koma hér með hvaða deilumál sem er, af því að það eru Færeyingar, sem um er að ræða, og sýna með því óvinättu í þeirra garð. *(EystJ:* Er hæstv. ráðh. svo voðalega hræddur við þetta?) Það er óeðlilegt og óviðurkvæmilegt að afgr. þessa till. ekki á þann hátt, sem vanalegt er að gera. Ég er albúinn að ræða um verðjöfnunarsvæði og annað slíkt á sérstökum fundi, en það er óviðurkvæmilegt í þessu sambandi.

Ég vil taka fram, að leigukjörin á færeysku skipunum eru svipuð eða svo að segja þau sömu og voru í samningum einstaklinga, sem búið var að gera, en biðu samþykkis Lögþingsins, og svipuð því, sem var í samningum um þessi skip á síðasta ári, enda tryggðum við það, þegar n. var skipuð til samninga við Færeyinga, að valdir voru til þess menn, sem voru gagnkunnugir færeyskum skipum að undanförnu. Ég vil líka taka fram, að það eru góðar horfur á, að meginið af þeim verði framleigt með óbreyttum kjörum.

Ég er sammála hv. þm. Barð., að það er óæskilegt, að ríkið fari að reka svona mörg skip, en við töldum þó rétt að setja það í þessa þál., að ríkinu yrði heimilt að reka þau, ef ekki væri hægt að leigja eitthvað af þeim. Skipin eru misjöfn að gæðum, en í þessum skipum eru engin, sem eru ómöguleg, og ég býst við, að þar sé ekkert skip, sem samlögin mundu neita að taka við, ef þau fengju betri skip með. Þess vegna verður framleigunni hagað þannig, að hvert samlag fær bæði betri og lakari skip. Sum smærri skipin hafa betri vélakost en þau stærri, svo að það er ekki víst, að alltaf sé hagstæðara að fá þau stærri. Það getur verið meiri áhætta í sambandi við þau stóru, t. d. ef þau fá mótbyr og farmurinn skemmist. Það hefur verið rætt um, að ekkert samlag fái að velja úr. Það verður reynt að sjá svo um, að öll samlögin fái svipuð skip.

Um leigu á brezkum skipum skal ég upplýsa, að þar er ekki um leigu að ræða, heldur fragtsamninga. Það er borguð fragt fyrir farminn, 5 £ á tonnið. Þetta eru skip, sem eingöngu geta tekið fisk, þegar þannig stendur á „convoy". Um skip Eimskipafélagsins er það að segja, að þar er að vísu um leigu að ræða, en ég vil undirstrika það, að mér finnst óeðlilegt að setja það á nokkurn hátt í samband við samningana um færeysku skipin. Ég mælist eindregið til, að þetta mál fari ekki til n., af því að það er ekki þannig vaxið, að ástæða sé til þess, og í öðru lagi mælist ég til þess, að málið verði endanlega afgr. í dag.

Eysteinn Jónsson: Ég minntist áðan á það, að ég teldi sjálfsagt að vísa þessu máli til n. og færði fyrir því gild rök. Af hendi eins af þeim þm., sem styðja ríkisstj., hafa þegar komið fram ákveðnar till. um breyt. á orðalagi þáltill. Það er ófrávíkjanleg krafa, að þm., sem ekki hefur gefizt tækifæri til að fylgjast með samningagerðinni, sé nú veitt tóm og tækifæri til að athuga málið. Afgreiðsla sú, er hv. þm. Barð. stakk upp á, að ríkisstj. væri heimilað að gera þennan samning, en hann ekki samþ. af Alþ., væri að öllu leyti betur viðeigandi. Þetta var þó ekki aðalatriðið í sambandi við þessa hógværu og rökstuddu ósk og ábendingu mína, heldur hitt, að Alþ. getur ekki látið bjóða sér að samþ. þessa till. nú þegar án athugunar. Það hljóta stuðningsmenn stj. að skilja jafnt og aðrir. Menn styðja kannske stj. þennan mánuðinn og þetta árið, en ekki hitt, og dagamunur á því má ekki ráða afstöðu þeirra til þess, hvað sé sæmileg meðferð þingmála og hvað ósæmileg.

Ég vil stinga upp á því til miðlunar, að skilin verði sundur þau tvö atriði, sem ríkisstj. hefur talið sér henta að blanda saman í till. Annað er færeyski samningurinn, sem er gerður hlutur, og mundi samþ. hans e. t. v. ganga mjög greiðlega út af fyrir sig. Hitt er notkun skipanna í þágu flutninga okkar, og það er mál, sem engu getur skipt, hvort afgreitt er í dag eða á morgun eða á mánudag—þriðjudag, en þarf rækilega athugun í n. Vill ekki hv. allshn. undirgangast að gera þessa skiptingu í tvær þáltill., ef málinu verður vísað til hennar?

Hæstv. atvmrh. hefur mótmælt því á mjög óþinglegan hátt, að málið færi til n. Hann heldur því fram, að umr. séu mjög móðgandi fyrir Færeyinga. Erum við að móðga Færeyinga með því að óska eftir, að það verði athugað í n., hvernig skipunum verði ráðstafað til flutninga o. s. frv.? Það hlýtur að vera eitthvað undarlega ástatt í heilabúi hæstv. ráðh., að hann skuli koma fram með slíkar firrur. Tilgangur ríkisstj. með því að hespa þetta svona af hlýtur að vera sá að koma í veg fyrir, að n. eða einstakir þm. geti athugað málið og gert sínar till. í sambandi við þetta og fiskimálin. Sama viðleitnin

kom fram hjá ríkisstj. fyrr í vetur í sambandi við fisksölumálin. Ekkert mátti segja svo, að það væri ekki talið mundu spilla fyrir samningum við aðra þjóð. Slíkt er fjarstæða í sambandi við þetta mál, en framkoma ráðh. er móðgun við Alþingi.

Það vita allir, að ríkisstj. hefur haft þessi mál lengi til meðferðar. Það er einnig augljóst, að ráðstafanir hennar hafa rekizt nokkuð hver á aðra. Fiskimenn og útflytjendur hafa orðið að búa við mikla óvissu. Nú hefur sú óvissa mikið minnkað, og sakar engan, þó að samþ. þessarar þál. dragist nokkra daga.

Ég skal nú víkja að málinu sjálfu, þó að ég hugsi mér að ræða það nánar við 2. umr. Hæstv. atvmrh. sagði, að ég hefði talið þetta eitt af allra stærstu fjárhagsmálum, sem hér hefðu þekkzt. En ég sagði aðeins, að það væri stórt og þýðingarmikið fjárhagsmál, sem hefði áhrif á afkomu mikils fjölda landsmanna, og ég sný ekki aftur með það. Hann benti á, að bruttófjárhæð leigunnar væri ekki nema fáar milljónir króna og hærri tölur hefðu þekkzt. En við vitum, að þetta er miklu stærra mál en leigan ein segir til um. Ekki er hægt að segja fyrir, hve mikla fjárhagsáhættu um er að ræða fyrir ríkið — og fyrir aðra aðila. — Það er ekkert smámál, hvernig verðjöfnuninni skuli háttað, hvernig varið skuli ágóða, sem verða kann af flutningi með öðrum skipum en þessum o. fl. o. fl. Það er óhæfa, að slíkt mál fái ekki þinglega meðferð. En annars virtist gæta, þegar hæstv. atvmrh. talaði um uppbæturnar. Hann sagði, að ég ætti ekki að tala um stórar fjárhæðir, þar sem svo stórum fjárhæðum væri varið úr ríkissjóði til þess að greiða uppbætur á landbúnaðarafurðir. Þessi tónn í ræðu hæstv. ráðh. gefur mér tilefni til að benda ráðh. á, að minnstur hluti þeirra uppbóta, sem hann talar um, er greiddur vegna landbúnaðarins eða bænda. Mestur hluti þeirra greiðslna, er hafa verið greiddar af ríkinu, hefur verið inntur af hendi til þess að halda niðri verðlagi og framleiðslukostnaði í landinu. Og það er fyrst og fremst gert vegna þeirra atvinnugreina, sem þurfa að keppa á erlendum markaði, einkum vegna sjávarútvegsins.

Ég get ekki stillt mig um í þessu sambandi að minnast á það, að ráðh. var að tala um, að verið væri að vekja upp deilur um þetta mál. En hver er það, sem er að vekja upp deilur um þetta mál? Það er enginn annar en hæstv. ráðh. sjálfur með þeim gorgeir, sem fram kom í ræðu hans, og með hnútukasti að mér fyrir það, sem ég hef leyft mér að drepa á í sambandi við þetta mál.

Ég gerði fyrirspurn til hæstv. ráðh. um það, hvernig ríkisstj. hefði hugsað sér að leysa vandkvæði þeirra útgerðarstaða í landinu, sem ekki treysta sér til að taka færeysku skipin á leigu, vegna þess að þeir staðir geta orðið fyrir þungum búsifjum af því. Ég hélt, að það væri eðlilegast, eins og nú er komið, að ríkisstj. tæki fisk í skipin á þessum stöðum. Ég spurði, hvað ríkisstj. hefði ákveðið í þessu efni. Þetta er ákaflega þýðingarmikið mál og nauðsynlegt, að það sé tekið til athugunar í sambandi við afgreiðslu þeirrar till., sem hér liggur fyrir.

Hæstv. ráðh. talaði mikið um, að ríkisstj. hefði ekki tekið skipin á leigu, heldur bara rúm í skipunum. Á þessu er auðvitað sáralítill munur, en þó nokkur.

Ég gerði fyrirspurn í fyrri ræðu minni um, hvort ekki væri ætlazt til þess, að ágóðinn af þessum flutningum rynni í þann sjóð, sem ætlaður er til verðjöfnunar á fiski. Ég sagði, að það væri skoðun mín, að slík tilhögun væri höfð, og því ætti landið að vera eitt verðlagssvæði. Hæstv. ráðh. vék ekkert að þessu í ræðu sinni. En þetta er þýðingarmikið mál fyrir útveginn og stendur í beinu sambandi við notkun færeyska skipaflotans. Í stað þess að skýra þetta fyrir mönnum og láta í ljós fyrirætlanir ríkisstj., var ekkert frá ráðh. að hafa nema skæting og endurteknar kröfur um, að málið yrði afgreitt samstundis, áður en menn hefðu möguleika til að athuga það og koma við eðlilegum brtt.

Í ræðu hv. þm. Barð. og hæstv. ráðh. kom fram eitt atriði, sem tilefni er til að minnast á með örfáum orðum í þessu sambandi. Það er ráðstöfun færeysku skipanna. Hv. þm. Barð. lýsir ráðstöfun skipanna þannig, að minnstu og lélegustu skipin eigi að sigla á þá staði, sem næstir eru markaðslöndunum, en stærri skipin á þá staði, sem fjær eru. Ég gat ekki betur heyrt en hæstv. ráðh. tæki undir þetta í ræðu sinni. Ég fyrir mitt leyti mótmæli því, að þessi stefna sé tekin upp, og tel það fyllsta ranglæti gegn þeim, sem búa nærri markaðssvæðunum, ef þessi háttur er við hafður. Það nær ekki nokkurri átt, að þessi útgerðarpláss séu kúguð til að taka á leigu minnstu og lélegustu skipin, sem óvíst er, að geti borið sig. Hingað til hefur það verið svo, að stærri verstöðvarnar, sem vel liggja við markaðssvæðunum, hafa fengið að taka á leigu mjög heppileg skip. Og ekki hefur verið farið eftir þessari reglu enn, og ég mótmæli því, að þessi háttur sé upp tekinn. Út yfir tekur þó, ef þessi regla er upp tekin og verðlagsskipulagið þá látið halda sér. Þá væru t. d. þeim, sem búa á Austurlandi, allar bjargir bannaðar til þess að sjá málum sínum farborða. Þeir yrðu kúgaðir til að taka minnstu og verstu skipin á leigu, og ef skipin gætu ekki borið sig og ekki fengist hámarksverð fyrir aflann, þá yrði heldur engin verðjöfnun. Því að nú er Austurland verðjöfnunarsvæði út af fyrir sig. Af þessu, sem ég hef þegar drepið á, má það öllum vera ljóst, að mjög vandasöm mál koma til úrlausnar í sambandi við þessi mál. Þess vegna er ástæða til þess, að þingið hafi tóm til þess að ræða þessi mál í næði og n. úr þinginu fái tækifæri til að fjalla um það. Þótt þingið gæti ekki ákveðið nákvæmlega í einstökum atriðum, hvernig þessum málum skuli vera fyrir komið, gæti ríkisstjórninni að sjálfsögðu orðið mikið gagn af þeim umræðum, sem fram færu um þau.

Ég mótmæli þeim einræðis- og ofbeldisanda, sem lýsir sér í því að fara með málið eins og hæstv. ráðh. leggur til, þannig að þinginu gefist ekki tækifæri til að athuga málið. Með því að fallast á þá uppástungu, sem ég hef borið fram, fær ráðh. allt, sem hann óskar, þar sem lýst hefur verið yfir, að n. skuli

taka málið fyrir strax, svo að málið fengi áreiðanlega afgreiðslu nægilega snemma.

Pétur Ottesen: Ég finn ástæðu hjá mér til að segja nokkur orð út af þeim ummælum, sem hæstv. atvmrh. viðhafði hér um það, sem fram hefur komið í þessu máli. Mér virtust þau ummæli einnig eiga við um það, sem ég hef lagt til þessara mála.

Í þeirri ræðu, sem ég hélt hér áðan, beindi ég engum skeytum til hæstv. ráðh. eða ríkisstj. Ég sagði nokkur orð um formsatriði málsins og meðferð þess hér, og ég vék að tveim atriðum, sem fram komu í ræðu annarra þm. Það var síður en svo, að ég léti falla nokkra ádeilu í garð hæstv. ráðh. eða viðhefði nokkur þau ummæli, sem gæfu honum tilefni til að beina skeytum til mín. Hæstv. ráðh. gaf það í skyn, að þau ummæli, sem ég hafði viðhaft hér, væru óviðurkvæmileg í sambandi við þetta mál. auk þess sem fram kæmi í þeim óvild til Færeyinga. Ég rek þessi ummæli aftur heim til föðurhúsanna.

Þetta, sem ráðh. talaði um, að væri óviðurkvæmilegt. var það, að ég hafði tekið undir það, sem hér hafði komið fram, að það væri ekki nema eðlilegt, að sá samningur, sem gerður hafði verið um leigu á brezku skipunum til fiskflutninga, væri einnig lagður fram fyrir Alþ. til samþ. Enn fremur tók ég undir það, að samningurinn, sem gerður hafði verið við Eimskipafélagið, yrði einnig lagður fram til samþ. En ég undirstrika það, að enginn eðlismunur er á samningunum um færeysku og ensku skipin. Þar er í báðum tilfellunum um að ræða samning við erlendan aðila og samningarnir því í alla staði hliðstæðir. Ef ástæða er til, að Alþ. samþ. annan þeirra, er einnig ástæða til, að það samþ. hinn. Mér finnst það einnig ekki rétt, að þessu máli sé skotið inn í önnur mál, heldur hefði átt að bera fram sjálfstæða þál. um þetta og taka upp í hana samning hann. sem hér um ræðir. Og það er fjarri því, að í þessu felist á nokkurn hátt óviðurkvæmileg ummæli eða óvild til nokkurs. Það er gersamlega ástæðulaust fyrir hæstv. ráðh. að halda slíku fram. Og það er lágmarkskrafa, sem hægt er að gera til beirra manna, sem finna köllun hjá sér til að setjast í ráðherrastól, að þeir séu sér þess meðvitandi, að beir eiga að koma sómasamlega fram, ekki sízt á sjálfu Alþ.

Það hefur ein gagnrýni komið fram við þessar umr. varðandi gerðir ríkissti.. og hún kom frá manni, sem er stuðningsmaður stj. Og það var svo fullkomin gagnrýni hjá þessum hv. stuðningsmanni stj., að hann sagði, að hann gæti ekki greitt atkvæði með þessum samningi. Og til stuðnings þeirri skoðun sinni dró hann fram nokkur atriði í samningnum, sem væru bess eðlis, að hann gæti ekki greitt honum atkvæði. Þetta er nú eina gagnrýnin, sem hreyft hefur verið í sambandi við bennan samning. Og hún kom frá stuðningsmanni ríkisstj. Hann lagði til, að málinu væri vísað til n. í bví augnamiði, að athugasemdir væru gerðar við þál. og orðalagi hennar yrði breytt. Gagnvart þessari gagnrýni og aðfinnslum frá hv. 2. bm. S-M. hafði ráðh. ekki annað fram að færa en það, að í raun og veru væri þessi samningur hjálparstarfsemi gagnvart Færeyingum. Lagði ráðh. mikla áherzlu á það, að við værum tengdir þeim vináttuböndum og okkur lægi rík skylda á herðum að rækja þá vináttu eftir því, sem við bezt gætum. Með þessum hætti svaraði hann gagnrýni, sem fram kom hjá hv. þm. Barð. Það væri mjög ánægjulegt, ef þessi samningur gæti orðið báðum aðilum til gagns. En að líta á hann sem hjálparstarfsemi til handa Færeyingum, það er allt annað mál. Það kom í ljós, að hv. þm. Barð., stuðningsmaður stj., lítur allt öðrum augum á þennan samning heldur en hæstv. atvmrh. virðist gera. Þm. Barð. lítur á samninginn frá hagsmunalegu sjónarmiði þess aðila, sem hann telur sig vera fulltrúa fyrir, eins og hinn aðilinn mun hafa skoðað hann frá sjónarmiði þess aðila, sem þeir voru að semja fyrir. En það er hinn eðlilegi gangur samninga milli manna og ríkja.

Ég sé svo ekki þörf að orðlengja þetta frekar. Ég vildi sem sagt alls ekki liggja undir óverðskulduðu ámæli hæstv. ráðh. um að hafa viðhaft óviðurkvæmileg orð í sambandi við ummæli mín um þessa till. og að í þeim hafi falizt óvild í garð Færeyinga frá minni hálfu. Álít ég, að ég hafi nú vísað þeim ósannindum á bug.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Ég hafði ekki ætlað mér að taka þátt í þessum umr. nú. En tvö atriði í ræðu hæstv. atvmrh. gerðu það að verkum, að ég finn ástæðu til að segja nokkur orð, þótt þau hafi verið rædd að nokkru leyti af þeim ræðumönnum, sem töluðu á undan mér.

Hæstv. atvmrh. upplýsti það hér áðan, að á þessu ári ætti að greiða í styrkveitingar til bænda hvorki meira né minna en 27 millj. kr. Ég verð að segja það, að ef treysta má bessum upplýsingum, þá vil ég þakka ríkisstj. og ráðh. fyrir þá miklu fjárhæð, sem bún ætlar að veita til bændastéttarinnar á þessu ári. En mér er ekki kunnugt um, hvort fjárveitingarvaldið ætlast til þess, og ekki, hvort féð verður greitt. Mér bykir miklu líklegra, að eitthvað annað búi undir. Enda mun það sanna vera, að hér sé um blekkingar að ræða í sambandi við það fé, sem greitt er úr ríkissjóði til að halda niðri verðlagi á innlendum markaði. Og það er fyrst og fremst gert fyrir aðra atvinnuvegi í landinu heldur en landbúnaðinn. Eins og kunnugt er, mun mest af kjötinu seljast innanlands á þessu ári, svo að útflutningsuppbæturnar verða litlar, sem greiða þarf. En það er vitað, að allmikið fé mun fara til þess að greiða niður dýrtíðina, sem hæstv. atvmrh. og hans fylgismenn hafa unnið mest að skapa á undanförnum árum. Ég vil segja það, að það er óviðurkvæmilegt að hafa þann mann í ráðherrastóli, sem levfir sér að bera fram eins villandi upplýsingar og að telia þá fjármuni stvrkveitingar til bænda, sem greiddir eru til að halda niðri dvrtíðinni í landinu. Þessi niðurfærsla á afurðum bænda er þeim til baga, og þeir mundu kjósa að fá greitt fyrir afurðir sínar jafnóðum og þær seliast heldur en bíða eftir fjármunum, sem ríkissjóður greiðir til þess að halda dýrtíðinni niðri. Og það er vitað, að það er ekki gert til þess að hjálpa bændastéttinni, heldur fyrst og

fremst til hjálpar öðrum atvinnuvegum, einkum þeim, sem þurfa að keppa á erlendum markaði. Með þessum greiðslum er verið að halda niðri framleiðslukostnaðinum í landinu.

Og ég verð að segja það, að ef það er óvinátta við Færeyinga, að við ræðum um þessi mál, hvað á þá að telja, að þetta tal sé í garð bændastéttarinnar, þar sem þeim eru eignaðar tugmilljónir króna, sem vitað er, að fyrst og fremst er þeim til óþæginda? En þessi málfærsla er ekki ný úr þessari átt, sérstaklega frá þeim mönnum, sem mesta sök eiga á því með hækkun dýrtíðarinnar, að það skuli þurfa að gera þessar greiðslur.

Svo er það annað atriði, sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á nánar. Það eru þau ummæli hæstv. atvmrh., að það væri óvinátta í garð Færeyinga, ef menn ræddu samninginn og það, sem þeir teldu, að miður hefði farið í honum af hálfu fulltrúa okkar og ríkisstj. Þetta er ekkert nýtt úr þessari átt. Ég sé ekki, að nokkur hreyfi svo andmælum í garð hæstv. ríkisstj. varðandi viðskipti og samskipti við aðrar þjóðir, að ekki sé hrópað, að það stafi af fjandskap við hlutaðeigandi þjóðir. Ég vil benda á það, að ég fæ ekki séð, hvar það muni lenda, ef ekki má nokkurn skapaðan hlut deila á ríkisstj. í okkar mikilvægustu málum. Það er eins og henni finnist hún eigi að vera hafin yfir alla gagnrýni, vera „stikkfrí" og gera hvað, sem henni sýnist, í þessum efnum. Ég veit, að svona er það úti í Rússlandi, og þaðan er sá andi, sem ríkir í þessum málum hjá ríkisstj. og þó sérstaklega hjá atvmrh. En ég vil segja það, að þótt ég treysti ríkisstj. ekki vel til neinna hluta, þá treysti ég henni í engu verr en í utanríkismálum. Og ég tel, að þörfin sé mest fyrir þjóðina að fylgjast vel með í þeim málum og vita jafnan, hvaða stefnu ríkisstj. tekur í utanríkismálum. Við höfum séð það við svo að segja hvert mál, sem ríkisstj. hefur haft með höndum, að það eru talin hin mestu landráð, ef einhver leyfir sér að hafa aðra skoðun en ríkisstj. Þetta er svo einræðiskennt, að ég álít, að þjóðinni sé búinn háski, ef ekki eru kveðin niður á Alþ. slík ummæli sem þau, er fram komu hjá hæstv. atvmrh. Ég veit vel, að í einræðisríkjum leyfist ekki að deila á utanríkisstefnu stj., en ég vissi ekki, að slíkt bann væri hér í gildi.

Hvernig er ekki með Englendinga og Bandaríkin? Hafa ekki enskir þm. deilt á ensku ríkisstj. fyrir afstöðu hennar í utanríkismálum? Ég hef hvergi séð, að þeir hafi verið kallaðir landráðamenn. Hvernig hefur ekki verið með Grikklandsmálin eða Póllandsmálin? Er ekki deilt á stj. Brezku um jafnviðkvæmt mál, án þess að þeir, sem það hafa gert, hafi verið kallaðir landráðamenn eða svikarar? Og hvernig var með Belgíu? Ég veit ekki betur en brezka þingið hafi rætt þessi mál. En allir þeir, sem hér leyfa sér að gagnrýna ríkisstj. fyrir stefnu hennar í utanríkismálum, eru landráðamenn og svikarar! Er einræðið virkilega orðið svo sterkt á Íslandi, að það megi ekki tala um utanríkismál öðruvísi en þeir vilja, sem stjórna? Er öll hæstv. ríkisstj. orðin svo undirlögð þessari stjórnarstefnu, sem hún hefur tekið í faðm sinn? Ég álít fullkomlega ástæðu fyrir þjóðina að fara að athuga þetta. Ég verð að segja það líka og skal gjarnan á það benda, að það kvað einu sinni við annan tón hér á hv. Alþ., og eru ekki mörg ár síðan.

Mig minnir, að árið 1942 hafi verið rætt hér á lokuðum fundi um utanríkisviðskipti og þess óskað, að þm. ræddu það ekki annars staðar. Það voru ekki talin landráð af vissum aðilum að hlaupa í blöðin næsta dag! En það er skammt öfganna á milli, og ég held, að hv. Alþ. hafi gott af að læra hinn gullna meðalveg í þessu efni, að geta rætt þessi mál, án þess að farið sé í þær öfgar að kalla það landráð, ef nokkur leyfir sér að hafa aðra skoðun en sú ríkisstj., sem situr við völd, eða að hlaupa í hinar öfgarnar, að ekkert megi ræða, án þess að það sé strax orðið að blaðamáli, en að hvorum tveggja öfgunum hafa þeir menn, sem núv. ríkisstj. skipa, staðið. Ég verð að segja það fyrir mitt leyti, að ég skil satt að segja ekki, til hvers verið er að leggja þessa samninga fyrir hv. Alþ. til samþ., ef Alþ. má ekki ræða það og það má ekki fara til n. og menn mega ekki gera annað en rétta upp höndina og helzt að þegja. Til hvers er verið að koma með slík mál inn á hv. Alþ.? Það er vitanlegt, að okkar ræður skuli aðeins vera annaðhvort já eða nei, og þó aðeins já. En það hefur ekki mátt ræða um vandamálið, án þess að talað væri um fjandskap við óþekktan aðila, sem enginn hefur minnzt á nema gott eitt. Ég hef ekki heyrt eitt einasta orð falla illa í garð Færeyinga, þegar rætt er um þessa samninga á opinberum vettvangi eða á Alþ. Þegar rætt var um fisksölumálin áður á opinberum vettvangi, sást ekki eitt einasta óvinveitt orð í garð Breta frá stjórnarandstæðingum, en ég hef séð það annars staðar og á öðrum vettvangi, þar sem talað er um innanlandsmál og deilt á erlenda ríkisstj. fyrir það, og það þekkjum við í blaði hæstv. atvmrh. Ég hygg, að það komi varla nokkurt blað út án þess að í því séu harðvítugar árásir á forstöðumenn vinnuveitendaþjóðanna í kringum okkur. Þess vegna held ég, að hæstv. atvmrh. væri nær að líta sér nær, ef hann ætlar að bæta um samskipti okkar við aðrar þjóðir í kringum okkur, og ætti hann þá að snúa sér í sínar eigin herbúðir, því að hvergi hefur úlfúðin komið eins greinilega fram og í málgagni hans.

Ég verð að segja, að það er dálítið einkennilegt að skipa samninganefnd og gera langa og margbrotna samninga við fulltrúa erlendra stjórnarvalda og koma síðan og heimta samþ. þingfulltrúanna, án þess að þeim gefist tækifæri til þess að athuga málið.

Hér liggur fyrir samningur í 28 gr., og mér þætti gaman að sjá þann hv. þm., sem búinn er að athuga til fulls hvert einstakt atriði í þeim samningi og hve hagstæður hann er okkur á ýmsan veg. Nú er að vísu búið að gera þennan samning, og hæstv. ríkisstj. tekur sjálfsagt á sig ábyrgðina á því. Þess vegna er rétt, eins og hv. þm. Barð. kom með, að ríkisstj. sé gefin heimild til þess að gera samninginn og hún beri svo ábyrgðina á honum, en það er fráleitt að fara að samþ. hann, án þess að fá tíma til þess að athuga hann í n., enda fá

þm. ekki einu sinni tíma til þess að athuga einstök atriði, heldur verða þeir að rétta upp höndina þegar í stað. Það er á fleira en einu sviði, sem þessi einræðiskennd er komin á í stjórnarfarinu. Það er í fleira en utanríkismálum, að menn mega ekki minnast á gerðir stj. Vinnubrögðin við þetta mál eru þannig, að þm. mega ekki athuga það, áður en þeir segja já eða nei. Ræðuháttur þeirra er já, já, eða nei, nei, eins og hv. þm. Vestm. kallar það. *(BÁ:* Ekki nei, bara já!) Hæstv. ríkisstj. þykist vera svo örugg um, að hún hafi nógu marga til að segja já, svo að henni er sama, þótt einhverjir séu utan við, sem segi nei.

Ég sé svo enga ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum. Það voru þessi tvö atriði, sem ég vildi víkja að, og ég mótmæli algerlega fjandskap af ríkisstj. hálfu í garð bændastéttarinnar, með því að núa henni um nasir, að hún fái tugi millj. kr. í styrki, þar sem henni eru þessir styrkir ekki greiddir, heldur öðrum stéttum í landinu og öðrum atvinnuvegum, svo að þeir geti haldizt uppi.

Ég tel þetta fullan fjandskap, og því oftar, sem hann er fram borinn, því berari verður hæstv. ríkisstj. að fjandskap sínum í garð bænda, og ég mótmæli einnig, að það eigi að múlbinda þm. í utanríkismálum og þeir megi ekkert segja um það, sem þeir aðhafast, án þess að það sé talinn fjandskapur við viðkomandi þjóð, þótt ekkert sé sagt í því sambandi nema gott eitt.

Ef slík vinnubrögð eru tekin upp hér á Alþ., sé ég ekki neina þörf á því, að það sitji, enda mun hæstv. ríkisstj. óska þess helzt, að hún ráði ein í þessu efni, enda kom það fram í ræðu hæstv. forsrh. fyrir nokkru, að til þess væri ríkisstj., að hún ætti að stjórna í landinu. Ég hef haldið hingað til, að þar, sem væri þingbundin ríkisstj., ætti þ. að fjalla um málin, en stjórnin framkvæmdi svo vilja Alþ.

Lúðvík Jósefsson: Það er sennilega nauðsynlegt að taka það fram vegna þeirrar ræðu, sem nú var flutt, að það mál, sem hér liggur fyrir, er leiga á færeyskum fiskiskipum, því að það gæti vel farið svo, að menn héldu, að sú ræða, sem ég mun halda, væri alveg út í hött, ef menn hafa haldið, að sú ræða, sem hv. þm. V-Sk. var að enda við að flytja, hafi verið um það mál, sem hér liggur fyrir. En þegar menn, sem sagt, taka það með í reikninginn, að hér er til umr. þáltill. um leigu á færeyskum fiskiskipum, taka menn eftir því, að ræða sú, er síðast var flutt, dæmir sig alveg sjálf, svo að yfir hana má alveg hlaupa.

Í þeim umr., sem hér hafa fram farið um þessa þáltill., hefur þess sérstaklega gætt, að nokkrir þm. leggja á það kapp, að þessi þáltill. verði ekki afgr. strax, heldur vísað til n., og n. fái sem sagt að fjalla um málið.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Borgf., að mínum dómi, að hann hélt, að til þess væri nokkur ástæða að vísa málinu til n., og benti sérstaklega á það, að ekki væri farið fram á sams konar heimild fyrir ríkisstj. til leigu á brezkum skipum, sem tekin hafa verið til fiskflutninga, og ekki heldur fyrir leigu á 2—3 skipum Eimskipafél.

Það er ofur eðlilegt, finnst mér, að hv. þm. líti svo á þetta mál fyrst í stað, en þegar betur er að gáð, þá er í rauninni reginmunur á leigu brezku skipanna og þessara tveggja skipa Eimskipafél. og svo þeim færeysku, sem hér liggur fyrir till. um. Leigan á færeysku skipunum er þess eðlis, að þar gerir ríkisstj. samkvæmt áður fengnu, í eigin umboði Alþ., þó ekki að öllu leyti formlegu, samning um leigu á 60 skipum til fiskflutninga, en hins vegar viðvíkjandi leigu brezku skipanna, þá snýr það mál þannig við, að ákveðin ríkisstofnun, fiskimálanefnd, tekur á leigu rúm í nokkrum brezkum skipum fyrir mjög hagstætt flutningsgjald, að allra dómi. Það er því í rauninni engin ástæða til þess, að þ. geri um það nokkra samþ., það mun ábyggilega verða viðurkennt af öllum, að sú fragt, sem tekin er í fiskflutningi í brezku skipunum, er mjög hagstæð, miklu hagstæðari en við höfum þekkt fyrr, svo að enginn þarf að kvarta undan því, að um óhagstæða samninga sé að ræða, og því full ástæða til þess, að fiskimálanefnd tæki þennan samning, þegar hægt reyndist að gera hann, og sem sagt, að ekki þurfi til þess að grípa á nokkurn hátt að fá samþ. Alþ. til þess. Það er ekki hægt að setja dæmið upp á þá lund: Brezku skipin eru erlend skip. Færeysku skipin eru líka erlend skip, og þess vegna hljóta þessir samningar að vera í eðli sínu eins og báðir þurfi að sæta sömu meðferð hér. Þannig er ekki hægt að setja þetta upp. Á þessu er meginmunur, sem ég tel alveg fullvíst, að hv. þm. Borgf. viðurkennir, þegar hann gætir betur að málinu.

Mjög svipað er að segja um leiguna á skipum Eimskipafél. Þar er einnig um það að ræða, að þessi ríkisstofnun, fiskimálanefnd, hefur tekið skipin á leigu til þriggja mánaða fyrir mjög sómasamlega leigu að mínum dómi, og ég sé ekki ástæðu til þess, að þeir leigumálar séu lagðir fyrir þ. til samþ., en fyndist mönnum nauðsynlegt að gera það, hygg ég, að menn gætu orðið á það sáttir, að sjálfsagt væri að flytja þá samþykktarbeiðni alveg óviðkomandi þeirri leigu á færeyskum skipum, sem hér liggur fyrir til samþ. En það kom mjög greinilega fram í ræðu hv. 2. þm. S-M., að hjá honum lágu í rauninni allt aðrar ástæður til þess að orðlengja hér um þessa till. og óska eftir því, að samþ. hennar yrði frestað. Það lá greinilega allt annar tilgangur á bak við hjá honum heldur en hv. þm. Borgf. Meginhluti ræðu hv. 2. þm. S-M. snerist í raun réttri um það, að sú leiga á færeysku skipunum, sem nú hefði verið gerð, væri óhagstæð, að hér væri um neyðarkosti að ræða, eins og hann orðaði það, geysileg áhætta fyrir ríkissjóð, ekki aðeins fyrir ríkissjóð, heldur líka aðalatvinnuveg landsmanna, útgerðina, og af þeim ástæðum væri alveg nauðsynlegt að vísa þessu máli til n. og gera alveg sérstakar breytingar á þeim hluta till., sem varðar fyrirkomulagið á rekstri skipanna og dreifingu þeirra.

Þá margendurtók þessi sami hv. þm. það, að þær ráðstafanir, sem hæstv. ríkisstj. hefði gert nú

að undanförnu í fisksölu- og fiskflutningamálum, svo sem eins og verðjöfnunarsjóðsgjaldið, sem lagt er á útfluttan fisk, hafi orðið til stórtjóns fyrir hinar smærri verstöðvar og gæfi þeim nú „móralska“ kröfu, eins og hann orðaði það, á hendur ríkissjóði, um að ríkið annaðist fiskflutninga frá þessum smærri verstöðvum. Það leyndi sér ekki, að grunntónninn í ræðu hans var, sem sagt, sá, að hann er á móti þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í fisksölumálunum, og hann er andvígur þeim samningum, er þegar hafa verið gerðir um leigu á færeyskum skipum, og hann óskar eftir að fresta sem lengst, að mér skildist, nauðsynlegum ráðstöfunum á þessum skipum, og ég neyðist til þess að halda því fram, eftir að hafa hlustað á ræðu hans, að það sé beinlínis tilgangur hans að fá eins óhagstæða útkomu út úr rekstri þessara skipa og frekast er hægt að fá. Þannig kom það fram, að hann óskaði eftir yfirlýsingu frá ríkisstj. um það, að þessi skip verði rekin þannig, að þau verði látin kaupa fisk þar á landinu, sem erfiðast er um að taka fiskinn, og ríkið tryggi, að fyrir þann fisk verði greitt það hæsta verð, sem greitt er nú fyrir útfluttan fisk, og ríkið fylgi kalli þessara staða í öllum tilfellum, jafnvel þótt hann viti, að í mjög mörgum tilfellum er óframkvæmanlegt að ætla að tína upp fisk um allt land, hvenær sem kallað kann að verða eftir skipum frá einhverjum smástöðum.

Það mál, sem hér liggur fyrir, er hv. þm. ekkert ókunnugt, og vil ég segja, að sízt ætti það að vera hv. 2. þm. S-M. ókunnugt, því að hann hefur tekið fyrr en nú þátt í umr. um þetta mál. Hann er búinn að vita um það í allmarga daga, hvaða kjör voru á þessum skipum, sem hér eru leigð, og hann mátti fullvel vita, hver þörf lá til þess að leigja þessi skip. Í rauninni hefur hann þegar gefið fullt samþ. sitt til þess, að sá samningur væri gerður, sem nú hefur verið gerður við fulltrúa Færeyinga um leigu á þessum skipum, svo að það er alveg hreinn fyrirsláttur að koma nú hér fram og afsaka sig með því, að hér eigi að knýja fram samþ. á stóru máli, sem þm. hafi ekki fengið tök á að kynna sér, og nú eigi að skrúfa það í gegn á einum degi. Þetta er mál, sem honum ætti að vera fullkunnugt um og hefur verið upplýst hér, sem tök voru á fyrir nokkrum dögum, allrækilega að ég hygg, og þær dylgjur, sem fram komu, bæði hjá hv. 2. þm. S-M. og nokkrum fleiri viðvíkjandi leigu færeysku skipanna, að hún sé svo óhagstæð, að hún sé nokkurs konar gustukaverk, sem við séum að gera á Færeyingum, falla um sig sjálfar, þegar menn gæta að því, að þeir útvegsmenn, sem sérstaklega óskuðu eftir því að fá færeysku skipin leigð til fiskflutninga og hafa áður staðið í samningaumleitunum við Færeyinga um leigu á þessum skipum, viðurkenna allir, að þeir samningar, sem nú hafa verið gerðir á skipunum, séu síður en svo óhagstæðari en hinir fyrri samningar. Þeir hafa nú þegar samþ. að taka á leigu af þessum skipum jafnmörg og þeir ætluðu sér áður að leigja milliliðalaust, og það eru góðar horfur á því, að það takist að leigja öll þessi skip, jafnvel þótt maður verði daglega var við, að mjög ákveðið og skipulega er unnið að því að torvelda slíka framleigu, eftir því sem aðstaða þeirra gefur tilefni til.

Það er virkilega þörf á því að ganga frá þessu máli sem allra fyrst í þ., vegna þess að framleiga á skipunum til útvegsmanna byggist að miklu leyti á því, að framleigan geti farið fram sem allra fyrst. Sum skipin eru þegar komin upp og búin að tak fisk í sig. Útvegsmönnum leikur skiljanlega hugur á því að fá þessi skip strax viðurkennd undir það að verða leiguskip þeirra, en ekki verði eytt, vegna óþarfrar tímaeyðslu Alþ., heilli ferð af tíma skipanna í það nú, að þau verði rekin sem kaupskip einmitt nú, meðan hagstætt verð er á fiskinum í Englandi, og ég er alveg sannfærður um það, ef svo færi, að þ. væri að velta þessu fyrir sér í marga daga, hvort ríkið ætti að reka skipin eða gefa útvegsmönnum þau í hendur, getur vel farið svo, að ríkið neyðist til að reka öll skipin, og ég er alveg sannfærður um það, að útkoman á slíkum rekstri verður óhagstæðari með því móti. Sannleikurinn er sá, að fiskimálanefnd hefur leitazt fyrir um það, eftir því sem hún hefur getað, að fá þessi skip framleigð. Hins vegar kom það fram í ræðu hv. 2. þm. S-M., að hann vildi, að ríkið hefði þessi skip á sinni hendi og síðan gætu einstakir smástaðir kallað á skipin, en ríkið bæri hallann, sem hlyti að verða undir slíkum kringumstæðum. Það er líka í fullu samræmi við þetta, sem það dynur á fiskimálanefnd nú, t. d. þegar kaupfélagsstjóri á Austurlandi krefst þess, að fiskimálanefnd kaupi og flytji út fisk frá sínum stað nú þegar á hinu hækkaða verði, en svo þegar betur er að gáð og farið er að tala við þennan kaupfélagsstjóra, kemur í ljós, sem allir kunnugir menn máttu vita, að á þessum stað er alls ekki róið á sjó á þessum tíma árs, en hins vegar unnið mjög skipulega að því að spana menn fram með kröfum um, að ríkið yrði skyldað til þess að senda til þeirra skip og taka fisk til flutnings, jafnvel þótt fiskurinn sé ekki til.

Það er vitanlega hin mesta fjarstæða að halda því fram, að sú fiskverðhækkun, sem nú hefur verið ákveðin, sé hinum smærri útvegsstöðvum til tjóns. Ég segi aðeins, að ég hefði gaman af því að fara með hv. 2. þm. S-M. um kjördæmi hans á Austurlandi og láta hann leggja þá spurningu fyrir fiskimenn á þeim slóðum, hvort þeir séu á móti því, að fiskverðið var hækkað um 15%, sem hann var svo mjög að óskapast yfir. Sannleikurinn er sá, að fiskimenn una því vel, að fiskurinn var hækkaður í verði og framkvæmanlegt var að hækka verð á þeim hluta aflans, sem út er fluttur. Kemur þessi hækkun þeim áreiðanlega að góðu, en er þeim alls ekki til tjóns, og er ég viss um það, að hv. 2. þm. S.-M. getur ekki komið með eitt einasta dæmi um, að þessi verðhækkun hafi orðið nokkrum hinna smærri útvegsstöðva til tjóns.

Það er fyrirbrigði, sem allir vita um, að hinar einstöku smærri útvegsstöðvar hafa á undanförnum árum ekki getað losað sig við allan afla sinn.

Þetta var þannig lagað, meðan lægra verð var á fiskinum, og þó að fiskverðið yrði stórkostlega lækkað á ýmsum hinna smæstu útvegsstöðva, hefði engin breyting orðið á því að fá skip til þess að taka aflann, ef um þá nokkurn afla hefði verið að ræða. Hins vegar er það nú svo, að þeir menn, sem hafa allt á hornum sér gagnvart þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í fisksölumálunum, nota nú tækifærið til þess að halda því fram, að þeir smástaðir, sem aldrei hafa getað fyllt fiskiskip til útflutnings, hafi nú orðið mjög hart úti vegna fiskverðhækkunarinnar. Þetta er algerlega rangt. Enginn þeirra staða, sem hafa flutt út fisk, hefur orðið útundan það, sem af er þessu ári, því að frá ýmsum þessara staða hefur jafnvel verið fluttur út meiri fiskur en nokkru sinni áður, enda er það ein af ráðstöfunum hæstv. ríkisstj. í þessum málum, að nú hefur hún veitt þessum stöðum réttindi til þess að kaupa skip, þannig að þau geta tekið þar fisk, sem hægt er að fá sæmilegan markað fyrir hann, en áður var þessu hins vegar ekki til að dreifa.

Ég heyrði, að hv. 2. þm. S-M. komst þannig að orði, er hann gerði eina tilraunina til þess að gera lítið úr færeysku skipunum, sem nú hafa verið leigð, og þeim samningum, sem gerðir hafa verð í þessum efnum, að ýmsar af hinum smáu útgerðarstöðvum mundu ekki treysta sér til þess að taka svona lítil og óhagstæð skip til fiskflutninga. En dettur þessum hv. þm. í hug, að þessar litlu útgerðarstöðvar hefðu frekar treyst sér til að leigja stór og dýr skip í þessum tilgangi? Ég fullyrði, að hin smáu færeysku skip eru einu skipin, sem nokkur tök eru á að reka þannig, að það geti borgað sig að reka þau frá hinum smæstu útgerðarstöðvum landsins, því að á þessum stöðum þurfa þessi skip að vera lítil, og launakjörin á færeysku skipunum eru þannig, að helzt er hægt að reka þau frá slíkum stöðvum; þetta er alger frágangssök fyrir smáu útgerðarstaðina, en hins vegar ótækt fyrir þá að reka hin stærri færeysku skip eða hin stærri íslenzku skip.

Ég veit í raun og veru ekki, til hvers þeir hv. þm., sem á annað borð hafa verið með því, að samningarnir um færeysku fiskiskipin voru gerðir, vilja vísa þessu máli til n. — Engum getur komið til hugar að vísa þeim hluta þessarar þáltill. til n., sem fjallar um að viðurkenna samning þann um leigu á færeyskum skipum, sem þegar hefur verið gerður, því að ekki er hægt að breyta ákvæðum samningsins. Hitt atriðið fjallar um að veita hæstv. ríkisstj. heimild til þess að framleigja skipin. Það hefur áður verið tekið fram, að það eigi að framleigja skipin til samlaga útvegsmanna, og komu þá engar raddir gegn þessu, og ég hélt, að allir hv. þm. mundu viðurkenna það, að það er sjálfsagða og rétta leiðin að framleigja þessi skip til þessara aðila. Þarf þá að vísa málinu til n. til þess að veita hæstv. ríkisstj. heimild til þess að framleigja skipin? Og þegar menn tala um það, að þeir samningar, sem hér um ræðir, séu óhagstæðir og okkur stafi mjög mikil fjárhagsleg hætta af þeim, eru þessir menn þá á móti því, að nú megi framleigja þessi skip til sjálfra útgerðarmannanna? Ég hygg, að menn sjái það við nánari athugun, að það getur ekkert gagn gert að vísa þessu máli til n., en frekar spillt fyrir framleigu skipanna og framkvæmd þessa máls. Ég segi því fyrir mitt leyti, að ég álít, að þess sé engin þörf að vísa þeirri þáltill. til n., og mæli eindregið með því, að hún verði afgr. þegar í dag.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. — Það, að ég kvaddi mér hljóðs, er ekki vegna þess, að ég muni greiða atkv. móti því, að þessi samningur hafi verið gerður um færeysku skipin, heldur í tilefni setningar, sem er í texta till., þar sem farið er fram á að heimila hæstv. ríkisstj. að leigja skip þessi öðrum. Hefur það komið fram í ræðu hæstv. ráðh. og fleiri hv. þm., að það sé ætlunin að leigja þau samlögum útvegsmanna og þá með sérstökum kjörum.

Það er kunnugt, að hæstv. ríkisstj. hefur leigt brezk skip til fiskflutninga til Bretlands, og eins hefur hún leigt tvö skip af Eimskipafélagi Íslands. Hljóta þessir samningar að ganga nokkuð út yfir þá aðila aðra, sem einnig flytja fisk til Bretlands, þar sem ákvæðin í þessum samningum, sem hæstv. ríkisstj. hefur gert við áðurnefnd skip, veita þeim forgangsréttindi fram yfir önnur skip til þess að ganga fyrir um fiskkaup, þannig að þá liggja svo og svo mörg önnur skip og bíða eftir fiski til útflutnings, en þar eru þessi útlendu skip tekin fram yfir og fá fiskinn til útflutnings á undan. Ég skal viðurkenna, að brezku skipin eru öll stór og fara í skipalest til Bretlands og verða því að hraða ferðum sínum. Nú er mér hins vegar kunnugt um, að komið hefur til mála í vissum tilfellum, að fisksölusamlögin íslenzku taki á leigu íslenzk skip og hafa farið fram á það, að þessi íslenzku skip fengju einhver forgangsréttindi. Þau hafa hins vegar ekki verið veitt, og er mér persónulega kunnugt um það, að íslenzk stjórnarvöld eru ekki sammála um þetta, þannig að sumir íslenzku ráðh. vildu ekki ganga inn á það, að vissum íslenzkum skipum, jafnvel þótt þau væru tekin á leigu af fisksölusamlögum, væru veitt forkaupsréttindi, vegna þess að afleiðingin yrði sú, ef inn á þessa braut væri gengið, að þau skip, sem tekin væru á leigu af fisksölusamlögunum, fengju alltaf að vera í ferðum og fengju skjótari afgreiðslu, en aðrir aðilar, sem ættu skip og vildu kaupa fisk og flytja út, fengju ekki fiskinn nema í vissum tilfellum og aðeins, þegar hinum, sem hafa forkaupsréttindin, hefur verið fullnægt. Vitanlega er þetta það sama og að útiloka þessa aðila frá fiskflutningum til Bretlands, því að það er vitað, að sum íslenzk skip hafa þá tonnatölu, að þau geta í raun og veru ekki aflað sér tekna með fiskútflutningi nema á þeim tíma ársins, sem vertíð stendur yfir, þ. e. frá áramótum og fram til maíloka, en ef farið yrði inn á þá braut að veita skipum fisksölusamlagsins forkaupsréttindi á fiski úti um land, væru hin skipin, sem ég hef þegar minnzt á, útilokuð frá sínum atvinnurekstri, og er mér persónulega kunnugt um, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki viljað heimila fisksölusamlögunum forkaupsréttindi á fiski.

Í þessari þáltill. er farið fram á að samþ. heimild til ríkisstj., þannig að hún geti leigt skip þessi öðrum. Það er sjálfsagt ekkert við þetta að athuga, og þess vegna er engin ástæða til þess fyrir hv. síðasta ræðumann að minnast á, að engin andmæli hafi komið gegn þessu á þeim fundum, sem þetta mál var til umr. Það getur verið afráðið, að fisksölusamlögin fái hin færeysku skip á leigu, en ég vil hins vegar, að það komi fram í þessu sambandi, að þessi leigutaki hafi ekki rétt til þess að láta sín skip ganga fyrir öðrum skipum, sem mæta á staðnum og vilja kaupa fisk. Hæstv. ríkisstj. tilkynnti ekki fyrir löngu 15% hækkun á fiskverði, og var jafnframt tekið fram, að fiskflutningum til Bretlands yrði hagað þannig, að sérstökum aðila, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, yrði falið að ráðstafa skipum til fiskútflutnings, þar sem fiskur væri mestur. Voru þau rök fyrir þessu færð, að með þessu væri útilokað, að fiskurinn hrúgaðist upp á einum stað, því að enginn getur vitað, hvar mest veiðist. T. d. hefur það nú sýnt sig, að á Ísafirði og við Hornafjörð eru sífelldar ógæftir, en hér við Faxaflóann hrúgast fiskur á land, og skil ég því þau rök, að nota beri þann flota, sem til er, til þess að flytja fiskinn í til Bretlands. Er vel hægt að sætta sig við þetta, með því að nota flotann betur og ef þeir, sem hafa á hendi fiskflutninga, gætu treyst því að fá fiskinn í skipin eins fljótt og unnt væri. En þetta trufluðu brezku skipin, þar eð þau höfðu forkaupsréttindi. Ég hef því innt hæstv. ríkisstj. eftir því, hvort færeysku skipin ættu einnig að hafa forkaupsréttindi, en hef ekki fengið annað en loðin svör við þessu. Hef ég það á tilfinningunni, að íslenzka ríkisstj. leggi ríka áherzlu á að leigja skipin út og heiti fisksölusamlögunum forkaupsréttindum. Þetta þýðir það, að þau íslenzku skip, sem ekki eru leigð með sömu kjörum og hin útlendu skip og hafa því engin forkaupsréttindi, verða að bíða eftir, að brezku og færeysku skipin, sem koma á staðinn, fái í sig fisk, áður en þau fá sjálf afgreiðslu. Afleiðingin af þessu verður sú, að engum íslenzkum útvegsmönnum dettur í hug að senda sín skip á staðinn til þess að fá fisk til útflutnings í þeirri óvissu um að þurfa að bíða fyrst eftir því, að hin útlendu skip verði afgreidd. Við getum tekið sem dæmi, að ein verstöð hafi fengið 7 færeysk skip á leigu og aðeins eitt færeyskt skip bíði eftir að fá í sig fisk. Í þeirri góðu von um, að nú gefist tækifæri til þess að fá fisk í fleiri skip, eru íslenzk skip send á staðinn til þess að fá fisk keyptan. Síðan gerir þrjá óveðursdaga, og ekki er hægt að róa, en á þessum þrem dögum geta hin færeysku skipin komið til Íslands; þau koma á staðinn, og íslenzku skipin eru rekin á brott, því að útlenzku skipin sitja fyrir, þar eð þau hafa forkaupsréttindi. Ég ætla ekki að áfellast hæstv. ríkisstj. fyrir, að hún hefur tekið þessi brezku, færeysku og tvö skip Eimskipafélagsins á leigu, en hins vegar kann svo að fara, að þessi floti nægi til þess að annast alla fiskflutninga til Bretlands, en afleiðingin af þessu verður að sjálfsögðu sú, að íslenzku skipin verða útundan, þar eð þau hafa ekki komizt að sömu samningum. — Enn er eitt atriði, sem við þetta bætist. Áður en vitað var, að brezku samningunum yrði sagt upp, voru gerðir samningar um fiskflutningaskip í okt.—nóv.mánuði s. l., en í þeim samningi ákváðu fisksölusamlögin, að tiltekinn fjöldi skipa skyldi sitja fyrir um fisk í hinum ýmsu verstöðvum. Þetta hélzt þannig, þar til hæstv. ríkisstj. greip fram í fyrir og bætti við skipum, sem að vissu leyti var eðlilegt, af því að á suma staðina barst meiri fiskur en hægt var að afgreiða til útflutnings. Afleiðingin af þessu varð aftur á móti sú, að sum þeirra skipa, sem bundin voru samningum við fisksölusamlögin, urðu að víkja fyrir skipum þeim, sem bundin voru samningum af ríkisstj.

Ég get sætt mig við þá aðferð, sem hefur verið við höfð í sambandi við brezku skipin, og mun greiða atkv. með þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir, ef hæstv. ráðh. vill lýsa því yfir, að færeysku skipin muni ekki fá forkaupsréttindi á fiski til útflutnings, þannig að hvert það færeyskt skip, sem mætir á hinum ýmsu stöðum til fiskkaupa, skuli þar fara eftir reglum, er nú gilda fyrir útvegsmenn um fiskkaup. Ég mun því greiða atkv. með þessari þáltill., ef hæstv. ríkisstj. vill lýsa því yfir hér á Alþ., að íslenzk skip hafi að þessu leyti jafnan rétt til fiskkaupa á við aðra og færeysku skipunum verði ekki veitt nein sérstök forkaupsréttindi; annars mun ég bera fram brtt. um, að forkaupsrétt að fiski hafi færeysku skipin ekki, en fari eftir reglum, sem hingað til hafa gilt í þessum efnum.

Forseti (GSv): Nú er komið að þeim tíma, er gefa verður nokkurt fundarhlé. Þessu er svo til hagað, eins og tilkynnt hefur verið, að hæstv. ríkisstj. leggur á það áherzlu, að umr. um málið verði hraðað og það afgr. í dag, en hins vegar vilja sumir hv. þm., að málinu verði vísað til n., og hefur enn ekki verið komizt að niðurstöðu um það atriði. Hæstv. ríkisstj. heldur því fram, að till. skuli afgreidd, en vill ekki ganga inn á, að málið gangi til n. Nú gæti það hins vegar orðið til hægðarauka að láta þessari umr. lokið og vita, hvort ekki mætti takast að koma málinu til n. Yrði þá að samþ. þetta til síðari umr., en því fylgdi eðlilega engin skuldbinding um endanlega afstöðu til málsins. Hin síðari umr. yrði þá í kvöld, og mætti afgreiða málið í nótt.

Boðað hefur verið til fundar í Ed., en mér hafa borizt orð frá forseta Ed. um, að þeim fundi skuli frestað, ef þörf gerist vegna afgreiðslu þessa máls.

Nú vil ég spyrja þá hv. þm., sem kvatt hafa sér hljóðs, hversu þeir vilja fara með málið.

Eysteinn Jónsson: Ég gerði þá miðlunartill., að málinu yrði vísað til n., og stend við hana.

Forseti (GSv): Þessi till. hefur að vísu komið fram, og ef hv. þm. óskar eftir svari frá hæstv. ráðh., þá er það frjálst.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Ég hef engu við það að bæta, sem ég hef áður sagt, en tel óþarft, að málið fari til n.

Eysteinn Jónsson: Ég sé enga ástæðu til, að n. fái ekki að ræða málið, en sú leið er opin að fresta þessari umr. og láta málið ganga til n.

Forseti (GSv): Það er nú svo, að sumir hv. þm. eru búnir að tala sig dauða í þessu máli, og svo er ástatt um þann háttv. þm., sem nú settist niður. En ef hv. þm. vilja fresta umr. til kl. 9, þá er það frjálst. *(EystJ:* En því ekki til morguns?) Jú, að sjálfsögðu, þeir, sem þegar eru dauðir. En ef hv. þm. vilja ekki sættast á þetta, verður að leita atkv., þar sem ekki er unnt að fara eftir óskum eins og eins manns.

Garðar Þorsteinsson: Ég skil hæstv. forseta svo, að greiða skuli atkv. um, hvort málið skuli fara til n. Afstaða mín í þeirri atkvgr. fer eftir svari hæstv. ráðh. við þeirri fyrirspurn, sem ég bar fram áðan.

Forseti (GSv): Hæstv. ráðh. virðist ekki óska eftir að svara.

Eysteinn Jónsson: Ég vil benda hæstv. forseta á, út af ummælum hans hér áðan, að ég hef ekki talað nema tvisvar í þessu máli.

Það voru nokkur atriði í ræðu hv. 6. landsk., sem ég vildi víkja að. — Hv. þm. kvað það óþarft að blanda inn í þetta mál leigu um rúm í brezkum skipum. Þetta er að nokkru rétt, en þó er þetta hluti sama máls, og þegar rætt er um leiguna á færeysku skipunum, þá er eðlilegt, að um leið komi fram, hversu háttað er um leigu á rúmi í þessum skipum.

Hv. þm. talaði eins og hann hefði ekki heyrt, hvað ég sagði, og kvað mig hafa fjargviðrazt um hættu, sem stafaði af þessum samningum. Það gerði ég að vísu ekki, en ég gat um, hvernig búið væri að útvegsmönnum í heild. Hann taldi og, að ég væri á móti því að leigja færeysku skipin. Þetta er ekki rétt. En ég taldi það óskynsamlegt að leigja í einu lagi svo mörg óhagstæð skip. Mér hefur og skilizt, að Færeyingar geti ráðið, hvaða skip eru leigð. *(LJós:* Þetta er alrangt.) Mér hefur þó skilizt þetta svo og ætla, að það sé rétt. Vitanlega var þetta neyðarúrræði fyrir okkur, og þýðir ekkert að ganga framhjá því. Við vitum allir, að þegar þessir samningar áttu sér stað, var skortur á skipum, og það var ekki nema mannlegt, þótt Færeyingar notuðu sér það. Um einstök atriði samningsins er erfitt að dæma, og það er rangt, að einstakir þm. hafi átt þess kost að fylgjast með samningunum.

Aðstaðan var auðvitað erfið, en við verðum að meta allar gerðir í samanburði við þau úrræði, sem fyrir hendi eru.

Hv. 6. landsk. sagði, að það væri minn vilji, að ríkisstj. sæti uppi með öll skipin og þau yrðu ekki framleigð. Þetta er ekki rétt. En það sýnir bezt, hverjar horfurnar eru, ef þessi háttv. þm. telur það fjandsamlegt að vilja, að ríkisstj. hafi skipin.

Þá ræddi þessi hv. þm. um verðjöfnunargjaldið og hækkunina á fiskinum og sagði, að ég væri á móti því. Þetta er rangt. Hitt sagði ég, að þetta gæti komið illa niður sums staðar, en þótt svo sé, þá er það enginn dómur á, að þessi ráðstöfun geti ekki verið góð fyrir heildina. Þetta ætti hv. þm. að skilja. Ég orðaði það svo, að það ætti að vera „mórölsk" skylda að bæta þeim stöðum það upp, sem verða fyrir halla af þessum ráðstöfunum.

Þetta virtist hv. þm. ekki skilja og sagði, að ég ætlaðist til, að alltaf væri sinnt kalli frá smástöðunum og ég vildi að þeir gætu alltaf fengið skip, þegar þeir vildu.

Ummæli hans um það, hvort ég héldi að útvegsmenn á Austurlandi væru óánægðir með verðhækkunina, tel ég vart svara verð. Ég hef aldrei látið það álit í ljós, að þeir væru á móti verðhækkun. Þá kvað hann óþarft að láta þetta mál fara í n. En það eru nú ekki allir jafnkunnugir þessum málum og hann, sem virðist hér innsti koppur í búri hjá hæstv. ríkisstj. Viðvíkjandi því, að ekki megi draga þetta mál, vegna þess að framleigja þurfi skipin, þá trúir því auðvitað enginn. En ef það væri rétt, hvað mætti þá segja um hæstv. ríkisstj., sem hefur legið á þessu máli dögum saman?

Nei, það þýðir ekki að bjóða háttv. þm. upp á svona slúður, og það er einkennilegt, að þm. skuli ekki gefinn kostur á að athuga þetta.

Ég hef bent á leið, sem sjálfsagt virðist að fara, ef allt væri með felldu, og væri farin, ef ekki væri ætlunin að sýna hér ofbeldi, þar sem engar frambærilegar ástæður finnast fyrir því að hafa þessa meðferð á málinu.

Ég þakka svo hæstv. forseta þolinmæðina.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 21:20 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PHerm, PZ, PÞ, PO, SK, SÞ, SkG, SÁÓ, SvbH, BSt, BÁ, EystJ, GÞ, GJ, GÍG, HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, GSv.

nei: LJós, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, STh, StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl, EE, EmJ, HG, JakM, JJós, JPálm, KA, LJóh.

BG, HarJ greiddu ekki atkv.

9 þm. (MJ, SEH, ÞÞ, ÁÁ, BBen, FJ, GG, GTh, IngJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv.:

Haraldur Guðmundsson: Þar sem þetta mál var rætt hér á lokuðum þingfundi og leitað hefur verið álits þingmanna um það og samningurinn er fullgerður og verður í engu breytt, álít ég það þýðingarlaust að vísa málinu til n. og segi því nei.

Jóhann Jósefsson: Ég lít svo á, að hæstv. Alþ. hafi þegar gert þær ráðstafanir í þessu máli á lokuðum fundi, að nefndarathugun á þessu stigi málsins á málinu geti ekki haggað því, sem þar hefur fram farið, en hins vegar, að sá ágreiningur, sem upp hefur risið um framkvæmd á einstökum atriðum, sé þess eðlis, að ég treysti því, að við síðari

umr. málsins muni hæstv. ríkisstj. geta mætt þeim óskum, er fram hafa komið um lipra framkvæmd að því er snertir einnig íslenzka útvegsmenn, sé ég ekki ástæðu til að vísa málinu til n. og segi því nei.

Á 95. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til síðari umr. (1120, n. 1138, 1139).

Of skammt var liðið frá fyrri umr., útbýtingu nál. og brtt. 1139. — Afbrigði leyfð og samþ. með 30 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Samkv. ósk hæstv. ríkisstj. kom allshn. saman á fund í kvöld til þess að ræða þá till., sem liggur hér fyrir. Þar mættu allir nm., að undanteknum hv. 2. þm. Rang., sem farinn var úr bænum og náðist ekki til. Auk þess mætti á fundi hjá n. hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh., og ræddi n. við þá báða um þetta mál.

Ég vil hér leyfa mér að geta þess, að það er á nokkrum misskilningi byggt, sem hefur verið haldið fram í umr. um þetta mál, að það snerti eingöngu samninga um færeysk skip. Það snertir að vísu þann hluta um heimildina á samningnum, en hins vegar felast í þessu nokkur ákvæði um, hvernig ráðstafa skuli þessum skipum, sem hér um ræðir. Það er því ekki auðvelt að kljúfa þetta mál eins í sundur og hv. 2. þm. S-M. ætlast til, því að þótt þá síðar yrði gefið út nál. eða samin þál. um, hvernig haga ætti þessu máli öllu, kynnu að hafa verið gerðar þær ráðstafanir um þessi skip sérstaklega, sem gætu komið í veg fyrir, að hægt væri að ná í það sama og ætlazt var til.

Á nefndarfundi var nokkuð rætt um tvennt, annars vegar, að þeim stöðum á landinu, sem eiga erfiðast með útflutning, væri með þessari till. tryggður útflutningur á borð við aðra staði. Það var einnig rætt um, að sett væri jafnvel inn í till. að tryggja íslenzkum skipum a. m. k. sama rétt og þeim skipum, sem leigð eru frá útlendingum, en með því að hæstv. ríkisstj. lýsti því yfir við n., að það væri hennar eindreginn vilji að stuðla að því, að íslenzkum útgerðarmönnum yrði ekki gert lægra undir höfði en öðrum útgerðarmönnum eða þeim, sem með þessi skip hafa að gera, sá n. ekki raunverulega ástæðu til þess að setja þetta beint inn í till., en hún væntir þess fyllilega, og vil ég beina því sérstaklega til hæstv. atvmrh., að þessum málum verði þannig skipað, að full notkun náist einnig á þeim skipum, sem eru í íslenzkri eign og eru gerð út af Íslendingum. Ég veit, að það mun vera eindreginn vilji hæstv. ríkisstj. að ná því takmarki, enda yrði ekki takmarkinu náð að fullu, ef það yrði til þess að hefta að einhverju leyti íslenzk skip til að annast að sínu leyti um útflutning. Ég get lýst því yfir hér, að þessi skilningur á málinu kom fyllilega fram hjá hæstv. ríkisstj., enda væri allt annað náttúrlega engan veginn eðlilegt.

Ég skal einnig geta þess, að bæði ég persónulega og sumir aðrir nm. hefðum heldur óskað eftir, að till. yrði breytt í það horf, að ríkisstj. væri heimilt að leigja skip, — ekki kannske eingöngu þau, sem hér um ræðir í þáltill., heldur einnig önnur —, en ríkisstj. lagði sjálf sérstaka áherzlu á, að þessi samningur á þskj. 1120 væri samþykktur. Ég get að þeim upplýsingum fengnum hjá hæstv. ríkisstj., sem kom fram í heimildinni, fallizt á, að í raun og veru er enginn eðlismunur á að gera heimild um samning, sem búið er að undirskrifa, eða samþykkja samninginn. Heldur en að kljúfa á nokkurn hátt n., sérstaklega með tilliti til þess, hve lítill tíminn var, þá varð að síðustu samkomulag hjá öllum nm. um að mæla með, að þáltill. verði samþykkt með þeim breyt., sem ég skal nú lesa upp. Á eftir meginmálsgreininni komi: „Enda leitist ríkisstjórnin við að tryggja eftir föngum hagsmuni þeirra staða, sem örðugast eiga um útflutning. Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem þessar ráðstafanir kunna að hafa í för með sér.“ Skal ég nokkuð gera grein fyrir, hvers vegna við óskuðum eftir, að þetta væri sett inn í till.

Snemma á síðasta þingi var sett inn í fjárl. fyrir 1944, að þáverandi ríkisstj. væri heimilt að greiða allt að 200 þús. kr. til þess að aðstoða útvegsmenn á Íslandi til að koma fiskinum á útflutningsstaði. Nú hefur fyrrv. ríkisstj. ekki notað þessa heimild á neinn hátt, og hefur það ekki aðeins valdið vonbrigðum hjá mönnum úti um land, heldur töluverðu tjóni. Við töldum, að með því að setja þetta inn og heimila ríkisstj. að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem þetta kynni að hafa í för með sér, mætti hjálpa til að koma þessu fiskmagni á þá staði, sem ekki væri nægilegur fiskur fyrir undir venjulegum kringumstæðum. Þar, sem svoleiðis háttar, að aðeins hafa fengizt 5 til 10 tonn á dag, en mætti safna öðrum 10 eða 15 með lítils háttar aðstoð frá ríkissjóði, væri þá gert tvennt í einu: að styðja að því, að þessir staðir kæmu fiskinum í burtu, og að þessi skip væru notuð á meiri og betri hátt en hægt væri á öðrum stöðum. Það var þess vegna m. a., að n. hefur lagt til, að þetta yrði sett inn í till.

Það þótti einnig sjálfsagt að gefa ríkisstj. heimild til að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem till. öll í heild kann að hafa í för með sér, þó fyrst og fremst sé ætlazt til, að sá kostnaður greiðist af þeim tekjum, sem ef til vill kynnu að verða á þessum rekstri, og þá einnig þann kostnað, sem kynni að verða af því að þurfa að hjálpa öðrum til að safna fiskinum saman.

Það eru tveir af hv. nm., sem skrifuðu undir nál. með fyrirvara, þeir hv. fyrri þm. Skagf. og hv. 2. þm. N-M. Gera þeir að sjálfsögðu grein fyrir fyrirvaranum, og sé ég ekki ástæðu til að ræða það frekar.

Að síðustu vil ég geta þess, að n. leggur til, að málið sé afgreitt á þann hátt, sem ég hef yfir lýst.

Pétur Ottesen: Það er nú dálítið erfitt fyrir mig að bera fram brtt. við þetta mál hér, þar sem fyrst nú er verið að útbýta hér nál. og brtt. frá allshn. við þessa till. Það er gert ráð fyrir hér í þessu nál., að bætt sé við þessa þáltill. nýrri

málsgrein, sem feli í sér tvenns konar ákvæði, að því er snertir framkvæmd þessa máls. Í fyrsta lagi það, að ríkisstj. leitist við eftir föngum að tryggja hagsmuni þeirra staða, sem örðugast eiga með útflutning, og jafnframt sé ríkisstj. heimilað að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem þessar ráðstafanir kunna að hafa í för með sér.

Mér virðist, ef miðað er við þær umræður, sem fóru hér fram um þetta mál fyrir skömmu, þá hafi ekki í n. verið sinnt að neinu leyti þeim óskum, sem komu fram hér um, að gerðar væru ráðstafanir til þess að tryggja betur en nú er aðstöðu þeirra skipa, sem hafa með höndum flutning á ísfiski á erlendan markað. Það hefur þegar borið nokkuð á því við framkvæmd þessa máls á þeim grundvelli, sem það hefur verið nú um skeið, að skip, sem eru í eign Íslendinga, hafa verið sett skör lægra en þau skip, sem búið er að gera samning um og taka á leigu til fiskflutninga. Við þetta hafa vitanlega þeir menn eða þau félög, sem eiga þessi skip og hafa ætlað að nota þau í þessu skyni, beðið nokkurt tjón, vegna þess að þau hafa orðið að bíða eftir að fá afgreiðslu og fisk og sum þeirra alllengi, af því að þau skip, sem tekin hafa verið á leigu í þessu skyni, hafa verið látin sitja fyrir um að fá fisk til útflutnings. Ég get t. d. nefnt mjög nærtækt dæmi um þetta efni frá Akranesi, þar sem skip, sem Akurnesingar eiga og hafa í fiskflutningum, varð að bíða hér í allmarga daga, af því að ekki 1, heldur 2 leiguskip voru látin sitja fyrir um fiskflutning á þessu tímabili. Þetta er náttúrlega mjög bágt, að slíkir árekstrar skuli þurfa að eiga sér stað, því að það er náttúrlega langæskilegast að geta hagað þessum málum þannig, að ráðstafanirnar verði sem allra raunhæfastar, að því er snertir hagsmuni allra landsmanna, en það er sýnt, að þegar málunum er þannig komið, að þessar ráðstafanir eru farnar að ganga út yfir íslenzka skipaeigendur, þannig að þeir verði að láta skipin bíða alllengi eftir afgreiðslu með þeim mikla kostnaði, sem á útgerðinni hvílir, þá er náttúrlega málið komið út af þeirri æskilegu braut, — þeirri braut, sem æskilegast væri að geta haldið þessum málum á.

Ég hef því hugsað mér, ásamt hv. 2. þm. Eyf., sem hreyfði þessu máli hér við fyrri umr., vegna þess að þetta vantar í till., að bera fram brtt., sem lýtur að þessu efni. Þessi brtt. er stíluð við þáltill., eins og hún er hér á þskj. 1120. Þegar við sömdum till., lá ekkert annað fyrir, og ég ætla þá að lesa hér upp þessa till., svo að það komi í ljós, hvað fyrir okkur vakir í þessum efnum. Aftan við tillgr., eins og hún er á þskj. 1120, bætist: „Skip þau, sem hér um ræðir, bæði færeysk skip og enn fremur þau skip önnur, sem ríkisstjórnin hefur leigt til fiskflutninga eða gert ráðstafanir til, að leigð yrðu í þessu skyni, njóti ekki forkaupsréttar, þegar í hlut eiga skip, sem eru í eign Íslendinga, heldur fái skipin keypt fisk eftir þeirri röð, sem þau mæta á fiskkaupastaðnum.“ Þessari leið hefur nefnilega ekki verið fylgt á undanförnum árum á þeim stöðum, sem Íslendingar á annað borð hafa haft leyfi til að flytja út fisk frá. Eins og kunnugt er, hafa það verið ákveðnir staðir, sem Englendingar hafa haft einkaleyfi að flytja fisk frá, eins og hér í Faxaflóa, og kemur auðvitað ekki til með önnur skip en þau, sem Englendingar hafa í þjónustu sinni, og í þessari till. er að því vikið, að þegar í hlut eiga íslenzk skip, sé ekki skapaður neinn forkaupsréttur gagnvart íslenzkum skipum, sem vildu fá fisk keyptan. Hins vegar, ef um væri að ræða erlend skip, sem vildu koma inn í þetta og fá keyptan fisk hér, þá gildir þetta ekki um þau, heldur eingöngu um þau skip, sem eru í eign Íslendinga sjálfra. Eftir að við, sem höfðum hugsað okkur að bera fram skrifl. brtt., höfum hlustað á framsöguræðu hv. frsm. allshn., sem mér skildist, að gæfi hér yfirlýsingu fyrir hönd ríkisstj. að því er þetta atriði snertir, þá getur það e. t. v. haft þau áhrif, að við föllum frá því að bera fram okkar skrifl. brtt., ef taka má ummæli hv. þm. Barð., frsm. allshn., sem yfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar í þessu efni, en ummæli hans féllu á þá lund, að að því skyldi stuðlað eftir ýtrasta megni, að full notkun yrði á íslenzkum skipum til fiskflutninga, en að því aðeins geti orðið notuð önnur skip til þeirra, að öðrum en íslenzkum skipum sé ekki skapaður forgangsréttur í fiskflutningunum. Ef taka má þannig þessi orð hv. frsm. allshn., sem setið hefur nú á fundi að samningum um þetta mál með hæstv. forsrh. og hæstv. atvmrh., þá getur vel komið til mála, að við drögum þessa brtt. til baka, en þó því aðeins, að þannig verði á þessu haldið, að því er íslenzku skipin snertir, að þau verði ekki réttminni um að hafa á hendi fiskflutninga en leigðu skipin, heldur taki jafnt til þeirra notkun til fiskflutninga, og að skip þeirra íslenzkra aðila, sem eiga þau og vilja kaupa fisk á eigin reikning og flytja á erlendan markað, njóti nákvæmlega sama réttar og leigðu skipin. Ef ekki kemur neitt fram til andmæla því, að þessa yfirlýsingu hv. frsm. allshn. megi taka sem sérstaklega fram komna fyrir hönd hæstv. ríkisstj., — ef ekkert kemur á móti því í þessum umr., þá ætlum við a. m. k. að doka við með það að bera fram þessa skrifl. brtt., því að þá mundi framkvæmd þessara mála verða með þeim hætti, sem stefnt er að með okkar brtt.

Forseti (GSv): Hv. þm., sá er síðast talaði, hefur lýst væntanlegri skrifl. brtt., og tel ég, eftir eðli málsins, að víkja megi að efni hennar í umr., þó að hún sé ekki formlega fram borin enn.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Hv. frsm. allshn. hefur nú gert grein fyrir brtt. n., og þarf ég þar litlu við að bæta. Þó vil ég segja það, að ég tel langæskilegast, að í sem allra flestum verstöðvum, og helzt í þeim öllum, myndist fisksölusamlög, sem taki á leigu skip, færeysk eða íslenzk, og flytji sjálf út sinn fisk, og að þegar einhver verstöð hefur komið á stofn hjá sér slíku samlagi og tekið skip á leigu, færeysk eða íslenzk,

þá sé það sjálfsagður hlutur, að þau skip, sem samlagið þannig hefur leigt, sitji fyrir fiski á þeim stað, en ekki önnur skip, hvort sem ríkisstj. hefur þau eða fiskkaupmenn. Að þessu leyti er skilningur minn og hv. frsm. allshn. kannske ekki sá sami. En um þá yfirlýsingu, sem hv. frsm. sagði, að hefði verið gefin af hæstv. ríkisstj., er það að segja, að ég heyrði hana ekki, því að þegar hún var gefin, hafði ég orðið að ganga út af nefndarfundinum. En þetta, sem ég tók fram, teldi ég æskilegast. En ég vænti þess, þótt ég beri ekki sérstakt traust til þessarar ríkisstj., að hún reyni að vinna að því, að samlög um þetta komist sem víðast upp og þar, sem samlög verða um fiskflutninga, sem taki á leigu skip til þeirra, þá verði þau skip látin sitja fyrir fiski á þeim stöðum, en ekki neinir aðskotakaupahéðnar, sem vilja taka fisk og selja til Englands, — þeir verði að gera svo vel að bíða.

Ég legg mikið upp úr þessari brtt., sem öll allshn. stendur að, bæði af því að hún veitir tryggingu fyrir því, að afskekktir staðir verði ekki afskiptir, og líka gefur hún ríkisstj. heimild til þess að greiða þann kostnað úr ríkissjóði, sem ráðstafanir þessar hafa í för með sér, þ. e. til þess að hlaupa undir bagga með minni stöðum, og á þessu er brýn þörf. En minn fyrirvari liggur í því, að ég vil gefa ríkisstj. heimild til að samþ. þennan samning, — hún ber þá ábyrgð á samþykkt hans —, en ég vil ekki samþ. hann sem þm. fyrir mitt leyti nú á þingi, þar sem ég hef enga hlutdeild átt í gerð þessa samnings. Það hefur ekki komið alveg skýrt fram, hvort ríkisstj. er búin að undirskrifa samning þennan eða ekki.

Ég vil svo undirstrika það, sem ég sagði áðan, að ég vænti þess fastlega, að ríkisstj. stuðli að því, að það komi sem allra víðast upp fisksölusamlög og þau taki skip á leigu og annist fiskflutningana hvert hjá sér, og að þegar það sé gert á hverjum stað, þá hafi þessi leiguskip samlaganna forgangsrétt að því að kaupa fisk í viðkomandi verstöðvum, en önnur skip verði látin bíða, ef þau geta ekki komizt að jafnframt til fiskkaupa.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Hv. síðasti ræðumaður, 2. þm. N-M., sagði, að það væri ekki upplýst, hvort samningurinn væri undirritaður. Ég sagði í ræðu minni í upphafi umr. um þetta mál, að samningurinn væri undirskrifaður. Og hann er endanlega frá genginn. En jafnhliða undirskrift samningsins fóru fram nótuskipti milli ríkisstj. og sendaherra Dana hér, sem kemur fram sem fulltrúi Færeyinga í þessu máli, um það, að samningurinn skuli ekki taka gildi, fyrr en hann hefur verið samþ. af Alþ., þannig að enn þá vantar samþykki þingsins til þess að hann sé gildur. En eins og ég tók fram þá, er málið komið á þann veg, að ekki er um það að ræða að gera breyt. á einstökum liðum samningsins. Að því leyti er útilokað, að nokkur brú sé í því, að með samþykkt þessarar þáltill. sé aðeins um það að ræða að veita ríkisstj. heimild til þess að undirrita samninginn. Því að undirskrift hans fór fram 9. febr. s. l.

Ég taldi mig vel geta gengið inn á þá brtt., sem hv. allshn. vildi gera, sem hér liggur fyrir. Í henni felst ekki neitt annað en það, að það er sérstaklega undirstrikað við ríkisstj. að aðstoða við útflutning fisks frá þeim stöðum, sem örðugt eiga um útflutninginn, og ríkisstj. er gefin rýmri heimild heldur en hún annars hefði haft til þess að leggja út í slíka aðstoð, eftir því sem hún telur möguleika á. Það var, eins og fram var tekið, meining ríkisstj. að koma þessum málum svo fyrir, að hægt væri að veita viðeigandi aðstoð hverju einasta plássi, sem mögulegt væri, og ríkisstj. hefur að sjálfsögðu ekkert á móti því, þótt þetta sé sérstaklega undirstrikað við hana, þannig að ríkisstj. sé gefið meira olnbogarúm til slíkra ráðstafana. Ég vil þó, út af þessu orðalagi á brtt.: „Ríkisstjórninni heimilast að greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem þessar ráðstafanir kunna að hafa í för með sér", taka fram, að það hefur ekki verið meining ríkisstj. að greiða slíkt úr ríkissjóði, nema eiginlegt tap verði á þessum flutningum í heild sinni, sem ríkisstj. annast. Og hv. þm. mega treysta því, að ríkisstj. kærir sig ekki um að auka ríkissjóði gjöld að óþörfu í þessu efni. Hún þykist hafa nóg með peninga ríkissjóðs að gera samt.

Um önnur atriði, sem hér hefur borið á góma, svo sem hagnýting á íslenzkum skipum til fiskflutninga, þá vil ég taka fram, eins og ég tók fram í fyrstu ræðu minni við fyrri umr. þessa máls, að þannig er háttað um þessi fiskflutningamál, að verði fiskútflutningur aðeins jafnmikill og í fyrra, — fram að þessu hefur hann verið meiri, en ekki er víst, að svo verði yfir alla vertíðina —, þá er síður en svo, að við sjálfir höfum yfir nægilegum skipakosti að ráða til þess. Og þess vegna var lagt út í að leigja færeysku skipin svona á einu bretti og eingöngu vegna þess, að brýn nauðsyn kallaði að um það. Það var því ekki um annað að ræða en hafa færeysku skipin með í flutningunum. Og það hefði horft til stórkostlegra vandræða fyrir okkur, ef færeysku skipin hefðu verið gerð út til fiskveiða, en ekki verið leigð til Íslands. Og við getum vel skilið aðstöðu Færeyinga og hvers vegna þeir vildu leigja okkur skipin með þeim hætti, sem gert var. — En þessi brezku skip, sem ríkisstj. hefur nú fengið umráð yfir, eru aðeins íhlaupaskip, sem taka fisk því aðeins, að hann berist þeim, þegar þau bíða eftir skipalestum, sem fara til Englands. Þau brezku skip, sem önnuðust að verulegum hluta fiskflutningana á síðustu vertíð og á þeim tíma, sem fisksölusamningurinn hefur verið í gildi, eru ekki fáanleg vegna þess, að þau eru eign félags, sem verður að nota þau til annars, af því að það missti mörg sín beztu skip, vegna þess að þau voru tekin til innrásarinnar á meginland Evrópu. — Það er því ákaflega hæpið fyrir okkur að treysta mjög á þessi brezku skip, sem geta aðeins tekið fisk, þegar þau bíða eftir skipalestum. — Eimskipafélagsskipin eru háð svipuðum annmörkum, því að þau eru bundin við skipalestir og því lengur í förum, vegna þess

að þau geta þurft að bíða eftir skipalestum bæði hér og í Englandi.

Það er óhjákvæmilegt, að öll íslenzku fiskflutningaskipin verði áfram í þessu starfi að flytja út fisk á erlendan markað, en síðan koma færeysku og ensku skipin og Eimskipafélagsskipin. Og þó að öll þessi skip verði í gangi, bendir allt til þess, að samt sem áður takist ekki að flytja út sama magn fisks og í fyrra. Það voru fluttar út 77 þús. smálestir fisks á síðasta ári, og af þessum 77 þús. smálestum voru fluttar út 25 þús. smál. með íslenzkum skipum, 25 þús. smál. með færeyskum skipum og 27 þús. smál. með enskum skipum. Nú er alveg fyrirsjáanlegt og vitað, að ensku skipin komast ekki neitt nærri þessu um fiskflutning héðan á þessu ári. Og það eru tiltölulega litlar líkur til þess, að færeysku skipin komist upp í þetta magn, þó að þau séu 60. Það getur verið, að íslenzku skipin haldi þessu magni og komist kannske eitthvað hærra, og það er okkar eina von til þess, að við getum komizt eitthvað nærri þeim útflutningi, sem var á fiski á síðasta ári. Ég segi þetta til þess að benda á, að ekki er sérstök ástæða til að bera sérstakan kvíðboga fyrir því, að íslenzku fiskkaupaskipin verði látin liggja aðgerðalaus. Allar ráðstafanir ríkisstj. í þessu sambandi miðast við, að öll skip, sem við nú eigum kost á til þessara flutninga, og ekki sízt íslenzku skipin, séu tiltæk til þessara flutninga og starfi að þeim af þeirri afkastagetu, sem rúm þeirra leyfir á hverjum tíma.

Í sambandi við brtt. þá, sem hv. þm. Borgf. minntist hér á, að hann hefði í huga að flytja, vil ég benda á, að þarna er komið inn á ákaflega viðkvæmt mál. Og það er að minni hyggju mjög óæskilegt og óhyggilegt að vilja binda hendur ríkisstj. í þessu efni. Eigendur fiskiskipanna segja: Við heimtum sama rétt eins og hvert annað skip hefur, hvort sem fiskimenn sjálfir leigja það eða ríkisstj. leigir það, til þess að taka fisk strax og við erum komnir í höfn. Það má segja, að þetta sjónarmið þeirra sé eðlilegt. En mér er líka kunnugt um, að fiskimenn segja: Við eigum fiskinn sjálfir, og ef við höfum skip, ráðum við, hvar við setjum fisk í okkar skip. Og ég býst við, að þeim mundi þykja það hart, ef Alþ. skyldaði þá til þess að selja fisk sinn til skipa, sem vilja kaupa í sig fisk en þeir þykjast ekki fullsæmdir af, en þeir megi ekki setja fisk sinn í þau skip, sem þeir hafa tekið á leigu. Þarna eru sjónarmið, sem eru algerlega andstæð hvort öðru. En þótt svo sé, þá er nauðsynlegt, þegar litið er á heildarhagsmuni sjávarútvegsins og þjóðarinnar, að sjómenn geti leigt skip, og líka nauðsynlegt að tryggja íslenzkum fiskkaupaskipum aðstöðu til að geta starfað að því að flytja fisk út á erlendan markað. Og það er ætlun ríkisstj. að sameina þessi sjónarmið þannig, að allir megi vel við una. — Ég er sannfærður um, að samþykkt till. eins og þeirrar, sem hv. þm. Borgf. boðaði, mundi hafa það í för með sér, að ríkisstj. yrði að reka öll færeysku skipin, 60 að tölu. Og ég er líka sannfærður um það, að sá rekstur yrði mjög miklu óhagkvæmari heldur en ef færeysku skipin eru rekin af samlögum útvegsmanna sjálfra, sem eiga að setja fiskinn í þau. Það yrði geysilegt bákn, sem yrði úr því fyrir ríkið, ef það ætti að stjórna rekstri allra þessara skipa, og, eins og gerist og gengur, þegar ekki er hægt fyrir hlutaðeigendur að hafa daglegt eftirlit á staðnum með rekstrinum, mætti búast við, að þar yrðu mörg mistök á. Og þetta er hlutur, sem ríkisstj. óskar ekki eftir að þurfa að vasast í. En slíkt yrði útkoman, ef þessi brtt. yrði samþ. Og ég tel, að engin ástæða sé fyrir því að koma með slíka brtt., vegna þess að ekkert hefur enn komið fram, sem sýni, að ríkisstj. ætli sérstaklega að ganga á rétt skipaeigenda. Ríkisstj. ætlar ekki að ganga á rétt þeirra, heldur sameina þessi tvö sjónarmið, til þess að allur okkar skipastóll hagnýtist sem bezt, af því að okkur er það bráðnauðsynlegt. Og því treysti ég, að ekki komi til þess, að hæstv. Alþ. samþ. neitt í þá átt, sem fram kemur í þeirri brtt., sem boðuð var af hv. þm. Borgf. Ég vil sérstaklega benda á, að ég lít svo á, að samþ. till. eins og þeirrar, sem hv. þm. Borgf. las hér upp, mundi síður en svo gera flutningaskipaeigendum gagn. En hún mundi vekja ákaflega miklar deilur, ákaflega harðvítugar deilur í verstöðvum um allt land, sem mundu valda slíkri misklíð, er mundi miklu frekar verða til þess, að réttur skipaeigenda yrði fyrir borð borinn af fiskeigendum sjálfum, af því að þeir eiga fiskinn, og mundi því hafa öfugar verkanir við tilgang þeirra manna, sem boðuðu þessa brtt.

Ég vil undirstrika það, að ríkisstj. er fullkomlega ljóst og hún hefur miðað allar sínar ráðstafanir í málinu við það, að allur sá skipastóll, sem tiltækur er hér á landi, þarf að vera notaður til fiskflutninga. Og það bendir ekkert á það enn þá, að sá skipastóll verði ekki allur nauðsynlegur til fiskflutninga á þessari vertíð.

Það kom fram í blöðum andstæðinga ríkisstj., að mikil vandræði voru um fiskflutninga í lok janúarmán. Þá barst geysimikill fiskur á land. Og þá var ríkisstj. látlaust legið á hálsi fyrir það, að hún væri völd að þessu öngþveiti, af því að henni hefði ekki tekizt að útvega skip. En þetta var gripið úr lausu lofti allt saman, af því að ríkisstj. gerði allt, sem mögulegt var, til þess að afla skipa og hraðaði þeim ráðstöfunum eins og hún gat. Sumt af þessum blöðum ásakar nú ríkisstj. fyrir það, að nú skuli vera of mörg skip í þessum flutningum og íslenzkir skipaeigendur séu settir hjá vegna þess. Og það eru nærri sömu orðin notuð nú til þess að ávíta ríkisstj. fyrir þetta eins og áður voru höfð viðkomandi því, að skip vantaði þá. En ef vertíðin nú verður svipuð og var á s. l. ári, er ekki ástæða til að ætla, að við höfum of mörg skip til fiskflutninga. Og allar mögulegar leiðir hafa verið notaðar til þess að fyrirbyggja, að til vandræða komi með fiskflutning héðan. Og einn liður í þeim ráðstöfunum er leigan á færeysku skipunum, sem alls ekki miðar að því að setja íslenzku skipin út úr þessum flutningum. Og ég fullyrði, að ríkisstj., þrátt fyrir mismunandi skoð-

anir þeirra manna, sem starfa að þessum málum, hefur fullan hug á því að haga þessum málum þannig, að allir megi vel við una og að allur sá skipakostur, sem við ráðum nú yfir, notist sem bezt.

Garðar Þorsteinsson: Út af því, sem hæstv. ráðh. sagði síðast viðvíkjandi leigu á færeysku skipunum, efast ég ekki um, að fyrir ríkisstj. hefur vakað að tryggja íslenzka hagsmuni.

Hv. frsm. allshn. sagði, að þeir, sem mættu á fundi n., hafi lýst því yfir, að það væri vilji n., að íslenzkum fiskútflytjendum væri gert jafnhátt undir höfði og erlendum. Hv. þm. Borgf. tók þetta þannig, að full notkun skyldi vera á íslenzkum skipum.

Ég er ekki viss um, að þetta þurfi að fara saman. Þau skip, sem leigð eru, njóta sama réttar, en þau, sem ekki hafa náð leigusamningi, hafa ekki þann rétt. Og það er þetta, sem ég hef verið að berjast við að fá út hjá hæstv. ráðh., að þessi skip fái sama rétt. En það mátti jafnvel skilja hið gagnstæða af ræðu hans áðan. Hæstv. ráðh. sagði, að till. okkar hv. þm. Borgf. boðaði það, ef hún yrði samþ., að íslenzka ríkið yrði að reka skipin sjálft. Það, sem okkur skilur á við ríkisstj., er aðeins það, að við viljum, að öll íslenzk skip njóti sama réttar og erlend skip. Ég hygg, að ég hafi tekið rétt eftir því, að öll skip, sem eru í leigu, eiga að hafa jafnrétti. Ef eitthvað annað vakir fyrir hæstv. ríkisstj. en láta þau skip, sem næst liggja, sitja fyrir fiski, en það er hið eina réttláta, þá óska ég eftir, að hún upplýsi það. Till. okkar hv. þm. Borgf. gengur aðeins út á þetta, en ef ríkisstj. telur, að hún orsaki, að ríkið verði að reka skipin, þá meinar hún eitthvað annað en þegar er komið fram. Hv. þm. Barð. sagði, að það ætti að koma full notkun á íslenzk skip, en ég óska eftir, að ríkisstj. segi af eða á um þetta atriði, hún gerir engum gott með því að draga hv. þm. á því. Ég held, að það sé ekkert leyndarmál, sem hv. 6. landsk. sagði mér í kvöld, að það væri misskilningur, ef ég héldi, að fiskimálan. leigði nokkur skip upp á það, að þau hefðu forkaupsrétt, en þá finnst mér heldur ekki eðlilegt, að erlend skip geti haft forkaupsrétt. Ef ég eða einhver annar á skip, sem flytur fisk til Englands, þá á ég ekki að gjalda þess, að ríkið hefur leigt skip og þarf að koma af sér ábyrgð.

Hæstv. ráðh. sagði, að þótt fiskflutningarnir yrðu ekki meiri en í fyrra, þá hefðu öll skipin nóg að flytja. Þetta getur átt við, meðan vertíðin stendur yfir, en það mun ekki verða, þegar kemur fram yfir miðjan maí, og ef erlend skip eiga þá að ganga fyrir, þá hlýtur það að koma niður á íslenzkum skipum.

Hæstv. ráðh. sagði einnig, að brezku skipin væru aðeins íhlaupaskip, en ég dreg það í efa, að ríkisstj. fái Breta til að láta skipin bíða eftir fiski á sinn kostnað.

Ég vil nú lýsa því yfir, að ef ríkisstj. gefur það upp, að öll skip hafi sama rétt, þá sé ég ekki ástæðu til að flytja þessa till. Þá vil ég og vænta þess, að hv. þm. Barð. gefi yfirlýsingu um afstöðu n. til þessa atriðis.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Þegar þetta mál hefur verið til umr. innan ríkisstj., þá hef ég verið meðal þeirra, sem hafa verið því hlynntir, að hlutur íslenzkra fiskútflytjenda yrði ekki fyrir borð borinn. Ég hef því miður ekki átt kost á að hlusta á þessar umr. nema að litlu leyti, en það, sem ég hef heyrt af þeim, hefur mér þótt nokkuð einstrengingslegt og einatt haldið uppi hlut íslenzkra fiskútflytjenda. En ég vil benda á, að hér koma til greina margvísleg hagsmunamál. Það hafa komið fram raddir frá fiskimönnum um, að það sé hart, að þeir skuli ekki mega leigja skip undir sinn fisk. Þessum röddum hefur ríkisstj. svarað á þá leið, að hún hljóti að miða slíkar ákvarðanir við fleiri en eitt sjónarmið, og hún hefur leitazt við að sjá svo fyrir, að engra hlutur verði fyrir borð borinn. Málsvarar fiskútflytjenda segjast gera sig ánægða með, að öll skip njóti sama réttar. En eins og þetta mál liggur nú fyrir, þá er það hv. þm. vitanlegt, að fiskimálan. leitast við að framleigja færeysku skipin, og það er til hagsbóta fyrir heildina. Þegar þetta sjónarmið er haft í huga, þá getur verið erfitt að taka fyrir fram svo og svo nákvæmar ákvarðanir. Við getum ekki lofað meira en að íslenzk skip skuli fá sömu afgreiðslu og færeysk skip. Það er engum vafa undirorpið, að ríkisstj. gerir sér ljóst, hvað henni ber að gera í þessu máli, og hún mun ekki ganga á hlut íslenzkra fiskútflytjenda. Nú hygg ég, að flestum hv. þm. sé það kunnugt, að burðarmagn íslenzkra smáskipa er meira en færeyskra. Það væri því Bakkabræðrabragð, ef þau væru látin sitja á hakanum. Þetta skilur ríkisstj., enda nauðsynlegt, að hún geri sér þetta ljóst, til þess að við komum fiskinum frá okkur.

Annars hefur ríkisstj. ekki enn þá ákveðið til fullnustu, hvernig þessu verður fyrir komið í einstökum atriðum. En hún mun á hverjum tíma leitast við að hátta sínum gerðum sem bezt og haganlegast fyrir alla aðila. Ég veit, að flestir hv. þm. krefjast ekki meir, enda ekki hæfilegt að krefjast meir.

Ég vil svo út af einu atriði í ræðu hv. 2. þm. Eyf. segja það, að ég tel, að sé skip tekið á leigu af Íslendingum, þá njóti það sama réttar og erlend skip. Það er hinn herfilegasti misskilningur, að erlend skip eigi að fá nokkurn rétt fram yfir íslenzk skip. Aðalvandamálið í þessu efni er það, hvernig séð verður fyrir hag veiðimanna og skipaeigenda, en ekki erlendra og innlendra skipa. Þetta er misskilningur, sem mér hefur fundizt bera á hér. Ég held, að það sé engin skynsamleg ástæða til að ætla, að útflutningur verði minni 1945 en 1944, en við höfum nú minna skiprúm.

Engar líkur eru til, að brezku skipin anni meir en hálfu því flutningamagni, sem þau önnuðust í fyrra, og engar líkur til, að færeysku skipin anni heldur jafnmiklum flutningum og í fyrra eða meir en 4000—4500 smál. á mánuði. Þau koma varla

til flutninga fyrr en seint í þessum mánuði og flytja á 3 mánuðum á að gizka 13000 smál. Síðan er 30 skipum, sem verða í flutningum yfir sumarmánuðina, varla ætlandi að flytja meir en 12000 smál. Við verðum að hníga að því flutningakerfi, sem færir ísl. fiskflutningsskipaeigendum þau réttindi, sem þeir geta við unað. Það er ekki meiningin með þessari þáltill. að skipa ríkisstj. fyrir á alla lund, hvernig þessum málum verði hagað, og ekki rétt að gera það fyrr en ríkisstjórn og Alþingi hafa athugað það nokkru lengur. En ef sú till. yrði flutt, sem tveir hv. þm. hafa boðað, og hún yrði felld, þá teldi ég miklu verr farið en heima setið og rétti fiskflutningaskipaeigenda lakar borgið eftir það en ella mundi. Ég hlyti að greiða atkv. móti þeirri till., ef fram kæmi. Ef hún yrði samþ., er það alveg rétt, sem hæstv. atvmrh. gat um, að af því kynni að leiða mjög aukin vandkvæði fyrir ríkisstj. með framleigu færeysku skipanna, en það aftur leiða af sér fyrir ríkissjóð fjárhagsáhættu, sem ég held, að vel megi stýra hjá.

Ríkisstj. hefur hvað eftir annað lýst yfir því, að hún muni haga því svo, að einskis manns réttindi verði fyrir borð borin. Ég vona, að því verði treyst, að hagsmunamál ísl. flutningaskipa verði tekin til greina. En ef lagt væri út í það að binda hendur ríkisstj. í því máli, þá gætu einhverjir fleiri verið, sem færu fram á fleiri skuldbindingar. Ég mæli með því, að þáltill. verði samþ. án annarra breyt. en þess viðauka, sem n. leggur til og ekkert er athugavert við frá mínu sjónarmiði.

Eysteinn Jónsson: Allshn. hefur flutt brtt., sem ég tel mjög til bóta. Þar er undirstrikaður sá þingvilji, sem komið hefur fram í dag, að tryggja skuli hagsmuni þeirra, sem fisk þurfa að flytja út frá hinum smærri fisksöluhöfnum. Ég minntist á það í dag, að ástæða væri til að skipa í betra horf fleiri atriðum þessa máls en hér er snert við. Þar átti ég m. a. við, hvernig farið yrði með flutningarúm í brezkum skipum, sem ríkisstj. hefur á leigu, og hvernig jafna skuli niður þeim hagnaði, sem af rekstri þeirra kann að verða, og hvernig framkvæmd yrði verðjöfnun í því sambandi. Nú hefur það orðið niðurstaða í n. að binda sig í þessari þál. nokkru þrengra við færeysku skipin en ég hafði hugsað mér. Get ég fallizt á að taka það mál þannig út af fyrir sig, en aðrir þættir málsins verði athugaðir betur í allshn., í trausti þess, að hún láti frá sér heyra um málið svo snemma, að það verði tekið til afgreiðslu á þessu þingi.

Hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Eyf. hafa deilt á þessa till. eins og hún er. Ég skal játa, að ég hef staðið í þeirri meiningu og geri enn, þrátt fyrir ræðu hæstv. forsrh., að það komi ekki annað til mála en samlög útvegsmanna, sem skip hafa á leigu til fiskflutninga, fái að nota þau eins og þeim er hentugast, — að það komi ekki til mála, að þau samlög verði úrskurðuð til þess að selja í fiskkaupaskip á sama tíma sem þau hafa e. t. v. leiguskip sín aðgerðalaus og þurfa að greiða þeim fulla leigu fyrir að bíða. Ef samlögin geta ekki treyst því að fá að nota sér skipin, taka þau vitanlega engin skip á leigu. Ég er satt að segja alveg undrandi yfir, að þetta skuli þurfa að orka tvímælis og vekja hér deilur. Út af því, sem hér hefur komið fram, lægi næst að koma með brtt., sem tryggði samlögunum þennan sjálfsagða hlut, að þau fái að nota skip sín óhindrað. Enginn vafi er á, að það er vilji Alþingis, að þau fái það, óhindrað. Ég hlýt að líta svo á, að ríkisstj. sé sá þingvilji kunnur og verði að telja það skyldu sína að framfylgja honum.

Það ætti að vera sjálfsagður hlutur, að aldrei verði send fiskkaupaskip nema þangað, sem fiskur er til sölu, en þar, sem samlög hafa leiguskip til að flytja fiskinn, verður enginn fiskur að jafnaði til sölu í fiskkaupaskip.

Hér hefur verið talað um rétt íslenzkra skipa og rétt erlendra skipa. Þær umr. koma að réttu lagi málinu ekkert við. Hér er ekki um aðra skiptingu að ræða en tvískipting í fiskkaupaskip og leiguskip samlaga. Þá ætti í því sambandi að vera algert aukaatriði, hvort skip er íslenzkt eða erlent.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Þetta mál hefur þvisvar verið hér til umr., áður en þessi fundur byrjaði, fyrst vegna fyrirspurna hv. þm. Str. utan dagskrár, síðan á lokuðum fundi og í 3. lagi við fyrri umr. þál. þessarar í dag. Frá öndverðu hefur í umr. mátt kenna kulda frá ýmsum til íslenzkra flutningaskipaeigenda. Það kom berlega fram á fyrsta stigi málsins, að einstakir ráðh. litu á þá eins og einhverja varga, sem ættu ekki rétt á sér. Nú hefur þetta breytzt allmikið á síðasta stigi málsins. Ég greiddi atkv. með því, að þetta mál færi til n., í þeirri von, að viðræður þar yrðu sanngjarnlegri en í d. Mér var það ljóst, að Alþ. mundi jafnt fyrir nefndarathugun samþ. þáltill. á þskj. 1120, en það, sem mér fannst ekki mega á vanta, var, að ríkisstj. yrði fyllilega vör við vilja Alþingis og það, í hverju trausti það samþ. till. þessa. Með því móti ætlast ég til, að íslenzkir fiskflutningaskipaeigendur fái í verki viðurkenndar kröfur sínar um jafnrétti við aðra. Við þessu fengust engin svör á fundinum í dag. En nú hafa komið fram mjög vinsamleg ummæli í garð fiskflutningaskipaeigenda bæði frá hæstv. atvmrh. og hæstv. forsrh. Ég get látið mér þau ummæli nægja, þó að ég hefði að sjálfsögðu greitt atkv. till. hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Eyf., ef fram hefði verið borin. Vissan um það, að fyrir henni væri þingvilji, ef fram væri borin, ætti að nægja til að tryggja jafnrétti, og mundi ég telja það algera brigðmælgi af hálfu ríkisstj., ef út af því bæri.

Í þessu sambandi vildi ég minna hv. þm. á það, sem ég er ekki viss um, að þeim sé ljóst, hvernig sá íslenzki fiskflutningafloti er til orðinn, sem hér ræðir um. Þessi skip eru flest minni en togarar og stærri en línuveiðarar almennt. Flest eru skipin gömul og komin sum úr notkun fyrir stríð og þá niðurnídd, þóttu ekki hæf nema til síldveiða og mundu alls ekki hæf til fiskveiða nú, þótt veiðarfæri og útbúnaður á þau væru fáanleg. Á stríðsárunum hafa þessi skip svo verið dubbuð upp með

ærnum kostnaði til flutninga, sum endurbyggð að miklu eða mestu leyti, mörg stækkuð, settar í þau nýjar vélar o. s. frv. Sumir keyptu skip til fiskflutninga. Þessi skipafloti hefur annað ⅓ fiskflutninganna frá Íslandi til Bretlands. Ég veit ekki, með hvaða rétti menn tala um þessa menn eins og þeir væru sekir. Ég veit ekki, hvort það væri til of mikils mælzt, að allir þm. skildu og játuðu, að þessi skip eiga að njóta jafnréttis við skip, sem tekin eru á leigu frá útlöndum. Ég heyri, að hv. ríkisstj. hefur nokkurn beyg af fiskeigendum. Það er kannske eðlilegur hlutur, því að þeir eru nokkuð fjölmennir. En mér sýnist stjórnin hafa sýnt töluvert mikla röggsemi í því að tryggja hlut fiskeigenda. Ég veit ekki betur en hún sé búin að taka á leigu 60 færeysk skip, áreiðanlega með áhættu fyrir ríkið, enn fremur 6 stór, erlend fiskflutningaskip, til að flytja aflann út fyrir fiskeigendur. Jafnframt hefur hún hækkað fiskverðið um 15%, þrátt fyrir boðun um lækkað verð erlendis. Mér sýnist hún ekki þurfa að ganga í keng af ótta við fiskeigendur. Ég hef aldrei meira vitað gert í einu til að tryggja þeirra atvinnurekstur. Við hvað er stjórnin þá hrædd? Mér skilst hún vera hrædd um, að fiskeigendur vilji ekki nota hin erlendu skip, ef þau njóta ekki sérréttinda. Ég gat ekki áttað mig vel á afstöðu hv. 2. þm. S.-M., þegar hann ræddi um leiguskip samlaga. Hver eru þau skip? Ætli það séu ekki skip, sem ríkisstj. hefur útvegað þeim? Þeim er í sjálfu sér sama, hver skipin eru, bara að þeir hafi skip. Ef menn koma fiskinum á markað fyrir hækkað verð, þá held ég þeim megi vera sama, hvort það er með innlendum eða erlendum skipum.

Ég mun láta mér nægja ummæli þeirra tveggja ráðh., sem ég nefndi, ber það traust til þeirra og sérstaklega hæstv. forsrh., að það sé óhætt. Ég skil orð þeirra svo, að þeir ætli að láta fiskflutningaskip íslenzkra eigenda njóta jafnréttis, og mun telja brigðmælgi, ef brugðið verður af því.

Pétur Ottesen: Mér þótti það harla einkennileg ástæða, sem mér virtist hæstv. forsrh. gefa í skyn í sambandi við þá till., sem lýst var hér, en ekki borin fram, að svo gæti farið, að hagsmunir íslenzkra fiskflutningaskipa og erlendra gætu rekizt á við hagsmuni fiskeigenda. Annaðhvort eru skip tekin á leigu til fiskflutninga eða fiskur keyptur í þau. Séu skipin tekin á leigu, njóta fiskeigendur hagnaðar, ef hann verður, af útflutningnum. En ríkisstj. hefur ákveðið verð á fiski, sem keyptur er í skip. Og mér er sagt, að miðað við þá stærð, sem algengust er hér, muni flutningurinn ekki gera meira en borga sig. A. m. k. getur ekki orðið þar um mikinn hagnað að ræða fyrir skipaeigendur. Ég skil þá ekki, í hverju það liggur, að þarna rekist á hagsmunir þeirra og fiskeigenda.

Nú skilst mér, eftir þeim upplýsingum, sem gefnar hafa verið um færeysku skipin, sem leigja á, og útbúnað þeirra og viðhald þeirra skipa, að þá sé síður en svo, að gera megi ráð fyrir, að meiri trygging sé í því að flytja út fisk á færeysku skipunum heldur en á íslenzkum skipum. Ég hygg, að það sé heldur það gagnstæða. Þegar litið er á heildarhagsmuni þjóðarinnar, sem ber að gera í þessu máli, þá sjá allir, hvaða hagfræði það væri að ætla að bægja íslenzku skipunum frá þessum fiskflutningum og láta erlend leiguskip hafa þar meiri rétt. Slíkt næði ekki nokkurri átt, því að hvað ættu Íslendingar þá að gera við sín skip? Þau eru af þeirri stærð, að það mætti gera þau út. En það eru ekki til veiðarfæri til þess að fullnægja þeim skipaflota, sem í dag er gerður út á veiðar — þannig að engin veiðarfæri eru til handa þeim skipum, sem þannig ættu að hverfa úr fiskflutningunum fyrir það, að erlend skip væru tekin til þeirra hluta. Það yrði þá bara að binda þau skip. — Hvernig því, sem á þetta er litið, er það mikið hagsmunamál fyrir Íslendinga að nota til þess ýtrasta þau skip, sem í landinu eru til, til þess að flytja fisk á erlendan markað. Þetta vildi ég taka fram, af því að mér virtist hæstv. forsrh. gefa í skyn áðan, að þarna gætu e. t. v. rekizt hagsmunir á.

Að öðru leyti skal ég ekki lengja umr. um þetta mál. Ég hef áður skírskotað til ummæla hv. frsm. allshn., þegar hann gaf upplýsingar fyrir hönd hæstv. ríkisstj. um framkvæmd þessara mála. Til viðbótar því vil ég svo skírskota til ummæla, sem hæstv. atvmrh. hefur haft sjálfur um þessa framkvæmd. Hann sagði hér áðan, að í sambandi við fiskflutningana skyldu íslenzku fiskflutningaskipin ekki verða látin vera aðgerðalaus. Og hann sagði enn fremur, að þau skip mundu verða notuð með þeirri afkastagetu, sem rúm þeirra leyfði. Það skrifaði ég orðrétt upp eftir hæstv. atvmrh. Mér finnst, að í þessu felist yfirlýsing hæstv. atvmrh. um það, að það eigi að nota til þess ýtrasta þann íslenzka skipaflota, sem hér er tiltækur, til þess að flytja fisk á erlendan markað, og setja hann ekki að neinu leyti skör lægra heldur en þau skip, sem tekin hafa verið á leigu og eiga að þjóna þessu sama hlutverki. Og enn fremur er það, að sá hæstv. ráðh. samþ. það með þögninni áðan, því að ég skírskotaði til hans í því efni í minni fyrri ræðu, að hér yrði ekki gert upp á milli þess, hvort fiskflutningaskip væru tekin á leigu eða þau væru rekin á eigin reikning.

Hv. þm. S.-M. minntist á þetta mál áðan og sagði, að það væri hart, ef inn á eitthvert félag, sem tekið hefði skip á leigu, væri þröngvað fiskkaupaskipi. Þetta kæmi ekki til mála, ef þörfum fisksölusamlaga er fullnægt með skipum, sem þau hafa á leigu. Þá fyrst, þegar þau hafa meiri fisk en svo, yrði fiskur til kaups í fiskkaupaskip á þeim stað. En þegar fiskur þannig væri til kaups á einhverjum stað, er sanngjarnt að fara fram á, að erlend skip verði ekki rétthærri til að kaupa hann heldur en íslenzk skip. Og ákvæði þessarar brtt., sem ég hafði boðað að flytja, á við þetta. Og með tilliti til þess, sem hæstv. atvmrh. sagði, að íslenzku skipin skyldu ekki verða látin vera aðgerðalaus, heldur mundi afkastageta þeirra, eftir því sem rúm þeirra leyfði, verða notuð, og með skírskotun til þess, að ekkert kom fram í ræðu hæstv. forsrh. í andstöðu við þetta, get ég litið á þetta sem yfirlýsingu ekki aðeins

hæstv. atvmrh. eins, heldur yfirlýsingu, sem gefin sé af hálfu hæstv. ríkisstj. allrar um framkvæmd þessara mála, — með skírskotun til þess get ég fallið frá því að bera fram þá brtt., sem ég hafði boðað áðan og lýst, gangandi þá út frá því, að með þessum hætti, sem hæstv. ráðh. hefur lýst, verði hagað framkvæmd fiskflutninganna.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Út af ummælum hv. 7. þm. Reykv. vildi ég taka fram, að ekkert af því, sem ég sagði áðan í ræðu minni á þessum fundi, var ekki áður komið fram á fundi í dag. Það er ekki komið neitt nýtt nú á þessum fundi fram í þessu máli. Og að gefnu tilefni vil ég taka fram, að ég hef enga ástæðu til þess að reka hornin í fiskiskipaeigendur. En þó er ég þeirrar skoðunar, að fiskimaðurinn, sem á fiskinn, sé rétthærri heldur en þeir til þess að ákveða um, hvernig hann skuli fluttur. Þetta er mín persónulega skoðun. Og ég álít, að það sé ekki hægt að ganga inn á þær brautir, sem boðað er í brtt. þeirri, sem hv. þm. Borgf. las hér upp áðan, af þeirri einföldu ástæðu, að þá væri ríkisvaldið beinlínis að taka upp sjónarmið fiskiskipaeigendanna gegn sjónarmiði fiskimannanna, sem ég þó tel það, sem þýðingarmest sé og eigi því meiri rétt á sér. Og allur okkar útvegur er kominn undir því. að fiskveiðarnar séu reknar með nægilegum krafti. Ég vil ekki, að hv. þm. Borgf. og hv. 7. þm. Reykv. séu neitt í vafa um það, hvað ég legg mikla áherzlu á, að fiskimaðurinn fái sem mest fyrir sinn fisk, og að ég tel hans rétt að því leyti meiri heldur en fiskflutningaskipaeigendanna. Og þau tilvitnuðu orð, sem hv. þm. Borgf. hafði eftir mér, voru að því leyti rétt, að ég sagði, að ef vertíð yrði skapleg. væri ekki annað fyrirsjáanlegt heldur en allur fiskiskipafloti okkar yrði hagnýttur að fullu, ef maður dregur ályktanir frá þeim tölum, sem fyrir liggja um fiskútflutning á s. l. ári. — Ég vil enn taka það fram, að þegar við erum að tala um rétt fiskiskipaeigenda, þann rétt, að þeir eigi rétt á því að fá að taka fisk hvar, sem þeir koma í höfn, og að ríkisstj. skyldi smáútvegsmenn, sem hafa fisksölusamlög, til þess að gefa frá sér sín skip, en selja fisk til fiskkaupaskipa.... *(PO:* Heyrði ekki hæstv. ráðh. það, sem ég sagði?) Ég heyrði það vel, en ég vil þó ekki, að hv. þm. sé neitt í vafa um þetta, — ég vil þá frekar, að hann flytji sína brtt. en að hann haldi það, að ég vilji ganga einhliða inn á sjónarmið fiskkaupmanna. Hitt undirstrika ég, að mjög mikil nauðsyn er á því, að íslenzk fiskflutningaskip séu í þessum flutningum, miðað við, að vertíð verði ekki lakari nú heldur en í fyrra. Og ríkisstj. mun gera allt, sem hún getur, til þess að sameina svo þessi andstæðu sjónarmið, sem þarna eiga sér stað, annars vegar sjónarmið eigenda fiskiskipanna og sjónarmið fiskimannanna hins vegar, þannig að engin vandræði hljótist af, svo að úrlausnin verði sú, að íslenzku skipin verði hagnýtt svo sem bezt má verða. Og ég býst við, að vertíðin verði tæplega svo, að skiprúm þeirra hagnýtist ekki. — En það er alger misskilningur, ef hv. þm. Borgf. hefur álitið, að ég væri búinn að taka upp þá stefnu eða meiningu, sem kemur fram í hans till. Ég vil heldur, að hann beri fram sína brtt. en hann misskilji orð mín þannig.

Frsm. (Gísli Jónsson): Það er bert af þeim umr., sem hér fara fram, að það hefur farið betur, að till. þessari var vísað til n. til athugunar. Það er ekki vafi á því, að hv. þm. geta betur fellt sig við till. eftir þá viðbót, sem komin er fram brtt. um. Og ég er ekki viss um, að einmitt þeir menn, sem hér hafa ákveðnast haldið fram hagsmunum fiskiskipaeigenda, hafi gert sér nægilega ljóst, hve mikil fríðindi felast í þeirri viðbót, sem miðað er að með brtt., að sett verði inn í till. Því að það er ekki lítið atriði fyrir þá, að ríkisstj. skuli hafa heimild til að nota fé úr ríkissjóði til þess að safna saman fiski t. d. frá hinum fjarlægari stöðum og að þannig séu skapaðir möguleikar til þess, að fiskur verði keyptur frá þeim stöðum, sem fiskflutningaskipaeigendur gátu ekki keypt frá áður. Þess vegna legg ég megináherzlu á að fá þessa viðbót inn í till. Og ef lesinn er samningurinn, sem prentaður er á þskj. 1120, þá sést það í 14. gr., að það er gert ráð fyrir því, að smæstu skipin, sem leigð eru af Færeyingum, geti kannske ekki borið sig í flutningum til Englands, og þá er heimilt að nota þessi skip í flutninga við strendur Íslands, m. a. til þess kannske að safna saman fiski frá smærri stöðunum. Og það getur margborgað sig fyrir þjóðarbúið og alla aðila, fremur en að nota þessi skip til flutninga á fiski til Englands.

Vegna þeirra ummæla, sem komið hafa fram frá báðum hæstv. ráðh., sem talað hafa, þar sem þeir í raun og veru hafa staðfest þau ummæli, sem ég hafði eftir þeim í n., sé ég ekki ástæðu til að fara frekar inn á það atriði. Og ég sé líka, að hv. þm. Borgf. hefur alveg skilið þessi ummæli á sama hátt og ég. Ég skil hans afstöðu prýðilega vel og felli mig vel við það, að hann vill falla frá að flytja skrifl. brtt. sína, sem hann las hér upp, með tilliti til þeirra yfirlýsinga, sem fram hafa komið í málinu.

Um fyrirspurn hv. 2. þm. Eyf. um það, hvort ætti að skilja það svo, að jafn aðgangur eigi að vera að fiskkaupum fyrir íslenzk flutningaskip og hin færeysku leiguskip í hinni víðari merkingu, eins og hann orðaði það, vil ég segja það, að ég hef ekki skilið það þannig, að íslenzku fiskflutningaskipin ættu að hafa annan og meiri rétt en önnur skip til fiskkaupa. Og ég vil benda á, að hér getur Landssamband útvegsmanna fyrirskipað, að þessi skip fari ekki aðeins til Keflavíkur, Akraness og annarra slíkra hafna, heldur dreifi sér út um land til fiskkaupa, alveg eins og leiguskipin. Þau fá ekki þann rétt að sigla á beztu hafnirnar til fisktöku, en láta hinar lakari vera. Nei, þau verða að hafa sama rétt og færeysku skipin og sömu skyldur til að taka vondu hafnirnar einnig, ef nauðsyn þykir á hverjum tíma. Og með tilliti til yfirlýsinga hæstv. ríkisstj. geri ég ekki ráð fyrir, að í þessu efni verði beitt misrétti gagnvart íslenzku skipunum.

Annað sjónarmið kemur og til greina, sem hv. þm. Borgf. hefur skilið. Ef einhver aðili hefur

leiguskip, sem nægja til þess að flytja út hans fisk, þá er ekki hægt að þvinga þann sama aðila til þess að láta fiskinn í önnur skip, sem vilja taka fisk.

Ég sé ekki ástæðu til að lengja þessar umr. En till. hefur miklu meira þingfylgi að samþykktri brtt. á þskj. 1138 heldur en hún mundi hafa í því formi, sem hún var í við fyrri umr.

Pétur Ottesen: Þess var nú kannske að vænta, að stöðuglyndi hæstv. atvmrh. væri ekki meira en góðu hófi gegndi. En hitt þótti mér hálfeinkennilegt, að hann skyldi hér reyna að gera tilraun til þess að snúa út úr fyrir mér um það, hvað ég hefði sagt og hvað í þessari brtt. fólst. Hann hefur haldið því fram hér, að ég haldi hér fram eingöngu hagsmunum skipaeigenda og í því augnamiði að geta gert sjómönnum óleik með þeim hætti. Ég skilgreindi þetta atriði nokkuð hér, sem svo hæstv. atvmrh. vildi snúa út úr, og gerði ég það út frá ummælum, sem féllu hjá hæstv. forsrh., sem voru vitanlega á annan veg heldur en hjá hæstv. atvmrh., — sem vitanlega sýnir, hve mikill munur er á manngildi þessara tveggja manna og yfirleitt framkomu í opinberum málum. — Ég var búinn að segja það hér, að þessi brtt., sem ég lýsti hér og vildi, að kæmi til greina á einhvern hátt, byggðist eingöngu á því, að þarna færu saman hagsmunir skipaeigenda og hagsmunir sjómanna, þannig að með þessum hætti væri náð sem mestum hagnaði fyrir þjóðina í heild. Ég tók skýrt fram hér, að það væri ekki meiningin með þessari brtt., að þar sem menn hefðu myndað með sér félög og tekið skip á leigu, þá yrði þeim þröngvað á nokkurn hátt til þess að nota ekki þessi leiguskip sín, heldur væri brtt. miðuð beint með tilliti til þeirra staða, þar sem fiskur væri seldur beint í skip, þannig að það væri á einhvern hátt tryggt, að hagsmunir þeirra, sem íslenzk skip eiga, væru ekki fyrir borð bornir samanborið við erlend skip, þó þannig, að saman gætu farið hagsmunir skipaeigenda og fiskimanna. Þegar um er að ræða að nota íslenzka skipastólinn, þá er þetta mikið atriði út af fyrir sig, — þótt hæstv. atvmrh. máske komi ekki auga á það. — Ég er búinn að lýsa yfir, og held mig við það, að ég ætla ekki að bera þessa brtt. fram, og þrátt fyrir það, þótt hæstv. atvmrh. eiginlega gengi frá öllu, sem hann var búinn að lýsa yfir fyrir svo sem einum klukkutíma. Því að það er vitanlegt, að þegar um er að ræða mann eins og hann, sem ekki aðeins segir eitt í dag og annað á morgun, heldur kemst í mótsögn við það, sem hann sjálfur sagði, að einum klukkutíma liðnum, þá er sama um það, — ef hann hefur framkvæmd þessara mála með höndum —, hvort slíkt ákvæði er sett inn í þáltill. eða till. kemur efnislega fram með þeim hætti, sem hér hefur átt sér stað, því að þá metur hann vitanlega það ekki meira, sem skjalfest er, heldur en það, sem með ummælum hans hefur verið slegið föstu hér fyrr í kvöld, — maður, sem leikur þannig á riðli í þessu máli í því, sem hann segir og heldur fram. Þetta sýnir, að það er vitanlega ekkert á því að byggja. Þess vegna verður vitanlega framkvæmd þessara mála að byggjast á öðrum mönnum í ríkisstj. heldur er þessum hæstv. ráðh. Ég ber ekkert traust til hans um að framkvæma þessi mál þannig, að vel sé séð fyrir heildarhagsmunum þjóðarinnar, — eftir framkomu hæstv. atvmrh. nú.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. — Það eru aðeins örfá orð. Það, sem gaf mér tilefni til að standa á fætur, voru þau orð hæstv. forsrh., sem hann hafði áðan, að honum fyndist, að ég hefði dregið fram nokkuð einstrengingslega rétt eigenda íslenzkra fiskflutningaskipa. Ég get ekki fallizt á þetta, því að ég hef ekki flutt mitt mál öðruvísi en svo að reyna að tryggja, að þessir aðilar eigi fullan rétt á sér í þjóðfélaginu, sem hingað til hefur verið viðurkennt, að hafi starfað fyrir þjóðfélagið að nauðsynjamáli. Ég hef aðeins farið fram á, að þessir aðilar megi starfa á sama grundvelli og áður. Ég veit, að hæstv. forsrh. veit það, að hér starfa og eru að verki, — ég veit ekki, hve margir tugir eða hundruð skipa —, sem á undanförnum árum hafa flutt út fisk til Englands fyrir marga tugi milljóna kr. Þau hafa borið misjafnt úr býtum, en enginn hefur til þessa dregið í efa þeirra réttmæta starf. Og ég hafði ekki farið fram á annað en þessir aðilar hefðu jafnan rétt til starfs síns og aðrir. Þetta var ekki sagt af vantrausti á hæstv. ríkisstj., heldur að því gefna tilefni, að það var ekki vitað almenningi, þegar brezku skipin voru tekin á leigu, að þau hefðu forkaupsrétt að fiski, og var ekki vitað fyrr en það kom síðar á daginn. Það var sjálfsagt nauðsynlegt, og ég get fallizt á það. En samt sem áður var það ekki vitað fyrr en eins og ég sagði. Og þegar svo stendur í þáltill., sem hér kemur til atkv., að það eigi að heimila ríkisstj. að leigja út þessi færeysku skip, þá gat manni dottið í hug, að það sama ætti að koma í samninga um þau skip eins og um brezku skipin, að leigutaki fengi rétt til þess að láta þau ganga fyrir íslenzkum skipum um rétt til kaupa á fiski. Og þetta vildi ég vita. Og ég vildi hafa það tryggt, að réttur þeirra íslenzkra aðila, sem staðið hafa fyrir fiskflutningum á undanförnum árum, væri ekki með þessum samningum borinn fyrir borð. — Og ég hef nú fengið þær upplýsingar í þessu efni hjá hæstv. ríkisstj., sem ég mun láta mér nægja. Og ég trúi því, að hún muni gagnvart þessum aðilum sjá svo til, að þeirra réttur verði sem jafnastur á við rétt þeirra aðila, sem hér koma inn í, sem sé þeirra, sem hafa færeysku skipin á leigu. Ég mun sætta mig við þetta og ekki bera fram þá brtt., sem ég og hv. þm. Borgf. vorum áðan að boða. Það, sem ég þess vegna er ekki alveg ásáttur með, eru þau ummæli hæstv. atvmrh., að það sé skoðað þannig, að í mínum ummælum, að því er snertir fiskflutningana, felist einhver ágengni gagnvart fiskimönnum. Ég held, þvert á móti, að interessa þessara tveggja aðila, fiskimanna og flutningaskipaeigenda, hljóti að fara saman. Ég hef vitanlega ekkert á móti því, að fisksölusamlög í verstöðvum taki flutningaskip á leigu. En ég veit samt sem áður dæmi þess, að þau hafa ekki alltaf farið með hagnaði frá því. Og ég er líka, því miður, sann-

færður um það, að svo kynni að fara fyrir þeim verstöðvum a. m. k., sem taka minni skip á leigu, að þau hafi ekki alltaf hagnað af því. Og ég er ekki viss um nema hagsmuna verstöðvanna sé fyllilega vel gætt með því, að þær selji sinn fisk fyrir markaðsverð til þeirra manna, sem taka á sína ábyrgð að sér að selja fiskinn til útlanda. Það er því rangt og út í bláinn sagt, að fiskútflytjandinn sé að starfa á kostnað fiskimannanna.

Ég skal svo ljúka þessum orðum með því að segja, að það tel ég aðalatriðið, sem nú síðast kom fram í ræðu hv. þm. Barð., frsm. allshn., þar sem hann lýsir yfir því, að ríkisstj. hafi sagt, eða að hann hafi skilið hana þannig, að þessir aðilar hafi sama rétt og hinir, sem hafa færeysku skipin á leigu. Og um annað hef ég ekki beðið, og ég vænti þess líka, að við það verði staðið.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Um leið og þessari umr. lýkur, vil ég aðeins minna á það, að ég hef tekið fram, að ég mundi greiða atkv. á móti skrifl. brtt., sem rætt hefur verið um, um leið og ég lýsi yfir, að mér er ljós þörf þeirra, sem íslenzk flutningaskip eiga, og þörfin á, að þeirra réttur sé ekki fyrir borð borinn, hvort sem miðað er við eiginhagsmuni þeirra, sem eiga skipin, eða hagsmuni þjóðarheildarinnar. Og ég vil endurtaka það, að ég hef frá því í öndverðu, að þetta mál kom til umr. hjá ríkisstj., leitazt við með mínum afskiptum af málinu að eiga hlut að því, að réttur þessara aðila væri ekki að neinu leyti fyrir borð borinn. En ég hef lýst vandkvæðum, sem geti orðið á þeirri leið.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Út af því, sem hv. þm. Borgf. sagði, vil ég aðeins undirstrika, að skilningur minn á till. hans samkvæmt orðanna hljóðan er á þann veg, að þar er einhliða tillit tekið til hagsmuna fiskiskipaeigenda, og það breytir engu, þótt hv. þm. lýsi yfir, að hann hafi skilið hana á annan veg. Ég býst við, að sá, sem ætlar að fylgja till. með honum, hv. 2. þm. Eyf., hafi haft þveröfuga skoðun á till. hans. Ég fagna að heyra um þetta viðhorf hans og tel, að þetta standi til bóta að því leyti, að hann geri sér ljóst, hve miklum erfiðleikum það er bundið að sameina þessa tvenna hagsmuni, sem hér er um að ræða, á þann hátt, að öll þau tækifæri notist, sem tiltækileg eru, til að halda þessum fiskflutningum uppi.

Pétur Ottesen: Mér þykir vænt um, að hæstv. atvmrh. skuli nú hafa tekið aftur það, sem hann var að halda fram um mína afstöðu í þessu máli, Það er svo fjarri því, að ég sé við þessa till. riðinn, að ég hef ekki borið hana fram, og ég hef ekki einu sinni samið hana, og hef ég gert grein fyrir því í d. Hæstv. ráðh. reyndi að snúa út úr fyrir mér í þessu efni, en nú hefur hann séð að sér og tekið aftur það, sem hann sagði, og er það góður endir á okkar skiptum.

ATKVGR.
Brtt. 1139 felld með 27:8 atkv.

Brtt. 1138 samþ. með 30 shlj. atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1141).

72. Listasafn o. fl.

Á deildafundum 17. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um listasafn o. fl. (A. 1135).

Á 97. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég get verið stuttorður, því að þetta mál er öllum kunnugt.

Ég vil benda á, að nú eru liðin rúmlega 50 ár, síðan íslenzka þjóðin heiðraði listamann í fyrsta skipti, Matthías Jochumsson. Hér stendur líkt á um hann og þann listamann, sem þessi tillaga fjallar um. Þeir eru báðir listamenn, annar í orði, hinn í litum. Það er eftirtektarvert, að þeir, sem upphaflega báru fram, að Matthías Jochumsson skyldi fá skáldalaun, voru bændur í Skagafirði. Alþingi varð við þessu, þótt á krepputíma væri. Hann var fyrsti Íslendingurinn, sem slíkan heiður hlaut. Nú hafa gerzt aftur þau tíðindi, að fólkið sjálft, að þessu sinni í höfuðstaðnum, hefur margvíslega sýnt, að það metur þennan nálega sextuga listamann sérstaklega mikils. Hann lagði fram hér rétt við hliðina á okkur tveggja sumra vinnu sína fyrir nokkrum dögum, og þeir, sem höfðu aðstöðu til að kaupa, keyptu þessa framleiðslu á einum tuttugu mínútum. Síðan komu 14 þúsund menn til að skoða þessi listaverk næstu daga á eftir.

Síðan Matthías var heiðraður eins og ég áður sagði, hafa margir aðrir listamenn og skáld farið þá braut. Það hefur verið reynt á undanförnum árum að greiða götu nálega allra listamanna hér með því að hjálpa þeim til að byggja yfir sig hús. Jóhannesi Kjarval hefur aldrei verið hjálpað þar neitt. Hann hefur aldrei beðið um neitt og mundi aldrei biðja um neitt nema að fá að vinna. Hann hefur unnið við erfiðustu skilyrði fram á þennan dag. Þess vegna er það, að ég og þrír aðrir hv. þm. hafa borið fram þá ósk, að Kjarval fái nú betri aðstöðu en áður til að starfa, til að þeim þúsundum og aftur þúsundum Reykvíkinga og annarra, sem þyrstir eftir að sjá verk þessa mikla listamanns, gefist betra færi á því en áður, því að það eru vissulega miklu fleiri en þeir, sem kaupa málverk hans, sem langar til að sjá þau, til þess eru þau ekki nógu mörg, þó að mikið sé gert. Okkur finnst vera á síðustu stund að búa honum nú betri vinnuskilyrði en verið hefur og svipuð vinnuskilyrði og hinir hafa. Eins og tekið er fram í Alþýðublaðinu, yrði að reyna að sjá svo til, að þeir mörgu menn, sem hungrar eftir að sjá þessi listaverk, eigi þess kost, en að þau verði ekki öll keypt. Ég hef svo ekki um þetta fleiri orð, en legg til, að till. verði vísað til síðari umr. og til n.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 27 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 29 shlj. atkv.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 1135, n. 1249).
Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 31 shlj. atkv.

Frsm. (Jónas Jónsson): N. hefur rætt þetta mál innbyrðis og við hæstv. fjmrh. og gert það stutta álit, að hún væri með því, að till. næði fram að ganga með einni nýrri orðabreytingu, sem er, að í stað þess, að áður var sagt „að fela ríkisstjórninni að framkvæma“ þetta, þá er hér talað um „að heimila“.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál, vegna þess að þau tvö höfuðatriði, sem hér koma til greina, falla í sama farveg. Annars vegar er það einlæg ósk, að ég hygg, alls þorra manna í landinu og sérstaklega þeirra, sem hér búa í Reykjavík og mest þekkja til vinnu þessa manns, að hann fái nokkra aðstoð ríkisins, eins og fleiri af okkar listamönnum, myndhöggvarar og málarar, hafa haft, til að koma upp vinnustofu og íbúð og einnig safni. Nú þarf ekki annað en benda á það, sem réttilega var tekið fram í sambandi við þessa sýningu, að ekki væri úr vegi að gefa fólki, sem kom á sýninguna svo að segja á hverjum degi og ekki á neinar myndir eftir listamanninn, kost á því að sjá myndir *hans við og við, með því að hafa sýningarsal hér í* Reykjavík, þar sem ⅓ hluti þjóðarinnar býr og margir koma. Ég hygg, að sé tvímælalaust, að þjóðin ann þessum manni þess að geta haft betri vinnuskilyrði og ann sjálfri sér að geta séð meira til verka hans en annars mundi vera. Hitt hefur úrslitaþýðingu fyrir þetta mál, og það þó að það sé svona seint fram komið af eðlilegum ástæðum og erfitt að fá fjármálastjórnina til að sætta sig við ný útgjöld, að hæstv. fjmrh. hefur sagt við okkur nefndarmenn, að hann mælti með, að þessi till. væri samþykkt, og gerir hann það ekki af léttúð, heldur af því, að hann er á sama máli og meginhluti þjóðarinnar, og vænti ég því þess, að þessu máli muni vel farnast, þegar bæði fer saman velvild þeirra, sem stjórna erfiðum fjármálum, og þeirra, sem borga skattana.

Ég vona þess vegna, að þetta verði samþykkt og verði til ánægju og gagns fyrir þjóðina í bráð og lengd.

ATKVGR.
Brtt. 1249 samþ. með 34 shlj. atkv.
Till., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1270).

73. Virkjun Fljótaár (till. ÞG o. fl.).

Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var útbýtt:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á viðbótarláni Siglufjarðarkaupstaðar vegna virkjunar Fljótaár (A. 662).

Á sama fundi var till. tekin til fyrri umr.
Of skammt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með 27 shlj. atkv.

Flm. (Þóroddur Guðmundsson): Ég ætla ekki að þreyta menn á langri framsöguræðu um þetta mál. Eins og hv. þm. muna, var samþ. 10. marz s. l. 2 millj. kr. viðbótartrygging til að standa straum af virkjun Fljótaár fyrir Siglufjarðarkaupstað. Það kemur því sjálfsagt flatt upp á menn, sem ekki hafa fylgzt með þessum framkvæmdum, að strax skuli aftur vera farið fram á svona mikla viðbótarábyrgð. En það er margt, sem valdið hefur auknum kostnaði við verkið. Í fyrsta lagi hefur vinna við verkið orðið þó nokkuð meiri en gert var ráð fyrir. Liggja til þess m. a. óviðráðanlegar orsakir. Það var t. d. reiknað með því, að árbotninn væri samfelld hörð klöpp og þyrfti því ekki að sprengja nema lítinn skurð, út í bakkana báðum megin. En við framkvæmd verksins kom í ljós, að hér var aðeins um harða skel að ræða. Og þegar búið var að brjóta hana upp, var þar undir laus möl og moldarjarðvegur. Skurðinn varð því að hafa dýpri en áætlað var. Þetta var mjög erfitt að sjá fyrir, þótt segja mætti, að einhver ætti sök á því, að áætlunin var ekki miðuð við þetta. *Í öðru lagi er yfir mjög erfiðan fjallveg* að fara með leiðsluna. Og er leitt á stálstaurum, sem festir eru með steypu niður í berg. En víða á þessari leið upp Hraunadal í Siglufjarðarskarði reyndist klöppin mjög ótrygg, og þurfti að leggja mikla vinnu í sprengingar til þess að treysta undirstöðu stauranna. Og óx mjög kostnaður við það. Í þriðja lagi er um hækkun á efni að ræða. Sérstaklega hafði orðið mikil hækkun á farmgjöldum frá því, að áætlunin var gerð. Þá má einnig benda á það, að gengið hefur mjög illa að fá hæfa fagmenn, og hefur það tafið fyrir verkinu. Þá var reynt að nota við menn, sem einhverja þekkingu höfðu á þessari vinnu, en voru ekki fagmenn, en sumir voru þessari vinnu óvanir og höfðu litla sem enga þekkingu á verkinu. Með þessu móti gekk verkið seinna en vænta mátti og varð dýrara, þar sem skortur var á mönnum og vinna varð svo og svo mikla eftir- og næturvinnu. Þá er ein orsökin ótalin enn. Það hefur gert þó nokkuð mikinn kostnað, hve miklar tafir urðu á að fá efni til virkjunarinnar. T. d. seinkaði afgreiðslu á timbri mikið, svo að það hækkaði mjög í verði við að bíða. Mest af timbrinu var afgreitt 15. ágúst, og tilbúið til útflutnings var það í nóv. 1942, en það kom fyrst til Haganesvíkur í júlí og ágúst 1943. Í millitíðinni stórhækkuðu farmgjöldin, en það, sem mestu máli skipti, var, að þetta tafði verkið. Það varð langt á eftir áætlun og orsakaði mjög mikla eftir- og næturvinnu. Þetta var engu öðru að kenna en

því, að fyrrv. ríkisstj. virtist engan áhuga hafa á því, að þetta efni kæmi. Alveg sama máli gegndi raunar um afgreiðslu á járni, sem pöntun var gerð á 8. jan. 1943 til viðskiptaráðs. Það kom ekki fyrr en í júní og ágúst 1944. Þetta leiddi af sér stórkostlega erfiðleika og aukinn kostnað. Og það er að kenna hæstv. fyrrv. ríkisstj., að efnið kom of seint.

Nú munu margir spyrja: Hvers vegna var ekki hægt að sjá fyrir fram eitthvað af þessum aukna kostnaði? Ég vil leyfa mér að benda á, að í febrúar í fyrra, þegar aðeins var farið fram á tveggja millj. kr. viðbótarábyrgð, þá var ekki gert ráð fyrir að byggja nema fyrir aðra vélasamstæðuna í byrjun. En nú er ætlunin að bæta hinni við þegar í stað. Það er því engan veginn rétt, að hér sé um að ræða kostnað, sem fari 5 millj. kr. fram úr því, sem áætlað var í fyrra, þar sem þá var aðeins gert ráð fyrir annarri samstæðunni. Samkv. áætlun Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra er aukakostnaðurinn fyrir þessa vélasamstæðu áætlaður 1 millj. kr., þar í falinn kostnaðarauki við spennustöðvar. Það er engan veginn sambærilegt, sem farið var fram á í fyrra, og það, sem farið er fram á nú.

Nú spyrja menn, hvort 4500 hestafla stöð, sem fer allt að því upp í 13 millj. kr., geti staðið undir slíkum kostnaði. Um það vil ég vísa til grg. Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra. Það er tvímælalaust, ef einhverjar framfarir verða að ráði í útgerð og vinnslu sjávarafurða, að miklar framkvæmdir verða á Siglufirði. Nú er búið að samþ. að auka þar síldarverksmiðjurnar um 20 þús. mál á sólarhring með 5—6 þús. mála viðbót við bæjarverksmiðjuna og 15 þús. mála viðbót við ríkisverksmiðjurnar. Ef þessi aukning kemst á, þarf til hennar geysilegt viðbótarrafmagn. Og verði lýsisherzlustöð reist á staðnum, tunnuverksmiðja, niðursuðuverksmiðja o. fl., sem hvergi virðist vera meiri hráefni og verkefni fyrir en á Siglufirði, þá verður þörf fyrir raforku stöðvarinnar. Þetta eykur mjög möguleikana á því, að stöðin geti borið sig. Þarna er búið að leggja í fjarska mikið fé, en þegar búið er að segja a, er ekki annað hægt en að segja b. Auðvitað er þessi stórkostlega kostnaðaraukning örðug viðfangs. En betra er fyrir 4700 hestafla stöð en 2350 hestafla stöð að standast hana. Það er skynsamlegra að byggja alla stöðina fyrir 13 millj. heldur en 2350 hestafla stöðina fyrir 12 millj., bæta við einni millj. til að tvöfalda rafmagnið.

Hér er ekki aðeins verið að hjálpa þessu bæjarfélagi sérstaklega. Það hafa komið þau ár, að atvinnuvegirnir hafa lifað á síldarútveginum, og enn lítur einna bezt út fyrir hann af atvinnuvegum landsmanna í framtíðinni. Hagur síldveiðanna er hagur margra annarra en þeirra, sem eiga heima á Siglufirði. Það eru því ekki aðeins Siglfirðingar, sem þessi stöð kemur að notum, heldur einnig þeir, sem stunda þar atvinnu á sumrin, hvort heldur það eru sjómenn eða útgerðarmenn, og jafnvel ríkið sjálft á þar stóran hlut að máli. Það á þar stærstu fyrirtækin á Íslandi, og búið er að samþ. stórfellda stækkun á þessum fyrirtækjum.

Allir vita, að þótt ríkisverksmiðjurnar kunni að hafa góðar og öruggar aflvélar, þá er það ekki mikið öryggi að eiga allt sitt undir einni aflvél, alltaf geta vélarnar bilað. Það er því mikið rekstraröryggi fyrir síldarverksmiðjurnar, að þessi rafstöð komist upp og þær gætu keypt hreyfiafl að svo eða svo miklu leyti af henni, en haft dieselvélar sínar sem varaafl. Ég skal taka eitt dæmi. Eftir 1946 verður, að ætlað er, komin síldarverksmiðja með 30 þús. mála afköstum á sólarhring. Ef þessi verksmiðja verður útbúin dieselvélum og svo t. d. í byrjun vertíðar biluðu vélarnar sem svarar ⅓ af afköstum verksmiðjunnar, mundi þetta með 60 daga vertíð verða 600 þús. mála tap, eða með núverandi verði á síldarmáli hvorki meira né minna en um 11 millj. kr. Enginn getur sagt um, hvað komið getur fyrir, en alltaf er mikið gefandi fyrir öryggi, og verksmiðjur, sem nota rafmagn sem hreyfiafl, geta haft dieselvélarnar til vara og girt þannig fyrir, að svona geysileg áföll geti komið fyrir. Fyrir utan það tap, sem sjómenn og útgerðarmenn bíða við slíkt áfall, er líka rétt að taka það beina og óbeina tap, sem þetta fyrirtæki ríkisins yrði fyrir, og það yrði ekki minna en 2 til 3 millj. kr., sem ríkisverksmiðjan tapaði sjálf.

Ég vil leyfa mér að benda á það, að þó að þessi virkjun verði nokkuð dýr, þá munu þó vera virkjanir hér á landi, sem engin veruleg svartsýni er um, þar sem hver kilowattstund er talsvert dýrari en kwst. kemur til með að kosta í þessu tilfelli. Að vísu eru það minni stöðvar, en verða tiltölulega dýrari. Hér er aðeins um að ræða að fá ábyrgð ríkisins, og þó að það sé ekki hægt að sanna það bókstaflega nú strax, að þetta fyrirtæki komi til með að bera sig, þá benda allar líkur til þess, ekki aðeins að dómi okkar Siglfirðinga, heldur að dómi allra hæfustu manna og sérfróðra manna á þessum sviðum. Það eru margir hv. þm., sem ekki hefur blöskrað það að ganga í ábyrgð fyrir nokkuð háum lánum til rafveitna og ekki hikað við að ganga svo langt að leggja fram stórfé úr ríkissjóði til þess að kaupa efni og kosta virkjunina fyrir einstök sveitarfélög og landshluta.

Ég ætla svo ekki að hafa þessi orð fleiri, en vil leyfa mér að stinga upp á því, að þessu máli verði vísað til síðari umr. og fjvn.

Eysteinn Jónsson: Það voru nokkur orð, sem ég vildi láta falla um þetta mál, áður en það færi til athugunar í hv. fjvn.

Ég var undrandi mjög, þegar ég sá þetta þskj. hér í dag, og ég býst við, að svo hafi orðið um fleiri hv. þm., þegar þess er gætt, að þetta mál var hér til meðferðar fyrir örfáum mánuðum og þá farið fram á, að hv. Alþ. samþ. 2 millj. kr. viðbótarábyrgð við það, sem áður hafði verið gert. Síðan eru liðnir, eins og ég sagði áðan, örfáir mánuðir. Sú þáltill. var samþ. í marz, og virðist ekki vera hægt að gera sér í hugarlund, að á þeim tíma, sem liðinn er, hafi gerzt nokkrir þeir atburðir, sem réttlæti, að nú sé komið og sagt við Alþ., að 5 millj. kr. þurfi enn til viðbótar, svo að hægt sé að ljúka við þetta verk.

Meðferð þessa máls hefur frá öndverðu verið með þeim hætti, að ég ætla að leyfa mér að rifja upp nokkur atriði í því sambandi, áður en málið er tekið fyrir í fjvn. Það er gerð grein fyrir því í þskj. af hendi Steingr. Jónssonar rafmagnsstjóra, að kostnaðurinn við Skeiðfossvirkjunina sé nú miklu hærri en hann var áætlaður í öndverðu, og hann upplýsir það, að áætlunin um kostnaðinn og fjárhagsafkomu Skeiðfossvirkjunarinnar hafi verið gerð sumarið 1942, og síðan ber hann saman, hve kostnaðurinn í mörgum liðum hefur hækkað stórkostlega síðan 1942, og því ekki að undra, þótt heildarkostnaðurinn verði miklu hærri en ráð var fyrir gert.

Hv. frsm. minntist á, af hverju kostnaðurinn hefði hækkað svo mjög, og vildi kenna þar um nokkrum ófyrirséðum óhöppum, t. d. að klöpp hefði verið harðari en gert var ráð fyrir og önnur lausari en gert var ráð fyrir og jarðvegurinn erfiðari viðureignar en upphaflega var ráð fyrir gert. Enn fremur minntist hann á ýmsar tafir og sveigði jafnvel að fyrrv. ríkisstj. í því sambandi, að hún hefði tafið fyrir því, að efni til virkjunarinnar kæmist til landsins. Ef litið er á þessa áætlun af hendi Steingr. Jónssonar rafmagnsstjóra, sést, að þessi ástæða, sem hv. þm. ber fyrir, er ekki aðalástæðan til þess, að svo hefur farið með þessa virkjun sem raun ber vitni, heldur hitt, hve vinnulaunakostnaðurinn hefur hækkað stórkostlega á þessum tíma, að lítt eða óbreyttum aðstæðum, og þá kemur í ljós, sem er aðalatriði þessa máls og mjög alvarlegt atriði, að þessi ábyrgð fengin hjá Alþ. er upphaflega út á kostnaðaráætlun miðaða við kostnaðinn eins og hann var áætlaður 1942, sem sé 6 millj. kr., áætlun, sem allt málið hefur verið grundvallað á frá öndverðu. Steingr. Jónsson rafmagnsstjóri segist hafa reiknað með kaupgreiðslu kr. 2.33 á klst., en nú sé kaupið kr. 7.05 á klst. Það er eðlilegt, að kostnaðurinn fari fram úr áætlun, þegar vinnulaunin og annar kostnaður í landinu hækkar svona stórkostlega. En það, sem ég sérstaklega vildi benda hv. fjvn. á, er, að málið er þannig vaxið, að fram þarf að fara athugun eða rannsókn á því, áður en lengra er gengið. Fyrst er flutt hér á Alþ. 1943 þáltill. um, að Alþ. ábyrgðist 6 millj. kr. til þessarar virkjunar, og var þessi þáltill. samþ. í marz 1943, en þá er allur kostnaður hækkaður stórkostlega frá því, sem hann var 1942, og frá því, sem áætlunin var miðuð við. Með öðrum orðum, þeir, sem standa að þessu máli fyrir hönd Siglufjarðarkaupstaðar, vita það fullvel, þegar þeir fá Alþ. til þess að samþ. fyrir sig þessa 6 millj. kr. ábyrgðarheimild, að þessi upphæð hrekkur hvergi nærri til þess að koma virkjuninni í framkvæmd, jafnvel þó að kostnaðurinn hækkaði ekki neitt, frá því sem hann var, þegar áætlunin var gerð. En þessu er haldið leyndu, það er ekki minnzt á það einu einasta orði, hvorki minnzt á kostnaðaráætlunina né við hvaða tíma hún sé miðuð. Þessu er haldið leyndu fyrir öðrum en þeim, sem hafa tekið sig fram um að athuga alla málavexti. Grg. fyrir þessari þáltill. er einar sex línur, og þar stendur aðeins, að mönnum sé þetta mál svo kunnugt frá því umr. fóru fram um Fljótaárvirkjunina, að ekki sé ástæða til þess að rekja nánar eða gera grein fyrir, hvernig ástatt er um virkjunarfyrirætlanir eða kostnaðaráætlun. Þannig er upphaf þessa máls, og ég fullyrði, að þeir, sem stóðu að málinu þá, vissu, hvað þeir vildu, — þeir voru að fá Alþ., eins og hv. þm. sagði áðan, til þess að segja a, til þess að það þyrfti síðar að segja b. Þeir höfðu hér aðferð, sem þekkist úr viðskiptalífinu, en ekki að góðu og ekki álitið til fyrirmyndar að viðhafa slíka aðferð, að læðast aftan að Alþ. á þennan hátt og fá 6 millj. kr.; vita strax í upphafi, að sú fjárhæð getur ekki hrokkið til þess að koma virkjuninni í framkvæmd, því að kostnaðurinn er þá þegar orðinn miklu hærri en áætlunin var byggð á. Þó er þetta aðeins lítil byrjun, það versta er eftir, að nú á þessu ári, í febrúar, er komið aftur til Alþ., og í stað þess að leggja fyrir Alþ. alveg heiðarlega og hreint, hvernig málið stóð og hvernig vænta mætti, að niðurstaðan yrði, þá er enn flutt þáltill., og grg. hljóðar þannig (með leyfi hæstv. forseta): „Þáltill. þessi er flutt samkv. beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðar, vegna þess að virkjunin hefur í reyndinni orðið nokkuð kostnaðarsamari en við var búizt í fyrstu, og liggja til þess ýmsar orsakir. Nánar í framsögu.“ — Með öðrum orðum, þegar þessi þáltill. er flutt og farið er fram á 2 millj. kr. í viðbót, þá hlýtur forráðamönnum Siglufjarðarkaupstaðar að vera orðið ljóst, að virkjunin fer miklu meir en 2 millj. kr. fram úr áætlun. Þá eru flestar kauphækkanirnar komnar til framkvæmda, sem til greina hafa komið, og þeir teknisku örðugleikar, sem síðan hafa bætzt við, hafa ekki breytt miklu.

Þannig er á nýjan leik fengin ábyrgð ríkissjóðs vegna þessarar virkjunar, og er hún þá orðin samtals 8 millj. kr. En nú nokkrum mánuðum seinna er farið fram á 5 millj. kr. ábyrgð í viðbót við þessar 8 millj.; 1 millj. kr. vegna þess, að hafa á stöðinni stærri en upphaflega var ráðgert, en 4 millj. kr. vegna þess, hve stöðin fer langt fram úr áætlun. Nú loks er þannig komið, að forráðamenn þessa verks geta ekki dulizt lengur og verða að koma út úr holunni og játa, að hækkunin, sem verkið fór fram úr áætlun, nemi 100%, og þeir verða að játa óbeint, að þeir hafi í raun og veru vitað þetta allan tímann, sem þeir hafi verið að fá ábyrgð hjá Alþ., en þess verið vandlega gætt að gera aldrei grein fyrir málunum í heild sinni. Nú sýnist mér það eftir því, sem hér kemur fram af hendi Steingr. Jónssonar rafmagnsstjóra, að það séu mjög lítil, ef þá nokkur, líkindi til þess, að þetta fyrirtæki geti fyrst um sinn risið undir greiðslum af þeim lánum, sem ríkissjóði er ætlað að ábyrgjast. Hér er beinlínis farið fram á, að ríkissjóður gangi í ábyrgð vitandi vits, að hann verði a. m. k. fyrst um sinn að sjá um vaxta- og afborganagreiðslur af láninu. Í grg. þáltill. eru bollaleggingar um það, að rafveitan kunni að bera sig með tímanum, því að síldar-

verksmiðjur ríkisins kaupi raforku í stórum stíl af rafveitunni, en nú nota þær dieselmótora, eins og hv. frsm. gat um, og áætlanir um tekjuauka við það, að menn fari að nota rafmagn til suðu, en það á að auka skyndilega, þannig að 80% af öllum eldhúsum noti rafmagn til suðu. En þó að gert sé ráð fyrir, að síldarverksmiðjur ríkisins kaupi rafmagn fyrir ¼ úr millj. á ári, þá eru samt ekki áætlaðar hærri tekjur en 850 þús. kr. á ári, en gjöldin rúmlega ein millj. Loks er þess getið, að með því að selja rafmagn til hita kunni að mega bæta úr þessu, en allt mjög á huldu, hvernig tekst til um það. Það er alls kostar ljóst, að á næstu árum þarf ekki að reikna með, að tekjur rafveitunnar geti risið undir gjöldum, en ríkissjóður þurfi strax að taka á sig gjöld vegna lánanna, nema Siglufjarðarkaupstaður jafni niður hallann með útsvörum. Ég veit ekki, hvort þeir telja sér það fært, býst við, að þeir telji sig hafa í nógu mörg horn að líta. Málið allt og meðferð þess þó sérstaklega er á þann veg, að ég skora á hv. fjvn. að taka málið til rækilegrar athugunar og yfirvegunar, áður en lið er máls á því að taka á sig þessa viðbótarábyrgð. Ég vil benda hv. þm. á, sérstaklega hv. fjvn., hvort ekki sé ástæða til þess að láta fara fram sérstaka rannsókn á þessu máli, sem leiði í ljós, hvernig á þessum málum hefur verið haldið gagnvart Alþ., þannig að athugaðar séu þær upplýsingar, sem gefnar hafa verið í málinu, svo að í ljós komi, að hve miklu leyti beinlínis hefur verið farið á bak við þ. og að hve miklu leyti Alþ. er dulið þess, hvernig málum er komið. Þetta hefur mikla þýðingu í meðferð málsins, því að ef það kemur í ljós, eins og ég hygg, að liggi nokkuð ljóst fyrir, að hér hafi verið haldið á málunum með sérstaklega óviðurkvæmilegum hætti, hlýtur það að hafa sitt að segja upp á framtíðina, hvort Alþ. lætur bjóða sér slíkt. Að öðru leyti skal ég ekki lengja umr. um þetta mál. Ég vona, að hv. fjvn. taki það, sem hér hefur komið fram, til athugunar, en að lokum get ég þó ekki látið hjá líða að vekja athygli á því, hvernig mál þetta er tekið hér upp í þriðja sinn. Við höfum setið hér á þ. síðan í sept., og ég dreg ekki í efa, að þeir, sem stóðu fyrir þessu máli, vissu allan tímann mjög vel, að hér þurfti stórfellda viðbótarábyrgð. Samt sem áður er dregið að koma fram með málið, þangað til ráð er fyrir gert, að aðeins séu örfáir dagar til þingslita. Það hlýtur að skjóta þeirri hugsun upp hjá mönnum, að þetta sé gert með það fyrir augum, að hægt sé í þingönnunum allra síðustu dagana að smeygja þessu máli athugunarlítið í gegnum Alþ. og þannig koma málinu í höfn og treysta því svo, sem hv. frsm. sagði, að þegar menn hefðu sagt a, yrðu menn líka að segja b. Það er þetta, sem einkennir alla meðferð málsins. Þeir hafa verið að reyna að fá menn til þess að segja a, til þess að menn síðar neyddust til þess að segja b, hvernig sem málin fara af þeirra hendi.

Ég geri það að uppástungu minni, að í þetta skipti verði ekki sagt b athugunarlaust, en beini því til fjvn., að nú verði málið athugað niður í kjölinn, öll meðferð þess hér og framkvæmdir heima fyrir, eftir því sem gögn liggja fyrir, og ef nægileg gögn eru ekki fyrir hendi, þá legg ég til, að settir verði sérstakir menn til þess að kynna sér þetta mál, áður en Alþ. segir síðasta orðið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég tók eftir því, að hæstv. forseti óskaði eftir því, að þetta mál yrði afgreitt sem fyrst til n., og geri þá ráð fyrir, að það sé af því, að hv. fjvn. óski eftir að geta fengið málið til meðferðar, til þess að geta algerlega gengið frá því fyrir þingslit.

Ég get stytt ræðu mína vegna þeirra athugasemda, sem komu frá hv. 2. þm. S-M., en samt vil ég fara örlítið út í kostnaðaráætlunina til leiðbeiningar fyrir hv. fjvnm., en ekki sízt fyrir þann hv. nm., sem er flm. þessarar þáltill. Það er gert ráð fyrir því hér undir B-lið, að lántakan sé til 25 ára með 4% ársvöxtum. Ég skal ekki gera aths. við þetta út af fyrir sig, en þar er einnig gert ráð fyrir, að lánið endurgreiðist á næstu 25 árum, og þurfi aðeins 6,4% til þess að greiða bæði vexti og afborganir. Sé þetta rétt, þarf að afla á hverju ári í næstu 25 ár 768 þús. kr., eins og segir í grg. Síðan er aðeins reiknað með 1% í viðhaldskostnað, en það er að mínum dómi algerlega fráleitt, og þarf að hækka þennan lið stórkostlega, a. m. k. tvöfalda hann eða meir. Gert er ráð fyrir, að gæzla og annar rekstrarkostnaður fyrstu árin nemi 1,6 % eða 192 þús. kr., og þætti mér ekki ólíklegt, að þessi liður sé allt of lágt reiknaður. Eru þá gjöldin samt. 1080 þús. kr., sem greiða þarf á hverju ári í 25 ár. Þá vil ég snúa mér dálítið að tekjuliðunum. Nú er áætlað í tekjuliðunum, að hægt sé að fá 156 þús. kr. á ári fyrir að selja rafmagn til ljósa, og er hver kwst. reiknuð á 1,20. Ef reiknað er með því, að kwst. frá vatnsfallinu kosti 1,20 til ljósa í næstu 25 ár, veit ég ekki, hvort leggjandi eru hundruð millj. kr. í það að lýsa upp landið. Þó að hægt sé að reikna með því nú, að kwst. seljist á kr. 1,20, þá er engin trygging fyrir því, að afkoma landsmanna verði þannig næstu 25 ár, að hægt sé að reikna með þessu framvegis. Til suðu er rafmagnið reiknað á 30 aura hver kwst. Engin trygging er fyrir því, að hægt verði að selja rafmagn til suðu á 30 aura kwst. í næstu 25 ár. Sama er að segja um rafmagn til véla; það er reiknað á 70 aura hver kwst. Fyrir stríð var rafmagn til véla selt á 30 aura kwst. í Reykjavík og þótti dýrt. Til íshúsa er rafmagnið reiknað á 25 aura hver kwst. og einnig til síldarverksmiðjanna, og er gert ráð fyrir, að sú upphæð nemi 250 þús. kr. á ári. Það hefði verið æskilegt, að hv. flm. hefði látið fylgja samanburð á því, hver olíukostnaðurinn er við að reka þessar verksmiðjur, sem hann ætlast til að borgi á ári í 25 ár 250 þús. kr., og þrátt fyrir þetta nema tekjurnar allar ekki nema 855 þús. og 500 kr., og vantar þá 200 þús. kr. til þess að geta staðið undir þeim kostnaði, sem óhjákvæmilegur er, og sízt of hátt reiknaður, eins og nú standa sakir, en tekjuliðirnir hins vegar

reiknaðir allt of hátt. Hv. frsm. minntist á, að það væru stórauknar tekjur fyrir þessa rafvirkjun, ef lýsisherzlustöð yrði reist á Siglufirði. Ég get upplýst, að lýsisherzlustöð verður aldrei starfrækt, ef kaupa á rafmagnið á 7 aura kwst., hvað þá, ef það er dýrara. Það lá algerlega skýrt fyrir, þegar þetta mál var til umr. í Ed. fyrir nokkru, að þá var það einmitt þetta, sem gerði það að verkum, að ekki er hægt að starfrækja lýsisherzlustöð hér á landi, nema hægt sé að fá rafmagn svo að segja fyrir ekki neitt.

Flm. minntist á, að það yrði ekki snúið aftur af þessari braut, úr því sem komið væri. — Það þarf að athuga strax þá stefnu, ef einhverjum aðila tekst — með illu eða góðu — að koma fram máli, sem ekkert vit er í. Það þarf að spyrna fótum við slíkum málum, en ekki halda vitleysunni áfram, vegna allra staða á landinu, sem eiga sömu kröfu á opinberu fé eins og þessi staður þykist eiga. Ég er því alveg undrandi yfir, að nokkur hv. þm. skuli leyfa sér að bera fram slík rök, að ekki sé hægt að hætta við þessar framkvæmdir, af því að einu sinni hafi verið byrjað á þeim, þegar annars vegar er komið út í algera ófæru með þau. Það, sem þarf að gera í þessu tilfelli, er, eins og hv. 2. þm. S-M. minntist á, að setja fullkomna rannsókn á, hvort nokkurt fjárhagslegt vit er í þessum málum og að láta ríkissjóð hafa bein afskipti af þessu, áður en frekara er gert í þeim, til þess að sjá, hvort ætlun flm. hafi frá upphafi verið að fleka Alþ. þannig, að fara fyrst fram á lágar upphæðir, en síðan alltaf hærri og hærri. — Ég hef heyrt talað um það hér, að það þurfi sérstök útgjöld fyrir lántökukostnað o. fl., og væri æskilegt að fá að vita, hvað sá kostnaður er mikill. Það upplýstist við umr. um Rauðku, að fulltrúar Siglufjarðarkaupstaðar hikuðu ekki við að greiða stórar upphæðir fyrir lántökur, og vildi ég nú fá upplýsingar um það frá flm. þessarar þáltill., hvort nú á að verja jafnháum upphæðum eða enn hærri í lántökukostnað eins og gert var í því máli. *(ÞG:* Sjá sundurliðun á fskj. II. á þskj. 662). Ég sé, að þar stendur að vísu, að lántökukostnaður og vextir 1943 séu kr. 104018.00, en getur hv. þm. upplýst, hvernig þetta skiptist? *(ÞG:* Upp á eyri.) Vill hv. þm. skýra frá því nú þegar? *(ÞG:* Það get ég síðar.) 1. flm. talar um, að ríkið eigi þessar verksmiðjur á Siglufirði, en til þess að unnt sé að tryggja, að ríkisverksmiðjurnar noti þetta afl, sem 1. flm. talaði um, þarf að liggja trygging fyrir því, að ríkisverksmiðjurnar leggi kapp á að skipta um vélar eða hvort samkomulag er um það hjá forráðamönnum verksmiðjanna, að þeir vilji kaupa rafmagn með því verði, sem það verður næstu 25 ár, heldur en að nota dieselmótorvélar.

Ég vil því taka undir það, að fjvn. afgreiði ekki þetta mál, fyrr en miklu nákvæmari upplýsingar liggja fyrir en þessi skjöl, sem hér eru fram lögð. Þetta er ef til vill eitt af þeim málum, sem mesta þýðingu kann að hafa varðandi þá braut, sem gengið verður inn á í rafmagnsmálum þjóðarinnar, og er það því engan veginn rétt gagnvart öðrum aðilum að stíga hér spor, sem ef til vill gætu orðið til þess, að Alþ. yrði sammála um að kippa að sér hendinni um framkvæmdir rafmagnsmála í landinu. En eins og málið liggur hér fyrir á þskj., virðist allt benda til þess, að verið sé að fara með þessi mál út í beinar ófærur.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Það eru ekki liðnir nema fáir dagar síðan ég gerði flm. þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir, þann greiða að boða komu þessa máls hingað; vona ég, að hann virði þann stuðning á erfiðri braut, sem hann nú er á. Þegar verið var að ljúka við Rauðkumálið, var mér kunnugt um, að ráðandi menn Siglufjarðar sögðust ekki vilja sýna þetta mál hér á Alþ., fyrr en Alþ. hefði gengið frá ábyrgð fyrir Rauðku. Þess vegna drap ég á, að heppilegast væri fyrir alla aðila að ljúka þessu fyrra máli, til þess að unnt yrði að bera fram hið síðara mál Siglufjarðar. Það var ekki minnzt á eitt atriði í ræðum þeirra tveggja hv. þm., sem töluðu hér næst á undan mér, — þrátt fyrir að öll rök þeirra væru góð og gild —, en þeir hafa mátt vita það, að Siglufjörður er á dálítið öðru „plani" heldur en Ísland hefur verið hingað til, og að lifa á þessu „Siglufjarðarplani" er nákvæmlega í samræmi við Rauðku og þessi mál. Ég vil því segja það strax, að ég þykist vita það, að það Alþ., sem leit af mikilli mildi á síldarbræðsluna, þótt þar væri ástæða til þess að stinga við fótum, mun einnig ganga í ábyrgð fyrir þessar framkvæmdir, og svo mun það og gera fyrir þær ábyrgðir, sem eftir eiga að koma. Þetta er að vísu ekki álitlegt, og þeir útreikningar, sem hv. þm. Barð. gerði hér áðan, eru mjög skiljanlegir og leiddu fullkomnar sönnur að því, að hér er um að ræða ófyrirsjáanlegan taprekstur fyrir ríkissjóð. En það, sem mér finnst mega athuga nú og virða 1. flm. þessarar þáltill. til afsökunar, það er, að sú fjármálastefna, sem hans flokkur fylgir, er einmitt fólgin í því að nota sér hið borgaralega mannfélag út í yztu æsar og telur sjálfsagt að sóa fjármununum. Það er þess vegna ekki sprottið af neinni illri ósk í garð Siglfirðinga, sem ég verð að spá því, að Siglufjörður hlýtur að fara á höfuðið undir þeirri stjórn, sem hann nú hefur haft; það hlýtur að fara þannig fyrir Siglufirði, þar sem ætlazt er til með þessum framkvæmdum, að hverjir 100 menn á öllum aldri eiga að bera 1 millj. kr., fyrir utan allt annað. Ég er þess vegna ekki alveg eins bölsýnn og þessir tveir hv. þm., sem töluðu hér á undan mér. Að því þarf að koma, að Siglufjörður renni sína braut á enda, þótt það verði nokkuð dýrkeypt fyrir þjóðina, en af þessari reynslu munu landsmenn læra það, að hin kommúnistiska stefna er ekki hæf í okkar þjóðfélagi, og af þessum framkvæmdum á Siglufirði á kommúnisminn að fá sinn banabita á Íslandi. Það er ekkert eins vel fallið og Rauðkumálið og þetta mál til þess að kenna þeim vesalings, auma borgaralega landslýð, sem hefur látið glepjast af þessari stefnu, hvernig þessir ágætu ungar eru, sem hún elur við brjóst sér.

Ég vil nú, þrátt fyrir að mér er ljós hin ógurlega nauðsyn þess, að þróunin á Siglufirði nái sinni fullkomnun, benda á fáein atriði til viðbótar við það, sem gert var af tveim hv. þm., sem ræddu þetta mál hér á undan mér. — Í fyrsta lagi er það, að íbúar Siglufjarðar virðast ekki hafa verulega löngun til þess að koma þessum fyrirtækjum á. Þetta hefur komið í ljós, þegar verið er að bjóða út lán fyrir Siglufjörð, — og er Siglufjörður nú talsvert vel stæður —, að hann hefur ekkert fé látið af hendi í þessu skyni. Nú nýlega, þegar hæstv. atvmrh. var á sinni vegferðarleysu með Svíþjóðarbátana, hafði hann útdeilt tveim bátum handa Siglufjarðarbæ, sem ekki virðist of mikið handa þeim, en þegar til kom, virðast Siglfirðingar ekki hafa óskað eftir að eignast þessa báta, jafnvel með þeim ágætu kjörum, sem Þjóðviljinn lofaði svo mjög um daginn. Niðurstaðan varð svo sú, að ekki var hægt að ganga frá kaupum um þessa tvo 80 tonna báta, á ½ millj. kr. hvorn bát, fyrr en búið var að þrautreyna borgarana, hvort þeir vildu ekki vera með í þessum kaupum. Það er þess vegna mála sannast, að Siglfirðingar virðast ekki svo áfjáðir í að ráðast í framkvæmdir, þar sem þeir voru svo tregir til að ráðast í þessi bátakaup, er þeim voru boðin af sínum ágæta hæstv. ráðh. og hv. alþm. — Ég vil skjóta því til l. flm. og fulltrúa Siglfirðinga hér, að hann mundi sýna af sér mikinn manndóm, ef hann safnaði þessum 5 millj. kr. heima fyrir og sýndi þar með, hvaða hugur fylgdi máli hjá bæjarbúum. — Þá get ég ekki gengið fram hjá þeim afsökunum, sem l. flm. bar hér fram fyrir máli sínu, en þær eru þess eðlis, að ég held, að nauðsynlegt verði að setja ekki minna en sex prófessora við hina tilvonandi verkfræðingadeild, til þess að við getum fengið hæfari menn heldur en nú hafa verið valdir til þess að standa fyrir þessum framkvæmdum, en l. flm. lýsti yfir því, að undirbúningur allur hefði verið óeðlilegur. Annaðhvort hafa þeir menn, sem þetta hefur verið falið, framkvæmt þessa rannsókn illa eða þeim hefur verið bannað að rannsaka það. Aðalatriðið er viðvíkjandi stíflunni og leiðslunni, en það, sem undir þessum kringumstæðum þarf að rannsaka, er ekki aðeins yfirborðið, heldur einnig dýptin og jarðvegurinn, en þetta hefur hins vegar ekki verið gert. Það er því ekki hægt að neita því, að Siglufjarðarkaupstaður verður að líða fyrir það að hafa kosið sér svona heimska þjóna eins og hér um ræðir, og ekkert sanngjarnara heldur en íbúar þessa bæjar leggi sjálfir fram fé til þeirra framkvæmda, sem þeirra lélegu ráðunautar hafa lagt þeim á herðar með sinni ófullkomnu rannsókn. Ég er einnig hræddur um, að það sé eitthvað bogið við þær ásakanir, sem l. flm. bar fram gegn fyrrv. ríkisstj. viðvíkjandi því, að hún hefði tafið málið, þar sem hann telur fram svo margar yfirsjónir, sem beinlínis eru hans starfsmönnum að kenna og hægara hefði verið að sjá við heldur en um flutninga á vörum frá öðrum heimsálfum á þessum tímum. — Ég get ekki komizt hjá því að minna l. flm. á, hvernig vinnubrögð hafa verið við þetta verk, sem hann fór þó ekki mikið út í. Mér er t. d. kunnugt um, að einn hópur bifreiðastjóra, sem vann við þetta fyrirtæki, gerði eins konar verkfall og kom sér saman um að keyra eins hægt og unnt var. Eftir þessu er svo fundinn grundvöllur að samningsvinnu, þannig að kaup við þetta fyrirtæki verður þrefalt hærra en hjá vegamálastjóra, og þótt þetta sé auðvitað fjarstæða, er það í samræmi við allt annað í þessum málum. Það virðist og allt útlit fyrir, að þeir menn, sem að þessum framkvæmdum standa fyrir Siglufjörð, ætli sér aldrei að borga þær, heldur ætli að fá fé til þeirra úr ríkissjóði og láta hann borga fyrir sig.

Ég heyri, að hæstv. forseti vill knýja málið áfram, enda komið að fundarlokum, en ég hygg, að þetta mál sé þess eðlis, að það sé betra fyrir Alþ. eftir því sem það dregst lengur, og bezt væri, að ekki yrði greitt meira til þessara framkvæmda heldur en þegar hefur verið gert.

Umr. frestað.

Á 76. fundi í Sþ., 15. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Mál það, sem hér liggur fyrir, hefur nú komið til þingsins áður, í öðru formi að vísu, og má segja sem svo, að þetta sé sá hörmulegasti þáttur þessa máls hér á þingi. Svo er mál með vexti, að Siglufjarðarkaupstaður leggur út í að virkja Fljótaá, fallvatn, sem talið var af sérfræðingum bezt fallið til virkjunar af þeim fallvötnum, sem eru í nánd við Siglufjörð. Samkvæmt áætlunum, sem fyrir lágu, skyldi virkjunin kosta 6 millj. kr. Á þeim grundvelli voru framkvæmdir hafnar. Ríkisábyrgð var samþ., bæjarstj. keypti vélar, gerði samninga um verkið, og síðan var því hrundið af stað, sem þarna er búið að gera. En það hefur komið á daginn, að þessi áætlun fór svo gersamlega út um þúfur, að verkið mun kosta 13 millj. kr. í staðinn fyrir 6. Það eru náttúrlega engir hryggari yfir þessu en Siglfirðingar sjálfir. Sama get ég og sagt um mig sjálfan, sem hef mikið staðið að þessu máli á þingi ásamt ýmsum öðrum. Og ég veit, að slíkt tilfelli sem þetta hlýtur að vera áhyggjuefni jafnvel þjóðarinnar í heild.

Það er náttúrlega óskaplega einfalt mál að standa upp og segja: Það á bara að hætta við þetta. — En þetta er ekki hægt að gera. Það er búið að verja til þessara framkvæmda millj. kr., sem ríkissjóður ber ábyrgð á, og auk þess nokkrum millj., sem Siglufjarðarkaupstaður ber ábyrgð á. Og að segja nú, að við eigum ekki að bæta við nokkrum millj. til þess að komast úr öngþveitinu, heldur láta þessar millj. verða að engu, slíkt er engin leið. Og ég veit, að þeim, sem láta sér þetta um munn fara, dettur ekki í hug sjálfum, að slíkt nái nokkurri átt.

En það var hv. 2. þm. S-M., sem beindi þeirri aðdróttun fyrst og fremst að mér, sem hef haft eðlilega mest þingmanna með þetta mál að gera, að það hafi legið fyrir í upphafi málsins, að verk-

ið mundi verða allmiklu dýrara en áætlað var, jafnvel kannske eins dýrt og það nú er orðið, en þingið hafi verið leynt þessu og þannig framin bein svik og borinn fram loginn málstaður. Þetta er náttúrlega gersamlega óforsvaranleg röksemdafærsla, og gegnir furðu, að nokkur hv. þm. skuli leyfa sér annað eins. Hins vegar þarf að vísu ekki að kippa sér upp, þó að úr hópi þeirra þm., sem þessi hv. þm. tilheyrir, komi önnur eins ósvífni og felst í þessu. Hv. þm. las upp eina þál. um málið og sagði, að það hefði alltaf komið fram fyrir þingið skýringalaust. En hann er nákunnugur öllum þskj., sem lögð hafa verið fram, öllum umr. um málið allt frá fyrstu byrjun, og efast ég ekki um, að hann hafi glöggvað sig á þeim áður en hann tók til máls. Hann hefur þess vegna vísvitandi valið þessa þál., sem ekki er grg. með, til þess að geta fengið orðum sínum stað, ef vera kynni, að hann yrði látinn sleppa í gegn með þessar fullyrðingar.

Ég vil þá rekja þskj. í þessu máli frá byrjun. Í fyrsta lagi var þetta mál borið fram á sumarþinginu 1942 í þál.formi, og flm. voru Garðar Þorsteinsson, Einar Árnason, Finnur Jónsson og ég. Með þeirri þáltill. fylgdi grg. Á **eftir** grg. **var** prentaður nokkuð langur útdráttur úr álitsgerð rafmagnseftirlits ríkisins, undirritaður af forstöðumanni þess, Jakobi Gíslasyni rafmagnsverkfræðing, og ýtarleg umsögn Steingríms Jónssonar, undirrituð af honum. Auk þess fylgdi þáltill. útdráttur úr gerðabók bæjarstjórnar Siglufjarðar, þar sem samþ. er gerð um að fara fram á þessa ríkisábyrgð. Þá er farið fram á 6 millj., og er það byggt á þeim áætlunum, sem þá höfðu farið fram, sem vegamálastjóri f. h. ríkisstj. og á vegum hennar hafði farið yfir og viðurkennt að sínu leyti, sem leiddi til þess, að ríkisstj. samþ. að ráðast í verkið. Þarna eru dregnar saman í stuttu máli niðurstöður færustu sérfræðinga á sviði rafmagnsmálanna, sem við eigum völ á hér á landi, og látnar fylgja þáltill.

Þessi till. var ekki afgr. á sumarþinginu 1942; vegna anna varð ekki af því. Málið kom svo aftur fyrir á þinginu, sem kom saman eftir kosningar í október 1942. Var það þá í frv.formi og flutt af mér, Finni Jónssyni og Garðari Þorsteinssyni. Því frv. fylgdi grg. Reyndar er í byrjun vísað til þeirrar grg., sem fylgt hafi till. til þál., sem áður var lögð fyrir. En auk þess var birt nýtt álit Steingríms Jónssonar um málið, þar sem gerð var grein fyrir hinum breyttu viðhorfum.

Hv. 2. þm. S-M. hélt fram, að kostnaður verksins hefði verið miðaður við allt annað verðlag heldur en hefði átt sér stað, meðan þetta var samþ., og að við flm. hefðum vitað þetta. Hér er líka farið með algerlega rangt mál, vegna þess að það er beinlínis tekið fram í álitsgerð Steingríms Jónssonar, sem fylgdi frv., sem lagt var fram í nóvemberlok eða desemberbyrjun 1942, að kostnaðaráætlun vegna virkjunar Skeiðsfoss í Fljótum hafi verið endurskoðuð 1942 og leiðrétt samkv. breyttum aðstæðum. Þetta gerðist í okt. 1942, sem sagt nokkrum vikum áður en málið var lagt fyrir þingið. Þá höfðu menn komizt að raun um, að virkjunarkostnaður mundi hækka um 750 þús. kr. Hins vegar kvað Steingrímur ekki hafa fengizt leyfi hjá Bandaríkjastjórn nema fyrir annarri vélasamstæðunni, 750 þús. kr., sem lækkaði kostnaðinn um þá upphæð. Þegar því frv. var lagt fram, hafði verðlag breytzt, þannig að kostnaðurinn hækkaði að mun. Þannig vantar á hverjum tíma áætlun í sambandi við ríkisábyrgðarheimildina, miðað við það, sem allir aðilar og verkfræðingar þar með vinna sannast og réttast á hverjum tíma. Það er því algerlega rangt, að það hafi verið gerð nokkur tilraun til þess að halda fyrir hv. þm. upplýsingum um málið. Hins vegar hefur frv. dregizt nokkuð lengi, því að það var lagt fram í nóv. eða des. 1942, en ekki samþ. fyrr en í febrúar 1943, að mig minnir, og ekki staðfest af ríkisstj. fyrr en 2. apríl, og þessi mikla töf hér í þinginu orsakaðist af því, að fjhn. sendi málið til mþn. í raforkumálum, sem samdi langt álit, sem hún svo sendi þinginu, og tók það hana svona langan tíma að semja álitið.

Meiri hluti fjhn. lagði til, að ríkisábyrgðin yrði ekki veitt, og vildi gefa Siglfirðingum ávísun á rafveitu Akureyrar; hins vegar lagði minni hl. til að frv. yrði samþ. og ríkisábyrgðin veitt. En þessar umr. leiddu í ljós margt af þeim upplýsingum, sem fyrir lágu um þessa virkjun, og ég efast ekki um, að þeir, sem töldu rangt að veita þessa ábyrgð, hefðu vafalaust bent á, hefði það legið fyrir, að hún yrði sýnilega helmingi hærri. Þeir gizkuðu á, að hún mundi geta hækkað allverulega, og er það einfalt mál. Það fór eftir því, hve framkvæmdir gengju fljótt og hve verðhækkun yrði mikil. En ef maður ætti aldrei að leggja í framkvæmdir, sem maður væri ekki viss um að færu aldrei fram úr áætlun, þá væri lítið gert. Þó virðist það vera skoðun hv. þm., að á verðbólgutímum eins og nú sé réttast að leggja árar í bát og gera ekki nokkurn hlut. Ég skil ekki, hvað liggur á bak við slíka skoðun og hvernig fólk eigi yfirleitt að lifa, því að það verður að borða á sama tíma og verðbólga gengur yfir ekki síður en á öðrum tímum.

Þetta frv. er síðan samþ. og ríkisábyrgðin veitt. Meiri hluti þm. komst að þeirri niðurstöðu eftir ýtarlegar umr. og eftir að hafa kynnt sér álitsgerð okkar færustu manna, að rétt sé, að Siglfirðingar virki Fljótaá til raforkuframleiðslu fyrir sig. En þá bregður svo einkennilega við, að fyrrv. ríkisstj. telur sér ekki skylt að framkvæma málið. Samkvæmt venju var þetta frv. orðað á þá leið, að ríkisstj. sé heimilt gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, að veita þessa ríkisábyrgð. Og fyrrv. ríkisstj. vildi leggja í þessi orð þann skilning, að hún þyrfti ekki að gera þetta, né heldur að gefa ákveðna yfirlýsingu. Og hún neitaði að láta ríkisábyrgðina, en lét um síðir til leiðast með fyrri helminginn, 3 millj. kr., en sat við sama keip fram á haust 1943, og þá fyrir beiðni bæjarstjórnar Siglufjarðarkaupstaðar var það, að formenn 3 flokkanna, Sjálfstfl., Sósfl. og Alþfl., fluttu hér þáltill. um að fela ríkisstj. að gefa út þessa ríkisábyrgð. Sú þáltill. var ekki annað en

yfirlýsing um það, hvað þingið átti við, þegar það samþ. lögin um vorið. Þessi þáltill. var skýringarlaus, af því að hún þurfti engrar skýringar við, — það var aðeins verið að taka af öll tvímæli um það, að þeir vildu, að þessi ríkisábyrgð yrði veitt.

Þannig liggur málið fyrir, og síðan er, eins og þm. er kunnugt, búið að samþ. þál. um 2 millj. kr. hækkun á ríkisábyrgðinni. Og þá var fullyrt af þeim, sem báðu mig um að flytja málið og með stuðning þeirra fagmanna, sem þeir höfðu sér við hlið, að það mundi verða nægilegt til þess að ljúka við verkið. Ég get fyllilega sagt, að það var mei ekki minna undrunarefni en hverjum öðrum þm., að svo hörmulega skyldi til takast, að þessar 2 millj. kr. skyldu ekki nægja, heldur þyrfti 5 millj. í viðbót. Þess vegna er engin ástæða að vera með dylgjur um, að maður hafi verið að halda upplýsingum fyrir þm.

Það er óhjákvæmilegt að rifja upp nánar sögu þessa virkjunarmáls Siglfirðinga. Frá því 1927—28 hefur staðið yfir rannsókn meira og minna á hverju ári fram að þeim tíma, að virkjunin hófst, og allir sérfræðingar, sem þar hafa komið nærri, sem eru Steingrímur Jónsson, sem gerði fyrstu áætlunina 1929, vegamálastjóri og Jakob Gíslason, sem gerðu aðra áætlun 1937, og síðan Kay Langvad, sem gerði breytingu á þeirri áætlun 1941—42, töldu, að Fljótaá væri sjálfsagt fljót fyrir Siglfirðinga til að virkja. Þær breytingar, sem gerðar voru hjá Kay Langvad verkfr. frá áætlun vegamálastjóra og Rafmagnseftirlits ríkisins, voru, að stíflan var færð niður um 330 metra, en þar með þurfti stíflan að hækka um meira en helming til þess að halda sömu vatnsborðshæð. Þetta var byggt á því, að grundvöllurinn undir stífluna væri betri, þegar komið væri þangað niður eftir, heldur en var á upphaflega staðnum og átti þess vegna að geta sparað Siglufjarðarkaupstað kostnað. Það hefur hins vegar komið á daginn, þótt ekki sé hægt að segja fyrir víst, hvort þetta hafi sparað, því að við vitum ekki, hvað það hefði kostað á upphaflega staðnum, að bergið, sem byggt var á, var ekki nógu sterkt til að bera stífluna, því að stíflan er gífurlega há, 25 metrar, mjög miklu hærri en nokkur önnur stífla hér á landi, og hefur sennilega ekki verið tekið nægilegt tillit til þess kostnaðar, sem fór í að styrkja bergið undir stíflunni, áður en hægt væri að reikna með því, að það gæti borið þessa stíflu. En sem sagt, þessi áætlun var send ríkisstj., sem svo sendi hana til vegamálastjóra, og hann fór, eftir því sem ég veit bezt, mjög ýtarlega yfir áætlunina og sendi það álit til ríkisstj., að hann teldi rétt að ráðast í þessa framkvæmd. Hann hafði að vísu tekið fram, að hann drægi í efa, en vildi þó ekki fullyrða neitt um það, að stíflan yrði hentugri og ódýrari á þeim stað, sem gert var ráð fyrir á áætlun Kay Langvad, heldur en á þeim stað, sem gert var ráð fyrir á upphaflegri áætlun vegamálastjóra. En hann var þó ekki það ákveðinn, að hann teldi, að stöðva ætti framkvæmdir af þeim sökum og gera ýtarlega rannsókn, þannig að það varð til þess, að ríkisstj. samþ., að út í verkið yrði farið. Það má segja sem svo, að það sé óleyst spurning enn þá, hvort rétt hafi verið að fara út í þessa breytingu og byggja stífluna eins og hún er nú. En það þýðir ekki að sakast um það úr því sem komið er. Hún verður að notast þar, sem hún er. og enda þótt hún sé dýr, er hún að áliti verkfræðinga orðin það traust, að ekki þarf að óttast, að hún bili.

Kostnaðurinn við verkið hefur hækkað gífurlega. Í grg., sem fylgir þáltill., er fskj. frá rafmagnsstjóranum í Reykjavík, þar sem hann gerir grein fyrir þessari hækkun og bendir á, að verkamannskaup hafi á þessum tíma hækkað úr kr. 2,37 upp í kr. 7,05 á klst. og trésmíðakaup úr kr. 3,64 upp í 11,40 á klst. Það er óþarfi að draga inn í umræður um þetta mál ástæðuna fyrir þessari hækkun. Við vitum, að verðlag hluta er af þessum ástæðum ekki kauphækkun, heldur dýrtíðarvísitalan, sem orsakast af hinni almennu dýrtíð, sem er í landinu. Ég ætla að leiða deilur um orsakir fyrir dýrtíðinni, sem svo oft hafa komið inn í ýmsar umr., framhjá mér í þessu sambandi. En það sér hver einasti maður, að það er ekki óeðlilegt, þó að þarna verði nokkur stækkun upp á við, en þessi hækkun á kaupgjaldinu skýrir engan veginn þessa gífurlegu hækkun.

Lítils háttar hækkun, um nokkur hundruð þús., orsakast af hækkun á farmgjöldum, en töluvert mikil hækkun stafar af því, að timbur var látið liggja í marga mánuði í Ameríku og fékkst ekki flutt hingað, þannig að ekki var hægt að hefja vinnu fyrr en síðar, eftir að kaupgjaldið var orðið allmiklu hærra.

Ég tel, að langveigamesta orsök hækkunarinnar sé sú, að verkfræðingarnir hafi ekki getað séð fyllilega rétt fyrir, hvað þetta var mikið verk, sem verið var að ráðast í, og að stíflan hafi verið stórbrotnara verk en þeir gerðu sér í hugarlund.

T. d. aðeins eitt atriði af mörgum, að gera ráð fyrir árbotninum. Ég fyrir mitt leyti gat ekki hugsað annað en búið væri að gera rannsókn á því fyrirfram, en það er verkefni verkfræðinganna að rannsaka, hve langt sé á fastan botn í ánni, og það kemur fram, þegar verkið hefst, að það er 6 metra gljúfur, sem fullt var af sandi og möl, sem þurfti að ná burtu. Það segir sig sjálft, að kostnaðurinn eykst geysilega, þegar þarf að koma vatninu frá sér í gegnum rás, sem höggvin var í þessi gljúfur, og þegar þarf að stífla ána fyrir ofan og neðan virkjunarstaðinn, og vegna þess, hve jarðvegurinn var gljúpur, þá rann nærri stöðugt í holuna, svo að vélar urðu að vera í gangi til þess að dæla vatninu úr holunni.

Þetta var vandamál, sem verkfræðingunum sást yfir. Vitanlega segir sig sjálft, að það er engin afsökun fyrir fagmenn að sjá ekki út svona hluti, og er þetta byggt á því, að þeir hafi ekki framkvæmt þá undirbúningsrannsókn, sem nauðsynlegt var að framkvæma, til þess að þær fullyrðingar, sem þeir gáfu út um kostnaðinn, væru ábyggilegar. En það er ekki hægt að gera kröfu til þess, að þeir hafi varað sig á þessu, þegar þeir fylgdust ekki með í einstökum þáttum í rannsókninni. Í sambandi við þessa virkjun Fljótaár hafa komið fram ýmis vatna-

virkjunarvandamál, sem við höfum ekki áður orðið að horfast í augu við hér á landi. Það er t. d. hæð stíflunnar og þungi. Við höfum ekki áður þurft að horfast á augu við það vandamál, að það þyrfti að gera stórfelldar ráðstafanir til þess að styrkja bergið undir stífluna, svo að það haldi uppi stíflunni. Þetta er hæsta stífla hér á landi. Það hafa orðið mistök við hana, en það er enginn vafi á því, að þessi mistök verða til þess að leiðbeina við virkjun hér á landi. Það er vitanlega skellur, sem Siglfirðingar verða að taka á sig, en þó hefur málið þá jákvæðu hlið fyrir þjóðina í heild, að það má í framtíðinni varast þá skelli, sem skollið hafa yfir Siglfirðinga. Þá er vert að gera sér ljóst, hvað hefði mátt gera til þess að fyrirbyggja þau mistök, sem hér hafa orðið. Ég álít, að það hafi verið mistök í undirbúningi málsins að láta ekki trúnaðarmenn ríkisstj., rafmagnsstjórann og vegamálastjórann, fylgjast nákvæmlega með í hverjum einstökum lið áætlunarinnar og þeirri breytingu, sem Kay Langvad framkvæmdi.

Það sýnir sig, að það er ekki nóg að afhenda þeim áætlunina eftir á og ætlast til þess, að þeir gætu á tiltölulega skömmum tíma, með því að athuga staðinn, gefið fullnægjandi umsögn í þá átt, að á því sé byggjandi. Það væri nauðsynlegt, að þeir gætu fylgzt nákvæmlega með og sjálfir gert áætlunina upp aftur.

Ég býst við, að þetta kenni okkur, að ekki sé rétt að ráðast út í nein verk, fyrr en búið er að gera slíka ýtarlega áætlun af trúnaðarmönnum ríkisstj. og þeim, sem Alþ. treystir bezt í þessum efnum.

Ég hef orðið var við það, að ýmsir þeirra manna, sem virtust andvígir því, að Siglfirðingum væri gert kleift að halda áfram við þessa virkjun, hafi haldið því fram, að Kay Langvad verkfr., sem er framkvæmdastjóri fyrir Højgaard og Schultz, hafi haft tilhneigingu til að láta áætlunina vera lægri, til þess að meiri líkur væru til, að lagt væri út í verkið og þar með, að hans félag fengi þá starfrækslu, sem því var samfara.

Ég vil ekki halda þessu fram, og ég tel enga ástæðu til þess, og það liggja engin rök fyrir því. Ég álít, að það væri Siglfirðingum fyrir beztu, að látin væri fara fram á Siglufirði og hjá okkur hér á þingi, sem höfum mestan áhuga fyrir þessu máli og höfum mest starfað að því, og enn fremur þeim verkfræðingum, sem starfað hafa við það, ýtarleg rannsókn á öllum liðum, á efni og verkfræðilegum undirbúningi verksins allt frá byrjun og hvort nauðsynlegt er, að það komi fram við rannsóknina, hvort málinu sé þannig farið, að einhver eigi sök á þeim mistökum, sem orðið hafa, og láta ýtarlega rannsókn á gangi málsins hér á þinginu og hvað lagt hafi verið fyrir þingið og hvort orðrómur og staðhæfingar þm. hafi við rök að styðjast, að við stuðningsmenn þessa máls hér á þingi höfum verið að leyna fyrir þm. upplýsingum um málið, og að lokum að láta fara fram fjárhagslega rannsókn á verkfræðilegum framkvæmdum verksins. Ég álít líka rétt, að ríkisstj. beinlínis skipi eftirlitsmann til þess að hafa eftirlit með framkvæmdum, sem eftir er að framkvæma við virkjunina. Ég býst við því, að af þeim mistökum, sem þessi mál hafa leitt í ljós, sé rétt af ríkisstj. og Alþingi, að í hvert skipti, sem lagt er í verk, þá verði beinlínis tilnefndur ákveðinn trúnaðarmaður, sem Alþingi og stjórnin bera traust til, til þess að fylgjast með í framkvæmd verksins. Það segir sig sjálft, að þegar lagt er í stór verk, þá er ekki hægt að hætta í miðju kafi, hvað þá þegar 20% eru eftir. Það vita allir, sem vilja æsingalaust tala um svona mál, að þegar búið er að festa svona mikla peninga, þá er ekki hægt að snúa við, og því þarf að gera kröfu til þess, að undirbúningur sé góður og fulltrúi ríkissjóðs fylgist með í framkvæmd frá byrjun til enda.

Eins og nú er, þá hafa forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins, ráðunautur ríkisstjórnarinnar í vatnavirkjunarmálum og vegamálastjóri ekki fylgzt neitt með framkvæmdum verksins og þess vegna ekki heldur gert aðvart og lagfært í tæka tíð, þegar á hefði þurft að halda, og ég tel, að það sé ein ástæðan til þess, að svo illa hefur nú til tekizt og raun hefur á orðið. Ég álít þess vegna fulla ástæðu til þess að taka þetta Siglufjarðardæmi til aðvörunar framvegis og koma því lagi á, að slíkt eftirlit verði haft með stórvirkjun eins og ég hef nú lýst.

Það hefur verið ráðizt í tvær stórvirkjanir, sem hægt er að bera saman við þessa virkjun, sem hér er um að ræða; það er virkjunin hér í Reykjavík og á Akureyri. Það er svo, að Reykjavík hafði mjög góðan undirbúning, enda svo stór bær, að hann hafði ráð á því að ráða í þjónustu sína verkfræðinga og framkvæma mjög ýtarlega og fullkomna undirbúningsrannsókn. Hann hafði þess vegna líka aðstöðu til þess að fylgjast vel með allri framkvæmd verksins hjá sér, en það var látið í akkorði til sama félags og nú hefur starfað að virkjun fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Á Akureyri mun það hafa verið svo, að Rafmagnseftirlit ríkisins og vatnavirkjunarráðunautur ríkisins höfðu allnáið samstarf og eftirlit með framkvæmd virkjunarinnar frá byrjun, enda voru þeir þá svo heppnir, að þeir gátu séð þetta miklu greinilegar fyrir, og má segja, að það hafi líka átt sér stað í Soginu, sem var miklu einfaldara verk, eftir því sem verkfræðingarnir telja, og miklu þekktara vandamál við þá virkjun heldur en þau, sem leysa þurfti við virkjunina á Skeiðsárfossi, enda kom ekki til, að önnur eins mistök yrðu þar, að virkjunarkostnaðurinn færi svo fram úr áætlun. Vitanlega er það að athuga, að þetta var gert á allt öðrum tímum og töluvert mikill þáttur í hækkun virkjunarkostnaðarins orsakaðist að talsvert miklu leyti af breytingu á verðgildi peninga, breytingum á kaupgjaldi og öðrum tilkostnaði. Hv. þm. S.-Þ. var að segja sögu af því, hvernig þessi virkjun hafi verið framkvæmd, og skildist mér, að það hafi verið samtök hjá bifreiðastjórum, sem keyrðu efni, að vera svo lengi og hafa eins lítið á hverjum bíl og hægt væri. Svona sögur eru búnar til, og það getur ekki verið, að tilgangurinn hjá hv. þm. sé, að þær séu beinlínis teknar í alvöru. Mér er ókunnugt um, hvernig verkið hefur verið framkvæmt, en ég efast ekki um, að

reynt hefur verið að hafa eftirlit með því, hvort bifreiðastjórar sem aðrir hafi framið svik á ráðningarsamningi sínum og reynt að afla sér peninga fyrir enga vinnu. Annars er þetta það, sem verkamenn verða oft að þola, að kastað sé á þá, og eru þeir oft látnir gjalda fárra einstaklinga, sem leyfa sér þau vinnubrögð að svíkjast undan þeirri vinnu, sem þeir hafa tekizt á hendur.

Þá kemur það líka til, hvort þessi virkjun geti staðið undir sér. Það atriði liggur fyrir í áliti Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra, þar sem hann telur, að líkur séu til þess, að stöðin geti staðið undir sér með 1600 kw afkastagetu. Þá gerir hann ráð fyrir, að hægt verði að selja rafmagn til síldarverksmiðjunnar fyrir 250 þús. kr. árlega og rafmagn til hita fyrir 250 þús. kr. Við skulum segja, að ekki verði hægt að setja í þessa 2 liði nema sem svarar helming af því, sem gerð er áætlun um, sem sagt, að það verði rúmlega 200 þús. kr. tekjuhalli á fyrsta rekstursári. Þýðir það, að það sé endilega rangt að ráðast í þessa virkjun? Ég veit ekki annað en gert hafi verið ráð fyrir tekjuhalla fyrstu 3 árin af Sogsvirkjuninni. Reyndar varð tekjuhallinn enginn. Þó var ekki hikað við að leggja út í þetta, og þegar athugað er, að hér er lagt út í mannvirki, sem getur því sem næst viðhaldslaust rúllað áfram í 60 til 70 ár, þá sjáum við í hendi okkar, að það er ekki stórt atriði, hvort fyrirtækið ber sig fyrsta árið eða fyrstu árin. Á Siglufirði er túrbína, — með alelztu vatnstúrbínum á landinu —, sem er í jafngóðu standi núna eins og þegar hún var sett niður. Viðhaldið er svo hverfandi, að það er ekki hægt að nefna það neinum tölum, og hún er mörg hundruð sinnum búin að borga sig niður á þessum árum, sem liðin eru.

Vatnsvirkjunin er ekki fyrir 1, 2 eða 3 ár, og þess vegna er nauðsynlegt, að við séum ekki of skammsýnir, þegar við dæmum um hagkvæmi vatnsvirkjunarinnar. Það er ósköp eðlilegt, þó að framsóknarmönnum í þingflokknum, sem eru þekktir að því að vera skammsýnir í skoðunum á atvinnuháttum þjóðarinnar, finnist eðlilegt, að við miðum okkar framkvæmdir í rafveitumálum við, að þetta geti borið sig kannske fyrsta árið. Þó að það komi ekki fram hjá Steingrími Jónssyni, þá höfum við fulla ástæðu til að ætla, að stöðin geti staðið undir sér fyrsta árið, og þótt svo verði ekki, þá er aðeins örskammur tími, þangað til verður svo. Síldarafköst verksmiðjunnar á Siglufirði eru ekki minni en 14 til 15 þús. mál á sólarhring. Það er verið að stækka hana um 5 þús. mál. Það liggur fyrir að stækka hana fyrir vertíð 1946 um 15 þús. mál. Siglufjörður er nú þegar, áður en hin mikla stækkur fer fram, sem búið er að ákveða, stærsti verksmiðjubær á landinu. Ég horfi náttúrlega þarna burt frá Reykjavík, því að það gilda allt önnur lögmál í Reykjavík og vandamálin horfa öðruvísi við, þar sem það er svo miklu stærri borg. En Siglufjörður er stærstur, að undantekinni Reykjavík. Siglufjörður er í sambandi við einn höfuðþátt í atvinnulífi Íslands, hagnýtingu á síldaraflanum, og á kreppuárunum fyrir stríð var það ekki sízt Siglufjörður og atvinnutækin þar, sem átti sinn verulega þátt í að skapa þjóðinni þann gjaldeyri, sem gerði henni þó fært að treina í sér lífið á þeim erfiðu árum.

Nú er hins vegar fyrirsjáanlegt, að Siglufjörður verður miklu þýðingarmeiri, því að síldarverksmiðjan þar verður miðstöð síldarsöltunar, a. m. k. um ófyrirsjáanlega framtíð, og allar frekari verksmiðjur, sem byggðar verða til vinnslu síldarafurða, verða að mestu leyti byggðar á Siglufirði. Eins og sakir stóðu á þeim árum, sem ég var kunnugastur málum Siglufjarðar, þegar ég var bæjarstjóri þar, þá var raforkuþörf síldarverksmiðju ríkisins þúsund hestöfl á sama tíma sem vélar rafveitunnar, sem námu 400 hestöflum, gátu annazt alla neyzlu bæjarbúa.

Þegar svona stendur á, er alls ekki sanngjarnt að miða kostnaðinn eingöngu við höfðatölu íbúanna. Þegar svona stórkostlegur iðnrekstur á sér stað í bænum, verður vitanlega að taka tillit til hans, þegar rætt er um, hve mikill kostnaður sé lagður í svona fyrirtæki. Ef við nú athugum þessa vaxtarmöguleika og hvað þarf að bæta við af verksmiðjum á Siglufirði, þá sjáum við líka í hendi okkar, að fólksfjöldinn þar verður að stóraukast. Það þarf ekki færri en 100 verkamenn í viðbót, þegar verksmiðjan verður byggð. Á árinu 1938 var svo mikil verkafólksekla á Siglufirði, að skipin voru alveg í vandræðum með að fá fólk til að salta síldina, og það tókst ekki að salta svo fljótt, að hún skemmdist ekki. Verði söltun tekin upp, er alveg fyrirsjáanlegt, að Siglufjörður á ekkert fólk til að standa í því verki. Fyrir 10 þús. hestafla verksmiðju þarf 100 verkamenn í viðbót, og ef maður reiknar með, að hver verkamaður sé fjölskyldufaðir, þá er ekki óeðlilegt að margfalda með 4 til að finna þá réttu fólksfjölgun. Þá hefur íbúatala Siglufjarðar aukizt um 400 íbúa. Íbúatalan verður að aukast, ef þessi verksmiðjubygging á að fara fram. Um leið breytir það öllum hlutföllum og allri afstöðu Siglufjarðar til þess að geta staðið undir þeirri virkjun, sem þar er nú verið að framkvæma. Það er vert fyrir menn að gera sér þetta ljóst.

Því hefur verið haldið fram hér af hv. þm. S.-Þ., að það sé ósköp eðlilegur hlutur, að lagt sé út í virkjun, sem kosti 6 millj. kr. og sem kosti svo 13 millj Þetta sé aðeins vel skipulögð kommúnistastarfsemi og það sé allt þaulhugsað fyrirfram. Sennilega hafi ég og kommúnistar frá Siglufirði átt að setja á fullkomna áætlun um, að þetta mundi kosta 13 millj. og narra svo alla í að leggja út í þetta, svo að algert hrun eigi sér stað. Þetta átti víst að vera sönnun fyrir því, að kommúnistar væru ágætir, ef okkur tækist að skapa hrun á Siglufirði. Það er ekki hægt að taka svona orð nema sem raus, sem ekki er svaravert, en af því að ég veit, að það eru margir, sem ekki hafa fylgzt með í opinberum málum á Siglufirði, þá vil ég gefa nokkra skýringu á aðstöðunni þar.

Fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 1938 gerðu sósíalistar og Alþfl. bandalag og fengu meiri hluta. Ég var ráðinn bæjarstjóri og tók við því starfi í febrúar það ár, en lét af því starfi í jan. 1942, er sameiginlegur listi Alþfl. og Sósfl. fékk minni hluta og náði aðeins 4 mönnum af 9, en meiri hlutinn var

myndaður af Framsfl., Sjálfstfl. og óháðum borgaralista, sem hafði engan sérstakan flokk að baki sér, heldur ýmsa menn og sundurleita úr öllum 4 flokkunum, sem til voru í bænum. Sú stjórnarsamvinna, sem varð því upp úr þeim kosningum, var aðallega undir forustu Framsfl. og Sjálfstfl. Þeir gerðu samtök um að leysa mig frá störfum, — það var auðvitað sjálfgert —, og ráða annan bæjarstjóra, Óla Hertervig, sem var einn af bæjarfulltrúum sjálfstæðismanna, og hefur hann gegnt því starfi síðan. Meiri hlutinn í bæjarstjórn Siglufjarðar og sá hluti, sem markaði stefnuna, er því myndaður af 2 bæjarfulltrúum Sjálfstfl., 2 framsóknarmönnum og einum fyrir þennan óháða lista.

Það er alls ekki tilgangur minn með þessu að vera á nokkurn hátt að losa mig eða flokk minn við ábyrgðina af því máli, sem hér liggur fyrir. Ég vil taka fram, að meðan ég var bæjarstjóri, fylgdi ég því mjög eindregið, að hiklaust væri lagt út í virkjunina strax og hægt væri, og ég taldi óhjákvæmilega nauðsyn fyrir bæjarfélagið á Siglufirði og allt fólkið á Siglufirði og atvinnulífið í landinu, að Siglufjörður yrði aðnjótandi rafmagns, sem væri framleitt með vatnsorku. Árið 1942, þegar bæjarstjórn Siglufjarðar ákvað að fara út í þessa virkjun og fá ríkisábyrgð, þá var það samþykkt af öllum bæjarfulltrúunum, sem voru 9 talsins. Ég vil því telja upp þá menn, sem þarna tóku þátt í þessari ákvörðun, sem átti að verða og ég er sannfærður, að á eftir að verða Siglufirði og landinu í heild til mikillar blessunar, þó að það slys hafi orðið, sem nú er komið á daginn, að verkið hafi ekki staðizt áætlun og hækkað um meira en helming.

Mennirnir voru þessir: Bæjarfulltrúar Sjálfstfl., Óli Hertervig bæjarstjóri og Egill Stefánsson kaupmaður. Af hálfu Framsfl. Jóhann Torfason og Þormóður Eyjólfsson. Þormóður mun vera heimildarmaður hv. 2. þm. S.-M., og er það óeðlilegt, vegna þess að hann átti fullan þátt í þessum framkvæmdum og talaði fyrir því, að Siglufjörður legði út í þær á sínum tíma. Ég vil líka taka fram, að þessir menn þarna eru einhverjir beztu baráttumenn Framsfl. á Siglufirði og hafa vafalaust talið sig vera að gera rétt, Framsfl. vegna, þegar þeir ákváðu að vera með í þessu. Þá er fulltrúi fyrir óháða borgaralistann Pétur Bóasson, sem var áður í Sjálfstfl. og stendur nálægt honum að skoðunum. Fulltrúar Alþfl. voru Erlendur Þorsteinsson og Ólafur H. Guðmundsson afgreiðslumaður, en fulltrúar Sósfl. Gunnar Jóhannsson og Otto Jörgensen.

Þarna sameinuðust allir aðalmenn Siglufjarðar í opinberu lífi um þetta, og eru allir með tölu sammála og enginn ágreiningur að neinu leyti. Allir forustumenn Siglufjarðar í opinberu lífi eru sammála um það, að það sé óhjákvæmileg nauðsyn fyrir Siglufjörð að leggja út í þetta verk, virkjun Fljótaár. Það er því alveg tilhæfulaust að vera að tala um það hér, að það sé einhver einn flokkur, kommúnistar, sem séu að leika sér að því að koma Siglufirði út í eitthvert öngþveiti. Ég veit, að þeir menn, sem eru kunnugir þessum málum, leggja ekki eyra að svona hégóma, svona sjúklegu tali, en ég vildi aðeins segja þetta til leiðbeiningar þeim, sem ekki hafa aðstöðu til að fylgjast með opinberum málum á Siglufirði. Ég vil undirstrika það, að ég vil á engan hátt losa sjálfan mig undan neinni ábyrgð í sambandi við þessa virkjun, og ég hefði, ef borið hefði verið undir mig að taka þessa ákvörðun, gert nákvæmlega það sama. Það er hægt að sjá það núna, — og ég býst við, að þessir 9 menn sjái það allir, — að æskilegt hefði verið að láta trúnaðarmenn ríkisstj. framkvæma nákvæma rannsókn frá fyrstu byrjun til enda og láta trúnaðarmenn ríkisstj. fylgjast nákvæmlega með framkvæmd verksins frá byrjun. Ég benti ekki á það á þeim tíma. Mér yfirsást það á nákvæmlega sama hátt og þeim. Þess vegna er ég ekki að áfellast neinn eða losa mig undan þeirri ábyrgð, sem ég hef á því. Ég veit líka, að ég tala fyrir munn flokksbræðra minna, sem tóku þátt í þeirri ákvörðun. Þeir kæra sig ekkert um að skorast á neinn hátt undan þeirri ábyrgð, sem þeir tóku á sig með að samþykkja þetta, og ég býst við, að þannig sé með fleiri.

En svo er eftir eitt atriði. Var rétt að leggja út í þessa virkjun, ef það hefði legið fyrir á árinu 1942, að hún mundi komast upp í febrúar 1944 og kosta 13 millj. kr.? Var rétt að leggja út í þessa virkjun, ef við hefðum vitað á árinu 1942, að hún yrði ekki til fyrr en í febr. 1944 og mundi kosta þetta? Ég vil lýsa því hér yfir, að ég fyrir mitt leyti hefði hiklaust greitt atkv. með því, að lagt yrði út í þessa virkjun, í fyrsta lagi með tilliti til hagsmuna Siglfirðinga sjálfra, og í öðru lagi með tilliti til atvinnulífsins í landinu, til þessa vaxtar, sem er óhjákvæmilegur og nauðsynlegur í síldarverksmiðjuiðnaðinum á Íslandi. Ef ég hefði séð fyrir á árinu 1942, að verksmiðjan færi svona gífurlega hátt, hefði ég samt talið óhjákvæmilega nauðsyn að leggja út í það. Ég vil benda á í þessu sambandi, að það er vissulega stór upphæð, 13 millj. kr., en þegar menn taka tillit til þess, að 13 millj. kr. eru lagðar fram til þess að fullnægja raforkuþörf 3 þús. íbúa í mörg efnilegum kaupstað á Íslandi og þar að auki fullnægja raforkuþörf stórfelldustu síldarverksmiðju á landinu, a. m. k. um nokkurn tíma og sennilega um töluverðan tíma, þá álít ég, að við þurfum ekki að hrökkva við, þegar við erum orðnir því vanir, að séu settar — ekki aðeins ein millj. — heldur tugir millj. í það, sem ekkert skilur eftir sig. Og það er næsta undarlegt, að hörðust skuli vera gagnrýnin yfir þeim ráðstöfunum einmitt úr hópi þeirra manna, sem ekki hika við að samþykkja hér á þ. — og hindra meira að segja, að n. fái að rannsaka málið — að greiða á einu bretti kannske 20 eða 25 millj. kr. til ákveðins atvinnuvegs í landinu. Það er næsta furðulegt, að þessir menn skuli nú þjóta upp til handa og fóta og finnast, að öllu sé stefnt í óefni með fjárhag ríkisins, þegar við erum búnir að borga og skuldbinda okkur til að borga fast að 100 millj. kr., sem ekkert skilur eftir sig. En það er enginn vafi á því, að þetta er allt saman með ráðum gert hjá Framsfl. og þeim mönnum, sem sérstaklega hafa beitt sér gegn því, að þessu máli yrði haldið áfram, og ég tel, að sú

tregða stafi af því, að þeir vilji hindra allar þær framkvæmdir, sem geti leitt til atvinnuaukningar í bæjunum, til aukningar á sjávarútvegi okkar og iðnaði í sambandi við sjávarútveginn. Sú tregða, sem m. a. kemur fram í því, að Framsfl. sá sér ekki fært að vera þátttakandi í núv. ríkisstj.

Það er nýbúið að skila áliti til ríkisstj. frá meiri hl. svokallaðrar raforkumálan., og mér hefur dottið í hug að bera saman nokkrar tölur í þessu áliti við þetta gífurlega dýra mannvirki, sem Siglufjörður er að ljúka við að reisa. Það er í þessu áliti gert ráð fyrir, að allir íbúar landsins fái raforku, sem svarar 500 kw á hvern mann, og þær nýju virkjanir, sem þarf til þess að afla 36 þús. mönnum, sem ekki hafa raforku núna, þessarar raforku á mann, eiga að kosta 126 millj. kr. Það eru 4722 kr. á hvern mann. Nú vil ég bera þetta saman við Siglufjörð. Þar eru ætluð 1100—1200 kw á mann. Jakob Gíslason verkfræðingur, sem ég talaði við áðan, sagðist álíta, að ef maður reiknaði með 500 kw á hvert höfuð á Siglufirði, þá samsvaraði það 1969 kr. á móti 4722 kr. á mann. Samkv. áliti þessarar mþn. í raforkumálum ættum við að leggja út í framkvæmdir, sem eru meira en helmingi dýrari en þessi virkjun á Siglufirði verður, sem þeir eru núna að hneykslast yfir. Ég býst við, að þessir menn ætlist til að vera teknir alvarlega og þeir ætlist til, að lagt sé út í þessar framkvæmdir. Ég álít, þó að æskilegt væri, að svona margt fólk gæti fengið raforku, að við höfum ekki ráð á að dreifa orkunni eins mikið og þeir gera ráð fyrir í þessu áliti, en hins vegar efast ég ekki um, að láta má marga fá raforku af þeim, sem ekki hafa raforku núna, og þá gætu ýmis ákvæði í nál. orðið til leiðbeiningar. Svo að ég býst við því, að framsóknarmenn í raforkumálan. hljóti að vera í öðrum hvorum arminum, svoleiðis að skoðanir þeirra um rafveitu Siglufjarðar séu svipaðar, þó að ég viti, að margir framsóknarmenn eru alls ekki á sömu skoðun í þessu máli. Þá vil ég að lokum taka það fram, að ég er því fylgjandi og tek undir það með hv. 2. þm. S.-M. og hv. þm. Barð., að það verði látin fara fram ýtarleg rannsókn á öllum atriðum í sambandi við þetta mál og ríkisstj. hlutist til um það, að sú rannsókn verði framkvæmd undir verkfræðilegu eftirliti ríkisstj.; það væri mér mjög kærkomið, að slík rannsókn færi fram. En ég get ekki fallizt á, að það sé hyggileg ráðstöfun, þegar búið er að binda 11 millj. í þessari framkvæmd, að skirrzt sé við að veita þessa viðbótarábyrgð og stöðva þar með þessar framkvæmdir og baka bæjarfélagi Siglufjarðar og þar með ríkissjóði hundruð þús. kr. skaða. Það verður því ekki snúið til baka, en það, sem ríkisstj. og Alþ. geta gert, er að láta framkvæma undir opinberu eftirliti það, sem þarf að framkvæma úr þessu, en halda verkinu áfram, til þess að fyrirtækið geti farið að gefa eitthvað af sér. Ef verkið verður ekki stöðvað, þá búumst við við því, að rafmagnið verði sett á í febrúarmánuði. Það yrði því hvorki til sparnaðar fyrir ríkissjóð né Siglufjörð eða til gagns fyrir atvinnuvegina, að framkvæmdin verði stöðvuð, enda óþarft til þess að framkvæma rannsókn. Þess vegna styð ég þá till. að fresta umr. og vísa málinu til hv. fjvn. til frekari athugunar.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Sþ., 16. des., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Hæstv. atvmrh. eða kannske réttara sagt hæstv. ráðh. sjútvm. talaði hér í gær og vildi afsaka þessa till. og þá meðferð, sem málið hefði hlotið hér á Alþ. áður. Það var auðheyrt, að talsverður beygur var í hæstv. ráðh. út af því, hvernig þessum málum væri komið, en jafnframt reyndi hæstv. ráðh. á talsvert ísmeygilegan hátt að bera af forgöngumönnum málsins þann orðróm, að þeir hefðu farið á bak við Alþ., hvað snertir meðferð þessa máls, en ég hef haldið því fram, að það hafi átt sér stað a. m. k. tvívegis áður. — Ég hlýt að svara þessu nokkrum orðum að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh.

Ég skal þá fyrst víkja að því atriði, sem gerðist í upphafi málsins hér á Alþ., þegar það var ákveðið, að Alþ. ábyrgðist 6 millj. kr. ríkisábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað vegna virkjunar Fljótaár. Ég held því fram, að þessi ákvörðun hafi verið gerð á þeim tíma, þegar forgöngumönnum málsins hlaut að vera það ljóst, að virkjunin kostaði ekki 6 millj. kr., heldur miklu meira. Ég færði þau rök fyrir þessu, að samkv. áætluninni, sem gerir ráð fyrir 6 millj. kr. kostnaði og gerð er af Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra, og eftir því, sem hann lýsir sjálfur yfir á því fskj., sem nú fylgir málinu, er þessi ályktun miðuð við kostnað við framkvæmdir eins og hann var hér á landi framan af árinu 1942. Hann segir, að þessi áætlun sé miðuð við verkamannakaup kr. 2,33 á klst. árið 1942, en þegar þál. var samþ. um það hér á Alþ., að ríkið tækist á hendur þessa ábyrgð, er enn þá miðað við þessa sömu áætlun og miðað við 6 millj. kr. kostnað við framkvæmdir, enda þótt verkamannakaup þá væri orðið meira en tvöfalt eða næstum þrefalt við það, sem byggt er á í áætluninni. Eins og ég gat um, miðaði Steingrímur Jónsson við verkamannakaup kr. 2.33 á klst., og hef ég spurzt fyrir um það hjá Alþýðusambandi Íslands, hvað verkamannakaup hafi verið á Siglufirði veturinn 1942—1943, þegar verið var að ganga frá þessum málum hér, og mundi það svara til kr. 3,00 grunnkaups eða kr. 7,00 verkamannakaups, eða næstum þrefalt við það, sem byggt var á í 6 millj. kr. áætluninni, sem hæstv. ráðh. ber enn þá fyrir sig. Nú þarf enginn maður mér að segja, enda liggur það glöggt fyrir af skýrslum, sem liggja fyrir, að þessi hækkun verkamannakaups úr kr. 2,33 upp í meira en kr. 7,00 hefur í för með sér hækkun, sem getur ekki numið 750 þús. kr., eins og hæstv. ráðh. vildi gefa í skyn, heldur hlýtur þetta að nema svo að millj. kr. skiptir á virkjuninni. Þessi hækkun hafði þegar átt sér stað, þannig að það er alveg augljóst, hvernig sem nú er reynt að breiða yfir þetta, að í upphafi hefur verið farið fram á ábyrgð fyrir þeirri fjárhæð, sem öllum greinargóðum mönnum hlaut að vera ljóst, að væri of lág,

miðað við þann kostnað, sem þegar var orðinn. Það er alveg rétt, að þegar málið kom fyrst fyrir Alþ. um sumarið 1942, þá mun þessi áætlun hafa átt rétt á sér, en vegna verðbólgunnar síðast á árinu 1942 á þessi áætlun engan rétt á sér, og sýnist mér augljóst, að því fari fjarri, að hún hafi verið endurskoðuð eins og vera þurfti, hvað þá heldur að hv. Alþ. hafi gert sér grein fyrir því, að svona mikil hækkun var fram komin. Þetta er þó ekki nema byrjunin í málinu og ekki nema eitt atriðið af mörgum, sem sýnir, á hvern hátt hefur verið haldið á þessum *málum af hálfu forráðamanna Siglufjarðar* hér á Alþ., en það er vitað mál, að þeir, sem fluttu málið hér á Alþ. og stóðu fyrir því, áttu að hafa með sér og leggja fram öll þau gögn og skilríki, sem þeir gátu frekast aflað sér, til þess að hv. Alþ. gæti fengið sem allra réttasta hugmynd um málið. — Nú, þegar virkjuninni er undið nokkuð fram í ársbyrjun 1944, þá er komið til Alþ. og farið fram á 2 *millj. kr. til viðbótar í þessu skyni.* — Ég hef nú sýnt fram á það, að það hefur verið mjög mikill misbrestur á, hvernig haldið hefur verið á þessum málum af hendi flm. þess frá öndverðu, þótt það séu smámunir hjá þeirri framkomu flm., er þeir nú leggja málið fyrir í síðara skiptið, — þegar komið er með málið fyrir Alþ. í febrúar s. l., þá er flutt þáltill., sem ég las hér upp um daginn með leyfi hæstv. forseta, þegar málið var til umr. Henni fylgdi engin grg. um það, hvernig horfur væru um afköst við virkjunina, engin grg. um það, hversu mikið fé væri búið að leggja í virkjunina, og engin endurskoðun um áætlun yfir verkið. Þar er aðeins farið fram á 2 millj. kr. til viðbótar og talað um, að mönnum sé málið svo kunnugt, að frekari grg. sé ekki þörf á, og sagt, að það verði skýrt nánar í framsögu. Ég hef athugað umr., sem fram fóru um þetta mál í febrúar s. l. hér á Alþ., og ætla að lofa hv. þm. að heyra, í hverju þessi „nánari grg. í framsögu“ var fólgin af hendi þeirra manna, sem fluttu málið; fyrir málinu talaði Þóroddur Guðmundsson í forföllum hv. þm. Siglf., hæstv. núv. atvmrh., og fórust honum orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefur tilbúin ýmis gögn varðandi þetta mál, og var gert ráð fyrir, að þau gögn lægju hér frammi, þegar málið kæmi til umr., en það hefur nú farið svo, að þau eru ekki komin. Málið er þó svo skýrt, að ég býst ekki við, að til langra umræðna komi, held því, að það muni koma að fullu gagni, að þessi gögn verði send beint til þeirrar n., sem fær málið til meðferðar.“

Þetta er nær öll framsagan, sem fyrir málinu er höfð hér á Alþ., og vísað til skjala, sem munu verða lögð fyrir n., og má segja, að lítt nánar hafi verið tekið *fram í framsögu en gert var í grg.* Síðan fer málið til fjvn., og þegar það kemur aftur úr n., mælir meiri hl. með því, að till. verði samþ., með þeim forsendum, að búið sé að leggja fé í þetta og það verði að segja b, úr því að búið sé að segja a. Við þessar umr. upplýsist það af hv. 1. þm. Rang., að fyrir n. hafi engin plögg verið lögð og engar upplýsingar af neinu tagi og þangað hafi aðeins einn maður verið kvaddur til viðtals, sem var forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins. Lýsti hann því yfir, eftir því sem hv. 1. þm. Rang. hefur upplýst, að *hann hafi ekkert haft að gera með framkvæmdir* þessa máls og geti því engar upplýsingar um það gefið. — Þetta er þá málflutningurinn af hendi flm., þegar þeir koma hér í febrúar s. l. til þess að fá þessa 2 millj. kr. ábyrgð til viðbótar. Og öll þessi vinnubrögð, þegar talað er um, að mönnum sé málið svo kunnugt, að óþarfi sé að gefa miklar upplýsingar um það, — enn fremur þegar talað er *um plögg, sem verða lögð fram, — plögg, sem séu* til, en aldrei sjást, — á hvaða aðferð minnir þetta? Þetta minnir á aðferð hjá mönnum, sem eru að reyna að sjá sér út peninga, er langflestir menn telja sér alls ekki vera samboðna. Ég er sannfærður um það, eftir því sem ég hef meira kynnt mér þetta mál, að það er engin tilviljun, að þannig er farið með málið í febrúar s. l., og það er beinlínis ekki hægt að komast hjá þeirri hugsun, að þetta hafi verið gert af ásettu ráði, — að það hafi átt að koma með málið smátt og smátt fyrir Alþ. og reyna að smeygja þessu í gegn eins hljóðalaust og unnt var. — Eins og ég gat um daginn, benda þær aðferðir, sem nú eru við hafðar, eindregið í sömu átt. Hvernig stendur á því, að forráðamenn málsins flytja málið ekki fyrr á þessu þingi heldur en þegar því er alveg að verða lokið, — aðeins nokkrir dagar til jóla? Er það ekki gert í trausti þess, að málið renni áfram athugunarlaust í gegnum þingið vegna annríkis þm. í þinglokin? Það er ómögulegt annað en að láta sér detta þetta í hug, þegar maður veit, hvernig áður hefur verið á þessum málum haldið. Ég vil og benda á það, að Þóroddur Guðmundsson veik að því í umr. um þetta mál í febrúar s. l., að þessar framkvæmdir væru mjög langt komnar áleiðis og það vantaði í raun og veru aðeins herzlumuninn, til þess að unnt yrði að ljúka þeim. Enn fremur vil *ég benda á það, að í febr. s. l.* var kaupgjaldið í landinu orðið það sama á þessum stað og það var s. l. sumar og er nú, þegar verið er að ljúka virkjuninni; það þarf þess vegna enginn maður mér að segja, að það séu slíkir sauðir, sem standa fyrir þessum framkvæmdum á Siglufirði, að þeir hafi ekki haft einhverja hugmynd um það í febrúar s. l., þegar málið var lagt fyrir Alþ., hvort endanlegur kostnaður við verkið yrði 8 *millj.* kr. eða 13 *millj.* kr. Mér dettur ekki í hug að halda þetta, heldur álít, að þetta hafi verið miðað þannig, að þeim hafi þótt hyggilegra að láta Alþ. kingja þessum bita í mörgu lagi, af því að hann hafi verið of stór til þess að láta kingja honum í einu lagi, og að þeir hafi talið réttara að skera hann í sundur, — taka fyrst 2 millj. kr. og síðar 4—5 millj., eftir því sem á þyrfti að halda. — Þetta kallaði ég að fara á bak við Alþ. í þessum málum, og ég fyrir mitt levti legg ríka áherzlu á, að þetta mál verði athugað miklu gaumgæfilegar en gert hefur verið, áður en það verður afgr. frá Alþ. Ég hef ekki haft aðstæður til þess að athuga þetta mál á annan hátt en þann, sem ég hef lýst, — aðeins með því að athuga skjöl, sem hafa komið fyrir Alþ., en eins og gefur að

skilja, eru það aðeins mjög litlar og takmarkaðar upplýsingar, sem hingað hafa borizt; hins vegar gefa þær allar bendingar um það, að þessi ákæra mín á hendur forráðamönnum Siglufjarðarkaupstaðar hér á Alþ. hafi við rök að styðjast. Það var auðheyrt, að hæstv. ráðh. hafði áhuga á að koma því inn hjá þm., að meginkostnaður virkjunarinnar væri sökum óhappa, sem komið hefðu fyrir á s. l. sumri. En þó er reyndin sú, að óhöpp eru miklu minni en hægt var að gera ráð fyrir. Það er því algerlega ótækt af hæstv. ráðh. að kasta öllu svaði á þá verkfræðinga, sem hér voru að verki, þótt þeim hafi yfirsézt. Mér skilst það, að forráðamönnum þessa verks hafi verið það ljóst þegar í upphafi, að þetta kostaði meira en gert var ráð fyrir, og hafi verið reynt að fara á bak við þingið með það og þá sérstaklega á öndverðu þessu ári. Mér þykir svo alvarlegir hlutir hafi gerzt í sambandi við þetta mál, sérstaklega hér á þingi, að nauðsynlegt sé að athuga það nánar. Ég legg svo til, að mál þetta verði rannsakað og þá fremur öðru flutningur þess hér á þingi. Ég tek ekki nærri mér svigurmæli hæstv. ráðh. í minn garð, — átti eigi von á öðru úr þeirri átt. En ég vil endurtaka það, að mér finnst eitthvað bogið við þá málsmeðferð hér á þingi, að Alþ. skuli lýsa yfir fullri ábyrgð á mannvirkjum, án þess að eftirlit sé haft með framkvæmd þeirra. Með þeim hætti er miklu minni trygging fyrir því, að hlutaðeigandi yfirvöld láti sig skipta, hvernig verkið er unnið og það verði sem ódýrast. Ég beitti mér fyrir því hér á árunum, að ríkissjóður ábyrgðist ekkert verk að fullu og aldrei meira en 90%, en með því var fengin trygging fyrir því, að þeir, sem hlut ættu að máli heima fyrir, gætu ekki látið sér algerlega í léttu rúmi liggja framkvæmd verksins eða að fé ríkissjóðs væri sóað í vafasöm fyrirtæki. Þetta er hin eðlilega leið. Hins vegar er sjálfsagt, að ríkið styrki slíkar framkvæmdir sem þessar, en það er einnig rétt, að einhver aðstoð komi heiman frá, svo að menn hugsi um það, sem er heppilegast fyrir framtíðina, en eigi um augnablikshag. Það verður loks að gera þá kröfu, ef ríkissjóður tekur fulla ábyrgð á einhverju verki, að ríkið hafi eftirlit með framkvæmd þess eða, ef um mál sem þetta er að ræða, að Rafmagnseftirlit ríkisins sjái um það. Þá kemur þinghliðin á þessum málum. Sá háttur hefur tíðkazt, að menn hafa snúið sér til flokkanna í kosningabaráttunni og fengið þá jafnvel til að lofa ábyrgð og segja álit sitt um framkvæmdir, þó að upplýsingar um það, sem á að gera, séu ekki fyrir hendi. Mér finnst, að flokkarnir ættu að hafa samtök um að hætta þessu. En þó er annað verra, og það er, að nefndin skuli láta mál frá sér fara, án þess að nægileg gögn séu fyrir hendi, en svo er það t. d. með þetta mál. Það ættu að vera samtök um, að ekkert mál sé afgreitt, nema nægilegar upplýsingar séu til staðar. Hv. þm. Siglf. sagði, að ég væri að ráðast á þetta sökum þess, að ég bæri óvildarhug til þeirra manna, sem með málið hafa farið. Þetta er ekki rétt. En þegar ég fór að athuga þetta mál og meðferð þess hér á þingi, þá gekk alveg fram af mér, og ég ákvað að leitast við að sýna fram á, hvert hér væri stefnt, ef það gæti orðið til þess, að þingmenn hefðu betri samtök með afgreiðslu mála en verið hefur nú um sinn.

Forseti (GSv): Ég vil geta þess, að í Sþ. verður varla haldinn fundur til mikilla málaflutninga fyrir jól, svo að varla verða afgr. öll þau mál, sem á dagskrá eru, nema menn taki mál sín aftur eða stytti mál sitt. Vil ég nú spyrja þá, sem hér eiga hlut að máli, hvort þeir vilji mæta í kvöld á þingfundi, því að í gær varð ekki unnt að hafa fund sökum þess, hve fáir mættu. *(HermJ:* Við getum ekki mætt í kvöld.) Mér skilst, að eigi verði unnt að halda þingfund í kvöld.

Umr. frestað.

Á 80. fundi í Sþ., 4. jan., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 81. fundi í Sþ., 5. jan., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Forseti (GSv): Hæstv. atvmrh. er fyrstur á mælendaskrá, en hefur afturkallað beiðni sína með það fyrir augum, að málið geti gengið fljótt fyrir sig og komizt til n. Og vona ég, að aðrir hv. þm. taki það sjónarmið einnig til greina.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég get því miður ekki orðið við tilmælum hæstv. forseta um að falla frá því að taka til máls. Mér þykir þetta merkilegt mál, sem þarf töluverðrar athugunar við, áður en það fer í n. Einkum vegna þess, að þegar umr. fóru fram um þetta mál í þinginu, að sumu leyti mjög merkilegar umr., var fjmrh. ekki viðstaddur og enginn úr fjvn. og enginn hv. flm. þál. Og mér þykir það alvöruleysi undarlegt hjá hæstv. Alþ. um jafnmerkilegt mál, ef ekki fara fram að einhverju leyti athugasemdir um málið í áheyrn þeirra aðila, sem eiga nú að taka ákvörðun um það, hvort halda beri áfram með það eða ekki. Þetta er táknrænt fyrir það alvöruleysi, sem ríkir hér á hæstv. Alþ. með umr. um mál og framgang mála. Og ég tel, að tími sé til kominn að snúa við inn á þá braut að meðhöndla málin með meiri alvöru en þetta mál.

Ég mun fyrst leyfa mér að gera athugasemdir við þá áætlun, sem látin er fylgja þál., ef form. fjvn. vildi taka þær til athugunar að einhverju leyti, þegar hann tekur málið til meðferðar í n. Í þál. er byggt á því, að gjöldin í næstu 25 ár verði kr. 1,080,000.00 árlega. Ég vil benda á það, að hér skakkar ekki svo litlu samanborið við áætlun landsveitunnar, eða 0,4%, hvað gjöldin eru minni við hana. Í Siglufjarðaráætluninni er alveg sleppt tryggingunum, en í landsveituáætluninni er það reiknað 1 prósent. En það mun gera 168,000.00 kr. útgjöld árlega næstu 25 árin við rafveitu Siglufjarðar.

Ég vil einnig gera nokkurn samanburð á rekstrar-

kostnaðinum. Vil ég þá fyrst láta undrun mína í ljós á þeirri undarlegu fullyrðingu hæstv. atvmrh., þar sem hann heldur því fram, að landsveituáætlunin sé helmingi dýrari en Siglufjarðarrafveitan. Ég hef farið í gegnum þau gögn, sem hér liggja fyrir, og sé ekki annað, eftir þeim að dæma, en Siglufjarðarveitan sé þó nokkru dýrari, miðað við þá áætlun, þar sem gert er ráð fyrir 12 millj. kr. kostnaði, heldur en gert er ráð fyrir að landsveitan kosti. Þætti mér vænt um, ef hæstv. ráðh. leiðrétti þessa missögn, eða að öðrum kosti viðurkennir hann, að hann hafi ekki farið með rétt mál. Gert er ráð fyrir, að 90 þús. manna njóti landsveitunnar, og landsveitan er talin kosta tæplega 300 millj. kr., eða rúmlega 3 þús. kr. á hvern mann í landinu, sem nýtur hennar. Siglufjarðarrafveitan mun aðeins ná til 2790 manna, en mun kosta 12 millj. kr., ef ekki 13—14 millj. kr. eða miklu meira. Og það þarf ekki nema einfaldan barnalærdóm til að sjá það, að ef deilt er í þessa upphæð, kemur hærri útkoma en hjá landsveitunni. Enn fremur vil ég benda á í þessu sambandi, að tekjuáætlun Steingríms Jónssonar getur engan veginn staðizt. M. a. er þar reiknað með 25 aura gjaldi fyrir verksmiðjur. En það er sama sem að útiloka það, að verksmiðjur kaupi þar rafmagn. Ég vil benda á, að gjaldskráin fyrir Reykjavík er þannig, að stóriðjan greiðir allt niður í 4 aura á kwst. Það rafmagn, sem notað er við síldariðnaðinn á Siglufirði, fellur að langmestu leyti undir stóriðju. Hraðfrystihúsin greiða allt niður í 10—15 aura eftir því, hvað þau taka mikið. Svo að það er annað, sem þau koma til með að greiða eftir þeirri gjaldskrá, sem gert er ráð fyrir í áætluninni fyrir Siglufjörð. Og ef hugmyndin er að reisa lýsisherzlustöð á Siglufirði, þá er þetta ekki lítið atriði. Ég vil benda á, að í áætlun, sem Trausti Ólafsson gerði 1937 um allan kostnað við að herða lýsi á Íslandi, reiknaði hann kwst. á 4 aura til jafnaðar við herzluna. Þá á rafmagnsliðurinn að kosta 18 kr. á tonn. Þessi liður kostar nú 6 sinnum meira samkv. Siglufjarðaráætluninni. En það er sama sem að útiloka, að reist verði lýsisherzlustöð þar. Sem sagt, þessi áætlun er aðeins pappírsgagn eitt. Mismunurinn á því að reisa lýsisherzlustöð nú og flytja lýsið hreinsað út í stað óhreinsað, eins og fyrir stríð, er eitt pund á smálest. Svo að annað er ekki til að hlaupa upp á í þessu efni. Og ef einn liðurinn hækkar úr kr. 18.00 upp í kr. 120,00 til 140,00 á tonn. þá kemur ekki til mála, að hægt sé að vinna þessa vöru hér. Þeim, sem sækja þetta mál fast, verð ég að benda á þetta. Nú er það e. t. v. svo, að það sé ekkert aðalatriði fyrir Siglufjörð, að lýsisherzlustöðin sé reist þar. Það má alveg eins reisa hana einhvers staðar annars staðar. En mér þótti rétt að benda á þessi atriði. Ég hef reiknað það út, að ef farið væri eftir því, sem áætlað er hjá landsveitunni, mundi hver notandi af 3 þús. íbúum aðeins nota 500 wött á ári til jafnaðar. Ef reiknað er með því, að árskwst. kosti 273 kr., þá yrðu tekjurnar aðeins 359 þús. og 500 kr. vegna allra nota fólksins, jafnvel til hitunar og smáiðnaðar. Sama upphæð og nú er greidd á Siglufirði með því að selja rafmagnið á kr. 1,20 kwst. Mismunurinn á 360 þús. kr. og 1100 þús. kr., sem þarf, til þess að virkjunin geti borið sig. verður að koma frá stóriðnaðinum og margfaldast frá því, sem nokkur von er til um, að verði. Mér þykir rétt að taka þetta fram til þess að benda fjvn. á þetta atriði, og ég get rökstutt þessar tölur mínar við n., til þess að tefja ekki málið hér. Ég tel það skipta miklu máli, hverja afgreiðslu mál þetta hlýtur á þ. Þetta er fyrsta málið, sem þarf að leysa, og ég tel ekki rétt að láta það hafa áhrif á þetta mál, að einhverjir kunni að óttast, að ef til vill verði ekki eins auðvelt að fá ábyrgð fyrir aðra staði, þegar þar að kemur. Hygg ég, að þar valdi mestu um hræðslan um það, að ef settur væri fótur fyrir þetta mál, yrði erfitt að koma fram ábyrgð fyrir önnur héruð á landinu. Mál þetta er í heild sinni komið í það horf, að ekki er annað sjáanlegt en ríkið verði að grípa inn í til þess að bjarga því, sem bjargað verður, og algerlega óverjandi að veita heimild, eins og farið er fram á í þessari þáltill., skilyrðislaust, eins og málinu nú er komið.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27:1 atkv. og umr. frestað.

Á 94. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Sþ., 26. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till. (A. 662, n. 1101, 1119 og 1123).

Frsm. 1. minni hl. (Þóroddur Guðmundsson): Herra forseti. — Þetta mál hefur verið til afgreiðslu hjá fjvn., og fór það þannig, að n. er þríklofin um málið. Við, sem erum í 1. minni hl., leggjum til, að till. verði samþ., þó með dálítilli breyt. frá því, sem hún var upphaflega. Við teljum, að það sé ekki hægt að stöðva þetta mál, því að nú er framkvæmdin svo langt komin, að vonazt er eftir, að stöðin verði tekin til notkunar eftir nokkra daga, en það mundi fara svo, ef þessi ríkisábyrgð fengist ekki, að þetta stóra lán, sem vantar til viðbótar, til að hægt sé að ljúka virkjuninni, mundi sennilega ekki fást, eða a. m. k. yrði það miklu dýrara, og fyrir ekki stærra bæjarfélag en Siglufjörð getur orðið nokkuð örðugt að standa undir þessu, þó að ekki komi til viðbótar 50—100 þús. kr. árlegur skattur, en það er líklegt, að ef Siglufjarðarbær yrði að taka lánið án ríkisábyrgðar, mundi það muna bæinn um 100 þús. kr. árlega vegna hærri vaxta.

Við leggjum til, 1. minni hl., að ríkisábyrgð verði bundin við 85% af heildarkostnaðinum. Er þar farið eftir því, sem gert hefur verið með aðrar ríkisábyrgðir. Þá leggjum við einnig til, að þetta verði einnig bundið því skilyrði, að Rafmagnseftirlit ríkisins telji, að fyrirtækið geti staðið undir sér. Það hefur þegar farið fram nokkur rannsókn á þessu máli, og einn af færustu mönnum þjóðar-

innar á því sviði, Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri Reykjavíkur, hefur gert um þetta útreikninga og kemst að þeirri niðurstöðu, að miklar líkur séu til, að fyrirtækið geti staðið undir sér. Hins vegar hefur hann ekki haft nema stuttan tíma til þessara athugana. Og það er líka rétt, að Rafmagnseftirlit ríkisins fór aftur í gegnum þetta og fyrir lágu álit í þessu efni.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mál. Það er búið að ræða þetta svo á þingi, og þetta mál er búið að liggja lengi frammi. Menn hafa haft góðan tíma til að hugsa um það. Og ég geri ráð fyrir, að þær umr., sem um þetta mál fara fram hér í kvöld, breyti engu um afstöðu manna til málsins, enda er búið að ræða þetta í öllum flokkum. Hæstv. ríkisstj. hefur einnig rætt um málið og rannsakað það. — Þó eru það aðeins nokkur orð, sem ég vil víkja að hv. 2. minni hl. n. Mér skilst, að hv. þm. í 2. minni hl., sem vilja í raun og veru ná því sama eins og 1. minni hl. n., sem sé veita þessa ábyrgð, hafa verið vélaðir í málinu. Þau skilyrði, sem hv. 2. minni hl. leggur til, að verði sett, eru með öllu óaðgengileg og mundu verða til þess að tefja þetta mjög mikið og jafnvel gera Siglufjarðarkaupstað ókleift að komast heilsteyptum út úr þessu. Svo að ég vona, að það muni ekki verða margir hv. þm., sem fylgja hv. 2. minni hl. í þessu máli, a. m. k. að engir af þeim hv. þm., sem á annað borð vilja veita þessa ábyrgð, séu að hengja sig í því að vilja láta setja þessi skilyrði, sem ekkert vinnst með, en mundi gera Siglfirðingum óleik og tefja málið. Því að ef það ætti að taka það bókstaflega, að ekki ætti að veita ábyrgðina, fyrr en þessum skilyrðum væri fullnægt, þá væri svo að segja útilokað, að það yrði hægt fyrr en eftir nokkra mánuði. En málið þolir alls ekki slíka bið.

Þá er álit 3. minni hl. fjvn., sem hv. þm. S-Þ. skrifar undir og tveir aðrir hv. nm. með honum. Það er bersýnilegt, að það væri miklu hreinlegra að neita alveg um ríkisábyrgðina heldur en að samþ. brtt. hv. 3. minni hl., með svo miklum útúrsnúningum, sem hv. þm. S-Þ. og þeir hinir stinga upp á, ef þessi ábyrgð væri aðeins bundin við, að það væru ekki nema 3½ millj. kr., sem ábyrgðin væri veitt fyrir, þegar vitað er og upplýst, að það vantar 5 millj. kr. til þessa verks, en þeir í 3. minni hl. n. segja, að Siglufjörður geti staðið undir hinu sjálfur. Því er þar til að svara, að Siglfirðingar ætla sér að standa undir þessu öllu. En hér er farið fram á, að Siglfirðingum verði veitt hliðstæð hjálp eins og mörgum öðrum hliðstæðum kaupstöðum og kauptúnum hefur verið veitt, með því að ríkið gangi í ábyrgð, til þess að lánin fáist með betri vaxtakjörum. Og það væri einkennilegt, ef farið væri þarna inn á alveg nýja braut og veitt ríkisábyrgð aðeins fyrir þessum parti af láni því eða lánum, sem bærinn þarf að taka til þessa mannvirkis. Því að, eins og ég gat um áðan, hefur það verið siður, að ábyrgðir, sem veittar hafa verið einstökum kaupstöðum og kauptúnum undanfarið til slíkra hluta, hafa verið bundnar við 85% heildarkostnaðar. Og það mun nægja í þessu tilfelli. Ég veit ekki, hvað fyrir þessum hv. þm. í 3. minni hl. fjvn. vakir. En maður gæti látið sér detta í hug, að eftir að búið var að ræða þetta við hæstv. ráðh., sem mætti á fundi í fjvn., — og við flytjum eiginlega orðrétta till., sem sá hæstv. ráðh. flutti í fjvn. í samráði við hann og fleiri hæstv. ráðh., — þá getur maður látið sér detta í hug, að þessir hv. þm. í 3. minni hl. fjvn. vilji bara reyna að klekkja með þessu áliti sínu og brtt. á hæstv. ríkisstj. með því að fallast ekki á till. hennar í málinu.

Ég bið hv. alþm., sem vilja á annað borð veita þessa ábyrgð, að samþ. okkar till. í 1. minni hl., en ekki þá till., sem hv. 2. minni hl. n. leggur til, því að það að samþ. till. hv. 2. minni hl. mundi verða til þess að skapa mjög mikil óþægindi og það alveg að ástæðulausu, og það vinnst heldur ekkert við að samþ. þá till.

Frsm. 2. minni hl. (Pétur Ottesen): Herra forseti. — Þetta mál var alllengi til meðferðar í fjvn. Og átti fjvn., eins og vera bar um svo stórt mál, viðræður við þá ráðh., sem málið tekur sérstaklega til, sem eru bæði hæstv. fjmrh. og atvmrh. Auk þess skrifaði n. forstöðumanni Rafmagnseftirlits ríkisins um þetta mál og óskaði umsagnar hans um það, og er sú umsögn prentuð sem fylgiskjal með nál. 1. minni hl. n. Það varð að samkomulagi milli fjvn. og hæstv. samgmrh., að n. hefðist ekki að í málinu, fyrr en ríkisstj. hefði athugað málið og fyrir lægi álit frá forstöðumanni Rafmagnseftirlits ríkisins. En strax er þetta álit lá fyrir, sem prentað er á þskj. 1101, þá ræddi hv. fjvn. við hæstv. samgmrh. um þetta mál, og lagði hann fram á þeim fundi ákveðna till. í málinu, þá, sem prentuð er hér á þskj. 1119, sem er nál. frá 2. minni hl. n. Þetta er sú till., sem hæstv. samgmrh. gerði til n., og með því var þá lagður grundvöllur að afgreiðslu málsins af hálfu n. — Síðar kom svo í ljós, þegar endanlega var gengið frá þessu máli, að hæstv. samgmrh. gæti fyrir sitt leyti fallið frá því, að tekið yrði upp í till., eins og hann hafði áður lagt til, það skilyrði, að ábyrgðin væri bundin því, að fram komi ýtarlegar og fullnægjandi skýringar á því, hvers vegna kostnaður við verkið fer svo mjög fram úr því, sem áætlað hafði verið, og þá einkum, hvernig á þeirri hækkun stendur frá þeirri áætlun, sem gerð var í nóv. 1943 og á ný í nóv. 1944. Lýsti þessi hæstv. ráðh. því yfir við okkur, sem ritum undir þetta nál. frá 2. minni hl. fjvn., að hann hefði fallizt á það, að þetta stæði ekki í till., en mundi hins vegar lýsa yfir við meðferð málsins á Alþ., að hann ætlaði að gera kröfu til þess, að þessar skýringar lægju fyrir áður en hann legði til, að þessi ábyrgð yrði veitt. Þetta atriði málsins bar mjög á góma við fyrri umr. þess, og þá m. a. með þeim hætti, að 1. flm. þessarar till., núv. hæstv. atvmrh., lét orð falla um, að sjálfsagt væri, að slík athugun eða rannsókn færi fram á þeirri hækkun, sem orðið hefur á kostnaðinum við þetta frá þeirri áætlun, sem gerð hafði verið

um kostnaðinn, þegar þetta mál lá síðast fyrir hæstv. Alþ., að það væri sjálfsagt að athuga þetta í sambandi við það, að nú væri veitt ný ábyrgð fyrir nýrri viðbótarhækkun. Undir þetta hefur svo forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins tekið, þar sem hann leggur til í niðurlagi umsagnar sinnar um þetta mál, að Alþ. eða ríkisstj. hlutist til um það, að fram komi ýtarlegar og fullnægjandi skýringar á því, hvers vegna kostnaður af þessu verki, sem hér um ræðir, fer svo mjög fram úr því, sem áætlað hafði verið. Og er eiginlega orðalag hans á þessu, sem tekið er upp í till. þá, sem hæstv. samgmrh. lagði fram í fjvn. um þetta atriði.

Það eru þess vegna þrír aðilar í þessu máli, sem hafa lagt þetta til, fyrir utan það, að 2. minni hl. fjvn. leggur þetta til, að rannsókn fari fram á þessu, sem sé hæstv. atvmrh., hæstv. samgmrh. og forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins. Okkur, sem stöndum að þessu áliti frá 2. minni hl. fjvn., fannst þess vegna eðlilegt og í fullu samræmi við það, sem fram hafði komið í þessu máli, bæði hér á hæstv. Alþ. og í till. frá forstöðumanni Rafmagnseftirlits ríkisins, að slíkt ákvæði sem þetta væri tekið upp í till. En það leiðir af sjálfu sér, að ef sá hæstv. ráðh., sem hefur þetta mál sérstaklega til meðferðar í ríkisstj., gefur slíka yfirlýsingu um þetta eins og hann hefur gefið við okkur, sem stöndum að þessu nál., þá kemur það alveg út á eitt í sjálfu sér, þó að þetta sé ekki látið standa í þáltill. sjálfri. Því að sá hæstv. ráðh. hefur gefið þær yfirlýsingar í sambandi við afgr. málsins, að ábyrgðin verði veitt. En okkur virtist það vera meira í samræmi við gang þessa máls hér á hæstv. Alþ., að slíkt ákvæði sem þetta stæði í till. sjálfri.

Hv. frsm. 1. minni hl. í fjvn. lét nú hér þau orð falla, að ef ætti að taka þetta ákvæði bókstaflega, — og kemur þá náttúrlega út á eitt, hvort það stendur í till. eða það verður framkvæmt eins og hæstv. ráðh. hefur lýst yfir, að hans meining sé að gera —, þá mundi það gera Siglufjarðarbæ ókleift að komast út úr þessu og það yrði til þess að tefja fyrir nauðsynlegri afgreiðslu málsins. Þetta gátum við, sem stöndum að áliti 2. minni hl. n., ekki fallizt á þegar af þeirri ástæðu, að hæstv. atvmrh., upphaflegi flm. till., hefur einmitt látið orð falla um það, að það sé einn liður málsins, að þetta verði athugað og rannsókn fari fram á þessu áður en ábyrgðin verði veitt. Og hæstv. atvmrh. er einmitt þm. þess kjördæmis, sem á að njóta þessarar ábyrgðar, og honum er náttúrlega kunnugast um alla málavexti þar. Og hann hefði þess vegna alls ekki látið þau ummæli falla eða lagt slíkt til, ef það hefði í för með sér þær afleiðingar, sem hv. frsm. 1. minni hl. n. hefur nú látið orð falla hér um, að það mundi hafa í för með sér gagnvart Siglufjarðarbæ. Og af hálfu þeirra hæstv. ráðh., sem mættu í fjvn. við afgreiðslu þessa máls í n. til viðræðna um málið, hæstv. fjmrh. og hæstv. samgmrh., kom fram fullkominn skilningur á þörfum Siglufjarðarkaupstaðar eins og komið er í þessu máli, og af þeirra hálfu bryddi ekki á neinu öðru en fullkomnum velvilja til þess að leysa úr þeim vanda, sem þarna hefur skapazt í sambandi við þetta mál. Og ég verð að segja það, að ég álít, að það sé ekki heldur vel launaður sá stuðningur, sem ég hef viljað sýna þessu máli og líka sá hv. þm., sem stendur að þessu nál. með mér, ef því er slöngvað framan í okkur, að við séum að bera hér fram till., sem geti orðið til þess að gera Siglufjarðarkaupstað ókleift að komast út úr þessu máli. Aðstaða okkar er og hefur verið allt önnur til þessa máls heldur en sú. Og ég sé ekki, þar sem eins er ástatt um þetta skilyrði og ég hef nú lýst og málið er í höndum þeirra manna, sem hafa fullan hug og vilja á því að greiða úr þessu öngþveiti, sem þarna hefur skapazt, að þá þurfi að leggja í þetta slíkan misskilning eins og hv. frsm. 1. minni hl. n. gerði. Í þessu felst frá okkar hálfu, sem stöndum að áliti 2. minni hl., enginn illvilji til þessa máls, heldur viljum við gera allt, sem í okkar valdi stendur, til þess að greiða fyrir því, að úr þessu geti rætzt. Og við lítum svo á, að það, sem hér er um að ræða, eigi engan veginn að geta orðið þröskuldur á vegi í þeirri leið.

Í því bréfi, sem fjvn. skrifaði forstöðumanni Rafmagnseftirlits ríkisins, þegar hún leitaði álits hans um málið, var það tekið fram, að óskað væri, að forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins svaraði því, hvort þessi viðbótarupphæð, sem hér er farið fram á, að ríkið gangi í ábyrgð fyrir, mundi nægja til þess að ljúka þessu verki. Og þetta var gert með sérstöku tilliti til þess, að á s. l. ári var einnig farið fram á ábyrgð fyrir viðbótarláni, sem þá átti að nægja til þess, eftir því sem þá var haldið fram, að ljúka þessu verki, þó að allt annað hafi orðið ofan á, sem liggur að sjálfsögðu að verulegu leyti í eðlilegum orsökum. — Annað, sem fjvn. óskaði þá eftir, að forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins gæfi nokkur svör við, var, hvaða verð þyrfti að vera á rafmagninu þarna á þessum stað, og þá t. d. í samanburði við verð á rafmagni í Reykjavík, og hvort það verð, sem þyrfti að taka fyrir rafmagnið þarna á Siglufirði, mundi ekki verða hærra en í Reykjavík, ef líkindi ættu að vera til þess, að það gæti staðið með eðlilegum hætti undir virkjunarkostnaðinum. — Þessum atriðum báðum leitaðist forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins við að svara í þeirri grg., sem hér með fylgir. En hins vegar getur hann þess, að að ýmsu leyti hafi hann skort tíma til þess að geta þrautprófað svo þetta mál, að þær upplýsingar geti talizt tæmandi í málinu. Verð ég að viðurkenna, að forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins hefur gildar ástæður fyrir því, er hann segir, að á svo stuttum tíma hafi hann ekki getað gert málinu slík skil sem hann hefði getað, ef til þess hefði verið nokkru lengri tími. En þetta álit hans liggur hér fyrir, og þarf þess vegna ekki að ræða það. Við fyrri umr. var líka að því vikið, mig minnir af hv. 2. þm. S-M., sem vék að því í sambandi við þá afgreiðslu, er sú till. fékk, sem á síðasta ári var vísað til fjvn. um ábyrgð fyrir 2 millj. kr. viðbótarláni til þessarar virkjunar. Og þau orð féllu hjá þessum hv. þingm., að ef

til vill hefði fjárveitinganefnd þá alls ekki lagt þá rækt við þetta mál, sem henni bar að gera, þannig að hún hefði þá afgr. málið án þess kannske að leita sér nægilegra upplýsinga eða að afla nægilegra gagna til þess að byggja afgreiðslu sína á málinu á. Ég vil í tilefni af þessu, af því að mér gafst ekki tóm til þess við fyrri umr. málsins, upplýsa það, að eins og nú, sendi fjvn. þá þessa till., sem þá lá fyrir um ábyrgð fyrir viðbótarláni, forstöðumanni Rafmagnseftirlits ríkisins til umsagnar. Og hann sendi fjvn. bréf um þetta mál þá. Að vísu getur hann um það í þessu bréfi, eins og nú varð einnig raun á, að honum hafi ekki unnizt tími til þess að gera þá athugun á þessu máli, sem hann hefði talið æskilega, til þess að byggja till. á. En eigi að síður mælti hann þá mjög eindregið með samþykkt till. Og úr því að þetta mál hefur verið tekið upp hér, þykir mér ástæða til að láta koma inn í þingtíðindin svolítinn kafla úr þessu bréfi, sem sýnir, að fjvn. hafði þá nokkuð við að styðjast að því er snerti till. frá þessum trúnaðarmanni ríkisstj. og Alþ. við afgr. málsins þá. Og vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp stuttan kafla úr þessu bréfi, sem að þessu lýtur. Hann talar hér fyrst um það í bréfinu, að hann hafi haft of nauman tíma. Auk þess rekur hann gang þessa máls og segir svo í framhaldi af því:

„Framkvæmd verksins hefur verið falin þekktu firma, sem áður hefur leyst af hendi hér á landi verk sömu tegundar, engu vandaminni en þetta verk, og mun eigi vera talið neitt tilefni hafa gefizt til að vantreysta eða tortryggja firmað.

Það er og vitað, að í Siglufjarðarkaupstað er brýn þörf þeirrar aukningar á raforku, sem virkjun þessi mun veita, og mun óhætt að fullyrða, að allt afl virkjunarinnar mun verða tekið í notkun mjög fljótlega eftir að virkjunin er fullgerð.

Af því, sem mér er kunnugt um þetta verk, fæ ég ekki séð, að annað komi til mála en að halda því áfram og fullgera það án tafa, nema óviðráðanlegar séu."

Úr því að þetta mál hefur borið á góma, vildi ég taka þetta fram hér, að forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins lagði mjög eindregið með því við fjvn., að till. yrði afgreidd á þann veg, sem fjvn. lagði til um afgreiðslu málsins þá.

Ég skal svo ekki að sinni orðlengja frekar um þetta mál.

Frsm. 3. minni hl. (Helgi Jónasson): Herra forseti. — Ég þarf nú ekki að hafa mörg orð um þetta mál, því að málið er nú orðið mjög rætt á hæstv. Alþ. og var mjög rætt við fyrri umr. Það er búið að liggja alllengi fyrir fjvn., sem er, eins og sjá má af þskj., þríklofin um málið. Við, sem stöndum að nál. á þskj. 1123, lítum svo á, að þegar athugaðar eru allar kringumstæður, þá sé óverjandi fyrir Alþ. að samþ. þessa heimild til ríkisábyrgðar, fyrr en fram hefur farið nákvæm og ýtarleg rannsókn á því, hvernig í því getur legið, að sú gífurlega hækkun á kostnaði við framkvæmd þessa verks hefur átt sér stað fram úr þeirri áætlun, sem gerð hafði verið um þetta efni í nóv. 1943. Frá þeim tíma og þangað til í nóv. 1944 hækkar kostnaðurinn við þetta, eftir því sem hann var á hverjum tíma talinn að mundu vera, svo mikið, að þarna hljóta að hafa orðið stórfelld mistök á. Og þetta viljum við í 3. minni hl. fjvn. fá upplýst, áður en hæstv. Alþ. samþ., að ríkið gangi í þessa viðbótarábyrgð fyrir Siglufjarðarkaupstað. Það voru færð skýr rök að því hér á dögunum, að þessarar rannsóknar væri full þörf. — Og enn fremur viljum við í 3. minni hl. fjvn. miða ábyrgðarheimildina við 3½ millj. kr. Við vitum, að búið er á hæstv. Alþ. nú að samþ. fjölmargar ábyrgðarheimildir, sem ríkið megi ganga í. Og Siglufjarðarkaupstaður hefur ekki farið varhluta af þeim ábyrgðum, því að hann er nú búinn að fá ábyrgð fyrir 8 millj. kr. til rafveitu, og auk þess að mig minnir 5 millj. kr. ábyrgð vegna síldarverksmiðjunnar Rauðku. Og við í 3. minni hl. fjvn. lítum svo á, að ef ábyrgð ríkissjóðs á í framtíðinni að vera nokkurs virði, þá verði að gæta hófs í því, hve langt sé gengið í slíkum efnum. Og ég lít svo á, að ef hver kaupstaður á landinu ætti að fá eitthvað hlutfallslega svipað því, sem Siglufjarðarkaupstaður er búinn að fá í þessu efni, þá mundi ábyrgð ríkissjóðs vera orðin harla lítils virði. En hitt er alls ekki tilfellið, að við í 3. minni hl. fjvn. höfum í hyggju, eins og hv. frsm. 1. minni hl. n. lét orð falla um, að klekkja á hæstv. ríkisstj. með þessu, sem kemur fram í nál. okkar. Með þessu var alls ekki verið að krukka í ríkisstj. Við vildum bara reyna að sjá hag ríkissjóðs borgið og að hann tæki ekki á sig ábyrgðir, sem væru mjög vafasamar og erfitt væri að standa undir.

Þó að Siglufjörður þurfi að fá viðbótarlán, þá er þar dugmikið og efnað fólk og bærinn hefur mikla framleiðslu og útgerð. Þess vegna ætti honum ekki að verða ofvaxið að fá 1½ millj. kr. að láni án ábyrgðar ríkissjóðs.

Viðvíkjandi því, að nokkur hafi verið að krukka í ríkisstj., þá er það fjarstæða, við erum bara að reyna að jafna þessi ákvæði þannig, að einn bær gangi ekki svo og svo langt í því að taka ábyrgðarheimildir og aðrir staðir og bæir verði að víkja. Ég tel, að það verði að vera takmörk sett fyrir því, hvað ríkissjóður megi gangast inn á miklar og háar ábyrgðir. Ég held líka, að það sé full nauðsyn á því, bæði vegna Siglufjarðar og annarra staða, sem ætla nú á næstu árum að hefja slíkar framkvæmdir, að fá upplýst, í hverju mistökin hafa legið. Ég held, að það sé mjög gott fyrir alla aðila að læra af því, svo að þeir lendi ekki í sama feninu og Siglufjörður.

Við leggjum eindregið til, að rannsókn fari fram, áður en ábyrgðarheimildin verður veitt, og af því að rafmagnseftirlitið taldi sér ekki fært að gera heildarrannsókn á þeim tíma, sem það hafði til umráða á þessum vetri, þá verður rannsóknin að fara fram nú, þegar fer að vora, og þess vegna viljum við, að frestað verði að veita þessa ábyrgðarheimild þangað til skýrsla er komin um það, hvernig þessi mál standa þar nyrðra.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta meira, nema tilefni gefist til þess.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Vegna þess að afstaða mín til þessa máls og yfirlýsing í hv. fjvn. hafa nokkuð dregið þessar umr., tel ég rétt að fara um málið nokkrum orðum.

Á þessu þingi hafa sennilega verið afgr. fleiri mál um rafveitur og rafmagnsmálefni en á nokkru öðru þingi. Þetta er út af fyrir sig eðlilegt. Menn bíða órólegir eftir því að geta notfært sér þá möguleika til rafvirkjunar, sem þeir eiga í námunda við bæi sína.

Þetta mál Siglufjarðarkaupstaðar hefur þó komið fyrir þetta þing með nokkuð óvenjulegum hætti, þar sem hér er farið fram á í þriðja sinn ábyrgð til fjárveitingar fyrir sama verkið. Það hefur tvisvar sinnum áður verið heimiluð fjárhagsleg ábyrgð fyrir þessu verki, en það hefur komið í ljós, að þær upphæðir, sem þá voru nefndar, hafa ekki hrokkið til, og þess vegna hefur nú orðið að bæta við. Þetta er kannske ekki með öllu óeðlilegt, þar sem þetta verk er hafið á tíma, þar sem verðhækkun á sér ákaflega ört stað og verulegur hluti þeirrar hækkunar, sem hér er um að ræða, kom vegna þessarar hækkunar. En þó er því ekki að leyna, að þessar síðustu hækkanir, sem hér er farið fram á að fá ríkisábyrgð fyrir, eru nokkru meiri en menn geta skýrt með því, sem vinna og efni hafa hækkað á þessu tímabili. Og af því að þetta atriði er það, sem eitt ber á milli fyrsta og annars minni hluta í málinu, þá tel ég rétt að fara um það nokkrum orðum.

Hv. þm. Borgf., sem er frsm. 2. minni hl., minntist réttilega á það, að það hefði komið fram ósk frá atvmrh. og Rafmagnseftirliti ríkisins um það, að það yrði rannsakað til fullnustu, hvernig á þessari hækkun stæði. Ég býst við því, að það sé hægt að gefa á því þær skýringar, sem eðlilegar þykja og hægt verði að taka til greina.

Í bréfi Rafmagnseftirlits ríkisins, sem birt er sem fskj. með nál. 1. minni hl., leggur forstöðumaður Rafmagnseftirlits ríkisins áherzlu á það, með leyfi hæstv. forseta: „að fram komi ýtarleg og fullnægjandi skýrsla um það, hvers vegna kostnaður af verki því, sem hér um ræðir, fer fram úr því, sem áætlað hefur verið, einkum áætlun, sem gerð var í nóv. 1943 til nóv. 1944."

Án þess að ég ætli á neinn hátt að blanda mér í þær umr. um þetta atriði, sem hafa farið fram áður, verð ég að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að ég er sammála forstöðumanni Rafmagnseftirlits ríkisins um, að það er eðlilegt og sjálfsagt, að þessarar skýrslu verði aflað. Og ég held, að um það sé enginn ágreiningur, enda þótt hv. 2. landsk. vildi gera nokkurn mun á þeim nál., sem fyrir liggja frá 1. og 2. minni hl. fjvn. Það er af ýmsum ástæðum nauðsynlegt, að skýrsla um þetta komi fram, svo að engum blöðum þurfi um það að fletta, hvers vegna hækkunin hefur átt sér stað, bæði við afgreiðslu þessa máls og við afgreiðslu annarra rafvirkjunarmála, sem hafa legið hér lengi fyrir.

Þá hefur það vakað fyrir mér að gera þær till. einar til fjvn.. sem miða að því að reyna að tryggja sem bezt hag ríkissjóðs og að hann yrði ekki fyrir neinum áföllum fyrir ábyrgðir sínar samhliða því, að ekki yrði lagður neinn óþarfa steinn í götu málsins. Þetta hefur verið leitazt við að gera með því að setja það skilyrði í allar rafveituábyrgðir, að þær verði miðaðar við 85% af stofnkostnaðinum. Þetta ætti að tryggja það, að áhætta ríkissjóðs yrði ekki eins mikil og annars og vera viðkomandi aðila heima fyrir hvatning til þess að leggja að sér, til þess að sínum hluta að standa straum af kostnaðinum við mannvirkið. Þetta hefur með góðu samkomulagi verið sett inn í till. sem skilyrði fyrir ábyrgð ríkisins, og ég vænti þess, að það þurfi ekki að valda neinum óþægindum og það ætti að geta tryggt betur en ella, að ríkissjóður þurfi ekki að líða fyrir þessar ábyrgðir.

Sömuleiðis hefur verið sett inn skilyrði, sem ég sé, að bæði 1. og 2. minni hl. hafa verið sammála um, og það er, að fyrir liggi frá Rafmagnseftirliti ríkisins, að það telji, að rafveitan geti staðið undir þeim lánum, sem ríkissjóður ábyrgist. Þegar trúnaðarmaður ríkisins um þessi mál að athuguðu máli kemst að þeirri niðurstöðu, að viðkomandi verk geti staðið undir þeim ábyrgðum, sem ríkisjóður tekur á sig, tryggir það það kannske betur en margt annað, að ekki verði þar farið út í annað en það, sem telja megi forsvaranlegt. Ég get að fullu treyst á það, að Rafmagnseftirlit ríkisins muni því aðeins gefa þessa yfirlýsingu, að það að nákvæmlega athuguðu máli telji, að þessum skilyrðum sé fullnægt.

Um það atriði, sem ber á milli hjá 1. og 2. minni hl. n., skal ég svo segja það, að ég hef tekið undir það, sem báðir frsm. segja, að ég get fallizt á hvort álitið, sem vera skal, vegna þess að ég hafði fyrst gert till. um, að það orðalag yrði haft, sem 2. minni hl. hefur tekið upp, en ég hef lýst því yfir síðar, að ég mundi geta fallizt á, að þessu skilyrði um rannsókn yrði sleppt í till. sjálfri, en ég mundi þó hins vegar gera það að skilyrði fyrir mínum meðmælum með ábyrgðinni, að þessara upplýsinga yrði aflað. Og ég tel, að með því þurfi ekki að vera lagður neinn steinn í götu málsins, heldur kannske þvert á móti. Því að ef svo fer, sem ég fyllilega vænti, að það upplýsist, að þessi hækkun hafi orðið með eðlilegum hætti, ætti það að auka tiltrúna á fyrirtækið, en ekki draga úr henni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um málið fleiri orðum. Það hefur verið rætt mikið hér á Alþ. og á nokkuð misjafnan veg. Sumir hafa kannske með nokkrum rökum verið tortryggnir um það, að veitan geti borið sig, og því hefur verið haldið fram, að fjárhag ríkissjóðs sé stofnað í verulega hættu með því að taka á sig þessa ábyrgð. En ég held, að það hafi verið sett þau skilyrði fyrir ábyrgðarveitingunni, sem frekast er unnt að setja til þess að tryggja það, að ríkissjóður verði ekki fyrir fjárhagslegum skakkaföllum. Ég tel mig mega fullyrða, að ríkisstj. og enda flestir aðrir, og þar á meðal fjvn., sem um þetta hafa fjallað, a. m. k. að meiri hluta til, munu hafa viljað sýna málinu fyllsta

velvilja, og þau skilyrði, sem hér eru fram sett, eru ekki borin fram af neinum öðrum orsökum en þeim að tryggja sem bezt fjárhag ríkisins, án þess að leggja stein í götu málsins.

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Það liggur nú fyrir í máli þessu nál. fjvn. í 3 hlutum. Tvö nál. leggja til, að þessi ábyrgð, sem farið er fram á, verði veitt, þó með þeim sömu takmörkunum og nú hefur orðið samkomulag um, að haft verði við allar rafveituábyrgðir, að þær nái til 85% af byggingarkostnaðinum. Og þess er líka getið, að bæjarstjórn Siglufjarðar hafi fallizt á þetta og telji sig geta við það unað.

Álit 1. og 2. minni hl. er mjög svipað, og það er aðeins eitt atriði, sem þar ber á milli, sem ég tel nú, eftir ræðu hæstv. samgmrh., sé orðið þýðingarlítið, þar sem hann lýsti því yfir, hvernig hann mundi framkvæma þetta, hvernig sem þessu ákvæði um ýtarlega rannsókn um fjárreiður við framkvæmd verksins yrði fyrir komið. Hann hefur sem sé lýst því yfir, að hann mundi gera það að skilyrði fyrir því, að hann mælti með því, að ríkisábyrgð yrði veitt fyrir viðbótarláni, að þessi rannsókn færi fram, þó að hann ætlist ekki til þess, að rannsóknin tefji framgang málsins. Og þá sé ég ekki neina ástæðu til þess að halda fast við það, að þetta sé beinlínis gert að skilyrði í till. sjálfri. Þegar þetta mál var til umr. áður, átti ég í nokkurri orðasennu við hv. 2. þm. S-M. um málið, og bar okkur ýmislegt á milli, en þó sérstaklega eitt atriði. Hann taldi nauðsynlegt, að fram færi ýtarleg rannsókn á öllum fjárreiðum við þessar framkvæmdir. Enn fremur taldi hann, að ég, sem sá þm., sem hef mest verið við þessi mál riðinn sem fulltrúi Siglufjarðar, og þar sem ég hef borið þetta mál fyrir þingið, hefði beinlínis leynt þingið sannindum, til þess að lauma ríkisábyrgðinni í gegn.

Ég fyrir mitt leyti féllst strax á það, að þessi rannsókn færi fram. Ég vildi sjálfs mín vegna, og það væri líka bezt fyrir bæjarstjórnina á Siglufirði, að fram færi ýtarleg rannsókn á þessu máli. Og það er sérstaklega eitt atriði, sem ég á erfitt með að skýra og vildi fá skýringu á. Það er þetta, að áætlunin, sem gerð er, þegar verkfræðingarnir leggja til að hækka ábyrgðina um 2 millj. kr., hvers vegna yfirsést þeim þá, að síðar muni koma 5 millj. kr. í viðbót? Það er í fyllsta máta óeðlilegt, þegar gert er ýtarlegt uppgjör á verkinu í fyrra haust, að þá skuli þeim geta missézt um 5 millj. kr., vegna þess að verðlag hefur frá þeim tíma ekki breytzt svo mikið, að það réttlæti þennan gífurlega mismun. Og það er sérstaklega þetta atriði, sem ég vil, að fram fari rannsókn á. Ég mótmæli því, eins og ég hef gert áður, að ég hafi haft nokkra minnstu hugmynd um, að 2 millj. kr. mundu ekki nægja, þegar ég fór fram á, að sú ábyrgð yrði veitt. Og vegna þess að ég var í þeirri góðu trú, að þetta væri endanleg upphæð, er mér það sérstakt áhugamál, að þessi rannsókn fari fram.

En það, sem okkur hv. 2. þm. S-M. bar á milli, var það, hvort þessi rannsókn ætti að fara fram og verkið að bíða á meðan eða hvort halda eigi áfram með verkið af fullum hraða og láta rannsóknina fara fram jafnhliða. Að ekki yrði bundið við það, að rannsóknin yrði framkvæmd á undan verkinu, vegna þess að hver einasti mánuður, sem líður, þýðir tuga og jafnvel hundruð þús. kr. kostnað fyrir Siglufjarðarkaupstað og að sama skapi meiri áhættu fyrir ríkissjóð. Því að eðlilega hefur Siglufjarðarkaupstaður þeim mun minni möguleika til að standa undir þessu láni, sem það dregst lengur, að rafveitan komist í gang. Nú hefur hæstv. samgmrh. tekið af skarið um það, að rannsóknin verði ekki hagað þannig, að framkvæmd verksins þurfi að tefjast við það. Ég á satt að segja erfitt með að skilja, af hverju hv. 2. þm. S-M. heldur svo fast við, að þetta skilyrði sé beinlínis tekið fram í till., þegar skýlaus yfirlýsing liggur fyrir um það, að þessi rannsókn fari fram og þar sem einnig liggur fyrir ósk um það frá minni hendi sem flm. málsins og frá bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar. Það er ekki laust við, að manni detti í hug, þó að ég vilji ekki fullyrða það, að þeir hv. þm., sem skipa 2. minni hl., ætlist til þess með till., að menn haldi, að bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hafi legið á gögnum um málið og vilji þess vegna fyrirbyggja rannsókn. Ég vil fullyrða, að ekkert slíkt er til. Enda vill bæjarstjórnin alls ekki hindra þessa rannsókn, heldur hefur hún þvert á móti óskað þess, að rannsóknin fari fram sem allra ýtarlegust, til þess fyrst og fremst að sýkna hana af þeim áburði, sem ekki er laust við, að hún hafi stundum orðið fyrir, að hún sé völd að þessum gífurlega stofnkostnaðarauka, sem hún telur sig ekki vera. Og í öðru lagi er nauðsynlegt, að þessi rannsókn fari fram til eftirbreytni og lærdóms fyrir þau bæjar- og sveitarfélög, er síðar kynnu að leggja í slíka framkvæmd og þessa.

Eins og ég tók fram í fyrri ræðu minni um þessi mál, þá tel ég, að þetta slys með rafveitu Siglufjarðar bendi okkur á, að það þurfi að leggja miklu meiri vinnu í undirbúningsstörf, áður en lagt er út í að byggja rafveitur. Og það er ekki einasta nóg, að valdir séu til þess einhverjir og einhverjir. Ríkisvaldið sjálft þarf að hafa nægjanlegan hóp fagmanna í sinni þjónustu til þess að geta framkvæmt sjálft fyrir sig ýtarlega rannsókn, þannig að athugað sé hvert atriði, áður en hafizt er handa um framkvæmdir.

Ég býst við því, að ef þetta mál og þessi verk hefðu verið betur athuguð áður en út í framkvæmdir var lagt, þá hefði ef til vill mátt forðast ýmisleg útgjöld, sem nú hafa komið fram. Og því eru vítin til varnaðar þeim bæjar- og sveitarfélögum, sem á eftir koma, að láta framkvæma ýtarlegri rannsókn heldur en Siglufjörður lét gera.

Bæjarstjórn Siglufjarðar á ekki ein sök á því, að ekki var í vetur unnið að undirbúningsstörfum þessarar virkjunar. Það vantaði það aðhald, sem þyrfti að vera og ég vænti, að nú verði upp tekið af hálfu ríkisvaldsins og að það sjálft gangist í, að þessi rannsókn fari fram. Eins og nú er ástatt hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, er það svo mannfátt

að það á erfitt með að framkvæma þær miklu rannsóknir, sem farið er fram á í sambandi við þær virkjanir, sem leggja á í. Svipað viðhorf var um það leyti, sem lagt var í þessa virkjun, að Rafmagnseftirlitið hafði ekki nógu mikinn starfskraft til að geta framkvæmt þessa rannsókn svo fljótt sem vera bar, og ríkisstj. setti það ekki sem skilyrði fyrir, að hafizt væri handa um byggingu rafveitunnar á sínum tíma. Ég vona samt, að það verði gerðar ráðstafanir til þess, að Rafmagnseftirlitið verði þannig búið að verkfræðilegum starfskröftum, að það geti framkvæmt þessar rannsóknir, sem nú hafa sýnt sig, að eru óhjákvæmileg nauðsyn, ef við eigum ekki að lenda í vandræðum með raforkuframkvæmdir okkar. Það, aftur á móti, að koma, þegar verkið er meir en hálfnað og búið er að binda meir en 11 millj. kr., og segja: „Nú eigum við að framkvæma undirbúningsráðstafanir, sem við vanræktum áður en byrjað var á verkinu", er megnasta fjarstæða. Það er miklu réttara fyrir menn, sem halda fram í alvöru, að slíkt eigi að gera, að það eigi að stöðva framkvæmdir sem þessar og láta 10 til 11 millj. standa rentulausar og mannvirki, sem heilt bæjarfélag á lífsafkomu sína undir, að koma með till. um, að mannvirkið verði tekið af bæjarfélaginu, og það er líka minni skaði fyrir þjóðina sem heild. Ég tel engan skaða að því fyrir ríkisvaldið enn sem komið er að gera kröfu til að yfirtaka þetta mannvirki, því að enn þá eru miklar líkur fyrir því, að það geti staðið undir sér, vegna þess að það bæjarfélag, sem þarna á hlut að máli, er betur sett en nokkurt annað bæjarfélag á landinu til þess að standa undir dýrri rafveitu. Það byggist einungis á því, að það hefur toppálagningu á rafveitu sinni yfir sumartímann, sem annars er dauður tími fyrir rafveitur á ýmsum öðrum stöðum á landinu. Það gerir hinn mikli verksmiðjurekstur, sem er á Siglufirði, og það er líka fyrirsjáanlegt, að á næstu árum mun íbúum Siglufjarðar fjölga mjög mikið og verksmiðjurekstrinn aukast stórum, svo að miklar líkur eru til þess, að aldrei komi að því, að þær ábyrgðir, sem hér er verið að taka á ríkissjóð, falli til greiðslu á hann. Ég vil því með skírskotun til yfirlýsingar hæstv. samgmrh. fastlega mælast til þess við hv. 2. minni hl. í fjvn., að hann fallist á að breyta þannig orðalagi þessarar till. sinnar, að þessi 1. og 2. minni hl. geti orðið sammála, því að þeir eru það í öllum veigamiklum atriðum, og það er komið á daginn, að það skiptir engu máli um framkvæmdirnar, hvort till. verður samþykkt, en það er óneitanlega dálítill sársauki í sambandi við það hjá Siglfirðingum, að þetta sé beinlínis sett sem skilyrði, því að hætt er við, að það sé lagt út á þann veg, að þeir séu vændir um, að þeir hafi eitthvað að hylja í þessu máli, sem ekki er tilfellið. Þeir eru mjög fúsir til þess, að ýtarleg rannsókn fari fram á orsök hinnar gífurlegu hækkunar, sem orðið hefur á stofnkostnaðinum.

Sigurður Kristjánsson: Þegar mál þetta var hér fyrst til umr. í þ., þá komu fram mjög harðar ádeilur á Siglufjarðarkaupstað út af ábyrgðarbeiðninni. Við 4 þm. höfum gerzt flm. að till. á þskj. 662 um viðbótarábyrgð ríkissjóðs fyrir rafveitu Siglufjarðar og vorum þess vegna mjög fléttaðir við þær ádeilur, sem Siglufjarðarkaupstaður hlaut við þessa fyrstu umr. um málið. Það voru mjög harðar ádeilur, og Siglufjarðarkaupstaður var þar beinlínis borinn sökum um, að hann hefði af ásettu ráði prettað Alþ. og væri áframhaldandi á þeirri braut. Hann hefði prettað Alþ. til þess að taka á sig ábyrgð á fjárhæð, sem ekki gæti komið til greina eða a. m. k. mjög litlar líkur væru til, að kaupstaðurinn mundi sjálfur geta eða láta sér detta í hug að geta risið undir, og hlyti þess vegna að verða fjárhagslegur skellur fyrir ríkissjóð.

Nú er það út af fyrir sig ekki vel skiljanlegt mál, að kaupstaður eða yfir höfuð nokkur vildi stofna til þess sjálfum sér meðvitandi að gera sjálfum sér fjárhagslegt tjón og gera sér óbært með að standa undir skuldbindingum sínum. Ég þekki engin dæmi þess, að menn með fullu viti né formenn fyrir fyrirtækjum stofni til þess af ásettu ráði að vinna sjálfum sér eða fyrirtækjum þeim, sem þeir veita forstöðu, fjárhagslegt tjón. En þessu var hér haldið fram, og þá voru auðvitað flm. þessarar till. á þskj. 662 óaðskiljanlegur hluti í þessari svikamyllu, og ég er nú einn þeirra. Ég hef ákaflega ríka ástæðu og hvöt til þess að andmæla þessari þungu ásökun, sem vitanlega snertir mig og okkur flm. alla, en ég hugsaði sem svo, að við meðferð málsins mundi það að líkindum komast á allt annan umræðugrundvöll, að menn kynnu þá að falla frá þessum aðdróttunum og æsingum í málinu og ræða það á skynsamlegum og hóflegum grundvelli, — og þetta hefur orðið reyndin.

Fjvn. hefur haft málið til meðferðar, eins og búið er að lýsa hér af frsm. þriggja minni hluta. Hefur hún aflað sér þeirra upplýsinga, sem hægt var að fá frá Rafmagnseftirlitinu, um málið, og árangurinn hefur orðið sá, að það er ekki mjög mikið, sem skilur þessa þrjá minni hluta, og 1. og 2. minni hluta má nú heita, að skilji ekki neitt. Við, sem erum flm. að till. á þskj. 662, getum þess vegna verið sæmilega ánægðir með það, hvernig mál þetta hefur snúizt, og einkanlega vegna þess, að það mun ekki vera neinn vafi á því, að Alþ. gangi þannig frá málinu, að Siglufjarðarkaupstað verði kleift að byrja rekstur þessa fyrirtækis, sem byrjar sennilega nú eftir fáa daga, á sæmilega fjárhagslega öruggum grundvelli. Það er mjög athyglisvert, þegar farið er fram á jafnháa ábyrgð og þessa, hvernig til fyrirtækisins er stofnað, hver þörfin er og hvaða líkur eru fyrir því, að fyrirtækið muni geta borið sig. Það þarf ekki um það að deila, að Siglufjarðarkaupstaður hefur mjög ríka þörf fyrir raforku, og ég efast um, að þeir hv. þm., sem í upphafi veittu þessu máli allmikla andspyrnu, hafi gert sér grein fyrir því, hve óeðlilegt er, að kaupstaður þessi færi að bíða kannske í áratugi eftir því að fá rafmagn að öðrum leiðum, eins og hér hefur verið minnzt á í umr. Því hefur sem sagt verið haldið fram af einstökum hv. þm., að Siglufjarðarkaupstaður ætti að

bíða eftir leiðslu kerfis, sem gengi um sveitabyggðir Eyjafjarðar og Skagafjarðar, og verði eins konar endastöð í því kerfi. Nú veit enginn maður um, hve fljótt þetta gæti tekizt. Það er ekki ólíklegt, að það gætu orðið áratugir og kannske lengra þangað til þetta kæmi, og þar að auki virðist mjög óeðlilegt, að kaupstaður þessi ætti að eiga einungis undir þessu raforkukerfi, hvort hann hefur fullnægjandi rafmagn, því að flestir kaupstaðir hafa talið sér nauðsynlegt að hafa einnig varaveitu, og það má vel vera, að Siglufirði nægi ekki, þegar til kemur, þessi rafveita og hann komi inn í þetta fyrirhugaða rafveitukerfi, en honum veitir sennilega ekki af að hafa þessa Fljótaárvirkjun til öryggis. Það er sem sé vitað um Siglufjörð, að þótt ekki sé talið, að hann hafi nema um 3 þús. íbúa, þá eru íbúar Siglufjarðar miklu fleiri. Yfir sumartímann vinnur þar við verksmiðjurnar mikill fjöldi manna, nokkur hundruð eða jafnvel þúsund, og Siglufjörður er þess vegna í raun og veru miklu stærri kaupstaður en fólkstala hans á manntalsskýrslunni hermir, en þar að auki er á Siglufirði mesti iðnaður í hlutfalli við íbúatölu, sem til er á Íslandi. Ég fékk skýrslu um það, hvað Siglufjörður hefði framleitt mikið á s. l. ári, 1944. Að sönnu var náttúrlega ekki hægt að tæma það alveg, en eftir útflutningsskýrslum, þá var komið fram um 22¾ millj. kr. Þetta eru hér um bil allt saman iðnaðarvörur, og það er ekki hægt að neita því, að í hlutfalli við framleiðslu alls á landinu er þetta alveg gífurlegt, og ef ætti að neita svona stað um rafveitu, þá er það svo fjarri allri sanngirni, og ég held öllu viti, að ég skil ekki í, að menn gætu til lengdar haldið við þá ákvörðun, enda er svo komið, að mér skilst, að Alþ. muni nokkurn veginn verða sammála um, að Siglufjörður verði að fá rafveitu og það nú strax.

Þegar um það er að ræða, hvaða áhættu ríkið leggi á sig með því að ganga í ábyrgð fyrir fyrirtækið, þá kemur auðvitað fyrst til greina, hvort líkur eru til þess, að fyrirtækið beri sig. Það, sem kynni að vera tekið fram yfir þá ástæðu, væri hin mjög brýna þörf fyrir að veita aðstoð, þó að af henni kynni að verða fjárhagsleg útgjöld. Ég held, að Siglufjörður hafi nú einmitt þetta hvort tveggja, að það er svo merkileg starfræksla, sem um er að ræða, og staðurinn svo mikilsvarðandi fyrir framleiðslu á Íslandi, að jafnvel þótt ríkið þyrfti að fórna meira en áður í að ljá naín sitt sem ábyrgð fyrir láninu, þá mundi það vel leggjandi í sölurnar, en þar að auki skilst mér, að fyrir liggi nú þegar mjög sterk rök fyrir því, ef ekki fullar sannanir, að Siglufjörður geti vel staðið straum af þessu fyrirtæki, ef það verður ekki dýrara í rekstri en þörf er á, þ. e. a. s. að ríkið láti ekki stofnkostnaðinn verða með þyngri kjörum heldur en orðið getur, ef ríkið veitir þessa ábyrgð.

Það er upplýst af Rafmagnseftirliti ríkisins, að áætlað verð á rafmagni á Siglufirði til almennings sé ekki hærra en það, sem fólk virðist vilja á sig taka og dæmi eru til, að rafmagnsverðið hafi verið fyrir stríð á sumum stöðum hér á landi, og það munu jafnvel vera dæmi þess, að menn verði að borga rafmagn á einstökum stöðum hér á landi upp undir það tvöfalt dýrara en áætlað er, að almenningur þurfi að borga rafmagn á Siglufirði. Sumir eru í nokkrum vafa um það, hvort markaður verði fyrir allt það rafmagn, sem framleitt verður við Fljótaá við Skeiðfossa, og um það er náttúrlega ekki svo auðvelt að dæma, en eitt er alveg víst og margrannsakað, að fyrir það, að rafmagn er komið á einhvern stað, verður eftirspurnin eftir því miklu meiri en nokkurn hefði fyrirfram grunað. Það vaknar svo margt upp einmitt við það, að orkan er fáanleg, sem mönnum hefur ekki áður dottið í hug, svo að markaðurinn verður ætíð miklu meiri en ráð var gert fyrir. Ég efast ekki um, að í öðrum eins iðnaðarbæ og Siglufirði muni þessi verða reynslan.

Það hefur verið haft mikið á orði hér, að rafmagnskostnaðurinn við þessa rafveitu hafi orðið óeðlilega mikill eða hækkað óeðlilega mikið frá því, sem upphaflega var áætlað. Nú er það svo, að fyrsta áætlun um þessa rafveitu var 6 millj. kr., og var þá gert ráð fyrir að virkja 2350 hestöfl eða eitthvað um það bil. Nú er þessi kostnaðaráætlun 13 millj. kr. og gert ráð fyrir að virkja 4800 hestöfl eða nokkuð meir en tvöfalt við þá upphaflegu áætlun. Við höfum nú á þessu þ., sem nú stendur yfir, haft ákaflega mikinn fjölda af ábyrgðarbeiðnum til rafveitna, bæði til virkjunar og til að leggja línur. Mikið af þessu hefur áður verið áformað og áætlað, og ég held, að ég fari ekki rangt með, að það sé mjög algengt, að áætlanirnar hafi tvöfaldazt frá því, sem var fyrir stríð eða í stríðsbyrjun. Ég sé þess vegna ekki, að þessi áætlun hafi hækkað neitt fram úr því verulega, sem eru mörg dæmi til, að orðið hefur, en hins vegar hefði átt að mega gera ráð fyrir, að slík stórvirkjun sem þessi hefði fengið gagngerðari og nákvæmari undirbúning en smærri virkjanir, og það er áreiðanlega víst, að enginn, sem nálægt þessu máli hefur komið, vill mæla á móti því, að úr skugga sé gengið um það, hvort þessi hækkun á kostnaði við virkjunina sé eðlileg eða ekki eðlileg. Ég legg engan dóm á það. Ég skal skýra frá því, að áður en ég gekk inn á að vera flm. að till. á þskj. 662, þá bað ég um margar upplýsingar og þar með grg. fyrir viðbótarláni, að þessi rannsókn færi fram. Mér voru fengin í hendur hér allmörg skjöl frá verktaka, og þar er margvíslegur fróðleikur og mjög merkilegur, sem ég tel að sönnu ekki tíma til að rekja hér og síður ástæða til, af því að það er einhliða grg. verktaka, þó að mig bresti þekkingu eða getu til þess að véfengja nokkuð af því, sem þar er sagt, svo að ég ætla ekki að fara að tefja tímann á að lesa það upp hér, en ég held, að það væri ákaflega hollt fyrir þá menn, sem hafa haft nokkuð stór orð hér um þessa hækkun, að kynna sér þessar ástæður.

Ég fékk auðvitað einnig upplýsingar um, hve langt verkið væri komið, og veit ég, að til stendur að taka stöðina í notkun næstu daga. Sömuleiðis fékk ég margar skýringar á því, hve nauðsynlegt væri, að verkið væri ekki tafið, og að því athuguðu var ég sannfærður um, að það væri skylda mín að vera flm. málsins og gera það, sem ég gæti, til að

koma mönnum í skilning um, að þetta væri bæði heilbrigt og nauðsynlegt mál. Nú er mér mikið gleðiefni, að fjvn. hefur, eftir að hafa lagt mikla alúð við að kynna sér þetta mál, komizt að þeirri niðurstöðu, að ríkissjóður eigi að takast þessa ábyrgð á hendur, og enda þótt ég telji ekki mjög mikið atriði, hvor leiðin verður farin, 1. eða 2. minni hl., þá vil ég samt sem áður með tilvitnun til ummæla hæstv. atvmrh. eindregið mælast til þess, að hv. þm. fallist á að samþykkja till. 1. minni hl. Það er alveg víst, eins og hæstv. ráðh. tók fram, að hann mun leita sér þeirra upplýsinga og afla sér þeirrar tryggingar, sem báðir þessir minni hlutar hafa óskað eftir, en ef sú leið er farin, sem 1. minni hl. fer fram á, þá er það víst, að það greiði götu Siglufjarðar sjálfs, og þess vegna legg ég mikla áherzlu á, að hv. þm. fallist á að samþykkja þá till.

Skúli Guðmundsson: Þeir hafa nú verið að rekja raunir sínar í sambandi við þetta mál, ýmsir þeir, sem upphaflega báru hér fram á hv. Alþ. að veita ríkisábyrgð fyrir þessari virkjun Fljótaár. Mér finnst ástæða til í sambandi við þessar umr. að minna á, að það var töluverður ágreiningur um það fyrst, þegar málið kom hér fram á Alþ., hvort ætti að fara þessa leið til þess að veita Siglufjarðarkaupstað raforku eða aðra. Ég vil minna á það, að mþn. í raforkumálum, sem þá starfaði og fékk þetta mál til meðferðar, lagði gegn því, að veitt yrði ríkisábyrgð fyrir láni til virkjunar Fljótaár. Mþn. komst að þeirri niðurstöðu og benti hæstv. Alþ. á það, að það mundi verða heppilegra að sjá Siglufjarðarkaupstað fyrir rafmagni á annan hátt en þennan, með stækkun Laxárvirkjunarinnar í Þingeyjarsýslu og með orkuflutningi þaðan til Siglufjarðar. Það var á það bent af okkur í mþn., að það gæti verið byrjun á landslínu frá Laxá vestur um byggðir Norðurlands, sem yrði svo tengd við virkjunina hér á Suðurlandi, og það væri í alla staði heppilegra að fara þessa leið heldur en að ráðast í að virkja þessa á þarna í Fljótum.

Það hefur stöðugt verið að koma í ljós og sannast því betur, sem lengra hefur miðað áfram þessum framkvæmdum þarna, að það hefði verið heppilegra að fara að ráðum mþn. og þeirra manna hér á þ., sem vildu fara þá leið. Það er nú talið, að kostnaðurinn við þessa Fljótaárvirkjun muni verða a. m. k. um 13 millj. kr., og ef ég man rétt, er gert ráð fyrir því, að raforkan, sem þar er um að ræða, sé eitthvað um 4750 hestöfl. Nú skal ég ekkert segja um það, hvort þessar 13 millj. kr. nægja eða hvort menn eiga eftir að sjá fram á hækkun einu sinni enn, en ég vil til samanburðar aðeins geta þess, að samkv. þeim bráðabirgðaáætlunum, sem gerðar hafa verið af Rafmagnseftirliti ríkisins fyrir mþn. í raforkumálum og birtar eru með því frv. til raforkul., sem við höfum flutt, 5 þm., og er á þskj. 935, hefði verið hægt að virkja 6 þús. hestöfl í Laxá í Þingeyjarsýslu, sem að vísu, þegar frá er dregið afltap, hefði ekki orðið nema 5400 hestöfl, fyrir 5,1 millj. kr., og það hefði verið hægt eftir þeim bráðabirgðaáætlunum að koma þeirri raforku eftir háspennulínu til Siglufjarðar fyrir kr. 13.365.000,00. Ég skal ekki segja, hvernig þessar bráðabirgðaáætlanir hefðu staðizt, en ég vil benda á það, að á þessari leið er hægt að láta stór kauptún við Eyjafjörð, eins og t. d. Dalvík, hafa rafmagn. En nú mun það kosta arið fé að leggja þangað sérstaka línu. Það er þegar búið að afgreiða hér heimild til ábyrgðar fyrir láni til þeirra framkvæmda. Ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar; ég vil aðeins í sambandi við málið minnast á till., sem mþn. gerði á sínum tíma, og það hefði vissulega farið betur, að eftir þeim hefði verið farið.

Sigurður Kristjánsson: Út af því, sem hv. þm. V-Húnv. sagði um það, að flm. þessarar till. hefðu verið að rekja raunir sínar, vil ég segja það, að ég veit ekki til, að þeir hafi neinar raunir að rekja. Ef einhverjir hafa raunir að rekja, þá eru það þeir, sem verða að renna með sínar till. og sínar ásakanir eins og þessi hv. þm. hefur gert og hans samherjar, þeir virðast vera orðnir skipbrotsmenn á þessu máli gagnvart Siglufirði nú eins og áður. Þessi áætlun háttv. þm. um það, að raforkunni mætti veita til Siglufjarðar fyrir 13,3 millj. kr., er ekkert annað en áætlun. Það hefur verið sýnt fram á það, að kaupstaðir eins og Siglufjörður geta orðið rafmagnslausir tímum saman, ef ætti að eiga það undir línu, sem lægi í gegnum fjölda kauptúna og kaupstaða, hvort þeir fengju rafmagn eða ekki. Það er löng leið og slysagjörn, sem yrði að leiða rafmagnið um, og það er hætt við því, að Siglufjörður yrði þá að hafa varastöð, og það er ósannað mál, hvort þessar 13,3 millj. fengju þá staðizt.

Frsm. 3. minni hl. (Helgi Jónasson): Það er farið að draga niður í hv. 7. þm. Reykv. Þegar þetta mál var til fyrri umr., þá var talað um það með miklu offorsi, að bent var á það, að þarna mundi óheppilegt að taka virkjunina. En nú hefur komið á daginn, að hér hafa átt sér stað ægileg mistök, hverjum sem það er að kenna. Nú segir hæstv. atvmrh., að málið hefði þurft betri undirbúning, og ég vil vona, að þessi mistök geti orðið til þess, að slík mál fái betri undirbúning í framtíðinni. Það vantar skýrslu um það, í hverju þessi gífurlega hækkun er fólgin, — að það skuli hafa þurft 2 millj. kr. til viðbótar og svo nú aftur 5 millj. kr., og svo kemur kannske á næsta þingi smáviðbótarhækkun. Nú eru þessir menn komnir inn á það, að það þurfi rannsókn, en það máttu þeir ekki heyra í fyrra. En þessi rannsókn átti að fara fram strax, en við það var þá ekki komandi. Sannleikurinn er sá, að það má vara sig á því að trúa nokkru því, sem sagt er í þessu máli, svo að það er ástæða til að taka allar umsagnir varlega í þeim efnum, svo að það er alls ekki ástæða til að halda því fram, að við í 3. minni hl. séum einhverjir fjandmenn Siglufjarðar í þessu máli. Rannsókn átti að fara fram, áður en ábyrgðin var veitt, og það var hægt að framkvæma án þess að það væri tap fyrir ríkið eða Siglufjörð.

Frsm. 2. minni hl. (Pétur Ottesen): Það voru aðeins fáein orð að gefnu tilefni frá hæstv. atvmrh. Mér virðist það koma greinilega fram, að það sé mikill áhugi fyrir því, að fram fari rannsókn á því, í hverju sé fólginn sá mikli kostnaður, sem orðið hefur við þetta verk, umfram það, sem áætlað var. Það virðist vera almennur vilji fyrir því hjá bæjarstjórn Siglufjarðar, að þessi rannsókn fari fram, eftir því sem hæstv. atvmrh. segir. Mér finnst því vera ósamræmi í milli þessarar yfirlýsingar og þess að vilja ekki láta slíkt koma fram í till. sjálfri, og því meira ósamræmi finnst mér vera í þessu, þar sem því hefur verið yfir lýst af hæstv. samgmrh., að hann leggi þann skilning í þetta ákvæði till., að það beri að framkvæma þetta þannig, að það komi ekki í bága við hagsmuni Siglufjarðarkaupstaðar. Ég skil ekki, þegar þetta mál liggur þannig fyrir, hvernig á því stendur, að það er amazt svo mikið við því, að þetta ákvæði sé í till. Hæstv. atvmrh. sagðist ekki skilja, hvers vegna við, sem stöndum að 2. minni hl., vildum láta þetta ákvæði standa þarna. Ég vil svara þessu með því, að ég skil ekki afstöðu hæstv. atvmrh. og annarra, hvers vegna þeir geta ekki verið því samþykkir, að þetta sé í till.

Frsm. 1. minni hl. (Þóroddur Guðmundsson): Frsm. 2. minni hl. sagði í fyrri ræðu sinni, að þar sem fram hefðu komið frá þrem sterkum aðilum óskir um það, að fram færi rannsókn, skildi hann ekki í því, að menn væru á móti því, að slíkt skilyrði yrði sett inn í till. Hæstv. atvmrh. hefur tekið af mér ómakið og bent á það, að rannsókn verði látin fara fram, þó að það sé ekki beint tekið fram í till. Það er enginn ágreiningur um það, að rannsókn eigi að fara fram; ágreiningurinn er aðeins um það, hvort það skuli tekið fram í till. Mér fannst hv. frsm. 2. minni hl. meina það, að það gætti vanþakklætis frá okkar hálfu varðandi það, hvernig við vildum orða till. Ég var ekki með neinar ásakanir, en það var mín skoðun, að þetta mundi skapa óþægindi fyrir Siglufjörð. Það er síður en svo, að hér sé um vanþakklæti að ræða. En ég vil skjóta því til hv. þm., hvort hann hefði litið eins á málið, ef hann hefði verið með ábyrgðarbeiðni til þingsins. Ég vil benda honum á það, að þó að þessi kostnaður hafi farið fram úr áætlun, þá gæti verið varlegast fyrir hann að reikna með því, að hann þurfi að koma til þingsins með beiðni um viðbótarábyrgðarheimild varðandi Andakílsárvirkjunina. Ég vil svo vonast eftir, að stuðningsmenn málsins geti fallizt á okkar till. óbreytta. Hv. frsm. 3. minni hl. hafði framsögu fyrir till. hv. þm. S-Þ.; hann taldi ógerlegt, að Alþingi gengi út í þessa ábyrgð fyrr en rannsókn hefði farið fram á því, hvernig á því stæði, að kostnaðurinn hefði farið svo mjög fram úr áætlun. Það er gleðilegt, ef háttv. þingm. ætlar að fara að verða varfærinn og gæta hófs um rafveituábyrgðir, en ég veit engan ábyrgðarlausari í þeim efnum heldur en þennan hv. þm. Þessi hv. þm. hefur ekki einungis flutt ábyrgðarheimildir inn á þingið, heldur hefur hann lagt til og fengið samþ., að lagt yrði fram fé úr ríkissjóði til þess að kaupa efni í rafveitulínu frá Soginu til fáeinna sveitabæja.

Skúli Guðmundsson: Hv. 7. þm. Reykv. reyndi að bera sig borginmannlega. Það er öllum kunnugur ferill hans og félaga hans í þessu máli. Fyrst er samþ. ábyrgð fyrir 6 millj. kr., svo er beðið um 2 millj. kr. í viðbót, svo er komið í þriðja sinn og beðið um 5 millj. kr. Þegar beðið var um 6 millj., var fullyrt, að það mundi duga, og þeir voru taldir fjandmenn Siglufjarðar, sem ekki vildu á þetta fallast. Ég held, að það sé bezt fyrir hv. 7. þm. Reykv. að tala sem minnst um skipbrotsmenn; ef einhver hefur brotið skip sitt í þessu máli, þá er það hann og aðrir slíkir menn.

Frsm. 3. minni hl. (Helgi Jónasson): Mér kemur það einkennilega fyrir sjónir, þegar hv. 2. landsk. fer að bera mér á brýn eyðslusemi. Ég held, að hann ætti að líta í eigin barm. Ég var svo mikil eyðslukló, af því að ég hafði fengið ríkisábyrgð fyrir einni línu til sveitabæja í Rangárvallasýslu, en það er búið að samþ. hér á Alþ. ábyrgðir fyrir fjöldamörg kauptún og kaupstaði; en þarna er sveitaþorp, og þangað mátti ekki leggja rafmagn að dómi hv. þm. Það er sama sagan eins og alltaf er hjá þessum hv. þm. og hans flokksmönnum. Ég vil líka segja það, að þó að síldarverksmiðjur gefi góðan arð, þá geta komið þeir tímar, að Siglufjarðarbæ finnist vera baggi að hafa þær.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 98. fundi í Sþ., 28. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 1123 felld með 25:13 atkv.

Brtt. 1119 (ný tillgr.) samþ. með 21:18 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SkG, SÁÓ, SvbH, ÞÞ, EmJ, EystJ, GJ, GÍG, HG, HelgJ, IngJ, IngP, HarJ, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PM, PO, SÞ.

nei: StgrA, ÞG, ÁkJ, BrB, EOl, GP, GTh, JakM, JJós, KA, LJóh, LJós, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh.

BÁ, FJ, JPálm greiddu ekki atkv.

10 þm. (GSv, ÁÁ, BG, BSt, BBen, EE, GG, HermJ, MJ, ÓTh) fjarstaddir.

Við nafnakallið mælti

Samgmrh. (Emil Jónsson): Eins og ég hef lýst yfir við umr., tel ég engu máli skipta, hvort till. verður samþ. eða ekki. Ég lýsti því yfir, að ef brtt. á þskj. 1101 yrði samþ., mundi hún koma til framkvæmda eins og brtt. á þskj. 1119 gerir ráð fyrir. Og ég hef ástæðu til þess að ætla, að frsm. sætti sig við það. Ég greiði þess vegna atkv. með till.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 30:1 atkv.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 1250, 1252, 1256).

Atvmrh. (Áki Jakobsson): Herra forseti. — Ég flutti við fyrri umr. brtt. við till., sem fjallar um að fella niður það ákvæði, að ábyrgðarheimildin skuli bundin því skilyrði, að fram komi fullnægjandi skýring á því, hvers vegna kostnaður við verkið hafi farið svo mjög fram úr áætlun. Eins og ég tók fram við fyrri umr., kom yfirlýsing frá samgmrh. um það, að þessi rannsókn mundi fara fram, og ég upplýsti, að bæjarstj. væri tilbúin að leggja fram öll gögn, þegar óskað yrði, og væri því engin ástæða til þess að hafa þetta í till. sjálfri. Þess vegna vil ég ítreka það, að þetta verði fellt niður úr till. Þá er komin brtt. frá hv. þm. Barð. um það að fella inn í till., að ábyrgðarheimildin sé bundin þeim skilyrðum, að yfirumsjón með verkinu sé falin manni, sem ráðuneytið samþykki. Um þessa till. er það að segja, að bæjarstjórn Siglufjarðar hefur aldrei hindrað ráðuneytið í því að hafa allt það eftirlit með verkinu, sem það hefur óskað eftir, — og það er alls ekki Siglfirðingum að kenna, að eftirlitið var ekki meira en það var. Ég álít till. hv. þm. Barð. því tilgangslausa og til þess fallna eingöngu að orsaka óþarfa útgjöld.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég verð að segja, að mig undrar á ummælum hæstv. atvmrh. um þessa brtt. mína, að hún sé fallin til að vekja ýfingar. Hér hafa verið samþ. 5 ábyrgðarheimildir, þar sem stj. er falið að ábyrgjast miklu lægri upphæðir, og ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að þetta sama skilyrði er sett í öll hafnarl. Ég vil ekki eyða tíma í að ræða þetta, ég vil aðeins benda hæstv. forseta á, að ef till. 1252 verður samþ., verð ég að taka mína till. aftur, vegna þess að hún er stíluð við þá gr., sem þá félli burt úr þáltill.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Ég hef áður lýst afstöðu minni til þessa máls og á þann veg, sem hæstv. atvmrh. hefur tekið fram, og þó að till. 1252 yrði samþ., hef ég skilið flutjendur málsins svo, að þeir séu því samþ., sem ég hef lýst yfir, að gert mundi verða, að þetta mundi framkvæmt með svipuðum hætti og till. nú er orðuð. En hvort það er samþ. í till. sjálfri eða framkvæmt á annan hátt, tel ég ekki afgerandi atriði. Mér finnst till. hv. þm. Barð. eðlileg, og hefur slíkt komið til framkvæmda við rafveitufram kvæmdir og hafnargerðir.

Forsrh. (Ólafur Thors): Eftir að hafa heyrt yfirlýsingu hæstv. samgmrh. vil ég mæla með, að samþ. verði brtt. hæstv. atvmrh. Ég sé ekki, að ástæða sé til að samþ. till. hv. þm. Barð., og þar sem komin er fram ósk frá hæstv. atvmrh. um, að ákvæði um rannsókn standi ekki í till. sjálfri, teldi ég viðfelldið fyrir Alþ. að verða við þeirri ósk.

ATKVGR.

Brtt. 1252 samþ. með 21:14 atkv.

Brtt. 1256 kom ekki til atkv.

Till., svo breytt, samþ. með 27:5 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1271).

74. Kaup á Þórustöðum í Ölfusi.

Á deildafundum 18. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Þórustaði í Ölfusi (A. 878).

Á 86. fundi í Sþ., 24. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Pálmason): Það eru nokkrir menn, sem sæti eiga í landbúnaðarn. hv. Nd., sem hafa leyft sér að flytja þessa till., sem fer fram á að heimila ríkisstj. að kaupa jörðina Þórustaði í Ölfusi. Ástæðurnar, sem til þess liggja, eru þær, að nokkuð snemma á þessu þingi fékk landbúnaðarn. send 2 bréf, prentuð sem fskj. með þessari till., með grg. frá bankastjóra Búnaðarbankans, en Búnaðarbankinn er nú eigandi að þessari jörð, um að n. léti í ljós álit sitt, hvort hún vildi láta ríkið kaupa þessa jörð eða hún yrði seld einstaklingi, því að bankinn hugsar sér ekki að eiga jörðina áfram. Nú stendur þannig á, að ríkið á margar jarðeignir þarna í kring, og það hefur helzt verið ráðgert af hendi nýbýlastjórnar, en 2 flm. eru í henni, eins og hv. þm. er kunnugt, að ef í það verður ráðizt að stofna nýbýlahverfi t. d. þarna í Ölfusinu, þá væri rétt að leggja til, að hv. Alþ. heimilaði ríkisstj. að kaupa þessa jörð, ef um semst með sæmilegum kjörum, sem ætla má að verði.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, því að till. fylgja svo rækileg fylgiskjöl, en ég býst við, að hæfa þyki, þar sem hér er um fjárútlát að ræða, ef samþ. yrði, að þessari till. sé vísað til hv. fjvn.

Jakob Möller: Hv. flm. vísaði til þess, að það væru greinileg fskj. sem fylgdu þessu máli, en mér finnst á skorta. Eftir því, sem ég hef tekið eftir, vantar alveg, að nokkur hugmynd sé gerð um það, hvað jörðin á að kosta. Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, að höfuðástæðan, sem færð er fram fyrir því, að ríkið seilist eftir þessari jörð, er sú, að á þessu svæði sé líklegt, að upp komi nýbýli. Það er allmikið landflæmi umhverfis, sem ríkið á, og meðan hreint ekkert hefur verið gert í þá átt að hefja þessa nýbýlastofnun, fæ ég ekki betur séð en halda mætti að sér höndum um þessi jarðakaup um sinn. Þess er einnig að geta, að frá því, að vakið var máls á því, að ríkið eignaðist þessa jörð, hefur

það skeð, að byggð hafa verið nýbýli á jörðinni, sem sennilega hæfa alls ekki þeirri notkun, sem ráð er gert fyrir í framtíðinni, því að það skiptir jörðinni í smábýli, og mér skilst, að einmitt þessar byggingar, sem reistar hafa verið á jörðinni, muni hleypa verðinu stórkostlega fram, þar sem þær voru einmitt reistar á þessum síðustu tímum, enda er í bréfi bankastjóra Búnaðarbankans ekki dregin fjöður yfir það, að þær muni hafa orðið alldýrar.

Ég er ekki að andmæla því, að málið fari til n., en ég vænti þess, að það komi þó glöggari grg. frá hv. fjvn. um málið en ég hef getað séð, að fylgdi því.

Flm. (Jón Pálmason): Það, sem hv. 3. þm. Reykv. hefur tekið fram um þetta mál, er að því leyti rétt, að það er hér orðið um talsvert dýra jörð að ræða, vegna þess að það eru á henni mjög miklar byggingar, sumar nýjar og dýrar, og eftir því sem við höfum fengið upplýsingar um, stendur jörðin nú bankanum í nálega 150 þús. kr. Varðandi það, hvort nokkur ástæða sé fyrir ríkið að blanda sér í þetta og kaupa þessa jörð, geta náttúrlega verið skiptar skoðanir, en landbúnaðarn. lítur svo á, að vegna þess að ríkið á landið í kring, — og er hér um svæði að ræða, sem vafalaust verður allverðmætt —, þá sé athugavert að láta þessa jörð komast í brask. Annars er gefin sök, að um leið og till. er vísað til hv. fjvn., þá er til þess ætlazt. að athugað sé, hvort samkomulag náist um verðlag og annað, enda er hér ekki um annað að ræða en heimild til hæstv. ríkisstj. um að kaupa jörðina, ef um semst með sæmilegum kostum.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 97. fundi í Sþ., 26. febr., var fram haldið fyrri umr. um till. (A. 878, n. 1126).

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. — N. hefur haft þetta mál til athugunar, en þannig er farið um þessa jörð, að núv. eigandi hennar, Búnaðarbanki Íslands, hefur látið gera þar nokkrar framkvæmdir, svo að verð það, sem hann vill fá fyrir jörðina nú, er 157.599,02 kr. N. virðist þetta of hátt verð, og leggur hún því til, að till. verði breytt í samræmi við það og hún verði samþ. með þeirri breytingu, að ríkisstj. sé heimilað að kaupa jörðina fyrir hönd ríkisins fyrir það verð, sem hún telur hæfilegt.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég tek til máls sökum þess, að hv. frsm. láðist að geta þess, að mitt nafn er undir nál. af misgáningi.

Ég gat ekki verið því samþykkur, að ríkið keypti jörðina á því vissa verði, sem hér er áætlað og er langt frá því að vera hæfilegt, og tel ég slíkt algerlega óhugsandi.

Þóroddur Guðmundsson: Herra forseti. — Ég hef ekki skrifað undir þetta nál., var ekki heldur á fundi allan tímann, en var þó boðið að skrifa undir. Ég vil því nú gera grein fyrir afstöðu minni til þessa máls.

Mér virðist ekkert hafa komið fram, sem sýnir, að ríkið þarfnist þessarar jarðar, enda ekki góð reynsla fyrir um jarðakaup ríkisins.

Þau rök hafa verið færð fram þessu til stuðnings, að ríkið ætti þarna land í kring, en þar hefur ekkert verið gert og því ástæðulaust að bæta við það. Og varðandi þær framkvæmdir, sem gerðar hafa verið á jörðinni, þá er það, sem byggt hefur verið, bæði óheppilegt og dýrt og líkur til, að þær byggingar komi að litlum notum.

Að öðru leyti vil ég segja það, að ef ríkið ætlar að fara að hlaupa í kapp við bændur um kaup á jörðum, þá held ég, að því væri nær að hjálpa bændum til að kaupa þær, og teldi ég, að ríkið ætti miklu frekar að losa sig við þær jarðir, sem það á, og væri jafnvel nær að gefa bændum þær.

Ég legg því til, að till. þessi verði felld.

Frsm. (Helgi Jónasson): Herra forseti. — Till. þessi er borin fram af 5 hv. þm., sem allir eiga sæti í landbn., svo að af því má bezt marka, að hér er ekki um neina vitleysu að ræða. Ríkið á þarna mikið land, og þarna eru ræktunarskilyrði góð, og hefur verið rætt um þetta sem líklegan stað til byggðahverfis, og er því heppilegt, að ríkið eignist þessa jörð einnig. Hins vegar bið ég afsökunar á því, að ég gleymdi að geta þess, að hv. 7. þm. Reykv. skrifaði ekki undir nál. — En sökum þess, að okkur þótti verðið of hátt, lögðum við til, að till. yrði breytt, svo að það er samningsatriði á milli ráðh. og forstjóra bankans, hvort verðið verður lækkað. Ef svo fer ekki, þá verður ekkert af kaupunum.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Þar sem ég er flm. að þessari till., vil ég gera grein fyrir skoðun minni á þessu máli.

Hv. 2. landsk. þm. sagði, að hann vildi, að ríkið léti þær jarðir, sem það nú á. Ég er algerlega á móti þessu. Ég vil meira að segja, að ríkið eigi allar jarðirnar.

En það gegnir talsvert öðru máli með þessa jörð en aðrar. Þessi jörð var keypt af Búnaðarbanka Íslands fyrir nokkrum árum, til þess að hún lenti ekki í braski, og ef ríkið ætlar sér að nytja þetta land, þá er verðið aukaatriði og gæti jafnvel orðið hærra síðar.

Þetta land liggur þannig, að það verður verðmikið, og ég er ekkert hræddur við samningana á milli ríkisstj. og bankans, en það væri hins vegar illt, ef þetta land færi í einstaklings eign, og gæti þá farið svo, að það yrði dýrara, ef ríkið vildi þá kaupa. Ég legg því eindregið með því, að þessi till. verði samþ.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þessari till. fylgja ein 4 fylgiskjöl. Hið fyrsta er frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og mér er nú ekki ljóst, hvers vegna það álit er hér, en fróðlegt væri að vita, hvort fjvn. hefur leitað álits hinna nýju ráðh. um þetta. Eitt fylgiskjalið er frá Búnaðarfélagi Íslands, eða

öllu heldur frá Steingr. Steinþórssyni, og hið síðasta fylgiskjal er frá Jens Hólmgeirssyni. Tvö þessara fylgiskjala, frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og Jens Hólmgeirssyni, leggja megináherzlu á, að þessi jörð lendi ekki í braski, en ég vil spyrja hv. fjvn., hvort henni er það ekki kunnugt, að jörðin hefur þegar lent í braski — og það stórfelldu braski —, var seld á 26 þús. kr., en á nú að kosta meira en 157 þús. kr., svo að það væri athugandi, hvort ekki væri rétt að bíða með að kaupa hana, þangað til hún kemst úr þessu gróðabralli. Annars held ég, að það sé röng stefna, að ríkið kaupi jarðir og hirði ekki meira um þær en raun er á.

Ég þekki höfuðból, sem ríkið keyti, og þar eru þannig byggingar, að engin af hliðum hússins heldur vindi eða vatni, og fólkið má flýja enda á milli í húsinu eftir því, hvaðan vindur blæs. Ég hef farið víða um sveitir, og ég er alveg viss um, að enginn jarðeigandi níðir svo niður jarðir sínar sem ríkið. Og því finnst mér, að ríkið ætti fyrst að byggja á þeim jörðum, sem það á, áður en það kaupir fleiri, eða jafnvel að selja eitthvað af þeim jörðum, sem það á. Og greiði ég því atkv. gegn þessari till.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Ég skrifaði með fyrirvara undir þetta nál. sökum þess, að ég tel ekki heppilegt, að ríkið eigi jarðirnar. Ég er á móti því, að ríkið noti sér erfiða aðstöðu bænda til þess að sölsa undir sig jarðir.

En ég hygg þó, að þetta atriði sé ekki svo stórt, sérstaklega eftir að fjvn. breytti till. í það horf, að það er á valdi ríkisstj., hvaða mat hún leggur á jörð þessa.

Hitt ætla ég, að sé rangt, sem hv. þm. Barð. sagði og vakti mikinn gleðskap, að þetta væri stórfellt gróðabrall, heldur hefur Búnaðarbankinn gert þarna umbætur, byggt íbúðarhús, hlöðu og peningshús, og er verðið miðað við byggingar þessar. En hér verður sama afleiðingin og hjá öllum bændum, að sá, sem byggir, þarf að afskrifa mikinn hluta byggingarkostnaðarins.

Þetta sýnir einungis, hvernig atvinnulífið er í sveitum landsins, að atvinnuvegurinn þolir ekki, að bændur búi við sæmilegan húsakost.

Hitt er rétt, að ekkert eftirlit er með jarðeignum ríkisins, svo að þær níðast niður, þótt til séu heiðarlegar undantekningar.

Hins vegar eru hér uppi raddir um að veita fé til byggðahverfa og gera tilraun með, hvort þau séu ekki heppileg. Og ég verð að segja, að ég tel æskilegt að reyna þetta, og þá kann að vera, að þetta land væri ekki illa fallið til slíkra tilrauna. Sökum þessa tók ég ekki skarpari afstöðu gegn þessari till.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég skal ekki segja mikið, mönnum er kunnugt um afstöðu mína til jarðasölumálsins, og þarf ég ekki að lýsa henni. En það, sem ég vildi benda á, er það, hversu samvinnan er góð milli stjórnarflokkanna. Menn vita um afstöðu Sjálfstfl. í þessu, og nú heyrðu menn líka orð hv. 2. landsk. Út af orðum hv. þm. Barð. vil ég segja það, að það er ekki hægt að draga neinar ályktanir að óséðu út af því, sem hér um ræðir. — Og þessi jarðakaup eru ekki sambærileg við nein önnur, því að það er skoðun margra, að þarna komi samliggjandi byggðahverfi.

Það er því ekki heppilegt að taka Breiðuvík sem dæmi og hve illa þar er hýst og að fólkið þar þurfi að flytja sig eftir áttum. Sama er að segja um Reykhóla. Sannleikurinn er nefnilega sá, að Reykhólar eru ein af þeim fáu jörðum, sem ríkið á, sem ekki hefur verið hægt að gera neitt við. Þess vegna hefur aldrei verið slegið neinu föstu um það, hvað eigi að gera við þá. Það hefur komið til orða að setja þar upp tilraunastöð, húsmæðraskóla og jafnvel héraðsskóla, og það hefur verið talað um að gera svo margt og mikið við Reykhóla. En þar hefur aldrei verið ábúandi, sem fengið hefur erfðaábúð og hefur farið með jörðina eins og hann ætti hana sjálfur og þar af leiðandi ekki farið að standa í því að útvega lán til þess að dytta að húsakynnum, þar sem alltaf hefur legið við borð, að það opinbera tæki jörðina og gerði eitthvað við hana.

Þess vegna nær engri átt að taka Reykhóla sem dæmi um það, hvernig byggt er á ríkisjörðum.

Jón Pálmason: Herra forseti. — Mér þykir ekki ástæða til að fara mörgum orðum um þetta mál. En í sambandi við það, sem hér hefur verið látið falla um stefnu mína í jarðeignamálum í tilefni af þessu frv., vil ég taka fram, að till. gefur ekkert tilefni til þess. Og af því að ég er einn af flm. þessa máls, þá finnst mér ástæða til að taka fram, sem raunar ekki þarf fyrir kunnuga menn, að mín stefna í jarðeignamálum er sú, að bezt sé, að sem flestar jarðeignir séu í leiguábúð.

Það stendur sérstaklega á með þessa jörð, Þórustaði, eins og hefur verið vikið að. Hún er inni á milli ríkisjarða á svæði, þar sem hefur verið mjög orðað að setja upp byggðarhverfi, jafnvel það fyrsta, sem reynt verður að stofna hér á landi. Stendur því þannig á, að ástæða er til að láta ekki þessa jarðeign ganga úr eigu ríkissjóðs, ef af þessu fyrirtæki skyldi verða, sem ætla má að verði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi aðeins leiðrétta þann misskilning, sem kom fram hjá hv. 2. þm. N.-M. Það var hv. 2. þm. Rang., sem greip fram í og spurði, hvernig húsakostur væri á Reykhólum. En þegar ég ræddi um húsakost á því höfuðbóli, þar sem fólkið verður að flytja sig úr einu herbergi í annað eftir áttum, átti ég ekki við Reykhóla. Sú eign er lengi búin að vera í eigu ríkissjóðs, og ríkissjóður hefur ekki í 10—20 ár rausnazt til að hlúa að hinu stóra og góða steinhúsi, sem einu sinni var þar byggt. Ég get sagt, hvaða jörð þetta er. Það er Breiðavík í Rauðasandshreppi, og hv. þm. getur sjálfur farið þangað til að kynna sér, hvernig þau húsakynni eru. *(PZ:* Ég hef komið þangað.)

Ég get líka sagt þessum hv. þm., að ég hef komið á fleiri ríkisjarðir í Barðastrandarsýslu, þar sem svipað er ástatt eða jafnvel enn þá verr en á þessu höfuðbóli. Hefur einatt verið kvartað undan þessum

húsakynnum og oft beðið um fé, en ávallt verið neitað.

Mér fyndist því réttmætt, að eitthvað væri gert til að bæta fyrir þær syndir, sem ríkisstj. á hverjum tíma gerir sig seka um gagnvart ábúendum sínum. Þessi stefna hefur mjög verið rekin af Framsfl. og á þann hátt, að engum mundi líðast það öðrum en ríkinu.

Hv. þm. A.-Húnv. sagði, að Þórustaðir væru inni á milli annarra jarða ríkisins. Það hefur nú verið upplýst af hv. 2. þm. N.-M., að þeir eru aðeins í jaðrinum. Og ef það á að vera stefna að kaupa allar jarðir, sem eru í jaðrinum og ríkissjóður hefur keypt, má alltaf halda áfram.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Það hefur borið margt á góma í þessari umr. Eg stóð nú ekki upp til að ræða beint um stefnur, heldur til að bera af mér sakir.

Það hefur verið haft á orði af mörgum ræðumönnum hér í kvöld, að opinberar jarðir séu níddar og illa setnar og þeir, sem á þeim sitja, séu trassar um það, sem þeim er falið. Ég er einn í þeirra hópi. Ég sit á ríkisjörð með beztu ábúðarskilyrðum, sem til eru, og ég fyrir mitt leyti neita því algerlega, að þeir, sem sitja á opinberum jörðum, séu meiri trassar en nokkrir hinna. Og þegar hv. þm. Barð. og hv. þm. Borgf. eru að tala um, að þessar jarðir séu níddar, er eins og það séu engar jarðir illa setnar, sem eru í einkaeign. Þar, sem ég þekki til, held ég, að þeir, sem sitja opinberar jarðir, þoli allan samanburð við þá, sem sitja á einkajörðum. Þegar hv. þm. Barð. er að lýsa átakanlega, hvernig setið er á opinberum jörðum í mörgum tilfellum, er eins og það sé ekki til sams konar húsakostur á jörðum, sem eru í einkaeign. Ég þekki þó slíkar jarðir, sem ættu við enn þá ljótari lýsingar en hv. þm. Barð. hefur gefið í kvöld á opinberum jörðum, og skal þó játað, að hið opinbera rækir mjög slælega þá skyldu, sem því er lögð á herðar að byggja upp á opinberum jörðum.

Og þegar verið er að ræða um stefnur í þessum efnum, til þess að bæta úr, svo að jarðirnar séu vel setnar, þá er það augljóst mál, að í þeim efnum hlýtur það að vera bezt fyrir bóndann, að hann fái jörðina í erfðaábúð, eins og öllum er heimilt nema þeim, sem sitja á embættisjörðum, og fá þannig fullan umráðarétt yfir jörðinni, án þess að leggja fram fé til þess. Þá er slíkum mönnum hagur að hýsa jörðina, þar sem þeir þurfa ekki að leggja fram fé til að kaupa jörðina fyrst, en geta varið því til að hýsa hana.

Ég vísa því eindregið á bug þeim aðdróttunum, sem nokkrir hv. þm. hafa verið með í garð landseta hins opinbera.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Hv. þm. Barð. er sagður vera maður mjög liðlegur á að gera allan þann greiða, sem hægt er að hugsa sér fyrir umbjóðendur sína, og gangi þar langt fram úr okkur öllum. Ég vil benda honum á það, að hann ætti að kvnna sér erfðafestulögin og segja landsetum ríkissjóðs, hvernig þau eru, og benda þeim á að vera ekki að stríða við að fá ríkissjóð til að byggja, ábúðarlögin nái ekki lengur til jarða, sem byggja má á erfðafestu. Hann ætti bara að hjálpa mönnum til að fá sér efni og til að fá sér erfðaábúð og byggja, svo að ekki þurfi að gefa svipaðar lýsingar og gefnar hafa verið um það, hvernig jarðir í Barðastrandarsýslu séu hýstar. Ef Barðstrendingar eru svo aumir, að þeir geta ekki hýst upp jarðir sínar eins og aðrir, þá á hann að hjálpa þeim, sem búa á opinberu jörðunum, til að fá erfðaábúð og síðan byggja upp á þeim.

Þetta vildi ég benda þér á, þingmaður Barðstrendinga, til þess að hjálpa þér sjálfum að hjálpa bændum til að verða fyrirmyndarbændur í sínu héraði.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki níðast á hæstv. forseta. En mér finnst þó sjálfsagt að mótmæla því, sem hér kom fram hjá hv. þm. V.-Sk., að ég hafi verið að níðast á landsetum ríkisins. Ég sagði ekkert þeim til miska. Það voru aðrir menn, sem komu inn á það atriði, sízt landsetum ríkisins til hnjóðs. Ég hef ekki á neinn hátt kastað steini að þessum mönnum. Ég var þvert á móti að lýsa því, hvernig ríkið kæmi fram við þá, en ekki öfugt.

Að því er snertir aths. hv. 2. þm. N.-M., þá hef ég aldrei getað skilið þetta dæmi. Ég þekki jörð, sem nú er verið að byggja upp, og kostar byggingin um 50—60 þús. krónur. Ég get nú ekki skilið, hvað er betra fyrir þessa menn að standa undir þeirri byrði en þótt þeir þyrftu að standa undir allri byrðinni og vera frjálsir að eign sinni. Og þess vegna vil ég ekki „agitera" fyrir því, að kjósendur mínir fari út á þá glæfrabraut að byggja upp fyrir ríkissjóð, þegar þeir eiga kröfu á því, að landeigendur byggi yfir þá. *(PZ:* En þá kröfu eiga þeir ekki, sé hægt að byggja jörðina á erfðafestu.)

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Hv. þm. Barð. sagðist ekki hafa sagt neitt til hnjóðs landsetum á opinberum jörðum. Ég heyrði nú samt ekki betur en hann segði, að hinar opinberu jarðir væru sérstaklega níddar, og held ég, að það hafi einnig fleiri heyrt. Og ég veit ekki, hvað hægt er að segja landseta til hnjóðs, ef ekki það, að hann níði jörð sína. Ef hv. þm. Barð. skilur þetta ekki, held ég, að það hljóti að stafa af því, að hann geti ekki sett sig í spor þessara manna, hvað er þeim til hnjóðs og hvað ekki. Eftir íslenzkri löggjöf um landseta er það mesta afbrot, sem bóndi getur framið á jörð, sem honum er trúað fyrir, að hann níði hana. Hefur það verið svo eftir íslenzkum l. alla tíð. Því vil ég óska, að þeir menn, sem bera það á landseta hins opinbera, að þeir níði jarðirnar, afli sér upplýsinga um það í hinum einstöku héruðum og sveitum, hvort þetta hefur nokkuð við að styðjast. Ég fyrir mitt leyti veit um ýmsa landseta hins opinbera, sem, þótt þeir hafi ekki góða ábúð, sitja jarðirnar fjöldamörgum betur, sem eiga þær sjálfir.

Hv. þm. Barð. sagði enn fremur, að það munaði bónda í rauninni engu, þó að hann þyrfti að kaupa dýra byggingu, ef hann gæti fengið jörð fyrir t. d.

fimm þús. krónur. Ef þetta hlutfall væri nú yfirleitt þannig milli jarðarverðs og húsaverðs, þá væri máske eitthvert vit í þessu. En ég vil biðja hv. þm. Barð. að kaupa fyrir mig góða jörð fyrir fimm þús. krónur. Ég leyfi mér að efast um, að það kostaboð lægi víða fyrir. Ég held, satt að segja, að jarðarverðið haldist í svipuðu hlutfalli við húsverðið, ef húsið er hæfilegt við jörðina. Vitanlega er það ekki svo í öllum tilfellum, því að margar jarðir eru yfirbyggðar. En það hefur yfirleitt verið þannig, og ég held, að jörð, sem talin er í betri býla röð á landinu, sé erfitt að fá undir nokkrum tugum þúsunda, og liggur þá í hlutarins eðli, að ekki notar bóndinn þá tugi þús. til að byggja yfir sig, sem hann hefur lagt fram fyrst, til þess að fá rétt til að sitja á jörðinni. Og er þá öllum augljóst, að vitanlega er illa fjáðum manni betra að geta fengið ábúðarrétt á jörð fyrir sig og sína og fullan umráðarétt yfir henni, eins og hann ætti hana sjálfur, fyrir ekki neitt og geta þá varið þeim litla peningastofni, sem hann á, til þess að byggja að einhverju yfir sig. Ég veit, að hv. þm. Barð. er svo glöggur á framkvæmdir fjármála, að þetta er honum augljóst.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 98. fundi í Sþ., 28. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Brtt. 1126 (ný tillgr.) samþ. með 29:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 27:4 atkv.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 1251).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 27:4 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1272).

75. Nýbygging fiskiskipa.

Á deildafundum 22. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um framkvæmd l. nr. 9 1944, um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa (A. 1180).

Á 97. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 98. fundi í Sþ., 28. febr., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Ég skal vera stuttorður. Hér fyrir nokkru voru veittar 2 millj. kr. til stuðnings nýbyggingu fiskiflotans. Þessum peningum var úthlutað af Fiskveiðasjóði Íslands eftir till. Fiskifélagsins og fiskimálan., og var þetta fé notað jöfnum höndum til þess að styðja smíði báta af öllum stærðum. Síðan voru veittar 5 millj. kr. úr framkvæmdasjóði, og var þá sett sérstök löggjöf um það, hvernig styðja skyldi smíði báta. Í þeirri löggjöf var ekkert tekið fram um stærð skipa eða fiskiskipa, heldur aðeins samþ. ákvæði um það, hvernig styrkurinn yrði greiddur.

Nú hef ég og fleiri orðið þess varir, að n., sem kosin var til þess að úthluta þessu fé, muni sennilega líta svo á, að það sé kannske tæplega heimilt að styrkja eða styðja smíði smábáta af þessu fé. En það er skoðun okkar, sem flytjum þessa þáltill., að það hafi verið ætlunin með setningu löggjafarinnar um styrkúthlutunina, að ekki væri á neinn hátt útilokað að styðja smíði smábáta, þ. e. opinna vélbáta. Fiskifélag Íslands hefur lagt til, að smíði opinna vélbáta væri studd með lánveitingu, eins og smíði stærri báta. En n., sem ræður yfir þessu fé, hefur ekki fallizt á þessa skoðun. Nú er það skoðun okkar, að það eigi að veita af þessu fé til þess að styðja smíði opinna vélbáta, og þess vegna förum við fram á, að hæstv. Alþ. láti uppi skoðun sína um það, hvernig það telur heppilegt að haga þessum framkvæmdum.

Ég hef orðið var við það, að n. hefur haft áhuga á því, að fiskveiðasjóður tæki að sér að lána út á opna vélbáta. Það mætti náttúrlega út af fyrir sig takast, að fiskveiðasjóður hefði það með höndum, eftir l., eins og þau eru um fiskveiðasjóð, en þá er þess að gæta, að lán úr fiskveiðasjóði, þótt veitt væru, eru allt annars eðlis en lán, sem veitast eiga úr styrktar- og lánasjóði fiskiskipa, sem hugsuð eru þannig, að ekki komi til mála, að reksturinn verði stöðvaður þess vegna. Og þess vegna eru þau lán veitt með sérstökum hætti. Við viljum, að hér gangi hið sama yfir hina smærri og stærri báta. Auk þess er þetta lítið fjárhagslegt atriði fyrir sjóðinn, því að fjárhæðin, sem hver fengi, yrði mjög lág, þannig að sú fjárhæð, sem veitt væri til 20—25 lítilla báta, færi í einn stóran bát. Með þessari breyt. yrði þess vegna ekki þrengt neitt að smíði stærri báta.

Það er á einstöku stöðum, sem þannig hagar til, að heppilegt er að hafa litla opna vélbáta til veiða, sem ég veit, að öllum hv. þm. er kunnugt um.

Nú er ákaflega áliðið þings, og hér er náttúrlega um einfalt mál að ræða. Ég geri ekki till. um n., en beiti mér ekki á móti því, að málið fari til allshn., ef einhverjum þætti það nauðsynlegt, en þó með því móti, að samkomulag sé um það, að n. skili áliti a. m. k. fyrir síðasta fund sameinaðs þings, og ekki verði tafið fyrir málinu, svo að það geti komið til atkv. með einhverju móti. Um þetta ætti að geta verið samkomulag, ef mönnum sýnist, að málið fari í n.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Mér finnst hámarkið af þeim glundroða, sem ríkt hefur í fjármálum á þessu þingi, koma fram á þskj. 1180. Þar liggur fyrir að ákveða um lagafyrirmæli, sem eru ekki eldri en frá 10. marz 1944, hvernig þau skuli

skýrð og hvernig því fé skuli varið. En svo þegar þeir, sem hafa fengið umboð eða vald til að ráðstafa fénu samkv. ákvæðum þessara l., vilja úthluta fénu út í allt annað en l. ákveða, þá koma nokkrir hv. þm. og bera fram þáltill. um, hvernig beri að skilja þessi l., sem þingið er búið að samþ.

Ég vil fyrst og fremst leyfa mér að minna á, að það er ekki ýkjalangt síðan samþ. var hér á þingi þáltill., sem fór í nokkuð svipaða átt, þannig að hún átti að ákveða, hvernig skyldi fara með ákveðið mál gegn landslögum, sem voru í gildi. Þá var á það bent, m. a. af mér, að svona málsmeðferð mætti ekki eiga sér stað, en því var ekki neitt sinnt, og svo hefur gengið um það hæstaréttardómur, og hann féll vitanlega þannig, að lagafyrirmælin voru látin gilda fram fyrir þál., og hér mun eins fara, að þótt þessi merkilega þáltill. verði samþ., þá mun n. ekki láta sér detta í hug að taka það til greina, þó að þar standi ákvæði þvert ofan í fyrirmæli l. *(EystJ:* Vill hv. þm. færa rök að þessu?). Já, ég er að gera það, ég á hér við Bifreiðaeinkasölu ríkisins. Það var ákveðið að taka valdið af ráðh. með þál., en það var dómur hæstaréttar, að sú þál. gæti ekki haft eins mikið gildi og ákvæði bifreiðasölulaganna, sem gáfu ráðh. fullt vald yfir því máli. Eins er hér. Þessi till. getur ekki, þó að hún verði samþ., undir neinum kringumstæðum afnumið ákvæði l.

Ég held, að hv. flm. þessarar till. hljóti að sjá, að ef þeir vilja gera hér einhverja breyt., þá eiga þeir að bera fram breyt. á l. sjálfum, en ekki fara þessa leið.

Annars vil ég leyfa mér að upplýsa, af því að ég sit í þessari n. og þekki nokkuð, hvaða kröfur hafa komið fram, að aðeins frá einum manni af fimm hafa komið kröfur um, að styrkir og lán úr þessum sjóði skuli einnig ná til trillubáta eða opinna smábáta, og það er frá fulltrúa framsóknarmanna, en hinir eru sammála um, að það sé ekki hægt, nema l. sé breytt, og þess vegna hefur n. ekki séð sér fært að fara inn á að veita styrk eða lán til byggingar slíkra báta. Og ég fyrir mína parta mun ekki sjá mér fært að veita fé úr sjóðnum, meðan ég er í n., þó að þessi till. verði samþ., því að ég tel, að hún mundi ekki hafa sama gildi og l. sjálf.

Nú vil ég benda hv. flm. á, að samkv. 2. gr. getur enginn fengið styrk eða lán samkvæmt l., nema skip séu smíðuð samkvæmt teikningu, er atvmrn. hefur samþ. Ég hugsa, að aldrei hafi verið lagðar teikningar af trillubátum fyrir atvmrn. til samþykktar, því að ég hygg, að allt að því 100% af þeim trillubátum, sem smíðaðir hafa verið hér á landi, hafi verið smíðaðir án þess að nokkrar teikningar hafi verið gerðar af þeim. L. ákveða einnig, að sama gildi um vél skipsins og atvmrn. verði að samþ. vél skips, sem á að fá styrk eða lán úr þessum sjóði. Nú er það vitað, að langflestir af þessum trillubátum hafa benzínvélar, sem er ekki æskilegt, að sé hjálpað til að auka í landinu. Þær eru dýrar í rekstri, mjög endingarlitlar o. s. frv. Ég er algerlega á móti því, að fé ríkissjóðs sé notað til að styðja byggingu slíkra báta, og ef farið er inn á þá braut, þá er ómögulegt að vita, hvar verður staðar numið.

Ég vil enn fremur benda á, að í 3. gr. er ákvæði um, að umsókn skuli fylgja efnahagsreikningur umsækjanda. Það segir sig sjálft, að þegar þetta ákvæði var sett í l., var ætlazt til, að hér væri um að ræða fyrirtæki, sem hefðu sjávarútveg fyrir sína aðalatvinnugrein, en ekki menn, sem stunduðu vinnu eða rækju búskap sem aðalatvinnugrein, en stunduðu sjó á trillu við og við til hjálpar við annan atvinnurekstur og hafa engan efnahagsreikning í sambandi við bátinn. *(EystJ:* Er ekki hægt að semja efnahagsreikning fyrir þennan mann, sem á trilluna?). Nei, það er ekki hægt að búa til efnahagsreikning fyrir þennan trillubát. Þessi bátur, sem hann fengi styrk til, er ekki til annars en að hjálpa honum í hans aðalatvinnugrein. Hv. 2. þm. S.-M. getur t. d. sent efnahags- og rekstrarreikning fyrir að sitja á þingi, en það kemur ekki málinu við, ef hann ætti að gera efnahagsreikning fyrir trillubát, sem hann ætti og notaði til að stunda sjó við og við.

Þá vil ég benda hv. þm. á það, sem hann virðist hafa gleymt, því að hann færði það fram sem rök fyrir máli sínu, að ekki væri hægt að lána úr fiskveiðasjóði, að ekki væri hægt að innheimta það aftur, ef það væri óhagstætt fyrir atvinnurekandann, en *þetta er einnig í þessum l. Það stendur í 5. gr.*, að ef veitt hefur verið vaxtalaust lán, þá skuli innheimtu þess hagað þannig, að hennar vegna þurfi ekki að verða stöðvun á rekstri hjá hlutaðeigandi skuldunaut. *(EystJ:* Hvaða l. eru þetta?) Það eru l. um stuðning við nýbyggingu fiskiskipa. *(EystJ:* Það voru þau, sem ég vitnaði til.) Nei, og það er ekki hægt að veita til svona atvinnurekstrar, af því að það hefur aldrei verið ætlazt til þess, að svona atvinnurekstur kæmi undir þessi ákvæði. Ég mun því að sjálfsögðu greiða atkv. á móti till., og ég vænti þess fullkomlega, að hv. flm. till. taki hana aftur, því að þeir hljóta að sjá, að hún getur enga þýðingu haft fyrir málið sjálft m. a. af því, að hún getur ekki afnumið ákvæði l., sem í gildi eru og n. verður að halda sér að, svo lengi sem hún veitir þetta fé.

Ég vil í því sambandi leyfa mér að benda á, að það fé, sem n. hefur þegar fengið til umráða, hefur þegar að miklu leyti verið ákveðið í sænsku bátana, og er því ekki mikið eftir í þennan atvinnuveg eða annan. Það getur að vísu verið, að n. fái til ráðstöfunar þær 5 millj., sem nú eru í fjárl. ætlaðar til hjálpar útveginum, en þó að það verði, þá breytir það engu um lagaákvæðin.

Þá vil ég leyfa mér að upplýsa, að forstjóri fiskveiðasjóðs var á fundi hjá n., og var málið ýtarlega rætt við hann. Hann upplýsti, að reynsla sín væri sú, að þegar trillubátaeigendur vildu fá lán, þá hyrfu þeir venjulega frá því aftur, ef það skilyrði væri sett, að þeir yrðu að vátryggja þessa báta til tryggingar láninu, af því að vátryggingin væri svo þung, þegar hún legðist ofan á vextina af fiskveiðasjóðsláninu, að þeir vildu heldur reyna að fá sér lán á annan hátt, en það er að sjálfsögðu frumskilyrði fyrir þessum lánum, að bátarnir séu vá-

tryggðir. Og þá er spursmálið, hvaða greiði er gerður viðkomandi aðila að lána honum, þó að það sé vaxtalaust, ef á að skylda hann til að vátryggja eignina, sem kostar kannske allt að 12—15%. Þess vegna hefur forstjóri fiskveiðasjóðs reynt að fara aðra leið, enda hefur hann upplýst fyrir n., að hann muni nota áhættufé úr fiskveiðasjóði til að mæta þörfum þessara manna, sem venjulega þurfa lánsfé eins og aðrir.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara frekar út í þetta, en ég mun greiða atkv. á móti till.

Pétur Ottesen: Ég verð að láta í ljós mjög mikla undrun mína yfir þessari ræðu hv. þm. Barð. Hann heldur fram, að þessi þáltill., sem flutt er hér, brjóti í bága við ákvæði þessara l. Það er merkilegt, ef það væri svo, að þessi hv. þm., sem hefur verið skipaður í n. til að framkvæma þessi l., hefði ekki lesið l., en slík ummæli sem þessi geta ekki byggzt á öðru en að honum hafi sézt yfir, hvað í l. standi, því að ég veit, að þessum hv. þm. er ekki svo áfátt, að ef hann les l., þá mundi hann ekki halda fram, að þessi þáltill. bryti í bága við ákvæði þeirra. Það þarf ekki að lesa nema 1. gr. til að ganga úr skugga um, að það, sem hann var að halda fram, er svo einkennileg fjarstæða, að maður verður undrandi að hlusta á. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa, skal leggja í sjóð, er nefnist Styrktar- og lánasjóður fiskiskipa."

Þar eru engin takmörk sett niður á við um þessi skip, og hér er ekki um að ræða aðra trillubáta en þá, sem á að nota til fiskiveiða, sem sé fiskiskip. Sú var hugsunin með þessari löggjöf.

Þegar ákvörðunin var tekin um að greiða 5 milljónir til styrkja í þessu skyni, — og kann ég nokkuð um það að dæma, því að ég var einn af flm. þeirrar till., — að þetta ætti að ganga til þarfa landsmanna og greiða fyrir því, að þeir kæmu sér upp fiskiskipum. Nú vitum við, að aðstaðan hér á landi er ákaflega mismunandi um, hvaða stærð fiskiskipa á við. Nú er það svo í mörgum útgerðarstöðum, að þessi trillubátaútgerð er eina útgerðin, sem hægt er að koma við, síðan árabátarnir lögðust niður. Það gera hafnarskilyrðin, því að víða er ekki hægt að nota stærri skip en svo, að hægt sé að taka þau á land, jafnvel í hvert skipti sem þau koma að landi. Frá þessu sjónarmiði er þetta ákvæði sett eins og það er, svo að það nái til hinna smærri báta. Hitt er vitanlega sjálfsagt, að þessir bátar verða að uppfylla skilyrðin, þannig að það liggi fyrir ábyrgðarvottorð og vélin sé háð sömu skilyrðum og sett eru um stærri báta. Þess vegna verða þeir, sem sækja um styrk til að byggja trillubáta, að uppfylla skilyrðin að þessu leyti. Það eru einnig til teikningar yfir báta af þessari stærð, og þeir, sem vilja fá þennan stuðning, verða einnig að uppfylla skilyrðin að því leyti. Þess vegna er ekkert í þessari löggjöf, sem mælir á móti því, heldur allt, sem mælir með því, því að þetta á að styðja að aukningu skipaflota landsmanna án tillits til, hver stærðin er, heldur aðeins miðað við, hvaða skip henti á hverjum stað.

Við höfum fordæmi í þessu efni. Áður var fiskveiðasjóði ætlað að úthluta tveimur milljónum. Þá var jöfnum höndum veitt í trillubáta og stærri báta, og tilgangurinn með þessum ráðstöfunum, bæði að því er snerti þetta framlag úr fiskveiðasjóði og þessi l., var það sama, að veita stuðning til að auka fiskiskipaflotann af þeim stærðum, sem bezt hentaði á hverjum stað.

Ég þarf svo ekki að taka fleira fram í þessu efni. Það sjá allir, hvaða fjarstæða það er, sem hv. þm. heldur hér fram, að þessi þáltill. sé sprottin af því, að meiri hl. n. ætli að hlíðra sér hjá að uppfylla bein ákvæði l., það er nauðsynlegt til þess, að l. nái tilgangi sínum, að það komi fram ákveðinn þingvilji og fyllsta vissa um ákvæði l., og er það að gefnu tilefni. Svo segir hann, að það sé sama, þó að þetta sé samþ., n. fari ekkert eftir því. Ef svo er, þá er ekkert annað að gera en að setja meiri hl. n. af, því að ef hann, sem er falið að framkvæma vilja Alþingis, ætlar að gera þar upp á milli manna, þá er hann ekki því starfi vaxinn að framkvæma þessi l. Hv. þm. þarf því engu hér að hóta, honum helzt það ekki uppi til lengdar að ganga í berhögg við skýlaus lagafyrirmæli og mismuna mönnum eftir því, við hvaða aðstöðu þeir búa. Hann þarf ekki að hugsa, að það sé svo aumt og vesalt framkvæmdarvald í þessu landi, að slíkt verði liðið til lengdar.

Já, hæstv. forseti gefur mér nú bendingar. Það var eitthvað fleira, sem ég þurfti að segja, en ég hef tekið fram aðalatriðin. Ég mun því taka bendingar hæstv. forseta til greina og ekki hafa þetta lengra.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. — Ég lít nú svo á, að þessi þáltill. sé alveg að nauðsynjalausu fram borin og þar geti varla önnur ástæða legið fyrir en sú, að hv. flm. till. hafi ekki vitað fyllilega, hvernig þessum málum væri í raun og veru komið, sem þáltill. fjallar um. En í stuttu máli er þessu máli þannig háttað, að þau l., sem hér er verið að deila um skilning á, voru um það, að Alþ. hafði veitt 5 millj. kr. til stuðnings fiskiskipabygginga. Þessar 5 millj. kr. voru fyrst og fremst veittar vegna kaupa á fiskibátunum frá Svíþjóð, sem þá stóðu yfir *(EystJ:* Þau voru ekki komin til greina). Það var ákveðið að verja af þessum 5 millj. kr., 4½ millj. kr. til þessara 40 báta, sem keyptir voru í Svíþjóð, og eftir eru þá 500 þús. kr. af þessari upphæð, sem hér er um að ræða. *(EystJ:* Það er líka hálf millj. kr. á fjárl. nú ætluð til þessara hluta). Það er ekki viðkomandi þessum l. á nokkurn hátt. Ef hv. þm. líta aðeins eftir því, geta þeir fyllilega gengið úr skugga um það, að sú fjárveiting, sem veitt hefur verið nú á fjárl., er algerlega aðgreind frá því, sem hér er um að ræða. *(EystJ:* Það stendur í l. sjálfum). Það er rangt, að það standi í l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að veita lán til skipabygginga. Og hv. 2. þm. S-M. hlýtur að segja þetta vísvitandi ranglega. — En svo er ástatt um þessar

500 þús. kr., sem ég nefndi og eftir eru af þessum 5 millj. kr., að búið er að veita af þeim rúmar 200 þús. kr. til báta, sem byggðir hafa verið hér innanlands, og fyrir liggja síðan beiðnir um upphæðir til samans nokkru hærri en það, sem eftir er í sjóðnum, til báta, sem eru svo til fullsmíðaðir. En um þær örfáu beiðnir, sem borizt hafa n. um að styrkja trillubátabyggingar, er það að segja, að það er augljóst mál, að af þessu fé, sem þarna var fyrir hendi, var ekki hægt að veita úr sjóðnum til þeirra bygginga. Hins vegar reyndi sú n., sem með framkvæmd þessa máls hafði að gera, að sínu leyti að greiða fyrir þeim mönnum, sem leituðu til hennar eftir stuðningi við trillubátabyggingar, með því að beina þeim til þess sjóðs, sem fær árlegar tekjur og getur veitt stuðning nákvæmlega á sama hátt og þessi sjóður, sem sagt til fiskveiðasjóðs. Og framkvæmdastjórn Fiskveiðasjóðs Íslands hafði tekið vel í málið, enda lánað áður í svipuðum tilfellum, þannig að góðar horfur voru á því, að þessir menn gætu fengið góða fyrirgreiðslu þar. Ég býst líka við því, að því er snertir hv. 2. þm. S-M, sem er 1. flm. þessarar þáltill. og virðist sækja þetta af mestu kappi, að ef það hefði legið fyrir honum á svipaðan hátt og okkur, sem í þessari n. vorum, að gera upp við sig, hvort hann ætti heldur, þar sem svo takmarkað fé var fyrir hendi, að veita styrk út á tvo 30 smálesta báta, sem verið væri að smíða á Austurlandi, t. d. á Fáskrúðsfirði, eða tvo trillubáta á sama stað, þá hefði hann — og flestir menn, sem vildu vera ábyrgir í sínu starfi, — viljað veita þennan styrk á stærri bátana frekar en á þá minni. Og það var einmitt þetta, sem meiri hl. n. hafði kosið að gera. Ég er á þeirri skoðun, að það beri að nota það takmarkaða fé, sem veitt er til stuðnings fiskiskipasmíði, á þann hátt, að það komi að sem mestu gagni, og þá þannig, að smíði hinna stærri báta verði styrkt, þannig að 30 smál. bátar og þar yfir sitji að þessu leyti fyrir trillubátum. Aðeins á þeim stöðum á landinu, þar sem ekki er hægt að koma við nema opnum trillubátum, vegna hafnleysis, er réttlætanlegt að gera slíka báta út. Alls staðar annars staðar, þar sem hafnarskilyrði leyfa að gera út stærri báta, á að stefna að því, að bátarnir verði stærri og trillubátunum verði með öllu útrýmt. Og þeir menn einir, sem vilja, að útgerðin haldi áfram sem lengst í trillubátaformi, geta komið með till. eins og þessa. En aðalatriðið í málinu er það, að það hlutverk, sem n. er ætlað að inna af hendi eftir l., sem hér er um að ræða, er að mestu leyti búið að vinna, a. m. k. eins og mál standa nú. Það má hugsa sér, að n. þessari verði falið áframhaldandi verkefni, en það liggur ekki fyrir nú, svo að það er eins og að deila um keisarans skegg að tala um, að það beri að skilja þessi l. á einhvern sérstakan hátt, l., sem búið er að framkvæma eftir að fullu og öllu og eru í raun og veru komin út úr framkvæmd.

Ég álít því, að þessi þáltill. sé algerlega ófyrirsynju fram komin og hún, þótt samþ. yrði, aðstoðaði ekki neitt þá menn, sem standa í því að byggja sér trillubáta. Ef hana hefði átt að flytja, hefði henni átt að vera beint að allt öðrum l. og til allt annarra aðila en henni er nú beint að. Auk þess álít ég hættulegt að mikla það fyrir mönnum, og beinlínis að æsa menn upp í því, að koma sér upp bátum eins og opnir vélbátar eru til fiskveiða. Það er hreint neyðarúrræði, þar sem til slíks þarf að grípa að nota þá. Og því opinbera ber skylda til þess að fara eins varlega í það og hægt er að styrkja menn til þess að byggja slíkan skipastól. Og ef um það er að velja, hvort leggja á fé, sem verulega er takmarkað, í stærri báta eða svo litla, held ég, að engum manni, sem nokkuð þekkir til útgerðar, blandist hugur um, að það er sjálfsagður hlutur að láta það fé ganga til smíði stærri báta, en láta þessa litlu og ófullkomnu báta mæta afgangi.

Ég fyrir mitt leyti óska ekki eftir því, að þessi þáltill. verði látin fara til n., nema þá til þess að sofna þar. Ég sé ekki, að samþykkt hennar hafi nokkurt gildi.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég ætla ekki að vera margorður um þetta mál, þó að ég sé einn af flm. till., því að það eru í raun og veru *margir til andsvara þeirri staðhæfingu* hv. þm. Barð., að það væri lagabrot að framkvæma þáltill. þessa, sem við höfum flutt hér á þskj. 1180.

Þetta mál á þau upptök, að á heimildargr. fjárl. fyrir 1944 er heimilað að verja úr framkvæmdasjóði ríkisins fimm millj. kr. til byggingar fiskibáta. Það er öllum hv. þm. kunnugt, að flestallir hv. þm. gerðu ráð fyrir því og gengu út frá því sem sjálfsögðum hlut og meintu ekkert annað með þessari heimild en að þetta fé yrði styrktarfé. Og það kom upp löngu síðar, að til eru hér menn á hæstv. Alþ., sem vildu ekki, að þetta fé væri veitt sem styrkur. Það voru aðallega menn með svona bankasjónarmið, sem ekki geta hugsað sér, að neitt fé gangi til umbóta og framkvæmda í þjóðfélaginu, nema fyrir það komi vaxtagreiðslur. Það voru þessi sjónarmið, sem komu upp síðar hér á hæstv. Alþ. *Af þessu leiddi, að í l. um nýbyggingar fiskiskipa* var til samkomulags tekið upp það ákvæði, að á eftir orðinu „styrkur", ég held í hverri einustu gr. l., kemur: „eða lán". En styrkur er þar alls staðar fremst í röð. Og styrkur er það, sem hæstv. Alþ. ætlaðist til, að veittur yrði með þessu fé. Þess vegna er þetta brot, ekki aðeins á anda l., heldur og á bókstaf þeirra að fara að útiloka styrkinn. Og það er hárrétt, sem hv. þm. Borgf. sagði áðan, að það er bezt fyrir n. að bæta ekki miklu við sínar syndir, ef ekki á að víkja henni frá. Því að hún hefur sýnt, að hún er á engan hátt fær um að rækja það starf, sem henni var falið að framkvæma. Hv. þm. Barð. *bauðst til að vera ekki í n., en ganga úr* henni, af því að skoðanir hans væru ekki í samræmi við skoðanir flokks hans og ekki heldur skoðanir Alþ. En það varð ekkert úr því að skipta um mann í n., og var sumra álit, að hann væri í n. til þess að framkvæma vilja flokksins og Alþ. En það hefur honum ekki sýnzt, þegar frá leið, að mundi vera. Þess vegna hefur hann, með öðrum hv. nm., brotið

þann skýlausa vilja Alþ., sem hér var um að ræða, og skýlaus orð l. um þetta. — Í annan stað vill þessi hv. þm., og mér skilst n. öll, halda því fram, að það væri lagabrot að veita einu sinni lán til fiskibáta, sem eru dekklausir, til svo kallaðra trillubáta. En í l. er ekkert orð um þetta. Það er ekkert orð í l. um stærð þessara skipa, heldur aðeins svo til tekið, að fé það, sem veitt er úr framkvæmdasjóði ríkisins til smíði fiskiskipa, skuli fara svo og svo með. En allir menn vita, að hér á landi eru smíðuð fiskiskip af ýmsum stærðum. Og það eru hafnarskilyrðin, sem ásamt fiskimiðunum ákveða að mestu, hvaða stærð skipa er heppilegast að nota á hverjum stað. Þessi hafnlausa strönd, sem hér er á löngum svæðum, útheimtir það, að fiskimenn verða víða að setja skip sín á land eftir hvern róður, nema um hásumarið, og af þeim ástæðum eru menn neyddir til þess að byggja smá fiskiskip, til þess að geta hagnýtt fiskimiðin, sem þeir búa við. Og það hefur aldrei verið tilgangur hæstv. Alþ. að útiloka þessa fiskimenn frá því að fá styrk til bátabygginga, því að það væri hið sama og að segja, að sá maður, sem minnst hefði til hnífs og skeiðar, skuli ekki vera styrktur til þess að draga fram lífið, heldur þeir, sem betri skilyrði hafa til að bjarga sér. Enda hefur hv. þm. Barð. ekki reynt að vitna með einu orði í l. til sönnunar því, að það væri lagabrot að styrkja menn til byggingar smáskipa.

Hv. þm. hefur ekki heldur getað vitnað í eitt einasta orð í l., sem hnígi í þá átt, að það sé lagabrot. Þeir, sem fá styrkinn eða lánið, eiga að gefa efnahagsskýrslu. Ætlast hv. þm. til þess, að nokkur maður trúi því, að maður, sem á opinn vélbát, sé alveg óhæfur til þess að gefa efnahagsskýrslu? Svona rök eru ekki þinghæf.

Ég veit það vel, að þetta fé mun vera of lítið til þess að fullnægja öllum beiðnum, en þá ætlast l. til þess, að þeir njóti hjálparinnar, sem mest eru hjálparþurfi, þau skip, sem hæf eru til fiskveiða, eins og hv. 6. landsk. tók fram. En hvaða skip eru það þá, sem eru óhentug til fiskveiða við landið? Ekki er hægt að segja, að opnu vélbátarnir séu óhentugir þar, sem engu öðru skipi verður við komið. Ég get sagt hv. þm., ef hann veit það ekki, hvaða skip eru óhentug til fiskveiða við Ísland. Það eru skip, sem aldrei er hægt að nota meira en 2—3 mánuði á ári, og það eru þessi skip, sem n. er að styrkja. Skip, sem eru af þessari meiri Svíþjóðar stærð, 80 tonn, verða aldrei notuð til fiskveiða nema yfir síldveiðitímann, nema af mönnum, sem ætla að sigla í strand fjárhagslega. Það er ekki hægt að nota þau til línuveiða, og þau eru ekki hæf til utanlandssiglinga. Þau eru aðeins hæf til síldveiða. Og það er komið inn í höfuðið á flestum, nema þessari n., að þessi skipastærð er óhentug.

Nú hefur því verið yfir lýst, að búið sé að skipta þessu fé að mestu leyti upp. Það vill svo vel til, að ef styrktir eru opnir vélbátar, þá getur það komið að gagni jafnvel tugum báta, sem ekki mundi nægja nema einum stórum báti. Og þess vegna er hægt að liðsinna 10—20 mönnum fyrir styrk, sem aðeins mundi nægja einum þessara stóru báta. En það er rétt að taka það fram, að þó að það beri að lyfta undir það, að menn noti sem stórvirkust tæki, þar sem því verður við komið, þá er svo háttað víða við landið, að fjarðarfiskimið eru auðveldust til sóknar á ódýran hátt á þessum smábátum, en fiskurinn verður ekki tekinn af þeim, svo að kostnaði svari, með stórum skipum. Svo að þessi útgerð er ekki úrelt að öllu leyti, — því fer fjarri.

N. ber fjárþröng við, en á það hefur verið bent, að hægt sé að endurnýja fjárveitingu í sama skyni, ef fé er fyrir hendi. Í upphafi l. frá 10. marz 1944 segir: „Fé það, sem veitt er úr Framkvæmdasjóði ríkisins til smíða fiskiskipa“ o. s. frv. Þetta fé verður áfram starfandi í sama skyni. Og ég geri ráð fyrir því, að þessi n. eða eftirn. hennar, ef þessi n. skyldi hrökklast frá, hafi þetta fé til umráða, og þess vegna er þetta ekki frambærileg ástæða.

Forseti (BÁ): Það horfir ekki vænlega um afgr. þessa máls, og þess vegna vildi ég, áður en lengra er gengið, taka fyrir mál, sem ég hygg, að ekki verði miklar umr. um. Það er 12. dagskrármálið.

Umr. frestað.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till.

Garðar Þorsteinsson: Þessi till. gengur út á það, að Alþ. lýsi yfir skilningi sínum á l. nr. 9 frá 1944, sem eru um stuðning við fiskiskip. Það er rétt hjá hv. þm. Barð., að þál. geta ekki breytt l., en þm. hafa þó fullan rétt til og Alþ. að lýsa yfir ákveðnum skilningi á l., sem sameinað Alþ. hefur látið frá sér fara. Það hefur komið fram, að þessi till. er borin fram af illri nauðsyn. Það hefur upplýstst, að n., sem hafði með þetta mál að gera, hefur lýst því yfir, að hún vildi ekki skilja l. þannig, að styrkur væri veittur til opinna vélbáta, og hv. þm. Barð. hefur sagt, að hann gæti ekki skilið l. á þann veg.

En ég vil benda á það, að þessi l. hafa jafnt gengið út yfir báta og skip, og ég veit ekki til, að þessi l. eða önnur hafi takmarkað báta og skip við neina sérstaka stærð. Að vísu er ákveðið í l., t. d. með þinglýsingu, hve stórir bátar þurfi að vera til þess, að þeir færist sem fasteign. En það, sem er aðalatriðið frá bæjardyrum hv. þm. Barð., er, að það sé rangt að styðja byggingu þessara báta.

Þess vegna er það ekki að ástæðulausu, að Alþ. láti í ljós skilning sinn á því, hvernig beri að skilja þessi l. Öllum er ljóst, að það er ekki lítils virði fyrir útgerðarmenn þessa lands, að bátarnir njóti styrks, sem er óafturkræfur. Ég vil ekki sem umboðsmaður útgerðarmanna, sem stunda veiðar á litlum bátum, vinna að því, að ein n. taki sér það vald að skilja l. eftir því, sem henni þóknast. Það er þess vegna mjög nauðsynlegt, að þetta mál nái fram að ganga, og hefði þá sú n., sem úthlutar þessum styrkjum, fulla vissu um það, hvaða skilning Alþ. hefur á þessum l. Hv. þm. Barð. var að tala um framtöl. Hann sagði, að það yrði að senda betri rekstraryfirlit og taldi, að þau væru óheppileg vegna þess að í þeim kæmi margt fram, sem ekki kæmi

rekstri bátanna við. Þetta er út af fyrir sig rétt. En ég vil benda hv. þm. á 10. gr. l. Þar segir svo:

„Þeir, sem njóta styrks eða lána samkv. lögum þessum, skulu skyldir að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té reikninga yfir rekstur skipanna í því formi, er reikningaskrifstofan ákveður."

Ég er þess fullviss, að þegar Alþ. fól mþn. að veita þetta fé, þá hefur það ætlazt til, að allir nytu þar sama réttar, og ég vil ekki una því, að ein nefnd taki sér slíkt vald að veita þetta fé eftir eigin geðþótta.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég var á mælendaskrá síðast, en mér virðist þetta mál ekki það flókið, að þörf sé að ræða það frekar. Auk þess er búið að taka það fram, sem ég vildi segja. Ég vil einungis undirstrika það, að lögin innifela opna vélbáta, og ég vænti, að hæstv. forseti sjái svo um, að þingviljinn viðvíkjandi þessu máli komi fram.

Viðvíkjandi því, sem hv. 6. landsk. þm. sagði í gær, að féð væri ekki nægilega mikið og þess vegna yrðu opnir vélbátar að sitja á hakanum, þá er það ekki rétt, að hér sé lítið fé fyrir hendi. Það kom fram, að það er fé eftir, og nú verður veitt meira fé, og nemur það alls nokkrum milljónum.

Skal ég svo ekki lengja þessar umr. meir.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Ég álít, að hér sé um að ræða principmál, og það sé rétt, að Alþ. geri sér ljóst, að hverju það ætlar að stefna í þessu efni og hvaða stærð á fiskiflotanum er heppilegust og hagkvæmust þjóðarheildinni. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að tryggja það, að hver maður fái vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur og þau tæki, sem aflað verður, verði afkastameiri en þau, sem áður voru notuð. Það á að tryggja sjómönnunum betri kjör en þeir höfðu fyrir styrjöldina. Skilyrðin fyrir þessu eru þau, að afköstin verði meiri en þau voru, og það hlýtur að verða hið fyrsta, sem Alþ. gerir, að stefna að auknum afköstum. Og nú er spursmálið: Hvað vill Alþ. gera til þess, að afköst hvers fiskimanns verði meiri — og það miklu meiri — en þau hafa verið? Út frá því sjónarmiði á að athuga þetta mál.

Árið 1900 eru 10 þús. manns starfandi á fiskiflotanum, og meðalafli á mann á ári er um 3½ tonn. Nú munu vera um 6 þús. manns á fiskiflotanum, en meðalafli á mann af síld og þorski mun vera 70—80 tonn.

Þetta liggur í hinni stórfelldu vélabyltingu, sem átt hefur sér stað í þessum atvinnuvegi. Þetta ætti öllum hv. þm. að vera vitanlegt.

Nú er spurningin: Ættum við nú að nema staðar, eða eigum við að halda áfram að bæta flotann? Eigum við að fá stærri og betri skip, eða eigum við að minnka flotann, — jafnvel gera ráð fyrir því að byggja opna smábáta?

Ég er ekkert undrandi á því, að form. þingfl. Framsfl. er hér flm. að till., sem miðar aftur á bak í þessum efnum. Það er eðlileg pólitík framsóknarmanna í sjávarútvegsmálum. Þeir hafa alltaf viljað hindra þróun sjávarútvegsins og einatt hamrað á því að lækka kaup þeirra, sem að honum vinna.

En það er á móti anda þeirra laga, sem um þetta voru sett, að veita milljónir króna til byggingar trillubáta, og það er á móti stefnu ríkisstjórnarinnar. En það er í samræmi við þann fjandskap, sem Framsfl. hefur alltaf sýnt sjávarútveginum. Það er augljóst, að sjómenn yfirleitt eru þessa ekki fýsandi, þeir vilja auðvitað róa á þeim bátum, sem gefa mest af sér, og vilji þeir eignast hlut í bát, þá vilja þeir að sjálfsögðu þann bátinn, sem beztur er.

Hvernig ætli hafi staðið á því, að árið 1900 réru 7000 manns á árabátum? Það var af því, að þá höfðu menn hvorki efni né þekkingu til að eignast og starfrækja stærri báta. Og hvers vegna fóru menn að nota trillubátana? Þeir voru kreppufyrirbrigði, sem stafaði af því, að menn höfðu ekki efni á að afla sér stærri báta.

Nú vill hv. 2. þm. S-M. slá því föstu, að þessu kreppufyrirbrigði skuli haldið við, og vill neyða þá nefnd, sem hefur kynnt sér þessi mál, til að breyta um stefnu og halda við því fyrirkomulagi, sem skapaðist af fátækt, neyð og kreppu, en fyrirbyggja það, að sjómenn geti eignazt stærri og betri báta. Ég hef undanfarið átt tal við þá menn, sem vilja byggja báta, og það er ekki einn einasti, sem vill trillubáta, og þeir, sem hafa hugsað sér að láta byggja 25 tonna báta, eru yfirleitt horfnir að því að hafa þá stærri, og þetta eru menn frá stöðum, sem voru að veslast upp úr eymd í stjórnartíð framsóknarmanna. Þeir vita, að stóru bátarnir gefa meira í aðra hönd og það er hægt að nota þá til allra tegunda fiskveiða. Og þeir láta sér ekki detta í hug opna vélbáta. En á sama tíma kemur fram hér á Alþ. till., sem miðar að því að stefna allri þróun í þessum málum aftur á bak og knýja þær opinberu n., sem hafa kynnt sér, hvað er heppilegast, og eiga að sjá um útvegun tækjanna, til að verja svo og svo miklu fé til kaupa á opnum vélbátum, þótt þær ástæður, sem neyddu menn til að byggja þessa báta, séu ekki lengur fyrir hendi.

Frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar er það skylda að láta byggja stóra báta. Nú kunna einhverjir að segja: Er ekki svo mikið fé til, að það munar ekki miklu, þótt þeir, sem vilja litlu bátana, fái þá? Það er ekki svo mikið fé til, að það megi skipta því þannig. Áhuginn er svo mikill fyrir að fá stóra báta, að það fé, sem til er, hrekkur ekki. Og þeir styrkir, sem hafa verið veittir, mökkva skammt til að láta byggja 200—250 tonna skip, að ég ekki nefni togaraflotann.

Ég er ekki nærri búinn, en er fús til að fresta því, sem eftir er, þangað til síðar. (Frh.).

Forseti (GSv): Eins og hv. ræðumaður hefur oft verið minntur á, er nú komið langt fram yfir venjulegan fundartíma, og verður hann að flytja seinni hluta ræðu sinnar síðar.

Verður nú fundi frestað, þangað til kl. 6, en þá hefst aftur fundur í Sþ. með frh. þessarar umr. — [Fundarhlé.]

Einar Olgeirsson (frh.): Í fyrri hluta ræðu minnar benti ég á, hve miklu meiri afli fæst á hvern háseta á stærri bátunum en þeim smærri. Á vélbátum, sem ná upp undir 35 tonn, eru afköst á mann nokkurn veginn tvöföld á við það, sem er á opnu bátunum.

Með þessari þáltill. á að breyta eldri skilningi á l. um stuðning til nýbyggingar fiskiskipa. Það er undarleg aðferð að reyna þannig að breyta raunverulegum lagaákvæðum, en gera þó ekki formlega lagabreytingu, og það er ljóst, að þáltill. stríðir algerlega gegn anda laganna. Þál. breytir ekki lögum. Í 7. gr. l. er alveg skýlaust, að átt er við stuðning stærri skipa en í þáltill., enda vissu allir, að gengið var út frá því. Og skyldu þau skip gerð eftir teikningum, sem atvmrn. samþykkti, en um opna báta mundi það varla þannig skorðað. Í 5. gr. kemur einnig í ljós, að alltaf er í l. gengið út frá stærri fiskiskipum. Tilgangurinn var, að sem allra flestir sjómenn okkar gætu fengið 50—80 tonna skip. Hitt er annað mál, að styðja þarf fiskimenn á einstöku hafnleysustöðum, þar sem ekki er hægt að hafa þessa skipastærð, til þess að koma upp smærri bátum og þ. á m. trillubátum. En því var yfir lýst, að þeim stæði opið að fá lán úr fiskveiðasjóði. Það er því alger þarfleysa að samþ. þáltill. Og hún er andstæð l., andstæð þingviljanum, eins og hann var, þegar l. voru sett, andstæð þróuninni í útvegsmálum okkar, — hverjum er þá hjálp í því að samþ. hana?

Ef till. þykir samt sem áður einhvers verð, þarf að minnsta kosti að athuga hana í n., og legg ég til fyrir mitt leyti, að henni verði vísað til allsh.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður. En það eru í fyrsta lagi fjögur atriði, sem ég verð að mótmæla.

Hv. 2. þm. Eyf. sagði, að till. væri borin fram af illri nauðsyn. Í rauninni er málið flutt inn í þ. fyrir einskæran misskilning á málinu í heild. Þegar rætt var í n., hvort veita ætti lán til opinna vélbáta, gátu 4 nm. ekki fengið þann skilning inn í l., að til þess væri ætlazt. Þá hélt n. fund með framkvæmdastjóra fiskveiðasjóðs, og fékkst það samkomulag, að hann tæki að sér að fullnægja þessari þörf með lánum úr lánadeild sjóðsins, sem lánar e. t. v. með nokkru hagkvæmari kjörum fyrir smábátaeigendur. Lánin eru afborganalaus fyrstu 5 árin, veitt til 10 ára. En úr þessum sjóði, sem hér er deilt um, er ekki hægt að veita lán, nema fá fyrstu afborgun strax árið eftir. Þetta gerir þann mun, að þrátt fyrir nokkru erfiðari vaxtakjör verða lánin úr fiskveiðasjóði smábátaeigendum mun hentugri en hin. N. hefur því alveg leyst þetta spursmál, svo að hreinn óþarfi er að samþ. till. Þar með hef ég fullsvarað öllum ásökunum, sem hér hafa fallið til mín um fjandskap við smábátaútgerðina, enda mega menn vita, að þær ásakanir voru tilhæfulausar. Að öðru leyti mótmæli ég því, að ég hafi sagt nokkuð um það, hvort heppilegt væri að styðja smábátaútveginn á Íslandi eða ekki. Ég hef ekki gefið neina yfirlýsingu um það, eins og hv. 2. þm. Eyf. hélt fram. Ég skýrði aðeins frá skilyrðum n. Það var 7. þm. Reykv., sem gaf slíka yfirlýsingu, en hann gerði það ekki fyrir minn munn. Ég vil eindregið mótmæla því, að n. hafi úthlutað þessu fé af handahófi. Það undrar mig, að nokkur þm. skuli láta slíkt út úr sér, án þess að athuga, hvað hann er að segja. Það er hvorki meira né minna en það, að úthlutað hafi verið 5 millj. kr. af handahófi. Þetta eru stór orð. Og ég get ekki undir neinum kringumstæðum látið þeim ómótmælt. N. athugaði hverja beiðni rækilega, og engin beiðni var veitt, fyrr en hún hafði verið samþ. af Fiskifélagi Íslands. Og ef þetta fé hefur verið veitt af handahófi, þá ber einnig stjórn Fiskifélagsins ábyrgð á því, en í henni eiga sæti hv. þm. Borgf. og fyrri þm. S-M.

Þá vil ég leyfa mér að svara þeim ummælum hv. 7. þm. Reykv., þar sem hann bar á mig, að ég hefði brugðizt skyldu minni í n. Hv. þm. hefur þarna blandað saman tveim óskyldum málum og byggði á því alla ræðu sína. Ef hann hefði munað rétt, hefði hann getað sparað sér öll ummælin. Hann er að blanda saman umr., sem fóru fram, þegar fyrir lá frv. til l. um breyt. á l. um fiskveiðasjóð árið 1943. Þá voru veittar 2 millj. kr. í sérstakan sjóð við fiskveiðasjóð, en hann er styrktardeild við fiskveiðasjóð, síðan á ⅓ af öllu útflutningsgjaldi að renna í sjóðinn, meðan l. standa óbreytt. Mun það nema 1 millj. kr. á ári. Átök urðu um það hér á Alþ., hvort gefa ætti fé eða lána það. Ég er mótfallinn því, að fé sé gefið. Ég er ekki mótfallinn því af fjandskap við útgerðina. Það er skoðun mín, að miklu lengur sé hægt að hafa not af sjóðnum, ef lánað er út úr honum, því að þá kemur fé aftur inn í sjóðinn. Ef fé getur komið í sjóðinn, þá ætti það að koma úr þeim fyrirtækjum, sem það er lánað til. Ef fé er gefið, kemur það aldrei aftur. Um þetta urðu átök á Alþ. 1943. Þá varð að samkomulagi á þinginu, að látnar skyldu sem styrkir 2 millj. kr., en lán allt, sem kæmi inn í sjóðinn með útflutningsgjaldinu. Það er það fé, sem lánadeild fiskveiðasjóðs hefur upp á að hlaupa á hverjum tíma. Nú stendur í l., að styrkja eða lána beri til þessara báta. Og það er það, sem n. telur sig hafa haft heimild til að gera, þ. e. að ákveða, hvort veitt væri lán eða styrkur. Og hún hefur ákveðið með flestum atkvæðum, að fé væri ekki gefið, aðeins lánað. Ég skal viðurkenna, að þetta er mótfallið till. fiskveiðafél., sem vildi, að fé væri bæði lánað og veitt sem styrkur. Ég veit, að hv. þm. Borgf. og 7. þm. Reykv. hafa alltaf viljað, að þetta væri gjöf. Og ég gæti sagt hv. þm. Borgf., ef hann væri hér, að það er einungis vegna þess, að hann hefur haft aðstöðu til að nota fé til síns kjördæmis. Ég óska, að hann vildi leggja fram lista yfir þá menn, sem fengu gjafir 1943 úr þessum 2 millj. Það er ekki mikið fé, sem farið hefur út fyrir Faxaflóa. Ég man eftir öðru máli, l. um hafnarbótasjóð, sem hv. þm. barðist mjög fyrir, því að þau voru fyrir hagsmuni Akraness. En hv. þm. mun komast að raun um, að aðrir hafa réttara

fyrir sér en hann, ef ætlunin er, að sjóðurinn eigi að verða landinu til gagns um lengri tíma. Það er alveg óþarfi fyrir hann að segja, að ég vilji koma mér hjá því að bera þær skyldur, sem mér voru lagðar á herðar í n. Ég hef hagað mér í n. eins og ég sagði mínum flokksmönnum, að ég mundi gera, áður en ég var skipaður í hana. Og ég hef margboðizt til að víkja úr n. Ég álít það útveginum til miska, ef féð er gefið í staðinn fyrir lánað. En það er munur fyrir einstaka menn að fá féð gefið eða lánað.

Ég tel, að málið breytist lítið, hvort sem till. er samþ. eða ekki. Það er búið að veita öllu fé úr sjóðnum nú. Ég veit ekki um það, hvort n. kann að fá meira fé. Það er ákveðið í fjárl., að verja skuli til fiskiskipastóls landsmanna 5 millj. kr. 1945. En þess ber að gæta, að ekki er víst, að n. fái þetta fé til úthlutunar, og ekki er víst, að féð verði fyrir hendi, nema ef lán er tekið til að uppfylla skilyrðið. Og það hefði verið miklu eðlilegra, að þessir hv. þm. hefðu komið með brtt. við það mál, látið þessar 5 millj. kr. ganga í styrki eða lán til smáútvegsins. Þetta er hugsanlegur möguleiki.

Ég vil svo að endingu leyfa mér að geta þess, að aðalrökin fyrir því, að n. treysti sér ekki til þess að lána eða styrkja trillubáta, eru þau, að þeir eru ekki eins vel veðhæfir og aðrir bátar. Þeir eru ekki skrásettir. Það er hægt að flytja þá til, án þess að nokkur maður viti, hvert þeir fara, eins og húsgögn.

Ég vil lýsa yfir því fyrir mína hönd, að ég mun ekki breyta afstöðu minni í n., hvort sem till. er samþ. eða ekki. Hún getur ekki lagt þær skyldur á herðar nm. að skilja l. öðruvísi en þeir eru menn til þess að skilja þau. Það er því sama, hvort till. er samþ. eða ekki.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til n. felld með 20:12 atkv.

Tillgr. samþ. með 20:10 atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 22:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HelgJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm, HarJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SB, SK, SÞ, SkG, SÁÓ, SvbH, BSt, EystJ, FJ, GÞ, GSv.

nei: JakM, KA, LJós, MJ, SigfS, STh, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, BG, BrB, EOl, GJ.

17 þm. (HermJ, JJ, LJóh, ÓTh, PM, SG, SEH, StgrA, ÁÁ, BÁ, BBen, EE, EmJ, GG, GÍG, GTh, HG) fjarstaddir.

4 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Jakob Möller: Ég tel það gersamlega þýðingarlaust, hvort till. er samþ. eða ekki af meiri hl. þm. N., sem um málið fjallar, fer að sjálfsögðu ekkert eftir þessu. Langeðlilegast er, að ríkisstjórnin úrskurði um þetta í samráði við n., og segi ég því nei.

Pétur Ottesen: Ég álít, að samþykkt þessarar till. sé nægileg áminning til þeirrar n., sem ætlaði að traðka á l., og að framkvæmdir verði gerðar samkv. l., þegar Alþ. er búið að lýsa yfir vilja sínum, og segi ég því já.

Sveinbjörn Högnason: Út af ummælum hv. 3. þm. Reykv., þá vil ég taka það fram, að ég treysti því, að enn þá ríki lýðræði í landinu og framkvæmd n. og ríkisstjórnar miðist við það. En samkv. því, er hv. þm. sagði, þegar hann gerði grein fyrir atkv. sínu, mátti álíta, að svo væri ekki. Ég treysti því, að framkvæmdarvaldið bæði í n. og ríkisstjórn fari eftir l., samþ. frá Alþ. Í trausti þess, að hér ríki ekki annað stjórnskipulag en lýðræði, segi ég já.

Gísli Jónsson: Ég vil lýsa yfir því, að það er búið að ganga svo frá því með fiskveiðasjóð, að viðkomandi aðilum er óhjákvæmilegt að fá lán annars staðar en úr þessari stofnun. Ég vil einnig nota tækifærið og mótmæla þeim óhróðri, sem hv. þm. Borgf. hefur borið á n. *(PO:* Hann er réttur).

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1279).

76. Hækkun framlags til nokkurra skóla.

Á deildafundum 26. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um hækkun framlags úr ríkissjóði til nokkurra skóla (A. 1230).

Á 97. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til fyrri umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Sþ., 28. febr., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Skúli Guðmundsson): Herra forseti. — Með þeirri till., sem ég flyt á þskj. 1230 ásamt hv. 8. þm. Reykv. og hv. þm. N-Ísf., er lagt til, að greidd verði úr ríkissjóði sú hækkun, sem verður á launum skólastjóra og kennara við húmæðra- og héraðsskóla við gildistöku l. um laun starfsmanna ríkisins. Enn fremur, að ríkissjóður greiði hluta þeirrar hækkunar, sem verður á launum við gagnfræðaskóla, þegar launal. ganga í gildi.

Það er sýnt, að þessir skólar geta ekki starfað áfram nema þeir fái á þennan hátt aukið framlag úr ríkissjóði. Það er þannig með héraðs- og húsmæðraskóla, að þeir hafa ákveðinn styrk úr ríkissjóði, sem er miðaður við nemendafjölda. Annan styrk hafa þeir ekki, nema lítilfjörleg skólagjöld, sem eru lögákveðin. Hins vegar mun mikil hækkun verða á launum starfsmannanna, þegar hin nýju launal. ganga í gildi, og það er ekki hægt fyrir þessa skóla að standa undir þeirri hækkun, nema þeir fái til þess stuðning.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta. Ég vonast til þess, að öllum þm. sé ljóst, hvað hér er á ferðinni, og mælist til þess við hæstv.

forseta, að hann strax að lokinni þessari umr. vísi málinu til síðari umr. og fjvn., í trausti þess, að n. afgr. það svo fljótt, að síðari umr. geti farið fram, áður en þinginu lýkur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv. og til fjvn. með 27 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 1230, n. 1268).

Frsm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Ég get látið nægja um þessa þáltill. fáein orð. Fjvn. hefur haft till. til athugunar og rætt efni hennar við hæstv. fjmrh. og hæstv. menntmrh., og þeir hafa tjáð sig till. samþykka, og fjvn. leggur til, að *þáltill.* verði *samþ. óbreytt.*

Það virðist vera alveg augljóst mál um þá skóla, sem till. fjallar um, að ekki verði hjá því komizt að bæta þeim upp að einhverju leyti þá launahækkun, sem þeir verða að greiða vegna samþykktar launal.

ATKVGR.

Till. *samþ. með 29 shlj. atkv. og afgr.* sem ályktun Alþingis (A. 1284).

---

77. Milliþinganefnd í stjórnarskrármálinu.

Á deildafundum 15. júní var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um framkvæmd á gagngerðri endurskoðun stjórnskipunarlaganna (A. 254).

Á 38. fundi í Sþ., 4. sept., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Herra forseti. — Þann 25. maí 1942 var kosin mþn. til að athuga um breyt. á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, sem gera þurfti til þess, að þeirri skipulagsbreyt. yrði komið í framkvæmd, að Ísland yrði lýðveldi. Þetta var gert í sambandi við breyt., sem þá var á ferðinni og var sérstaklega viðvíkjandi kjördæmaskipun landsins. Síðar á sama ári, eftir að stjórnarskrárbreyt. þessari, sem gerð var sérstaklega á kjördæmaskipuninni, hafði verið siglt í höfn, og einnig gerðar stjórnarskrárbreyt., sem gerðu að verkum, að hægt væri án nýrra kosninga að breyta stjórnarskránni á þá lund, að lýðveldi kæmi í stað konungsstjórnar, var endurskipulögð sú n., sem áður hafði verið kosin til þess að athuga stjórnarskrána, og bætt við hana þremur mönnum, þannig að hver þeirra stjórnmálaflokka, sem fulltrúa á á Alþingi, átti þar tvo menn. Þá fékk þessi n. aukið verkefni, það, að þegar lokið væri þeirri stjórnarskrárbreyt., sem óhjákvæmilega stóð í sambandi við stofnun lýðveldis á Íslandi, skyldi n. þessi taka til athugunar gagngerðar breyt. á stjórnarskrá landsins.

Þessi n. hefur nú lokið fyrri þætti starfs síns, *eins og hv. þingheimi er kunnugt,* þar sem nú þegar hefur náð fullu gildi stjórnarskrá lýðveldisins Íslands. Er þá eftir sá þáttur að athuga og endurskoða stjórnarskrána í heild.

Ég ætla, að það sé engum vafa bundið, að á því sé mikil þörf og nauðsyn að endurskoða stjórnarskrá Íslands, þó að á henni hafi verið gerðar allmiklar breyt. frá því, að hún var sett fyrir 70 árum. Stjórnarskráin frá 1874 var ekki sett með líkum hætti og stjórnarskrár fullvalda ríkja eru settar. Hún var ekki afgr. eftir frumkvæði Alþ. eða þjóðarinnar sjálfrar, heldur var hún gefin Íslendingum, eins og það var orðað, af konungi Dana, en samkvæmt grundvallarl. Dana frá 1871 taldist Ísland óaðskiljanlegur hluti Danaveldis, þó að Íslendingar vildu ekki við það fyrirmæli kannast eða teldu sig við það bundna. En þó að stjórnarskráin 1874 sé til komin með þeim hætti, að frjáls og fullvalda þjóð getur ekki við unað eða við búið, ef aðstaða fæst til að gera þar breyt. á, og þó að á þessum 70 árum, sem liðin eru, síðan konungur gaf Íslendingum *stjórnarskrána frá* 1874, hafi verið gerðar á henni nokkrar breyt., þá eru þær allar þess eðlis, að þær eru smávægilegar í sjálfu sér, þegar miðað er við heildarstjórnarskrána, þó að margar þeirra séu þýðingarmiklar fyrir íslenzkt þjóðlíf. Gerðar voru nauðsynlegar breyt., þegar ráðh. fluttist inn í landið 1904. Það var gerð breyt., þegar konum var veitt jafnrétti við karla 1915. Það var gerð breyt., eftir að *sambandslagasáttmálinn frá* 1918 öðlaðist gildi. Það var gerð stjórnarskrárbreyt. 1933—34 í sambandi við breyt. á kjördæmaskipuninni, og það var gerð stjórnarskrárbreyt. árið 1942, enn til breyt. á kjördæmaskipun landsins, og þá einnig á sama ári til þess að heimila þá miklu breyt. á stjórnarskrá Íslands án nýrra kosninga, að Ísland var gert að lýðveldi.

Allar þessar breyt. eiga það sameiginlegt, að hver þeirra var gerð út af fyrir sig og snerti eitt atriði tiltölulega takmarkað eins og kjördæmaskipun landsins, sem var knúin fram í sambandi við þá atburði, sem gerzt höfðu áður en stjórnarskipunarl. *komu* til framkvæmda. Á þessum 70 árum, sem liðin eru, frá því að okkur var gefin stjórnarskráin 1874, hefur því ekki farið fram nein allsherjar ýtarleg endurskoðun á stjórnarskránni, og mætti því ætla, að nú væri tími til þess kominn, eftir að það skipulag er á orðið, að Ísland er orðið lýðveldi, en stjórnarskrá okkar á í mörgum höfuðatriðum rætur sínar að rekja til erlends konungsvalds, *sem gaf okkur stjórnarskrána á sínum tíma.* Ég held því, að þær stjórnarskrárbreyt., sem gerð-

ar hafa verið á þessum 70 árum, þó að þær standi í sambandi við merkilega atburði í íslenzku stjórnmálalífi, hafi ekki raskað því, að hin gamla beinagrind frá 1874, sú beinagrind, sem átti rætur sínar að rekja til grundvallarl. dönsku sem fyrirmyndar að svo miklu leyti sem við átti, en þau áttu rætur sínar að rekja til stjórnarskráa annarra landa á meginlandi Evrópu, er nú æðimikið úrelt orðin. Ég held því, að ekki geti verið vafamál, að þær bætur, sem settar hafa verið á þetta gamla fat, sem er stjórnarskráin frá 1874, þurfi að athugast og sníða verði um stakkinn allan á ný.

Eins og ég drap á áðan, hafa sum ríki sínar stjórnarskrár um aldaraðir lítið breyttar í höfuðatriðunum. En þá eiga þær stjórnarskrár rætur sínar að rekja til ákvarðana fullvalda þjóða, sem sjálfar hafa sett sér stjórnarskrá, er þær stofnuðu sjálfstæð ríki eða voru að endurskipuleggja stjórnarfar sitt fullvalda á allan hátt. T. d. má benda á stjórnarskrá Bandaríkjanna, sem er í höfuðatriðunum jafngömul Bandaríkjunum. Sá er munurinn á henni og stjórnarskrá okkar frá 1874, að þeirra stjórnarskrá er sett af þjóðþingi þeirra með miklum undirbúningi og nákvæmri athugun sérfróðra manna, sem voru að mynda sitt merkilega nýja ríki í vesturálfu heims.

Við getum því slegið föstu, enda var því slegið föstu með samþykkt Alþingis 8. sept. 1942, að þörf sé á að láta fara fram gagngerða endurskoðun á stjórnarskránni.

Kem ég þá að því atriði, hvernig þessi endurskoðun verði bezt og hentuglegast framkvæmd, á þann hátt að hún gæti verið í sem beztu samræmi við þjóðarviljann og hag og óskir íslenzku þjóðarinnar sem sjálfstæðs lýðveldis og einnig að hún gæti komizt í framkvæmd svo fljótt sem mögu leikar frekast leyfa. Nú höfum við þar til átta manna n., skipaða tveimur þm. úr hverjum þingflokkanna. Vil ég sem einn af þessum áttmenningum sízt draga í efa, að n. sé vel skipuð svo langt sem hún nær. Þar er um að ræða menn, sem hafa mörg skilyrði til að koma fram með merkilegar breyt. og athuganir í sambandi við hina nýju stjórnarskrá. En það er víst, að ef á að ná því takmarki, sem ég held, að þjóðin vænti og óski eftir, að þessari endurskoðun verði hraðað sem allra mest, í öðru lagi, að ef þar eiga að koma til greina sem flest sjónarmið, og í þriðja lagi, að ef þar eiga að koma einnig til greina þær nýju stefnur og straumar, sem kunna að vera að brjóta um sig í heiminum, þar á meðal í okkar litla útskeri, þá er nauðsyn að athuga, hvort þessum tilgangi muni verða náð með starfi þessarar átta manna n., sem nú hefur málið með höndum.

Hvað snertir fyrsta atriðið, hraðann í endurskoðuninni, þá höfum við áttmenningarnir allir miklum störfum að gegna. Störf okkar verða vegna þingsetu og þeirra annarra skyldustarfa, sem hver okkar um sig hefur með höndum, á þann veg, að störfin í n. verða mjög mikið aukastörf. Hraðinn í endurskoðuninni verður því tæplega nógur með starfi þeirra 8 manna n., sem um þetta fjallar, jafnvel þótt n. muni leggja sig alla fram, eftir því sem aðstæður nm. leyfa.

Annað atriðið er það, hvort sem flest sjónarmið gætu komið til greina í átta manna n., sem nú hefur málið með höndum. Að vísu er það, að áttmenningarnir eru valdir af þeim fulltrúum þjóðarinnar, sem sæti eiga á Alþ., en það er áreiðanlegt, að þessir menn, sem sitja á Alþ., hafa ekki fyrst og fremst verið valdir með tilliti til þess, hvaða skoðun þeir hefðu á, hvernig ætti að búa þjóðinni ný stjórnskipunarl.

Í sambandi við skilnaðarmálið sjálft og þjóðaratkvæðagreiðslu stjórnarskrárinnar var rætt um það víða um land, að þjóðin vildi gjarnan verða með í ráðum um setningu hinna nýju stjórnskipunarl., en það gæti hún miklu síður, ef aðeins væri lagt fyrir hana frv., sem samþ. hefði verið á Alþ. Út frá því kom hugmynd, sem áreiðanlega hefur átt sér allmikið fylgi fyrr og síðar í öllum stjórnmálaflokkum, að saman yrði kallaður þjóðfundur til að setja þjóðinni ný stjórnskipunarl. Þessar óánægjuraddir í sambandi við lýðveldisstjórnarskrána sýndu, að þjóðin vildi beint eða óbeint meira höndum um fjalla þau stjórnskipunarl., sem setja átti síðar og átta manna nefndin hefur unnið að nú um nokkurt skeið.

Þegar þessa tvenns er gætt, nauðsynjarinnar á að framkvæma þetta sem fyrst og í öðru lagi nauðsynjarinnar á því, að sem flest sjónarmið á vilja þjóðarinnar geti komið til álita, þá held ég, að því verði ekki fullkomlega fullnægt með hinu ágæta starfi átta manna n., heldur þurfi þar við að bæta, ef vel á að fara.

Þess vegna höfum við fulltrúar Alþfl. á Alþ. flutt þáltill. þá, sem fyrir liggur á þskj. 254. Við gerum ekki ráð fyrir, að átta manna n. hætti þar með því starfi, sem hún á að vinna samkvæmt ákvörðunum Alþ., heldur verði bætt við vissum fjölda manna með hliðsjón af því, sem rætt er um í till. og nánar er gerð grein fyrir í grg. Í niðurlagi l. málsgr. till. stendur, að menn þessir skuli valdir með hliðsjón af þekkingu þeirra á stjórnskipunarfræði og þekkingu þeirra á l., þörfum og óskum sem flestra í landinu. Ég vil benda á, að orðið „lögum“ er prentvilla, þar á að standa „högum“, eins og sést, þegar grg. er lesin með athygli. Út frá þessari hugsun álítum við nauðsynlegt að bæta við allálitlegum hópi manna til samstarfs við átta manna n.

Þá kom til álita, hvernig ætti að velja þessa menn. Var þar komið að atriði, sem er mjög vandasamt, því að það hlýtur að vera mikill vandi að velja þessa menn svo, að settum tilgangi verði náð. Eftir ýtarlegar athuganir var hnigið að því ráði að leggja til, að þessir 10 menn væru tilnefndir af hæstarétti, og er nokkru nánari grein gerð fyrir því í grg. Þar er m. a. bent á, að þegar velja á óvilhalla og hæfa menn, þá er samkvæmt almennum reglum landslaga ekki hvað sízt snúið sér til dómstólanna, og þegar mest á ríður í dómsúrskurðum, mati eða álitsgerð, þá er hæstiréttur fenginn til að tilnefna mennina. Hæstiréttur ætti því að

vera allra aðila bezt fær um að velja óvilhalla menn og fullnægja tilgangi okkar.

Eins og vikið er að í grg., datt okkur í hug, að ástæða gæti verið til, að heildarsamtök ýmis í landinu ættu fulltrúa í n. En við athugun á því máli *sáum við fram á, að samtök þessi voru svo mörg og* svo örðugt að gera upp á milli þeirra eða ákveða um fulltrúafjöldann, er þau skyldu velja, að málið yrði mjög vandmeðfarið, og hurfum við frá þessu. En að sjálfsögðu erum við tilbúnir að ræða um þetta við aðra þm. og flokka, ef leið fyndist til að skipa þessu á æskilegri hátt en í þáltill.

Rétt áður en þingið var nú kallað til funda að nýju, fór forseti Sþ. (GSv) fram á það við 8 manna nefndina, að hún tæki til starfa með eins miklum hraða og unnt væri. En í 8 manna n. varð það ofan á, að um störf hennar væri enga áætlun hægt að gera, fyrr en séð væri, hvernig Alþingi tæki þáltill. þeirri, sem hér liggur fyrir. Þess vegna væri æskilegt, að allshn. Sþ., sem ég vænti að fái till. til meðferðar að lokinni umr., afgreiddi hana mjög fljótlega. Þingið mun standa alllengi, þar sem það þarf að afgreiða fjárl. og ýmis vandasöm mál. Þess *er varla að vænta, að þm., sem í 8 manna n. eru,* geti samfara þingstörfum og mörgu, sem þeir eru bundnir utan hjá, lagt mikla vinnu í þetta verk um þingtímann. Þess vegna er brýn þörf á auknum starfskröftum í n., og höfuðtilgangur okkar er að koma með því stjórnarskránni eins fljótt og vel áleiðis og unnt er, — stuðla að því, að við fáum hana sem fullkomnasta. Ég vænti þess, að till. verði tekið með réttsýni og skilningi. Ég legg til, að henni verði vísað til allshn. Sþ. að lokinni umr.

Forseti (GSv): Hv. 1. flm. benti á allshn., en ég vildi minna á, að leyfilegt væri einnig að vísa til stjórnarskrárnefndar Sþ., þó að hinu upphaflega verkefni hennar sé lokið. Kemur því til álita í umr., til hvorrar n. vísa skuli.

Umr. frestað.

Á 39. fundi í Sþ., 6. sept., var fram haldið fyrri umr. um till.

Bjarni Benediktsson: Tilgangur þessarar till. er sá að tryggja betur en ella, að sú endurskoðun, sem fram á að fara á stjórnarskrá lýðveldisins, verði að gagni og í samræmi við óskir almennings í landinu. En mér virðist nokkur vafi á, að slíkum tilgangi verði náð með þeim hætti, sem till. gerir ráð fyrir. Og ég tel það sérstaklega mjög miklum vafa undirorpið, hvort hæstiréttur er til þess hæfari en Alþingi eða þá einhver almenningssamtök að tilnefna menn í slíka n., sem hér er ráð fyrir gert. Mér *sýnist sannast að segja, að af öllum stofnunum í* landinu sé hæstiréttur einna ólíklegasta stofnunin til þess að fela slíkt vald, sem till. gerir ráð fyrir. Af því mundi leiða óhjákvæmilega, að hæstiréttur yrði dreginn inn í deilur manna og ósamkomulag ýmiss konar, venjuleg starfsemi hans yrði trufluð og hann gerður tortryggilegur um skör fram, ef að líkum lætur um það, hvernig venjulegum stjórnarráðstöfunum er nú tekið hér á landi. Ég hef líka skilið það svo, að fyrir tillögumönnum væri það engan veginn neitt höfuðatriði, með hverjum hætti þessi aukna trygging fyrir happasælli endurskoðun stjskr. yrði fengin. Þeir bentu einungis á eina leið, en létu *standa opið að taka til athugunar,* hvort aðrar leiðir gætu ekki verið jafngóðar eða þá ef til vill enn þá heppilegri. Slíkar leiðir gætu verið annaðhvort að fela eða heimila einhverjum almenningssamtökum beinlínis að tilnefna menn í stjskrn., eða þá að heimila þeim að koma fram sem ráðgefandi aðili gagnvart n. Þessar tvær leiðir eru fyrir hendi. Mér sýnist sem þær báðar mundu verða heppilegri heldur en sú leið, sem hér er stungið upp á, og virðist mér þó vert að athuga þá leið í sambandi við aðrar leiðir, sem mönnum kynnu að koma í hug.

Mér sýnist því eðlilegast, að málinu yrði að svo *stöddu vísað í n. Þar sem hér er um að ræða sam*einað þing og á þessu þingi er enn þá starfandi n., sem að vissu leyti fjallaði um stjskr.málið, bæði til tekna hluta þess og í heild á fyrri hl. þings, sem sagt skilnaðarn., sem um leið var samvinnunefnd stjskrn. beggja deilda, þá vildi ég gera það að till. minni, að þáltill. yrði vísað til þessarar n. til íhugunar, og þar yrði reynt að leita að, með hverjum hætti samkomulag gæti orðið um, að betri árangur mætti verða af starfi mþn. heldur en a. m. k. tillögumenn telja nú líkur fyrir, samkv. skipun n. óbreyttrar.

Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Það eru aðeins örfá orð út af ræðu hv. 6. þm. Reykv. og sérstaklega því, sem fram hefur komið um athugun á till. í n. Ég sé í raun og veru ekki ástæðu til að fara út í þær hugleiðingar hv. 6. þm. Reykv., sem hann lét almennt falla um það, að hann teldi hæstarétt *ólíklegustu stofnunina til að tilnefna hæfa menn* til að starfa í slíkri n. eins og stjskrn. Og mér kom það dálítið einkennilega fyrir sjónir, að slíkt skyldi frá honum koma sem gömlum varadómara í hæstarétti, sem mjög gott skyn ber á þessi efni. Og ég ætla, að þegar á að tilnefna hæfa og óvilhalla menn, þá höfum við vart aðra stofnun í þjóðfélaginu, sem eigi betur að treysta í því efni heldur en einmitt hæstarétt. En eins og hv. þm. réttilega tók fram, þá er vikið að því í grg. okkar flm., að við værum reiðubúnir að athuga aðrar till., sem fram kynnu að koma um skipun n., og sé ég því ekki ástæðu til að ræða það frekar á þessu stigi.

En út af því, sem fram hefur komið *um athugun* á till. í n., verð ég að segja, að mér finnst varla geta komið til mála að vísa þessari till. til skilnaðarn. Að sjálfsögðu ekki til stjskrn., því að þær eru tvær og deildanefndir, en hér er um að ræða mál Sþ. Skilnaðarn. var að vísu skipuð sömu mönnum og deildan. um stjskr.málið, sem að gömlum sið unnu saman við athugun málsins. En þó að skilnaðarn. sé n. í Sþ., er hún skipuð í þeim eina tilgangi, eins og nafnið bendir beinlínis til, að athuga fram komnar till. um skilnað Íslands og Danmerkur. Og ég sé ekki, að þetta mál eigi þar heima undir nokkrum kringumstæðum, þó að sú

n. sé prýðilega vel skipuð. Vil ég fyrir mitt leyti halda mig við þá till., sem ég gat um í framsöguræðu minni, að till. verði vísað til allshn. Sþ. Ég ætla, að hún sé þannig skipuð, að henni sé fullkomlega treystandi til að fjalla um þetta mál. En mér finnst alveg óformlegt og óeðlilegt að vísa málinu til. n., sem kosin var í annað sérstakt mál og hefur nú þegar lokið þessum takmörkuðu störfum. Mér virðist ekki nema tvennt til: Ef menn treysta ekki allshn. Sþ., þá að kjósa nýja n. Ég álít þess ekki þörf. En ég get ekki fallizt á að vísa málinu til skilnaðarn., svo ankannalegt sem mér finnst það og óeðlilegt að formi og efni til.

Bjarni Benediktsson: Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forseta, hvort frá formsins sjónarmiði sé á nokkurn hátt varhugavert að vísa þessu máli til skilnaðarn. Ef svo yrði talið, dettur mér ekki í hug að halda fast við þá till. En ég hef litið svo til, að það sé í alla staði heimilt. Ég mun að sjálfsögðu lúta úrskurði hæstv. forseta og beinlínis afturkalla mína till., ef hann teldi nokkuð varhugavert við þetta frá formsins sjónarmiði. Hins vegar sýnist mér þetta mál í beinu framhaldi af þeim störfum, sem þeir sömu menn, sem skilnaðarn. skipuðu, höfðu með höndum á fyrri hluta þessa þings. Og ég vil vekja athygli á því, að einmitt þeir, sem skilnaðarn. skipa, höfðu stjskr. til rækilegrar meðferðar, íhuguðu ýmsa kafla hennar og þá ekki síst þá, sem sérstaklega eru nú líklegir til að koma til nýrrar endurskoðunar. Þess vegna má telja, að þeir menn séu manna líklegastir til að gera sér skynsamlega grein fyrir, með hverjum hætti endurskoðun stjskr. yrði bezt fyrir komið. Annars getur þetta ekki verið neinum manni kappsmál. En ég stend þó við mína till., nema hæstv. forseti telji hana ekki formlega.

Varðandi aths. hv. flm. um það, að hann undraðist mjög, að ég skyldi telja hæstarétt einna sízta stofnun í landinu til að taka slíka ákvörðun sem í till. er ráðgert, þá er það að vísu rétt, að ef ætlunin væri sú ein að tilnefna óhlutdræga menn og hæfa í þetta starf, þá mætti vel fá hæstarétti þetta. En ég hélt nú um svo — já, æfðan stjórnmálamann, eða er það ekki það, sem það er kallað? — *(EystJ:* Leikinn!) já, leikinn stjórnmálamann eins og hv. flm. till., að þá vissi hann, að af pólitískum atriðum er ekkert pólitískara til heldur en það, hvernig stjskr. ríkisins eigi að verða fyrir komið. Þetta gildir þá einnig um þá endurskoðun á stjskr., sem fyrir höndum stendur. Og þess vegna er hæstiréttur beinlínis dreginn inn í hinar pólitískustu deilur, sem unnt er, með því að fela honum það vald, sem í till. er ráðgert. Ég hef álitið, að að því bæri að keppa að halda hæstarétti — eins og tekizt hefur á síðari árum — sem mest utan við stjórnmáladeilurnar, í staðinn fyrir að draga hann inn í miðdepil þeirra, þar sem ætla má, að þær verði harðastar, og þar sem mest er undir komið, hverjar ákvarðanir teknar verða. Því megum við ekki blekkja okkur á, að ekkert atriði hefur meiri þýðingu fyrir stjórnmál landsins og verður umdeilanlegra heldur en einmitt það, hvernig stjórnarskipuninni er sjálfri fyrir komið.

Forseti (GSv): Ég skal þegar víkja að þeim orðum, sem hv. 6. þm. Reykv. beindi til forseta, um álit á fram kominni till. að forminu til, um að skipa n. í málið eða vísa til n. Hv. 4. þm. Reykv. bar fram í sinni frumræðu þá till., að þessari till. yrði vísað til allshn. Nú hefur komið fram brtt. við hina till. frá hv. 6. þm. Reykv., að máli þessu verði vísað til n. þeirrar í Sþ., sem á öndverðu þingi var skipuð til að fjalla um sambandsslit við Danmörku.

Það er nýlegt til að vitna í, að í hv. Nd. var málinu vísað til hv. stjórnarskrárn. þeirrar d., sem skipuð var til að athuga lýðveldisstjórnarskrána. Að formi til er því ekki neitt því til fyrirstöðu, að slíkri n. sem þessari sé falið að fjalla um þetta mál.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. — Það var aðeins eitt atriði, sem ég vildi taka fram. Það er sjálfsagt, að þetta mál fari til n. og verði þar ýtarlega athugað, en ég sé ekki ástæðu til að viðhafa umr. um, til hvaða n. málið eigi að fara. Þó finnst mér eðlilegt að koma því þannig fyrir, að skilnaðarn., sem kosin var í sumar, fjalli ekki um fleiri mál en þau, sem hún nú hefur með höndum, því að hún var kosin til þess, og yrði þá þessu máli vísað til allshn. eða sérstök n. kosin til að athuga, hvernig framkvæma skuli gagngerða endurskoðun. Mér finnst eðlilegt, að ekki verði fleiru vísað til skilnaðarn. Hún er nú með sitt starf.

ATKVGR.

Till. vísað til skilnaðarn. með 21:16 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IngJ, JakM, JPálm, JS, KA, LJóh, ÓTh, SigfS, SB, SG, SK, STh, StgrA, ÞÞ, ÁkJ, BBen. BrB, EOl, EE, GÞ, GSv.

nei: HelgJ, HermJ, IngP, JörB, PZ, PÞ, SÞ, SkG, StJSt, BG, BÁ, EmJ, EystJ, FJ, GJ, GÍG.

BSt greiddi ekki atkv.

14 þm. (GTh, HG, JJós, JJ, LJós, MJ, PHerm. PM, PO, SEH, SvbH, ÞG, ÁÁ, GG) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Á 97. fundi í Sþ., 26. febr., var till. tekin til frh. fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 98. fundi í Sþ., 28. febr., var enn fram haldið fyrri umr. um till. (A. 254, n. 1186 og 1237).

Frsm. meiri hl. (Haraldur Guðmundsson): Herra forseti. — Síðan þessi till. á þskj. 254 var fram borin, hafa ýmsir atburðir gerzt, og eins og hv. þm. öllum er kunnugt, hafa síðan orðið stjórnarskipti. Og í stefnuyfirlýsingu hæstv. núv. ríkisstj., sem gerð er af flokkum þeim, sem að henni standa, er fram tekið það, sem ég nú skal lesa með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin hefur ákveðið, að hafin verði nú þegar endurskoðun stjórnarskrárinnar, með það m. a. fyrir augum, að sett verði ótvíræð ákvæði um

réttindi allra þegna þjóðfélagsins til atvinnu eða þess framfæris, sem tryggingarlöggjöfin ákveður, félagslegs öryggis, almennrar menntunar og jafns kosningaréttar.

Auk þess verði sett þar skýr fyrirmæli um verndun og eflingu lýðræðisins og um varnir gegn þeim öflum, sem vilja vinna gegn því. Endurskoðun þessari verði lokið svo fljótt, að frumvarpið verði lagt fyrir Alþingi áður en kosningar fara fram og eigi síðar en síðari hluta næsta vetrar, og leggur stjórnin og flokkar þeir, er að henni standa, kapp á, að frumvarp þetta verði endursamþykkt á Alþingi að afloknum kosningum.

Stjórnin beitir sér fyrir, að sett verði nefnd, skipuð fulltrúum frá ýmsum almennum samtökum, stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar."

Eins og hv. þm. mega greina af þessum upplestri, þá er megnið af efnismálsgr. þáltill. tekið upp í stefnuskrá hæstv. ríkisstj. Og sú brtt., sem meiri hl. skilnaðarn. flytur á þskj. 1186, er til framkvæmda á þessu samkomulagsatriði. En þar, í brtt., er lagt til, að Alþ. ályktí að fela ríkisstj. að skipa tólf manna n., þrjá eftir tilnefningu hvers þingflokks, sem verði mþn. í stjórnarskrármálinu til aðstoðar og ráðgjafar.

Ég skal geta þess, að gengið er út frá því, að flokkarnir gæti þess við tilnefningu í n. að haga tilnefningunni þannig, að sem flest sjónarmið eigi sinn málsvara í n. Enn fremur er lagt til í brtt., að stjskrn. sé heimilað með samþykki ríkisstj. að ráða sérfróðan mann til öflunar gagna og undirbúnings málsins. Það þykir sýnt, að til þess að svo verði vandað til þessara vinnubragða sem nauðsyn er, verði óhjákvæmilegt að ráða mann til þess að afla gagna og kynna sér stjórnarskrárákvæði annarra ríkja og þær stefnur, sem helzt eru uppi um það, hversu tryggja skuli réttindi einstaklingsins í þjóðfélaginu og rétt þjóðfélagsheildarinnar í sjálfri stjskr. — Með tilvísun til þessa er það, að meiri hl. n. leggur til, að brtt. á þskj. 1186 verði samþ. í stað þeirrar orðunar, sem er á henni á þskj. 254.

Frsm. minni hl. (Sveinbjörn Högnason): Herra forseti. — Hv. frsm. meiri hl. n. hefur nú lýst að nokkru meðferð þessa máls í skilnaðarn., og tel ég ekki ástæðu til að fara um það fleiri orðum.

Eins og till. var upphaflega um þetta mál, fer hún fyrst fram á, að bætt sé í mþn. um endurskoðun stjórnskipunarl. 10 mönnum. Meiri hl. skilnaðarn. hefur hins vegar komið fram með brtt. við þetta, sem hann ber nú fram hér á hæstv. Alþ., um að þessu verði breytt þann veg, að skipuð verði nú n. til endurskoðunar stjórnskipunarl. eða réttara sagt til aðstoðar og ráðgjafar við þá endurskoðun.

Við, sem skipum minni hl. n., höfum skilað áliti á þskj. 1237, þar sem við getum á það fallizt, að eitthvað verði fjölgað í þeirri n., sem nú situr, sem er skipuð 8 mönnum og hafði áður til meðferðar þá stjórnlagabreyt., sem framkvæmd var, og er þannig skipuð, að tveir menn eru tilnefndir af hverjum flokki. Þó að við teljum það ekki mjög nauðsynlegt, að í n. verði fjölgað, getum við á það sjónarmið fallizt hjá hv. flm. þáltill., að það margra sjónarmiða sé að gæta í þessu sambandi, að ekki sé óeðlilegt, þó að lítilsháttar væri fjölgað í þessari n. Höfum við því lagt til, að fjórum mönnum verði bætt við í n., þannig að einn sé tilnefndur af hverjum þingfl. Hins vegar álítum við það síður en svo til bóta, að skipuð sé önnur n., fjölmenn n., við hliðina á þeirri fjölmennu n., sem fyrir er, til þess að hafa með höndum endurskoðun á hinu sama máli. Og það mun vera algert einsdæmi, að tvær mþn. séu skipaðar til þess að hafa til meðferðar undirbúning á hinu sama máli, og það svo fjölmennar mþn. eins og hér er farið fram á, að önnur sé skipuð átta mönnum og hin tólf mönnum, eða báðar tuttugu mönnum samtals. Það er vitanlegt, að þetta getur ekki orðið til þess að bæta vinnubrögð í n., að þarna séu skipaðir tveir aðilar, sem eigi að framkvæma þessa endurskoðun, og getur það vitanlega valdið margvíslegum árekstrum. Væri skömm skárra að hafa þetta eina n. og þá svo fjölmenna sem hér er farið fram á, þannig að samstarf gæti verið milli allra þessara manna í n., sem eiga að framkvæma hið sama verk, heldur en að skipa mönnum þessum í tvær deildir til þess að framkvæma þetta. Það hefur hingað til þótt mjög til tafar að hafa n. fjölmennari heldur en nauðsyn ber til. Og vitanlega er þó miklu fráleitara að skipa þeim í tvær n., sem mætti hugsa sér, að væru settar svo að segja hvor annarri til höfuðs í þessum efnum. — Ef það væri vegna þess, að þeirri skipun, sem nú er á mþn. til endurskoðunar stjórnskipunarl., væri þannig háttað, að það væri talin nauðsyn að fá fulltrúa fyrir einhver fleiri sjónarmið í n. við þessa endurskoðun, virðist okkur sjálfsagt og einhlítt, að þá ætti að bæta einhverjum starfskröftum við n. sjálfa, en ekki skipa aðra n. til ráðagerðar og aðstoðar, sem í raun og veru hefur ekkert úrskurðarvald í þessum efnum. Við höfum því borið fram þessa brtt. á þskj. 1237 um að bæta við fjórum mönnum í n., og verður hún þá skipuð 12 mönnum alls.

Þá virðist það vera nokkur mótsögn í brtt. hv. meiri hl. n., þar sem segir í 2. lið þeirrar brtt., að stjskrn. sé heimilað „með samþykki ríkisstjórnarinnar" að ráða sérfróðan mann til öflunar gagna og undirbúnings málsins. Því að það er ekki annað vitað en mþn. sé jafnan heimilt, án nokkurrar samþykktar frá ríkisstj. hálfu, að ráða menn sér til aðstoðar til þess að leysa þau verkefni, sem þær hafa með höndum, án þess það sé til tekið í þál., sem n. eru skipaðar samkvæmt.

Sé ég svo ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum að svo komnu máli, en vænti þess, að hæstv. Alþ. geti á það fallizt, að miklu hentugra fyrirkomulag sé það, sem við í minni hl. n. leggjum til í þessu efni.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, var enn fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 1237 felld með 19:15 atkv.

Brtt. 1186 samþ. með 23:19 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SB, SG, SEH, SK, STh, SÁÓ, StgrA, ÞG, ÁkJ, BG, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GÍG, HG, KA, LJóh, MJ, ÓTh, SigfS.

nei: SÞ, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, EystJ, GJ, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JPálm, HarJ, JJ, JörB, PZ, PÞ, PO.

JakM, GSv greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁÁ, BBen, GG, GTh, JJós, LJós, PHerm, PM) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 24:10 atkv.

Á 100. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 1269).

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. samþ. með 25:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞG, ÁkJ, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GÍG, HG, JPálm, JJ, KA, LJós, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, SK, STh, SÁÓ, StgrA.

nei: BSt, GJ, IngJ, IngP, HarJ, JörB, PHerm, PÞ, PO, SÞ, SkG.

ÞÞ, BÁ, PZ, GSv greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁÁ, EystJ, GG, GTh, HelgJ, HermJ, JakM, JJós, LJóh, MJ, SEH, SvbH) fjarstaddir.

1 þm. gerði svo látandi grein fyrir atkv. sínu:

Gísli Jónsson: Ég get ekki skilið, að það þurfi 24 menn til þess að athuga þessi mál, né heldur, að útkoman af starfi þeirra yrði verri, þótt þeir væru færri, og segi því nei.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1285).

---

78. Starfskerfi og rekstrargjöld ríkisins.

Á deildafundum 21. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á starfskerfi og rekstrargjöldum ríkisins (A. 1163).

Á 97. og 98. fundi í Sþ., 26. og 28. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, var till. enn tekin til fyrri umr.

Frsm. (Pétur Ottesen): Ég þarf nú ekki að fara mörgum orðum um þessa till., sökum þess að henni fylgir grg., þar sem dregnar eru fram aðalástæðurnar fyrir því, að rétt þykir að láta slíka till. koma fram nú. Auk þess eru nokkur fskj. með þessari till., sem eru þess eðlis, að þau skýra málið verulega og fela í sér breyt., sem hafa orðið á útgjöldum ríkissjóðs, og þar sem einmitt sérstaklega eru dregin fram þau beinu rekstrarútgjöld ríkisins, sem þeirri athugun, sem gert er ráð fyrir í till., er sérstaklega beint að. Enn fremur felst í till. rökstuðningur eða ábending í sambandi við þá rannsókn og þá athugun, sem hér er lagt til, að gerð verði á starfskerfi og rekstrarútgjöldum ríkisins.

Ég get strax tekið fram, að fjvn. átti fyrr á þessu þingi umr. við hæstv. fjmrh. um, að full ástæða væri til þess að taka þetta mál sérstaklega til athugunar, og var hæstv. fjmrh. n. alveg sammála um, að nauðsyn bæri til þess, og ég er þess fullviss, að hæstv. fjmrh., sem nú er ekki viðstaddur þessa umr., sökum þess að hann er lasinn og er heima hjá sér, hefur hug á því að láta fara fram athugun á þessum málum, og þess er að vænta, að sú athugun eða rannsókn leiði af sér nokkra fyrirkomulagsbreyt. í þá átt, sem bent er á í þessari till.

Eins og fskj. bera með sér, sem prentuð eru aftan við grg. till., hafa gjöld ríkisins vaxið mjög hröðum skrefum, og þá ekki síst einmitt þau gjöld, sem leiðir af beinum rekstri ríkisins og ríkisstofnana, og þar sem allar líkur benda til, að með nokkurri breyt. á fyrirkomulagi þessa reksturs megi draga verulega úr þessum útgjöldum, án þess að rekstur-inn líði nokkuð við það, er vitanlega hér um að ræða svo augljóst mál, að sjálfsagt er, að því sé fullur gaumur gefinn. Þær tölur, sem koma hér fram í þessum fskj., eru líka það háar, að það má gera ráð fyrir, að fullur nauður reki til, að málið sé tekið föstum tökum og reynt að koma því yfir á nokkuð annan grundvöll en það hvílir á nú í framkvæmdinni. Þær skilgreiningar, sem eru hér á útgjöldunum í þessum fskj., hafa verið gerðar eins nákvæmar og hægt var, þótt það geti auðvitað alltaf orkað nokkurs tvímælis, hvað eigi að færa á hvern lið fyrir sig. Hins vegar eru þær þannig, að það má fullkomlega taka þær sem mælikvarða á skiptingunni á þessum útgjöldum, eins og fram kemur í þessum fskj., þó að alltaf geti verið dálítið álitamál, hvað eigi að taka með í þennan útgjaldalið eða hinn. Að því er snertir bein rekstrarútgjöld ríkisins, ætla ég, að meginatriðin séu samandregin í þeim lið, sem telja má til þess flokks.

Ég skal geta þess hér í sambandi við fskj. 4, sem er kostnaður við ýmsar n. starfandi á árinu 1943, að fjvn. fór að grennslast eftir hjá stjórnarráðinu, hver hefði verið kostnaðurinn við þessar n. á því ári. Það hefur verið allmikið talað um mikinn fjölda n., sem væru og hefðu verið starfandi hér, og virtist fjvn. því full ástæða til að fá þetta samandregið í eina heild. Að ekki var fengið yfirlit yfir þetta árið sem leið, 1944, var af því, að það var ekki hægt þá eða hefði orðið allt of tafsamt að fá sams konar yfirlit yfir kostnað við n. 1944 eins og fram kemur hér í sambandi við kostnað við þessi störf á árinu 1943. Við höfum athugað það síðan, að því er snertir b-lið (það eru þær n., sem eru á fjárl.), að nokkurs ósamræmis mun gæta í einu eða tveimur atriðum hjá þeirri stjórnardeild, sem gaf upplýsingar um

þetta. Vil ég í því sambandi sérstaklega benda á, að kostnaður við starfsemi yfirfasteignamatsn. er talinn um 120 þús. kr., en í þeirri upphæð munu einnig vera talin laun þeirra manna, sem unnið hafa á vegum n. að þeim störfum, sem þar um ræðir. Aftur á móti, ef tekin er sauðfjársjúkdóman., þá eru eingöngu taldar þar þær greiðslur, sem hafa farið til nefndarmanna sjálfra, en ekki skrifstofukostnaður þeirrar n. að öðru leyti. Ég vildi taka þetta fram hér til skýringar á mismunandi tölum, sem fram koma hjá þessum n. Þetta mun ef til vill stafa af mismunandi færslum á þessum gjöldum inn í fjárl. sjálf.

Mér þykir svo ekki ástæða til að öðru leyti að fjölyrða um þessa till. Það er vikið að því í nál., að kostnaður við n. muni hafa orðið nokkru hærri á árinu 1944 en á árinu 1943, og get ég í því sambandi aðeins bent á eitt dæmi, en sé ekki ástæðu til að fara frekar út í það. Það er skipulagsn. atvinnumála. Kostnaðurinn við hana varð á árinu 1943 rúmlega 40 þús. kr., en 1. sept. á árinu 1944 var þessi kostnaður kominn upp í rúmlega 140 þús. kr. Ég veit nú ekki, hvað störf þeirrar n. hafa verið út allt árið, en kostnaðurinn hefur náttúrlega aukizt nokkuð frá því, sem var í sept. Ég vil taka þetta sem dæmi, ekki vegna þess, að það sé einsdæmi, heldur sökum þess, að allar líkur benda til, að kostnaðurinn hafi verið nokkru meiri á árinu 1944 en 1943.

Nú síðan þessi skýrsla um n. varð til, er vitað um, að stofnaðar hafa verið nokkrar n., og get ég í því sambandi nefnt n., sem starfar að nýbyggingu fiskiskipa, og eru 5 menn í henni. Enn fremur nýbyggingarráð, sem skipað hefur verið á þessu þingi, og eru það 4 menn utan starfsfólks. Sömuleiðis sölunefnd setuliðseigna, en hana skipa 5 menn, ætla ég. Svo eru 3 menn í n. til að athuga byggingu yfir þjóðminjasafnið. Einnig hefur á þessu þingi verið stofnað 5 manna manneldisráð og svo nú alveg nýlega þjóðleikhússn., sem einnig er skipuð 5 mönnum. Á þessu þingi hafa auk þess orðið nokkrar breyt. að því er snertir embætti, sem lögfest hafa verið, að ég ætla 5 við háskólann, sem eiginlega voru stofnuð áður, og var þar því eingöngu um löglestingu að ræða. Auk þess hafa verið stofnuð við háskólann 2 dósentsembætti í heimspeki og 1 prófessorsembætti í heilbrigðisfræði. Sá maður, sem tekur við því starfi, var að vísu starfandi áður bæði á vegum háskólans og á vegum heilbrigðisstjórnarinnar. Þá hefur verið stofnað 1 dósentsembætti í guðfræði, og 1 af prófessorum háskólans hefur fengið lausn frá störfum með fullum launum, en nú síðast hefur verið tekin ákvörðun um að fjölga dómurum um 2 í hæstarétti. Ég bendi aðeins á þetta sem viðbót við þær skýrslur, sem hér liggja fyrir, að því er snertir skýringar á því, hver eru hin raunverulegu beinu útgjöld ríkisins.

Ég skal svo ekki fara fleiri orðum um þetta mál, en vænti þess, að hv. Alþ. þyki ástæða til, að þetta mál verði tekið til athugunar og þær bendingar, sem felast í þessari þáltill., séu teknar til greina, þar sem fskj. benda til þess, að ekki sé ástæða til að láta lengur síga úr hömlu að freista þess, að komið verði á nokkurri skipulagsbreyt. á starfskerfi ríkisins, þar sem leitazt sé við að draga verulega úr rekstrarútgjöldum þess og þeirra stofnana, sem eru nú á vegum ríkisins. Að því er stefnt með þessari till., og eftir undirtektum hæstv. fjmrh. undir þetta mál í þeim samtölum, sem fjvn. hefur átt við hann, vænti ég þess, að hann beiti sér fyrir því, að slík rannsókn fari fram, og síðar geti orðið um það samstarf milli hæstv. ríkisstj. og hv. Alþ., að í þessu efni verði nokkuð breytt til frá því, sem er, í því augnamiði, að hægt verði að draga verulega úr þessum kostnaði, eins og komizt er að orði í grg. fyrir þessari till. og í sjálfri till. felst.

Forsrh. (Ólafur Thors): Þar eð hæstv. fjmrh. er lasinn í dag og getur ekki lýst áliti sínu, vil ég leyfa mér að fara örfáum orðum um þessa till. Það var eitt af því fyrsta, sem stjórnin ræddi, eftir að hún settist á laggirnar, að nauður ræki til að freista þess að draga eitthvað úr rekstrarútgjöldum ríkisins. Þau eru orðin óhóflega há, og það er öllum athugulum mönnum áhyggjuefni, hvernig ríkið muni í framtíðinni fá risið undir þeim. Auk heldur þótti stjórninni nauður reka til, að hún hæfist handa um einhverjar aðgerðir í þessu efni, sem hún hafði gefið fyrirheit um að tryggja að að l. yrði frv., sem lagt hafði verið fram í Alþ. um launakjör opinberra starfsmanna, en það frv. fól í sér verulega hækkun á launakjörum þessara manna og þar af leiðandi aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

Það hefur lengi verið vitað, að hjá því yrði ekki til langframa komizt að leiðrétta misræmi mikið, sem verið hefur í greiðslum ríkissjóðs fyrir vinnu þeirra starfsmanna, sem á vegum ríkisins vinna, og það hefur eðlilega einnig oft komið fram, að þegar sú leiðrétting yrði gerð og þau hækkuð útgjöld ákveðin, þá væri eðlilegt, að jafnframt væri leitazt við að hagnýta starfsorku þeirra manna, sem hér eiga hlut að máli, á hagkvæmari og tryggari hátt ríkinu til handa en verið hefur. Hitt er svo öllum ljóst, sem eitthvað hafa um þetta hugsað, að þetta er hægara sagt en gert, og það hlýtur því að vera gleðiefni fyrir ríkisstj., þegar hv. fjvn. hefur nú, án þess að ríkisstj. hafi sérstaklega óskað eftir því, lagzt á sveif með ríkisstjórninni í þessu veigamikla máli og lýst yfir skoðunum sínum um nauðsyn þess. Ef svo fer, sem ég vænti, að hv. Alþ. samþykki þessa till., þá fagnar ríkisstj. því að sjálfsögðu og telur, að Alþ., bæði einstakir alþm. og Alþ. sem slíkt, muni þá líka betur sætta sig við, þó að högg fyki nærri einhverjum með þeim till., sem ríkisstjórnin sæi sér fært að bera fram um hagnýtingu vinnuorkunnar og framkvæmd starfsins. Það er náttúrlega áreiðanlegt, að það verður ekki gert án þess að einhver missi einhver hlunnindi, og við þekkjum það í landi kunningsskaparins, að slíkt er allt orðið, en eins og ég sagði áður, er það siðferðislegur styrkur ríkisstj. til handa um þetta áhugamál hennar að fá samþykki Alþ., eins og nú væntanlega mun fást.

Hv. form. fjvn. gat þess, að það sama Alþ., sem nú ætti að samþ. heimild til ríkisstj. og hvatningu

um samfærslu embætta og niðurlagningu einstakra starfa í sparnaðarskyni, hefði átt frumkvæði að því að fjölga hér embættum og auka nefndarstörf, og gengur það að sönnu í aðra átt en hér er farið fram á, en eftir að slík till. sem þessi hefur verið samþykkt, ætti að mega vænta, að það væri stefnuyfirlýsing Alþ. um, að það bæri að hafa meiri varkárni í frammi í þessu efni en þetta Alþ., sem nú situr, hefur sýnt. Það er að sjálfsögðu jafnframt áminning til okkar allra um, að þó að nokkur vandkvæði þyki á um framkvæmdirnar, þá verði menn að sætta sig við það.

Ég vil aðeins skýra frá því, að þegar ríkisstjórnin ræddi um þetta nokkru eftir að hún tók við völdum, voru í frammi uppástungur um að reyna að fá ákveðinn mann, sem er gerkunnugur öllu starfskerfi ríkisins, til þess að hafa þetta vandasama og ekki vinsæla verk með höndum, og ég hygg, að allir ráðh. hafi verið nokkuð sammála um, hver væri sérstaklega hæfur til þess verks, en ég tel því miður ekki mikla ástæðu til að halda í bili, að hann muni ljá sig til þess, en að sjálfsögðu verður nú ekki látið stranda á því, því að það kunna að finnast fleiri menn, sem gætu gefið stjórninni þær leiðbeiningar, sem hún helzt þyrfti að fá í þessu efni, og að öðru leyti mundi hún sjálf verða að vinna verkið. Án þess er hæpið, að henni vinnist tími til að gera það, eins og þörf væri á.

Út af 2. lið till. vek ég athygli á, að enda þótt hann sé að því leyti eðlilegur, að slík notkun véla á skrifstofum, sem þar er getið um, er að sjálfsögðu til vinnusparnaðar, þá kann að vera, að nokkrir örðugleikar séu í bili um öflun þeirra véla, og hefur það þegar komið í ljós að nokkru leyti, en verður nú reynt að verða sér úti um það. Að öðru leyti en þessu skal ég ekki ræða um till. né þær einstöku upplýsingar, sem þar koma fram, og lýk þessum fáu orðum með því að endurtaka það, sem ég hef þegar sagt, að stj. er það kært, ef Alþ. vill styðja þann tilgang, sem fyrir henni vakti og vakir, með því að samþykkja slíka till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 29 shlj. atkv.

Á 100. fundi í Sþ., 3. marz, var till. tekin til síðari umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. samþ. með 28 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 1286).

Þingsályktunartillaga felld.

Vantraustsyfirlýsing.

Á deildafundum 23. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um vantraust á núverandi ríkisstjórn (A. 470).

Á 61. fundi í Sþ., 25. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 62. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá því er umr. var ákveðin. — Afbrigði leyfð og samþ. með 37 shlj. atkv.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Það eru ekki liðnir nema fáir dagar síðan útvarpið tilkynnti, að von væri á þriggja flokka ríkisstjórn, og voru þau ummæli höfð eftir hæstv. núv. forsrh. Þegar ég heyrði þessa tilkynningu, komu mér í hug orð úr gamalli og ef til vill hálfgleymdri mannkynssögu: „Þegar Krösus fer yfir Halýsfljót, mun mikið ríki líða undir lok."

Ég veit ekki, hvort þetta verður að raunveruleika á okkar tíma. Reynslan verður að skera úr því. En þessi ummæli gætu átt við yfirvofandi hrun hins íslenzka þingræðis eða hrun hins nýstofnaða lýðveldis. Hér á landi er hreyfing, sem vinnur markvíst að því, að hið íslenzka ríki líði undir lok. En það er mikið ríki, frá okkar Íslendinga sjónarmiði. Í öðru lagi gæti spádómurinn átt við hrun annars mikils ríkis, flokks hæstv. forsrh.

Það hefur verið venja á undanfarandi þingum að prófa heldur skjótlega, hversu fjölmennt lið fylgdi nýrri ríkisstjórn. Þess er líklega ekki síður þörf nú en áður. Nú er ný stjórn tekin við forráðum í landinu, og standa að henni heldur sundurleitir flokkar, eins og hæstv. forsætisráðherra, Ólafur Thors, komst að orði í prógramræðu sinni.

Það hefði verið æskilegt, að bæði þingmenn úr stuðningsflokkum stjórnarinnar, sem fylgja henni ekki, og einnig þeir, sem eru í andófinu, bæru fram vantraustsyfirlýsingu, en létu sér ekki nægja greinargerð stjórnarinnar. En þessir aðilar hafa ekki hreyft vantrausti, þó að til þess væri nægur tími. Hins vegar hef ég beitt mér öðrum fremur gegn samstarfi borgaraflokkanna við lið Rússa á Íslandi, og má því segja, að mér bæri nokkur skylda að prófa, hve vel byltingarflokkurinn hefur komið ár sinni fyrir borð.

Eðlilegt hefði verið, að þeir sjálfstæðisþingmenn, fimm að tölu, sem ekki styðja núv. ríkisstj., flyttu vantrauststillögu. En það hafa þeir ekki gert, og að svo komnu virðast þeir ekki vilja marka afstöðu sína mjög skýrt.

Framsfl. hefur unnið mikið að því undanfarin tvö ár að komast í stjórn með kommúnistum, Alþýðuflokksmönnum og sjálfstæðismönnum, eftir því hvernig kaupin gerðust á eyrinni í hvert sinn. Það er því ekki undarlegt, þótt þeim framsóknarmönnum, sem að þessum samningaumleitunum hafa staðið, finnist þeir talsvert bundnir við fortíð sína.

En þessi ástæða nær ekki til mín. Ég hef ekki ráðið til þess, að Framsfl. tæki upp samstarf við kommúnista, heldur hef ég ráðið til hins gagnstæða. Þetta er glögg og skýr afstaða. Þess vegna ber mér skylda til að hefjast handa, úr því að aðrir draga sig í hlé. Þess vegna flyt ég þessa vantrauststillögu. Hvernig sem atkvæði falla, mun það koma í ljós, hvaða fylgi stjórnin hefur.

Ég vil þá fyrst koma að þeirri röksemd, sem sannar ótvírætt, að þessi stjórn á ekki og má ekki verða langlíf í landinu. Hún er skipuð ráðherrum, sem eru á móti ríkjandi þjóðskipulagi. Kommúnistaflokkurinn er á móti þingstjórn og lýðræði og hefur í því efni allt aðra afstöðu til málanna en aðrir flokkar hér. Hann fylgir lífsstefnu sovéthreyfingarinnar og starfar í samræmi við þá stefnu. Menn í öðrum flokkum líta á sig sem Íslendinga og taka ekki við skipunum frá erlendum ríkjum. En kommúnistar hafa sýnt og sannað, að þeir lúta erlendum yfirráðum. Þeir tóku upp skarpa andstöðu gegn Þýzkalandi fyrir stríðið. Ég var á sama máli og þeir í því að óska ekki eftir nasistiskri stjórn hér á landi og nasistisku fyrirkomulagi. En mér var ljóst, að yfirlýstur fjandskapur Íslendinga gagnvart Þýzkalandi hafði enga þýðingu og var óviðeigandi. Hér var um stórþjóð, sjálfstæða þjóð og vinsamlega frændþjóð að ræða, sem oft hafði sýnt Íslendingum mikla góðvild. Það var að öllu leyti óviðeigandi fyrir Íslendinga að gagnrýna stjórnarfyrirkomulag Þjóðverja, alveg eins og við neitum rétti annarra þjóða til að blanda sér í íslenzk málefni. En í þessu efni stórfuðu kommúnistar eins og þeir lytu stjórn Rúss-

lands. Þegar heimsstyrjöldin skellur á, gerði Hitler griðasamning við Rússa og telur sig hafa með því fengið trausta aðstöðu til þess að vinna styrjöldina.

Meðan þessu fer fram, breytist viðhorf íslenzka kommúnistaflokksins. Nú ræðst þessi flokkur gegn Englandi, sem verið hefur verndari íslenzku þjóðarinnar á erfiðum tímum og góður nábúi. Öldum saman hafa jafnan verið góð skipti milli þessara þjóða. En þrátt fyrir þessa löngu reynslu sýndu íslenzkir kommúnistar Englandi hinn mesta ruddaskap í blöðum sínum. Svo fór, að Englendingar töldu sig þurfa, vegna innrásar Þjóðverja í Danmörk og Noreg, að hernema Ísland og hafa hér bækistöð. Voru þeir síðan hér, landi og þjóð til verndar, unz Bandaríkin tóku vernd landsins í sínar hendur. Nú líður nokkur tími, en þegar Þjóðverjar sáu ástæðu til að fara í stríð við Rússa, skipti í tvö horn hjá íslenzka kommúnistaflokknum. Þá tók hann upp harðvítuga baráttu gegn Þýzkalandi, en fór að sýna vinsemd í garð Englendinga. Allt ráð þessa flokks var í höndum Rússa.

Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh., hvernig hann skýri það að hafa gert pólitískt bandalag við flokk, sem þannig hagar sér og fer eftir skipunum frá öðrum löndum í sínum málaflutningi, flokk, sem lítur á málefnin frá erlendum sjónarmiðum. Það er ekki góð reynsla, sem borgaralegir flokkar í Englandi og Skandinavíu hafa af kommúnistum, enda haga þeir sambúðinni eftir því. Í þessum löndum segja borgararnir við kommúnista: Þið eruð sjálfsagt ágætt fólk, en hafið aðrar skoðanir en við. Þið stefnið að öðrum markmiðum, af því að þið ætlið að kollvarpa þjóðskipulagi beztu landa. Þess vegna viljum við ekkert hafa saman við ykkur að sælda.

Frá þessu er aðeins ein undantekning og hún óbjörguleg. Það er í Frakklandi, sem einu sinni var voldugt stórveldi. Þótt þar sé um að ræða gáfaða þjóð, hefur henni ekki tekizt að njóta þingræðis. Þar standa ríkisstjórnirnar stundum aðeins hálfan mánuð. Þar er því ekki þingræðisstjórn í vestrænum skilningi. Þar gerði Alþfl.maður bandalag við frönsku kommúnistana nokkru fyrir síðasta stríð, en það gaf hina hörmulegustu raun, þeir héldu áfram stefnu sinni með uppþotum og lagabreytingum, sem voru stórlega skaðlegar fyrir öryggi Frakklands, og það er enginn vafi á því, að hrun Frakklands árið 1940 var bein afleiðing af þessari samstjórn, sem líka endaði mjög sorglega fyrir þann Alþfl.mann, sem fyrir samvinnunni hafði staðið. Ef maður tekur Breta, sem lengst hafa búið við þingræði, þá er afstaða þeirra til kommúnista þannig, að þeir unna þeim að vísu frelsis og kosningarréttar, en verkalýðsfélögin vilja ekkert með þá hafa, og brezka herstjórnin hefur bannað fréttariturum kommúnistablaðanna að vera á vígstöðvunum vegna þeirrar sérstöðu, sem kommúnistar hafa utan við brezka þjóðfélagið. Þetta er athugandi fyrir okkur, enda í sjálfu sér fullkomlega eðlilegt. Balfour lávarður sagði vel og viturlega um þetta efni: „Þingræðisstjórn getur ekki staðizt, nema allir þingflokkarnir byggi á sama grundvelli.“ Það hefur nú í tvö ár ekki tekizt að mynda stjórn hér, þótt þjóðin hafi óskað þess, en það stafar af því, að hér er flokkur, sem lítur allt öðruvísi á þjóðskipulagið en aðrir flokkar og hefur hindrað, að það samstarf tækist, sem eðlilegt var milli lýðræðisflokkanna. En það hefur sömu áhrif og ef einn maður í knattspyrnu færi eftir öðrum reglum en hinir leikendurnir. Afleiðingin yrði sú, að leikurinn færi út um þúfur. Enda þótt nýja stjórnin hafi ekki setið lengi við völd, er þó eitt, sem vænta mátti að hún mundi gera fyrr en síðar, og það var að leysa verkföllin, sem nú standa. Hafi forsrh. unnið að því að stilla til friðar, er árangurinn ekki sýnilegur, verkföllin halda áfram eins og í Frakklandi eftir af Leon Blum tók við. Frá sjónarmiði kommúnista er eðlilegt, að verkföll haldi áfram. Það er stefna þeirra, sem veldur því, að ekki er von til þess, að þessi borgaralega byltingarstjórn geti orðið happasæl landi og þjóð. Ég vil líka beina öðru atriði til hæstv. forsrh. Stjórnarmyndunin, sem hann hefur komið í kring, er bændastéttinni mikil vonbrigði. Ég kemst kannske ekki hjá því að víkja að því nokkrum orðum, að árið 1943 voru samin dýrtíðarlög, þar sem svo er fyrir mælt, að ef tiltekin nefnd yrði sammála fyrir 15. ágúst það ár, skyldi verð á landbúnaðarvörum ákveðast eftir fyrirmælum hennar í hlutfalli við kaup verkamanna og hækka eða lækka með því. Þessi nefnd varð sammála, og sáttmálinn gekk í gildi. Blöðin héldu því fram, að allar deilur um afurðaverðið væru úr sögunni, og var ekki hægt að skilja það öðruvísi en að bændur fengju vörur sínar greiddar eftir því, sem kaup hækkaði eða lækkaði. Morgunblaðið hélt því fram um leið og það dásamaði fulltrúana í nefndinni, að ríkið yrði auðvitað að borga uppbætur á útflutningsvörurnar. Tíminn var ekki síður ákveðinn, en það vildi svo til, að Vísir dró í efa, að þetta væri bindandi fyrir ríkissjóð, og tók Tíminn þá skýrt fram, að um vantúlkun á lögunum væri að ræða hjá Vísi og fór hörðum orðum um það blað. Ég læt þetta nægja að þessu sinni, en vil þó bæta því við, að bændastéttin gat ekki annað en gert ráð fyrir, að þetta væri fastur grundvöllur og öll hin fögru orð um frið og sættir væru bindandi gagnvart sveitafólkinu. Ég fer ekki út í það, sem gerzt hefur síðan, fyrr en í haust, að Mbl. segir í forustugrein, þar sem mér voru sendar nokkrar hnútur, að ég hafi hlotið að vita um, að leiðtogar Sjálfstfl. og Framsfl. hafi látið kalla búnaðarþing saman og beðið fulltrúa þess að mæla með því, að fallið yrði frá hækkun á landbúnaðarafurðum. Nam sú fjárhæð 8—10 millj. kr. Búnaðarþing hafði aðeins þetta eina mál til meðferðar, hvort samþ. skyldi að falla frá hækkun samkv. 6 manna samkomulaginu eða ekki. Þess má þá fyrst geta, að kaup verkamanna í Rvík hefur hækkað um 20%, og einn bændafulltrúinn á Alþ., hv. þm. A.-Húnv. (JPálm), hefur í blaðagrein nú fyrir fáum dögum haldið því fram, að kaupið í sveitum hafi hækkað um 35—40% á s. l. ári. Því verður ekki móti mælt, að kaup hefur hækkað stórlega bændum í óhag, og þess vegna ekki um að villast, að þeim ber að fá hærra vöruverð, enda

var þeim talin trú um það af blöðum flokkanna, að þetta væri öruggt eins og gulltrygging. Nú gerist það, að fulltrúarnir í búnaðarþingi mæla með því, að bændastéttin gefi eftir þær 8—10 millj., er þeim ber samkv. 6 manna samkomulaginu að fá í hækkuðu afurðaverði. En að því er ýmsir fulltrúar á búnaðarþingi hafa sagt hafði það áhrif á gerðir þingsins, að *fullyrt var, að komið mundi á borgarastjórn* Framsfl.manna og Sjálfstfl.manna og með því móti hafin lækkunarherferð með aðstoð bænda, því að bændur eru eina stéttin, sem vill lækka verðlag og kaupgjald. Þess vegna þótti bændafulltrúunum skiljanlegt, að hér væri hafin allveruleg tilraun til þess að lækka dýrtíðina, og allir nema tveir samþ. þessa umleitan flokksforkólfa Sjálfstfl. og Framsfl. En rétt þegar þetta er um garð gengið, kemur annað hljóð í strokkinn. Þá kemur í ljós, að það er aðeins einn veikur þráður milli þessara tveggja flokka, og hann kemur fram í sameiginlegri andúð gegn fundahaldi, sem ég stofnaði til í Árnessýslu. Bændur á Suðurlandi hafa aðra skoðun á þessum málum en fram kom hjá búnaðarþingi. Stjórn Búnaðarfél. Suðurlands hafði kallað saman *fund á Selfossi, sem um 40 fulltrúar sóttu, og á* þessum fundi mættu 4 þm., sem héldu fram því, sem meiri hluti búnaðarþings hafði samþ., og þeir gerðu það í þeirri trú, að þeir væru að mæla með samstjórn borgaraflokkanna, en tveir þm. töluðu móti þeirri samþykkt búnaðarþings að gefa eftir lögmætar hækkanir, og voru engir fulltrúanna sammála gerðum búnaðarþings. Þegar þetta var véfengt af Tímanum og Morgunblaðinu, boðaði ég til fundar á sama stað fyrir bændur á Suðurlandi, og málsvarar borgaraflokkanna skyldu hafa jafnan ræðutíma á við okkur hina. En án þess að fara út í það hér, hvernig á því stóð, mun fundartilkynningin hafa brenglazt í útvarpinu, en annar fundur boðaður 2 dögum fyrr en minn fundur, og stóðu að honum Sjálfstfl. og Framsfl. Þessi fundarhöld sýna, að á þessu stigi málsins voru þessir flokkar sameinaðir á grundvelli búnaðarþings og að fulltrúarnir á búnaðarþingi hafi skilið það svo, að um byrjun á samstjórn þessara flokka væri að ræða. Á fundi mínum og svo á fundi í Rangárvallasýslu s. l. sunnudag töldu bændur, að ekki hefði verið rétt að fallast á þessa uppgjöf. *(IngJ:* Þetta er misskilningur.) Hv. þm. veit, að sama sem allir voru á einu máli um það. *(IngJ:* Það var engin till. borin upp um þetta.) Nei, en það var vegna þess, að þótt vinir hv. þm. og kjósendur væru honum ósammála um *þetta atriði*, voru þeir sammála honum í afstöðu hans gegn núverandi ríkisstjórn. Það er einnig bezt að taka það fram, að á þessum fundum féllu orð þannig, t. d. hjá hv. 2. þm. S.-M. (EystJ), að fullkomið bandalag væri milli borgaraflokkanna og aðeins eftir að útnefna sameiginlega ráðherra. En þetta varð nú ekki, og stuttu eftir öll þessi vináttumál kemur í ljós, að hæstv. núv. forsrh. hefur myndað allt aðra stjórn og útilokað þann flokk, sem honum hafði áður verið falið að mynda stjórn með. Sérstaklega kom bændum og búnaðarþingsfulltrúum þetta á óvart. Fyrst og fremst hefur nú verið samið um nokkur verkföll og alls staðar hækkað kaupið, en annars staðar halda verkföllin áfram. Ef ríkisstjórnin ætlar að knýja fram launalög, sem hækka útgjöldin til launamanna, gengur hún í öfuga átt við stefnu bænda. Hér hafa orðið ótrúleg straumhvörf, kannske hin skyndilegustu í sögu Alþingis. Nú mælist ég til þess, að hæstv. forsrh. af *hinni alkunnu mælsku sinni geri sitt til*, að okkur verði ljóst, hvað valdið hefur því, að hann hvarf svo skyndilega af vegi bænda og borgara í þennan undarlega félagsskap, sem hann nú er kominn í. Það er þess vegna eins og þegar lýst var í kirkjum og ætlazt var til, að menn á réttum tíma lýstu meinbugum, er þeir vissu á ráðahagnum, að ég tel allmikla meinbugi vera á þessum ráðahag. Eina vitneskjan, sem þjóðin hefur um stefnu nýju stjórnarinnar, felst í boðskap forsrh., sem útvarpað var tvisvar, en ekki hefur verið hægt að prenta. Tek ég þá nokkur atriði úr þessum boðskap, en stikla á stóru, en um margt stórmálið að ræða. Það er þá fyrst, að þessi nýja stjórn virðist vera bundin við það, að kaupgjald haldist óbreytt eða lítið breytt í 1½ til 2 ár. Þetta er einstakur sáttmáli, því að eflaust fer kaupgjald eftir því, hvað framleiðslan getur borið, en það fer eftir því verði, sem á vörunum verður, þegar stríðið er búið. Hagfræðingar hafa reiknað út, að raunverulegur munur á kaupgjaldi við algenga vinnu á Íslandi, Englandi og Svíþjóð sé sá, að þegar við fáum 50 kr., fær Englendingurinn 15 kr., en Svíinn 22 kr. Þessar tölur eru eins nálægt sanni og hægt er að komast. Nú er engum blöðum um það að fletta, að eftir að aðrar þjóðir fara að stunda fiskveiðar, breytist aðstaðan, og ef þá á að halda sama kaupi og nú er, verður að eyða af þjóðarauðnum til þess að greiða mismuninn á 50, 15 og 22 kr. kaupi, og er ekki smátt atriði, hvernig ríkisstjórninni, ef hún lifir svo lengi, lánast að leysa þennan vanda, því að ekki er að sjá annað en þjóðarauðurinn eyðist á stuttum tíma, ef ekki verður að gert. Þrátt fyrir þetta hefur ríkisstjórnin lofað að koma í gegn í Alþ. launalögum, sem maður, er til þekkir, hefur sagt, að geri ráð fyrir, að ísl. launamenn búi við allt að þriðjungi hærri tekjur en stéttabræður þeirra í Danmörku. Laun hafa hækkað stórkostlega hjá okkur, t. d. laun presta, sem voru reyndar ekki há, hækkuðu gífurlega sumarið 1942. Þetta er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Það er ekki ástæða til þess, að embættismenn ríkis og bæja hefðu lægra kaup en aðrir, meðan þetta fé barst inn í landið. En það mun vera fordæmalaust hjá öðrum þjóðum að gera launalög til frambúðar mitt í óstjórnlegri verðbólgu. Verð ég að telja það mesta óráð, að ríkisstjórnin hugsi sér að festa þessi útgjöld þannig. Enda mun það mála sannast, að þrátt fyrir það, þótt skattar séu allháir, svo að mönnum finnst nóg um, og skattarnir séu of háir, þá er búið einmitt á þennan hátt að binda bæði með kaupsamningum og launasamningum — þó ekki séu það lög nema sumt af því — ríkissjóð þannig, að það vantar 6½ millj. kr. til þess að hægt sé að halda við næsta sumar svipuðum verklegum framkvæmdum og gert var á

kreppuárunum 1934—1940. Og þetta er af því, að það er búið af stjórn og Alþ. að binda ríkissjóð við launagreiðslur, sem eru þannig, að það er lítið eftir til verklegra framkvæmda. — Og hæstv. ráðh. veit, að ekki má svo búið standa. Og nú mun hann og hans flokksbræður ætla að leggja hugann í bleyti í hálfan mánuð til þess að finna nýja skatta til þess að bæta úr því, að ríkissjóður er í raun og veru hættur að vera annað en launagjafi, en verklegar framkvæmdir bíða. En vitanlega ætti helzt að koma launamálum landsins í það horf, sem Bjarni frá Vogi og Skúli Guðmundsson alþm. hafa, hvor á sínum tíma, lagt til, að gert yrði, að launin í landinu séu látin vera háð verðlagsskrá og fara eftir því, hvernig afkoma ríkisbúsins er á hverjum tíma. En verði hins vegar haldið áfram á þeirri braut, sem nú hefur verið farin í launamálum, mun það að öllum líkindum verða til þess að fella krónuna og fella í gildi það sparifé landsmanna, sem þeir hafa dregið saman, oft með súrum sveita, á undanförnum árum.

Í ofanálag á þetta eigum við svo að fá stórkostlegar skattabyrðar á útmánuðunum í vetur, þ. e. almennar tryggingar. Og verð ég að víkja fáeinum orðum að því, að þetta er framkvæmd, sem er næstum því að segja enn óglæsilegri og óæskilegri en það, sem ég nú hef skýrt frá. Okkur er sagt, bæði í ræðu hæstv. forsrh. á dögunum og af öðrum í ríkisstjórninni, að það hafi starfað hér einhverjir menn, og sé einn þeirra hagfræðingur. Þessi ungi hagfræðingur á að hafa tekið tryggingakerfi, sem rætt var um í Englandi til þess að bregða upp fyrir þjóðinni öðru en myndum af blóði, tárum og svita, sem sú þjóð á við að búa. Er þetta mál þar á umræðustigi, og ekkert af því hefur verið lögleitt þar í landi. — En dugnaðurinn á Íslandi er svo mikill, að það á að lögfesta hér án nokkurs undirbúnings tryggingaskipulag, sem aðrir hafa talað um, en enginn reynt að framkvæma. Mér er ómögulegt að finna dæmi, sem hliðstætt er að ógætni þessu, sem hér er um að ræða. Því er lofað af þremur þingflokkum — sennilega án þess að nokkur maður í flokkunum hafi kynnt sér málið til nokkurrar hlítar — að gera þetta kerfi að lögum og það innan nokkurra mánaða, án þess að þeir, sem þessu lofa, viti nokkuð, hversu há útgjöld þessu fylgja, og án þess að þingið eða menn utan þings hafi minnstu hugmynd um það. Þetta er svo gerræðislegt, að það mundu flestir telja óhugsandi, að nokkur þingræðisstjórn gerði þetta. Englendingar settu fyrst fræðimann til þess að rannsaka skipulagið. Síðan leggja þeir það fram fyrir kjósendur. Svo líða mörg missiri, og það er rætt um málið í Parlamentinu og í blöðum, og þjóðin veit, hverju fram fer. En við okkur er sagt: Það á að taka þetta skipulag í þýðingu eftir einhvern ógætnasta launakrófumann í landinu. — Og þetta á að gerast án þess, að rætt sé um það í blöðum eða á mannfundum og án þess að borgararnir í landinu viti nokkurn skapaðan hlut um eðli málsins. Þær tryggingar, sem við höfum og ég greiddi atkv. með á sínum tíma, — en var talsvert óánægður með, ekki af því, að þar væri ekki stefnt í rétta átt, heldur af því að það mál var borið fram af flokki, sem nú stendur að ríkisstjórninni, án þess að rætt hefði verið við þjóðina um málið áður en það var borið fram, — þessar tryggingar eru þannig, að það eru mjög margir gallar á löggjöfinni, af því að hún kom of fljótt. En þó eru miklu meiri ágallar á þessu umtalaða skipulagi, sem nú á að lögleiða.

Þá kem ég að því, sem er miklu stórkostlegra en tryggingarnar, sem eru þjóðnýtingarplön hæstv. ríkisstjórnar. Eftir þeim molum, sem hægt er að ráða af stefnuskrárræðu hæstv. forsrh., þá stendur til nú á einu ári eða rúmu ári, að á þeim tíma á að vera búið að koma á þjóðnýtingu, sem nær svo að segja til allrar framleiðsluatvinnu á Íslandi nema sveitabúskaparins. Það er í stuttu máli þetta: Atvinnulífið og framleiðslan í bæjunum á samkv. þessu í raun og veru þá að verða orðin þjóðnýtt, en einstaklingsframtakinu að vera spilað út úr þessu þjóðfélagi. — Nú verð ég að skjóta því til þeirra hæstv. ráðh. úr Alþfl., sem sæti eiga í ríkisstjórninni nýmynduðu, að það væri æskilegast, að þeir tækju sér til fyrirmyndar í þessu efni flokksbræður sína í Svíþjóð. Ég veit, að þeim er það kunnugra en mér, að þessi flokkur hefur haft hreinan meiri hl. í báðum deildum sænska þingsins. En Svíar fara svo varlega í þessum efnum, að alþýðuflokkur þeirra, sem hefur meiri hl. í báðum deildum og mikið af völdum mönnum til framkvæmda, hann stjórnar eins og borgaralegur flokkur — eins og Sjálfstfl. eða Framsfl. hér — í öllum atriðum og segir við þjóðina: Þið þurfið ekkert að vera hræddir um það, að við komum með neinar sérkreddur fyrr en eftir almennar kosningar, þar sem þjóðnýting væri samþykkt. Og þetta er rétt aðferð. En hitt er öfugt að farið, að flokkar hagi sér eins og Alþfl. nú, sem sennilega vill ekki ganga lengra í ógætni en vinir þeirra erlendis, og Sjálfstfl., sem hefur haft fyrir sitt kjörorð, að hann vildi vernda framtak einstaklingsins og hefur haft mikið af fylgi sínu fyrir þá tiltrú, sem hann hefur aflað sér á þann hátt. Það er óhugsandi, þegar leiðtogar þessara flokka athuga málið betur, að þeir misbjóði þjóðinni svo á þessu kjörtímabili, að þeir framkvæmi svo stórvægilegar framkvæmdir sem um er talað, án þess að það sé rætt í landinu áður. Það er nú ekki neitt smáræði, sem á að gera í þessu efni. Hinir nýju stjórnarflokkar eiga að taka 300 millj. af því fé, sem þjóðin á og hefur sparað saman og er eign einstakra manna, en ekki ríkisins — taka það á ábyrgð ríkissjóðsins, eftir að málum ríkissjóðs hefur verið stjórnað svo sem gert hefur verið. Því að fyrst og fremst hefur ríkissjóður ekki borgað að kalla neitt af ríkisskuldum allt þetta góðæristímabil, og ef ekki eru lagðir á miklir nýir skattar, getur hann ekki staðið undir verklegum framkvæmdum, eins og hag hans er nú komið. En þessir nýju ráðh. ætla að taka 300 millj. kr. af fé einstaklinga og ráðstafa því — að mér virðist mjög mikið eftir þeim hugmyndum, sem komið hafa fram í Þjóðviljanum á undangengnum mánuðum og missirum. Mér hefur ekki þótt það furðulegt að sjá þær bollaleggingar í blaði, sem vill ekki viðurkenna eignarréttinn og

vill brjóta niður þjóðfélag okkar. En ég varð meira undrandi, þegar hæstv. forsrh., formaður þess flokks, sem hefur á stefnuskrá sinni einstaklingsrétt og einstaklingsrekstur í landinu, gerist forkólfur í þessu efni. — Mér er kunnugt um það af tilviljun, að á einum stað á landinu er ein lánsstofnun þannig sett, að gera má ráð fyrir, að enginn eigi þar inni nema bændur úr litlum landshluta og menn úr sjóþorpum. Þessir menn eiga 12 millj. kr. innstæður í bankanum. Þetta fólk — t. d. bændur, sem eiga vafalaust mikið af þessu, — hefur ekki getað gert umbætur í 5 ár, engar jarðabætur að heitið geti. Það er ekki vafi á því, að þeir vilja leggja þetta sparifé sitt í umbætur, þar á meðal jarðabætur, að stríðinu loknu, þegar hægt verður að koma því við. En hvað gerist? Það á að fara að ráðstafa þessu fé af stjórnarvöldunum, og til þess á að brúka aðferð, sem Hitler brúkaði. Það á að fara að þvinga menn til þess að leggja fé í fyrirtæki, sem þeir óska ekki eftir að leggja fé í. Þessi vinnubrögð gætu hvergi hugsazt nema í Rússlandi eða Þýzkalandi undir stjórn Hitlers og hefur líka sérstaklega verið praktiseruð þar. Þar hafa komið erindrekar frá ríkisstjórninni og sagt við eigendur fjárins: Þið hafið ekki keypt ríkisskuldabréf nú um stund; við ætlumst til þess, að þið kaupið ríkisskuldabréf fyrir 5 þús. mörk. Og það er ekki til neins fyrir þá, sem þetta er sagt við, að gera annað. — Nú er satt bezt að segja, að mjög áþekk orð verða sögð við eigendur þeirra innstæðna, sem hér er um að ræða, sem landsmenn eiga erlendis. Því hefur verið haldið fram af byltingasinnuðum mönnum eða þeim, sem fáfróðir hafa verið um fjármálaleg málefni, að það væru fáir auðkýfingar, sennilega Kvöldúlfur og aðrir slíkir, sem ættu þetta sparifé mestallt, og því væri sjálfsagt að taka þetta fé, það væri þá svo fáum gert rangt. En þá hélt einn bankastjóri Landsbankans góða og glögga ræðu í útvarpið, sem síðan var prentuð í blaði Sjálfstfl., þar sem hann sýnir fram á, að þetta fé var sparifé landsmanna. Og í þeim banka, sem hann veitir forstöðu, eru 47 þús. sparisjóðsbækur; ekki kannske jafnmargir eigendur sparifjárins. En ef reiknað er með hinum bönkunum og sparisjóðum á landinu, þá má búast við, að þessar innstæður séu einkaeign um 100 þús. manna í landinu. Þetta fólk hefur vafalaust gert ráð fyrir, að það hefði ráðstöfunarrétt á þessum peningum. Og ef hér væri ekki sú dýrtíð, sem drepur alla framleiðslu til lands og sjávar, þá mundi fólkið vilja leggja þetta fé í ræktun, byggingar báta og skipa og iðnfyrirtæki — ef aðeins aðstaðan væri þannig, að fólkið gæti framleitt, af því að kaup væri ekki hærra en í flestum öðrum löndum. Þá þyrfti engar nefndir, sem ríkisstjórnin setti upp til þess að ráðstafa eignum manna, og það með þeirri hörku, að gert er ráð fyrir, að fé þetta sé sett með nauðungarlánum, ekki aðeins til ríkisins, heldur hreint og beint inn í ákveðin fyrirtæki.

Nú er mála sannast, að ef hæstv. ríkisstjórn hefði aðstöðu til að gera þetta — sem er ákaflega erfitt, vegna þess að stríðið er ekki enn þá búið, og því miður er ekki víst, að það verði svo fljótt búið sem menn vildu óska, — og þó að það verði búið innan skamms, þá eru litlar líkur til þess, að við Íslendingar verðum fremstir í röð þeirra, sem fá t. d. skip eftir stríð. Við höfum verið í friði á þessum stríðsárum, og það eru ekki líkur til þess, að við sitjum fyrir t. d. Norðmönnum, Dönum og Hollendingum og öðrum þjóðum, sem mest hafa liðið, um það að fá skip eftir stríð til okkar framleiðsluþarfa. Þess vegna er ekki víst, að þetta verði svo auðvelt fyrir hæstv. ríkisstjórn, þó að hún sitji nokkra mánuði við völd. En þetta eru hennar ráðagerðir. — Eftir því sem í Þjóðviljanum hefur staðið, þá mun vera tilætlun ríkisstjórnarinnar að kaupa mikinn fjölda járnskipa og tréskipa, og stjórnin á svo að bjóða bæjarfélögum, einstaklingum og hlutafélögum skipin til kaups. En ef það gengur ekki að selja þessum aðilum öll skipin, — þó það sé ekki mikið um það talað, — þá er auðséð, að meiningin er, að það verður að vera ríkisrekstur á þeim að einhverju leyti ásamt rekstri bæja, og það er lokatakmarkið, sem sósíalistar hugsa sér um íslenzka framleiðslu.

Nú vík ég að því, að kaupgjaldið er hjá okkur tiltölulega miklu hærra en hjá nokkurri þjóð hér í kring, og þar af leiðandi erum við ekki samkeppnisfærir við þær þjóðir um markaði. Og ef ekki verður borgað með t. d. okkar fiski úr ríkissjóði, má búast við, að markaður fyrir hann lokist. Og yfirleitt er búið svo að atvinnurekstri í landinu, að ekkert má falla í verði af afurðum til þess að ekki verði stöðvun í framleiðslu þeirra. Skipastóllinn getur orðið of stór fyrir þjóðina. Það getur vantað menn á ný og gömul skip og einkum markað eins og milli 1930 og 1940. Þá þarf ekki að búast við því, að sú auðsæld okkar, sem stríðinu fylgir, verði til þess, að þær úrþindu þjóðir, sem hart hafa verið leiknar í stríðinu, opni barm sinn algerlega gagnvart þjóð, sem hefur búið við sældardaga öll stríðsárin. Við höfum þannig enga tryggingu fyrir einum einasta markaði eftir stríð.

Og svo kemur önnur hlið á þessu, sem er rekstur inn á þessum nýja flota. Við skulum segja, þessi skip, sem keypt eru fyrir millj. kr. og flutt hingað til landsins, eru svo boðin út, fyrst einstökum mönnum og félögum, eins og hæstv. ráðh. tók fram. Þá finnst mér ekki óeðlilegt, að þeir segi: Íshúsin eru stöðvuð og öll skip eru stöðvuð, því að vinna, sem kostar hér 50 kr., kostar í Englandi 15 kr., við sjáum okkur þess vegna ekki fært að gera skipin út. Og án þess að ég vilji særa hæstv. forsrh., þá vil ég segja það, að hann veit vel, af því að honum er það mál sérstaklega vel kunnugt af eðlilegum ástæðum, að stærsta útgerðarfyrirtæki landsins hefur nú selt flest sín skip. Og án þess að ég sé nokkuð að lofa eða lasta þetta fírma, þá heur það þekkt sína góðu og vondu daga. Það hefur þekkt sína góðu daga. Og á árunum 1930—1940 voru þeir, sem fyrir því stóðu, húðskammaðir fyrir það að hafa lifað á bönkunum. Mér finnst ekki eðlilegt, að þessir menn hugsi, þegar atvinnureksurinn er dauðadæmdur: Við skulum lofa einhverjum öðrum að eiga skip nú; við erum búnir að fá nóg af útgerð

á undanförnum árum. — Ég er ekki að glettast við hæstv. forsrh., þó að ég segi þetta, heldur benda á, að stórt útgerðarfyrirtæki, sem er tengt honum og mest hefur borið á lengi, sem hefur haft ágæta aðstöðu og þaulreynda menn til forustu og hefur haft orð á sér fyrir vöruvöndun, meðan saltfiskur var framleiddur hér, þetta fyrirtæki hefur ekki séð sér annað fært en að draga sig í hlé nú og selja skip sín. Ég er ekki að hæla þessu. En þetta er rétt fjárhagslega séð, þegar litið er á útgerðarkostnað og verkalaun.

Færi nú ríkisstjórnin að bjóða út skip til kaups og menn vildu þau ekki, — þá eru þó hér í Reykjavík 45 þús. manns, kannske 50 þús., sem þykir gott að búa við hitaveituna og vilja ekki héðan fara og ekki annars staðar vera. Og við heyrðum það á boðskap ríkisstjórnarinnar, að hún vill, að öllum líði vel, sem er ekki nema fallegt. Og setjum svo, að fólkið hér í Reykjavík, sem ekki vill fara frá þægindunum, sem það hefur vanizt hér, segi: Nú langar okkur til þess, að bærinn geri út og ríkið geri út, því að við viljum vera hér, við viljum ekki fara út á útkjálka, o. s. frv. En þá stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd, að nú eftir það góðæri, sem verið hefur, hafa verið lögð fram fjárlög, sem teknir voru burt á 40 vegir. Hvernig halda menn þá, að það fari nú? Reykjavík og Hafnarfjörður standa mjög að þessari ríkisstjórn, og þar munu hv. kjósendur heimta það, að byrjað verði á þjóðnýtingu, þeirri stærstu, sem hér hefur þekkzt. Og þá gæti ég hugsað mér, að það færi að fara dálítið um þessa góðu sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn, sem eiga innstæður erlendis, og þá ágætu kommúnista, sem ega eitthvað af þessum 47 þús. bankabókum í Landsbankanum. Ég get hugsað mér, að þessir menn allir færu kannske að hugsa um, hvort það sé alveg áreiðanlegt, að þetta fyrirkomulag sé það bezta, og sömuleiðis, hvaða peningar það væru, sem æti að borga með rekstrarhallann af útgerðinni. Þó að það er ekki annað til þess að borga þann halla með en peningar þessara manna, og það er elki hægt að reka þessa útgerð öðruvísi en með því að eyða sparisjóðsinnstæðunum. Ég er of fáfróður til að vita, hvort það mundi taka eitt, tvö eða þrjú ár að eyða öllum sparisjóðsinnstæðum landsmanna þannig, en það yrði ekki miklu lengur, sem þær entust til þessarar eyðslu. — Það er kannske til ú afsökun fyrir hæstv. forsrh. viðkomandi því að leggja út á þessa braut, að hann hugsi sem svo: Það er ekkert álitlegt að gera þetta, en fólkið vill eyða þessu fé, það vill ekki spara, ekki lækka útlíðina; því má það þá ekki ráða og eyða þessu fé? Og ef það vill fella gengið niður í ekki neitt, þá bara missir það sínar bækur, — það hefur skammað okkur fyrir að standa okkur illa á kreppuárunum, — við skulum bara lofa því að eyða sínum peningum. — Þetta er kannske eina frambærilega afsökunin fyrir Sjálfstfl., því að þeir geta kannske búizt við, að það verði ekki friður fyrir áróðri fyrr en búið er að eyða öllum innstæðunum, sem ekki eru eign nokkurra ríkra manna í landinu, heldur fjölmargra landsmanna. Og svo, þegar búið er að eyða öllum innstæðunum — ef þessi stefna verður ofan á —, þá byrjum við aftur eins og Adam og Eva, þegar þau stóðu nakin og útrekin úr Eden; við verðum þá að fara að vinna aftur, að vísu ekki með blóði og e. t. v. ekki með tárum, en áreiðanlega með svita eins og í gamla daga.

Ég vil þá víkja fáeinum orðum að þessum stóru ráðagerðum hæstv. ríkisstjórnar frá því sjónarmiði, hvernig þetta allt er undir búið. Það er mála sannast, að ég hefði álitið, að það hefði þurft að hafa langar umr. og ekki minna en einar kosningar um það, sem hér er ætlazt til, að gert verði að þjóðinni fornspurðri.

Og hefur þá þessi sex manna stjórn sterka eða veika aðstöðu? Ég heyrði hæstv. forsrh. telja, að hún hefði mikinn þingstyrk, sem ég vil ekki efa, að hann hafi haft ástæðu til. Og ég vil ekkert segja um þessa mætu menn, sem hann hefur valið með sér í stjórnina, — sérstaklega úr borgaraflokkunum. Samt get ég ekki séð annað en að stjórnin sé veik. En ef maður athugar flokk hæstv. forsrh., þá getur verið, að hann sé þrískiptur í þessu máli. Ég vil ekki segja, að hann sé þríklofinn, en að hann sé þrískiptur í skoðun á stjórnarmynduninni, sem hér hefur átt sér stað. Það hefur ekki farið dult, að blöð Sjálfstfl. hafa verið allósammála um þetta. Vísir hefur haldið fram svipaðri skoðun og fyrrv. stj., að menn ættu að lækka dýrtíðina til að gera atvinnuvegina samkeppnisfæra, en Morgunblaðið hefur haldið sig á þeirri línu, sem núv. hæstv. stj. er á. Hér er um allmikinn ágreining að ræða, og er sýnilegt, að hann er ekki um menn, heldur málefni, svo að líklegt er, að Vísir styðji ekki hæstv. stj., heldur er sennilegt, að hann verði á móti henni, og fylgi hans hér í bæ er ekki svo lítið, þó að hann hafi ekki þingfylgi. Í öðru lagi hafa fimm af reyndustu þm. Sjálfstfl. sérstöðu til stjórnarmyndunarinnar, m. a. sá, sem lengsta þingsetu hefur af þeim, sem nú eru á þingi, hv. þm. Borgf. Enn fremur hæstv. forseti Sþ., sem kom jafnt honum á þing, þó að hann hafi ekki setið óslitið á þingi síðan, og einnig þrír aðrir reyndir þm. tregir að veita ríkisstjórninni brautargengi. Það er enginn vafi, að þessir menn eru ekki á móti hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh., ég hygg þvert á móti, að þar á milli sé góð vinátta, en þeir eru á móti stefnu stjórnarinnar, sem ég hef nú gagnrýnt. Þess vegna vík ég að því aftur, að þetta er veikleikamerki, að annað stærsta blað flokksins sé á öndverðum meiði við stj. og að fimm af tuttugu þm., sem njóta mikils álits í sínum flokki og utan flokksins sumir, vilja ekki styðja þessa stefnu. Náttúrlega er eftir meiri hluti þingflokksins, en samt er þetta mikið áfall fyrir hæstv. forsrh., sem hefur sýnt óvenjulega mikla lagni við að halda flokknum saman og hefur alltaf tekizt það þangað til nú. Það hafa aldrei komið mál, sem flokkurinn hefur klofnað um á svo áberandi hátt sem þessi þjóðnýtingarplön, sem nú liggja fyrir.

Þá er það einnig mikið veikleikamerki, að Alþfl. er áreiðanlega mjög skiptur um, hvort þetta sé

rétt leið. Ég efast ekki um, að ráðh. flokksins muni njóta persónulega mikils trausts í flokknum. Hitt dylst engum, að meðal leiðandi manna í flokknum var það mikil andúð gegn því að ganga í þessa stjórnarmyndun, að margir þeirra gerðu sér von um að sleppa frá þessu samstarfi. Þá er líka veikleiki í hinni eitruðu sambúð milli Alþýðublaðsins og Þjóðviljans. Eru þar harðar ásakanir á báða bóga, landráð það vægasta, sem á andstæðingana var borið. Er torskilið, hvernig stjórn á að starfa með slíkum stuðningi.

Ég er svo ókunnugur í flokki kommúnista, að ég ætla ekkert að segja um, hvort sams konar ágreiningur er þar, og veit ekki um, hvort skoðanamunur er þar tilfinnanlegur. En flokkurinn á ákaflega duglega „agitatora" og undirróðursmenn. Mér dettur ekki í hug að draga af þeim, að þeir eru langsniðugastir í „agitationum" og áróðri af öllum flokkum á Íslandi. Þeim hefur líka orðið tiltölulega vel ágengt, enda hafa þeir byggt á tækni, sem þeir hafa fengið frá sínum alþjóðlega félagsskap utan lands, og er sú áróðurstækni hin fullkomnasta og betur til þess fallin að ná árangri um stundarsakir en sú, sem hinir flokkarnir hafa.

En um leið og ég viðurkenni þessa yfirburði, þá get ég ekki séð, að í þessum flokki séu margir menn, sem væru líklegir til að geta veitt forstöðu þessum stóru fyrirtækjum, sem hér á að leggja í, heldur einmitt það gagnstæða. Flokkurinn hefur einbeitt kröftum sínum í að rífa niður og hefur náð þar miklum árangri. Ég get í því sambandi ekki komizt hjá að minnast á mína persónulegu reynslu af einum dugandi manni í þessum flokki, hv. 2. þm. Reykv., áður en hann kom þeim klofningi í Alþfl., sem byrjaði 1930. Við unnum þá nokkuð saman og áttum að ýmsu leyti allgóða samvinnu um stundarsakir, þó að mér hafi verið ranglega kennt, að þessi hv. þm. varð einn af forstjórum síldareinkasölunnar á Siglufirði. Ég hef kannske átt einhvern þátt í því, en ekki eins mikinn og andstæðingar mínir vilja vera láta. Mín reynsla var sú, að nokkra stund lagði þessi framkvæmdastjóri sig talsvert vel fram við að gera gagnlega hluti. En smátt og smátt fór tvíklofningur að gera vart við sig, og hann varð „agitator" part af tímanum og framkvæmdastjóri þess á milli. Þess vegna notaðist ekki af hans gáfum. Niðurstaðan af þessum rekstri, sem var engan veginn eingöngu honum að kenna, en stafaði mikið af þessum tvískiptingi, varð því mjög í samræmi við það, sem hans flokkur óskar eftir að verði um borgarafyrirtæki. Ég geri ráð fyrir, að úr því þessum hv. þm., sem ég þekki einna bezt af þm. flokksins, lánaðist ekki betur en þetta þrátt fyrir marga góða kosti, af því að hann hafði þessa pólitísku skoðun og vantaði ekkert annað en að vera borgaralega sinnaður, þá sé margur vantrúaður á, að minni mennirnir, sem aldrei hafa reynt að vinna ábyrgðarstörf, verði færir um að standa fyrir stórum fyrirtækjum. Og án þess að ég vilji tala illa um fylgismenn hæstv. forsrh., sem margir eru vanir „business"-menn fyrir sjálfa sig, þá hygg ég, að suma þeirra vanti margt til, að þeim sé eðlilegt að vera framkvæmdastjórar fyrir almannaframkvæmdum, sem hér á að koma á fót. Ég vil í því efni benda hæstv. ráðh. á, að eitt af þeim fáu atriðum, sem hægt er að benda á, þar sem Jóni Sigurðssyni skjátlaðist í pólitískri dómgreind, er það, þegar hann áleit, að það væri eðlilegt í verzlunarbaráttunni, að íslenzkir kaupmenn legðu sína þekkingu í að koma upp félögum eins og þeim, sem við nú köllum samvinnufélög. Þetta var eðlilegt frá sjónarmiði Jóns eins og hann var sjálfur, en það lánaðist engum kaupmanni nein tilraun til að vinna á þann hátt, sem þessi mikli leiðtogi ætlaðist til, af því að þeir höfðu annað viðhorf. Þess vegna hygg ég, að það mundi verða mikil sorgarsaga, ef hæstv. forsrh. lánaðist að fá upp þessi þjóðnýtingarfyrirtæki, en vantaði menn, sem hefðu nauðsynlega þekkingu og það rétta hugarfar til að standa fyrir rekstri þeirra.

Ég býst við, að þegar burt eru rokin áhrifin af þeirri ástæðulausu bjartsýni, sem kom fram í ræðu hæstv. forsrh., þá komi fram alvarlegra viðhorf hjá borgurunum en hann gerir ráð fyrir. Það er ekki ósennilegt, þegar menn, sem eiga fjárhagslegan árangur sinn af fimm ára sparnaði í bönkum og sparisjóðum, athuga, hvað þeim er hér boðið, þá komi fram uggur um fé þeirra. Það getur farið svo, að þeir reyni að koma fé sínu til útlanda, og reynslan er sú, að það er alltaf hægt að koma nokkru fé til útlanda. Hitt er þó hættulegra, ef fólk hefur ekki trú á innstæðunum og eyðir peningum sínum í alls konar ónýta hluti. Þetta er afskaplega hættulegt, kannske eitt af því allra ískyggilegasta við þessa ráðagerð, sem hæstv. forsrh. hefur lýst, að það muni skapast ótti hjá mönnum við að vinna, spara og eiga innstæður, af því að þær verði hvort sem er að engu.

Þá vil ég ekki heldur draga dul á það, að ég hef enga trú á, að neitt af þessum plönum muni lánast. Ég álít, að fólkið sé ekki undir þetta búið. Það hefur ekki verið hægt í neinu landi að koma á svona stórfelldri þjóðnýtingu nema með hervaldi og leynilögreglu. Við óskum ekki eftir, að slíkt þyrfti að koma yfir þá þjóð, sem er einna minnst af öllum þjóðum fyrir að láta stjórna sér. Það mun því reynast bæði hæstv. stj. og öðrum, að Íslendinga langar ekki til að fá stj. eins og þá, sem hér er ráðgerð.

Þá kemst ég ekki hjá að minnast á eitt atriði, sem að vísu var ekki tekið til rækilegrar athugunar í ræðu hæstv. forsrh., en það eru utanríkismálin. Hann óskaði eftir menningarsambandi við Norðurlönd og lét liggja að því, að Íslendingar ættu að öðru leyti að leita verndar hjá væntanlegu alþjóðasambandi. Fór hann um þetta þeim orðum, að þar gætti sýnilega áhrifa frá kommúnistum, stuðningsflokki hans. Það er vitað, að fyrir kommúnistum vakir sú hugsjón að geta komið á þjóðnýtingu um allan atvinnurekstur hér á landi og að verða í sem allra nánustu sambandi við ráðstjórnarlýðveldið rússneska. Þjóðræknir og vel viti bornir Íslendingar óska eins og hæstv. forsrh. vinsamlegra skipta við Norðurlönd. Hitt er slíkum mönnum ljóst, að

Norðurlönd eru vanmáttug til að bjarga Íslandi í ófriði, eins og sést á því, að tvö af Norðurlandaríkjunum stynja nú undir hinni mestu kúgun framandi herþjóðar, ekki fyrir þeirra eigin tilverknað, heldur sökum mannfæðar og veikleika á hernaðarvísu samfara ásókn og ranglæti ósvífins herveldis. Á hinn bóginn eru tvö stórveldi, England og Bandaríkin, sem hafa verið bjargvættir í mestu vandamálum þjóðanna að því er snertir hervernd. Þeir menn hér á landi, sem vilja í þessu efni leita eftir bandalagi og vernd Rússa, verða að gera sér grein fyrir því, að Rússar hafa meira en nóg með að „vernda“ nokkrar nágrannaþjóðir sínar, svo sem Finna, Eystrasaltsríkin þrjú, Pólland og Balkanríkin. Þessi ríki liggja að Rússlandi, og þar fá Rússar gott tækifæri til að koma fram sem verndarar frjálsra smáþjóða. En það eru vesturveldin, England og Bandaríkin, sem Norðurlandaríkin öll, þar á meðal Ísland, hljóta að líta á sem sína vini og verndara. Þetta er ekki nýjung, ef við athugum viðburði sögunnar. Snemma á 17. öld komu hingað til lands víkingar sunnan úr löndum, rændu hér fólki og fé og beittu miskunnarlausri grimmd við varnarlaust landsfólk. En eftir þann tíma hverfa allir víkingar af hafinu kringum Ísland. Hvers vegna? Ekki var það okkur að þakka, við vorum þá eins og nú vopnlausir og áttum engan hernaðarflota. En í suðurátt frá Íslandi bjó þjóð á annarri eyju, skilin frá meginlandinu með þröngu sundi. Þessi þjóð hefur verndað frelsi sitt öldum saman og um leið skapað meginhlutann af því frelsi, sem til er í heiminum. Englendingar urðu drottnandi þjóð á Atlantshafinu og tóku sér þar lögregluvald óumbeðið. Íslendingar hafa á heimsmálavísu lifað í skjóli brezka flotans frá Tyrkjaráninu og fram til þess dags, er samningarnir voru gerðir við Bandaríkin um hervernd vorið 1941. Þarf ekki að eyða að því orðum, að bæði landfræðilega og sögulega eru Bretar sú eina Evrópuþjóð, sem getur verið verndari okkar Íslendinga. Hákon Noregskonungur og Nygaardsvold forsætisráðherra Norðmanna hafa lýst því yfir hiklaust, að norska þjóðin muni, eftir að þessari styrjöld lýkur, halda við vináttusambandi milli Noregs, Englands og Ameríku. Þeir álíta slíkt samkomulag óhjákvæmilegt til að tryggja sjálfstæði Noregs. Aðstaða okkar Íslendinga er sú mitt í Atlantshafinu, að við erum nábúar bæði Breta og Bandaríkjamanna, og þó að kynni okkar við Vesturheim séu skemmri en við England, þá hafa þau engu að síður verið mjög þýðingarmikil. Frá Ameríku höfum við fengið nálega allan þann stríðsgróða, sem landsmenn illu heilli deila nú um svo harðlega. Við leituðum til Bandaríkjanna um vernd í samráði við ensku stjórnina og gerðum um það sérstakan samning í yfirstandandi heimsstyrjöld. Ef engilsaxnesku ríkin bíða ósigur í þeirri styrjöld, sem nú er háð, þá er um leið úti um stjórnfrelsi Íslands. En ef þessar þjóðir sigra, sem allir frelsisunnandi menn vonast eftir, geta Íslendingar stjórnað málum sínum sjálfir í fullkomnu frelsi, svo framarlega sem þjóðin kann fótum sínum forráð. Ég vil þess vegna gagnrýna hæstv. ráðh. fyrir að hafa ekki í ræðu sinni gengið hreint til verks og látið það koma ljóst fram, sem ég þykist vita, að sé þó hans skoðun, að það sé ekki til fyrir Íslendinga nema ein stefna í utanríkispólitík að því er snertir vernd landsins, og það er sú, að Íslendingar hafi sem mest vinsamleg og varanleg skipti við Breta og Bandaríkin og njóti á styrjaldarárum herverndar annarrar hvorrar þessarar þjóðar eða beggja. En við Rússa höfum við aðeins eitt svar, og það á að vera á þessa leið: Þið eruð mikil þjóð og voldug. Þið hafið valið ykkur nýja og sérkennilega stjórnarhætti, sem geta átt við ykkar þjóð og þjóðhætti, en eru mjög framandi íslenzku þjóðinni. Í nánd við ykkur búa margar smáþjóðir, sem þurfa verndar við á hættutímum eins og við Íslendingar. Sýnið í skiptum við nábúa ykkar, að þið séuð vel fallnir til að vernda frelsi og sjálfstæði þessara þjóða. En við Íslendingar heyrum að uppruna og menningu til vesturþjóðunum. Við viljum fylgjast með þeim eftir vandasömum leiðum heimsstjórnmálanna á ókomnum árum.

Ég vil ekki enda þessi orð án þess að víkja að öðru, sem mér er hugðnæmara en að gagnrýna þessa nýju stjórn, sem hefur tekið að sér mikinn vanda og er ekki öfundsverð af þeirri byrði. Þar sem mér sýnist líklegt, að sú stefna, sem mér finnst furðulegt, að hæstv. forsrh. skuli hafa í huga, mæti nokkurri andstöðu, sem hann hefur nú líka fengið allalvarlega áminningu fyrir með sérstöðu nokkurra náinna vina hans, þá vil ég taka fram, að ég hygg, að þessi stjórnarmyndun, sem ég óska, að þeir hefðu ekki lent í, megi samt, úr því að gengið var út í þennan háska, verða til nokkurs góðs. Og það gott, sem ég vil af þessu hafa, er, að nokkur andleg átök verði um þá stefnu, sem hér hefur verið tekin, en upp úr þeim átökum þarf að spretta allsherjar viðurkenning á þeirri stefnu, sem þjóðin hefur fylgt í þúsund ár, þar sem byggt hefur verið á einstaklingsframtaki og frelsi einstaklinganna.

Þess hefur orðið vart, að stór hópur af dugandi mönnum hefur hafið andóf gegn hæstv. stj. Vil ég þar fyrst og fremst víkja að þeim fundi, sem haldinn var nýlega í Rangárvallasýslu, sem er þannig skipuð, að kjósendur þar hafa verið framsóknarmenn og sjálfstæðismenn nálega að jöfnum hlutum og eru það sjálfsagt ennþá.

Það er vitað af líkum, að þeim hluta bænda, sem fylgir Framsfl. að málum, muni ekki líka þessi stefna. Á þessum fundi, sem hv. 2. þm. Rang. hélt á sunnudaginn var, þar var kominn vinsæll maður úr ríkisstj., hæstv. fjmrh. Það mun ekki hafa leynt sér þar, að þrátt fyrir það, að fundarmenn væru mjög vingjarnlegir við hann, þá létu þeir ótvírætt í ljós skoðun sína á móti honum, og enn fremur sýndi það sig við atkvgr., að þeir töldu það eðlilega afstöðu, sem hv. 2. þm. Rang. hefur tekið. Ég þori að fullyrða, að þessi alda hefði verið algerlega óhugsandi í Rangárvallasýslu, ef ekki hefði verið um þetta þjóðnýtingarspursmál að ræða. Sjálfstæðismenn í Rangárvallasýslu

hafa verið einhverjir tryggustu fylgismenn og flokksbræður hæstv. forsrh. En svo má lengi brýna — ég vil ekki segja deigt járn, því að það er ekki deigt í Rangæingum, — en það má fara svo langt af leið, að jafnvel tryggir fylgismenn stingi fótum við, og á eftir Rangæingum munu koma bændur um allt land bæði til sjávar og sveita. Þetta er ekki langt komið enn, en það gagn, sem ég vil vona, að verði af þessari djarflegu stjórnarmyndun, er, að fram fari harðar umr. og skoðanakönnun á næstu vikum og mánuðum, svo að ekki sé meira sagt, um þessar tvær stefnur, þá, sem íslenzka þjóðin hefur búið við hingað til, þar sem byggt hefur verið á framtaki einstaklinganna, og þessari nýju stefnu hæstv. stj., og ég álít, að það, sem hefur hingað til verið ólán verkalýðsstéttarinnar, sé það, að hún hafi unnið of auðvelda sigra. Ég vænti, að nú komi upp, ekki óeðlileg, heldur skipulega upp byggð mótstaða til sjávar og sveita, ekki móti þessari hæstv. stj., sem ég geri ekki ráð fyrir, að starfi svo lengi, heldur á móti þeirri pólitík, sem hæstv. stj. hefur tekið að sér með svo mikilli bjartsýni. Það er út frá því sjónarmiði, sem ég vil, um leið og ég harma, að hæstv. forsrh. skuli hafa lent út á þessa nokkuð vafasömu braut, vænta, að þessi háskaför verði honum ekki að aldurtila á neinn hátt, heldur til þess, að hinn borgaralegi hluti þjóðarinnar safnist til skipulegrar varnar um borgaraleg sjónarmið og samstarf og komi frá þeirri baráttu sterkari og í betra jafnvægi en hann hefur verið í áður í okkar landi.

Forsrh. (Ólafur Thors): Þegar núverandi stj. var tilkynnt á Alþ. s. l. laugardag, var upplýst, að þrjátíu og tveir þm. styddu stj. Elzti þm. þessa hóps flutti ríkisstj. einkar hlýja kveðju og lýsti skilningi stuðningsmanna hennar á þeim vanda, sem hennar biði, og vilja stuðningsmannanna til að greiða götu stj. í hvívetna og að standa sem fastast með henni. Formaður þingflokks Framsfl. lýsti í hóflegri ræðu afstöðu Framsfl. og kvað flokkinn vantrúaðan á, að stj. fengi leyst þann vanda, sem hún hefði sér á herðar lagt. Hv. 2. þm. Skagf. lýsti yfir f. h. fimm nafngreindra þm. úr Sjálfstfl., að þeir bæru ekki ábyrgð á stj. og hefðu óbundnar hendur gagnvart henni. Með þessu var dregin upp alveg skýr og ótvíræð mynd af afstöðu Alþ. til stj. Ég veit ekki til, að það svo mikið sem leiki grunur á, að nokkur hlutur hafi breytzt í þessum efnum. Samt sem áður er nú borin hér fram af hv. þm. S-Þ. vantrauststill. þegar á 3. eða 4. degi ríkisstj. — Allir hv. alþm. og raunar þjóðin öll skilur, að þetta hlýtur að vera gert fyrst og fremst í þeim tilgangi að nota útvarpið til flutnings á hinni löngu, en ekki að sama skapi sannsöglu grg. þáltill. og til þess að reyna að nota Alþ. sem vettvang illvígra deilna, gersamlega að ástæðulausu.

Ríkisstj. veit, að þjóðin hefur fengið alveg nóg af deilum í bili. Ríkisstj. veit, að Alþ. réttir nú ekki hlut sinn með rifrildi, heldur með jákvæðum aðgerðum. Ríkisstj. vill þess vegna engan stuðning veita hv. flm. þessarar vantrauststill. í fyrrgreindum ásetningi hans og lætur sig engu skipta ádeilur hans og rökvillur.

Ég skal þó aðeins leyfa mér með tveim eða þrem setningum, ádeilu- og áreitnislausum, að gereyða hinni löngu ræðu hv. þm. S-Þ. Ef umbúðunum er svipt af, þá stendur aðeins eftir þessi kjarni:

Í fyrsta lagi: Ríkisstj. ætlar að byggja framleiðslutæki fyrir 300 millj. kr., án þess að tryggt sé eða jafnvel líklegt, að þessi fyrirtæki geti borið sig. Af þessu hlýtur að leiða, segir hv. flm., byltingu og hrun í þjóðfélaginu. — Má ég leyfa mér að minna þennan hv. alþm. á, að hans eiginn flokkur gerir um þetta till., sem í því einu að verulegu leyti sýnist víkja frá till. okkar í ríkisstj., að hv. Framsfl. ræðir þar um 460 eða 480 eða 490 millj. kr. í þessu efni í stað 300 millj. kr., sem við ræðum um. Ég vil ráðleggja þessum hv. þm. (JJ) að byrja á því að bera fram svartsýni og gagnrýni innan sinna eigin flokkslegu heimilisveggja í þessum efnum. — Þessi er önnur og kannske aðalhlið hans löngu ræðu.

Hin er, að hann spyr mig: Hvernig getur forsrh. varið það að vinna í bandalagi við sósíalista? Ég skal tala við þennan hv. þm. á máli, sem hann skilur. Ég hef gert bandalag við verri mann en meðráðh. mína nú og sem ég hef minni ástæðu til að treysta en öllum sósíalistum til samans. Og það bandalag hefur blessazt þannig, að það veitir mér sannfæringu um, að það sé skylda mín að gera það bandalag, sem þjóðarnauðsyn býður mér að gera við mína hörðu andstæðinga, sósíalistana. — Ég vona, að þetta nægi til þess að létta áhyggjum af hv. þm. S-Þ.

Ég vil ekki gera hans stefnu í utanríkismálum að umtalsefni nú, og ég álít ekki rétt af honum að vera með slíkar yfirlýsingar sem hann hefur verið hér með í þeim efnum. Enda hefur það verið venja að tala um utanríkismál í öðrum tón en mál, sem snerta aðeins okkur sjálfa hér í landinu.

Ég þakka fyrir þær áhyggjur, sem hv. þm. S-Þ. hefur haft vegna mín og míns flokks út af því að ganga til samstarfs við sósíalista í ríkisstj. í sambandi við að geta haldið saman Sjálfstfl. — Ég vona þá líka, að honum takist að halda vel saman þeim flokki, sem hann hefur svo lengi verið formaður í.

Jón Sigurðsson: Herra forseti. — Fyrir hönd okkar eftirgreindra þm., þeirra Gísla Sveinssonar, Ingólfs Jónssonar, Jóns Sigurðssonar, Péturs Ottesens og Þorsteins Þorsteinssonar, vil ég leyfa mér að taka eftirfarandi fram:

Með því að sýnt er, að vantrauststillaga sú á ríkisstjórnina, sem hér liggur fyrir, er ekki borin fram í því skyni, að hún nái fram að ganga, þar sem vitað er, að ríkisstjórnin hefur, eins og nú stendur, meiri hl. þings að baki sér, þá munum við, þótt við séum ekki stuðningsmenn stj., eins og áður hefur verið lýst, ekki taka þátt í atkvgr. um þessa till.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég mun ekki blanda mér í þær umr., sem hér hafa farið fram á milli þeirra hv. þm. S-Þ. og hæstv. forsrh. Ég stóð aðeins upp til þess að lýsa yfir því fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna, sem nú skal greina:

Þegar núv. ríkisstj. tók við, kom greinilega fram, hverjir hv. þm. styðja ríkisstj. og hverjir eru í andstöðu við hana. Forsrh. lýsti því þá yfir, að 32 þm. úr þremur þingflokkum styddu ríkisstj. 5 þm. úr Sjálfstfl. gáfu yfirlýsingu um, að þeir styddu ekki stj. Af hálfu Framsfl. var því þá yfir lýst, að flokkurinn væri í fullri andstöðu við ríkisstj. Síðan ríkisstj. tók við völdum eru liðnir örfáir dagar, og ekkert hefur það gerzt, sem gefur minnsta tilefni til að telja, að afstaða alþm. til stj. hafi breytzt enn sem komið er. En ef gera mætti ráð fyrir því, mundi Framsfl. hafa beitt sér fyrir flutningi vantrauststillögu.

Framsfl. telur því till. þessa óþarfa og tilgangslausa, enda er hún flutt án vitundar flokksins eða samráðs við hann.

Afstaða Framsfl. til ríkisstj. er að öllu hin sama og yfirlýst var fyrir nokkrum dögum, þegar hún tók við völdum, en af framangreindum ástæðum mun flokkurinn láta afskiptalausa afgreiðslu þessarar till. og ekki taka þátt í atkvgr. um hana.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. Ég get nú beðið betri tíma um að fræða hæstv. forsrh. um ýmislegt, sem hann nú á þessu stigi sennilega vill heldur láta hjá líða að tala um. En ég ætla þó að benda á það, að hann getur náttúrlega haldið því fram hér í kvöld, að ekki komi neinum öðrum við stefna hans og hans flokks, sú sem hann hefur lýst. En ég held, samt sem áður, að hún geri það. Og ég vil aðeins endurtaka það, að hann, sem er vitanlega mjög vaskur ræðumaður, mundi áreiðanlega hafa reynt frammi fyrir Alþ. að nota fyrsta tækifærið, sem gafst, til þess að skýra afstöðu sína, sem er svo nýstárleg, ef honum hefði þótt það auðvelt verk. — Ég hef þess vegna náð því, sem ég ætlaði mér með þessari þáltill., að fá ljósa mynd af afstöðu hans og hans flokks. Ég hef bent á þær mörgu veilur, sem eru í stuðningi flokkanna og einstakra manna á þingi við þessa nýjung, að nokkrir hv. þm. úr úrvalsliði hæstv. forsrh. geta ekki fylgt honum í þessu máli. Og einmitt þetta er bending til þjóðarinnar um, að hér er að gerast eitthvað annað en það, að hér er að koma ný ríkisstj. Það er líka að skapast nýtt viðhorf í raun og veru í landinu, það er að mótast ný stefna, sem hæstv. ríkisstj. hallast að.

Það er misskilningur hjá hæstv. forsrh., að ég hafi nokkra löngun til þess að hafa í þessu efni nokkra sérstaka aðstöðu hjá útvarpinu, vegna þess að ég óska yfirleitt ekki annars en þess, sem hér verður, að ég hef rökrætt alvarlegt og stórt mál. En það virðist ekki henta ýmsum góðum mönnum að rökræða það verulega. Og það skil ég vel, þótt ég segi ekki neitt harðyrði um það, hvernig á því stendur. En mér hefur ekki komið í hug, að útvarpið komi mínu máli til framdráttar, — það er útilokað, því til þess þekki ég of vel afstöðu útvarpsins. Því að það hefur tvisvar meinað Búnaðarfélagi Suðurlands að fá birtar till. sínar óbjagaðar. Og þessir 5 flokksmenn hæstv. forsrh. hafa ekki fengið að gefa út í útvarpinu yfirlýsingu um, að þeir styddu ekki ríkisstj. Ofbeldið og ranglætið hjá þeirri stofnun er á því stigi, sem þessir 5 hv. þm. hafa orðið fyrir. Þess vegna er ég allt of kunnugur því, hvernig útvarpið er nú brúkað, til þess að ég geri mér nokkra von um það, að það vilji sýna góðu og réttu máli hlutleysi.

Hæstv. forsrh. taldi það vera sönnun fyrir sínu máli um hin stóru þjóðnýtingarplön, að Framsfl. — tveir menn úr honum — hefðu borið fram till. um vissar ráðstafanir á erlendum innstæðum landsmanna. En ég vil benda hæstv. ráðh. á, að þeir þm. Framsfl. eru algerlega í andstöðu við ráðagerðirnar í hans ræðu. Það hefði verið óhugsandi að fá Framsfl. til þess að styðja harðvítugar framkvæmdir eftir stefnuskrá þeirri, sem hæstv. ráðh. kom hér með. Hvað sem einstakir hv. þm. kunna að gera till. um gagnvart meðferð á þessu fé, þá væri það óhugsandi eftir stefnuskrá, sem er álíka útfærð og hjá kommúnistum. — Hæstv. forsrh. reynir að komast of auðveldlega fyrir sjálfan sig frá þeim hluta sinnar stefnuskrár, sem ég hef vikið að. Og hann mun eiga við þá mótstöðu að glíma miklu víðar og kröftuglegar en ég hef haft aðstöðu eða löngun til að láta koma fram á þessu kvöldi.

En hitt, að hann hafi einhvern tíma gert bandalag — sem hafi lánazt mjög vel — við einhvern tiltölulega hættulegan mann, og þó bjargazt vel úr því bandalagi áður fyrr, sannar ekki, að svo fari nú. Þá átti hann við Íslending, en nú á hann við fimmtu herdeild Rússa á Íslandi. Enginn lýðræðismaður í nokkru landi hefur fram að þessu komizt ómeiddur úr samneyti við bolsévika. Hæstv. ráðh. getur athugað sundför kafarans í kvæði Schillers, ef hann vill rannsaka heljarstökk í heimi bókmenntanna.

Út af ræðu hv. 2. þm. Skagf. vil ég segja, að það er ánægjulegt að vita, að hann snýst í þetta einmitt á sama hátt og hann gerir. Hann lýsir yfir vantrausti á stj. fyrir sína menn, þó að hann segist ekki þurfa að taka þátt í afgreiðslu till., af því að það sé alkunnugt, hver afstaða hans og þeirra fimm sjálfstæðismannanna sé til ríkisstj. — Og sama segir hv. 2. þm. S-M. — En ég hef samt sem áður grun um, að þjóðinni muni finnast undarlegt, að einmitt þegar þessi stórfellda stefnubreyt. kemur fram, þá skuli Framsfl. ekki sjá ástæðu til þess að snúast til varnar móti aðsteðjandi hættu fyrir borgaralegt líf í landinu. Grunar mig, að þar komi til greina nokkur skapgerðarveila, sem stafar af því, að núverandi leiðtogar Framsóknar hafa síðan 1942 leynt og ljóst sótt á að mega stýra landinu með kommúnistum. Hefur hv. 2. þm. S-M. orðið að gína yfir höddunni af blótreyk byltingarliðsins og er orðinn helzt til mikið andlega skyldur því af löngu samneyti. Þessum hv. þm. þykir sem ég muni nokkuð liðfár á þessu málaþingi. En ég er vanur að fylgja réttum málum án þess að spyrja um liðsmannatölu, og hefur það jafnan gefizt vel. Hefur einnig á þeim vettvangi orðið gæfumunur milli

hans og mín. Vil ég nefna eitt dæmi um, að sá hefur oft beztan hlut, sem þorir að standa einn. Sumarið 1939 kom Stauning hingað til lands og dvaldi alllengi í því skyni að rannsaka, hvort Íslendingar mundu ætla að skilja við Dani eftir 1941. Lagði Stauning mikla stund á að kynnast skoðun áhrifamanna í þingflokkunum, en hafði einna mest samneyti við *núverandi formenn Framsfl.* Þegar Stauning kom til Danmerkur, sagði hann við blaðamenn í landi sínu, að Íslendingar vildu ekki skilja við Dani. Það væri ég einn, sem vildi, að þjóðin fengi fullt frelsi. Nú hefur hjól gæfunnar snúizt mér í vil. Þeir, sem sögðu forsætisráðherra Dana, að þjóðin kærði sig ekki um fullt frelsi, hafa orðið að snúa af sínum óhappavegi og samþykkja frelsið. Svo mun fara í þetta sinn. Ef ég verð einn til að mótmæla opinberlega þátttöku fimmtu herdeildar manna í ríkisstj. á Íslandi, þá þarf ég ekki að kvíða dómi framtíðarinnar, heldur þeir, sem standa að þessu ógiftusamlega samkomulagi og vita, að rangt er stefnt, en hafa ekki til að bera þann karlmennskukjark að beitast fyrir réttum málstað.

ATKVGR.

Tillgr. felld með 31:1 atkv., að viðhöfðu nafnakalli og sögðu

já: JJ.

nei: KA, LJóh, LJós, MJ, ÓTh, PM, SigfS, SB, SG, SEH, SK, STh, StJSt, StgrA, ÞG, ÁkJ, ÁÁ, BG, BBen, BrB, EOl, EE, EmJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, JakM, JPálm.

JörB, PHerm, PZ, PÞ, PO, SkG, SvbH, ÞÞ, BSt, BÁ, EystJ, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JS, GSv greiddu ekki atkv.

3 þm. (SÞ, GG, JJós) fjarstaddir.

Till. þar með fallin.

Þingsályktunartillögur afgreiddar með rökstuddri dagskrá.

1. Afkoma sjávarútvegsins.

Á deildafundum 8. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um athugun á framleiðslukostnaði sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins (A. 31).

Á 14. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Eins og nægilega er kunnugt, fór svo hér í landi, að verðbólgan fékk að flæða yfir landið nokkurn veginn óhindrað um langan tíma, og varð það til þess, að verðlag hækkaði mjög mikið og er nú orðið margfalt við það, sem það var fyrir stríð. Allur framleiðslukostnaður hefur líka hækkað jöfnum höndum og kaupgjaldið. Kapphlaupið að ná sem mestu af þeim peningum, sem um landið hafa flotið, hefur orðið til þess, að kaupgjald og verðlag er orðið margfalt við það, sem áður var. Nú er það líka kunnugt, að margir landsmenn eiga afkomu sína undir sölu úr landi og geta því ekki tekið þátt í þessu kapphlaupi innan lands, sem er um verðlag og kaup. Hér eiga þeir hlut að máli, sem reka sjávarútveg og stunda sjó og taka fyrir vinnu sína hlut í afla, og líka bændastéttin að því leyti, sem hún selur vörur á erlendan markað.

Framan af styrjöldinni var mjög góð afkoma fyrir þá, sem stunda fiskveiðar og seldu fisk úr landi. Meðan verðlagið hafði ekki hækkað mjög í landinu, var afkoma þeirra mjög góð. En eftir því, sem verðbólgan óx, hefur aðstaðan auðvitað versnað hjá þeim, sem þurfa að byggja á erlendu verðlagi á fiski. Raunar hafði fiskverðið verið hækkað með samningum, t. d. síðast þegar um það fékkst til þokazt, þá var það hækkað úr 35 aurum upp í 45 aura, en síðan þessi hækkun átti sér stað, hefur verðbólgan í landinu vaxið svo mjög, að menn voru miklu verr settir en þeir höfðu áður verið með lægra verðinu. Síðan hefur ekkert fengizt um þokazt í þessum efnum þrátt fyrir ítrekaðar umleitanir.

Hvað sem afkomu einstakra útgerðarfyrirtækja líður, þá er það víst, að afkoman í heild hefur versnað mjög frá því, sem var um tíma, og það er víst, að tekjur margra fiskimanna, sem taka hlut í afla, eru ekki orðnar í samræmi við kaupgjald í landinu og tekjur manna af atvinnurekstri. Þó að menn viti ofur vel, að þessu er þannig varið, verður að játa, að það liggja ekki fyrir um þetta glöggar skýrslur, en það finnst mér mikill skaði, því að öll þau atriði hljóta mjög að dragast inn í málið, þegar um það er rætt, hvernig ráða skuli fram úr þeim vandkvæðum, sem þjóðin hefur ratað í. Mér finnst því mjög nauðsynlegt, að nú fari fram athugun á því, hversu nú er háttað um þessi mál, um afkomu sjávarútvegsins og þeirra, sem sjó stunda. Enn fremur þarf að rannsaka, hvernig lækkun dýrtíðar í landinu mundi verka á verðþarfir sjávarútvegsins og atvinnu þeirra, er hann stunda. Ég sé ekki eins og nú horfir, að það megi dragast að hefja þessa rannsókn. Árangur þessarar hlutlausu athugunar þarf að liggja fyrir, þegar að því kemur, að ómögulegt verður að draga að gera ráðstafanir til að koma atvinnuveginum aftur á fastari grundvöll en nú. Án hennar verður enginn grundvöllur fundinn, þegar fast þarf á þeim málum að taka.

Nú má ýmislegt um það segja, hvernig heppilegast sé að velja menn í n. til slíkrar rannsóknar. Ég sting upp á fjórum mönnum, sé ekki þörf á oddamanni. Fyrst og fremst á þar að vera hagstofustjóri til þess að tryggja vísindalega vinnuaðferð ásamt hlutlausri athugun. Í öðru lagi er fulltrúi samkv. tilnefningu Fiskifélags Íslands, og má gera ráð fyrir, að hann hafi ýmiss konar sérþekking á sjávarútvegi, en í þriðja lagi fulltrúi Alþýðusambands Íslands, og má ætla, að hann hefði nokkra kunnleika á viðhorfi fiskimanna. Loks yrði einn skipaður af ríkisstj. án tilnefningar og mundi hafa hina sömu hlutlausu afstöðu til málanna og hagstofustjóri. Um þessa tilhögun mætti deila, en mér virðist því þannig vera allvel fyrir komið.

Ég óska, að till. verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég ætla ekki að sinni að ræða efni till., heldur það, á hvaða grundvelli hún er réttlætt og hvernig hún og fyrsta dagskrármálið (6. mál, Sþ.) eru borin hér fram. Flm. þessarar og 1. flm. þeirrar till. eru ásamt fleirum í mþn. í sjávarútvegsmálum til að vinna einmitt svo að segja alveg sama verkið, sem nú á að setja nýja n. eða nefndir til að vinna.

Þetta er svo fáheyrð aðferð þar, sem skynsamleg vinnubrögð eiga að ráða, að tortryggni hlýtur að vakna og verður ekki látið óátalið. Ég hélt, að flestum þm. þætti nú þegar nóg komið af n., þótt ekki væri þarna hlaðið ofan á. Því fer fjarri, að ekki geti oft verið ástæða til að skipa n. N. eru starfandi í ýmsum vandamálum atvinnuvega, menntamálum, launamálum o. s. frv.

En fyrri till., frá hv. 6. landsk. (6. mál), er um rannsókn þess, hvernig tryggja megi hlutarráðningasjómönnum og smáútvegsmönnum öruggari afkomu og sambærileg launakjör við aðrar stéttir, og þessi till., frá hv. 2. þm. S-M., er um rannsókn þess, hvernig tryggja megi þessum aðilum lífvænlega afkomu og ekki lakari en öðrum stéttum, og athugun þess, hver áhrif sveiflur stríðsáranna og viðhorf næstu ára hafi á þá afkomu. Það, sem þessir hv. þm. leggja til, sinn í hvoru lagi, að nýjar n. fjalli um, er einmitt hlutverk mþn., sem þeir sitja í. Flutningur slíkra tillagna er hreinn skrípaleikur.

Mþn. var skipuð á síðasta þingi samkv. þáltill., er hv. 2. þm. S-M. var meðflm. að og gaf henni vítt verksvið. Hann verður að skýra, hvað rekur hann til að flytja nú þessa till. í slíkri mótsögn við þál., sem hann fékk samþ. í fyrra, — annars verður þetta ekkert kallað nema skrípaleikur. — Ef það á að vera tízka í Alþ. að setja n. yfir nefnd endalaust, þar sem engin þjóðfélagsnauðsyn krefst, og eyða til þess ærnu fé, er kominn tími til að spyrna við fótum. Ég er því sammála, að rannsóknirnar þurfi að gera, en það er mþn., sem á að láta gera þær.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég vil ekki trúa öðru að óreyndu en að þessar mótbárur hv. þm. N-Ísf. hafi sprottið, eins og vant er, af fljótfærni hans og hvatvísi, en ekki illvilja til málsins.

Hann telur nefndarskipun óþarfa, af því að til sé sérstök mþn. í sjávarútvegsmálum og ekki komi annað til mála en hún leysi þessi vandamál og vinni áður þessar rannsóknir. Það er nú svo. Og til áréttingar þessu hefur hann stóryrði sín og málblóm eins og skrípaleikur, og væri ekki verra fyrir hann að venja sig af slíku í þingræðum.

En ég verð að minna hann á, að mþn. hefur svo mörg og flókin viðfangsefni og þýðingarmikil, að efasamt er, að tími hennar leyfi að sinna þessum sérstöku verkefnum á þessu ári, þótt hún sé þegar búin að halda 51 fund. Og möguleikar hennar til að fá sér aukna starfskrafta eru takmarkaðir.

Í öðru lagi álít ég, að þessi hlutlausa grundvallarrannsókn sé betur komin í höndum hagfræðilegrar, ópólitískrar n. en hinnar pólitísku mþn. Nokkuð svipuð leið var farin í fyrra til að reikna út verðþarfir landbúnaðarins, og má hér styðjast við þá reynslu.

Of hefur mþn. fengið hagfræðingum verkefni til úrlausnar fyrir sig og það gefið góða raun. En þessi verkefni eru stærri en svo, að hægt sé að heimta þau leyst nema af nm. með óskertri ábyrgð. Hefði hv. þm. N-Ísf. óskað eftir umbótum á till., sem fyrir liggur, mátti það koma að gagni og koma fram hjá honum skætingslaust. Ég trúi því satt að segja ekki, að hann líti svo smátt á þessi mál, að hann láti sér í augum vaxa, þótt fjórir menn séu settir þar til nauðsynlegra rannsókna. Álíti hann, að það sé of dýrt, finnst mér það lýsa hjá honum óhæfilegri þröngsýni. Og málið er brýnt. Þeir, sem stunda sjávarútveg kringum land, geta ekki snúið við til ástands friðartíma án aðstoðar, sem byggjast verður á þessari rannsókn.

Lúðvík Jósefsson: Hv. þm. N-Ísf. undraðist mjög, að till., sem ég er einn af flm. að (6. mál), gæti verið flutt af manni úr mþn. í sjávarútvegsmálum, þar sem verkefni n., sem þar er ráðgerð, félli alveg undir svið mþn. — Þetta er alrangt hjá honum. Enginn nm. í mþn. hefur látið sér detta í hug, að til mála kæmi, að hún hefði það með höndum að skapa sjómönnum og útvegsmönnum launakjör. Verkefni n., sem till. mín fjallar um, er algerlega annað en verkefni mþn., og þarf raunar ekki annað en bera þáltill. saman við þál. um mþn. til að sjá það. Hér er um algeran misskilning að ræða hjá hv. þm. Hitt er rétt hjá honum, að till. hv. 2. þm. S-M. nær inn á það svið, sem mþn. varðar, í verulegum atriðum, og hefur flm. (EystJ) skýrt tilgang sinn með rannsókn, er gerð yrði af sérfróðum mönnum, og skal ég ekki blanda mér í það á þessu stigi máls. Hitt vildi ég benda þm. á nú þegar, að ástæðulaust er að blanda svo saman verkefnum ólíkra n. sem hann gerði í ræðu sinni.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég skil ósköp vel ónuglyndi hv. 2. þm. S-M. út af þeim undirtektum, sem till. hans mætti og hann kennir hvatvísi minni og fljótræði. Honum hefði komið betur, að ekki væri bent á þann leik, sem hann er að leika í þessu máli.

En mér hefði þótt mannlegra af honum að játa, af hverjum ástæðum þessi till. hans er sprottin. Það vita allir og sjá, að till. er ekkert annað en aumlegur eltingaleikur við hv. 6. landsk. (LJós), aumleg tilraun til að líkja eftir þál.hugmynd hans, sem er keppinautur hans í kjördæmi. Hv. 2. þm. S-M. taldi, að mþn. gæti ekki sinnt þessu verki. En henni er a. m. k. skylt að sinna því, hvort sem hún ætlar að gera það eða ekki. Henni var fyrir lagt að starfa að því að endurskoða og gera till. um löggjöf, sem sjávarútveginn varðar. — Varðar kannski verkefni till. sjávarútveginn ekkert? — Einnig skyldi hún athuga, á hvern hátt stuðningi ríkisins við þann atvinnuveg yrði bezt fyrir komið. Getur mönnum blandazt hugur um, að verkefni þessarar n. liggur allt á sviði mþn.?

Þegar mþn. eru skipaðar, kveðja þær auðvitað kunnáttumenn til aðstoðar eftir þörfum. Ég skil vel, að þessi mþn. hefur mikla þörf á því, enda hefur hún gert það. — Í sambandi við ummæli hv. 2. þm. S-M. um verkefni n. yfirleitt má segja, að það sé enginn vandi að finna verkefni fyrir þúsund n., ef menn settu sig út til að grafa upp handa þeim verkefni, og ég veit vel, að þessi hv. þm. er

fundvís á þau verkefni. — Um till. hans skal ég ekki fjölyrða. Ég tel sjálfsagt, að hún fái að ganga til n., en fásinna að samþ. hana að mínu áliti.

Hv. 6. landsk. var mér sammála um, að verkefni þessarar n. félli undir verkefni mþn. þeirrar, er nú er starfandi í sjávarútvegsmálum, en taldi sig þó standa á breiðari grundvelli. Ég bendi á, er hann talar um, að þessi mþn. eigi ekki að ræða launakjör sjómanna og útvegsmanna, að ég tel, að hún eigi að fjalla um allt varðandi þann atvinnuveg, og hygg ég, að allir sjái, að launin eru honum ekki óviðkomandi. Auk þess bendi ég á, að þessi mþn. hefur haft til meðferðar tryggingamál sjómanna og útgerðarmanna, og á síðasta þingi voru samþ. l. um hlutatryggingar, er mþn. hefur fjallað um. Og svo á að skipa aðra n. til að vinna að þessum málum. Ég hygg því, að ég hafi sannað, að hv. 6. landsk. hefur með þessari till. sinni seilzt inn á svið þeirrar n., sem hann er sjálfur starfandi í.

Sannleikurinn er sá, að sumir þm. eru eins og haldnir nefndafári, eru eilíflega að peðra úr sér till. um n. og ný útgjöld í sambandi við þær án þess að líta á þörf þjóðfélagsins.

Ég þykist nú hafa fært rök fyrir því, að báðar þessar till. séu ófyrirsynju fram komnar, þar eð verkefni þeirra falla undir verksvið þeirrar mþn., er báðir flm. eru starfandi í.

Lúðvík Jósefsson: Ég sé, að hv. þm. N-Ísf. reynir eftir megni að spilla fyrir nefndarskipun þeirri, sem lögð er til á þskj. 6. Ég verð að líta svo á. Hann segir starfandi n. um það verkefni. Ég held, að þetta verði greinilegast upplýst með því að lesa upp hið tilgreinda verksvið þeirrar mþn., er nú starfar, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd, er endurskoði og geri tillögur um löggjöf, er sjávarútveginn varðar, og athugi, á hvern hátt stuðningi ríkisins við þann atvinnuveg verði heppilegast fyrir komið. Nefndin skal m. a. taka til athugunar félagsmál útvegsmanna, verzlunarmál þeirra, bæði kaup á nauðsynjum til rekstrarins og sölu afurðanna, möguleika til aukinnar vinnslu á afurðum sjávarútvegsins, starfsemi fiskimálanefndar og fiskimálasjóðs, hvernig bezt verði fullnægt lánaþörf útvegsins, og tryggingarmál útgerðarinnar; enn fremur, hvernig heppilegast verði fyrir komið stuðningi við endurnýjun fiskiflotans, byggingu og viðgerð báta og skipa hér á landi og útvegun á vélum til þeirra, ásamt því, hvar mest sé þörf fyrir hafnargerðir og lendingarbætur vegna fiskveiðanna."

Þetta eru hin sundurgreindu verkefni. Mþn. er ekki ætlað að fjalla um launakjör sjómanna, og kæmi till. fram um það í þessari n., þá er ég hræddur um, að flokksbræður þessa hv. þm. þar tækju því ekki fegins hendi.

Nei, verkefni mþn. eru greinilega bundin við útgerðina sjálfa og falla ekki saman við verkefni þau, sem talað er um í till. minni. Þetta má öllum vera fullljóst, hvaða skekkjur sem hv. þm. N-Ísf. bítur sig í. Ég vænti þess því, að sú n., er fær þessa till. til meðferðar, taki henni vinsamlega og taki ekki tillit til rökvillna þessa hv. þm. og hafi þær að engu.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 29 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 29 shlj. atkv.

Á 53. fundi í Sþ., 11. okt., var till. tekin til síðari umr. (A. 31, n. 403 og 412).

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Mál þetta hefur legið fyrir n. alllangan tíma. Hefur hún haldið um málið fimm fundi. Fyrst var það rætt í þingbyrjun, í febrúar, og þá sent Fiskifélagi Íslands til umsagnar, sem 4. marz sendi umsögn sína til n., og er hún birt sem fskj. með nál. meiri hl. Á þeim tíma kom einnig fram önnur till. til n. á þskj. 6, sem þá var einnig send Fiskifélaginu til umsagnar, og lagði n. til á þeim tíma, að þeirri till. yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá, og lagði sömuleiðis til, að þessari till. yrði vísað frá, vegna þess að ekki væri ástæða til að skipa þá n., sem till. fer fram á. Á þessum tíma var borið undir hv. flm., hvort hann óskaði heldur, að till. yrði vísað frá, en hann óskaði ekki eftir því, heldur lét í ljós, að hann færi betur með sjálfan sig, ef till. væri látin fá hægt andlát, enda var aldrei til hennar stofnað af neinu öðru en samkeppni við hv. samþm. hans úr Suður-Múlasýslu. Af þessari ástæðu var till. ekki afgr. þá. En þegar þing byrjaði nú, var um það rætt af hv. 2. þm. S-M., hvort ekki ætti að afgr. þetta mál. Kom þá upp, að hv. flm. óskaði eftir, að málið fengi eðlilega afgreiðslu á þingi, og þess vegna hefur það aftur verið tekið til meðferðar. Var það þá sent á ný Fiskifélaginu til umsagnar, og lýsti það yfir í bréfi til n., að það hefði eftir nýja endurskoðun málsins ekki fallið frá fyrri skoðun sinni um, að engin þörf væri á að skipa þá n., sem hér ræðir um, því að það verkefni sé þegar ákveðið með starfsemi reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

Ég hef viljað gera þessa grein fyrir gangi málsins, vegna þess að mér er ekki alveg sama, að sú ásökun liggi á allshn., að hún hafi að ástæðulausu haldið þessu máli svo lengi hjá sér án afgreiðslu.

Ég sé, að minni hl. n., sem gat ekki orðið sammála meiri hl., leggur til, að till. verði samþ. með lítils háttar breyt., og tekur fram í nál. sínu, að brýn nauðsyn sé á, að nú fari fram sú athugun á afkomu sjávarútvegsins, sem till. gerir ráð fyrir. En það er einmitt þessi athugun, sem nú hefur farið fram, með því að stofnað hefur verið til reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, og það er aðallega verkefni hennar að rannsaka þetta mál, sem hér er ætlazt til, að sérstök n. rannsaki.

Það kemur einkennilega fyrir sjónir, að hv. 2. þm. N-M. skuli hafa þetta sem aðalrök fyrir að kljúfa n., þar sem hann hefur nýlega borið fram till. um að vísa þessu máli til stj. með þeim rökum, að búið sé að rannsaka málið, þó að hann viti fyrir

sinni samvizku, hversu góð sem hún er, að ekki er farið að rannsaka málið. Hann segir, að þetta sé svo vandasamt, að kveðja þurfi aðra til, svo að niðurstöðurnar verði ekki rengdar. Ég vil biðja hv. minni hl. að horfa um öxl og athuga, hvort niðurstöður sex manna n., sem afhent var líkt hlutverk, hafa ekki verið rengdar. Ég segi það ekki til að rengja þær niðurstöður, heldur til að sýna, að rök minni hl. eru engin rök, hvernig sem á er litið.

Ég vænti því, að hv. þm. geti fallizt á að samþ. hina rökst. dagskrá á þskj. 403, því að það er nú þegar búið að rannsaka þetta atriði og því engin þörf að skipa sérstaka n. til að grípa þar inn í.

Frsm. minni hl. (Páll Zóphóníasson): Herra forseti. — Ég tel, að þótt hv. frsm. meiri hl. vitni í reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, sem veita eigi upplýsingar, og þótt hann fullyrði, að hún hafi gefið upplýsingar, þá sé langt frá, að það sé rétt, því að hún er ekki farin að fá einn einasta reikning enn, sem ekki er von, því að hún var stofnuð árið sem leið og hefur enn enga fjárveitingu til að vinna fyrir. En þess er að vænta, að hún fái það í fjárl. nú, svo að hún geti farið að vinna á næsta ári. Þegar þessi n. því fer að starfa, getur hún stuðzt við upplýsingar frá henni, líkt og sex manna n. studdist við niðurstöður búreikningaskrifstofunnar. Þess vegna held ég, að hv. frsm. megi athuga sig betur, áður en hann vitnar í upplýsingar, sem liggi fyrir frá þessari skrifstofu, þar sem hún hefur enga reikninga fengið enn.

Ég tel, að þessi rannsókn sé mjög brýn og verði því brýnni sem lengra líður og megi alls ekki dragast. Ég legg því til, að till. verði samþ., en með þeirri breyt., að heimilt sé að veita fé í fjárl. til starfa n., eftir því sem þurfa þykir.

Eysteinn Jónsson: Ég get ekki þakkað n. allri fyrir meðferð þessarar till., þó að ég sé minni hl. þakklátur fyrir góða meðferð málsins.

Ég er hissa, hvaða tregðu þessi till. hefur mætt í allshn. Hv. frsm. meiri hl. segir, að það hafi verið borið undir flm. síðasta vetur, hvort hann vildi fremur, að till. væri vísað frá eða felld, eða þá að hún væri ekki afgr. frá n. Ég hygg, að einn af nm. hafi komið að máli við mig á síðasta vetri og sagt, að ekki væri vel tekið í till. í n. og ef hún væri afgr. þá, mundi það væntanlega verða með þeim hætti, að henni yrði vísað frá. Ég lét þá þau orð falla, að ég vildi þá heldur, að málinu yrði frestað, til að vita, hvort því ykist ekki byr. Það er því furðulegt, að hv. frsm. meiri hl. skuli segja, að afstaða mín hafi verið sú, að ég hafi óskað eftir, að till. fengi hægt andlát. Það er tilhæfulaust, að ég hafi viljað, að till. fengi ekki þinglega afgreiðslu, heldur hafði ég áhuga á, að hún fengi afgreiðslu í þinginu. Hitt er rétt hjá honum, að ég hafði ekki áhuga á, að farið væri að fella till. í vetur, en það var í trausti þess, að mönnum snerist hugur. Nú hefur það ekki orðið, og hv. meiri hl. er ráðinn í því að vísa till. frá, og rökin eru þau, að þetta verk verði unnið af öðrum. En þetta er mesti misskilningur, því að rannsóknarefni þessarar till. er miklu víðtækara en svo, að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins geti innt það af höndum. Mér er vel kunnugt um þetta, þar sem ég átti mikinn þátt í því á sínum tíma, að l. um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins voru sett. Henni er ætlað að safna gögnum frá útgerðarmönnum, helzt að taka reikninga frá sem flestum og gera yfirlit um þá reikninga og afkomu útvegsins samkv. þeim. En verkefni það, sem rannsaka á samkv. þessari till., er miklu víðtækara. Það er að vísu gert ráð fyrir, að hún leysi þetta verkefni af hendi, en það þarf að leggja í það miklu meiri vinnu en reikningaskrifstofan getur af hendi leyst og seilast lengra í athugunum en hún hefur rétt til, — lengra aftur í tímann. Enn fremur er gert ráð fyrir, að rannsakað verði, hvaða áhrif dýrtíðin hefur haft á framleiðsluna. Sem sagt, það á að gefa hagfræðilegt yfirlit um þessa atvinnugrein, svo að af því megi ráða, hvaða áhrif dýrtíðin hefur á sjávarútveginn og hvaða áhrif breyt. á dýrtíðinni hefði. t. d. ef dýrtíðin lækkaði eða ef dýrtíðin hækkaði. Þetta er alls ekki verkefni reikningaskrifstofu sjávarútvegsins. Hún getur ekki innt það af hendi samkv. eðli málsins. Það er því út í hött að ætla að *vísa till. frá með þeim forsendum, að reikningaskrifstofan* vinni þetta starf.

Ég hygg, að hv. þm. sé ljóst, að till. er fram borin til að fá hagfræðilegar upplýsingar um afkomu sjávarútvegsins, en þær upplýsingar fást ekki með starfi reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, heldur þarf miklu frekari athugun en fæst með því starfi einu. Spurningin er þá bara sú, hvort óþarft sé eða þýðingarlaust að gera slíka athugun. Vil ég þá fyrst víkja að því, sem hv. þm. Barð. sagði um hvatir mínar til að bera þessa till. fram. Hann segir, að hún sé flutt aðeins af því, að hv. 6. landsk. (LJós) flutti annað mál varðandi sjávarútveginn. Þessi hv. þm. getur ekki lesið í hug mér, enda er þetta gersamlega út í bláinn og ósæmilegt fyrir form. í n. að fleygja fram slíkum fullyrðingum og sleggjudómum. Nei, það er af allt öðru, og skal ég greina frá því með örfáum orðum. Till. er flutt beinlínis af því, að ég vonaði, að ef þessi rannsókn færi fram, t. d. undir stjórn hagstofustjóra Íslands, þá mundi slíkt hagfræðilegt álit verða til þess, að bæði á Alþ. og annars staðar yrðu menn *að horfa framan í þær staðreyndir, hvaða áhrif* það hefur haft á sjávarútveginn, sem gert hefur verið í dýrtíðarmálunum undanfarin ár, og enn fremur, að menn fengjust til að horfast í augu við, hvernig nú er komið í mörgum greinum sjávarútvegsins vegna þess, hvernig á málunum hefur verið haldið. Ég gerði mér vonir um, að fengju menn hlutlausar skýrslur um það, sem ég er sannfærður um, að er rétt, að nú þurfi vélbátar að fiska með afbrigðum vel, til þess að afkoma hlutarsjómanna, sem á þeim vinna, sé sæmileg með því verði, sem nú er á fiskinum, — ég gerði mér vonir um, ef upplýsingar fengjust um þetta frá aðilum, sem menn fengjust til að trúa, að það gæti haft áhrif á afgreiðslu dýrtíðarmálsins í heild. Og ef þessar skýrsl-

ur fengjust gerðar hlutlaust, þá er ég sannfærður um, að sannast mundi, að hlutur þeirra, sem vinna upp á hlut á vélbátaflotanum, er miklu lakari en þeirra, sem vinna ómerkari störf en þeir. Ef slíkar skýrslur lægju fyrir, mundu menn ekki vaða áfram jafnblindandi í þessum efnum og verið hefur. Ég gerði mér vonir um, ef þessar niðurstöður fengjust, að verða mundi auðveldara á allan hátt að fást við dýrtíðarmálin í framtíðinni en verið hefur undanfarið og skilningur manna á þörfinni á því að halda dýrtíðinni í skefjum verða miklu almennari en nú er.

Menn tala um, að afkoma sjávarútvegsins megi ekki við meiri dýrtíð og að tekjur hlutarsjómanna séu minni en tekjur annarra manna og þar fram eftir götum. En um það liggja ekki fyrir upplýsingar, sem örugglega sé hægt að vísa til og ekki verða vefengdar, og það er það, sem okkur hefur vantað í sambandi við meðferð þessara mála. Að ég vildi, að hér væri n. manna, sem starfaði að þessu, en þessari skýrslusöfnun ekki kastað einhliða í einhverja stofnun, eins og t. d. reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, er af því, að hér er hagfræðilegt yfirlit, sem þarf að fá, og álít ég, að hagstofustjóri geti verið hlutlaus í þessu máli og því rétt, að hann safnaði skýrslunum. Og ég vildi til þessa máls einnig kveðja til aðila frá sjávarútveginum með því að tiltaka, að einn nm. skyldi vera skipaður samkv. tilnefningu Fiskifélags Íslands. Þá vildi ég líka, að fulltrúi væri í þessari n. frá verkalýðssamtökunum, og lagði því til, að einn nm. væri skipaður samkv. tilnefningu Alþýðusambands Íslands, sem kynnti sér ýtarlega í sambandi við þessi störf, hvernig háttað væri um afkomu sjávarútvegsins. Og ég var svo barnalegur að gera mér vonir um, að ef fulltrúi frá Alþýðusambandinu tæki þátt í þessum störfum, þá yrðu niðurstöður af rannsóknum þessarar n. síður vefengdar af launastéttunum í landinu, þegar farið væri að athuga, hvað útgerðin þyldi hátt kaupgjald og mikinn framleiðslukostnað almennt. Það var nokkuð svipuð hugsun, sem vakti fyrir mér varðandi hlutarsjómenn eins og vakti fyrir þeim, sem gerðu till. um sex manna n., sem fjallaði um landbúnaðarverðlagið. Og þó að miklar deilur hafi orðið um niðurstöður þeirrar n., þá var starf hennar stórkostlega þýðingarmikið til þess að veita vitneskju um laun launastéttanna í landinu og afkomu landbúnaðarins. Og ég er sannfærður um, að sama mundi verða niðurstaðan af athugun þeirra aðila, sem ég geri í þáltill. till. um, að fjalli um þessa athugun.

Ég vil ekki endilega halda fram, að ég hafi hitt á það rétta um val manna til þess að gera hagfræðilega skýrslu um afkomu sjávarútvegsins, en það hefði þá mátt gera brtt. um skipun þessara trúnaðarmanna, ef menn eru ekki ánægðir með það, sem fram var lagt að því leyti.

Það, sem ég legg til með þáltill. minni, að gert verði, hefði átt að vera búið að gera fyrir löngu. En betra er seint en aldrei. Og eins og hv. frsm. minni hl. n. (PZ) gat um, er mjög þýðingarmikið, að þetta verði gert nú, þegar við gerum helzt ráð fyrir, að við stöndum á tímamótum að þessu leyti. Ég er óánægður með þá afgreiðslu, sem hv. meiri hl. n. vill hafa á þessu máli, og ég lýsi hreint og beint undrun minni yfir því, að ekki fékkst í n. samkomulag um að skipa n. trúnaðarmanna til þess að athuga framleiðslukostnað sjávarafurða og afkomu sjávarútvegsins á svipaða lund og ég hafði lagt til í þáltill. minni.

Umr. frestað.

Á 54. fundi í Sþ., 13. okt., var fram haldið síðari umr. um till.

Frsm. meiri hl. (Gísli Jónsson): — Á síðasta fundi í Sþ. kastaði hv. 2. þm. S-M. (EystJ) hnútum til mín og allshn. út af afgreiðslu þessa máls. Vil ég ræða þessi atriði nokkuð, ekki vegna þess, að mér sé ekki persónulega sama um hnútukast hv. þm., heldur vegna þess, að þau atriði, sem ég mun minnast á, munu skýra málið nánar en fram hefur komið.

Hv. þm. gat þess fyrst, að það væri mér ósæmandi sem form. allshn. að fullyrða, af hvaða hvötum þessi till. kæmi fram. Hv. þm. N-Ísf. (SB) hefur áður rætt um þessar hvatir hv. flm. Hann benti á, að það væri mþn. í sjávarútvegsmálum, sem ætti um málið að fjalla, og væri eðlilegt, að sú n. hefði fjallað um málið, og taldi um leiðinlega auglýsingastarfsemi að ræða hjá hv. 2. þm. S-M., framkomna af löngun til þess að fara í kapphlaup við meðþm. sinn í sýslunni. Og ég hef ekki orðið var við, að þau ummæli hafi verið hrakin. Ég leyfi mér að benda á í þessu sambandi, að það er einmitt að tilhlutun mþn. í sjávarútvegsmálum, að ríkisstj. ber fram frv. um reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, og með þessu frv. lætur hún fylgja grg., sem mþn. í sjávarútvegsmálum hafði sent ríkisstj. á sínum tíma. Ef ekki er nægilega tekið þar fram um verksvið skrifstofunnar, hvílir sú vanræksla á hv. 2. þm. S-M., sem bæði hefur samið frv. og grg. Í frv. stendur þessi setning:

„Þarf eigi að eyða að því mörgum orðum, að nauðsynlegt sé, að ríkisstjórnin eigi aðgang að heimildum um rekstrarafkomu sjávarútvegsins.“

Það sýnir, að þá vakti fyrir mþn. í sjávarútvegsmálum, að þessi skrifstofa ætti að upplýsa allt um rekstur og hag sjávarútvegsins nákvæmlega eins og till. hv. 2. þm. S-M., sem n. vill vísa frá með rökst. dagskrá, vegna þess að henni er ætlað sama hlutverk og reikningaskrifstofu sjávarútvegsins.

Það annað, sem hv. 2. þm. S-M. kvartaði undan, var, hvernig meiri hl. allshn. hefði tekið þessari málaleitun hans, og vil ég skýra frá því nánar, hvers vegna till. var afgreidd þannig. — Eins og sést á till., er ætlazt til þess, að einn fulltrúi sé skipaður í þessa n. að tilhlutun stjórnar Alþýðusambands Íslands. Allshn. hefur ekki sent þessa till. stjórn Alþýðusambandsins til umsagnar, en í n. og meiri hl. hennar eiga sæti tveir þm., sem standa nærri stj. Alþýðusambandsins, þeir hv. þm. V-Ísf. (ÁÁ) og hv. forseti Ed., og ætti þeim að vera kunnugt um, hvernig stjórn Alþýðusambandsins lítur á þetta mál. Þeir voru sammála um

það, að engin ástæða væri til þess að skipa n. þannig, að Alþýðusambandið fengi sérstakan fulltrúa, því að hér væri um sama verkefni að ræða og reikningaskrifstofu sjávarútvegsins væri ætlað að hafa með höndum. — Svo er til ætlazt í till., að Fiskifélag Íslands skipi einn mann í n. Stjórn Fiskifélagsins leggur á móti því, að n. sé skipuð þannig, þótt hún eigi sjálf að skipa fulltrúa í hana. — Í öðru lagi á hagstofustjóri að eiga sæti í n. Hann var kallaður á fund um þetta mál og spurður, hvort hann teldi, að hægt væri með þeim gögnum, sem n. ætti völ á, að safna þeim upplýsingum, að unnt væri að ákveða framleiðslukostnað sjávarafurða hliðstætt sex manna n. samkomulaginu. Hann fullyrti, að útilokað væri að ná þeim tilgangi *með þessum gögnum, og mælti því eindregið á* móti, að þessi n. yrði skipuð samkv. till., og fyrirbauð persónulegar ráðstafanir á sjálfum sér. Allshn. átti því ekki annars völ, ef hún vildi leggja til, að þessi till. yrði samþ., en gera till. um, að hún skyldi skipuð öðruvísi, því að ekkert vit var í að skipa í n. þrjá aðila, sem allir voru á móti því, að n. yrði skipuð þannig. Og það, að minni hl. n. skyldi ekki koma nálægt þessu atriði í grg. sinni, sýnir, að þar eru lögð til grundvallar einhver önnur atriði, eitthvað annað en umhyggja fyrir sjálfum till., að þeir klufu n. Enda sést það á áliti hv. minni hl., að þeir þvo sér nokkurs konar Pílatusarþvott án þess að koma nærri kjarna málsins.

Ég vil láta það koma fram, að þetta er ástæðan fyrir því, að meiri hl. n. vildi vísa till. frá, og ég hygg, að mjög hafi reynt á þolinmæði nm. við að upplýsa þetta mál, því að margir álitu frá upphafi till. þannig, að strax ætti að vísa henni frá, umræðulítið.

Eysteinn Jónsson: Varðandi aths. hv. frsm. meiri hl. allshn. vil ég benda á það, að ég sagði um daginn, að ekki væri viðeigandi að gera mönnum upp *hvatir alveg út í bláinn, eins og hann gerði í það* sinnið. Hv. þm. Barð. telur sér ekki vandara um en hv. þm. N.-Ísf., sem bar mér á brýn fyrir mörgum mánuðum, að ég flytti þessa till. í samkeppni við annan þm., en það bætir ekki um fyrir hv. þm. Barð., þótt einhver hafi áður gert sig sekan um slíkt. Það er þó ekki aðalatriðið, heldur hitt, að athuga efni till., en mig grunar, að það hafi einmitt ekki verið gert í þetta sinn, ekki athugað út frá því, sem var kjarni málsins, heldur hafi hv. þm. sett í sig kergju, af því að það voru ekki þeir, sem fluttu till. En vitanlega eru þessi ummæli jafnóviðeigandi og ummæli hv. þm. Barð. í minn garð.

Hv. þm. Barð. minntist á, að það benti til þess, að ég hefði ekki flutt till. af neinni þörf, að ég hefði átt og ætti enn sæti í mþn. í sjávarútvegsmálum, en í stað þess hefði verið eðlilegt að leggja til, að mþn. tæki að sér að leysa þau verkefni, er till. mín fjallar um. Ég vil benda hv. þm. á það, að við fyrri umr. gerði ég grein fyrir atkvæði mínu, þar eð ég var því mótfallinn, að mþn. í sjávarútvegsmálum fengi málið til meðferðar, vegna þess að sú n. er kosin af þinginu og því pólitísk, og álít ég ekki heppilegt, að slík n. stjórni þeirri rannsókn, sem hér er farið fram á: að meta og rannsaka afkomu sjávarútvegsins og framleiðslukostnað sjávarafurða. Auk þess hefur mþn. ákveðin verkefni, sem öll eru varðandi einstök mál útvegsins, en ekki gert ráð fyrir, að hún hafi á hendi almenna rannsókn í þeirri grein, sem hér um ræðir. Viðvíkjandi því, að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins geti tekið að sér að annast þetta verkefni, en til þess ætlast hv. þm. Barð., þá hef ég áður bent á, að ég tel reikningaskrifstofuna ekki einhlíta til þess að takast á hendur þetta verkefni, rök, sem hv. þm. Barð. hefur gengið fram hjá. Nefndi ég það sem dæmi, að athuganir þyrftu að ná lengra aftur í tímann, og enn fremur benti ég á, að í sambandi við það *mundu koma til greina mörg mál, sem reikningaskrifstofa* sjávarútvegsins mundi ekki telja sér heimilt eða skylt að gera nokkrar ályktanir um. Því að hér er ekki gert ráð fyrir, að farið sé aðeins með þurrar tölur eða statistik, heldur farið með hagfræðilegar tölur um afkomu sjávarútvegsins, sem mikils væri vert að hafa varðandi dýrtíðarmálið, sem við höfum til meðferðar hér í þinginu. Þetta getur reikningaskrifstofa sjávarútvegsins ekki gert. Hins vegar getur reikningaskrifstofa sjávarútvegsins, — sem ég átti þátt í að koma á fót, — stutt þetta starf. Ég hafði hugsað mér, að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins ynni hliðstæð störf fyrir þessa n., sem hér er till. um, að skipuð verði, eins og reikningaskrifstofa landbúnaðarins vann fyrir sex manna n., sem sett var til þess að meta verðlag landbúnaðarins. Þetta hefði ég talið eðlilegt. Og ég er einnig sannfærður um, að hv. þm. Barð. hefði talið þetta eðlilegt, ef hann hefði ekki sett í sig þann þráa, sem hann hefur gert varðandi þetta mál. Og mér leikur grunur á, að hann hefði gjarnan viljað flytja það sjálfur eða einhver hefði það gert honum andlega skyldari en ég. — Ég tel mér heimilt að gizka á þetta á sama hátt og hv. þm. Barð. *taldi sér heimilt að gizka á, af hvaða hvötum ég* flytti þetta mál hér. En ekki mundi ég hafa komið með þessar ágizkanir um hvatir hv. þm. Barð., ef hann hefði ekki hreyft hinu.

Hv. þm. Barð. gerði nú nokkru meiri grein fyrir ástæðunum til þess, að hann treysti sér ekki til að mæla með samþykkt till., og ástæðurnar skildust mér nú vera aðallega þær, að tveir menn, sem hefðu staðið í sambandi við Alþýðusamband Íslands, hefðu ekki talið ástæðu til þess að fallast á till. og Fiskifélagið hefði ekki mælt með till. og í þriðja lagi hefði hagstofustjóri ekki viljað, að sér væri falið það verkefni, sem honum er ætlað með till. Mér fannst þetta veikar ástæður af hendi meiri hl n. og háttv. þingm. Barð. Það er nú það fyrsta, að þetta mál hefur ekki verið sent Alþýðusambandi Íslands til umsagnar. Og þó að ég efist ekkert um, að þeir tveir menn, sem hv. þm. Barð. átti tal við og stóðu í sambandi við Alþýðusambandið, viti nokkuð um hug þeirra manna, sem fremstir standa í Alþýðusambandinu, þá leyfi ég mér að efast um, að þeir viti afstöðu þeirra til allra dægurmála, sem fram koma. Og ég er ekki í vafa um, að þeir menn

innan Alþýðusambandsins, sem mestan áhuga hafa á afkomu hlutarsjómanna og annarra þeirra, sem þessi þáltill. varðar mikið, mundu gjarnan vilja, að slík athugun færi fram, sem hér er gert ráð fyrir.

Ég skal alveg játa það, að mér er það ekki vel skiljanlegt, hvernig á því stendur, að stjórn Fiskifélags Íslands skuli ekki taka þessari till. með áhuga og mæla með því, að hún verði samþ. Ég skil ekki þær ástæður, sem þar liggja til grundvallar, því að ég hafði satt að segja ætlazt til þess, að stjórn þessa félags vissi vel, við hvað starf reikningaskrifstofu sjávarútvegsins er takmarkað og hver þörf sjávarútvegsins er á því, að honum séu gerð þau skil í þessu efni, sem hér er lagt til og öðrum atvinnuvegi hafa verið gerð. Hitt dettur mér ekki í hug, að taka það gilt, þó að stjórn Fiskifélagsins sýni ekki skilning á málinu. Ég álít, að þm. sé jafnskylt að hrinda í framkvæmd málum, sem þeir telja til góðs, þó að framkvæmdastjórar einhverra stofnana hafi ekki skilning á þeim. Ef ég hefði verið sannfærður um, að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins gæti annazt þetta mál á þann veg, sem og gert er ráð fyrir í þáltill., þá hefði ég tafarlaust verið með því að láta fela henni þetta verk og heimila fjárframlög í því skyni. En vegna þess að mér er ljóst, að þessi vinna verður aldrei framkvæmd á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í þáltill., af reikningaskrifstofu sjávarútvegsins, hvað sem hv. frsm. og meiri hl. allshn. segir og hvað sem stjórn Fiskifélags Íslands segir um það, lagði ég það ekki til.

Þá er það, sem hv. þm. Barð. sagði um afstöðu hagstofustjóra. Ég veit, að hv. þm. Barð. hlýtur að skilja það, að auðvitað er hagstofustjóri ekkert sérlega glaður yfir því, að honum séu falin störf eins og gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Ég vil segja sem mína skoðun, að hefði hagstofustjóri á sínum tíma verið spurður, hvort hann vildi, að honum væri falið það starf, sem honum var falið í sex manna n., þá hefði hann færzt undan því, og það hefði hver annar maður gert í hans sporum. Hver annar maður hefði viljað losna við þann vanda, sem honum var lagður þar á herðar eins og hlutlausum oddamanni. Og það er eðlilegt, að hagstofustjóri sé þess ekkert hvetjandi, að honum verði falin þessi störf í þágu sjávarútvegsins, sem hér er um að ræða, og þá sérstaklega þegar það hefur orðið bert, hverjar þakkir þeim mönnum eru valdar, sem taka að sér slík störf, þar sem þeim eru bornar á brýn hinar mestu vammir og skammir gagnvart niðurstöðum þeirra. Það er ekki undarlegt, þó að hagstofustjóri vilji, að þessu máli sé beint í annan farveg. En hagstofustjóra er vitanlega skylt sem starfsmanni ríkisins að taka að sér störf, sem Alþ. felur honum. Og ég veit, að hagstofustjóri mun gera það í þessu efni, ef Alþ. felur honum það, með sama myndarskap og hann starfaði í sex manna n. varðandi landbúnaðinn.

Hv. þm. Barð. segir, að hagstofustjóri hafi verið spurður að því, hvort hægt mundi vera að ákveða fiskverðið á þann hátt, sem gert væri ráð fyrir í þáltill., og hvort hægt væri að ákveða tekjur útvegsmanna eftir vísitöluútreikningi, og að hagstofustjóri hafi talið mikil tormerki á, að hægt væri að framkvæma þetta. Ég vil segja, að ég er hv. n., — ef hún hefur borið þetta þannig fram fyrir hagstofustjóra, — ákaflega lítið þakklátur fyrir það, því að slíkar spurningar gefa enga hugmynd um, hvaða gagns megi vænta sér af því máli, sem hér liggur fyrir. Það, sem hér liggur fyrir, er, að fram fari rannsókn á framleiðslukostnaði sjávarútvegsins og síðan sé gefið út álit um það, hvert verð þurfi að vera á sjávarafurðum, til þess að afkoma sjávarútvegsmanna verði hliðstæð við það, sem ýmsar aðrar stéttir í landinu eiga við að búa. Og við vitum ákaflega vel, að væri hagstofustjóri spurður á þá lund, hvort hægt væri að gefa út slíkt álit, þá gæti hann ekki svarað því nema á einn veg, þ. e. a. s. þannig, að það væri hægt að gefa út slíkt álit. — Svo má alltaf um það deila, hvort slíkt álit, sem gefið er af trúnaðarmönnum, sé það rétta, alveg eins og átt hefur sér stað um álit sex manna n.

Í sambandi við það, sem hv. þm. Barð. sagði og átti að gefa í skyn, að ekki væri unnt yfirleitt að framkvæma þetta verkefni, sem þáltill. fjallar um, þá vil ég fyrst benda á, að það er ekki lítið ósamræmi í því annars vegar að segja, að þetta verk sé óframkvæmanlegt, og hins vegar að ætla að fela þetta verk reikningaskrifstofu sjávarútvegsins og halda því fram fram í rauðan dauðann, að hún sé fullfær um að framkvæma það. Það er ákaflega leiðinlegt ósamræmi í þessu tvennu. En sleppum því.

Þá vil ég minna á, að stofnuð var síðari sex manna n., sem skipuð var fulltrúum frá Búnaðarfélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands, og henni var einmitt falið að gera till. um lækkun dýrtíðarinnar og láta álit sitt í ljós um það, hvað þessir aðilar, Búnaðarfélag Íslands og Alþýðusamband Íslands, vildu til þeirra mála leggja. Það fyrsta, sem þessi n. gerði, eftir því sem nál. upplýsir, var að fá í þjónustu sína hagfræðing til þess að athuga afkomu sjávarútvegsins eins glöggt og hann gæti á stuttum tíma til þess að gefa n. álit um það, hvernig nú væri ástatt um sjávarútveginn, hvort dýrtíðin í landinu og þar með framleiðslukostnaður væri orðinn svo hár, að sjávarútvegurinn gæti ekki undir því risið. Og þessi hagfræðingur skrapaði saman gögn um þetta mál, sem birt voru með nál., þar sem hann gerir tilraun til að sýna, hversu hátt kaupgjald sjávarútvegurinn muni þola með því verði, sem þá var á útflutningsvörum sjávarútvegsins. M. ö. o., þessi hagfræðingur gekk beint að því að reyna að vinna það verkefni, sem ætlazt er til í þessari þáltill., að framkvæmt verði. Og hann gerði um þetta bráðabirgðaálit með endalausum fyrirvörum vegna þess, hve gögn hans voru ófullkomin, því að hann hafði mjög stuttan tíma til þess að safna þeim saman. — Þetta er sagt bara til þess að sýna fram á, hvort þessi þáltill. er komin fram ófyrirsynju eða hvort því verkefni muni verða sinnt, sem farið er fram á í þáltill., að unnið verði, ef hún verður samþ.

Ég hef átt þátt í samningsumleitunum um stjórnarmyndun, sem gengið hafa látlaust í tvö ár. Í þeim hefur mest verið rætt um dýrtíðarmálið og afkomuhorfur sjávarútvegsins, og þessum spurningum hefur þar sífellt verið á loft haldið: Er mögulegt, að framleiðslan geti gengið áfram, eins og *dýrtíðin er nú*, eða þarf að lækka *dýrtíðina* til þess; má hún hækka, eða er bezt, að hún standi í stað? — o. s. frv. Þessar spurningar hafa alltaf gengið í þeim viðræðum. Og það hefur alltaf kveðið við: Aðalgallinn er sá, að við höfum ekki glöggar skýrslur um það, hve mikla dýrtíð þessi útflutningsatvinnuvegur landsins þolir. — Og hvað eftir annað hefur verið talað um, að það þyrfti að bæta úr þessu með því að láta fara fram nokkra athugun í þessu efni. Ég man t. d. glöggt eftir því, að veturinn 1942—1943 var mikið rætt um, hvort nauðsynlegt væri að færa vísitöluna niður í 220 stig vegna sjávarútvegsins eða hún mætti sitja við það, sem þá var, eða hvort hún þyrfti að fara lengra niður en í 220 stig. Og þá gengu þessar sífelldu bollaleggingar um þetta sí og æ, eins og eðlilegt var. Menn voru að reyna að gera sér grein fyrir, hvað þeir menn hefðu í tekjur, sem sjávarútveg stunduðu. En upplýsingarnar um það voru svo ófullkomnar, að ekki var hægt að átta sig á því. Menn höfðu hugmynd um, að hlutarsjómenn væru farnir að dragast aftur úr um afkomu. En það var ekki heldur hægt að fá neinar fullnægjandi upplýsingar um það. Og það hefur sem sagt komið eins átakanlega í ljós og hægt er á svo stuttum tíma, hversu nauðsynin á slíkum athugunum á afkomu sjávarútvegsins er miklu meiri nú en hún var, áður en dýrtíðin kom. Og ég er alveg sannfærður um, að komið hefði fremur hik á menn við að koma á sífelldum dýrtíðarhækkunum og við að reka áfram sífelldar kauphækkanir, ef við hefðum haft þessa hluti í betra lagi í ófriðarbyrjun. — Og ég get tekið það fram við hv. þm. Barð. og aðra, að það var af þessum ástæðum, vegna þess, hvað ég hef rekið mig á þessa vöntun á undanförnum árum, að ég flutti þessa þáltill. Og það var af sömu ástæðu, að ég átti þátt í því ásamt félögum mínum í mþn. í sjávarútvegsmálum, að reikningaskrifstofa sjávarútvegsins var sett á fót.

Hv. þm. mega gera við þessa þáltill., hvað sem þeim sýnist. Það er sársaukalaust af minni hálfu. En það er áreiðanlega engin þjónusta við útgerðina að koma henni fyrir kattarnef á þann hátt, sem gert er ráð fyrir í áliti meiri hl. allshn., eða á annan hátt. En mér þykir raunar lakara, að naglaskapur manna hér á hæstv. Alþ. standi í vegi fyrir því, að mál þetta geti fengið einróma samþykki Alþ., eins og það hefði átt að fá.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin frá meiri hl. allshn., á þskj. 403, samþ. með 18:14 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GÞ, GJ, GÍG, IngJ, JPálm, KA, LJóh, MJ, SB, SG, SEH, STh, StJSt, StgrA, ÞÞ, ÁÁ, EmJ, GSv.

nei: HelgJ, HermJ, IngP, JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SK, SÞ, SkG, SvbH, BSt, EystJ.

LJós, EE greiddu ekki atkv.

18 þm. (FJ, GG, GTh, HG, JakM, JJós, JS, ÓTh, PM, PO, SigfS, ÞG, ÁkJ, BG, BÁ, BBen, BrB, EOl) fjarstaddir.

2. Öryggi umferðar yfir Ölfusárbrú.

Á 52. fundi í Sþ., 5. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um öryggi umferðar yfir Ölfusárbrúna (A. 386).

Á 53. fundi í Sþ., 11. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sveinbjörn Högnason): Herra forseti. — Ég hef leyft mér að flytja hér þáltill. á þskj. 386 um það, að rannsakað verði burðarmagn Ölfusárbrúarinnar, eftir að viðgerð hefur farið fram á brúnni, í því skyni, að hægt verði að greiða fyrir flutningum yfir brúna meir en nú er, eftir að viðgerðin hefur farið fram, þannig að ef burðarmagn brúarinnar reynist ekki meira en nemur því hámarksálagi á brúna, sem nú er ákveðið, þá verði athugað, hvort ekki verði möguleikar á því með tiltölulega hægu móti að styrkja brúna það mikið, að eðlileg umferð geti verið um hana, eins og var áður en brúin fór niður.

Það fagna því allir, hversu fljótt hefur verið gert við brúna, hversu fljótt hefur verið brugðið við af stjórnarvöldunum um að hefja framkvæmd á viðgerðinni, þannig að nú er hægt að fara um hana aftur. Hins vegar er það vitað, að um þessa brú, sem að sjálfsögðu langmest umferð er um af stærri brúm á landinu og gífurleg umferð um af þungabifreiðum, um þessa brú hefur verið ákveðinn hámarksþungi bifreiða, sem um brúna mega fara. Þessi þungi er 6 smálestir. En eftir því sem flutningar eru orðnir á þessari leið, þá eru margar bifreiðir þyngri og flestar eilítið þyngri af þeim, sem flytja afurðir úr héruðum austan brúarinnar. Eftir þeim upplýsingum, sem ég hef um þessi efni, munu flestar þessar algengustu bifreiðar, sem miðað er við, að flytii 2½ tonn, vera rúmlega 6 smálestir að þyngd fullfermdar, og þar af leiðandi er ekki einu sinni hægt að fullferma þær, ef nákvæmlega á að fylgja þeim fyrirmælum, sem hér er um að ræða. Hins vegar eru líka komnar allmargar bifreiðar, sem ætlaðar eru fyrir meiri þyngd flutnings, og það líka úr héruðum, sem liggja langt frá brúnni að austanverðu, sem algengast mun vera, að fullfermdar séu um 8 smálestir að þyngd, og nokkrar bifreiðar á þessu svæði, sem mundu vega fullfermdar allt að 10 smálestum.

Eins og gefur að skilja, er það allmikill kostnaðarauki á þessum flutningum, ef ekki er hægt að

hafa flutningatækin nema hálffermd eða það verður að selflytja flutninginn yfir brúna eða á brúnni og fá til þess mannafla að taka af bifreiðunum til þess að flytja farminn í tvennu lagi yfir brúna.

Nú má segja, að vitanlega sé það stór bót, þó að ekki sé hægt að flytja nema sem svarar 6 smálesta þunga fullfermdra bifreiða í einu. Og maður verður að binda sig við þennan annmarka, ef það liggur raunverulega fyrir, að brúin þoli ekki, eins og hún nú er, meiri þunga heldur en 6 smálestir. Hins vegar hef ég ástæðu til að ætla, að þetta burðarmagn brúarinnar sé ákveðið nokkuð af handahófi, en rækileg athugun hafi ekki farið fram á því, hvað brúin muni þola, eins og hún nú er, eftir að henni hefur verið komið upp aftur. Ég hef heyrt því haldið fram af þeim, sem við þetta hafa fengizt, að burðarmagn brúarinnar muni nú vera betra heldur en nokkru sinni áður. Ég fullyrði ekkert um þetta. En ég hygg, að ekki hafi farið fram rækileg rannsókn á því, hvað eðlilegast sé að ákveða, að hámarksþunginn megi vera á brúnni. En þar sem hér er um að ræða atriði, sem snertir framleiðslu bænda og kostnaðarauka við hana, þá er nauðsynlegt, að vitað sé nákvæmlega, hvað á brúna má leggja. Og ef það kemur í ljós við slíka rannsókn eða ef það er þegar vitað, að ekki megi leggja meira á brúna en til hefur verið tekið sem hámarksálag, þá legg ég til í þáltill., að gerð verði athugun á því, hvort ekki sé hægt að styrkja brúna betur, svo að hún þoli eðlilegt álag miðað við umferðina um hana eins og hún var áður en brúin fór niður, og þá hvað gera þurfi til styrktar brúnni, til þess að svo megi verða. — Það er áreiðanlega mjög mikið fjárhagsatriði fyrir framleiðendur, sem þurfa að fara yfir brúna með vörur sínar, að þetta væri hægt, ef ekki þyrfti mjög miklu fé til þess að kosta.

Ég hef þess vegna farið fram á það með þessari þáltill., að af ríkisstj. verði tilnefndir þrír menn til þess að athuga það raunverulega burðarmagn brúarinnar, eins og hún nú er. Og ef það reynist svo, að hámarksálag á brúna sé nú ákveðið í réttu hlutfalli við burðarmagn hennar, þá sé líka látin fara fram athugun á því, hvað gera þyrfti til styrktar brúnni, til þess að hún þyldi þá umferð, sem áður var yfir hana, og mun þá burðarmagnið verða að miðast við 8—10 smálestir.

Ég vil leyfa mér að vona, að hæstv. Alþ. hafi fullan skilning á þessu máli, hversu mikið fjárhagsatriði þarna er um að ræða fyrir þá, sem brúna nota, þannig að hv. þm. vildu ljá stuðning þessari þáltill.

Ég sé, að hæstv. forseti hefur ákveðið tvær umr. um þessa þáltill. Tel ég það eðlilegt, því að vitanlega mundi einhver kostnaður fylgja því, að þessi rannsókn væri látin fram fara. Og ég vildi leyfa mér að óska eftir því, að þáltill. verði vísað til síðari umr., og þá mun sjálfsagt eðlilegast, að henni verði vísað til allshn., ef hún fer í n. Hins vegar tel ég, að málið liggi svo ljóst fyrir, að raunverulega mundi ekki vera þörf á að vísa þáltill. til n. En ég legg það á vald hæstv. forseta, hvort hann telur það eðlilegustu málsmeðferð að vísa till. til n. Ef málinu verður vísað til n., vil ég óska þess, að það fái skjóta afgreiðslu í n., því að nú er, eins og kunnugt er, einn langmesti annatími um flutninga um brúna, þar sem sláturstíð stendur yfir, þannig að flutningar eru aldrei á árinu meiri austan yfir brúna.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Það er að engu leyti til þess að mótmæla þessari þáltill., sem hér er um að ræða, að ég kveð mér hljóðs, heldur öllu fremur vildi ég fyrir mitt leyti mælast til þess, að till. í þessa átt nái framgangi, því að hún miðar að eðlilegum varúðarráðstöfunum. En það, sem fyrir mér vakir, er einungis það, að úr því að hér er um tvær umr. að ræða um till. og þá sennilega, að till. verði vísað til n., sem mér heyrðist hv. flm. þáltill. ekkert vera á móti, þá vil ég skjóta því til hv. allshn., sem mundi fá þáltill. til athugunar, hvort ekki væri ástæða til þess að auka till. aðeins frá því sem hún er flutt. Mér hefur í því sambandi sérstaklega dottið í hug, að jafnframt því, sem Alþ. afgreiði till. um öryggisráðstafanir vegna Ölfusárbrúarinnar, hvort ekki væri ástæða til þess, að sú till. fæli í sér ekki einungis, hvað séu forsvaranleg þyngsli til flutninga yfir brúna hverju sinni, heldur og, hvernig eigi að framfylgja því á eftir, að þeim reglum, sem settar kynnu að verða í þeim efnum, yrði hlýtt. Það eru nú, síðan brúin var sett upp aftur og farið er að fara um hana, hafðir brúarverðir, eins og sjálfsagt er, en á þetta skorti áður en brúin fór niður, og því hefur farið sem fór. Og ef á að taka til hámarksþunga, sem megi vera á brúnni í einu, þá hygg ég, að það þurfi að setja skorður um leið um það, hvernig þessa sé trúlega gætt. Og virðist mér þá eðlilegt að fella inn í till. ákvæði um brúargæzlu, til þess að þetta verði meira en orðin tóm. Í sumar var auglýst af vegamálastjóra og það með áherzluorðum, að menn skyldu gæta varúðar við akstur yfir brúna. En lengra náði það ekki. Og þó að margir hafi vitanlega farið eftir þessu, þá vita allir, hvernig fer, ef á að treysta því, að allir séu löghlýðnir. Ég vil því skjóta því til n., sem um málið fjallar, hvort ekki sé ástæða til að setja öryggisráðstafanir í þáltill. einnig að þessu leyti, þannig að verðir séu hafðir við brúna, svo að ákvæðin um álag á brúna verði meira en nafnið eitt.

Flm. (Sveinbjörn Högnason): Herra forseti. — Vegna till. hv. 2. þm. Árn. um það, að það væri eðlilegt, að við þessa till. væri bætt fyrirmælum um það, hvaða öryggisráðstöfunum skuli fylgt við eftirlit á Ölfusárbrúnni, vildi ég aðeins taka það fram, að ég tel það ekki eðlilegt, að vegamálastjórninni sé fyrirskipað í þál. eða með l., hvaða varúðarreglur hún hafi til þess að framfylgja vörzlu við brúna. Mér finnst það hljóti að vera, að hæstv. Alþ. beri fullkomið traust til vegamálastjórnarinnar um það að setja reglur um umferð um brúna og þá jafnframt um að framfylgja þeim. Því að vitanlega hefur vegamálastjóri það í hendi sinni að hafa verði við brúna, og nú þegar eru verðir við báða

enda brúarinnar. Og mér er sagt, að vegamálastjóri hafi aðrar ráðstafanir á takteinum, m. a. vigtir við báða enda brúarinnar. Virðist mér það vera eingöngu verk vegamálastjórnarinnar að setja slíkar reglur.

Ég vildi þess vegna mælast til þess, að slík ákvæði, sem hv. 2. þm. Árn. var að tala um, verði ekki sett í þáltill., sem vitanlega væri líka ótímabært að gera án þess að vita, hve sterk brúin væri. Slík ákvæði mundu enn fremur tefja fyrir þessari þáltill., sem ég veit, að er ekki tilgangur hv. 2. þm. Árn. Vil ég mælast til þess, að hann komi ekki með brtt. við þessa þáltill., a. m. k. er ekki nauðsyn á því í þessu sambandi, og er hægt á annan veg að ráða þessu vel til lykta, nefnilega af vegamálastjóra sjálfum. Vildi ég stuðla að því, að þessi þáltill. mæti engri óþarfa töf við afgreiðslu hér á hæstv. Alþ.

Eiríkur Einarsson: Herra forseti. — Það er alls ekki ætlun mín að leiða þetta í neina orðadeilu, — öðru nær. Ég ætla ekki að gera neina brtt. við þáltill., heldur sagði ég það til athugunar fyrir n., sem kemur til með að fjalla um till., að ég vildi, að hún athugaði þetta, sem ég minntist á. Lengra náði það ekki.

Hitt, sem hv. flm. hafði orð á, að vegamálastjórnin væri búin þegar að gera ráðstafanir um brúarvörzlu og ýtarlegar ráðstafanir að ýmsu leyti, þá er ekki nema gott um það að segja. — En það, sem hv. þm. talaði um, að hafa bæri algert traust til vegamálastjóra, það leiði ég alveg hjá mér. Það eru skiptar skoðanir um það. Og þó að Alþ. veiti því máli áherzlu, að hafa beri traust eftirlit með umferð yfir brúna til alhliða öryggis, þá álít ég það ekki úr vegi til samstarfs við vegamálastjórnina. Þess vegna er það skoðun mín, að ég álít rétt, að þetta sé tekið alhliða til athugunar af n., sem ég minntist á.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 28 shlj. atkv.

Á 59., 63. og 66. fundi í Sþ., 20. okt., 10. og 20. nóv., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. enn tekin til síðari umr. (A. 386, n. 450, frhnál. 507).

Frsm. (Páll Zóphóníasson): Þegar þessi till. kom fram, mun vegamálastjórnin hafa verið búin að skipa þrjá verkfræðinga, þá Benedikt Gröndal, Árna Pálsson og Árna Snævarr, til þess að rannsaka öryggi brúarinnar. Þegar málið var tekið fyrir í n., lá ekki enn fyrir álitsgerð frá verkfræðingunum, en síðan kom hún fram og er birt á þskj. 507. Eins og menn sjá, líta þeir svo á, að eins og brúin er nú, þoli hún ekki þyngri bíla, svo að öruggt sé, en kringum 6 tonn. Hins vegar líta þeir svo á, að með ekki mjög miklum kostnaði megi setja á hana svokallaða þverbita, sem muni auka burðarmagn hennar eitthvað; það kemur ekki fram í álitinu, hve mikið. Þó hefur einhver látið svo um mælt, að ef þessir þverbitar væru settir, þá mundi hún geta þolað 6½ tonn eða kringum það. En þá þyngd hefur allur fjöldinn af bílum, sem yfir hana fara að austan. Það eru 2 bílar skrásettir fyrir austan Ölfusá, sem eru þyngri. Þeir eru 8—9 tonn fullhlaðnir, en allflestir eru liðug 6 tonn fullhlaðnir. Þess vegna ætti allur fjöldinn af bílunum austan Ölfusár að geta komizt yfir hana fullhlaðnir, ef þessir þverbitar yrðu settir, en þeir munu kosta sennilega um 40 þúsund kr. Svo telja þeir nokkuð vafasamt, hvort hægt sé að gera hana það örugga, að hún þoli þyngri umferð; a. m. k. telur n. sér ekki fært að ganga lengra en þeir. Þeir benda einnig á það, að ef nota á hana um lengri tíma fyrir þetta þunga umferð, þá þurfi hún viðbótarstyrkingu. Í þessu sambandi vil ég benda á, að setning eins nýs burðarstrengs sitt hvorum megin mun kosta aldrei minna en 75—80 eða allt upp í 100 þús. kr. Og það er erfitt að fá þá. Það mun vera sagt í nál., að það taki a. m. k. 2—3 mán. að fá burðarstrengina. En þeir hafa látið svo um mælt við mig, að eftir reynslu síðustu ára mætti telja það gengi vel, ef þeir næðust innan 6 mánaða. Nú mun vera ágreiningur í n. um það, hvort rétt sé að ráðast þegar í að panta þessa viðbótarburðarstrengi. Væri það gert, mundi brúin fá það öryggi að dómi verkfræðinganna að þola enn í eitt ár meiri umferð. Og þá væri hugsanlegt, að hægt væri að komast af án þess að byggja nýja brú. En minni hl. n. lítur svo á, að það sé ekki rétt; rétt sé að stefna beint að því að byggja nýja brú, enda mun það alveg ákveðið. En hitt lét n. liggja á milli hluta, hvort ráðizt skyldi þegar í að afla þessarar viðbótarstyrkingar, sem þessir nýju burðarstrengir koma til með að veita. Ef dráttur verður á því, að ný brú verði byggð, sem ekki ætti að þurfa að gera ráð fyrir, þá virðist óhjákvæmilegt, þótt það hafi kostnað í för með sér, að fá þessa strengi, því að það er ákaflega líklegt, að brúin verði sett upp aftur einhvers staðar á stóra, þar sem umferð er minni, því að þar ætti hún að geta enzt í langan tíma, þó að hún geti það ekki við Ölfusá. Í þessu sambandi er minnzt á 3 stórár þarna nálægt. Ein þeirra er Hvítá hjá Iðu, þar sem hún þó er heldur stutt, önnur Hólmsá í Landeyjum, sem hægt væri að nota hana á með því þó að þrengja að ánni, og sú þriðja er Tungufljót, og þar mun hún nokkuð mátulega löng. En þá þyrfti nýja strengi. Svo að hvort það sé nokkuð of mikið í ráðizt, þótt strengirnir séu keyptir strax, það hefur n. ekki lagt dóm á. En hún leggur til, eftir að rannsóknin var gerð, að málið verði afgr. með rökst. dagskrá, eins og það er orðið nú á þskj. 507. En þar er málið lagt á vald vegamálastjóra og ríkisstj., á hvern hátt öryggið verði aukið, hvort strax verði gerðar ráðstafanir til að fá aukaburðarstrengi eða það verði látið bíða þangað til sést, hvað vel gengur að fá efni í nýju brúna og hvenær má ætla, að hún verði fullgerð.

Ég held það sé ekki rétt af þinginu að gera bein ákvæði um þetta, heldur treysta vegamálastjóra og ríkisstj. að sjá um, að hún verði gerð eins örugg og hægt er með þverbitunum. Þá vona ég, að fjöldinn af bílum komist yfir hana með fullt hlass. Að vísu eru tveir bílar, sem þurfa að fara á milli, sem eru miklu þyngri. En þeir verða að hlaðast hérna megin brúarinnar. Hinir bílarnir, sem of þungir eru og ætlaðir eru á þessa leið og skráðir eru hér í Reykjavík, eru ætlaðir til flutninga úr Skaftafellssýslu og hingað. En þess ber að gæta, að það er ekki einungis Ölfusárbrú, sem ekki er gerð fyrir 8—9 tonna þunga, heldur er það líka Þjórsárbrú og margar smærri brýr og tréstokkar á leiðinni. Vegirnir eru í raun og veru ekki gerðir fyrir svona þunga bíla, jafnvel þótt Ölfusárbrú væri fær. Það verður ekki hjá því komizt, að þessir bílar verði fyrir óþægindum, einkum mjólkurbílar, sem verður að hlaða hérna megin árinnar. En ég held, að við því verði ekki gert. Og það er mála sannast, að þeim, sem eiga margar ár óbrúaðar í sínu kjördæmi, mun þykja ærið nóg að gera við Ölfusárbrú fyrir 30—40 þús. kr., sem búið er að kosta til hennar, að viðbættum þeim 40 þús., sem á að leggja í bitana, þó að ekki sé meira í ráðizt.

Sveinbjörn Högnason: Ég skal ekki vera margorður um afgr. þessa máls. Það er þegar búið að vera til afgreiðslu lengi í þál., þar sem farið var fram á, að rannsókn væri hafin á burðarþoli brúarinnar. En þótt till. hafi gengið seint, sé ég, að ýmislegt, sem farið er fram á í henni, hefur þegar verið framkvæmt að miklu leyti af vegamálastjóra, eftir að till. kom fram. Og verð ég að segja fyrir mitt leyti, að ég ætlaðist til, að till. ýtti á rannsókn, sem vegamálastjóri hefur þegar hafizt handa um, þar sem athugað hefur verið burðarþol brúarinnar og hversu auðveldast væri að styrkja hana til þess að geta fullnægt að nokkru þeirri flutningaþörf á þessu svæði þar til ný brú kæmi.

Þar sem ég ætlaðist til með till. minni að rannsókn færi fram, þá sé ég ekki ástæðu til, að hún sé samþ. á annan veg en rökst. dagskráin gerir ráð fyrir, nema ef n. hefði tekið nokkuð tillit til þess, sem vegamálastjóri lagði til í bréfi sínu, eins og ég hefði þó talið eðlilegast. Vil ég leyfa mér að lesa niðurlag bréfs hans, með leyfi hæstv. forseta: „Leyfi ég mér að leggja það til, að rökstuddu dagskránni verði breytt þannig, að ríkisstjórninni verði falið að styrkja brúna á þann hátt, sem lagt er til í áliti verkfræðinganna.“ Þetta hefur n. ekki gert. Mér virtist sú skoðun koma fram í ræðu hv. frsm., að þetta væri orðið það dýrt, að mörgum mundi þykja fullmikið nú þegar, þar sem aðrir eiga líka við samgönguörðugleika að búa. En þess ber að gæta, að þetta er brú, sem á hvílir langmest umferðarmagn og snertir meir og minna afkomu meir en helmings landsmanna. Þess vegna er það alveg óumflýjanlegt, að hún sé í hafu umferðarástandi. Viðvíkjandi því, sem hv. frsm. sagði, að eftir upplýsingum vegamálastjóra væru aðeins tvær til þrjár bifreiðar skrásettar fyrir austan Ölfusárbrú, sem færu fram úr 6,5 smál. þunga fullhlaðnar, þá er þess að geta, að auk þeirra, sem eru skrásettar þannig, hefur æðimörgum bifreiðum austan brúarinnar verið umbreytt þannig, að þær bera miklu meira en þegar þær voru keyptar inn. Burðarmagni þeirra hefur verið breytt, án þess það væri talið nokkuð athugavert, með því að setja tvöföld hjól á þær og styrkja grindina. Þannig er það algengt, að bifreiðar, sem keyptar eru inn og ætlaðar fyrir 2½ tonna þunga, flytja nú orðið miklu meira. Þess vegna er það til mikils trafala, ef ekki er hægt að styrkja brúna svo, að hún þoli meira burðarmagn en hún gerir nú. En ef víst er, að brúin verði byggð að ári liðnu, eins og vegamálastjóri gefur í skyn ásamt verkfræðingunum, þá sé ég ekki annað en við þetta verði að una.

Eitt vil ég þó benda á í þessu sambandi varðandi öryggi brúarinnar. Það er óumflýjanlegt, að haft verði betra eftirlit en nú er á því, að ekki fari þyngri bifreiðar yfir brúna en 6 smál., svo framarlega sem víst er, að burðarmagn hennar er ekki meira. Ég horfði á það fyrir nokkrum dögum, að erlend bifreið, sem áreiðanlega var 8—10 tonn, fór yfir brúna án þess að vera bannað það. Ég tel það með öllu óviðunandi, ef bifreiðum, sem annast vöruflutninga fyrir landsmenn, er bannað að fara yfir brúna með þetta burðarmagn, þá sé útlendingum leyft það, ekki sízt þar sem þeir eiga e. t. v. mesta sök á því, að brúin fór niður, vegna of þungra flutninga og mikillar umferðar. Ég vil benda á, að þótt eftirlit sé með innlendum mönnum, er það engan veginn nóg, ef útlendingum leyfist að fara með miklu meiri þunga yfir brúna, því að þá getur leitt til hins sama aftur, hvenær sem er. Ríkisstj. þarf því að aðvara vegamálastjóra um, að þess sé gætt, að útlendingar hlýði sömu ákvæðum varðandi brúna og innlendir menn, sem annast nauðsynlega flutninga fyrir þjóðina.

Ég mun ekki fara um þetta fleiri orðum, en tel vel farið, að rannsókn hafi farið fram og sjálfsagt að halda áfram að styrkja brúna, eftir því sem verkfræðingarnir hafa lagt til. Og lít ég svo á, að það muni verða gert, ef rökstudda dagskráin verður samþykkt, eins og n. leggur til.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 507, frá allshn., samþ. með 28 shlj. atkv.

---

3. Húsaleiguvísitala.

Á deildafundum 8. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun á húsaleiguvísitölu (A. 766).

Á 82. fundi í Sþ., 9. jan., var till. tekin á dagskrá til ákvörðunar um, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 84. og 86. fundi í Sþ., 16. og 24. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Kristjánsson): Herra forseti. — Þessari till. fylgir engin grg., en þrátt fyrir það mun ég fara mjög hóflega í að gera grein fyrir henni við þessa umr. Eins og hv. þm. er kunnugt, hefur verið nokkur óánægja út af húsaleigul., þau hafa þótt koma hart niður á ýmsum mönnum. Það er einmitt dýrtíðarráðstafanirnar, sem hafa sett eignir manna niður í verði og að verulegu leyti tekið umráðaréttinn yfir eignunum af mönnum til að verðleggja eignirnar eða ráða leigu af þeim. Nú held ég, að það séu ekki skiptar skoðanir um það hér á Alþ., að þetta sé að sönnu ill nauðsyn, en þó svo mikil nauðsyn, að ekki muni vera fært að afnema þessi l. að sinni. Hitt er annað mál, að Alþ. ber skylda til, þegar sett eru slík þvingunarl., að gera sitt ýtrasta til þess, að þau komi sem jafnast niður, og það sé ekki gerður mjög ójafn réttur þegnanna og raska sem allra minnst eðlilegri þróun hlutanna. Nú er ekki hægt að neita því, að ýmsir húseigendur hafa í þessu efni ástæðu til að kæra yfir málum sínum. Þegar þessi l. voru sett á Alþ. 1943, held ég, að það hafi verið sýnt með þau, þegar þau voru steypt upp aftur. Þá var n., sem starfað hafði að undirbúningi málsins, ósammála um ýmis veruleg og þýðingarmikil atriði. Meðal þess var það, hver ætti að vera grundvöllur undir útreikningi húsaleiguvísitölunnar. Það segir í grg. frv., að n. hafi ekki verið alveg sammála um þennan hlut. Og það er talsvert mikilsvert, að í grg. frv. og í athugasemd við það frá ríkisstj. er tekið fram, að í Reykjavík séu 300 manns, sem hafi tekjur sínar að mestu leyti af húsaleigu. Þetta eru menn, sem hafa sparað saman í húsþak yfir höfuð sér á langri starfsleið. Þessir menn hafa á heilbrigðum tímum haft sæmilega afkomu. En svo kemur stríðið og löggjafarvaldið og raskar hlutfallinu milli tekna og kostnaðar af þessari lífsframfærslu. Þegar litið er á mál þessara manna, má ekki minna vera en grundvöllur vísitölunnar sé réttur. En það segir einmitt í grg. frv., að það hafi orðið að flýta málinu svo mikið, að ekki hafi tekizt að grandskoða þetta. Og það er viðurkennt, að gengið sé út frá því, að kostnaður og viðhald við húseignir sé 50% efni og 50% vinna, en víst sé, að þetta sé ekki rétt. Og í tilefni þess mun jafnvel ríkisstj. hafa haft orð á því og jafnvel lofað, að þetta yrði tekið til nýrrar rannsóknar. Nú hef ég verið svo hófsamur í till. minni, að ég hef ekki farið fram á aðra breyt. á þessum l. en þessi grundvöllur á útreikningi húsaleiguvísitölunnar verði rannsakaður og það tryggt, að hann sé réttur. Ég geri ekki ráð fyrir því, að hv. þm. hafi nokkuð á móti því að gera hlutina rétt, ef það er unnt að breyta við þessa menn þannig, að þeir séu ekki beittir beinum rangindum í því að reikna þeirra tekjuúttekt eftir falskri vísitölu. Ég meina ekki falskri í þeirri merkingu, að það sé vísvitandi farið rangt með af þeim, sem reikna út vísitöluna, heldur það, að fölsunin stafi af því, að það sé ekki réttur grundvöllur, sem reiknað er eftir. Ég geri ekki ráð fyrir því, að þetta atriði verði til ágreinings, og ætla ég ekki að flytja mál mitt með neinum áróðri og læt því máli mínu lokið.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 91., 92., 94., 97. og 98. fundi í Sþ., 6., 7., 16., 26. og 28. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 99. fundi í Sþ., 2. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 766, n. 1023).

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Allshn. hafði þetta mál til meðferðar á mörgum fundum. Eins og hv. þm. er ljóst, er hér um að ræða viðkvæmt mál, sem vakið hefur mjög miklar deilur. Ég vil lýsa því yfir, að n. gerði ítrekaðar tilraunir til að upplýsa málið frá báðum hliðum, að svo miklu leyti sem föng voru á. N. gaf út álit 2. febr., eins og sést á þskj. 1023. En n. barst eftir að álitið var gefið út mjög langt og ýtarlegt bréf frá formanni Fasteignaeigendafélags Reykjavíkur. En hann hafði, meðan málið var hjá n., legið á sjúkrahúsi og ekki getað mætt hjá n. Aftur á móti mættu tveir menn úr stjórn Fasteignaeigendafélagsins, og hafði n. allar upplýsingar frá þeim, eins og ég mun síðar koma að. N. hafði einnig á fundum hjá sér kauplagsn. alla og ræddi ýtarlega við hana um málið.

Það virðist í raun og veru vera tvennt, sem deilt er um milli þessara tveggja aðila. Annað er það, hvað viðgerðakostnaðurinn er og hvernig hann skuli reiknaður. Kauplagsn. hafði komizt að þeirri niðurstöðu 1941, þegar hún fyrst reiknaði þessa vísitölu út, að hann væri 16%. Þessa niðurstöðu hafði hún fengið á þann hátt að fá frá skattstofunni viðhaldskostnað 80 leiguhúsa í Reykjavík. Var það upplýst, að þetta voru eingöngu hús, sem kalla mætti leiguhús, það er hús, sem eigandinn bjó ekki í sjálfur. Nefndin taldi sig ekki geta tekið önnur hús til athugunar en þau hús sérstaklega, því að ekki er að marka viðhaldskostnað á húsi, sem eigandinn byggi í sjálfur, þar sem hann gæti meðal annars notað sínar tekjur til viðhalds og fengið þær dregnar frá öðrum skattskyldum tekjum. Þetta er raunverulega grundvöllurinn fyrir viðhaldskostnaðinum. Formaður Fasteignaeigendafél. skýrði frá því, að hann teldi, að þessi upphæð hefði átt að vera rúmlega 23%, og færði þau rök fyrir þeirri skoðun, að ekki mætti miða við viðhaldskostnað áranna 1938—39, heldur yrði að fara 10 ár aftur í tímann. Þótt 16% nægðu stundum, þá væri kostnaðurinn svo mikill 10. hvert ár, að það færi langt

upp úr því. N. og kauplagsn. vildu ekki fallast á þetta sem full rök, m. a. vegna þess, að í þeim 80 húsum, sem tekin voru til að miða við, hlutu að vera einhver hús, sem höfðu fengið 10 ára viðhaldið, sem form. Fasteignaeigendafél. talaði um. Það er líka augljóst, að þegar menn gera skattskýrslur sínar, telja þeir varla fram minna viðhald en það er, þegar þeir fá að draga það frá skattskyldum tekjum. Í raun og veru má byggja á því, sem gefið er upp á skattskýrslu á hverju ári í þessu efni. Það má telja það víst, að það sé fullkominn viðhaldskostnaður viðkomandi húss.

Kauplagsn. upplýsir enn fremur, að hún hafi skrifað til húseigenda hér í bænum fleiri tugi eða hundruð bréfa, en aðeins fengið nokkur bréf til baka ásamt mjög ófullkomnum viðhaldsreikningum, 5 að tölu, og þar af voru tveir nothæfir til þess að reikna vísitölu eftir. Kauplagsn. viðurkenndi jafnframt, að þessi grundvöllur hefði alltaf verið vefengdur, en ekki hefði verið hægt að fá styrkari grundvöll, þótt hún hafi margóskað eftir því að fá húseigendur til að leggja fram reikninga, sem sýndu hinn raunverulega viðhaldskostnað. En hún hefði ekki getað fengið neitt, sem hún gat byggt á.

Kauplagsn. lagði fyrir ráðuneytið á þeim tíma, að viðhaldskostnaðurinn yrði reiknaður 16%, en á það gat ráðuneytið ekki fallizt og lækkaði hann um 1%. Þegar svo fulltrúar Fasteignaeigendafélagsins komu til n., voru þeir spurðir að því, hvort þeir álitu þessa skiptingu rétta. Og þeir tveir, sem mættu hjá n. og báðir eiga sæti í stjórn félagsins og annar er húsameistari, viðurkenndu báðir, að þessi skipting væri rétt eftir því, sem þeir bezt gætu séð. Aftur á móti hefur form. fél. mótmælt þessu og haldið fram rökum, sem ég minntist á áðan, en allshn. gat ekki fallizt á eftir að hafa heyrt rök kauplagsn. og eftir að tveir menn úr stjórn Fasteignaeigendafélagsins höfðu viðurkennt, að sá grundvöllur væri réttur. Hún gat því ekki fallizt á, að grundvöllurinn væri rangur eða að ástæða væri til að leggja í kostnað við að rannsaka, hvort hann væri réttur eða rangur. Og þótt hægt væri að fá hækkað að einhverju leyti hlutfallið milli viðhalds og annars kostnaðar, hefur það ekki svo ákaflega mikla þýðingu, þar sem húsaleiguvísitalan breytist aðeins af þeim hluta, sem reiknaður er viðhald.

Hitt atriðið, sem mjög mikið er deilt um, er byggingarvísitalan í bænum. Kauplagsn. heldur fram, að hún sé 338 á móti 100 1939. Og hlutfallið milli vinnu og efnis 58% móti 45—50% fyrir stríð. Um þetta ber ekki saman kauplagsn. annars vegar og forráðamönnum Fasteignaeigendafélagsins hins vegar. Þeir halda því fram, að verðvísitalan sé komin upp í 600, því að 5 sinnum sé dýrara að byggja nú heldur en fyrir stríð. Og þeir segja, að hlutfallið milli vinnu og efnis sé 70% á móti 30%. Og það standi þannig á því, að reikna beri með því, að 2 tímar séu unnir í eftirvinnu. Það er í sambandi við samninga hér í Reykjavík á þessum tímum. Nú viðurkenndi einnig fulltrúinn frá Fasteignaeigendafélaginu, að þetta væri því aðeins rétt, að húseigendur héldu við húsum sínum á sama hátt og fyrir stríð, en það er vitanlegt, að það er ekki, því að fyrir stríð var eftirspurnin eftir leigjendum miklu meiri en eftirspurnin eftir húsnæði, og þess vegna urðu húseigendur á þeim tímum ekki aðeins að skipta oft um leigjendur, heldur urðu þeir ef til vill að mála og veggfóðra alla íbúðina að nýju í hvert sinn, sem skipt var um leigjendur. Nú hefur hins vegar alveg sannazt, að vegna þess að eftirspurn eftir húsnæði er meira en framboð, hafa húseigendur neitað að halda við íbúðum fyrir leigjendur og einnig og sér í lagi vegna þess, að þeir hafa engan veginn hlutfallslega hærri tekjur af leigunni nú, og þar af leiðir að hið raunverulega viðhald innan húss hefur færzt yfir á leigjendurna. Húseigendur hafa hvorki getað né viljað leggja fram raunverulegt viðhald á leiguíbúðum. Þetta er líka viðurkennt af þeim hluta stjórnarinnar, sem kom á fund með n., en hins vegar hélt húsameistarinn því fram, að þetta ætti aðeins við það viðhald, sem væri innan húss, en ekki það viðhald, sem yrði að fara fram á húsinu að utanverðu. Ef litið er á, hvernig tekjur húseigenda skiptust árið 1939, þá er álitið, að af hverjum 1000 kr. hafi farið 850 kr. í annað en viðhald, en 150 kr. aðeins í viðhald. Sé nu borið saman árið 1945, þá eru 1000 kr. með vísitölunni, sem er 136, 1360 kr., og það skiptist þannig, að viðhald 150 kr., plús viðhaldsvísitalan 338, verður 573 kr., og annað verður 863 kr., eða 13 kr. hærra en það var 1939. Nú hefur með húsaleigulögunum verið ætlazt til þess, að tekjur af húseign sem eign yrðu hlutfallslega ekki meiri en tekjur þeirra manna, sem áttu fé í sparisjóði, en bæta skyldi upp tekjur þeirra manna, sem hefðu það fyrir aðaltekjur að eiga hús og leigja þau út. Það er náttúrlega engu að síður ástæða til þess fyrir Alþ. að bæta upp a. m. k. þeim gamalmennum, sem ekkert hafa til að lifa af annað en vaxtatekjur sínar, það verðfall, sem orðið hefur á peningum.

Nú vildi Fasteignaeigendafélagið reikna viðhaldsvísitöluna 600 í stað 338, og þá yrði viðhaldskostnaðurinn 900 kr. af 1360 kr. og þá aðeins eftir 460 kr. til annarra útgjalda. Samkvæmt þessu skyldi húsaleiguvísitalan hækka úr 136 í 176,3, og það er raunverulega sú tala, sem Fasteignaeigendafélagið segist þurfa að fá til þess að vera skaðlaust af þessu máli. Ég hef síðan sem form. n. fengið tvö bréf, síðan nál. var gefið út. Annað er frá kauplagsn., þar sem hrakin eru þau gögn, sem form. Fasteignaeigendafélagsins hefur sent n. Fyrst og fremst var þetta upplýst á fundi n., en síðan hefur það verið staðfest í bréfi til n., en þetta bréf kom ekki fyrr en nál. hafði verið gefið út, og við sáum ekki ástæðu til að gefa út nýtt nál. með öllum þeim bréfum og gögnum, sem hér liggja, sem sum hver eru kannske annars eðlis en málið sjálft. En auk þess hef ég einnig síðan fengið bréf frá form. Fasteignaeigendafél., og í því bréfi er ekkert annað en staðfesting á því, sem ég hef skýrt og hann hefur tekið fram á fundi hjá n. Eftir að n. hafði kynnt sér öll þessi gögn, gat hún ekki lagt til, að till. yrði samþ. eins og hún lá fyrir, og sérstaklega með því að kauplagsnefnd lýsti því yfir

og lýsir því enn yfir hér í sínu síðasta bréfi til n., að hún sé fús til þess að taka til greina allar þær upplýsingar, sem kunna að koma frá Fasteignaeigendafél. og byggðar séu á raunveruleikanum, að taka þær til athugunar við útreikning á vísitölunni, þegar hún fari fram næst. Hún hefur þess utan lýst því yfir við allshn. og eins hagstofustjórinn, sem mætti hjá n., að kauplagsnefnd sjái ekki ástæðu til að fara að reikna út nýjustu húsaleiguvísitöluna aftur, það muni engu breyta um þessi mál. Hinu hélt einn nm. fast fram, og það er í rauninni kjarni málsins, að það væri mjög nauðsynlegt að breyta *sjálfum húsaleigul., en það er vitanlega allt annað mál.*

Það er einnig viðurkennt í blaði frá 19. febr., sem fasteignaeigendur hafa gefið út, þetta, sem ég hef haldið fram, að þeir hafi sjálfir ekki kostað viðhald á húsum vegna þess að þeir hafi ekki getað það, en ef þeir hafa ekki sjálfir kostað það, þá væri alveg rangt að greiða þeim hærri húsaleigu, sem stafaði af auknum viðhaldskostnaði, því að raunverulega er þá verið að svíkja leigjendurna, sem ekki fá hina almennu vísitöluhækkun, eins og *þeir mundu fá, ef leiga þeirra raunverulega hækkaði* eða hin raunverulega leiga, sem þeir greiða, kæmi inn í vísitöluna.

Með þessum rökum er n. einróma sammála um það, að þessi till. verði afgr. með rökstuddri dagskrá, sem fram kemur á þskj. 1023.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Maður verður sjálfsagt að taka því, sem að höndum ber, og þar með að verða nú að gera grein fyrir þessu máli, án þess að þeir, sem eiga að ráða úrslitum þess með atkv. sínum, séu viðlátnir. Þetta er í raun og veru ákaflega leiðinlegt og alls ekki skv. tilgangi þingskapa um meðferð mála. Ég efast stórlega um það, að þm. hafi yfirleitt sett sig inn í þetta mál. Ég held þvert á móti, að þeir þyrftu grg. fyrir því og það sé í raun og veru það eina, sem þeir geta bundið sig við, því að hv. þm. munu tæplega hafa fyrir því að afla sér upplýsinga utan þings um mál, sem þeir búast við að verði skýrt innan þingsalanna. Ég var nú svo óforsjáll, að ég lét ekki fylgja langa grg., því að mér leiðist, að menn séu að rubba upp langri grg., þegar þeir ætla hvort sem er að skýra málin munnlega. Ég ætlaði að láta mínar skýringar koma fram munnlega og bjóst ekki við, að málið mundi bera svo að, að það þyrfti að gera fyrir svo að segja tómu húsi.

Allshn. hefur haft þann hátt á, að hún hefur birt á þskj. 1023 örökstuddar staðhæfingar og líklega ætlað sér að fara að eins og ég að gefa nánari skýringu munnlega, en þær skýringar skella hér á auðum veggjum, ef þær koma fram.

Ég hlýt þó að byrja á byrjuninni, sem er húsaleigul. Það er kunnugt, að þegar hæstv. Alþingi var að leitast við að koma í veg fyrir aukna dýrtíð og verðbólgu, þá var ráð þess m. a. það að taka að verulegu leyti af mönnum umráðarétt yfir einni eign þeirra, húseigninni.

Ég held, að það sé óhætt að segja, að þessu, að taka svo að segja gersamlega af mönnum umráðarétt yfir eign þeirra, hafi ekki verið beitt við aðra en húseigendur. Sjálfsagt hefur mörgum húseigendum þótt þetta hart og möglað yfir því, þó ekki mikið, því að þeir munu hafa gert ráð fyrir því, að þetta kæmi ekki niður á þeim einum. Þetta afnám umráðaréttarins var út af fyrir sig. Menn máttu ekki ráða yfir húseignum sínum sjálfir, nema fyrir sjálfa sig, foreldra eða börn. En síðar var líka tekinn af mönnum að verulegu leyti eignarrétturinn á þann hátt, að menn gátu ekki ráðið yfir því, hvað þeir gerðu sér úr þessari eign sinni. Settar voru *mjög strangar reglur um það, að menn mættu ekki* hækka leiguna á þessum eignum, og það eru víst einu eignir landsmanna, sem slíkar reginkvaðir hafa verið lagðar á. Nú var mikill meiri hluti Alþingis þeirrar skoðunar, að þetta væri nauðsynlegt og annað mundi leiða til stórra vandræða. En ég held, að enginn háttv. þm. sé svo óréttsýnn, að hann ekki viðurkenni, að þetta var afar hart. Þetta var gert vegna brýnnar nauðsynjar, en ekki fyrir það, að húseigendurnir væru ekki geysilega hart leiknir, og þetta kemur beinlínis fram í þeirri rannsókn, sem *fram fór á málinu, og í grg. fyrir frv.*, sem flutt var hér 1943, þar sem segir, að það séu nokkur hundruð menn hér í Reykjavík, sem hafi svo að segja allt lífsframfæri sitt af húsaleigutekjum. Og það vita allir, hvers konar menn það eru. Það eru yfirleitt gamlir menn, sem hafa á langri ævi og með miklu striti sparað saman fé til húsakaupa, til þess að geta dregið fram lífið í ellinni með því að leigja einhvern hluta af húsi sínu, en þegar að því kemur, að þeir þurfa 10 peninga fyrir 1 til að geta lifað, en mega ekki fá nema 1 fyrir 10 í leigutekjur, þá fer svo fyrir þessum *mönnum, að þeir lenda á vonarvöl.* En það er annar hópur manna, sem ræður yfir húseignum sínum núna. Það eru menn, sem hafa byggt í stríðinu eða hafa fundið krókaleiðir framhjá húsaleigul. og hafa því haft miklar húsaleigutekjur. Þessi l. koma ekki við þá menn, sem hafa smogið l., og ekki heldur við þá, sem hafa byggt á stríðstímanum.

Það eru þess vegna eingöngu þeir rólegu, löghlýðnu borgarar, sem l. koma í raun og veru niður á.

Þegar húsaleigul. voru sett, þá tóku þeir sig saman, fasteignaeigendur hér í bæ, um það að félag þeirra leitaðist við að finna grundvöll fyrir þessa húsaleiguvísitölu, og mér skilst, að þeir hafi farið skynsamlega og ráðvandlega að þessu. Þeir leituðu til hlutlausra byggingameistara og báðu þá að gefa upplýsingar um þetta eftir sinni fagþekkingu og völdu til þess menn, sem sérstaklega voru kunnugir viðhaldi húsa, og síðan fá þeir skýrslu um viðhald hjá 20 húseigendum, og þeir taka langt tímabil. Þeir vilja binda sig við meðaltal af 10 árum. Þegar þessi skýrsla kemur fram, þá verður útkoman af rannsókninni á þessum húsum, sem þeir velja af ýmsum gerðum, steinhús og timburhús eða nýleg hús og gömul hús, og meðaltal af því verður vísitalan 24,57, en eftir skýrslu byggingameistaranna á húsaleiguvísitalan að vera 23.5. Munurinn er sem

sagt ákaflega lítill. Kauplagsn. hafði aðra aðferð. Hún leitaði bara til Skattstofunnar, og það má vel vera, að það séu áreiðanlegar skýrslur, sem Skattstofan fær, en eftir þeim upplýsingum, sem hún fær, á þetta að vera 16%, og ráðh., sem þá er og hefur barizt mikið fyrir húsaleigul., setur markið bara 15%, virðist ekki hugsa neitt um málið annað en þetta sé alveg nóg. Hann byggði það ekki á neinum upplýsingum um málið, en lét handahóf ráða.

Mikil gremja hefur komið fram hjá húseigendum. Fasteignaeigendafélagið hefur margsinnis skrifað bæði kauplagsnefnd og ríkisstj. og kvartað undan því, að þessi grundvöllur sé ekki réttur.

Þegar svo húsaleigul. voru endurskoðuð 1943, þá er tekið fram í grg. fyrir þeim l., að það hafi farið fram aðeins bráðabirgðarannsókn á þessu, en ekki verið tími til þess að gera ýtarlegar rannsóknir. Það lá svo mikið á að koma l. í kring, að ekki vannst tími til að rannsaka þetta til hlítar. Í grg. frv. var sagt, að bráðabirgðarannsóknin á húsaleigu vísitölunni hafi leitt í ljós nauðsyn á því að endurskoða grundvöll vísitölunnar. Í þessu felst í rauninni loforð um það, að þetta skuli gert. Nú skyldi maður ætla, að eitthvað hafi orðið úr framkvæmdum. Svo var þó ekki. Það er viðurkennt af ríkisstj., að bráðabirgðarannsóknin hafi leitt í ljós, að það þurfi að endurskoða grundvöllinn. Ég get ekki skilið, hvers vegna Alþingi á að vera svo mjög á móti skapi, að málið fái endurskoðun, fyrst ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að bráðabirgðarannsókn hafi leitt í ljós, að þess væri þörf. Ég skil ekki, hvers vegna Alþingi ætti að setja sig upp á móti þessum óskum frá vel metnum borgurum, sem viðurkenndar eru af ríkisstj. að vera réttmætar.

Ég hef flutt þessa till., og hv. allshn. hefur leitað til kauplagsn. Það kemur í ljós, að milli kauplagsnefndar og fasteignaeigenda er mikill ágreiningur. Þeim kemur ekki saman um neitt. Það hafði auðvitað allt farið milli þeirra með kurteisi og hæversku sem vera ber, en ágreiningur var allmikill. Fasteignaeigendafélagið hefur hvað eftir annað skrifað n. og hvað eftir annað sent henni gögn, en kauplagsn. hafði bara sagt, að hún gæti ekki tekið þetta til greina. Hún hefur skýrt allshn. frá, að það sé ekki mikill ágreiningur um vísitöluna, en á sama tíma birtir hún, að hún álíti byggingarvísitöluna vera 338, en Fasteignaeigendafélagið þykist hafa sannanir fyrir því, að hún sé 600. Kauplagsn. segir, að hlutfallið milli vinnu og efnis sé 58,7 á móti 48,3, en Fasteignaeigendafél. telur vinnuna 70% og efnið 30%, og við, sem þurfum að sjá um viðhald á húsum, þurfum ekki að láta segja okkur um þetta, við þurfum ekki að láta vísa málinu til hinnar háu allshn. til að segja okkur, hve geysilega fer fjarri, að hlutfallið milli vinnu og efnis sé eins og kauplagsn. segir. Viðhald kostar oft næstum eingöngu vinnu. Ég hef oft fengið nokkur hundruð króna reikning fyrir viðhald húss, þar sem efni er ekki nema nokkrir tugir kr., hér um bil allt saman vinna. Allshn. segist byggja till. sína um frávísun till. minnar á því, að hún hafi ekki fengið nægilegar skýrslur eða sannanir fyrir því frá húseigendum, hvað þeir borga í raun og veru fyrir viðhald húsanna, hvað þeir kosti miklu til þess, og grunar, að mér skilst, að þeir haldi ekki húsunum við eins og þarf. En ég vil spyrja hv. form. n., en hann er sá eini úr n., sem er hér, annar af tveimur hv. þm., sem hér sitja: Álítur hann, að það sé ódýrara að trassa viðhaldið heldur en að gera árlega við? Er ekki dýrasta viðhaldið, sem menn ekki megna að framkvæma á réttum tíma? Mín reynsla er a. m. k. sú, að það er tvöfalt dýrara að halda húsinu ekki við en að gera það, og enginn vafi er á því, að ef viðhald er dregið svo að árum skiptir, verður það margfalt dýrara. En það verða einmitt þeir menn að gera, sem hafa tekjur sínar að mestu leyti af leigu, en fá ekki leiguna í neinu samræmi við dýrtíðina. Þeir eru þess ekki megnugir að halda húsunum við og verða að láta þau níðast niður og hafa þar af leiðandi miklu dýrara viðhald.

Ég sé nú enga ástæðu til að vera að þreyta þessa hv. tvo þm. hér með langri ræðu. *(Forsrh.:* Hv. þm. telur ekki hæstv. forseta! — *Forseti:* Og ekki hæstv. forsrh.) Ég gerði ekki ráð fyrir, að rök mín gengju inn um bakið á hæstv. forsrh., því að hann sneri við mér bakinu, en annars tel ég hann a. m. k. tíu þm. ígildi, en ég vil ekki heldur þreyta hæstv. forsrh., og læt máli mínu lokið með þeim ummælum, að mér skilst, að það komi ekki neinum að meini, þó að húsaleiguvísitalan verði rannsökuð. Ég get ekki trúað öðru en hæstv. Alþingi vilji verða við þessari mjög svo kurteisu og hóflegu beiðni Fasteignaeigendafél., með því að fyrir liggur fyrirheit frá hæstv. fyrrv. ríkisstj. um það, að hún vilji láta þessa rannsókn fara fram, og þau ummæli fylgdu í grg. hennar við endurnýjun frv. 1943, að bráðabirgðarannsókn hafi leitt í ljós brýna þörf á rannsókn málsins. Þess vegna vil ég ekki öðru trúa en hæstv. Alþingi fallist á þessa hóflegu beiðni þeirra manna, sem vissulega hafa verið leiknir einna harðast, hvað eignarétt snertir, allra manna í þjóðfélaginu.

Frsm. (Gísli Jónsson): Ég vil mótmæla því, að allshn. hafi gníst tönnum út af þessu atriði, sem hv. 7. þm. Reykv. gat um, og vil taka það fram, að allur þessi misskilningur er sprottinn af því, — eins og hv. 7. þm. Reykv. veit —, að það liggja ekki fyrir neinar sannanir um það, að viðhaldið sé greitt af húseigendum, og út af því getur húsaleiguvísitalan ekki hækkað fyrr en þær liggja fyrir. Skjöl um þetta atriði hafa aldrei verið lögð fram, og vil ég því í þessu sambandi benda hv. þm. á, að í blaði, sem húseigendur gefa út sjálfir, stendur í dag, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessum ástæðum er tilgangslaust að ætlast til þess, að húseigendur geti skilað viðhaldsreikningum til kaupverðlagsnefndar, nema þá í mjög smáum stíl.“

Þarna er viðurkennt af þeim sjálfum, að ekki sé hægt að skylda þá til að hækka leiguna, af því að viðhaldið hafi ekki verið greitt af þeim sjálfum. Þessi viðhaldskostnaður hefur verið settur yfir

á herðar leigjenda af herðum húseigenda, og af þessum ástæðum gat allshn. ekki lagt til, að hér væri breytt um eða að ástæða væri til þess að rannsaka þetta, þar sem kauplagsn. hefur með bréfi staðfest, að hún væri reiðubúin til þess að athuga einmitt öll þessi gögn.

Sigurður Kristjánsson: Við þetta er aðeins það að athuga, að þarna fer hv. allshn. eftir hviksögum um það, að menn fari eftir húsaleigul., en hvers vegna heimtaði n. ekki sannanir fyrir því, að menn færu ekki eftir húsaleigul. og tækju hærri húsaleigu en þeim bæri, því að það er vitanlega viðbót við húsaleiguna, að húseigendur láta leigjendur sjá um viðhaldið? Það er því misskilningur af opinberri n. úr þ., að hún skuli ekki hafa heimtað sannanir fyrir því, að l. hafi ekki verið brotin. Húseigendur eiga að koma og sanna, að þeir hafi sjálfir séð um viðhaldið.

Það er og ekki rétt hugsað hjá hv. n., þegar tveir aðilar deila, sem eru kauplagsn. og Fasteignaeigendafélagið, að segja: þessu er öllu borgið, ef annar aðilinn, — sem sé kauplagsn. —, sker úr um málið. Ég hef ekki ástæðu til að fullyrða um, að kauplagsn. hafi rangt fyrir sér, og dettur mér það ekki í hug, en ég fullyrði, að það sé skylda hæstv. ríkisstj. og hv. Alþ. að fá úr því skorið, hvor aðilinn hafi rétt fyrir sér.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 100. fundi í Sþ., 3. marz, var enn fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskráin á þskj. 1023, frá allshn., samþ. með 25:6 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: STh, SÞ, SÁÓ, StgrA, ÞÞ, ÞG, ÁkJ, BG, BrB, EOl, EmJ, FJ, GJ, GÍG, HG, IngJ, HarJ, JörB, KA, LJós, PZ, PÞ, PM, SigfS, SG.

nei: SK, SkG, BÁ, BBen, PO, SB.

BSt, IngP, PHerm, GSv greiddu ekki atkv.

17 þm. (SEH, SvbH, ÁÁ, EE, EystJ, GÞ, GG, GTh, HelgJ, HermJ, JakM, JJós, JPálm, JJ, LJóh, MJ, ÓTh) fjarstaddir.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Þjóðhátíðarnefnd lýðveldisstofnunar.

Á deildafundum 14. febr. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um kosning nefndar til þess að undirbúa hátíðahöld 17. júní 1944, vegna lýðveldisstofnunar á Íslandi (A. 42).

Á 19. fundi í Sþ., 21. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Þessi umrædda till. er á þskj. 42 og var lögð fyrir hæstv. Alþ. fyrir nokkru. Segja má, að aðalefni hennar sé að undirbúa Þingvallafund í vor, og er gert ráð fyrir, að um þetta geti allir orðið sammála. Um viss atriði önnur geta menn ekki orðið sammála, og er það svo jafnan um ný fyrirtæki. Mér er enn í minni, að 1926, þegar verið var að byrja að vinna að undirbúningi hinnar nafntoguðu Þingvallahátíðar, voru menn ekki alveg sammála um það. En n., sem þannig var kosin, starfaði í fjögur ár, og lauk því máli svo, sem kunnugt er, að allir undu vel við.

Nú hefur það verið nokkuð í undirbúningi í vetur að efna til slíks Þingvallafundar í vor. En það er þó af ýmsum ástæðum, að ekki hefur verið lögð fram föst ráðagerð um þetta fyrr en á áðurnefndu þskj. Ég lít þannig á, að þessi samkoma sé í rauninni áframhald af hinum gömlu og góðu Þingvallafundum, sem bæði voru haldnir á 19. öldinni og oft og einatt á 20. öldinni í sambandi við sjálfstæðismál Íslendinga. Þingvallafundirnir voru vakningasamkomur þjóðarinnar í höfuðmáli hennar, frelsismálinu, og það mun von flestra, að sá fundur, sem halda á í vor, verði með vissum hætti eins konar lokasteinn í þeirri byggingu, sem hinir fyrri fundir voru. — Ég hef orðið var við, að menn hafa talið vafasamt, að hægt sé á svo skömmum tíma að undirbúa þetta, þetta ætti að vera ákaflega fjölbreytt samkoma. En ég held, að þar komi mest til greina minningin frá 1930 og fyrir hv. þm. vaki að bera þann þjóðfund, sem hér verður haldinn, saman við þá fundi, sem fyrr voru haldnir.

Þessi till. gerir ráð fyrir fimm manna n., og gæti svo farið, að fulltrúi frá ríkisstj. og einn frá hverjum þingflokki ætti sæti í henni, en þó er ekki um þetta samið enn þá. Þó mundi sennilega fara bezt á því. Og vegna þeirra, sem halda því fram, að samkoman á Þingvöllum 17. júní gæti ekki verið nægilega undirbúin, þá get ég skýrt frá því, að íþróttamenn hafa skrifað okkur í Þingvallanefndinni og tjáð okkur, að þeir ætluðu einmitt að hafa mikla hátíð fyrir sig í vor um þetta leyti á Þingvöllum, og mundi hún þá hverfa inn í þessa hátíð. Á sama hátt er kunnugt um það, að kórar landsins mundu einnig vilja koma þar saman til þess að taka þátt í þjóðarsamkomunni. Þó er kannske ekki rétt að fara út í það á þessu stigi málsins. Þó fyndist mér sennilegt, að það yrði svipað og 1874, að það mundu verða samkomur í ýmsum héruðum í landshlutum fyrir austan, norðan og vestan, en Þingvallasamkoma fyrir alla landsmenn, en þó fyrst og fremst fyrir það fólk, sem býr hér sunnan og vestan lands.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta, vegna þess að það verða um þessa till. tvær umr. og sennilega nefndarvinna, þannig að þá koma fram fleiri hliðar á málinu.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Mér þykir rétt nú þegar að lýsa viðhorfi ríkisstj. til þessa máls.

Enda þótt ríkisstj. sé efnislega samþykk tillögu þessari, vill hún samt sem áður bera fram þá ósk, að till. verði afgr. með þeim hætti, að henni sé vísað til stj. Er þessa óskað af þeim ástæðum, að ríkisstj. telur eðlilegast, að þing og stj. standi sameiginlega að þessum hátíðahöldum. Fallist Alþ. á þessa ósk, mun ríkisstj. framkvæma till. þannig að skipa nú þegar fimm manna n. Mun verða leitazt við að velja fjóra nm. samkv. tilnefningu þingflokkanna, en einn nm. mun ríkisstj. skipa án tilnefningar. Ríkisstj. mun veita n. sérhvern þann stuðning, er hún má, og er að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að n. hagi svo störfum, að hátíðin geti farið fram á þeim tíma, sem kunnugt er, að mikill meiri hl. Alþ. er ásáttur um.

Ég vildi taka þetta fram nú þegar við þessa umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Eins og ég tók fram áðan, þá hefur verið gert ráð fyrir því, eins og hæstv. forsrh. sagði, að í væntanlegri n., sem annast á undirbúning hátíðahaldanna að Þingvöllum í vor, yrðu fimm menn, og nú sé ég, að stj. hefur tekið málið að sér með vissum hætti, sem ég hygg, að sé á þeim grundvelli, er ætlazt hefur verið til.

Það eru nú margir flm. þessarar till. á þskj. 42, og hef ég ekkert umboð fyrir þá, en ég vil aðeins segja fyrir mitt leyti, að mér þykir ráðlegt að fallast á þá till., sem hæstv. forsrh. ber hér fram, og mun sjálfur greiða atkv. á þann hátt.

Steíán Jóh. Stefánsson: Ég get lýst yfir fyrir mitt leyti, að ég get samþ. till. hæstv. forsrh. um að vísa till. til ríkisstj. og sé þess vegna ekki ástæðu til að ræða frekar um málið en nú þegar hefur verið gert.

Ólafur Thors: Ég get lýst yfir, að ég get fyrir mitt leyti fallizt á ósk ríkisstj. í þessu máli, þótt ég geti ekki staðhæft, að allir þm. Sjálfstfl. yrðu á einu máli um það. Þótt ég þykist alveg vita fyrir víst, að svo sé ekki, þá hygg ég þó, að mikill meiri hl. þm. Sjálfstfl. vilji verða við þessari ósk, eins og hún er borin fram.

Páll Zóphóníasson: Mig langar til að fá skýringar á tveim hlutum varðandi þessa till., áður en kemur til að greiða atkv. Það standa að henni svo margir menn, að ég geri ráð fyrir, að ekki standi á svörum.

Það, sem mig langar til að spyrja um, er það, hvar þessi hátíðahöld eiga að vera, hvort þau eiga að vera í hverri sveit á Íslandi eða í einhverjum landsfjórðungum. Ég geri ráð fyrir, að menn séu búnir að hugsa um þetta og hafi svarið á reiðum höndum. — Hitt er um það, hvað þessi hátíðahöld kosta.

Alþingishátíðin kostaði allmikið fé. Og fyrir stuttu var talað um að verja 2 millj. kr. til ákveðinna hluta, sem ekki var gert ráð fyrir á fjárl. Fjmrh. tilkynnti þá, að þess væri ekki að vænta, að tekjuafgangur yrði á fjárl. þessa árs, og rökstuddi það, eftir því sem hann og ríkisstj. leit á það mál. Nú geri ég ekki ráð fyrir, að þessi hátíð kosti eins mikið og Alþingishátíðin kostaði. En talsvert fé hlýtur hún samt að kosta — og því meir, því vandaðri sem hátíðahöldin munu verða. Hefur breytzt eitthvað með fjárhag ríkissjóðs, frá því að hæstv. ráðh. flutti ræðu sínu hér um daginn, svo að ríkissjóður geti nú tekið á sig veruleg aukaútgjöld? Telur hæstv. ráðh. meira fé til afgangs en þegar hann talaði hérna um daginn? Þetta langaði mig til að vita, áður en ég greiddi atkv. með þessu. Annars er algengt að vísa till. til ríkisstj. til þess að fá þar hægt andlát.

Pétur Ottesen: Mér þykir mjög eðlilegt, að till. sem þessi komi fram undir þeim kringumstæðum, sem nú eru hér á landi, og í sambandi við þá atburði, sem eiga að ske á þessu ári. Þess vegna hef ég ekkert frá því sjónarmiði við till. að athuga og skal ekki heldur ræða kostnaðarliði í sambandi við þetta mál. Ég býst við, að kostnaðurinn verði að mestu leyti frjáls framlög þeirra manna, sem áhuga hafa á því, að land og þjóð sæki þennan fund á Þingvöllum, og ég veit, að það stendur ekkert á því hjá Íslendingum að leggja í þann kostnað. Ég ætla sem sagt ekki að fara að ræða um það mál og tel miður, að umr. skyldu hafa farið inn á þá braut hér á þingi.

En ég vildi minnast á það, að mér finnst ríkisstj. vera farin að færa sig upp á skaftið nú að síðustu, þar sem hún ætlast til, að Alþ. fari að vísa til hennar till., sem borin er fram af fulltrúum þriggja flokka á þ. í þeim tilgangi, að till. fái þá afgreiðslu, sem stefnt er að: að Alþ. kjósi þessa menn, svo sem segir í till. Ég skal þó viðurkenna, að mér virðist það vanta í þessa till., að stefnt sé til frekara samstarfs við ríkisstj. T. d. hefði ég talið vel til fallið, að forsrh. yrði fimmti eða sjötti maður í þessari n. og yrði þar sjálfkjörinn og til fullkomins samstarfs stefnt af hálfu Alþ.

Ég vil benda á það, sem hv. 1. flm. þessarar till. gat um, að undir svipuðum kringumstæðum, fyrir, að ég ætla, 17 árum, var kosin n. hér á þ. til að undirbúa Alþingishátíðina, sem haldin var 1930. Þá var það síður en svo, að þeirri ríkisstj., sem þá sat, dytti í hug að fara að seilast til yfirráða um það, með hvaða hætti og hvernig með þetta yrði farið og frá þessu gengið. Þessi n. var skipuð hér á Alþ. Og síðar við athugun málsins var það samþ., sem talið var undir öllum kringumstæðum sjálfsagt og eðlilegt, að forsrh. tæki sæti í n. til samstarfs við þá menn, sem þar voru fyrir. — Alþingishátíðin var vel og myndarlega undirbúin, eins og við væntum, að nú geti orðið, þó að í smærri stíl sé en þá var. A. m. k. er ekki hægt að gera ráð fyrir, að jafnmikil þátttaka erlendra ríkja geti orðið. Þetta skapa þær kringumstæður, sem nú ríkja í heiminum. Þetta var vel og myndarlega undirbúið, og hæstv. Alþ. ákvað sjálft, hvaða menn skyldu vera í þessari n. Ég fyrir mitt leyti vil þess vegna vænta þess, að hér verði fylgt sama dæmi og þá var um það, að Alþ. kjósi þessa n., eins og till. hljóðar um.

Ég mun svo, ef aðrir verða ekki til þess, á síðara stigi þessa máls bera fram brtt. um að bæta einum manni við í n. eða breyta tölu nm. þannig, að forsrh. verði sjálfkjörinn í n., og tel ég þá þeim málum vel skipað. En hitt verð ég að telja mjög einkennilega afgreiðslu þessa máls, ef fara á að vísa þessari till. til ríkisstj., og því undarlegra finnst mér það, að ríkisstj. sjálf fari fram á það við Alþ., að þetta skuli gert. Ég er fullur undrunar yfir þessu tiltæki ríkisstj. og get því fremur sagt þetta sem ég hef ekki verið lakari stuðningsmaður þessarar ríkisstj. en ýmsir aðrir hv. þm. Mér kemur það því undarlega fyrir, ef þeir menn, sem staðið hafa að þessari þáltill., geta goldið því jákvæði, að þessi utanþingsstjórn seilist svo inn á umráðasvið hæstv. Alþ. að hrifsa til sín með slíkum hætti þáltill., sem flutt hefur verið í því skyni, að Alþ. sjálft geri út um það mál án íhlutunar ríkisstj. Ég á eftir að sjá, að slík breyt. sé á orðin hugsunarhætti þm., að þeir taki slíkt fyrir góða og gilda vöru.

Auk þess er annað atriði í þessari þáltill., sem ég legg mikið upp úr. Það er, að hér stendur skýrum stöfum, að þessi hátíð eigi að vera 17. júní í sambandi við gildistöku lýðveldisstjórnarskrárinnar í þeim degi. Það er allt annað, að Alþ. slái því föstu með slíkri samþykkt, en þótt ríkisstj. segi eitthvað

um það, að hún ætlist til þess, að þetta verði framkvæmt þannig. Hæstv. forsrh. var ekki heldur að tala um að framkvæma þetta samkv. því, sem í þáltill. stendur, heldur var hann hér að vitna eitthvað til vilja meiri hl. Alþ. Á hann þá sjálfsagt við það, að í stjskrfrv., sem hér liggur fyrir þinginu, stendur, í samræmi við þetta, sem stendur í þáltill., að gildistaka lýðveldisstjskr. skuli fara fram 17. júní.

Ég mun að sjálfsögðu greiða atkv. á móti því, að þessari þáltill. verði vísað til stj., en standa að því, að hún fái þá afgreiðslu Alþ., sem hv. flm. ætluðust til. Ég er sem áður reiðubúinn að styðja ríkisstj. til allra góðra og þarfra verka. En allri undansláttarpólitík í hennar fari sem annarra og hálfvelguhrærigraut snýst ég öndverður gegn.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það var gert samkomulag um það milli þriggja flokka í þinginu að flytja þessa þáltill., sem hér liggur fyrir. Flm. hennar eru allir fulltrúar þessara flokka í stjórnarskrárnefnd og í lýðveldisnefndinni, sem á að verða. Það var ætlazt til þess í þessari þáltill., að Alþ. gerði þann undirbúning, sem þyrfti, til þess að hátíðahöld færu fram 17. júní 1944 í tilefni af stofnun lýðveldis á Íslandi. Það var búið að ræða allmikið í n. um undirbúning þessa máls og loks að koma sér niður á að flytja þetta mál með þeim, að því er þótti, virðulega hætti, að svo margir þm., sem þarna standa að, skyldu vera flm. málsins á Alþ. Og það var bundizt samtökum milli þessara flokka um að samþ. þessa þáltill. og meira að segja rætt nokkuð um að hafa nokkur samráð um það, hvaða menn yrðu í n. settir.

Þegar svo þessi þáltill. kemur til fyrri umr., þá heyri ég á ræðum hv. þm., sem ásamt mér eru þrír af hinum fremstu flm. hennar, að búið er að gera samkomulag um að svíkja þessa þáltill., þannig að hún skuli ekki samþ. á Alþ., þ. e. að Alþ. skuli ekki annast þetta verk og Alþ. skuli þannig ekki heldur gefa yfirlýsingu um, að stofna skuli lýðveldi og halda hátíð í sambandi við það 17. júní 1944 á Þingvöllum. — Mér mundi þykja þetta mikilli furðu gegna, ef ég hefði ekki upplifað önnur svik nýlega af hálfu þessara manna. En mér þykir þetta samt furðu gegna, að svo langt skuli gengið, að sú yfirlýsing skuli koma fram, sem hér hefur verið gefin í sambandi við þessa þáltill. Að þessi þáltill. er komin fram þetta snemma, stafar af því, að þegar verið var að ræða í stjskrn. að rjúfa það samkomulag, sem gert var af flokkunum um, að gildistökudagur stjskr. yrði 17. júní, þá átti að reyna að bæta þessi rof á samkomulaginu upp með því að flytja nú þegar þessa þáltill. — Þá gerast þau tíðindi, að eitt blað hér í bænum, sem sérstaklega hefur barizt á móti sjálfstæðismálinu, heimtaði, að ákvæðið um gildistöku stjskr. 17. júní yrði tekið út úr þessari þáltill. og hætt sé við að samþ. það. Og þegar svo þáltill. þessi kemur til umr. hér í þinginu, stendur hæstv. forsrh. upp og leggur til, að þáltill. verði vísað til ríkisstj., sem eins og kunnugt er, er ekkert annað en form fyrir því að svæfa mál og drepa á nokkuð mannúðlegan hátt. Það er auðséð, hvað hér er á ferð. Þessi þáltill., sem lögð var fram af þremur þingflokkum til þess að staðfesta það af hálfu Sjálfstfl. og Framsfl., að þeir meintu það, að þeir stæðu saman um, að gildistaka stjskr. yrði 17. júní 1944, þeir svíkjast nú þegar við fyrri umr. málsins frá þeirri yfirlýsingu.

Mig furðar á því, að hæstv. ríkisstj. skuli láta hafa sig til þess í þessu sambandi að vera nokkurs konar dula fyrir þessa flokka í þessum skrípaleik til þess að þurrka af sér brigðmælgi. — *(Forsrh:* Dula?) Já, dula, hæstv. forsrh., ég sagði það. Mig furðar á, að hæstv. ríkisstj. skuli lýsa yfir í þessu máli, að Alþ. hafi ekki mannrænu í sér til þess að samþ. till. og að af því að Alþ. gefist upp á því, þá skuli stj. bjarga þessu við. Hún skuli útnefna menn í þessa n., fyrst þingið hafi ekki dug í sér til þess sjálft. Hún skuli vera svo góð að taka till. til greina og taka einhverja menn frá þingflokkunum í n. — Ég verð að segja, að mér finnst leitt, að hæstv. ríkisstj. skuli vera að blanda sér inn í mál, sem hún veit vel, að er allhatrammt deilumál milli þeirra flokka, sem að þeirri stjskr. standa, er nú að að fara að samþ. á þessu þingi. Og hæstv. ríkisstj. gerir það auðsjáanlega ekki til þess að miðla málum á nokkurn hátt. Hæstv. forsrh. hefur t. d. ekki talað við Sósfl. um þessa till. og veit þó vel, að við erum ekki síður flm. að henni en þm. Sjálfstfl. og Framsfl., sem að henni standa. En hitt þykist ég viss um, að þessi till. hæstv. forsrh. muni ekki vera ókunn formönnum Framsfl. og Sjálfstfl., þegar hún er borin fram hér á Alþ. Ríkisstj. er þannig auðsjáanlega að reka erindi þeirra manna, sem komið hafa sér saman um að svíkja samkomulag það, sem þarna var gert. Og ég hafði ekki búizt við, að hæstv. ríkisstj. mundi gera það. Við erum ekki vanir því, þm. Sósfl., þegar ríkisstj. skipar n., að tekið sé tillit til þess, sem við viljum, Við búumst ekki við því, að hún muni heldur gera það í þessu sambandi, að taka slíkt tillit, og við mundum ekki heldur kæra okkur um það. Ég hef þótzt vinna að því eins og hver annar, að sem bezt gæti gengið afgreiðsla sjálfstæðismálanna — og ekki sízt hvað snertir undirbúning þjóðhátíðar á Þingvöllum. Ég hef lagt fram till. um það fyrir tveimur mánuðum án þess að geta komið því máli lengra áleiðis. Og mér er kunnugt um, hve mikil þörf er á, ekki aðeins samheldni, heldur líka skapandi krafti. Ég álít því, ef fara á með málið eins og hæstv. forsrh. og formenn Sjálfstfl. og Framsfl. vilja, að þá sé illa farið, — ef Alþ. á þannig að verða sér til skammar og láta málið úr höndunum á sér á þann hátt. Hæstv. Alþ. er þess fullkomlega umkomið að láta undirbúa og framkvæma hátíðahöld á Þingvöllum.

Það hefur verið rætt um það af hv. þm. Borgf., að ríkisstj. ætti að hafa fulltrúa í þessari undirbúningsnefnd. Og það var minnzt á það, þegar þessi þáltill. var lögð fram, og ekkert hefur verið haft á móti því út af fyrir sig. En það var hins vegar ákveðið að leggja till. fram eins og gert var, því að það var álitið, að ekki mundi verða að deiluatriði, hvort ríkisstj. ætti fulltrúa í n. eða ekki.

En hitt er aðalatriðið, að þetta er verk, sem Alþ. á að vinna og því er treystandi til að vinna.

Ég vil nú skora á hæstv. forsrh. að taka til baka till. sína um, að málinu verði vísað til ríkisstj. Geri ég það út frá því, að þingflokkarnir hafa komið sér saman um að bera þetta mál fram, og út frá því, að þetta er mál, sem hæstv. Alþ. sjálft á að hafa með að gera, sem það hins vegar getur haft góða samvinnu um við ríkisstj. og vel má framkvæma, ef ríkisstj. álítur það heppilegra, með því að breyta till. ofurlítið, þannig að einn maður gæti verið í n. frá ríkisstj. En ég vil algerlega mótmæla því, að þáltill. sé vísað til ríkisstj. Ég vil lýsa því hér, að ég álít það brot á því samkomulagi, sem gert var á milli flm. till., ef gera ætti slíkt. Og mér þykir ákaflega leitt, ef ríkisstj. lætur hafa sig til þess að vera eins konar skjól fyrir rof á slíku samkomulagi. Ég vil því eindregið beina því til hæstv. forsrh. að taka þá till. til baka, að málinu verði vísað til ríkisstj.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður um þetta mál eða svara orði til orðs því, sem hv. þm. Borgf. og hv. 2. þm. Reykv. hafa nú tekið fram. En hv. þm. Borgf. lýsti undrun sinni yfir því, að stj. væri að færa sig upp á skaftið með því að bera fram ósk um, að þessari þáltill. yrði vísað til hennar.

Ég vil bara svara því, að stj. hefur bæði borið fram till. til þál. um skilnað Íslands og Danmerkur og enn fremur frv. til lýðveldisstjórnarskrár. Þetta hefur stj. gert, og þetta mál, sem hér liggur fyrir, er beint framhald af meðferð þessara tveggja greindu mála, — og skal ég ekkert svara þessu frekar.

En viðvíkjandi því, sem hv. 2. þm. Reykv. bar fram um það, að ríkisstj. tæki aftur till. um, að þessari þáltill. verði vísað til hennar, þá get ég að sjálfsögðu ekki orðið við þeirri ósk, eftir að ég hef heyrt hinar eindregnu undirtektir formælenda þriggja þingflokka hér.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Þetta er í raun og veru alls ekkert nýtt mál, sem hér hefur verið fjallað um. Ég veit ekki annað en það hafi alltaf verið gert ráð fyrir þessum hátíðahöldum, og það hefur verið rætt a. m. k. í Sjálfstfl. Og mér skilst, að frá upphafi hafi verið gott samkomulag um það, að Alþ. efndi til einhverra hátíðahalda í sambandi við gildistöku lýðveldisins og skilnaðarins við Dani. Ég hygg, að víxlspor í þessu máli hafi aldrei verið nein stigin, fyrr en upp kom þessi hópur dansklundaðra manna, sem fóru að sýna sjálfstæðismálinu tilræði. Það hefur aldrei verið minnzt á það fyrr, að nokkur hlutur ætti að geta raskað því, að efnt yrði til hátíðahalda í sambandi við þennan merkilega atburð. Það var gert ráð fyrir, að Alþ. mundi gangast fyrir þeim, eins og sjálfsagt er. Ég sé ekki heldur ástæðu til þess, að Alþ. fari að fela þetta einhverjum og einhverjum öðrum en það sjálft kýs, að undirbúa þessi hátíðahöld, sem Alþ. á sjálft að bera alla ábyrgð á, hvernig til verði stofnað og fram kunna að fara.

Hæstv. forsrh., sem bar fram ósk um, að þessu máli yrði vísað til ríkisstj., lýsti yfir því, að ríkisstj. mundi þá skipa fjóra menn í undirbúningsn. fyrir þessi hátíðahöld eftir tilnefningu þingflokkanna og einn án tilnefningar. Ef fimm menn verða í þessari n., — og það er ekkert aðalatriði, hvort þeir verða fimm eða fleiri, — þá fyndist mér mjög vel viðeigandi, að þeir verði skipaðir á þennan hátt, og ég hef aldrei látið mér annað til hugar koma. Mér finnst sjálfsagt, að þingflokkarnir eigi fulltrúa í þessari n. og ríkisstj. líka, eins og hv. þm. Borgf. tók fram á undan mér, að honum þætti hlýða. En ef hæstv. ríkisstj. þætti þetta ekki koma nógu skýrt fram í þáltill., þá sýndist mér miklu beinni leið og betri málsmeðferð, að þáltill. væri breytt á þann hátt, að þar kæmi fram, að eftir þessum reglum yrði n. skipuð. — Það var líka hugsanleg önnur breyt., þó að ég hefði verið á móti henni, að í þáltill. væri tekið fram, að ríkisstj. væri falið að skipa þessa n. og þá eftir þeim reglum, sem þar væru til greindar.

En að vísa slíkri till. frá, — því að ef henni er vísað til ríkisstj., þá er henni vísað frá Alþ., — það eru þau undur, sem ég er sannfærður um, að eiga sér ekkert fordæmi. Þetta er till., sem borin er fram af 13 hv. þm., — sem er að vísu ekki talin nein happatala, — og að leggja til að vísa henni frá, finnst mér ekki ná nokkurri átt. Ég held, að það sé í raun og veru ekki hægt að vísa þessari þáltill. frá afgreiðslu Alþ., því að það kemur í bága við rökrétta hugsun. Og þar að auki er ég alveg viss um, að það mundi vekja hreint og beint þjóðarhneyksli, ef Alþ. vísar frá sér að gangast fyrir hlut slíkum sem þessum.

En nú er því sjálfsagt ekki til að dreifa, að ástæðan fyrir ósk ríkisstj. stafi af því, að við nánari athugun hafi mönnum þótt þetta betur við eiga, að Alþ. hefði ekki með þessi hátíðahöld að gera, heldur ríkisstj. Ástæðan er engin önnur en sú, — sem er opinbert mál og fram tekið í Alþýðublaðinu, — að nokkrum mönnum hefur af einhverjum ástæðum svnzt sér henta og sæma að berjast á móti sjálfstæðismálinu eins og Alþ. hafði hugsað sér að leiða það til lykta, og þeir menn hafa auðvitað heimtað þessa málsmeðferð. Alþýðublaðið hefur heimtað, að ákvæðið um, að hátíðahöldin væru miðuð við 17. júní, væri tekið burt úr þáltill., sem stendur í till., að eigi að vera í tilefni af gildistöku stjskr. þann dag. Það er m. ö. o. þannig, að þessi hópur manna, sem ég vona, að sé nú ekki stór, hann heimtar, að hæstv. Alþ. taki þetta aftur, éti þetta ofan í sig. Og það er einmitt þetta, sem hér er verið að beygja sig fyrir. — Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að fara neitt sérstaklega mörgum orðum um þetta. Það er frá mínu sjónarmiði svo langt fyrir neðan allar hellur. Og ég endurtek það, að ég er sannfærður um, að það vekur alþjóðarhneyksli, ef Alþ. gengur undir slíkt jarðarmen.

Út af þeim ummælum hæstv. forsrh., að það væri eðlilegt áframhald að vísa þessu máli nú til ríkisstj., þannig að hún hefði með þessi hátíðahöld að gera, eðlilegt áframhald af því, að ríkisstj. bar fram till.

til þál. um niðurfelling dansk-íslenzka sambandslagasamningsins og frv. um lýðveldisstjskr., — út af þessum ummælum vil ég segja það, að allir vita, að það er þingið, sem hefur látið semja þetta hvort tveggja, þáltill. og frv., sem ég nefndi. Og það er ekki nema formsatriði, að ríkisstj. hefur borið þessi mál fram á Alþ. Þessi síðastnefnda þáltill. og frv. eru samin að tilhlutun Alþ. af alþingisskipaðri nefnd. Og að vísa þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, til ríkisstj., er því ekkert rökrétt framhald af því, að ríkisstj. bar hin málin fram á hæstv. Alþ. Þarna kemur að mínu áliti fram misskilningur hjá hæstv. forsrh., því að ef þessari þáltill. er vísað til stj., þá er hér verið að taka úr höndum Alþ. það, sem raunverulega getur ekki verið í höndum annarra aðila en þeirra, sem Alþ. skipar. Og að vísa þessu máli til ríkisstj. er eingöngu gert til þess að myrða þetta ákvæði í þáltill. um gildistöku lýðveldisstjskr. 17. júní 1944.

Ólafur Thors: Herra forseti. — Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál, tel ekki heldur tilefni til þess, en þessar umr. undra mig nokkuð.

Ástæðan fyrir því, að ég kvaddi mér hljóðs, er sú ein, að ég vil ekki láta því ómótmælt, sem hér hefur verið borið fram, að hér hafi átt sér stað brigðmælgi eða svik í garð Sósfl. af þeim flokkum tveimur, sem með honum hafa starfað að þessu máli. Ég skal ekki fara út í að rekja þetta nú. Það er hægt í sambandi við umr. um till. um niðurfellingu sambandslagasamningsins og frv. um lýðveldisstjskr. og verður þá gert hér í sölum Alþ., ef tilefni þykir til þess. Að öðru leyti virðast mér þessar umr. sanna, að menn séu að leita sér að ágreiningsefnum, eins og raunar allt of mikið hefur borið á í þessu máli.

Ég vil svo, út af því, sem hv. þm. Borgf. og hv. 7. þm. Reykv. (SK) sögðu, aðeins segja það, að það er náttúrlega engan veginn á rökum byggt, að slíkri till. sem þessari sé vísað frá, ef henni er nú vísað til ríkisstj., sem lýsir yfir, um leið og hún óskar, að málinu sé vísað til hennar, að hún sé efnislega samþykk till. og muni framkvæma hana á þann hátt, sem þingvilji er fyrir. Þessir báðir hv. þm., sem ég nefndi, hafa og lýst yfir því, að þeim þyki nokkuð skorta á um form á till. eins og hún liggur fyrir. Ég hef aldrei heyrt það í þau ár, sem ég hef verið á þingi, að það sé að eyða máli að vísa því til ríkisstj., sem lýsir yfir, að hún sé efnislega samþykk því sama máli og muni tafarlaust framkvæma það, eins og hæstv. forsrh. lýsti, að ríkisstj. mundi nú gera. Ég er ekki flm. að þessari þáltill., en ég get ómögulega barizt gegn till. hæstv. ríkisstj., þó að hún komi frá ríkisstj., — till., sem er sanngjörn og byggð á heilbrigðri skynsemi. Mér er þess vegna ánægja að geta tekið undir ósk hæstv. forsrh. um þessa meðferð málsins, sem hann stingur upp á.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Það er aðeins örstutt aths.

Út af röksemdum þeim, sem hæstv. forsrh. bar hér fram gegn því, sem ég sagði, að ríkisstj. væri hér að færa sig upp á skaftið með því að vilja draga í sínar hendur þá þáltill., sem ætlunin var hjá flm., að Alþ. gengi formlega frá, vildi ég bara segja það, að þarna er náttúrlega alveg ólíku saman að jafna, þessari þáltill. annars vegar og hins vegar þeim tveim málum, sem hæstv. forsrh. nefndi til samanburðar. Hæstv. ríkisstj. hefur borið fram skilnaðarmálið og frv. til lýðveldisstjskr. í því skyni, að Alþ. gengi frá þessum málum báðum. En í þessu tilfelli er ríkisstj. að fara fram á, að vísað verði til hennar till., sem er liður í þessu sjálfstæðismáli í heild, en að vísu flutt af öðrum aðilum í þinginu. — Þetta stangast svo gersamlega, að ég er alveg hissa, að hæstv. forsrh. skuli grípa til þessara röksemda gegn því, sem hefur verið sagt um till. hæstv. ríkisstj. í þessu efni.

Hv. þm. G-K. talaði um, að stj. hefði velvilja í þessu máli og ætlaði að framkvæma það á sama hátt og Alþ. Ég sé ekki annað en sjálfsagt sé, að Alþ. hafi á þessu þá tilhögun, sem til var ætlazt. Alþ. hefur einhvern tíma séð það svartara en að ganga frá þessari till., ef það er ekkert annað en formið. Þó að ríkisstj. sé fullfær um það, þá er Alþ. það vissulega engu síður.

Ég skal svo að lokum benda á það, að ég hef setið á 35 þingum og man ekki eftir því, að ríkisstj. hafi nokkurn tíma farið fram á að hrifsa til sín mál með slíkum hætti, sem hér er stefnt að. Hitt hefur oft borið við, að einstakar n. og einstakir þm. hafi gert um það till. að vísa máli til ríkisstj., og hefur það þá langoftast verið gert til að draga afgreiðslu þeirra á langinn, ef ekki að eyða því. Þegar máli hefur verið vísað til ríkisstj., er það vanaviðkvæðið „að láta það í drekkingarhylinn".

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Forsrh. hefur ekki viljað taka þessa till. til baka. — Mig langar til að athuga í þessu sambandi þá aðferð, sem hæstv. ríkisstj. hefur beitt á þessu sviði í sambandi við stjórnarskrármálið. Það var ríkisstj., sem bað þessa flokka um að flytja stjskrfrv. á Alþ. Fór hún fram á, að hún fengi að leggja þetta frv. fyrir þingið, og eftir nokkrar umr. fékk hún það. Nú vil ég segja það, að ríkisstj. hefur ekki farið fram á það við þessa flokka að fá að skipa þessa n. Í þeirri samstarfsn., sem hefur undirbúið þessa till., voru tveir ráðh. eða helmingur ríkisstj. Það var líka auðvelt fyrir ríkisstj. að koma því á framfæri við þessa flokka, ef hún hefði sjálf viljað skipa n. Hún gat komið með breyt. við þetta, þegar verið var að ræða það. Ég man ekki betur en stj. hafi vitað af því, þegar till. var endanlega tilbúin. En það, sem gerist, er, að tveir flokkar virðast koma sér saman um það við stj. að láta vísa till. til hennar. Þessi aðferð er mjög einkennileg og ber vott um, að stj. sé að taka þátt í baktjaldamakki, sem fram fer milli fárra manna innan þings, og að ríkisstj. hefur í þessu máli ekki haft samvinnu við þá flokka alla, sem að þessu máli hafa staðið, heldur við nokkra menn í þrem flokkum,

sem vilja nota hana sem „autoritet" til þess að koma fram á þingi margs konar refjum, sem þessum valdhöfum innan þingsins þykir þægilegt að beita um eitt af viðkvæmustu málum, sem nú eru rædd.

Hv. þm. G-K. ætlaði að reyna að afsaka þessi svik. Eins og geta má nærri, voru það engin rök og engar afsakanir, sem hann færði fram. Hann minntist á, að það væri ekki virðuleg meðferð, sem þetta mál sætti, að það skyldu verða umr. um það í þinginu. Þessi hv. þm. fer að ráðast á þm. fyrir það, að óvirðulegt sé að standa fast á þál., sem þrír stærstu þingflokkarnir hafa komið sér saman um að samþykkja. Hv. þm. finnst það mjög mikil óvirðing við þingið, að það skuli koma fyrir, að þm. vilji samþ. þál., sem þeir bera fram. En hitt finnst honum víst betra, að till., sem hann sjálfur er flm. að og er um það, að Alþ. skuli kjósa n. til þess að framkvæma og halda hátíðlega stofnun lýðveldis á Íslandi, — atburður, sem aðeins er framkvæmdur í eitt skipti á 1000 árum í sögu okkar, — honum finnst það víst virðulegt, að slík þál. sé drepin af Alþ. sjálfu.

Það er ekki hægt að skilja, hvað þessi hv. þm. á við, þegar hann talar um virðulega málsmeðferð. Ef honum finnst það góð meðferð, að ríkisstj. nefni menn til að gera þetta, hvort var það þá tilfinningin fyrir virðuleikanum hjá þessum hv. þm., þegar hann gerðist einn aðalflm. að þessari till. fyrir nokkrum dögum? Hvernig víkur því við, að þessi hv. þm. er svona breyttur á fáum dögum? Hvernig stendur á því, að honum fannst sjálfsagt fyrir fáum dögum, að Alþ. framkvæmdi þetta, en nú finnst honum það óvirðulegt af Alþ. að gera slíkt? — Þetta dugir ekki. Það er bezt að koma hreint fram, hv. þm. G-K., og segja: „Það voru þrír eða fjórir menn hér á þingi, sem voru á móti. Ég vil beygja mig fyrir því, sem þessir þrír segja, en ekki hinir 47."

Þessi hv. þm. kemur inn á það, að það sé verið að leita að ágreiningsefnum með því að standa á till., sem við flytjum. Hvers vegna gerðist þessi hv. þm. meðflm. þessarar till. með mér fyrir nokkrum dögum? Gerði hann það til þess að gefa ríkisstj. möguleika til þess að láta Alþ. drepa hana? Hver var meiningin? Heldur hv. þm. G-K., form. Sjálfstfl., að hv. þm. Borgf. og hv. 7. þm. Reykv. standi upp einungis til þess að leita að ágreiningsefni við foringja sinn, hv. þm. G-K.? Heldur hann, að hv. þm. Borgf. geri leik að því að hefja umr. um þessa till.? Er hv. þm. Borgf. svo fjarri honum innan flokksins, að hann þurfi að leita að ágreiningsefni til þess að deila á hann? Það er þá nýtt. Ég held, að það séum ekki við þrír þm., sem talað höfum með þessari till., sem séum að skapa óvirðulega málsmeðferð. Ég held, að það sé hv. þm. G-K., form. Sjálfstfl., sem sé að skapa ágreiningsefni með því að víkja frá því, sem samkomulag hefur verið um, með því að gefast upp á að verja mál, sem hann hefur lofað að berjast fyrir. Ég held, að það sé hann, sem er að skapa ágreiningsefni um mál, sem enginn ágreiningur þarf að vera um. Ég held því, að þessum hv. þm. farist ekki að standa upp til þess að ávirða okkur aðra þm. fyrir að veita þessu máli virðulega meðferð. Þetta mál getur fengið einungis eina virðulega meðferð, þá, að þessi till. sé samþ. af Sþ. Og þó að form. Framsfl. og Sjálfstfl. hverfi frá þessu máli, er ég engan veginn búinn að sjá, að þeir eigi í því afturhvarfi svo mikið fylgi meðal flokksmanna sinna, að víst sé, að málið sæti eins óvirðulegri meðferð og hæstv. ríkisstj. hefur ákveðið að veita því.

Ég mun halda fast við það, að þessi till. fari til n., og ef samkomulag næst við ríkisstj. um, að hún eigi mann í n., hef ég ekkert á móti því. En ég stend fast á því, að till. verði samþ. og n. kosin til þess að undirbúa þjóðhátíð okkar, enda hefur sá háttur verið á hafður. Það var Alþ., sem 1926 kaus sex manna n. til þess að gera till. um hátíðahöldin 1930, og væri ekki nema eðlilegt og sjálfsagt, að sams konar athafnir verði hafðar um þetta mál.

Það er auðvitað margt, sem ræða mætti af því, sem hér hefur komið fram í tilefni þess, að tveir af flm. þessarar till. skyldu bregðast henni á þessu stigi málsins. Ég ætla ekki að gera það að umræðuefni. Það verður tilefni til þess síðar, en það er nægilega sýnt, hvað form. þessara tveggja flokka vilja, hvort sem hv. þm. leggjast svo lágt að fallast á till. þeirra eða ekki.

Ólafur Thors: Ég segi, eins og ég áðan sagði, að ég tek ekki þátt í því, sem hér hefur farið fram, nema ég megi til. Ég sagði, að mér þætti það ekki auka á meðferð málsins að vera hér með slíkt að tilefnislausu. Ég sagði ekki eitt einasta orð í þá átt, að það væri óvirðuleg meðferð, að sumir hv. þm. væru á móti því að vísa þessu til ríkisstj.

Hv. 2. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni, að ég hefði talið það meðferð málsins til ávirðingar, að menn voru ekki á eitt sáttir. Þetta sannar það, sem ég áður sagði, að menn eru að leita að ágreiningsefni. Ég vil ekki vera með getsakir í garð Sósfl. og vil líta svo á, að þessi framkoma flokksins stafi af því, að flokkurinn vegna fortíðar sinnar liggi undir þeim grun að vera ekki heill í því, sem hér er aðalmergur málsins, að Íslendingar fari með þessi mál. Ég álít, að það sé einhver minnimáttarkennd, sem veldur þessari tilhneigingu til þess að „spila" forustuflokk í þessu máli að tilefnislausu. En ég vil ekki gera flokknum þær getsakir, að hann sé skiptur í málinu.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson: Herra forseti. — Ég vil bara leiðrétta nokkra missögn, sem kom fram hjá hv. 2. þm. Reykv. — Hann sagði, að ríkisstj. hefði viljað fá leyfi stjskrn. til þess að flytja stjskrfrv. og þál. Þetta hlýtur að vera byggt á misskilningi hjá hv. 2. þm. Reykv., því að auðvitað hefur ríkisstj. ekki beðið neinn um leyfi til þess að flytja frv., sem hún mátti gera. Það var óþarfi fyrir ríkisstj. að beiðast þess, enda þarf ríkisstj. ekki að biðja þingflokkana um að flytja það mál, sem hún vill inn í þingið.

Skúli Guðmundsson: Hv. 2. þm. Reykv. sagði í þessum umr., að ef samþ. yrði að vísa þessari till. til ríkisstj., væri með því rofið samkomulag, sem gert hefði verið um þetta mál milli þriggja flokka, og væri Framsfl. einn af þeim. Ég mótmæli þessu, því að þetta hlýtur að vera byggt á misskilningi hjá hv. þm. Ég veit ekki, hvað talað hefur verið um þetta í stjskrn. eða lýðveldisn., því að þar er ég ekki. En það skiptir ekki máli. Um samkomulag milli flokka um þessi mál hefur ekki verið að ræða, því að mér er kunnugt um, að þessi till. hefur aldrei verið lögð fyrir okkur framsóknarmenn og engin ályktun verið gerð í þeim flokki um þá till., sem hér liggur fyrir. Ég er ekki ánægður með hana eins og hún er orðuð, og ég tel mig ekki hafa gengið í neitt bandalag um einhverja ákveðna afgreiðslu á þessari till. Ég get tekið það fram, að ég get vel fallizt á, að till. verði vísað til hæstv. ríkisstj., og ég er ekki sammála hv. 7. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Reykv. um það, að þetta sé mjög óviðuleg meðferð á þessu máli.

Hæstv. forsrh. hefur lýst yfir því, að ríkisstj. muni taka að sér forgöngu í málinu. Ég treysti hæstv. ríkisstj. til þess að fara með þetta mál á hinn bezta hátt og tel heppilegast, að við samþ. að vísa því til hennar.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Hæstv. dómsmrh. minntist á það, að ríkisstj. hefði ekki beðið um að flytja stjskrfrv. og þál. Ég orðaði þetta þannig, að ríkisstj. hefði beðið um þetta, farið fram á það. Ég skal rökstyðja, að þetta var rétt hjá mér. — Ríkisstj. ætlaði sér ekki að leggja fram stjskrfrv. mþn. Það var annað stjskrfrv. Það var eftir samkomulagi við þessa þrjá flokka, að ríkisstj. flutti frv., og þessir flokkar settu það skilyrði, að hún flytti það eins og það kom frá stjskrn. Það er því misskilningur hjá hæstv. dómsmrh., ef hann heldur, að það hafi ekki verið í samráði við þessa flokka, að það var flutt. Ríkisstj. hefur að heita má samið við flokkana um þetta.

Hv. þm. V-Húnv. sagði um þetta, að það hefði ekki verið gert samkomulag milli þriggja flokka. Ég veit ekki, hve oft samkomulag hefur verið gert þannig, að allir séu sammála, en undarlegt er það orðið, ef maður má ekki treysta því, þegar 13 þm. flytja þál. sem fulltrúar síns flokks. Og þegar ekki færri en 5 þm. Framsfl. eru flm. till., þá held ég, að það sé ekki nein goðgá að segja, að það sé samkomulag milli flokka um þetta. Og ef gera má ráð fyrir, að það sé samkomulag milli flokka, þá held ég, að segja megi, að það hafi verið samkomulag milli þriggja flokka, sem þar hefur verið rofið. En í öllu falli er þó þarna um að ræða samkomulag milli 13 manna, og það samkomulag hefur verið rofið.

Ég sé það, að hv. þm. G-K. vill fara út í það að ræða önnur mál, og ég er reiðubúinn til þess. Ég vil gjarnan gera upp þessi sjálfstæðismál og alla framkomu Sjálfstfl., ef þessi hv. þm. æskir eftir. Ég þori að leggja fram afstöðu Sósfl. í öllum þessum málum, frá því að byrjað var að ræða þau, og ég þori að bera hana saman við það, sem hv. þm. hefur gert í þessu máli. Hv. þm. er með þessu að storka mér, tala um, að við viljum vera einhver forystuflokkur. Ég held, að það hafi verið ég sjálfur, sem sagði við 1. umr. stjskrn., að enginn flokkur vildi telja sig forystuflokk í þessu máli, heldur hefði Alþ. forystuna. Ég mun því við síðari umr. rekja þessi mál með þeirri afstöðu, sem okkar flokkur hefur tekið, frá því að það var fyrst lagt fram.

Ólafur Thors: Mér þykir rétt, að það komi fram í sambandi við ummæli hv. 2. þm. Reykv. varðandi flutning á till. um niðurfelling sambandslagasáttmálans og um flutning lýðveldisstjskr., að eftir því, sem ég man, þá var málsmeðferð sú, að ríkisstj. hafði haft í hyggju að bera fram brtt. við þau frv., sem mþn. hafði samið, og að í lýðveldisn. var um þetta rætt og ályktað, að bezta málsmeðferðin væri, að ríkisstj. vildi flytja frv. óbreytt. Og ég man ekki betur en form. lýðveldisn., hæstv. forseti sameinaðs þings, flytti okkur þau skilaboð, hvort við vildum sætta okkur við þessa málsmeðferð.

Að öðru leyti þarf ég ekki neinu við að bæta út af þessari hávaða- og glamursfengnu ræðu hv. 2. þm. Reykv. og tilefnislausu brigzlyrðum. Ég hygg, að það mundi margan undra, ef skýrt væri frá samningsumleitununum við Alþfl., hver afstaða Sósfl. varð að lokum samanborið við það, sem hún var í öndverðu. Og ef um það væri rætt, kvíði ég ekki fyrir þeim umr. En ég álít hins vegar, að í þessu máli eigi ekki að vera að gera meira en nauður rekur til úr ágreiningsefnunum. Og ég hef viljað gera sem minnst úr því, sem á milli hefur borið í þessu máli á hverjum tíma. En ég hef talið mig til neyddan að gera þessar aths. vegna fram kominna brigzlyrða.

Sigurður Þórðarson: Herra forseti. — Mér skildist, að þessi þáltill. hefði komið fram til þess að undirstrika vilja þriggja flokka í sjálfstæðismálinu, þegar heyrzt hafði, að þeir hefðu gengið frá því, snúið til baka með að ákveða gildistökudag stjskr. í sjálfri stjskr. En að hv. flm. þessarar þáltill., sem hér liggur fyrir, virðast ætla að snúast á móti sinni eigin þáltill., þykir mér ákaflega einkennilegt, og mér finnst, að það hljóti að benda á, að eitthvað sé ekki gott í efni. Maður hefur heyrt í stríðsfregnum undanfarið nýyrði, sem ég hef ekki getað skilið. Það er „varnarsigur". Ég get búizt við, að varnarsigur í þessu máli sé fyrirhugaður af Alþfl. og þeim dansklunduðu í þessu landi. Allir vita, að þeir eru í mjög fámennum minni hluta og að stefna þeirra hefur að kalla ekkert fylgi með þjóðinni, sú stefna að rísa á móti því, að lýðveldið verði stofnað hér á landi ekki síðar en 17. júní n. k. Og það bendir á, að þeim sé ætlaður varnarsigur í þessu efni, að ekki má stíga neitt spor í þá átt að ákveða gildistökudag stjskr. 17. júní n. k. Og jafnvel nú, þegar 13 hv. þm. hafa borið fram till. til þál. um að undirbúa hátíðahöld 17. júní og það er nokkurn veginn tryggt, að það mál hafi

fylgi þriggja þingflokka, þá skeður það undarlega, að ég sé ekki betur en hv. flm. þessa máls standi hér upp, hver á fætur öðrum, og vilji snúast á móti sinni eigin till. og álíti, að það hafi verið misráðið að bera hana fram. Hvernig í dauðanum á að koma því heim og saman, að hv. 13 þm., fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka á Alþ., séu ekki í samráði við hæstv. ríkisstj. um þetta mál og framburð þess á Alþ., sem er mál allrar þjóðarinnar? Ég get ekki trúað því, að þessir 13 hv. þm. hafi ekki verið búnir að ná samkomulagi við hæstv. ríkisstj. um þetta mál, áður en þeir fluttu þessa þáltill. Og hvers vegna koma þeir þá með þáltill., sem þeir snúa svo til baka með, þegar á þing kemur? Því að í staðinn fyrir að mæla með málinu, sem þeir flytja, sé ég ekki betur en þeir mæli á móti því. Þetta er áreiðanlega allt of góður varnarsigur, sem ætlaður er þeim mönnum hér í þinginu, sem andstæðir eru því að ákveða í stjskr., að hún taki gildi 17. júní. Þess vegna tek ég fram, að ég mun fylgja þessari þáltill. eins og hún er, í því trausti, að hv. flm. sjálfir bregðist ekki í málinu.

Það er verið að tala um, að í lýðveldisn. hafi menn nú bundizt órjúfandi samkomulagi. Á hvað bendir þetta? Á það, að samkomulagið, sem áður hefur verið um þetta, hefur í raun og veru verið rofið. En trúa menn því þá betur, þó að sterkari orð séu við höfð um „órjúfandi samkomulag", að það muni standa betur, þegar það samkomulag, sem hv. þm. hafa tjáð vera orðið í þessu máli, hefur verið rofið, svo að ef eitt spor er stigið áfram, þá eru stigin mörg spor aftur á bak? — Ég ætla ekki að vera með nein stóryrði eða brigzlyrði, en ég harma, að í þessu máli, sem á að vera hafið yfir alla flokkastreitu hér á hæstv. Alþ. og hlýtur að vera eitt hið heitasta áhugamál allra Íslendinga, sé verið að tala um brigzlyrði og að eyða löngum tíma í samkomulag um sjálfsagðan hlut. Ef einhverjir skerast úr leik um þetta mál, hvort sem það er Alþfl. eða þeir, sem hafa mikla trú á, að okkur sé óheppilegt að stofna lýðveldi á þessum umtalaða tíma, þá verður að hafa það. En við, sem ætlum að fylgja því máli, að þá sé lýðveldið stofnað, ættum að berjast til sigurs fyrir það. Það á ekki að vera að eyða tíma í að semja við andstæðinga málsins. Við megum ekki taka tillit til andstæðinga í þessu máli. Þeir eru svo lítill hluti þjóðarinnar. Ég er viss um, að þjóðaratkvgr. mun sýna það, að það verða ekki margir á þeirra máli, sem ekki vilja stofna lýðveldi 17. júní n. k. Ég er ekki hræddur við þá atkvgr. En við getum tapað á því að semja við andstæðinga í þessu máli og veita þeim þannig þennan varnarsigur.

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. — Mig undrar nokkuð sá þytur, sem orðið hefur út af þessari þáltill., sem hér liggur fyrir, þar sem mér skilst, að um málefnið sjálft hafi í raun og veru enginn ágreiningur komið fram við umr. og eingöngu er um að ræða mjög óverulegan ágreining um form til þess að hrinda því fram, sem fyrir öllum þingheimi virðist vaka.

Ef litið er á þá þáltill., sem hér liggur fyrir, þá er hún eðli málsins samkvæmt ekki annað en áskorun til hæstv. ríkisstj. um að greiða nauðsynlegt fé úr ríkissjóði, til þess að af ríkisins hálfu verði efnt til hátíðahalda á Þingvöllum og víðar um landið 17. júní, þegar gildistaka stjskr. er ráðgerð, og að Alþ. ætli sér að kjósa forstöðunefnd þessara hátíðahalda. Jafnframt þessu hefur svo komið fram af hálfu allra aðila, sem hér hafa talað, að þótt í þáltill. sjálfri sé ráðgert, að Alþ. kjósi hátíðanefndina, þá er af öllum talið sjálfsagt, að hæstv. ríkisstj. skuli eiga þess kost að eiga fulltrúa í n., og enginn hefur nokkru sinni haft á móti því. Meira að segja er hægt að upplýsa það af hálfu flm., að það er beinlínis ráðgert og þess óskað, að allir flokkar þingsins taki sæti í þessari n. Og var þó erfitt að koma hvoru tveggja þessu við, ef hlutfallskosning ætti sér stað um þetta, eins og í þáltill. segir. Þess vegna var það, að þáltill. var borin fram meira sem tilraun um það, hvort ekki væri hægt að sameina alla flokka Alþ. og ríkisstj. um það að tilnefna menn í þessa n., heldur en það, að till. ætti að vera það endanlega orð flm. um, hvernig þessari nefndarskipun skyldi háttað. Þegar svo þáltill. kemur hér til umr., skeður það þegar í upphafi umr. og án þess að nokkur atkvgr. þurfi að fara fram um það, að hæstv. forsrh. lýsir yfir því fyrir hönd ríkisstj., að það sé óþarfi af Alþ. að skora á ríkisstj. að verja fé úr ríkissjóði í þessu skyni. Einungis ef þingið vill hafa þá einföldu málsmeðferð að vísa málinu til ríkisstj., þá muni ríkisstj. skoða það sem nægan þingvilja fyrir þeirri fjárveitingu, að þessi þáltill. er komin fram. Ríkisstj. vill m. ö. o. taka á sig ábyrgð á því að greiða fé úr ríkissjóði í þessu skyni. En það verður ekki greitt nema annaðhvort með fjárl. eða fjáraukal. En hæstv. forsrh. lýsir því sem svo miklu áhugamáli ríkisstj., að þetta verði gert, að hann telur, þar sem yfirgnæfandi þingvilji sé fyrir því og vilji ríkisstj., að full trygging sé fyrir því, að formleg fjárveiting fáist á sínum tíma fyrir þessum fjárgreiðslum, þó að till. sé vísað nú til ríkisstj. Og mér virðist þessi aðferð hæstv. ríkisstj. sízt vera til þess að gefa í skyn, að verið sé að grafa þessa þáltill., heldur til þess að sýna enn ríkari áhuga um, að til hátíðar verði efnt, en fyrir fram var jafnvel hægt að búast við. Og hæstv. ríkisstj. lýsir yfir því, að hún muni jafnvel óska eftir að eiga fulltrúa í hátíðanefndinni og óska eftir því, að miðstjórnir flokkanna tilnefni menn í hátíðanefndina. Þetta er nákvæmlega það sama og fyrir okkur vakti og við treystum okkur ekki til að orða í till., vegna þess að við á því stigi málsins vissum ekki, hvort allir flokkar þingsins mundu vera fáanlegir til að gera þetta. Ef hæstv. ríkisstj. vill taka á sig að gera þessar umleitanir og vill gangast fyrir því, að n. verði skipuð á þennan veg, þá skilst mér, að málinu sé nú frekar hraðað, svo að það nái fram að ganga, heldur en við flm. till. gátum vonazt eftir. Mér finnst það góði fyrir þá, sem að þessari þáltill. hafa staðið, að fengin er yfirlýsing og ósk hæstv. forsrh. um, að till. verði nú að efni til samþ., eins

og hæstv. forsrh. leggur til, með því að vísa henni til ríkisstj., svo að hún getur í dag eða á morgun snúið sér til flokkanna og óskað eftir tilnefningu þeirra í þessa n. — Mér virðist, að þetta allt, sem fram er komið, sé full trygging fyrir því, að það náist, sem við höfum óskað eftir.

Varðandi gildistökudag stjskr. í þessu sambandi þá var það einnig, að hæstv. forsrh., — ef ég tók rétt eftir, — taldi sjálfsagt, að hátíðarundirbúningnum yrði svo háttað, að hátíðin yrði haldin á þeim degi, sem vitað væri, að meiri hl. þm. vildi, að yrði gildistökudagur stjskr. Nú er vitað mál, að a. m. k. 45 eða e. t. v. fleiri af hv. alþm. hafa þegar margfaldlega lýst yfir, að fyrir því muni þeir berjast, að gildistökudagur stjskr. verði 17. júní 1944. Í yfirlýsingu hæstv. forsrh. felst því það, að ríkisstj. ásamt n., sem skipuð verður, og okkur þessum 45 þm. a. m. k. ætlar að sjá til þess, að þessi hátíðahöld verði við það miðuð, að hátíð geti orðið 17. júní n. k., eins og í till. segir. Ég get því ekki annað sagt, þegar fyrir hendi er þessi yfirlýsing hæstv. ríkisstj. og þegar litið er á það, hvað fram á er farið í þáltill., en að það sé greiðfærari leið, sem hæstv. ríkisstj. stingur upp á í þessu máli en jafnvel að samþ. till. formlega. Bókstaflega öll atriði till. eru tryggð með till. ríkisstj. Og þess vegna hlýtur það, eins og tekið hefur verið fram í þessum umr., að vekja grun um, að verið sé að leita að ágreiningsefnum, ef farið er að gera þessa málsmeðferð út af fyrir sig að ágreiningsefni. En hins vegar gat hæstv. ríkisstj. komið í veg fyrir þessi hátíðahöld með því að neita að greiða fé til þeirra úr ríkissjóðnum, þó að till. hefði verið samþ.

Þetta, sem ég hef fram tekið, gerir það að verkum, að ég mun óhikað greiða atkv. með till. hæstv. forsrh. og það í dag, í því trausti, að undinn verði bráður bugur að því að hrinda málinu áleiðis.

Að öðru leyti skal ég ekki blanda mér í þær umr., sem hér hafa orðið. Hér hafa nokkuð flogið hnútur um borð í þessu, eins og vill nú verða. Og brigzlyrði hafa komið fram um það, að verið væri að rjúfa samkomulag, og brigzl um svik og annað slíkt. Mér kemur allt slíkt tal mjög ókunnuglega fyrir sjónir, þar sem í þessu tilfelli er búið að tryggja, að það náist, sem samkv. þáltill. átti að nást. Ég þoli slík svikabrigzl ósköp vel varðandi sjálfstæðismálið, ef þau eru í þá átt, að okkur hafi tekizt að hrinda málinu betur áleiðis en vonir stóðu til um. Enda hefur þingheimur getað sameinazt um bæði að samþ. þáltill. um skilnaðarmálið og einnig stjskrmálið, og ég er ekki skuldbundinn til að halda svo á máli þessu, að útilokað sé, að þeir, sem vilja vera með málinu, fái að vera með því. Ef það eru svik, þá eru það svik, sem ég tel mér til lofs, en ekki lasts. Og þessi afstaða mín er allt annað en það, sem fyrir þeim vakti, sem bera þessi brigzlyrði fram og horfa meira á aukaatriðin en aðalatriðin í málinu.

Hv. 1. þm. Skagf. (SÞ) talaði hógvært, en þó með fullri alvöru og ekki laust við illkvittni í garð þeirra, sem væru að gefa Alþfl. kost á einhverjum svokölluðum varnarsigri. Það er fyrst hægt að tala um varnarsigur eða ósigur í þessu máli, ef það kemur í ljós, að frá því hafi verið horfið, að stjskr. verði lögleidd á þeim tíma, sem við bundumst samtökum um 1. desember eða 30. nóvember s. l. (1943). Ef það kemur í ljós, að einn einasti hv. þm., þeirra sem gengust þá undir skuldbindingu um að hrinda málinu fram með þessum hætti, sem mest hefur verið um rætt, hefur horfið frá þessari skuldbindingu, þá er fyrst tími til að tala um sigur eða ósigur í þessu sambandi og bera mönnum á brýn svik eða önnur óheilindi í málinu. En hitt verður ekki lagt okkur til lasts, eins og það verður ekki heldur lagt Alþfl. til lasts, þó að hann hafi gengið til samkomulags við okkur um málið. Ég tel það þvert á móti vera einn hinn ánægjulegasta viðburð í stjórnmálasögu okkar fyrr og síðar, ef það tekst að halda svo á þessu máli, að allur þingheimur geti orðið sammála um afgreiðslu þess. Og ég efa ekki, — ef allur þingheimur verður nú sammála um afgreiðslu þáltill. um niðurfellingu dansk-íslenzka sambandslagasamningsins og afgreiðslu stjskrfrv., — að þá kemur svo eindreginn þjóðarvilji fram við atkvgr. í maí þ. á., að allur þingheimur verður ekki síður sammála um málin í júní en fyrr um að afgreiða málin í einu hljóði. Og mér virðist nauðsynlegra að vinna að því, að þetta takmark náist, en að vera með smáskítleg illindi af engu tilefni.

Sigfús Sigurhjartarson: Herra forseti. — Hv. 6. þm. Reykv. hóf mál sitt á því að lýsa yfir, að sig undraði sá þytur, sem fram hefði komið út af till. hæstv. forsrh. um að vísa þessari þáltill. til ríkisstj. Ég get ekki tekið þátt í undrun þessa hv. þm., því að mér finnst mikið tilefni til þess, að nokkur þytur skapist út af svo furðulegri till. Og vitanlega er það með þeim tíðindum, sem margur maður mundi láta segja sér oftar en einu sinni, að þáltill., sem flutt er af 13 þm., fái þá meðferð á hæstv. Alþ., að hún sé afgr. með þeim einfalda hætti að vísa henni frá til ríkisstj.

En við skulum nú athuga efnishlið þessa máls nánar. Hv. 6. þm. Reykv. hélt því fram, að með þessari meðferð, að vísa þáltill. til ríkisstj., væri bókstaflega öllu náð, sem fram á væri farið í þáltill., því að till. fjallaði eiginlega um það eitt að skora á hæstv. ríkisstj. að verja fé til hátíðahalda á Þingvelli og víðar í sambandi við stofnun lýðveldis á Íslandi. — Ég verð að segja það, að ég er dálítið hissa á þessum málflutningi einmitt frá þessum hv. þm., sem ég hef annars reynt, að væri enginn undirhyggjumaður, heldur ærlegur í málsmeðferð og svo skýr, að yfirleitt vefðist það ekki fyrir honum að skýra einföldustu hluti. Hver, sem les þessa þáltill., gerir sér ljóst, að aðalatriði hennar felst í þessum orðum, sem ég vil lesa, með leyfi hæstv. forseta, að n., sem þáltill. leggur til, að skipuð verði, á að „annast undirbúning hátíðahalda á Þingvelli og víðar 17. júní 1944 vegna gildistöku lýðveldisstjórnarskrár Íslands þann dag.“ — Þetta er mergur málsins, að í þáltill. lýsir Alþ. yfir því, að lýðveldisstjskr. taki gildi 17. júní 1944. Og það þarf engum blöðum um það að

fletta, að sú till., sem hæstv. forsrh. kom fram með, er komin fram vegna samninga, sem gerðir hafa verið á bak við tjöldin um það, að Alþ. skuli ekkert samþ., sem bendi til þess, að lýðveldisstjskr. taki gildi 17. júní 1944. Það er þetta, sem hér er um að ræða fyrst og fremst, en ekki heimild til þess að verja fé til hátíðahalda. Það er þetta, sem nokkur þytur er út af, hvort það eigi einnig að hverfa úr þessari þáltill., að Alþ. ætlist til þess, að lýðveldisstjskr. taki gildi ákveðinn dag.

Ég get ekki komizt hjá því að fara nokkuð aftur í tímann til þess að gera grein fyrir, hvers vegna ég álít eðlilegt, að nokkur þytur fari um þingsalinn, þegar þetta kemur fram. Og þá er þess fyrst að minnast, að 8. apríl s. l. ár var undirskrifað hér í Alþingishúsinu samkomulag fulltrúa frá öllum stjórnmálaflokkunum um frv. að lýðveldisstjskr. og um gildistöku hennar. Allir þessir fulltrúar allra þingflokkanna voru þá sammála um að leggja til, að lýðveldisstjskr. skyldi taka gildi eigi síðar en 17. júní 1944. Og orðalagið „eigi síðar en 17. júní" var notað að yfirlögðu ráði, því að það var samkomulag, að konungssamband yrði ekki tekið aftur upp við Dani eða utanríkismálin seld í hendur Dönum á ný.

En það kom í ljós furðufljótt, að einn þeirra, er undirskrifuðu þetta samkomulag, hvarf fljótlega frá því. Menn mega kalla það hvað þeir vilja, en allir vita, hvað það heitir á íslenzku máli að ganga frá gerðu samkomulagi. Þetta varð mönnum yfirleitt hryggðarefni.

Næst gerðist það svo, að þrír þingflokkar, er stóðu saman að lýðveldismálinu, gerðu með sér samkomulag 30. nóv. s. l. um að standa fast á ákvörðunum frá 8. apríl, þ. e., að hér yrði stofnað lýðveldi eigi síðar en 17. júní 1944. Þessir þrír flokkar kusu svo níu manna n. til að vinna að undirbúningi þessa máls fyrir næsta þing, er samþ. var, að kæmi saman 10. jan. til þess að ganga frá þessum málum. Auk þess skipuðu þessir flokkar þriggja manna fulltrúaráð til að vinna eins að þessum undirbúningi. Síðan eru teknir upp samningar við þann eina mann, er brugðizt hafði samkomulaginu frá 8. apríl, og þvert ofan í samkomulag þriggja flokkanna, sem ekki var hægt að breyta nema með samþykki þeirra allra, var ákvæðið um 17. júní tekið út úr stjskr. Þetta eru brigð á samningnum frá 30. nóv., og er raunalegt til þess að vita. Hvers vegna er þetta gert? Ráðamenn Sjálfstfl. og Framsfl., hv. þm. G-K. og hv. þm. Str., sögðu þá, að það skyldi eigi að síður tryggt, að lýðveldi yrði stofnað hér eigi síðar en 17. júní, og til þess að sanna þetta fylgdu þeir þeirri þál., sem hér er til umr. En rétt eins og þeir hafi brennt sig á fingrunum, kippa þeir að sér hendinni og vilja nú forðast þessa samþykkt Alþ.

Hvað er hér á ferðinni? Hvaða spor verður stigið næst? Hver er tryggingin fyrir því, að lýðveldið verði stofnað eigi síðar en 17. júní?

Ég heyrði hv. 6. þm. Reykv. segja hér, að hann væri með því, að þetta yrði ekki dregið lengur en til þessa umsamda dags, og mér dettur ekki í hug að væna hann um fals í málinu, ég veit, að það er hans einlægt áhugamál. En hvers vegna er þá verið að þurrka þessa dagsetningu út úr stjskr. og þessari þál.? Er það ekki til að halda dyrunum opnum fyrir nýjum brigðum. Ég tek skýrt fram, að ég væni hv. 6. þm. Reykv. ekki um slíkt, en ég væni hv. þm. G-K. um það, og vænti ég þess, að hann megi heyra mál mitt. Ég trúi honum til að beygja af stig af stigi í öllum þessum málum og fylgja því, að lýðveldisstofnun yrði dregin lengur en til 17. júní, ef svo byði við að horfa. Og mér þykir rétt að rökstyðja það, hvers vegna ég væni hann um brigð og eins hv. þm. Str. *(PHerm:* Þetta er óprestlega mælt). Ég væni þá um brigð, af því að þeir beittu sér fyrir að rjúfa gert samkomulag þriggja flokkanna, og af því, hvernig hv. þm. G-K. og hv. 2. þm. S-M. hafa lýst orðheldni og trúleik hvor annars í stjórnarsamstarfinu. Ég hef líka lesið blaðaskrif hv. þm. G-K. og hv. þm. Str. um sömu efni, og eftir þessar ræður og skrif þá verð ég að segja, að ég treysti hvorugum, því miður, hvort sem það þykir óprestlega mælt eða ekki. Og þegar þeir geta beitt sér fyrir, að brigð séu gerð í alvarlegasta og örlagaríkasta máli þjóðarinnar, þá óttast ég, að þeir gangi alltaf lengra og lengra frá gerðu samkomulagi, og ég treysti þeim ekki til að standa við að fylgja lýðveldisstofnun hér eigi síðar en 17. júní í vor.

Forseti (GSv): Hv. þm., sá er síðast talaði hér, hefur viðhaft óviðeigandi ummæli, og skal því lýst yfir úr þessu sæti.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 32:11 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SEH, SkG, StJSt, ÞÞ, ÁÁ, BG, BSt, BÁ, BBen, EE, EystJ, GÞ, GJ, GÍG, GTh, HG, HelgJ, HermJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm, JS, JJ, JörB, LJóh, ÓTh, PHerm, PZ, PÞ, GSv.

nei: SB, SK, STh, SÞ, StgrA, ÞG, ÁkJ, EOl, LJós, PO, SigfS.

9 þm. (SG, SvbH, BrB, EmJ, GG, JakM, KA, MJ, PM) fjarstaddir.

2 þm. gerðu grein fyrir atkv. sínu:

Sigurður Bjarnason: Þar sem ég tel þann hátt, sem hér á að hafa um afgreiðslu þessarar till., bæði óviðeigandi og óskynsamlegan, þá segi ég nei.

Páll Zóphóníasson: Þar sem ég er á móti því, að nokkur hátíð verði haldin, þá er ég með því að vísa till. til ríkisstj., í drekkingarhylinn, og segi því já.

2. Póstsamband milli Íslands og Ameríku.

Á 50. fundi í Sþ., 3. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um póstsamband milli Íslands og Ameríku (A. 375).

Á 52. fundi í Sþ., 5. okt., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég hef hér á þskj. 375 flutt þál. um að fela ríkisstj. að leita nú þegar samninga við Bandaríkjastjórn um að koma á bættum póstsamgöngum milli Íslands og Bandaríkjanna. Eftir að síðustu verzlunarsamningar voru gerðir við Bandaríkin, mun óhætt að fullyrða, að um 80% af öllum innflutningi til landsins komi frá Vesturheimi. Það hefði verið eðlilegt, að í sambandi við þessa verzlunarsamninga hefði einnig verið samið um bættar póstsamgöngur milli þessara landa, en þetta hefur ekki tekizt. Ég er með þessu ekki að ásaka hæstv. ríkisstj., heldur eru ástæðurnar þær, að það er nauðsynlegt að fá stórkostlega bætt úr þessu. Það tekur nú um tvo mánuði að fá bréflegt svar frá Ameríku, en í verzlunarviðskiptum er alls ekki hægt að nota eingöngu ritsímasamband eða slíkar skeytasendingar, heldur verður einnig að nota mjög bréfaviðskipti. Ef Alþ. sjálft ber fram eindregnar óskir um að fá úr þessu bætt, þá þykir mér mjög líklegt, að Bandaríkjastjórn muni taka vel í þau tilmæli, eftir alla þá velvild, sem Bandaríkin sýndu í okkar garð í sambandi við lýðveldisstofnunina s. l. vor, og það hlýtur öllum að vera ljóst, hve áríðandi það er, að skjótt og gott samband sé á milli þessara landa, sem eiga svo mikil viðskipti saman. Það er vitað, að þótt það taki venjulega um tvo mánuði að koma bréfum milli þessara landa, þá sjást hér í Reykjavík amerísk blöð og einkabréf, sem eru ekki nema 2—3 daga gömul. Það er vitað, að miklar flugsamgöngur eru á milli þessara landa með flugvélum hersins og það jafnvel stundum daglegar ferðir. Það þyrfti því nauðsynlega að koma því svo fyrir, að allur bréfapóstur yrði sendur sem mest loftleiðis. Einnig þyrfti að koma því í kring, að skoðun á póstinum tæki sem allra minnstan tíma.

Ég geri ráð fyrir því, að nú muni vera auðveldara að fá þessu breytt en var fyrir 1—2 árum. Ég geri ráð fyrir því, að senda þurfi út mann héðan til þess að ræða við póststjórn Bandaríkjanna, og væri þá eðilegast, að það yrði póst- og símamálastjóri. Og þótt það hafi að sjálfsögðu nokkurn kostnað í för með sér, þá er þetta svo áríðandi mál, að ekki er í slíkt horfandi. Ég vænti þess, að þetta mál fái góðar undirtektir, og vona, að hæstv. utanrrh. taki málið þegar til meðferðar og geri allt, sem í hans valdi stendur, til þess að greiða fyrir því. Ég veit ekki, hvort ástæða er til þess að vísa málinu til n., og mun ég ekki gera till. um það, en legg það á vald hæstv. forseta.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég er sömu skoðunar og hv. flm., að ástand það, sem ríkt hefur í póstsamgöngum milli Íslands og Ameríku, sé með öllu óviðunandi. Póststjórnin og ríkisstjórnin hafa haft fullan skilning á þessu, og fyrir alllöngu var gerð tilraun til þess að fá úr þessu bætt, en það reyndist ókleift, og þótt stjórn Bandaríkjanna tæki málinu með skilningi og vinsemd, þá varð svarið það, að ekki væri hægt eins og þá stóð að verða við þeim tilmælum að flytja póst loftleiðis hér á milli. Málið var svo enn tekið upp fyrir nokkrum mánuðum, þar eð auðsýnt þótti, að aðstæður væru breyttar, og þegar ég var í Washington fyrir rúmum mánuði, þá fylgdi ég þessu máli eftir með þeim árangri, að telja má víst, að innan skamms verði farið að flytja bréfapóst loftleiðis hér á milli. Að þetta er ekki þegar komið í framkvæmd, stafar af því, að koma þarf vissum formsatriðum í lag þar vestra, sem búizt er við, að taki nokkrar vikur, m. a. vegna þess að þetta þarf að ganga um hendur fleiri rn. í Washington, en það er því tryggt, að innan mjög skamms tíma munu því hefjast hér á milli þeir póstflutningar, sem till. fer fram á.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir aðgerðir hans í þessu máli, en mér þætti ekki skaða að samþ. till. þrátt fyrir það, því að það væri alltaf styrkur fyrir hæstv. ríkisstj. í samningum sínum við Bandaríkjastjórn að geta sýnt, hver vilji Alþ. er í þessu máli. Ég vil því vænta þess, að till. verði nú samþ. og þá helzt án n. til þess að flýta afgreiðslu hennar sem mest.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Það er á valdi Alþ., hvort það telur ástæðu til þess að samþ. till. um það að fela ríkisstj. að gera það, sem hún er búin að gera, en ég tel ekki, að ríkisstj. þurfi nein frekari fyrirmæli um þetta. Annars er það alveg á valdi Alþ., hvað það gerir í þessu máli.

Páll Zóphóníasson: Ég legg til, að þessari till. verði vísað til ríkisstj.

Flm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Í tilefni af þessu vil ég benda á það, að ef brtt. koma fram, þá er æskilegt, að þær verði bornar fram skriflega.

Út af ræðu hæstv. ráðh. vil ég taka það fram, að póstflutningur loftleiðis er enn ekki hafinn, og ef svo skyldi fara, að hann kæmist nú ekki í framkvæmd, þá er hæstv. ríkisstj. það mikill styrkur að hafa að baki sér skýlausan vilja Alþ. í þessu máli. Ég vil því óska þess, að till. verði látin ganga áfram, og ef hér koma fram brtt., þá óska ég þess, að þær verði bornar formlega fram.

Forseti (GSv): Þessi till. hv. 2. þm. N.-M. er formlega fram komin í ræðu hjá honum, en það er að sjálfsögðu á valdi hv. þm., hvort þeir vilja hlíta henni.

ATKVGR.

Till. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 17:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JJ, JörB, PHerm, PZ, PÞ, SG, SkG, StJSt, SvbH, ÞÞ, BG, BSt, BÁ, EmJ, EystJ, GÞ, IngP.

nei: JPálm, LJós, ÓTh, SigfS, SB, SK, STh, StgrA, ÁkJ, ÁÁ, BBen, EE, GJ, GTh, JakM.

HG, GSv greiddu ekki atkv.

18 þm. (JJós, JS, KA, LJóh, MJ, PM, PO, SEH, SÞ, ÞG, BrB, EOl, FJ, GG, GÍG, HelgJ, HermJ, IngJ) fjarstaddir.

3. Hlutleysi ríkisútvarpsins.

Á 65. fundi í Sþ., 14. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um hlutleysi ríkisútvarpsins (A. 491).

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 68. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. — Í grg. fyrir till. þessari er nokkuð lýst, hverjar orsakir liggja til þess, að hún er flutt. Mér þykir ástæða til að fá úr því skorið, hvort það er vilji Alþingis að halda útvarpinu utan við stjórnmálaerjur eða ekki. Ég vil bæta hér nokkrum orðum við það, sem fram er tekið í grg.

Þegar l. um útvarpið voru sett árið 1930, var gert ráð fyrir hlutleysi þess, og hefur ætíð síðan verið haldið fast við þessa stefnu. Síðar, í starfsreglum settum af útvarpinu sjálfu, eru ýtarleg ákvæði hér um.

Í 1. gr. þessara reglna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neins konar ádeilum eða hlutsömum umsögnum um einstakar stjórnmálastefnur, stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, atvinnustofnanir eða einstaka menn."

Hér eru talin þau meginatriði, sem útvarpið skal varast í fréttaflutningi.

Mér er og kunnugt um, að starfsmenn Ríkisútvarpsins hafa lagt sig fram til þess að fylgja þessari stefnu, enda oftast tekizt það. En nú upp á síðkastið hefur allmjög brugðið út af þessu, og má segja, að til þess liggi annarlegar ástæður.

Það ber að játa, að hér er um erfitt og vandasamt mál að ræða, en þess verður að krefjast á hverjum tíma, að þeir aðilar, sem sjá um fréttaflutning útvarpsins, starfi af fyllstu samvizkusemi og láti enga hafa áhrif á sig. Þegar núv. ríkisstj. tók við völdum, tók þegar að bera á nýrri stefnu hjá útvarpsráði, sem auðvitað ber ábyrgð í þessu máli.

Um þær mundir, er séð varð, að takast mundi að mynda stjórn, lýsti forsrh. því yfir, að þrír þingflokkar: Sjálfstfl., Alþfl. og Sósfl. hefðu komið sér saman um myndun ríkisstj. Nú var mörgum á sama tíma kunnugt um, að þessu var ekki svo farið, því að einn fjórði hluti Sjálfstfl. var þessari samvinnu ekki samþykkur. Þessum mönnum mun hafa fundizt rétt að láta sína afstöðu koma fram, og munu flestir vera þeim sammála þar um. Þeir hafa sent útvarpinu yfirlýsingu þess efnis, að þeir styddu ekki þessa stjórn, og var þetta einungis leiðrétting fyrri frétta. En útvarpsráð fellir það á fundi, að þessi yfirlýsing megi koma fram, enda þótt áður væri búið að gefa til kynna, að allur Sjálfstfl. stæði að þessari stjórnarmyndun, m. ö. o., það var verið að meina mönnum að leiðrétta rangan fréttaflutning. Af þessu var ljóst, að nú svifi nýr andi yfir vötnunum og taka átti upp ný vinnubrögð. Þegar myndun ríkisstj. var tilkynnt hér á Alþ., hélt forsrh. langa ræðu um stefnu stj. Einnig vék hann nokkuð að þeim flokki, er ekki var með í myndun þessarar stj., og rakti frá sínu sjónarmiði aðdraganda til stjórnarmyndunar. Þessum fundi í Alþ. var ekki útvarpað, en í fréttatíma um kvöldið heyra menn, að tekið er að spila þessa ræðu á grammófón. Hafði þá forsrh. brugðið við og flutt ræðuna á plötu. Þetta var ekki gert á þingfundi, eins og eðlilegt hefði verið, og það var ekki flutt í þingfréttum, sem og var eðlilegt, og loks var ekki á plötuna tekin greinargerð stjórnarandstæðinga, sem þó var bein afleiðing af ummælum forsrh. um tildrög til stjórnarmyndunar. Þessar aðgerðir Ríkisútvarpsins eru að margra dómi óverjandi, en þó vil ég ekki leggja þær til jafns við það, sem ég kem að síðar. Eðlilega eru það miklar fréttir, þegar ný stj. er mynduð, og þeir, sem þekkja til hæstv. forsrh., ættu ekki að furða sig á því, þótt hér gætti nokkurs yfirlætis, en auðvitað hefði þó allt átt að koma fram, sem gerðist á þessum þingfundi.

Ég hef ekki tekið þetta dæmi í grg., vegna þess að ég tel það ekki eins mikilvægt og annað, og til þess liggja nokkrar afsakanir.

Ég vænti þess, að flestir hafi veitt því athygli, hve stjórnarblöðin hafa dæmt það hart, að stjórnarandstæðingar skuli gagnrýna svo mjög hina nýskipuðu stj. og stefnu hennar. Þar segir, að stj. hafi ekki starfað nema í nokkra daga, og því sé ekki hægt að dæma hana. Þá er það talið til hinnar mestu frekju, að framsóknarmenn hafa farið til fundarhalda út á landi, þeir hefðu heldur átt að bíða og sjá, hvað stj. gerði, og dæma hana síðan.

En hæstv. ríkisstj. var ekki fyrr komin á laggirnar en hún tók að gera ráðstafanir til þess, að félög og ýmis samtök færu að senda dóma og spár og þakkir til þeirrar stj., sem ennþá hafði ekkert gert.

Að þessu var gengið með atorku. Þrátt fyrir það, að stj. hafði mikið að gera og þurfti að fá þinghlé um hálfsmánaðartíma, höfðu hæstv. ráðh. tíma til að sitja á fundum, hlusta þar á lof og kjassmæli og dorga eftir vilyrtum ályktunum.

En á sama tíma víta þessir menn framsóknarmenn fyrir það, að þeir halda nokkra fundi, sem þó senda ekki frá sér neinar háværar yfirlýsingar, enda þótt full ástæða hefði verið til. Þrátt fyrir ásakanir hér um í garð stjórnarandstæðinga, hefur hæstv. ríkisstj. sjálf staðið að fjölmörgum fundum. Hún hefur litið svo á, að andstæðingarnir mættu ekki segja neitt, en hinir ættu að standa á torgum og gatnamótum og hrópa ríkisstj. lof og dýrð og lýsa því, hve hún væri vænleg til alls góðs. Hæstv. forsrh. hefur setið með sveittan skalla, ef svo má segja, og sent þær yfirlýsingar og spár, sem hann hefur aflað sér sjálfur, niður í Ríkisútvarp, og útvarpið hefur tekið við, þangað til það fór að kvisast, að mönnum þætti nóg um og farið væri að spá, frá hvaða félögum yfirlýsingar mundu koma næst; voru þá jafnvel nefnd til hin ólíklegustu nöfn. Allt þetta var birt í fréttum útvarpsins með því fororði, að það væri frá skrifstofu forsrh., en flutningur þess samrýmist ekki þeim venjum, sem gilt hafa um fréttaflutning útvarpsins, og þeim reglum, sem það hefur sett. Þetta hafa verið umsagnir um stefnu stj., — mjög hlutlausar umsagnir, og skal hér fært eitt dæmi til þess.

Í yfirlýsingu frá stjórn Landssambands ísl. útvegsmanna þakkar hún ríkisstj. fyrir, „að hún hefur valið sér það höfuðviðfangsefni að styrkja og endurskapa aðalatvinnuveg þjóðarinnar, sjávarútveginn."

Ég þykist hafa athugað stefnuskrá ríkisstj. grandgæfilega, en ég get ekki séð þess nokkur merki, að hún ætli sér að styrkja sjávarútveginn. Aftur á móti mun það margra skoðun, að samkv. þessari stefnuskrá verði sjávarútveginum íþyngt, og mun það sönnu nær. Þetta er dómur, sem samrýmist ekki reglugerð ríkisútvarpsins að flytja.

Fleiri dæmi mætti nefna, t. d. það, að í einni yfirlýsingunni er sérstaklega verið að býsnast yfir því mikla afreki, sem forsrh. hafi unnið með því að koma á þessari nýju ríkisstj. Þetta er líka fullkominn hlutdrægnisdómur um störf hæstv. forsrh., því að margur lítur ekki á það sem afrek, þótt hann hafi komið á fót þessari ríkisstj.

Þá er það greinilega tekið fram í hlutleysisreglum útvarpsins, að fréttir af pólitík megi ekki vera mengaðar neins konar ádeilum eða hlutsömum umsögnum um einstakar stjórnmálastefnur, félagsheildir eða stjórnmálaflokka. Þessum reglum hefur líka algerlega verið skotið til hliðar, því að í sumum ályktunum eru dylgjur um stjórnarandstöðuna, sérstaklega þó í einni ályktun, þar sem segir frá verkamannafélaginu Dagsbrún. Þar er gefið í skyn, svo ljóst sem verða má, að þeir, sem leyfi sér að finna að þessari stefnu núv. hæstv. ríkisstj., eða réttara sagt stefnuleysi, séu fjandsamlegir framförum í atvinnulífi þjóðarinnar. Frá því fólki megi nú vænta andstöðu við núv. ríkisstj. Ég sé, að hv. form. Dagsbrúnar brosir og þykist góður að hafa komið þessari yfirlýsingu á stjórnarandstöðunni í útvarpið. En þetta verður að teljast fullkomið brot á reglum útvarpsins um tíðindaflutning.

Þá úir og grúir í þessum yfirlýsingum af villandi ummælum um fyrirætlun hæstv. ríkisstj., og m. a. er frá einni félagsstjórninni lýst sérstaklega yfir fylgi við stefnuyfirlýsingu stj. í sjálfstæðismálinu. Ég veit nú ekki, við hvað hér er átt, og fleira í þessum yfirlýsingum er villandi. Úr því að hæstv. ríkisstj. pantaði þessar yfirlýsingar, hefði ekki mátt minna vera en hún hefði séð um, að svo vel væri frá þeim gengið, að skiljanlegt væri það, sem þar er tekið fram. Það er alveg augljóst mál, að í sambandi við flutning á þessum yfirlýsingum og tíðindum öllum hafa allar hlutleysisreglur útvarpsins verið lagðar til hliðar um þjóðfélagsfréttir. Það hefur verið venja Ríkisútvarpsins, ef hægt hefur verið að finna einhver brot eða frávik frá reglum þess í ræðum eða yfirlýsingum, sem ætlaðar hafa verið til flutnings, að umskrifa þær. En hér hefur verið allt annar háttur á hafður, og efast ég ekki um, hvaðan það er komið. Þessi tíðindi hafa verið send frá hæstv. forsrh., auðvitað með allra hæstum úrskurði um, að þau skyldu birt í útvarpinu eins og það kom frá þeirri hv. stofnun, og má vera, að hæstv. forsrh. beri á móti því, að það hafi verið honum að kenna. Það vita allir menn, að ekki hefur verið breytt um stefnu í útvarpinu, af því að hæstv. forsrh. hefur sent út tilkynningu frá sinni skrifstofu og útvarpið misskilið aðstöðu sína þannig, að það væri skylt að birta það eins og það kæmi fyrir, en lyti ekki venjulegum reglum um tíðindaflutning útvarpsins.

Menn geta rétt ímyndað sér, hversu fer með Ríkisútvarpið, ef því heldur áfram, að stjórnmálamenn í landinu, hvort heldur þeir fara með stjórn á þeim tíma eða eru stjórnarandstæðingar, fara að tíðka það að leita eftir umsögnum um störf sín hjá öllum mögulegum stofnunum í landinu og hafa síðan aðgang að því að setja þessa dóma og umsagnir í útvarpið. Því að ef ríkisstj. heldur áfram upptekknum hætti, verður það vitanlega krafa annarra manna, að sams konar tilkynningar séu birtar frá þeim og þeir geti fengið birta eftir vild sinni í útvarpinu vitnisburði um þau mál, sem efst eru með þjóðinni á hverjum tíma um stjórn landsins. — Ég fyrir mitt leyti er viss um, að hér hefur verið látið undan húsbóndavaldi hæstv. forsrh. Ríkisstj. hefur haft nokkurn glímuskjálfta, þegar hún byrjaði starf sitt, eins og eðlilegt er. Hún hefur kviðið fyrir þeim undirtektum, sem hún kynni að fá, þar sem þetta var nokkuð nýstárlegt fyrirbæri. Hún hefur því strax í byrjun hugsað sér að setja undir þennan leka með því að senda út þessar tilkynningar, sem eiga að sýna, hve mörgum miklum stofnunum í landinu lítist vel á þetta fyrirtæki. Það er mannlegur breyzkleiki að láta sér detta í hug að fara þessa leið, en ekki verjandi að hafa gert það.

Það er hættulegt fordæmi gefið með þessu móti um fréttaflutning útvarpsins. Ef ætti að fylgja því bókstaflega, mundi það helzt þýða það, að hvaða ríkisstj., sem væri, gæti, með því að tilkynna það Ríkisútvarpinu, flutt hvað, sem væri, um stefnu sína og framkvæmdir. Af þessum ástæðum, fordæmisins vegna, hef ég tekið það ráð að flytja þessa þáltill. og fá úr því skorið, hvort hæstv. Alþ. sýnist ekki enn sem fyrr rétt, að Ríkisútvarpið fylgi

þeirri hlutleysisstefnu, sem það, að því er ég bezt veit, hefur reynt að fylgja fram að þeim tíma, að hæstv. ríkisstj. tók við völdum, er allar reglur voru lagðar á hilluna í sambandi við tilkynningar frá forsrh. Íslands. Ég vil því fá úr því skorið, hvort hæstv. Alþ. vill ekki, að haldið verði áfram þeirri stefnu, sem er í reglugerð útvarpsins um fréttaflutning, og ég tel, að yfirlýsing um það væri fengin, ef þessi þáltill. væri samþ.

Forsrh. (Ólafur Thors): Herra forseti. — Sá málflutningur, sem hér fór fram hjá hv. síðasta ræðumanni, tekur af öll tvímæli um það, hve óvanalegur taugaóstyrkur hefur gripið Framsfl., þegar stj. var mynduð á Alþ. án hans þátttöku og honum að óvörum. Hér er talað eins og ógurlegur glæpur hafi verið drýgður, og formaður þingflokksins heldur hér langa ræðu um öll þessi ósköp, sem á ferð hafi verið. Maður skyldi ætla, að það hafi sorfið nokkuð hart að Framsfl. að hindra réttlætið í landinu. Ég veit ekki, hvort á að taka þennan málflutning alvarlega, en vil þó málsins vegna taka það fram, að ég held, að það sé mjög mikill misskilningur hjá hv. 2. þm. S.-M., að ég hafi gert mig sekan um einhverjar falskar tilkynningar, þegar ég leyfði útvarpinu að hafa eftir mér, að Sjálfstfl., Alþfl. og Sósfl. hefðu gert með sér málefnasamning, þó að ég tæki ekki fram, að það væri ekki allur Sjálfstfl.

Í þeirri yfirlýsingu, sem ég lét birta um málefnasamning stjórnarflokkanna, gat ég ekki um neinn innanflokks ágreining. Það hefur hv. 2. þm. S.-M. manna sízt ástæðu til að lasta, því að svo oft er hann búinn að láta birta auglýsingar og annað í nafni Framsfl., sem minni hluti flokksins var andvígur. Í andstöðunni var þó oft aðalleiðtogi þess flokks að fornu og nýju, Jónas Jónsson. Eitt síðasta dæmið um þetta voru fundaauglýsingar um fundi fyrir austan fjall, sem áttu að eyðileggja fund fyrir Jónasi og bæði framsóknarmenn og sjálfstæðismenn stóðu að.

Yfirlýsing fimmmenninganna var líka birt 21. október, þegar hún kom fram í Alþingi.

Ástæðan til þess, hve mikið hefur verið birt í útvarpinu um það bil, sem stjórnin tók við, og fyrst á eftir, var sú, að blöð komu þá ekki út. Útvarpið sjálft óskaði eftir mörgu af þessu, og yfirmaður stofnunarinnar taldi sér ánægju að birta fréttir af því helzta, sem gerðist. En eftir að blöðin fóru að koma út, varð samkomulag milli mín og útvarpsstjóra um að hætta þessu að mestu.

Ræða hv. 2. þm. S.-M., er hann flutti á Alþ., þegar stjórnin tók við, var birt samdægurs í útvarpinu og það í mjög svo fágaðri mynd, þótt þessi hv. þm. geti annars yfirleitt haldið þokkalegar ræður.

Það er hrein staðleysa, að nokkurri hlutdrægni hafi verið beitt í þessum efnum, og harla lítilfjörlegt allt það, sem hv. 2. þm. S.-M. hefur fundið að, hjá öllu því, sem útvarpið flutti eftir að fyrrv. stj. tók við og birt var mest að tilhlutun Vilhjálms Þórs. Þar voru oft birtar heilar ræður og meira að segja ósannar fregnir af afrekum þeirrar stj. Sá maður er þó í miðstjórn Framsfl.

Það er fjarri öllum sanni, að nokkrar traustsyfirlýsingar eða heillaóskir hafi verið pantaðar af starfsmönnum stj. Ég veit ekki, hvernig þær traustsyfirlýsingar eru, sem hv. þm. fær úr sínu kjördæmi. Þær eru máske pantaðar. Að stj. hefur fengið svo margar traustsyfirlýsingar, stafar af gleði fólksins yfir því, að merkasta stofnun þjóðarinnar skyldi hefja sig upp úr því svaði, sem hún komst í að áliti landsfólksins, meðan eigi tókst að mynda löglega þingræðisstj. Þetta var eðlilegt fagnaðarefni, enda hefur þjóðin sýnt það. — Í því felst engin hlutdrægni, þó að lýst sé fylgi við yfirlýsta stefnu stj. um endurbætur á framleiðslutækjum o. fl.

Að stj. hafi beitt einhverja húsbóndavaldi við útvarpið, er vitanlega helber uppspuni. Ýmist hefur verið birt það, sem ráðamenn útvarpsins óskuðu eftir eða töldu eðlilegt og óhlutdrægt.

Ég sé, að það er tvennt, sem hefur farið í þessar viðkvæmu taugar. Annars vegar það, að talað hefur verið um afrek forsrh. Það er sennilegt, að Framsfl. hafi haft meiri áhuga fyrir forsætisráðherrastólnum en þeim málefnasamningum, sem á bak við lágu. Og einnig hefur það snert Framsfl. ákaflega illa, að í skeyti frá Verkamannafél. Dagsbrún er minnzt á andspyrnu frá þeim þjóðfélagsöflum, sem andvíg eru atvinnulegum framförum. Já, sök bítur sekan. Þeir hirði sneið, sem eiga, þeir, sem endilega vilja taka að sér að vera andvígir þessum framförum. Það er varla eðlilegt, að þeir framsóknarmenn rísi upp og segi: Ég er saklaus. — Ég veit ekki nema þeir ásaki sjálfa sig með slíkri afsökun.

Mér finnst, sem sagt, þetta vera of lítið mál til þess að tefja mjög lengi störf þingsins með umr. um það. Ég skal ekki vera á móti því, að það fari í n. En það er svo langur vegur frá því, að útvarpsstjóri eða útvarpsráð hafi látið undan einhverju húsbóndavaldi, eins og hv. 2. þm. S-M. dylgjar um hér. Hann var fyrr í stjórn og veit sig kannske sjálfan sekan um það að hafa beitt einhverju húsbóndavaldi við útvarpið. En það er svo langur vegur frá því, að ég hafi gert það í þessum efnum varðandi birtingu fregnanna eða flutning minnar ræðu, fram yfir það, sem útvarpið stakk upp á eða það taldi sér ljúft að gera vegna þess, að það taldi það rúmast innan sinna starfsreglna, sem það hefði sett sér og mundi aldrei víkja frá.

Ég ætlaði mér í þessu efni að fylgja fordæminu frá því í janúar 1942, því að þá þótti okkur það góður kristindómur að fara sjálfir inn í útvarpið, hv. 2. þm. S-M. og mér, og halda fyrirlestra um stefnu okkar og starf, en meina Stefáni Jóh. Stefánssyni að flytja þar sitt mál. Okkur þótti það prýðilegt þá. Hins vegar þótti það einnig ágætt, þegar Vilhjálmur Þór framsóknarmiðstjórnarmaður var í ráðherrastóli, flutti ræðu í útvarpið án þess að öðrum gæfist kostur á að svara, þó að hann tæki fyrir sjálfan sig heiðurinn af framkvæmd máls, sem aðrir áttu, en ekki hann. — Af þessum ástæðum var það, að mér datt ekki í hug, að maður, sem gengur götuna, studdur bæði á stjór- og bakborða af Framsfl., villtist út af réttri braut. Enda viðurkenni ég ekki, að hér hafi verið villzt út af réttri

braut, og styðst þar algerlega við ummæli yfirmanns þessarar stofnunar, sem taldi sér ljúft að verða við óskum mínum í þessu efni, því að þær rúmuðust svo vel innan þess stranga ramma, sem útvarpið hefði sett sér um starfsreglur.

Magnús Jónsson: Herra forseti. Ég get alveg tekið undir með hæstv. forsrh. um það, að það virðist varla ástæða til þess að eyða mjög miklum tíma þingsins til þess að ræða um þetta — maður getur sagt nauðaómerkilega mál, eins og maður gat séð af málinu strax og heyrt svo af ræðu hv. flm. till. En samt sem áður er nú hér um dálítið merkilegt mál að ræða að því leyti, að hér á í hlut stofnun, sem er ákaflega vandgert við í þessu efni. Og það væri gott, ef hægt væri að finna ljósa reglu um það, hvernig útvarpið á að fara að, þegar um slík mál er að ræða sem hér.

Það var dálítið sláandi í upphafi ræðu hv. flm., þegar hann lagði áherzlu á, að útvarpinu væri haldið utan við, — svo hikaði hann og hugsaði sig um —, já, stjórnmálaerjur og slíkt, bætti hann svo við. En það er vandi að ákveða, hvað á að halda útvarpinu utan við mikið. Það má líka vara sig á því að ætla sér að halda stofnun eins og útvarpinu utan við allt of mikið. Útvarpið er mikilvirkasta og áhrifamesta tækið, sem við höfum til þess að koma út til fólksins, jafnt til þess, sem fjarst býr, eins og þess, sem býr nær, alls konar fréttum og fróðleik. Og ég held, að hv. þm. ættu að hugsa sig tvisvar um áður en þeir sníða of þröngan stakk því, sem útvarpið má flytja. Því að það er ekki lítið atriði að halda útvarpinu utan við eitthvað. Og reglur, sem settar hafa verið um fréttaflutning og slíkt í útvarpinu, hafa verið settar til þess að þurfa ekki að múlbinda útvarpið alveg í þeim efnum, sem snerta pólitík og þ. h. Það hafa komið fram till. á Alþ., sem, ef þeim hefði verið fylgt, hefðu orðið til þess, að engar upplýsingar eða fréttir hefði þá mátt segja úr nútíðinni, — kannske frá 15. eða 16. öld, en ekki, sem snertu nokkuð nútíðina, því að þær mundu þá gefa upplýsingar um einhver tiltekin efni.

Þetta mál er sérstaklega viðkvæmt.

Ég hlustaði á ræðu hv. flm. Og mér skildist hann álíta, að útvarpið fylgdi í stefnu sinni í þessu tilliti bæði of miklu og of litlu hlutleysi. Og þetta er beinlínis að sjá af grg. till. Útvarpið er bæði sakað um of mikið og of lítið hlutleysi. Útvarpið er of hlutlaust, skildist mér, að hans áliti, í sambandi við álit fimmmenninganna. *(EystJ:* Þá var það of hlutdrægt.) Útvarpið var þá náttúrlega hlutdrægt í því að verja hlutleysið of vel, af því að það vildi ekki birta yfirlýsingu, sem það taldi koma í bága við reglur sínar um hlutleysi. *(EystJ:* Hv. þm. vildi ekki birta yfirlýsinguna, af því að honum fannst hún fara í bága við ríkisstj.). — Svo kemur það hins vegar fram hjá hv. 2. þm. S.-M., að hann telur, að útvarpið hafi ekki verið nógu hlutlaust, með því að það hafi birt of mikið af fregnum. Það má segja, að það er vandsiglt til þess að þóknast þessum hv. þm. Í grg. þáltill. segir m. a. svo, að í útvarpsfréttunum hafi verið birtar ályktanir funda í stéttarfélögum eða stjórnum stéttarfélaga um afstöðu til ríkisstj., og þar sé „sums staðar hrósað happi yfir því, að fyrrverandi ríkisstjórn sé farin frá völdum." Ég hef ekki orðið þess var, að í þeim ályktunum hafi nokkurs staðar verið hrósað happi yfir því, en hins vegar er þar látin í ljós ánægja yfir því, að tekizt hefur að mynda þingræðisstj. Ef það er þetta, sem hv. þm. á við, þá skil ég það. En það er ómögulegt að orða það þannig, að hrósað sé happi yfir því, að fyrrv. stj. fór frá völdum. — Í þriðja lagi er í grg. þáltill. gefið í skyn, að í sambandi við þetta hafi verið um að ræða glundroða. Mér skilst, að hv. flm. sé það ekki ljóst, hvað heyrir undir útvarpsráð og hvað ekki. Fréttaflutningur er útvarpsráði gersamlega óviðkomandi, vegna þess að fréttastofan er óháð skrifstofu útvarpsráðs og heyrir undir útvarpsstjórann. Og þetta gildir um yfirlýsingu þeirra fimmmenninganna. *(EystJ:* Hvers vegna skipti útvarpsráð sér þá af þessu?) Af því að útvarpsstjóri bað ráðið að gera till. eða ályktun um þetta atriði. Annars starfar fréttastofan alveg óháð útvarpsráði og heyrir ekki undir skrifstofu þess, heldur undir útvarpsstjóra. Það er þess vegna allt tómt fimbulfamb, þegar hv. 2. þm. S.-M. er að tala um stefnubreyt. í þessu efni.

Þá er það þessi ályktun útvarpsráðs. Ég er í því ráði. Um það atriði vil ég aðeins segja það, að í sambandi við þessa ályktun var ekki um neitt húsbóndavald að ræða eða nein slík áhrif. Því að ég get sagt það skýrt og skorinort, að um það, hvernig úrskurða skyldi um flutning yfirlýsingar fimmmenninganna, hvort hún skyldi birt eða ekki, hafði enginn maður áhrif á útvarpsráð; hvorki ráðh., þm. né nokkur annar maður minntist á það yfirleitt við útvarpsráð, hvernig úrskurða skyldi um það. Útvarpsstjóri óskaði eftir, að ráðið úrskurðaði um þetta atriði. Hann sagðist álíta, að það væri ekki heppilegt að birta þessa yfirlýsingu, vegna þess að hann skoðaði hana sem stjórnmálaáróður, og hann óskaði, að útvarpsráð tæki um þetta ákvörðun. Og ráðið sá ekki ástæðu til að skorast undan því. Málið var rætt á fundi í ráðinu og þar samþ. ályktun um, að þessi yfirlýsing skyldi ekki vera birt í þessu formi, vegna þess sérstaklega, að það mundi geta skapað dálítið óþægilegt fordæmi. — Ég býst við, að flestir útvarpshlustendur mundu þreytast á því, ef birta ætti það að jafnaði í útvarpi, þegar atkvgr. fara fram í flokkum og flokkar kæmu fram í útvarpið með ályktun sína, og svo ættu minnihlutamenn í flokkunum, fleiri eða færri, að mega koma með sínar aths. líka í útvarpinu. — Þess vegna voru þær reglur líka settar, sem ég skal, með leyfi hæstv. forseta, lesa: „Útvarpið lítur svo á, að það samrýmist ekki stjórnmálahlutleysi útvarpsins að birta yfirlýsingar einstakra þingmanna um afstöðu þeirra innan flokks um viðkvæm stjórnmálaatriði." Þessi yfirlýsing fimmmenninganna var yfirlýsing, sem samþ. var af minni hl. í flokki, og hana fékk útvarpsstjóri í hendur, og eftir þessari upplesnu grein í reglum útvarpsins fór hann, þegar hann lét ekki birta þessa yfirlýsingu. Og það var hann, sem lét

ekki birta hana. Hins vegar sagði hann frá því, að hann hefði gefið þessum hv. þm. kost á, eða réttara sagt hagrætt málinu svo, að þeir gætu fengið birt nákvæmlega þetta sama í útvarpinu, þó þannig, að það samræmdist þeim reglum, sem teknar hafa verið upp um birtingu frétta í útvarpinu, og að hann hefði boðið fram að láta birta einfalda leiðréttingu á fréttinni, en ekki sem yfirlýsingu. Sömuleiðis benti útvarpsráð á, að það væri hægurinn hjá fyrir þessa 5 hv. þm. að birta á fundi í Alþ., utan dagskrár, þessa yfirlýsingu, og svo yrði sagt frá því í útvarpinu. Þetta skiptir kannske ekki máli í þessum umr. En með því móti að láta ekki birta í útvarpi yfirlýsingar frá minni hlutum í flokkum, má koma í veg fyrir, að minni hlutar innan flokkanna svo að segja bombarderi landsfólkið með því að birta í útvarpinu sínar sérstöður innan flokkanna. Þetta held ég, að öllum geti komið saman um.

Ég veit ekki, hvort hv. 2. þm. S.-M. álítur, að ég hafi haft tilhneigingu til þess að níðast á þessum 5 af *mínum* góðu flokksmönnum. En þegar litið er á það, að þessi yfirlýsing þeirra kom í útvarpinu strax og hún gat komið samkvæmt reglum útvarpsins, þá held ég, að þessi sök verði ekki þung.

Þetta var um þá aðdróttun hv. 2. þm. S.-M., að hlutleysi útvarpsins hefði verið of mikið þarna.

Hv. 2. þm. S.-M. hneykslaðist á því, að birt hefði verið ræða hæstv. forsrh. af plötu, er hann flutti, þegar tilkynnt var myndun ríkisstj. — Ég held, sannast að segja, að ófært væri að gera reglur útvarpsins svo tryggar, að ekki væri hægt að framkvæma slíkt sem þetta. Einhvers staðar verða mörkin þó að vera, og verður að treysta einhverjum manni að segja að því leyti hlutlaust frá og rétt. Og hér var hæstv. forsrh. ekkert annað að gera en það að lesa þá yfirlýsingu stj., sem fjallaði um það, sem varð tilefni þess, að ríkisstj. komst á laggirnar. Og ég held, að hvergi í veröldinni tíðkist sá háttur, að ekki megi birta slíkt, t. d. að Churchill gæti ekki útvarpað pólitískum ræðum eða forsætisráðherra í hvaða landi sem er geti ekki birt hápólitískar stefnuyfirlýsingar eða talað máli ríkisstj. öðruvísi en að allir aðrir flokkar komist að til þess að gera sínar athugasemdir. Árum saman hefur það tíðkazt hér hjá okkur, að forsrh. hefur flutt nýársboðskap til þjóðarinnar í gegnum útvarpið. Við yrðum náttúrlega að loka fyrir það, ef ætti að fara eftir því út í æsar, sem hv. 2. þm. S-M. vill. Þær ræður eru ekki lesnar yfir af útvarpinu áður en þær eru fluttar. Og ég býst ekki við, að hv. 2. þm. S.-M. vildi afhenda útvarpsráði til yfirlestrar slíka ræðu, ef hann ætti þar hlut að máli sem ráðh., til þess að vita, hvort ekki mætti finna áróður í henni. Það er vitanlegt, að það er alltaf einhver áróður í slíkum ræðum; þótt ekki sé annað en það, að hæstv. forsrh., hver sem hann er, tali skynsamlega og ágætlega um hagi lands og þjóðar, sem hann hlýtur að gera, ef hann talar ekki meiningarlaus orð, þá er alltaf einhver viss áróður í því, — hann kemur þar þá a. m. k. vel fram fyrir sinn flokk. En mér skilst, að fyrir þetta yrði að loka, ef ekki má í útvarpi flytja ræðu eins og þá, sem hæstv. forsrh. hélt, þegar ríkisstj. var mynduð. Og ég fyrir mitt leyti vildi loka útvarpinu gersamlega, ef ekki mætti flytja slíkar ræður.

Mér finnst hv. flm. skáka dálítið í því hróksvaldi nú, að farið er að gleymast og fyrnast yfir þær sérstöku ástæður, sem voru fyrir hendi, þegar hæstv. forsrh. flutti í útvarpið þessa ræðu sína, að þá komu engin blöð út um þær mundir vegna prentaraverkfalls. En það var atriði, sem taka bar tillit til í þessu sambandi, og fréttamenn útvarpsins voru þeim mun hungraðri eftir fregnum þessum, þar sem ekki var hægt að koma þessum fréttum út um landið á annan hátt þá heldur en í gegnum útvarpið.

Að öðru leyti hef ég ekki mikla ástæðu til að minnast sérstaklega á þessa yfirlýsingu og tilefni þess, að hún var svo borin fram, vegna þess að hæstv. forsrh. hefur nú þegar gert því skil. Ég vil þó taka fram, að það er þó náttúrlega alveg villandi málflutningur, sem kemur fram í grg. þáltill. og eins í ræðu hv. flm., þar sem hann vitnar í þessa gr. *í reglum útvarpsins um flutning innlendra frétta*: „Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neins konar ádeilum," o. s. frv. Hér er náttúrlega fyrst og fremst um að ræða þær fréttir, sem samdar eru beinlínis í fréttastofu útvarpsins. Það er vitanlega um þær að ræða. Og hvað þetta er algerlega villandi hjá hv. flm., kemur fram í því, að þrátt fyrir þetta ákvæði í reglum útvarpsins birtir útvarpið iðulega í fréttum sínum hápólitískar og algerlega flokkspólitískar fundarsamþykktir. Það eru ekki fréttir, sem útvarpið birtir, eins og það er orðað, „*af eigin hvötum og á eigin ábyrgð*." Útvarpið birtir þær fréttir á ábyrgð þeirra, sem fyrir fundunum hafa staðið. Og þess vegna er heimtað, að fundarstjóri og fundarritari undirriti þessar fregnir, ef fregnir berast um þessa fundi gegnum útvarpið, og kemur það ekkert í bága við reglur útvarpsins. Nú var í þessu tilfelli eingöngu að ræða um fundarsamþ., svo að þetta kemur ekkert við því, sem hv. flm. vill styðja sinn málflutning um þetta við. *(Eyst.)*: Vill hv. þm. lesa 8. gr.?) Þetta er ekki samið á skrifstofu Ríkisútvarpsins, heldur eru það eingöngu fundarsamþykktir, sem hér eru teknar. — *Ég veit náttúrlega ekki*, hvort hv. flm. vill e. t. v. koma því svo fyrir í þessu tilfelli, að af því að þetta berst frá skrifstofu forsrh., þá sé hann einhver lélegri heimildarmaður til þess að birta slíkar fregnir heldur en fundarstjórar og fundarritarar á þessum fundum, sem hér er um að ræða. — En hitt verð ég að játa, að ef fréttastofan hefði sagt í almennum fréttum frá því, að félög úti um landið væru almennt að senda forsrh. heillaóskaskeyti fyrir þann dugnað hans að geta myndað stjórn, en hefði ekki birt ályktanirnar sjálfar, þá hefði það ekki verið hlutleysi og ekki komið til mála, að útvarpið gerði slíkt, því að það hefði ekki samrímzt reglum um fréttaflutning útvarpsins.

Um þessa venju annars, almennt talað, að stjórnir birti þannig yfirlýsingar, þá er það alkunnugt öllum, sem á útvarp hafa hlustað, að það er algengt, að yfirlýsingar koma frá einu og öðru ráðuneyti

um eitt og annað, sem gerzt hefur. Ég held, — án þess að ég þekki það út í æsar —, að þessar tilkynningar frá ráðuneytunum hafi alltaf verið birtar. Ég held, að það hafi verið litið svo á, að þær stæðu ekki á ábyrgð útvarpsins, heldur ráðuneytisins, sem í hvert skipti semur þessar yfirlýsingar og sendir útvarpinu. Þetta held ég, en þori ekki að fullyrða, af því að þetta er mál útvarpsstjóra, en ekki útvarpsráðs. En það má alltaf deila um það, hvort áróður felst í slíku. Þessar yfirlýsingar eru yfirleitt um einhver afrek, sem viðkomandi ráðuneyti hefur unnið eða þykist hafa unnið, og þær eru birtar í fréttaskyni og líka til þess að sýna, hve vel sé unnið í þessum stofnunum.

Ég vissi nú ekkert meira um þessar yfirlýsingar og ályktanir um traust á ríkisstj. heldur en hver annar, fyrr en ég hlustaði á þær í útvarpinu. Og ég vil nú segja það, að mér var alveg nóg boðið yfir þessum yfirlýsingum, ég segi það eins og það er. Og mér fannst þetta vera hálfleiðinlegar fréttir á að hlýða. Mér skildist, að allur þorri félaga og félagasamtaka úti um land vildi óska ríkisstj. til hamingju. Út af fyrir sig voru óskirnar góðar. En mér þótti þetta of oft endurtekið. En mér sýndist augljóst, hvernig þetta væri til komið. Þegar slík yfirlýsing kom fyrst frá ákaflega stórum samtökum um þetta, þá er ekki nema eðlilegt, að það sé birt. Þegar svo sams konar skeyti koma frá annarri stofnun, þá er þetta birt líka. Þegar þetta kemur svo frá þriðju félagssamtökunum, — er það þá ekki móðgandi að birta það ekki líka? Það er gert. En svo sér útvarpsstjóri, að þó að þetta skerði ekki hlutleysi útvarpsins, þá er hæpið að halda langt á þessari braut um fréttaflutning, hæpið, að þetta hafi fréttagildi. Og það er hann, sem sker úr um það, hvað hefur fréttagildi. Og svo er það, eins og hæstv. ráðh. sagði, að blöðin fara að koma út aftur og gátu þá flutt þessar fréttir, þó að útvarpið tæki það að sér fyrst, því að þetta voru almennar fréttir. — Þegar menn bíða eftir því úti um landið, hvernig stjórninni sé tekið, þá eru það út af fyrir sig talsverðar fréttir, þegar slíkar ályktanir koma fram eins og þær, sem hér er um að ræða.

Hv. flm. taldi megingallann á þessu vera þann, að stjórnarandstæðingar stæðu varnarlausir uppi fyrir þessu. Þetta er vitanlega alveg rangt. Hann sagði, að stjórnarandstæðingar hefðu haldið fundi hér og þar og þeir hefðu ekkert birt í útvarpi af þeim fundum. En það er bara þeirra aðferð að kenna, það er þeirra sök, ef maður vill kalla svo. Það hefur verið siður, þegar fundir hafa verið haldnir og ályktanir á þeim gerðar, að þær hafa verið sendar útvarpinu, undirskrifaðar af fundarstjóra og fundarritara, og þá eru þær birtar í útvarpinu. Og ég býst við, að slíkar yfirlýsingar hefðu verið birtar sem ályktanir af fundum stjórnarandstæðinga, þannig að stjórnarandstæðingar hefðu getað svalað löngun sinni í því að vega eitthvað á móti þeim ánægjuyfirlýsingum út af stjórnarmynduninni, sem þeir halda, að hafi megnað svo afar mikils.

Ég held svo, að það þurfi ekki meira um þetta að ræða. Ég álít, að í sjálfu sér væri vel hægt að fella þessa þáltill. og eiginlega ekkert gert á móti neinum með því, því að ég býst við, að hv. flm. hafi flutt hana aðallega til þess að ræða hana hér. Því að ég býst ekki við, að hún, þótt samþ. væri, yrði nein leiðbeining fyrir útvarpið í framtíðinni. — Það væri kannske rétt að búa henni hæga gröf, ef menn vilja ekki fella hana. Ég er því ekkert á móti því að vísa henni til n., og mætti þá sjá til, hvað yrði um afgreiðslu á henni úr því.

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Meðan á þessum umr. hefur staðið hér, hef ég verið að litast um hér á hæstv. Alþ. og veita því gætur, hvort yfirmaður útvarpsins, hæstv. menntmrh., mundi ekki vera viðstaddur þessar umr., og það með sérstöku tilliti til þess, að mig langaði til að bera upp fyrir hann eina fyrirspurn. Nú sé ég það, að sú eftirgrennslan, sem ég hef haft um þetta, hefur leitt til þess, að ég veit nú, að hann muni ekki vera hér. Og það er þá næst hendi að biðja hæstv. forsrh., sem virðist vera hér einn staddur af hæstv. ráðh., að flytja þessa fyrirspurn mína til hæstv. menntmrh. *(Forsrh.:* Hæstv. menntmrh. er forfallaður af lögmætum ástæðum, sem við erum vanir að telja, hv. þm. Borgf. og ég). Þessi fyrirspurn er á þá leið, að með bréfi dags. 18. okt. skrifuðum við fimm þm., sem nefndir höfum verið hér, hæstv. menntmrh. og óskuðum eftir, að hann felldi úrskurð eða yfirdóm yfir þeim úrskurði, sem útvarpsráð felldi, er það vísaði yfirlýsingu okkar frá. Nú hefur form. útvarpsráðs viljað koma af sér eða útvarpsráði, að það hafi endanlega ráðið um, að þessari yfirlýsingu var vísað frá, því að það sé útvarpsstjóri, sem beri ábyrgð á þessu, og það sé hann, sem sé í sökinni, ef um sök er að ræða. En hvað, sem um þetta er sagt, þá höfum við óskað eftir, að yfirmaður útvarpsins, hæstv. menntmrh., skæri úr um það mál, og það er fyrirspurn um, hvað því líður, sem ég vildi biðja hæstv. forsrh. að koma á framfæri. Ég tel þessa frávísun hafa verið gersamlega óréttmæta, og því höfum við óskað eftir úrskurði um það frá yfirmanni stofnunarinnar. Ég vil spyrja: Var ekki eðlilegt og sjálfsagt, að slík stofnun sem útvarpið kæmi á framfæri fyrir okkur yfirlýsingu um, að við ættum ekki hlut að þeirri stj., sem mynduð hafði verið og yfirlýst hafði verið, að Sjálfstfl. stæði að, án þess að nokkur skilgreining kæmi um þennan nefnda flokk. Því hlutu allir landsmenn, sem á þetta hlustuðu, að líta svo á, að Sjálfstfl. stæði allur að myndun stj. með þeim flokkum, sem um var að ræða. En þar sem við höfðum þá afstöðu til þessarar stjórnarmyndunar, sem fram kom síðar á Alþingi í okkar yfirlýsingum, þá vildum við og töldum sjálfsagt, að okkur gæfist færi á í gegnum útvarpið, sem byrjað var á að flytja yfirlýsingar um þetta mál, að gefa okkur tækifæri, eins og öllum öðrum hafði verið gefið, sem við þetta mál voru riðnir, til að lýsa okkar afstöðu. Hvers vegna þurfti landsfólkið að vera í vafa um þessa fimm þm., eina allra alþm., þar til þetta kæmi fram í fréttum frá Alþ.? Höfðum við ekki sams konar rétt og aðrir alþm. til að koma á framfæri gegnum útvarpið

okkar afstöðu eins og þeir flokkar, sem að stjórnarmynduninni stóðu? Nei, útvarpið, hvort sem það er útvarpsráð eða útvarpsstjóri, hefur brotið svo freklega rétt á okkur, þessum fimm mönnum, eins og hægt er, og því óskuðum við eftir þeim úrskurði, sem við bíðum nú eftir að fá frá hæstv. menntmrh.

En þegar útvarpsstjóri fer að gefa okkur leiðbeiningu um, hvernig við eigum að haga okkur, þá vil ég bara segja, að mér þykir moldin vera *farin að rjúka í logninu, ef útvarpsstjórinn ætlar* að fara að leiðbeina okkur. Það er búið að neita okkur, og þar með er hans hlutverki lokið, og við þurfum enga handleiðslu frá honum um þetta mál.

Þessu til viðbótar vil ég taka fram, af því að ég er tímabundinn og þarf að fara héðan kl. 4 og hef leyfi til þess, út af því sem hæstv. forsrh. sagði, að yfirlýsing okkar hefði síðar komið í útvarpinu, þá er það að vísu rétt, en það var ekki fyrir náð útvarpsstjóra, heldur kom þessi yfirlýsing í útvarpinu með fregnum frá Alþ., og þeim er svo háttað, að forsetar Alþ. ráða til þess sérstakan mann að flytja þær fregnir í útvarpinu, og það er ekki á valdi útvarpsstjóra eða útvarpsráðs að skerast í leikinn um, hvert sé efni eða orðfæri þeirra frásagna. Okkur hefði því sjálfsagt ekki gefizt enn kostur á að koma yfirlýsingu okkar í útvarpið, ef við hefðum orðið að eiga það undir útvarpsstjóra eða útvarpsráði. Þannig er þetta mál.

Forseti (GSv): Það lítur út fyrir, að ekki verði hægt að komast til enda þessa máls á þessum fundi. Fundurinn stendur að vísu til kl. 4, og á mælendaskrá er að vísu ekki nema einn maður sem stendur. *(Eyst]:* Ég get lokið mínu máli fyrir kl. 4). Já, en það getur dregið dilk á eftir sér. Það hefur enga þýðingu, þó að meðferð málsins verði frestað í dag til annars dags. Verður látið skeika að sköpuðu, en ég sé mér ekki fært að takmarka umr. að svo vöxnu.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég sé ástæðu til að svara nokkru af því, sem fram hefur komið hjá hæstv. forsrh. og hv. 1. þm. Reykv. Skal ég þá fyrst víkja að hæstv. forsrh.

Hæstv. ráðh. lýsti því með mörgum orðum, hversu útvarpið hefði gengið eftir, að hann tilkynnti horfur um stjórnarmyndun, þegar hann hafði í undirbúningi myndun stj. Ég skal ekki draga í efa, að hæstv. ráðh. hafi verið inntur eftir, hvernig það mál stæði, enda deildi ég aldrei á hæstv. ráðh. fyrir, að hann hefði látið þess getið í útvarpinu, að hann hefði í þann veg lokið við að mynda stj. En hann sagði, að það væri rangt, að hann hefði gert sig sekan um rangar fregnir með því að segja, að Sjálfstfl. og tveir aðrir flokkar stæðu að myndun ríkisstj. Færði hann þar fram rök, sem voru svo lík honum sem mest má vera, en það hefði kannske tæplega nokkur annar maður borið þau fram. Hann sagðist bara hafa sagt Sjálfstfl., en ekki allur Sjálfstfl. M. ö. o. þegar sagt er, að Sjálfstfl., Alþfl. og Sósfl. hafi komið sér saman um stjórnarmyndun, þá getur það að dómi hæstv. forsrh. þýtt, að aðeins nokkur hluti af þessum flokkum standi að þessari stjórnarmyndun. Þetta er ákaflega líkt hæstv. forsrh. Þetta er ákaflega líkt því, ef menn væru t. d. að gera samninga um sölu á einhverjum hópi, og seljandinn segði: Ég skal selja hér hópinn, — og svo segði hann á eftir: Það var aldrei allur hópurinn, sem ég var að selja. *(Forsrh.:* Sjálfstæðismenn eru aldrei seldir í hópum). Það skyldi nú ekki vera, að þessi samlíking væri ekki vel viðeigandi við það, sem hæstv. forsrh. hefur gert við Sjálfstfl. í sambandi við stjórnarmyndunina, en það skiptir ekki máli hér. Þessi rök eru ákaflega lík hæstv. forsrh., og enginn annar þm. mundi geta borið sér þau í munn en hann.

Þá segir hæstv. ráðh., að ég hafi ekki yfir neinu að kvarta í sambandi við flutning útvarpsins á ræðu hans á plötunni. Hann viðurkenndi, að hann hefði beðið útvarpið að flytja ræðuna af grammófónplötu, og var gaman að heyra, að hæstv. forsrh. skyldi hafa beðið útvarpið, en útvarpið ekki beðið hann, og sýnir það, að hann hefur ætlað sér að nota útvarpið með sérstökum hætti. Hann segir, að ég megi vel við una, því að kjarninn úr því, sem ég hafi sagt, hafi komið í útvarpinu. Hann er nú enginn hæstiréttur um það, en það hefði kannske verið hægt að segja kjarnann úr hans ræðu á plötunni með færri orðum. Þetta er ekkert annað en útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh., en hitt skiptir mestu máli, að ekki má fara eins með allt það, sem gerðist á þingi í þetta sinn, og mátti þó telja það allt með tíðindum, fyrst útvarpið taldi það samrýmast hlutleysi sínu að skýra frá því, sem hæstv. forsrh. sagði. Annars hefur hæstv. ráðh. aldrei svarað þessu *neinu nema útúrsnúningi, og er það ekki nema í* samræmi við annað, sem komið hefur fram af hans hendi í þessu máli.

Þá segir hann það ósatt, að hann hafi falazt eftir því trausti, sem kom fram af hálfu ýmissa félagasamtaka og birt var í útvarpinu. Hæstv. ráðh. ræður, hvort hann vill, að menn brosi að honum. Það vita allir, enda var það tilkynnt, að sumir ráðh. mættu á þessum fundum til að túlka fyrir mönnum stefnu stj., vitanlega til þess að sækja þessar yfirlýsingar. Við, sem þekkjum túlkun hæstv. forsrh., förum nær um, hversu hlutlaust málin hafa verið lögð fyrir á þeim samkomum, og sama má engu að síður segja um suma starfsbræður hæstv. forsrh. Við förum nær um, hvaða erindi þessir hæstv. ráðh. hafa haft á þessar samkomur. Við, sem þekkjum vinnubrögð þeirra, sem hér eiga hlut að máli, erum í engum vafa um, að gerðar hafa verið skipulegar ráðstafanir til að kalla þessar yfirlýsingar fram til þess að geta síðan troðið þeim í útvarpið.

Hæstv. forsrh. gerði enga minnstu tilraun til að ræða það, sem er aðalatriðið í þessu máli, en aðalatriðið er það, að með því að setja þessar yfirlýsingar í útvarpið hafa verið brotnar allar reglur, sem settar hafa verið um hlutleysi útvarpsins og fylgt hefur verið fram að þessu. Ég hef bent á það, að þessar yfirlýsingar allar eru hlutsamar um menn og málefni, í þeim eru sleggjudómar um andstæð-

inga hæstv. stj., en vænið lof um hæstv. stj. Þetta er í stuttu máli innihald þessara tilkynninga, og ég fullyrði, að allt þetta brýtur í bága við reglur útvarpsins um flutning landsmálafrétta, og slík notkun á útvarpinu hefur aldrei átt sér stað, þangað til sú breyting varð um útvarpið, sem kom með valdatöku hæstv. ríkisstj. Ég fullyrði, að starfsmenn útvarpsins hafa ekki tekið upp hjá sjálfum sér að breyta þannig um stefnu, heldur hefur það orðið fyrir þrýsting frá hæstv. forsrh. og sumum starfsbræðrum hans, sem byrjaði með því, að hæstv. forsrh. tróð upp á útvarpið grammófónplötunni, sem var spiluð fyrir landsmenn og hans ræða var á.

Hæstv. ráðh. gerði enga tilraun til að hrekja rök mín um hinar hlutsömu og villandi yfirlýsingar, en reyndi aðeins að snúa út úr eftir því, sem hann gat, til þess að leiða athyglina frá þessu atriði; annað gerði hann ekki. Hann segir, að það eigi að styrkja sjávarútveginn með því að leggja fram 300 milljónir kr. í erlendum gjaldeyri, sem menn gætu fengið keyptan til að fá ný skip og báta. Það er alveg nýr skilningur á orðinu styrkur, ef það er styrkur, að menn fái að kaupa hluti fullu verði. Það er nýr skilningur, sem ekki hefur myndazt fyrr en með tilkomu hæstv. stj. Ég benti á, að í stefnuskrá hæstv. stj. væri margt, sem gengi í þá átt að íþyngja útgerðinni. Því svaraði hæstv. ráðh. engu öðru en því, að ég hefði verið reiðubúinn til að ganga inn á vissar kauphækkanir. Hvað kom það þessu máli við, þó að svo hefði verið? Hvað kom það því við, sem hér er um að ræða, sem sé því, hvort hér hefðu verið hlutsamar og villandi umsagnir um stefnu stj. tilkynntar í útvarpinu? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég benti á, að í þessum tilkynningum hefði verið skætingur um stjórnarandstæðinga, og hæstv. forsrh. svaraði því líka á þá lund, sem var ákaflega líkt honum: Þeir hirði sneið, sem eiga. Hann treysti sér ekki til að mæla á móti, að í þeim tilkynningum, sem fluttar voru í útvarpinu og komu frá skrifstofu hans, væru dylgjur um þá, sem styddu ekki stj. Hann segir, að þetta geri ekkert til, þeir hirði sneið, sem eiga. Á þennan hátt flytur hann rök sín, og þetta finnst honum vera að gæta hlutleysis útvarpsins.

Hæstv. ráðh. segir, að ég vissi vel, að það mundi svo fara, að það hefði alls ekki verið látið undan neinu húsbóndavaldi í þessu efni; það, sem gert hafi verið, sé algerlega á ábyrgð þeirra, sem stjórni útvarpinu. Ég átti fullkomlega von á því, að hæstv. ráðh. hefði ekki karlmennsku til að kannast við, að það, sem gerzt hafi í málinu, hafi gerzt fyrir þrýsting frá honum. Dettur honum í hug, að útvarpið hefði farið að taka þessar yfirlýsingar til greina, ef þær hefðu verið sendar beina leið frá hlutaðeigandi stofnunum? Dettur honum í hug, að farið hefði verið með þær svona, ef sú aðferð hefði verið viðhöfð? Getur hann ekki kannazt við, að þessi nýja stefna hafi verið upp tekin, vegna þess að þessar tilkynningar komu frá skrifstofu hans sem tilkynningar frá forsrh.? Veit hann ekki, að útvarpið hefur fram að þessu lagt mikið á sig að athuga vandlega tilkynningar frá fundarhöldum og fundarsamþykktir til að reyna að fyrirbyggja það, sem brýtur í bága við hlutleysi útvarpsins? Veit hann ekki, að aðalstarf útvarpsins hefur verið að flytja tíðindi, en ekki skæting af því tagi, sem hann hefur fyrst útvegað og síðan sent útvarpinu til birtingar? Ætlast hæstv. forsrh. til, að við trúum, að þessi breyt. sé til komin, án þess að milliganga hans hafi haft þar áhrif? Það er tæplega hægt að fara fram á, að við lítum svo á, enda munu fæstir gera það. Ég held, að hann verði að taka á sig ábyrgðina af því, sem hér hefur verið gert. Það er ekki hægt að koma því á starfsmenn útvarpsins. Að hinu leytinu má segja, að útvarpið hafi ábyrgð á því, að það skyldi ekki mótmæla þessum tilkynningum frá hæstv. forsrh., og ég efast ekki um, eins og ég er búinn að færa glögg rök fyrir, svo að ekki verður mótmælt, að það hefur alveg riðið baggamuninn, hvaðan þessar tilkynningar komu. Það er ekki hægt að deila um það með neinum rökum, það er ekki hægt að klóra í bakkann, það er ekki hægt að snúa sig út úr málinu með því að slá út í aðra sálma, því að hver og einn, sem með sanngirni lítur á þetta mál, hlýtur að sjá, að þessar tilkynningar eru ekki í samræmi við hlutleysisreglur Ríkisútvarpsins. Þær eru hlutdrægar, og allar eru þær tilkomnar á þann hátt, að stórlega er vítavert.

Hann segir, að það sé undarlegt, að ég skuli finna að því, sem hann hafi gert í þessu efni, því að ég hafi staðið að því með honum, þegar við vorum í þjóðstjórninni, að flytja ræður í Ríkisútvarpið um dýrtíðarmálin í janúar 1942, án þess að þriðji ráðh., Stefán Jóh. Stefánsson, hafi þar haft aðstöðu til að koma fram með sínar aths. Hann hélt langa og hjartnæma ræðu um, að það væri einkennilegt, að ég, sem stóð að þessum framkvæmdum, skyldi leyfa mér að finna að þessu. Fyrst vil ég benda á, að í janúar 1942 stóð svo á, að þá var prentaraverkfall, en þrátt fyrir það kom eitt blað út, og það var blað Stefáns Jóhanns Stefánssonar, þáv. ráðh. Hann var sá eini, sem gat flutt sitt mál fyrir landsmenn, við hinir gátum það ekki. Þetta átti sinn ríka þátt í, að þessi grg. var flutt í útvarpið. En það, sem sætir enn þá meiri furðu, að hæstv. forsrh. skuli núa mér því um nasir, er það, að hann veit, að sá, sem skar úr um, að þetta var haft svona, var einmitt hann. Ég vildi, að Stefán Jóhann Stefánsson fengi að tala í útvarpið, en það var þessi forsrh., sem sagðist ekki tala í útvarpið, nema Stefán Jóhann Stefánsson væri útilokaður, af því að hann hefði Alþýðublaðið. Það situr því ekki á þessum hæstv. ráðh. að deila á mína afstöðu og ósamræmi í þessum málum. En ég skal taka fram, að ég álít þann ræðuflutning okkar í útvarpið árið 1942 alls ekki sambærilegan við þessi hlutleysisbrot, sem nú hafa verið framin með birtingu yfirlýsinga frá þessum félagasamtökum, hann er meira í samræmi við ræðu hæstv. ráðh. Ég ræðst ekki á útvarpið fyrir að flytja ræðu hæstv. ráðh., en ég deili á, að ekki skyldi jafnframt hafa verið birt annað, sem þarna fór fram, en það var það, sem átti að gera, því að þá var þess enginn kostur að gefa út blöð og því

ekki hægt á neinn hátt að koma til almennings nema í gegnum útvarpið vitneskju um það, sem þá var að gerast.

Til þess að flýta fyrir skal ég láta útrætt um það, sem hæstv. forsrh. sagði af sinni hálfu. Vil ég þá víkja að hv. 1. þm. Reykv., sem er form. útvarpsráðs. Það er ekki von á góðu, þegar form. útvarpsráðs hefur aðrar eins skoðanir og komu fram hjá hv. 1. þm. Reykv. Ég vil vona, að sumt af því, sem hann sagði, hafi hann sagt að lítt athuguðu máli og það hafi ekki verið hans endanlega skoðun. Hann byrjaði á að segja, að þetta væri nauðaómerkilegt mál, en hann hafði ekki lokið setningunni, þegar hann sagði, að þetta væri nú talsvert merkilegt mál. Hann sagði, að það væri fundið að því, að hlutleysi útvarpsins væri of mikið, og það væri fundið að því, að það væri of lítið. Og það, sem hann sagði að þætti of lítið hlutleysi, var þetta, þegar ég hefði verið að deila á útvarpið fyrir að flytja ekki tilkynningu fimmmenninganna um afstöðu þeirra til stj. Hann sagði, að af þessu væri augljóst, að mér væri ekki ljóst, hvað heyrði undir útvarpsráð og hvað undir útvarpsstjóra. Eftir þessum orðum hans, þá virðist það heyra undir útvarpsstjóra að stöðva það, að tilkynningar, sem gætu komið sér illa fyrir stj., kæmu í útvarpinu, en undir útvarpsráð að láta birta það, sem gæti orðið til ávinnings fyrir stj. Eftir ræðu hans varð maður að álíta, að verkaskiptingin væri þessi, því að hann sagði, að það hefði verið skylda útvarpsins að stöðva tilkynningu fimmmenninganna og það kæmi útvarpsráði ekkert við, þó að eitthvað komi fram, sem bryti hlutleysi útvarpsins.

Þá voru ástæðurnar hjá þm. fyrir því, að ekki mætti birta tilkynninguna frá fimmmenningunum um, að þeir styddu ekki ríkisstj., þær, að í henni hafi getað talizt fólginn pólitískur áróður. Þó að efni tilkynningarinnar væri ekki annað en það var og sagt alveg blátt áfram, mátti það ekki heyrast. En síðan mátti birta hverja tilkynninguna eftir aðra um stuðning félaga og fyrirtækja við ríkisstj. og í þeim tilkynningum nóga sleggjudóma, rangfærslur og skæting til stjórnarandstæðinga.

Hv. 1. þm. Reykv. var ekki fyrr búinn að lýsa hlutleysisáhuga sínum en hann tók að verja það, að þetta væri birt. Það er ekki von á góðu, þegar þessi hv. þm., formaður útvarpsráðs, hefur þennan skilning á því, hvað sé hlutleysi í útvarpinu. Vill hann ekki reyna að gera tilraun til að verja þetta ósamræmi, sem fram kom í ræðu hans? *(MJ:* Það er vandalaust.). Hann sagði, að það gæti skapað ákaflega hættulegt fordæmi að lesa upp í útvarpi tilkynningu frá einstökum þm. um, að þeir styddu ekki ríkisstj., — þá gætu menn farið að heimta birtar yfirlýsingar um afstöðu sína innan flokka. En er þetta ekki tilkynning um afstöðu í Alþ. og opinbert mál? — Það er allt annað en deila innan flokks. Þetta varðar alla þjóðina, hvernig sem á það er litið. Það er alveg sama, hvernig hann reynir að verja þetta mál. Það hefur komið í ljós, að núv. meiri hl. útvarpsráðs ætlaði að bolast í þessu máli. — Þm. taldi villandi hjá mér að vísa í 1. gr. í reglum um flutning innlendra frétta Ríkisútvarpsins frá 17. jan. 1939 og veik að 8. gr. En hún er um annað, um fregnir af félögum, þingum og samkomum ýmsum. Ríkisútvarpið fær fregnir frá viðkomandi aðilum, en vinnur úr þeim á eigin ábyrgð. Og hvað yrði úr hlutleysi útvarpsins, ef það ætti að birta án eigin gagnrýni allt það óbreytt, sem koma kann frá einhverjum aðila í ríkisstj. eða opinberri skrifstofu?

Yfirstjórn útvarpsins hefur sett sér reglur. En þær hafa verið brotnar fyrir þrýsting frá núv. ríkisstj.

Ég hef ekkert á móti, að till. verði vísað til n. En það, sem er aðalatriðið, hefur þegar komið skýrt í ljós. Það var framið brot gegn fimmmenningunum með því að meina þeim að koma tilkynningu sinni fram í útvarpinu. Síðan var farið að flytja í útvarpi tilkynningar, sem fóru í bága við hlutleysi útvarpsins. Ég veit, að starfsmenn Ríkisútvarpsins, sem hafa reynt að sigla milli skers og báru, vilja ekki láta það koma oftar fyrir, að hlutleysið víki fyrir þrýstingi frá ríkisstj., og ég vona, að almenningsálitið beinist svo sterkt gegn slíku í framtíðinni, að það geti ekki endurtekizt.

Umr. frestað.

Á 71. fundi í Sþ., 6. des., var fram haldið einni umr. um till.

Jakob Möller: Það mætti segja ýmislegt um þessa till., en ég held ég fari ekki að lengja umr. að svo stöddu, ef þær hefðu annars fallið niður.

Það liggur í hlutarins eðli, að allir hljóta að vera á einu máli um það, að gæta beri hlutleysis af Ríkisútvarpsins hálfu, þannig að þess er í sjálfu sér ekki að vænta, ef þessi till. kemur undir atkv., eins og hún er orðuð, að greidd verði atkv. gegn henni.

Öðru máli er að gegna um rökst. till. Um hana hefur verið deilt og má deila, og að mínu viti er þessi till., eins og á stendur, gersamlega tilgangslaus.

Ég nenni ekki að svo stöddu að fara frekar út í það. Ég vil aðeins gera að till. minni, að till. verði vísað til stj.

Flm. (Eysteinn Jónsson): Ég skal nú ekki fara að lengja svo mjög þær umr., er áttu sér stað um þessa till. um daginn.

Ég var búinn að gera þær athugasemdir við ræður manna, sem ég taldi ástæðu til, og þarf því ekki að ræða það frekar. Nú hefur mér borizt bréf frá útvarpsstjóra, dagsett 4. des., varðandi þessar umr., og hann fer fram á, að ég minnist þessa bréfs hér í umr., og þykir mér sjálfsagt að verða við þeirri ósk, og þá ekki síður vegna þess, að útvarpsstjóri hefur einnig skrifað Alþ. varðandi þessar umr. og getur þess þar, að hann hafi komið fram með vissa ósk til mín og hv. þm. Borgf. í þessu sambandi.

Útvarpsstjóri ræðir um það í þessu bréfi, að ég hafi gagnrýnt það í umr., að útvarpið flutti á plötu ræðu hæstv. forsrh., sem hann flutti hér við stjórnarskiptin, og ég hafi þá um leið gagnrýnt það, að útvarpið hafi fellt niður að minnast þess, að aðrir

hafi við sama tækifæri gert athugasemdir af sinni hálfu.

Þetta er það, sem útvarpsstjóri telur, að komið hafi fram í umr. af minni hálfu, og fer fram á, að ég leiðrétti þetta, þar sem hann hafi látið geta þess, að eftir ræðu hæstv. forsrh. hafi komið yfirlýsing af hendi 5 þm., og enn fremur hafi þess verið getið, að ég hafi látið falla aths. eða kvatt mér hljóðs við það tækifæri.

Útvarpsstjóri hefði alveg getað sparað sér þessar bréfaskriftir, af þeirri einföldu ástæðu, að ég tók mjög greinilega fram í þessum umr., að það hefði verið getið um það í sambandi við flutning ræðu hæstv. forsrh., að aðrir hafi gert aths., en gagnrýndi hitt um leið, að þeirra aths. og þeirra skýrslur hafi ekki verið fluttar orðrétt eins og þær komu fram, eins og ræða hæstv. forsrh.

Það er þetta, sem ég gagnrýndi við umr., og hefði því útvarpsstjóri getað sparað sér þessar bréfaskriftir. Ég hef aldrei mótmælt því, heldur tekið greinilega fram, að getið hafi verið um þessar aths. og skýrslur, en aðeins mjög lauslega. Það er þannig sagt frá minni skýrslu um þetta efni um leið og ræða hæstv. forsrh. hafði verið flutt orðrétt: „Því næst kvaddi form. þingflokks framsóknarmanna sér hljóðs og lýsti því yfir f. h. Framsfl., að hann vantreysti því, að stjórninni tækist að leysa þau verkefni, sem hún hefði tekið á stefnuskrá sína.“ Með öðrum orðum, það er aðeins getið um eitt atriði af þeim, sem ég minntist á við þetta tækifæri, en þar rakti ég afskipti Framsfl. af stjórnarmynduninni og ýmsu öðru, sem hæstv. forsrh. drap á í ræðu sinni, sem hann flutti við þetta tækifæri og spiluð var í útvarpið orði til orðs.

Satt að segja fannst mér þannig haldið á þessum málum af minni hálfu í garð útvarpsstjóra, að hann hafi síður en svo haft ástæðu til þess að gera aths. við það; hefði miklu fremur mátt gagnrýna mig fyrir það að skella skuldinni á ríkisstj. að of miklu leyti við umr., og hefði mátt með réttu leggja meiri áherzlu á þann þátt, sem útvarpsstjóri sjálfur hefur átt í þeim yfirtroðslum á reglum útvarpsins, sem hér hafa átt sér stað. Vitanlega átti útvarpsstjóri að gagnrýna það efni, sem hann fékk frá skrifstofu forsrh., eins og annað efni, en svo virðist sem útvarpsstjóri hafi látið undir höfuð leggjast að gera því sömu skil og öðru, sem til fréttaskoðunar berst af því tagi.

Varðandi till. hv. 3. þm. Reykv. um að vísa þessu máli til stj., þá tel ég, að sú till. sé í mesta máta óviðeigandi, og ég er satt að segja undrandi yfir því, að hv. þm. skuli leggja þetta til, því að það þarf sterka heilsu til þess að neita því, að þeir atburðir, sem hér hafa gerzt í sambandi við fréttaflutning útvarpsins, eru þess eðlis, að full ástæða er fyrir Alþ. að athuga vel, hvort það á ekki einmitt nú að lýsa yfir stefnu sinni í þessum málum. Mér finnst tæplega hægt að mæla þessu í mót með fullum rökum. Og mér finnst það væri að bæta gráu ofan á svart í því, sem hér hefur gerzt, ef hv. Alþ. færi nú að gæla við þessa starfsaðferð og jafnvel ýta undir hana með því að vísa þeirri hógværu gagnrýni, sem hér hefur komið fram, til þeirrar ríkisstj., sem ámælunum hefur sætt, og a. m. k. að margra dómi með fullum rökum.

Ég vil því álíta, að það sé óþingleg meðferð í mesta máta að vísa málinu til ríkisstj., en eina þinglega meðferðin sé að vísa því til n. og það komi þar til athugunar, hvað n. vill gera í málinu.

Stefán Jóh. Stefánsson: Ég gat því miður ekki verið viðstaddur, þegar þetta mál, sem hér liggur fyrir, var rætt fyrsta sinni, og hef aðeins séð frásagnir blaðanna um þetta mál, sem ekki eru nákvæmar. En í sjálfu sér finnst mér talsvert megi ræða um útvarpið yfirleitt og ýmsa afstöðu þess á undanförnum árum, og hefur mér stundum fundizt meiri ástæða til gagnrýni á útvarpið og fréttaflutning þess en nú á allra síðustu tímum. En vegna þess, að ég álit, að ýmsir eigi þar högg í annars garð og alveg óvíst, að sá flokkur, sem stendur að þeirri till., sem hér er flutt, sé flokka hreinastur í þeim efnum, þá tel ég ekki sérstaka ástæðu til þess, að till. verði samþ. með þeirri grg., sem henni fylgir af hendi hv. flm. Get ég fyrir mitt leyti tekið undir það, að það væri íhugunarefni, hvort réttsýnn athugandi ætti ekki að aðgæta fréttaflutning útvarpsins og ýmsar frásagnir til þess að hindra, að eftirleiðis, eins og stundum áður, verði framin mjög ákveðin hlutleysisbrot. Sjálfur hef ég orðið fyrir barðinu í þeim efnum, ekki einungis frá tveim stjórnmálaflokkum, heldur einnig að mínu viti af hálfu útvarpsins. Ég get í raun og veru ekki séð, að útvarpið þurfi nokkru sinni, þar sem n. starfar eftir ákveðnum, föstum reglum, að hlíta fyrirmælum frá ríkisstj. um að brjóta hlutleysi sitt, — að hlíta því, a. m. k. á annan hátt en þann að gera fyrirvara af sinni hálfu, ef af hálfu ríkisstj. er lagt fyrir útvarpið til birtingar það, sem heyrir undir hlutleysisbrot, eins og gert var í ársbyrjun 1942 meðal annars. Ég hirði svo ekki að fara út í það nánar, ég hygg, að það sé alþjóð manna kunnugt, en út af því tilefni vil ég segja það, að sökin er ekki eingöngu þeirra flokka eða manna, sem skipa ríkisstj., heldur sýnir t. d. dæmið frá ársbyrjun 1942, að þá var orðið við fyrirmælum stjórnarvaldanna, án þess að útvarpsstjóri eða útvarpsráð hefði manndóm eða karlmennsku til þess að gera aths. við það, sem flutt var. Ég ásaka stjórn útvarpsins fyrir að hlíta slíkum fyrirmælum. Ég vil láta þessar almennu aths. koma fram, en vegna þess að ég tel, að sá flokkur, sem stendur á bak við þessa till., hafi ekki hreinan skjöld í þessu efni, get ég fyrir mitt leyti sætt mig við það, að till. sé vísað til stj. í trausti þess, að allar þessar umr., sem till. þessi vakti, verði til þess, að hæstv. ríkisstj. gæti þess gagnvart útvarpinu, að það haldi fast við hlutleysi sitt, bæði hvað snertir erlent og innlent efni, og það verði líka áminning til stj. útvarpsins að halda betur settar reglur. Útvarpið heldur aldrei uppi virðingu sinni, ef það hlýðir möglunarlaust hverju því, sem fyrir það er lagt af hendi stjórnarvaldanna, en sýnir aldrei, að það hafi vilja eða manndóm til þess að fylgja þeim reglum, sem því ber að fylgja.

Jakob Möller: Hv. 2. þm. S.-M. talaði um bréf frá útvarpsstjóra, þar sem hann ber sig upp undan því, sem þessi hv. þm. hefur mælt í hans garð í sambandi við þetta mál. Ég sé ekki ástæðu til annars en það komi fram, sem útvarpsstjóri fer fram á, að hér sé gert kunnugt, öðruvísi en að geta lauslega einstakra atriða, og ætla ég því að lesa upp bréf útvarpsstjóra, en það er dagsett 4. des.:

„Fimmtudaginn 30. nóv. var til umræðu í sameinuðu Alþingi þingsályktunartillaga á þingskjali 491, varðandi hlutleysi útvarpsins.

Flutningsmaður tillögunnar, Eysteinn Jónsson, 2. þingmaður Sunnmýlinga, lét svo um mælt, að í almennum fréttum útvarpsins varðandi stjórnarmyndunina hefði ekki verið getið yfirlýsingar hans á Alþingi 21. október og eigi heldur yfirlýsingar þeirra fimm manna í Sjálfstæðisflokknum, sem ekki stóðu að stjórnarmynduninni.

Pétur Ottesen, þingmaður Borgfirðinga, kvað enn fastar að orði og hélt því fram, að yfirlýsingar fyrrnefndra fimm manna í Sjálfstæðisflokknum hefði aldrei verið getið í almennum fréttum útvarpsins, og ef hennar hefði ekki verið getið í þingfréttum, hefði útvarpshlustendum verið ókunnugt um hana „enn í dag".

Þar sem hér er um algert og lítt skiljanlegt mishermi að ræða, leyfi ég mér að senda hinu háa Alþingi staðfest eftirrit af almennum fréttum Ríkisútvarpsins 21. okt. varðandi þetta mál.

Eins og fréttirnar bera með sér, var yfirlýsing fyrrnefndra fimm manna úr Sjálfstæðisflokknum birt orðrétt þegar að loknum fundi í sameinuðu þingi kl. 15,45 og síðan báðar endurteknar í kvöldfréttum, kl. 20,00 og kl. 22,00.

Umræddar yfirlýsingar, sem fyrrnefndir háttvirtir þingmenn sögðu, að aldrei hefðu birzt í almennum fréttum Ríkisútvarpsins, voru, samkvæmt þessu, birtar þrisvar sinnum þann 21. okt. síðastliðinn.

Þetta taldi ég, að gefnu tilefni, nauðsynlegt að birta fyrir hinu háa Alþingi.

Virðingarfyllst

Jónas Þorbergsson."

Með þessu bréfi fylgir svo staðfest skýrsla um það, sem birt var þennan dag, og staðfestir hún það, sem í bréfinu segir, enda öllum kunnugt, að rétt er hermt frá.

Hv. 2. þm. S-M. kvartar yfir því, að ræða hæstv. forsrh., þ. e. stefnuskrárræða ríkisstj., hafi verið flutt orðrétt í útvarpinu, þ. e. a. s. af plötu, en hvað snertir sína ræðu, hafi ekki verið eins vandlega að verki gengið eða aðeins eitt atriði úr henni tekið fram. Um þetta er því til að svara, að útvarpsstjóri reyndi að ná í þennan hv. þm. þann 21. okt. s. l. í því skyni að fá þessa ræðu hjá honum, en hann var hins vegar farinn úr bænum, svo að ókleift reyndist fyrir útvarpsstjóra að fullnægja kröfu hv. 2. þm. S.-M. um að gera honum jafnhátt undir höfði og hæstv. forsrh. Útvarpið á því ekki sök á þessu, og er áreiðanlegt, að það hefur á engan hátt viljað beita þennan hv. þm. misrétti í þessu sambandi. Ég vil minna á í sambandi við þetta, að það er orðin algeng venja, að ráðherrar tali í útvarp, og ég veit, að hv. 2. þm. S.-M. talaði oft í útvarp í sinni ráðherratíð, án þess að nokkrum kæmi til hugar að fetta fingur út í slíkt; hins vegar var þessi hv. þm. ófeiminn við að nota sér aðstöðu sína og flytja ræður í útvarpið, sem vissulega voru ekki ævinlega hlutlausar. — Það atriðið, að Ríkisútvarpið skyldi taka sér fyrir hendur að birta stefnuskrárræðu nýrrar stj., er hins vegar ekki þóknun við hæstv. forsrh., heldur við útvarpshlustendur. Það er beinlínis skylda útvarpsins að flytja allri þjóðinni slíkar ræður, þegar þær eru fluttar, og fer fjarri því, að útvarpið sé ámælisvert fyrir það. Og er ég viss um, að útvarpshlustendur úti um land kunna því þakkir fyrir. Þessar ástæður liggja fyrir þál. þeirri, sem hér liggur fyrir, og fer því mjög fjarri, að hún hafi við nokkur rök að styðjast, og þannig er yfirleitt um þau rök, sem hv. 2. þm. S.-M. færir fram í grg. fyrir þessari till.

Ég vil svo aðeins víkja að því atriði, er þessir fimm hv. þm. Sjálfstfl. töldu sig hafa rétt til þess að koma tilkynningu um sína afstöðu í útvarpið. Ég tel það afar vafasamt, hvaða rétt þeir hafa haft til þessa, þar sem sagt er frá því í útvarpinu, að ný ríkisstj. hafi verið mynduð með samvinnu Sjálfstfl. og annarra stjórnmálaflokka, og var þannig rétt frá skýrt. Ef ætti hins vegar að gefa öllum þeim mönnum, sem væru á annarri skoðun, kost á að tilkynna, að þeir væru ekki stuðningsmenn hinnar nýju ríkisstj., liggur alveg í augum uppi, að slíkt gæti orðið nokkuð umfangsmikið verk. Ég sé, að hv. 2. þm. Skagf. skemmtir sér yfir orðum mínum, þar sem líklegt er, að hann líti nokkuð öðrum augum á málið; hann heldur sem sé, að það skipti öðru máli með þm. heldur en aðra. Þessir fimm hv. þm. eru ekkert rétthærri heldur en hverjir aðrir flokksmenn, og það er ekki þingfl., sem ákveður, hvort taka skuli upp stjórnarsamvinnu við aðra flokka eða ekki, heldur er sérstök skipan á því innan stjórnmálaflokksins. Það var samþ. af réttu flokksvaldi með yfir 90% greiddra atkv. að ganga inn í þessa stjórnarsamvinnu, og þá sér hver maður, að það er nákvæmlega rétt frá skýrt hjá Ríkisútvarpinu, að Sjálfstfl. hafi gengið í þessa stjórnarsamvinnu. Það virðist því nægur tími fyrir þessa fimm hv. þm. að koma að yfirlýsingu sinni um afstöðu þeirra til ríkisstj., þegar lýst hefur verið á réttan hátt stjórnarmynduninni og stefnuskrá ríkisstj., þannig að þeir hafa ekki undan neinu að kvarta. Í þessu sambandi vil ég beina því til forseta, að hann lýsti því yfir úr forsetastóli við síðustu útvarpsumr., að fulltr. Sjálfstfl. töluðu af hálfu stuðningsmanna ríkisstj. í Sjálfstfl. Hæstv. ríkisstj. er studd af Sjálfstfl., og þess vegna er það dálítið kátbroslegt, þegar forseti lýsir því yfir, að hæstv. forsrh. eða hv. 6. þm. Reykv. tali af hálfu stuðningsmanna ríkisstj. í Sjálfstfl.; hæstv. ríkisstj. er vissulega studd af Sjálfstfl.

Hvað viðvíkur öðrum rökum, sem flutt hafa verið fyrir þessari till., þegar gefið er í skyn, að fréttaflutningur Ríkisútvarpsins hafi farið í bága við settar reglur þess, þá er augljóst, að ummæli í grg. standast ekki, en þar er tekið upp eftirfarandi úr reglum um flutning innlendra frétta Ríkisútvarpsins:

„Fréttir þær, sem Ríkisútvarpið flytur af eigin hvötum og á eigin ábyrgð, mega ekki vera mengaðar neins konar ádeilum eða hlutsömum umsögnum um einstakar stjórnmálastefnur, stjórnmálaflokka, stefnur í almennum málum, félagsheildir, atvinnustofnanir eða einstaka menn.“

Þetta hefur á engan hátt verið brotið af Ríkisútvarpinu, þótt það hafi flutt fundarályktanir, því að eins og hv. 2. þm. S.-M. er vel kunnugt um, hefur Ríkisútvarpið ávallt verið reiðubúið til að flytja fundarályktanir fyrir hvaða stjórnmálafl. eða hvaða félagssamtök sem eru á landinu, en vitanlegt er, að um slíkar birtingar af Ríkisútvarpsins hálfu er ekki um að ræða, að Ríkisútvarpið flytji þær sem sínar fréttir, því að í langflestum tilfellum eru þær birtar eftir tilmælum þeirra, sem að þeim standa, og ber það því ekki ábyrgðina á þeim. — Hvernig sem á þetta mál er litið, er það augljóst, að Ríkisútvarpið hefur fullkomlega gætt hlutleysis síns og, eins og ýmsir hafa tekið fram, miklu betur en oft endranær. Vil ég því undirstrika það, sem áður hefur verið sagt hér við þessar umr. viðvíkjandi aðalflm. till., — að undir hans forsjá hefði miður verið gætt hlutleysis útvarpsins heldur en í sambandi við þær gerðir, sem hér um ræðir.

Forseti (GSv): Ég skal, áður en næsti ræðumaður tekur til máls, geta þess að gefnu tilefni frá hv. 3. þm. Reykv., að hann hefur blandað inn í þetta mál nokkrum ummælum til mín, algerlega óviðkomandi því, sem um er verið að ræða, sem sé hvernig ég kynnti ræðumenn hér við síðustu eldhúsumr., er fram fóru gegnum útvarp. Hjá honum gætti vægast sagt mikils misskilnings, sem líklega er ekki sprottinn af illvilja, heldur af einhverjum ósjálfráðum taugaóstyrk.

Það er sjálfsögð skylda forseta — undir öllum kringumstæðum — að greina rétt frá, hverjir standa að þeim, sem tala, og þess vegna eins í þessu tilfelli sem öðrum. Einnig er það vitað, að það var í samræmi við óskir þessara fimm þm. Sjálfstfl., sem ekki eru stuðningsmenn ríkisstj., sbr. áður gefnar yfirlýsingar, að ég kynnti þannig mælendur Sjálfstfl., þannig að ekki gæti orkað tvímælis, þar eð hugsanlegt var, að hlustendur úti um land byggjust við, að mælt yrði af hálfu þessara fimm þm. Skal og ekki um það sakast, þótt ekki hafi verið kleift samkv. þingsköpum, að við, sem ekki styðjum hæstv. ríkisstj., tækjum þátt í þessum umr. Hins vegar er það dálítið hlálegt, að hv. 3. þm. Reykv. skuli ekki hafa ráðgazt við formann Sjálfstfl., hæstv. forsrh., um það, hvernig hann ætti að haga sér í þessum efnum, vegna þess að þetta orðalag var einmitt upp tekið í fullu samráði við hann. Ég komst að vísu svo að orði, að stuðningsmenn ríkisstj. tækju til máls, en ég vildi einmitt áður hafa hæstv. forsrh. með í ráðum um, hvernig kynna ætti ræðumennina í þessu tilfelli úr forsetastóli. Var þetta orðalag því í fullu samráði við hann.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég skal viðurkenna það út af umræddu atriði, að hæstv. forseti Sþ. kom til mín og fór orðum um það, hvernig hann ætti að kynna ræðumenn úr forsetastóli. Lét ég mér það í léttu rúmi liggja og kvaðst ekki mundu taka neina ábyrgð á gerðum forseta. Álít ég þetta svipað og ef einhver þeirra þm. Sjálfstfl., sem styðja ríkisstj., hefðu kvatt sér hljóðs og sagt: Ég tala f. h. þeirra manna, sem ekki styðja forseta Sþ.

Forseti (GSv): Ég heyri nú, að hæstv. forsrh. hefur gengið frá fyrri afstöðu sinni í þessu atriði. *(Forsrh.:* Nei, afstaða mín er óbreytt).

Pétur Ottesen: Herra forseti. — Það er fyrst og fremst vegna þess, að mér hefur borizt sendibréf frá útvarpsstjóra, sem ég nú að þessu sinni kveð mér hljóðs. Hv. 3. þm. Reykv. hefur tekið af mér ómakið, svo að ég þarf nú ekki að lesa bréf þetta upp, og er ég honum út af fyrir sig þakklátur fyrir það.

Ég vil í tilefni af þessu taka það fram, að ég hef ekkert að leiðrétta eins og hér er farið fram á og heldur ekkert að taka aftur af því, sem ég hef sagt hér í þessu máli og þetta bréf víkur að.

Til þess að rifja upp þetta mál, sem ég að vísu síðast gerði hér grein fyrir, skal ég taka fram, út af þeirri yfirlýsingu, er fram kom í Ríkisútvarpinu 16. okt. s. l. þess efnis, að Sjálfstfl. hefði myndað stjórn með öðrum tilteknum stjórnmálaflokkum, að við, þessir fimm þm. Sjálfstfl., fórum fram á, að birt yrði sú yfirlýsing, sem hér hefur verið rætt um. Þessu var sama dag neitað, og voru okkur sendar í bréfi tvenns konar ályktanir, sem um þetta höfðu verið gerðar: annars vegar ályktun útvarpsstjóra og hins vegar ályktun útvarpsráðs, og var efni þeirra það, að okkur var neitað um birtingu þessarar yfirlýsingar. Síðan líða nokkrir dagar, og við fáum engri vörn við komið um að koma þessari yfirlýsingu á framfæri, með hjálp þessa eina tækis, sem til er á landinu til þess að koma slíku á framfæri, þannig að þjóðin eigi þess kost að hlusta á það. Nú rennur upp hinn 21. okt. Þá mætir hæstv. ríkisstj. hér á Alþ., og stjórnarskiptin fara formlega fram. Þá er ekki lengur undankomu auðið fyrir útvarpsstjóra eða útvarpsráð og samþykktir þeirra að engu orðnar gegn því, að yfirlýsing okkar yrði birt í útvarpinu, því að þá hafði hún komið fram á Alþ., og eins og áður hefur verið tekið fram, er sérstakur maður ráðinn til þess að flytja í útvarpinu fréttir frá Alþingi. Nú skilst mér samkv. bréfi útvarpsstjóra, að fregnir af þessum fundi hafi verið birtar áður en fréttaritari Alþingis birti þær, og var það með þeim einkennilega hætti, að ræða hæstv. forsrh. var birt af plötu, þ. e. a. s. nálin í grammófóninum myndaði hljóðið á plötuna, í stað þess að fréttaritarinn segði frá þessu. Mér stendur alveg á sama, hvort útvarpið varð á undan að birta þetta eða hvort fréttaritari Alþ. gerði það, en það er aðeins af þeirri ástæðu, að yfirlýsing okkar kom fram á Alþ., sem hvorki útvarpsstjóri né útvarpsráð gátu skorazt undan að birta hana. Það var þess vegna ekki fyrr enn málið var komið á þetta stig, sem við fengum því framgengt, að yfirlýsing okkar var birt í útvarpinu, og

hef ég því, eins og ég hef áður tekið fram, ekkert að leiðrétta og ekkert að taka aftur af því, sem ég hef sagt. Hins vegar gæti ég mörgu bætt við, en mun láta það hjá líða, eins og nú standa sakir.

Þá vildi ég víkja nokkrum orðum að ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem tók hér upp hanzkann fyrir Ríkisútvarpið og útvarpsstjóra, og út af þessari ræðu og þeim röksemdum, sem hann færði fram fyrir máli sínu, vil ég aðeins segja það, að við vissum, hvers við hefðum átt að vænta, ef þessi hv. þm. væri ráðamaður útvarpsins. Það er alveg augljóst eftir hans málflutningi, að hann lítur svo á, þegar verið er að flytja fregnir frá Alþ. í útvarpinu um nýja stjórnarmyndun, — og ber þá auðvitað að skýra frá, hverjir það séu, sem standa á bak við hana og styðja hana og jafnframt, hverjir standa utan við hana, — að við þessir fimm þm. Sjálfstfl., sem erum ¼ af þeim flokki hér á Alþ., höfum engan rétt gagnvart útvarpinu til þess að koma á framfæri við alþjóð, hver afstaða okkar er gagnvart þessum málum, og það jafnvel eftir að frá því hefur verið skýrt í útvarpinu, að Sjálfstfl. standi að þessari stjórnarmyndun. Hvernig heldur hv. 3. þm. Reykv., að allur almenningur úti um land líti á þetta? Þeir gátu vitanlega ekki skilið þetta á annan veg en þann, að allur Sjálfstfl. stæði á bak við stjórnarmyndunina, og þó lítur þessi hv. þm. svo á, að við séum alveg réttlausir gagnvart því að koma á framfæri í hlutlausu útvarpi, eins og það á að vera, yfirlýsingu um, að við séum ekki stuðningsmenn þessarar ríkisstj. Það má vel segja, að með svona háttalagi sé gerð tilraun til þess að falsa, hverjir það séu, sem standa á bak við þessa ríkisstj. Ég veit, að þetta hefur ekki verið meiningin hjá hæstv. forsrh., og vil ég taka það fram, að þegar þetta mikla vandamál lá fyrir Ríkisútvarpinu, var talað við hann um þessa yfirlýsingu okkar, og svaraði hæstv. forsrh., eins og hann er maður til, að hann teldi rétt, að hún yrði birt. Ég vildi láta þessa getið, þar eð oft hefur verið deilt á hæstv. ríkisstj. í sambandi við þetta mál. Sú hlutdrægni, sem hér hefur verið framin, er á ábyrgð útvarpsstjóra og útvarpsráðs, og hefur það nú sýnt sig, að þeir eru engir menn til þess að standa undir þessari ábyrgð, og ef það væri eðlilegt réttarfar og litið eftir almennum mannréttindum í þessu landi, væri vitanlega fyrsta sporið að víkja slíkum mönnum frá fyrir það að hafa farið þannig að ráði sínu.

Þetta er það svar, sem ég hef fundið ástæðu til að láta koma hér fram við þessu sendibréfi útvarpsstjóra og sömuleiðis við ræðu hv. 3. þm. Reykv., sem hefur nú með skörulegri hætti en áður hefur komið hér fram á Alþ. viljað verja þessa hlutdrægni og þessa rangsleitni, sem við fimm þm. Sjálfstfl. höfum verið beittir af útvarpsráði og útvarpsstjóra í andstöðu við hæstv. forsrh.

Umr. frestað.

Á 75., 76., 77., 82. og 83. fundi í Sþ., 13., 15. og 16. des., 9. og 15. jan., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var enn fram haldið einni umr. um till.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. frá 3. þm. Reykv. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 23:12 atkv.

4. Gistihúsbygging í Reykjavík.

Á deildafundum 12. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um gistihúsbyggingu í Reykjavík (A. 661).

Á 75. og 76. fundi í Sþ., 13. og 15. des., var till. tekin á dagskrá til ákvörðunar um, hvernig ræða skyldi.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 77. fundi í Sþ., 16. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 80., 81., 82., 83., 84. og 86. fundi í Sþ., 4., 5., 9., 15., 16. og 24. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Það hefur um nokkur ár verið tilfinnanleg vöntun á gistihúsum hér í Reykjavík, og þarf ekki að lýsa því fyrir þm., með því að þeir, sem eru utanbæjar, hafa fengið reynslu fyrir því. Nú má gera ráð fyrir, að þegar stríðinu lýkur, verði hér enn meiri gestastraumur, og enn er ekki sýnilegt, að einstök félög eða einstakir menn ráðist í að byggja hér gistihús.

Þess vegna er það, að ég hef leyft mér að hreyfa þeirri hugmynd hér, að ríkisstj. fallist á að fá ýmis félög, sem gera mætti ráð fyrir, að hefðu áhuga fyrir þessu, til þess að vinna saman um þetta mál, en ekkert einstakt félag hefur treyst sér til að leggja út í slíka stórbyggingu. Ég skal játa það, að gera má ráð fyrir því, eftir reynslu Hótel Borg á mögru árunum, að þetta fyrirtæki yrði ekki gróðafyrirtæki, en það yrði stórfyrirtæki. Það þarf að bæta úr þeim erfiðleikum, sem nú eru, og mér sýnist, að með því móti, að nokkuð mörg félög tækju þátt í þessu, stæðu að því styrkar stoðir. Og væri líka ekki svo ákaflega tilfinnanlegt fyrir hvert þeirra, þótt það hefði ekki alltaf fulla vexti af því fé, sem það hefur lagt fram.

Mér hefur borizt mikið af bréfum frá mönnum víðs vegar af landinu, sem hafa látið í ljós ánægju yfir því, að reynt er að bæta úr þessum málum. Ég mælist til þess, að þegar þetta mál

hefur verið rætt nægjanlega hér, verði því vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 94. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 97. fundi í Sþ., 26. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 661, n. 1112).

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Ég tók að mér að vera frsm. fyrir allshn. í þessu máli. Get ég verið fáorður. Það er ekki nema eðlilegt, að till. sem þessi komi fram, því að allir eru sammála um, að nauðsyn beri til þess að bæta úr þeim vandræðum, sem eru í Reykjavík, hvað gistihús snertir. Í grg. fyrir þessari till. er fram tekið, hverjir aðilar væru líklegastir til þess að mynda félagsskap um eða stuðla að því að koma upp slíku gistihúsi hér í Reykjavík, og þar talinn Reykjavíkurbær, Eimskipafélag Íslands, Búnaðarbankinn, Landsbankinn og Útvegsbankinn, Fiskifélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands, Sambandið og Verzlunarráðið, Landssamband útvegsmanna, Sláturfélagið og Mjólkursamsalan.

Allshn. skrifaði þessum aðilum og spurðist fyrir hjá þeim, hvað þeir vildu gera í þessu máli, hvort þeir vildu veita þessu máli stuðning á einn eða annan veg. Flestir hafa svarað, og aðeins tvö svörin hafa verið jákvæð. Hinir allir lýstu yfir annaðhvort, að þeir hefðu ekki fjármagn til þess að veita þessu máli nokkurn stuðning, eða þá, að þeir teldu það svo óskylt sínum atvinnurekstri, að þeir sæju sér ekki fært að leggja því lið. Þessir tveir aðilar, sem jákvæð svör komu frá, eru Mjólkursamsalan og bæjarráð Reykjavíkur. Bæjarráð telur, að mikil nauðsyn sé á, að úr þessu verði bætt, og gefur í skyn, að Reykjavíkurbær sé reiðubúinn til að styðja þessa framkvæmd með fjárframlögum. Mjólkursamsalan hefur einnig svarað jákvætt, og ég geri ráð fyrir, að stjórn Mjólkursamsölunnar hafi gert það vegna þess, hve mikil nauðsyn ber til að bæta úr þessum vandræðum, en ekki af því, að þá, sem samsölunni stjórna, langi til þess að leggja þetta fé fram. Enda lít ég svo á, að bezt væri fyrir fyrirtækið að vera laust við slíkt fjárframlag, ef aðrir fengjust til að leggja fram fé í þetta. Og allshn. taldi eðlilegast, að bæjarráð Reykjavíkur eða Reykjavíkurbær væri aðalaðili í þessu máli. Það er kunnugt, að Reykjavík á ekkert gistihús. Það er líka kunnugt, að það hefur þótt lélegur sveitabær á landinu, sem ekki gæti veitt gesti húsaskjól yfir eina nótt eða svo. Og það samrýmist ekki íslenzkri gestrisni. Mér sýnist því, að það samrýmist ekki íslenzkri gestrisni, að höfuðborgin sé svo illa á vegi stödd um gistihús, að þeir menn, sem koma til höfuðstaðarins í ýmiss konar erindum, m. a. í verzlunarerindum og þá skilja oft eftir verulega fjármuni hér í bænum, skuli ekki geta í raun og veru fengið gistingu í bænum. Því að það er nú svo, að menn utan af landi, sem dveljast hér um lengri eða skemmri tíma, verða annaðhvort að vera á götunni eða þrengja sér inn á kunningja sína eða vinafólk. Slíkt ástand er náttúrlega með öllu óþolandi. Og það virðist nú svo, að bæjarráð Reykjavíkur skilji, að það er ekki sæmandi fyrir bæinn, að þetta ástand ríki hér. Allshn. hefur þess vegna lagt til, að till. á þskj. 661 um gistihúsbyggingu í Reykjavík verði samþ. með þeirri breyt., að tillgr. orðist svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því í samráði við Reykjavíkurbæ, á hvern hátt hagkvæmast væri að koma upp almenningsgistihúsi í Reykjavík."

Það hefði kannske þótt eðlilegt, að við í n. hefðum sagt: í samráði við Reykjavíkurbæ og Mjólkursamsöluna, — af því að hún hefur líka gefið jákvætt svar. En við litum svo á, að enda þótt Mjólkursamsalan hefði gefið jákvæði í sínu svari, þá hefði hún gert það vegna þess, að þeir, sem henni stjórna, skildu þau vandræði, sem hér eru í þessu efni, en ekki af því, að þeir hefðu löngun til þess að leggja fram fé í þessa byggingu, ef hægt væri að koma henni upp á annan hátt. Og ég tel, að Reykjavíkurbæ sé miklu skyldara að leggja fram fjármuni í þessa byggingu heldur en Mjólkursamsölunni eða þeim, sem þetta fyrirtæki eiga, og það sé þess vegna rétt að reyna fyrst, hvað hægt er að komast með því, að Reykjavíkurbær sé aðalaðilinn í þessu fyrirtæki. Það er nú svo, að við, sem komum í bæinn utan af landinu, erum gestir í Reykjavík. Og það samrýmist tæplega íslenzkri gestrisni, að höfuðborgin geti ekki hýst gesti, sem þangað koma.

Það getur vel verið, að það sé rétt og sanngjarnt, að ríkisvaldið á einhvern hátt veiti aðstoð til þess að koma þessu fyrirtæki upp. En mér finnst nú, samt sem áður, að þótt þannig mætti líta á, að það væri eðlilegt, að ríkisvaldið hjálpaði til á einhvern hátt við það, þá sé það alveg eðlileg krafa, að Reykjavíkurbær komi upp svona húsi. Og mér finnst vera mikil von til þess, að það muni verða, þar sem bæjarráð Revkjavíkur virðist eftir svari sínu til allshn. hafa fullan skilning á því, að mikil þörf sé á svona gistihúsi. Og í því svari, sem n. barst, gefur bæjarráð fullkomlega í skyn, að það sé reiðubúið að leggja fram fé í þessu skyni. Ég tel, að það sé þá eðlilegast að sjá, hvað hægt er að komast með því, að Reykjavíkurbær byggi gistihús, og það sé þá alveg rökrétt ályktun að fela ríkisstj. að láta fara fram athugun á þessu efni, eins og till. er orðuð á þskj. 1112. Allshn. er óskipt um þetta orðalag, og vænti ég, að hæstv. Alþ. og hv. flm. till. geti fallizt á þessa breyt. n., þar sem það hefur nú sýnt sig, að þessir aðilar, sem hann bendir á í grg. fyrir þáltill., tjá sig, flestir þeirra, annaðhvort ekki þess megnuga að leggja fram fé í þetta fyrirtæki eða þeir álíta það svo óskylt sínum atvinnurekstri, að þeir af þeim ástæðum vilja ekki gera það. Hv. form. mjólkursölun. hlustar á það, sem ég hér segi. Má vel vera, að honum finnist einkennilegt, að allshn. skyldi ekki orða brtt. sína þannig að nefna þar Mjólkursamsöluna ásamt Reykjavík-

urbæ, þar sem Mjólkursamsalan taldi sig fúsa til að vera með í því á einhvern hátt að styrkja þetta. En ég vænti, að form. þeirrar n., hv. þm. V-Sk., taki það ekki á þann veg, að við viljum hundsa Mjólkursamsöluna í þessu efni. En ég fyrir mitt leyti skil svar mjólkursölun. svo, að sú n. vildi gjarnan vera laus við að leggja fjármuni í gistihúsbyggingu hér í Reykjavík, ef hægt væri að koma henni upp á annan hátt.

Jónas Jónsson: Herra forseti. — Að vísu álít ég, að allshn. hafi ekki bætt till. í heild sinni. En þar sem þetta er stór n. og vel mönnuð og leggur til breyt. einhuga, sé ég ekki neitt færi á því að reyna að stöðva þann straum og verð að láta þar við sitja að sinni. En ég vil þó fara um þetta mál fáeinum orðum.

Ég álít, að það hafi verið rangt af hv. n. að fara að skrifa þessum aðilum, sem nefndir voru í grg. till., vegna þess að þeir voru aðeins nefndir sem sýnishorn af þeim aðilum, sem líklegir gætu talizt til að ráðast í slíkt fyrirtæki, en ekki þannig, að ég áliti, að það væru þessir aðilar einir, sem þar gætu komið til greina. Og það er alls ekki þess að vænta, að upp úr svona umburðarbréfi, sem allshn. skrifaði þessum aðilum, fáist sérstakur árangur strax, heldur hlaut að koma sem kom, að enginn vildi í fyrstu við það kannast. Ef svo hefði verið að farið, þegar Eimskipafélagið var stofnað, að það hefði verið skrifað þessum um 1000 mönnum, sem að því stóðu, og spurt, hvort þeir vildu vera með, þá hefðu svörin sjálfsagt orðið svipuð og í þessu tilfelli. Aðferðin hjá allshn. í þessu máli hefur verið óheppileg. N. hefur sýnt velvilja, sem þó ekki er hægt að búast við, að neitt gott leiði af, nema ef hæstv. ríkisstj. fylgir málinu betur en hv. allshn. leggur til. Því að hér er sagt í brtt. n., og þannig vill n. orða till.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því í samráði við Reykjavíkurbæ, á hvern hátt hagkvæmast væri að koma upp almenningsgistihúsi í Reykjavík.“ Í þessu er engin framkvæmd. Ég skil ekki, að það sé rétt hugsun í þessu að skora ekki á ríkisstj., sem hefur mikið þingfylgi og kjósendafylgi og allt svoleiðis og vill standa fyrir stórfelldri nýsköpun, að framkvæma eitthvað meira en athugun. Það þarf að gera einhverjar haldkvæmar ráðstafanir til þess, að menn, sem í bæinn koma, liggi ekki eins og hundar undir húsveggjum, ef menn ekki af góðsemi taka þá inn til sín. Og ég þykist þess fullviss, að sumir menn í ríkisstj. hafi á þessu áhuga, sem getur verið, að verði að gagni í þessu efni, ef lagt er fyrir hæstv. ríkisstj. að framkvæma þessa till., senda hana t. d. til nýbyggingarráðs. Og segjum, að t. d. nýbyggingarráð eða einhverjir duglegir menn sneru sér til þessara aðila, *sem nefndir eru í grg. till.*, og færu að þrýsta á þá, þá gæti það haft sín áhrif. Það getur verið gott að skora á Reykjavíkurbæ að koma þessu máli í framkvæmd. En vilji hann ekki gera það, verða þeir menn, er til bæjarins koma, að liggja á götunni, ef menn af góðsemi sinni hýsa þá ekki. — N. gat ekki gert þetta. Ég get ekki gert þetta. En ef t. d. ríkisstj. í samráði við Reykjavíkurbæ vildi leysa þetta, þá er ekki vafi á því, að sumir aðilar, sem ekki hafa gefið jákvæð svör um þetta, mundu koma til hjálpar, ef rétt væri farið að. Ég er ekki eins bjartsýnn og hv. frsm. um það, að Reykjavíkurbær muni leysa þetta mál. Auðvitað er, að ef maður kemur til hv. 2. þm. Rang. austur við Rangá, býður hann honum inn strax. Það gerum við hver fyrir sig. En ég veit ekki til þess, að neinn kaupstaður hér á landi hafi sem slíkur byggt gistihús. K. E. A. byggði gistihús að vísu, en það er einkastofnun. — Nú getur Reykjavíkurbær gert þetta, ef hann vill, en hann hefur ekki sýnt neina löngun til þess. Og þó að Reykjavík ætti að gera þetta, getur vel verið, að Reykjavík segi: Ég vil gera þetta, ef ég er ekki ein í því; en ég er ekki að biðja þessa menn að koma hingað. — Þess vegna hygg ég, að framkvæmanlegast verði þetta fyrirtæki, ef margir standa undir því. Það gekk illa að láta Hótel Borg bera sig, meðan kreppan var. Og sjálfsagt má gera ráð fyrir, að þetta gistihús, sem hér er lagt til, að byggt verði, verði ekki gróðafyrirtæki. Ég get þó hugsað mér, að gæti gengið betur með það en með Hótel Borg, með því að hafa eitthvað aðra skipun á því, og fer ég ekki meira út í það hér. Aðalatriðið er að sjá þeim gestum fyrir gistingu, sem til bæjarins koma.

Það er ekki mitt að svara fyrir Reykjavíkurbæ. En ég hef ekki trú á því, að Reykjavík detti nokkurn tíma í hug að byggja svona gistihús. Og ef Reykjavík gerir það ekki, verður gistihúslaust eða fleiri verða að koma í málið. Þegar Hótel Borg var byggð, hefði ekki verið hægt að byggja svona hús árið 1930, þó að ríkinu lægi á því og Reykjavík lægi á því og Þingvallanefndinni lægi á því, ef ekki hefði komið maður, sem átti 200 þús. kr., og sagt: Ég vil leggja þetta í gistihús. — Það skar úr. Svo kom Reykjavíkurbær og ríkið og greiddu fyrir þessu fyrirtæki. Og þannig gekk það. Þrír aðilar reistu hótelið. En það er ekki minnsta ástæða til að halda, að Reykjavíkurbær hefði gert neitt í því einn.

Ég mun greiða atkv. með þessari brtt. hv. allshn. Hún er að vísu óheppilega orðuð, miðað við framgang máls þess, sem till. er um. En það er ekki hægt að fá betra fram heldur en þetta. Og við verðum að vona, að hæstv. ríkisstj. og stuðningsmenn hennar, þó að þeir séu andstæðir hver öðrum, reyni að koma þessu máli í framkvæmd.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Vegna þess, að hv. frsm. allshn. lét í það skína og hafði eiginlega um það ber orð, að hv. allshn. hefði ætlað að sjá fótum okkar forráð, sem erum í stj. Mjólkursamsölunnar, um það að losa okkur undan einhverri sérstakri fjárhagslegri ábyrgð, sem við hefðum tekið á okkur í sambandi við þetta mál, vildi ég láta koma strax fram, að slíkrar fyrirhyggju var engan veginn þörf frá n. hálfu, þó að hún sé sjálfsagt í beztu meiningu gerð. Því að mér er ekki kunnugt um, að hv. frsm. allshn. fari þar rétt með,

þegar hann segir, að Mjólkursamsalan hafi talið sig fúsa til þess að vera með í þessu fyrirtæki og styrkja gistihúsbyggingu í Reykjavík. Þetta er ekki eins og það á að vera, þegar fskj. eru ekki lögð fram, að ekki sé skýrt rétt frá um það, hvað í þeim stendur. Stjórn samsölunnar fékk þessa þáltill., sem hér liggur fyrir, til umsagnar, og þessi þáltill. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að koma á stofn félagi til að reisa almenningsgistihús með allt að 150 herbergjum á góðum stað í Reykjavík."

Stj. samsölunnar var því alveg sammála, að það væri nauðsyn á því að koma upp slíku gistihúsi hér í Reykjavík, og taldi sig samþykka till. Annað og meira sagði stj. Mjólkursamsölunnar ekki og gefur ekki neitt fyrirheit um nokkurn stuðning til þessa fyrirtækis, fjárhagslegan né annan. Hitt er svo allt annað mál, hvað samsalan mundi gera undir vissum kringumstæðum, — það skal ég ekkert um segja —, ef aðrir aðilar vildu t. d. stofna hlutafélag eða slíkt og safna fé til þess að koma þessu í framkvæmd. En að með þeirri umsögn, sem stj. samsölunnar sendi um þessa þáltill., hafi verið heitið nokkrum fjárhagslegum stuðningi til þess að koma þessu í framkvæmd, er rangt, enda var stj. samsölunnar ekki um þetta spurð. Till. var aðeins send stj. Mjólkursamsölunnar til umsagnar. Og till. hljóðaði þá á þá leið, að reist yrði gistihús í Reykjavík og stofnaður yrði til þess félagsskapur og gistihúsið yrði með allt að 150 góðum herbergjum. Og þetta voru allir í stj. samsölunnar sammála um, að nauðsynlegt væri, að gert yrði, og voru því með því, að þessi till. yrði samþ. — Ef ríkisstj. vildi beita sér fyrir þessu, þá fyrst kemur spurningin um það, hvort þessi félagsskapur vill leggja á sig byrðar í þessu efni. Ég fyrir mitt leyti tel á þessu svo mikla nauðsyn, vegna þeirra, sem koma til bæjarins utan af landinu, — ég tala þar aðeins fyrir mig einan, en ekki alla stj. Mjólkursamsölunnar —, að ég álít ekki nema sanngjarnt, ef vel væri fyrir málinu gengið, að menn ættu að bindast samtökum um það að hrinda þessu máli í framkvæmd. Og ég er sammála hv. þm. S-Þ. um, að till. var, eins og hann bar hana fram, sigurvænlegri í grundvallaratriðum heldur hún yrði eftir brtt. hv. allshn. Því að ég hef ekki trú á því, að bæjarfélag Reykjavíkurbæjar, sem hefur um 40 þús. manns og hefur ekki byggt enn yfir sína starfsmenn, heldur hefur leigt húsnæði fyrir þá hér í bænum, — ég hef ekki trú á því, að bæjarfélagið muni eitt ráðast í það að leysa húsnæðisvandræði þeirra, sem utan Reykjavíkur búa, og það á eigin spýtur. Ég skal ekki segja, hversu góð Reykjavík verður þeim, sem utan bæjarins búa, í þessu efni. En mér finnst ekki nema mannlegt, að Reykjavík líti fyrst á sína eigin þörf í þessum efnum, sem henni virðist standa nær, og þarf ekki annað að fara en í sjálfs sín barm í þessum efnum. Og ég er hv. þm. S-Þ. algerlega sammála um það, að svona mál verði ekki leyst nema með allvíðtækum samtökum, sennilega helzt með því að stofna hlutafélag í þessu skyni, þar sem ekki aðeins væri leitað þátttöku þeirra, sem nefndir eru í grg. þáltill., sem hv. flm. bendir á aðeins sem dæmi um þá, sem leita skuli til í þessu efni, heldur þurfi að leita miklu víðar og þá til samtaka úti um land, bæði í bæjum og sveitum. Því að það er nauðsynlegt að koma upp gistihúsi á góðum stað í bænum. Og það verður ekki gert nema með átaki ekki aðeins þeirra, sem búa í Reykjavík, og hæstv. ríkisstj., heldur líka með tilstyrk þeirra, sem bezt vita í þessu efni, hvar skórinn kreppir. Og það er óviðunandi að hafa gistihúslaust í stórum bæ, þar sem svo að segja öll starfsemi ríkisins fer fram og svo að segja hver einasti einstaklingur í landinu á leið um og þarf að dveljast á hverju ári lengri eða skemmri tíma.

Ég vildi leiðrétta það strax, að það er á misskilningi byggt, sem hv. frsm. allshn. hélt fram um þetta viðkomandi stj. Mjólkursamsölunnar og hennar svari.

Garðar Þorsteinsson: Herra forseti. — Vegna þess að hv. frsm. allshn. sagði, að n. hefði sent þessa þáltill. til ýmissa aðila eins og hann taldi upp, þá hefði verið eðlilegt, að þessi svör hefðu verið birt sem fskj. með nál. Eftir því sem ég veit bezt, hefur það alltaf verið siður, að svör frá stofnunum, sem frv. eða þáltill. eru send til umsagnar og gefa svör við þeim, eru birt sem fskj. með nál. En nú hefur hv. frsm. aðeins sagt, að af þessum aðilum, sem þarna hafa verið spurðir um álit sitt um þáltill. þessa, hafi tveir gefið jákvætt svar, en hinir aðilarnir allir frekar neitandi, eftir því sem mér skildist. Það hefði verið ákaflega æskilegt, að þessi svör hefðu verið birt. Ég get t. d. hugsað mér, að Eimskipafélag Íslands og Reykjavíkurbær hefðu svarað játandi, en hinir kannske neitandi. Og ég verð að segja svona almennt, að ég get ekki séð í fljótu bragði, hvers vegna Búnaðarbanki Íslands, Landsbankinn eða Útvegsbankinn, Fiskifélagið, S. Í. S., Verzlunarráðið, Landssamband útvegsmanna, Sláturfélagið og jafnvel Mjólkursamsalan eru til tekin í þessu sambandi í grg., hvaða hagsmuni þessar stofnanir geti af því haft að reisa gistihús í Reykjavík.

Ég mundi gjarnan vilja heyra þau rök, sem þessir aðilar hefðu fyrir því. Ég hélt, að samsalan hefði, þó að hún sé þessu máli meðmælt, annan tilgang samkvæmt sínum l. en leggja fé í gistihússbyggingu í Reykjavík. Ég get ekki heldur hugsað mér, að Sláturfélag Suðurlands, Búnaðarbankinn og Útvegsbankinn hafi samkv. sínum samþykktum nokkra heimild til að leggja fram fé í þessu skyni. Sá eini aðili, sem mér vitanlega hefur gert samþykkt um þetta, er Eimskipafélagið, vegna þess að nýafstaðinn aukaaðalfundur gerði þá samþykkt, að félagsstj. gæti með samþ. félagsfundar ákveðið að félagið reisi og reki gistihús eða gerist þátttakandi í slíku fyrirtæki. Eimskipafélagið er því að mínu viti eini aðilinn, sem samkv. sínum samþykktum hefur leyfi til að leggja fram fé í þessu skyni, því að allir aðrir þessir aðilar eru opinberar stofnanir, sem

hafa ekki sínum samþ. samkv. heimild til að leggja fram fé til slíkra aðgerða.

Í sambandi við till. sjálfa er það að segja, að þar er ekkert tekið fram, hvort það félag, sem þar *er gert ráð fyrir, að verði stofnað, verði* privatfélag eða stofnað af opinberum aðilum, og í till., sem hv. allshn. ber fram, er ekki heldur neitt um þetta sagt. Hún nær styttra, þar sem hún vill aðeins láta fara fram athugun á því, á hvern hátt yrði hagkvæmast að koma upp gistihúsi.

Annars stóð ég aðeins upp til að segja, að mér *finnst, að þar sem allshn. vitnar til svo og svo* margra opinberra aðila, þá hefði hún átt að birta þau bréf, þar sem ég verð að draga í efa, að nokkur þessara aðila nema Eimskipafélagið hafi heimild samkv. sínum samþ. til að leggja fé til slíks, ég vil a. m. k. sjá, að svo geti verið. Annars gæti hv. þm. V-Sk. sagt um það, hvort samsalan hafi samkv. sínum samþykktum *heimild til að leggja* fé fram í þessu skyni, eða Sláturfélag Suðurlands, sem hv. þm. Borgf. gæti sagt um, eða Útvegsbankinn og Landsbankinn, sem hæstv. ríkisstj. gæti sagt um, en ég efast um, að þessir aðilar hafi nokkurt leyfi til þess samkv. sínum samþ., heldur sé fé þeirra bundið vissum tilgangi og meira ekki. En það væri mjög vel *til fallið*, að þau svör, sem þessir aðilar hafa gefið n., væru birt. *(JJ:* Ef það er ekki nema nei, þá er ekki þörf á að birta það.*)* Já, en það getur verið rökstuðningur fyrir því. *(JJ:* Okkur vantar ekki nei, heldur já.*)* Það fékkst já, þegar Hótel Borg var byggt, og þá hefði ef til vill verið betra, að komið hefði nei. *(JJ:* Áttum við að *liggja* eins og hundar úti á götu?*)* Já, ef við erum hundar.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Ég skal ekki þreyta hæstv. forseta og aðra með langri ræðu, þar sem nú er komið fram yfir miðnætti, en ég kemst ekki hjá því að svara hv. þm. V.-Sk.

Hv. þm. sagði, að ég eða allshn. hafi ekki þurft að hugsa um að vera forsjón stj. Mjólkursamsölunnar eða taka fram fyrir hendurnar á henni, því að hún hefði aldrei ákveðið að leggja fram fé til þessa fyrirtækis, eins og ég hefði sagt í framsöguræðu minni. Ég held, að ég hafi aldrei sagt beinum orðum, að stj. samsölunnar ætlaði að leggja fram fé, en ég sagði, að samsalan hefði heitið málinu stuðningi, en hvort það er gert beinum orðum eða ekki í þessu svari, skiptir ekki máli. En ef við lesum grg. þessarar till. og berum hana saman við svar samsölunnar, þá verður okkur ljóst, að með því að lýsa sig samþykka till., þá er ekki annað hægt en að draga þar af þá ályktun, að stj. samsölunnar sé reiðubúin til að ljá málinu stuðning með fjárframlagi, því að eins og getið er um í grg., þá er lagt til að leita til einstakra manna, ekki sízt manna, sem framarlega standa í rekstri gistihúsa, og enn fremur margra stofnana og fyrirtækja, sem þar eru nefnd. Bæjarráð Reykjavíkur tjáði sig fúst til að leggja fram fé, Mjólkursamsalan tjáði sig till. samþykka, en hún er í grg. talin sjálfsagður aðili, og um leið og hún lýsir sig till. samþykka, gefur hún í skyn, að hún sé reiðubúin til að styðja fyrirtækið með fjárframlögum, hún getur ekki stutt það á annan hátt.

Annars er óþarfi fyrir mig og hv. þm. V-Sk. að *skiptast á orðum út af þessu atriði, því að hér* ber ekki mikið á milli, enda lýsti hann því yfir sjálfur sem sinni persónulegu skoðun, sem er form. samsölunnar, að það væri sín persónulega skoðun, að það væri rétt af samsölunni jafnvel að leggja fé fram til þessara hluta. Ég held þess vegna, að ég hafi alveg farið með rétt mál í minni framsöguræðu *og ekki hafi borið neina nauðsyn til* fyrir hv. þm. V-Sk. að standa hér upp til að mæla gegn því.

Hv. þm. S-Þ. og hv. þm. V-Sk. telja báðir, að till., eins og allshn. hefur breytt henni, sé gagnsminni en till. eins og hv. þm. S-Þ. ber hana fram. Hv. flm. skorar á stj. að beita sér fyrir að koma *á stofn félagi til að* reisa *gistihús* í Reykjavík. Þessi áskorun er bundin við hæstv. ríkisstj. Ég hef ekki fyrr heyrt, að þessir hv. þm. bæru svo ótakmarkað traust til núv. ríkisstj., að þeir teldu málinu betur borgið með því að vísa því til hennar en fela henni að leysa það. Mér hefur a. m. k. heyrzt, þegar þeir hafa verið að tala um nýsköpun stj., að þeir gerðu ekki mikið úr því. En það *breytist* stundum veður í lofti á skömmum tíma, og það má vel vera, að þessir tveir hv. þm. séu allt í einu orðnir stuðningsmenn hæstv. stj. og telji málinu bezt borgið að fela henni að framkvæma það. Það er kannske af því, að ég er ekki stuðningsmaður hæstv. ríkisstj., að ég tel málinu miklu betur borgið eins og n. leggur til, að till. sé samþ., en eins og hv. flm. ber hana fram, því að þar er stj. falið að láta fara fram athugun á því í samráði við Reykjavíkurbæ, hvernig sé hagkvæmast að koma upp almenningsgistihúsi í Reykjavík. Till. er því miklu heppilegri og betri frá hendi allshn., og þar er vísað til bæjarráðs Reykjavíkur, af því að það liggur skjalfest fyrir frá *bæjarráði*, að *þeir séu reiðu*búnir að leggja þessu máli lið með fjárframlagi. Það er eini aðilinn, sem hefur svarað fyrirspurn n. á þann hátt, að hann sé reiðubúinn að leggja fram fé í þessu skyni, og það er því sjálfsagt og eðlilegt, að betra sé að vísa málinu til þess aðila, sem lýsir sig reiðubúinn til þess, en að skjóta áhyggjum sínum eingöngu upp á hæstv. ríkisstj.

Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða meira um þetta. En þar sem hv. 2. þm. Eyf. segir, að hann telji óviðeigandi, að skjölin frá þessum aðilum, sem ég nefndi, séu ekki birt með nál., þá vil ég segja honum það, að ég hef sagt viðvíkjandi þessum svörum það, sem rétt er, og eins og hv. þm. S-Þ. sagði áðan, þá þörfnumst við ekki að sjá þessi nei skrifuð á pappír, því að það er nægilegt að vita, að þau eru komin, og eins og stendur, þá er ekki stuðnings að vænta frá þessum aðilum. *(JJ:* Þetta er eins og ung heimasæta, sem játar ekki í fyrsta skiptið.*)* Þess vegna held ég, að það sé enginn skaði skeður, þó að þessi svör séu ekki birt hér. *Skal ég svo láta mínu máli* lokið að svo stöddu.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil eindregið taka undir þá áskorun hv. 2. þm. Eyf., að þessi plögg séu birt, vegna þess að ég er ekki viss um, að óhætt sé að treysta því, sem hv. frsm. segir um það, hvað í þeim standi. Eftir því sem hann túlkaði málið í sambandi við samsöluna, er ég alls ekki viss um, að það standi í bréfi bæjarráðs Reykjavíkur, að það hafi heitið fjárhagslegum stuðningi, þar sem hann segir, að frá samsölunni hafi komið yfirlýsing um það. Ég vil leyfa mér, til að skjalfesta það í þingtíðindunum, að lesa umsögn samsölunnar, sem hann hefur leyft sér að túlka á þann hátt, sem hv. þm. hafa heyrt. Bréf samsölunnar hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegna bréfs yðar frá 2. þ. m., þar sem þér óskið umsagnar Mjólkursamsölunnar um meðfylgjandi þingsályktunartillögu um gistihússbyggingu í Reykjavík, þá hefur stjórn Samsölunnar tekið ósk yðar til athugunar, og lítur hún svo á, að hin mesta þörf sé á byggingu nýs gistihúss í bænum."

Annað og meira stendur þar ekki. Hvers konar ritskýring kemur hér fram hjá hv. 2. þm. Rang.? Hvers konar ritskýring er það að segja, að samsalan sé búin að heita fjárhagslegum stuðningi og taka á sig skuldbindingu um þetta? *(GÞ:* Hefur samsalan heimild til þess?) Ég ætla að svara þessari spurningu háttv. 2. þm. Eyf. á eftir. — Ég ætla að segja það, að ef háttv. frsm. túlkar öll svörin, sem honum hafa borizt, á svipaða lund, þá vil ég skora á n. að birta þessi skjöl, því að það er bersýnilega ekki einu orði að trúa, sem hv. frsm. segir um svar samsölunnar, því að í hennar svari felst ekkert annað en það, að gistihúss sé mikil þörf, og það telur hv. frsm., að sé binding frá hennar hendi um fjárhagslegan stuðning, af því að það stendur í grg., að það eigi að leita til annarra um fjárhagslegan stuðning. Nú vil ég segja, að skörin sé farin að færast upp í bekkinn um málsmeðferð. Það er betra fyrir stofnanirnar að óska eftir, að þegar umsagnar þeirra er leitað, þá séu þær birtar eins og venja hefur verið, í þskj., en að fá ekki túlkun á þann veg, sem hv. þm. hafa nú heyrt, hvernig hefur orðið hjá hv. frsm. um þetta plagg, sem samsalan hefur sent, því að í fyrri ræðu sinni sagði hann, að samsalan hefði heitið fjárhagslegum stuðningi, en í þeirri síðari segir hann, að hún hafi lýst sig samþ. till. Hvorugt er rétt, hún hefur aðeins tjáð sig samþ. því, að mikil þörf sé fyrir gistihús. Hann segir, að það sé sama, vegna þess að ég hafi sagt, að mín persónulega skoðun sé, að ef aðrir fengjust ekki til að leysa málið, þá eigi samsalan að leggja fram fé. Það er ekki heldur rétt. Ég sagðist álíta, að undir vissum kringumstæðum, ef aðrir aðilar, sem málið snerti að einhverju leyti, væru fúsir að leggja fram fé í þetta hús, þá áliti ég persónulega, að til greina gæti komið, að einhver stuðningur kæmi fram frá samsölunni, m. ö. o., það er alveg öfugt við það, sem hann sagði, ef aðrir aðilar, sem málið snerti ekki minna en samsöluna, væru fúsir að leggja fram fé í þessu skyni, þá áliti ég, að þetta geti vel komið til athugunar, en hv. frsm. segir, að ef aðrir fengjust ekki til þess, þá mundi samsalan vilja gera það, en það er mikill misskilningur, eins og hv. þm. hafa heyrt.

Viðvíkjandi fyrirspurn hv. 2. þm. Eyf., hvort samsalan hafi heimild til að leggja fram fé í þessu efni, þá álít ég, að samsalan, eins og samþ. hennar eru nú, hafi enga heimild í þessu efni, og ég hygg, að alveg það sama sé um Sláturfélag Suðurlands. Hitt er annað mál, að ég er viss um, að undir vissum kringumstæðum, þar sem um þörf málefni er að ræða, að samtök bænda teldu rétt að fórna einhverju fé fyrir það, og þá geta þau breytt samþykktum sínum í þessu efni, án þess að ég sé að segja, hvort þau muni gera það, en eins og sakir standa, þá álít ég, að samsalan hafi ekki heimild til að styðja slíkt fyrirtæki, sem hér er um að ræða.

Hv. 2. þm. Rang. segist vera undrandi yfir, að við berum svo ótakmarkað traust til hæstv. ríkisstj., að okkur þætti örlög till. miklu betri en að sú breyt. yrði samþ., sem hv. allshn. ber fram. Ég verð að segja, að það er erfitt að finna mun á trausti til stj. í þáltill. hv. þm. S-Þ. og brtt. allshn. Það er kannske hægt með svipuðum skýringum og hann gaf hér áðan að finna sérstakan mun. Í báðum tilfellunum er hæstv. ríkisstj. falið að gera það, sem gera á, í öðru tilfellinu, hjá n., á stj. að láta fara fram athugun á, hvernig hagkvæmast sé að koma upp gistihúsi, en í till. sjálfri er skorað á hæstv. stj. að beita sér fyrir, að stofnað verði félag til að koma húsinu upp. Ég sé ekki annað en þeir treysti stj. betur, sem hafa vægara orðalag og ætlast til meira af henni. Það traust, sem við berum til hennar, er ekki annað en það, að þótt við berum ekki mikið traust til hennar, þá höfum við trúað því hingað til, að hún fari eftir þingræðisreglum og hlýði ótvíræðum fyrirskipunum þingsins. Þetta er kannske ekki á rökum reist og stj. ekki þingræðisstj. og að hún vilji ekki fylgja þeim fyrirmælum, sem þingið leggur henni á herðar, og ég get ekki fundið, að í till. hv. þm. S-Þ. felist neitt meira traust á ríkisstj. en í þeirri brtt., sem hv. 2. þm. Rang. hefur mælt hér fyrir. Við treystum því aðeins, eða a. m. k. ég, að hæstv. stj. fylgi ótvíræðum þingræðisreglum, en það er kannske til of mikils ætlazt, eins og nú er komið stjórnarháttum okkar, ég skal ekki segja um það, en það er ekki hægt fyrir þm. að gera ráð fyrir öðru, þangað til annað er komið í ljós.

Ég sé ekki ástæðu til að fara um þetta fleiri orðum. Ég vil eindregið skora á n. að láta birta þessi skjöl, sem hér er um að ræða, til þess að þau fyrirtæki, sem hafa brugðizt vel við tilmælum n. og svarað, geti verið viss um, að rétt sé farið með, hverju þau hafa svarað, svo að þau eigi ekki á hættu, að birt sé í þingtíðindunum allt annað en þau hafa látið frá sér fara.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Ég skal vera stuttorður. Ég vil láta undrun mína í ljós yfir því, hve mikið far hv. þm. V-Sk. gerir sér um að telja þinginu trú um, að ég hafi farið með rangt

mál og rangar ritskýringar, og hvað hann leggur mikla áherzlu á, að n. birti þau svör, sem hún hefur fengið við fyrirspurnum sínum. Ég skal þá leyfa mér að lesa upp það eina jákvæða svar, sem n. hefur fengið, frá bæjarráði Reykjavíkur, svo að hv. þm., sem vill ekki trúa mér einu einasta orði, heyri, hvað þar stendur, en ég geri ekki ráð fyrir, að þurfi að lesa það upp fyrir aðra. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi sínum í gær gerði bæjarráð svofellda ályktun:

„Lagt fram bréf frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 2. þ. m., með beiðni um umsögn um tillögu til þingsályktunar um gistihúsbyggingu í Reykjavík.

Bæjarráð telur nauðsyn á, að hér í bænum verði reist gistihús, og tjáir sig reiðubúið til samvinnu og fyrirgreiðslu um það mál.“

Þetta svar er ótvírætt. Bæjarráð telur nauðsyn á að byggja gistihús og tjáir sig reiðubúið að greiða fyrir málinu. Í öllum hinum svörunum felst neitun. Þau liggja frammi á skrifstofu, og hv. þm. V-Sk. hefur hingað til ekki verið svo sporlatur, að hann ætti að vera fús til að líta á skjölin á skrifstofunni, jafnvel þótt nú sé komið fram á nótt. En sleppum þessu, því að þetta er fremur gaman en alvara hjá honum, tíminn er naumur, þar sem klukkan er orðin eitt.

Hv. þm. vill færa að því rök, að ég hafi ekki túlkað svar samsölunnar rétt. Ég held, að í annarri ræðu minni hafi ég fært rök að því, að það var rökrétt að ætla, að samsalan vildi styðja málið með fjárframlagi, um leið og hún lýsti sig samþ. till. En hvernig hann neitar nú, að stjórn samsölunnar hafi tjáð sig samþ. till., það skil ég ekki.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég þykist með því að hafa lesið svar bæjarráðs Reykjavíkur og með því að upplýsa, að hin svörin liggja frammi á skrifstofu til lestrar fyrir hv. þm. V-Sk. hafa gefið þær upplýsingar, sem honum eru nauðsynlegar í þessu efni, og ég ætla þá, að enginn muni gera kröfu til, að n. birti þessi svör með nál.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Út af áskorunum til allshn. um að láta birta þau svör, sem borizt hafa við bréfi hennar, vil ég segja, að ég sé ekki ástæðu til þess, þar sem þau liggja frammi á lestrarsal og hver þm., sem vill, getur kynnt sér þau. Ég vil einnig benda á, að n. taldi till. á þskj. 661 alls ekki þinglega orðaða, þar sem lagt er til, að Alþ. skori á ríkisstj. að koma á fót hlutafélagi eða samvinnufélagi, — miklu heldur mætti beint skora á hana að láta byggja gistihús, ef framkvæmanlegt þætti, — það væri þinglegra form en að segja ríkisstj. fyrir verkum eins og í till., þegar óvíst er, hvort hún gæti fengið nokkra til að mynda slíkt félag. Ég er hissa á eins þingvönum manni og hv. þm. S-Þ. að orða till. svo. Breyt. n. færir till. í það horf, að vel má samþ. Þá er lagt fyrir ríkisstj. að láta athuga í samráði við bæjarráð Reykjavíkur, hvernig koma megi gistihúsinu upp. Það hefði verið hægt að skora á hv. þm. Seyðf. eða hv. 2. þm. Eyf. að koma svona félagsskap upp, þeir stæðu vel að vígi til þess sakir atvinnu sinnar og dugnaðar. Verði till. allshn. samþ., gæti ríkisstj. kosið þá aðferð að snúa sér til þeirra með málið og fá þá til að gangast fyrir félagsstofnun, slíkri sem hv. flm. gerir ráð fyrir. En hún gæti einnig kosið aðra leið.

Ég vildi segja við hv. þm. V-Sk., að það er ekki glæsilegt að leggja eigur sínar í félagsskap til að hrinda fram þjóðnytjamáli, ef þeir, sem það gera, mega síðan búast við öðrum eins góðvilja og þeir framsóknarmenn hafa síðustu daga sýnt öðrum slíkum félagsskap, Eimskipafélaginu. Jafnskjótt og von er um, að fyrirtæki vaxi fiskur um hrygg, svo að það geti ráðizt í auknar þjóðnýtar framkvæmdir, skal taka ráðin af hluthöfum, svo að umboðsmaður ríkisins þurfi ekki annað en koma á fund, eins og er í Útvegsbankanum h/f, og tilkynna hluthöfum vilja sinn, atkvæði þeirra séu að engu metin. Það er ekki von, að menn langi til að afhenda fyrirtæki sín þannig eða gangi fúsir í fjárfrek samtök með von um þetta fram undan.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Það er komið á daginn, að varla hefur verið skýrt rétt frá einu einasta plaggi, sem n. hefur borizt í þessu máli. Hv. þm. hafa hlotið að taka eftir því, að bæjarráð, sem lofar fyrirgreiðslu, heitir ekki beinum fjárstuðningi sínum. *(Ingi:* Hvað er fyrirgreiðsla, ef ekki fælist neitt í því um fjárhagslegan stuðning?) Þar segir ekkert um, hvers konar stuðnings vænta megi. Hægt er að greiða fyrir framgangi margra mála án þess að greiða fé, og það veit ég að hv. þm. hefur oft gert. Þá segir þessi hv. þm. um allar hinar umsagnirnar nema Mjólkursamsölunnar, að þær séu neitandi. Þetta er alrangt, og skal ég með leyfi hv. forseta lesa kafla úr þeim. Í bréfi frá Landsbanka Íslands segir, að bankinn hafi eigi tekið afstöðu og framkvæmdastjórn hans treysti sér ekki til þess nú, „enda þótt hún telji mikla þörf á því, að komið sé upp gistihúsi hér í bæ.“

Í bréfi Eimskipafélagsins er málið rætt á vissan hátt og tekið fram í lokin: „getum vér því eigi að svo stöddu sagt um, hver verður afstaða félags vors til þátttöku í gistihússbyggingu þeirri, er ræðir um í tillögunni.“ — Þetta er alls ekki neitandi svar.

Þá kemur umsögn frá Útvegsbanka Íslands. Ég skal lesa bréfið allt, eða samþykkt bankans:

„Samkv. ósk allshn. Sþ. í bréfi dags. 2. febr. þ. á. viljum vér hér með láta í ljós þá skoðun vora, að till. til þál. um gistihússbyggingu í Reykjavík sé mjög þarfleg og nauðsynleg, eins og nú standa sakir, en oss virðist, að frekari undirbúningur og rannsókn séu nauðsynleg, áður en slíku máli er ráðið til lykta. Vér viljum taka það fram, að vér erum málefninu hlynntir, en teljum oss ekki fært, á þessu stigi málsins, að taka neinar fjárhagslegar ákvarðanir því áhrærandi að svo stöddu.“ — Þetta er alls ekki neitandi, gefur miklu fremur undir fótinn.

Þá segir í bréfi frá S.Í.S., að sambandið hafi nýlega eignazt lóð þá, sem bent sé á í grg. till. fyrir gistihús, og þurfi það á henni að halda til annars.

Síðan segir: „Um þátttöku vora í þar um ræddu gistihúsmáli getum vér ekki sagt á þessu stigi málsins.“ — Þetta er ekki neitandi.

Landssamband ísl. útvegsmanna „telur brýna nauðsyn á því, að máli þessu verði hrint í framkvæmd sem fyrst.“

Í bréfi Búnaðarbankans segir, „að engum getur dulizt hin mikla nauðsyn, sem á því er, að gistihúsum í Reykjavík fjölgi.“

Engin af þessum umsögnum er neitandi, og flestar segja miklu meira en umsögn Mjólkursamsölunnar, sem ekkert ákveðið segir. Hvers vegna vill n. ekki, að þessar umsagnir séu birtar?

Ég ætla ekki að fara að svara hv. þm. Barð. um Eimskipafélagsmál. En ef gistihúsinu vegnaði eins vel og því félagi, þá hugsa ég, að sá hv. þm. sé það mikill gróðamaður, að hann mundi gjarnan vilja leggja í fyrirtækið.

Garðar Þorsteinsson: Mér virðist, að þeir, sem voru að berjast fyrir skilningi allshn. á þessu máli, séu nú komnir í vörn og tekið að hallast á þá. N. bað um og fékk svör ýmissa þeirra aðila, sem nefndir voru í grg. till., og hefði jafnvel mátt ætla, að till. væri flutt í samráði við þá. En svo reyndist ekki vera. N. leitaði til bæjarráðs Reykjavíkur, Eimskipafélags Íslands, bankanna þriggja, S.Í.S., Verzlunarráðsins, Landssambands útvegsmanna, Sláturfélags Suðurlands og Mjólkursamsölunnar. En í svörunum er ekkert einasta orð um, að neinn þessara aðila vilji binda sig með fjárframlögum. Það er ekki rétt hjá hv. 2. þm. Rang., að neinn þeirra hafi lofað fjárstyrk. Hefði n. talið umsagnirnar sínu máli til stuðnings, hefði hún án efa birt þær.

Ég skal viðurkenna með hv. þm. Barð., að till. n. er miklu aðgengilegri en þáltill. sjálf. Engu að síður tel ég réttara að vísu þessu máli til ríkisstj. og geri ég það, hæstv. forseti, að till. minni.

Áður hefur komið fyrir Alþingi till. um, að ríkið sæi þm. fyrir húsnæði, og var samþ. En mér er ekki kunnugt um, að ríkisstj. hafi getað fullnægt þeirri þál. Og ég er efins um, að ríkisstj. sé hinn rétti aðili til að beita sér fyrir þessu. Svona fyrirtæki verður ekki reist á þeim grundvelli, að það geti borið sig, nema að því standi þeir aðilar, sem hafi þar fjárhagslegar „interessur“. Þegar Hótel Borg var reist, með ríkisframlagi, sem þá var álitin mikil upphæð, en yrði nú ekki talið það, þá stóð þetta í beinu sambandi við Alþingishátíðina 1930 og móttökuþarfir þá. Þó að till. n. yrði samþ. nú, efast ég mjög um, að hún næði tilgangi sínum.

Frsm. (Ingólfur Jónsson): Hv. 2. þm. Eyf. taldi n. komna í vörn, en ekki sókn, þar sem upplýst væri, að enginn hefði heitið fyrirtækinu fjárhagsstuðningi. Ég hef tekið fram, að enginn nema bæjarráð Reykjavíkur hafi heitið fjárhagslegum stuðningi, en orð þess, „hvers konar fyrirgreiðslu“, er ekki hægt að skilja á annan veg en m. a. sé lofað fjárstuðningi. Ég heyri að vísu, að hv. þm. V.-Sk. leggur annan skilning í það. En n. var sammála um að líta svo á, að það svar væri algerlega jákvætt, og jákvætt væri einnig svar Mjólkursamsölunnar, en hin öll fremur neikvæð, miðað við skjótar framkvæmdir, sem að var stefnt með þáltill. Hv. þm. V.-Sk. vill telja mörg þeirra jákvæð, en á þeim skilningi hans er ekkert að byggja. Hann gerir sér far um að reyna að sýna, að ég túlki svörin á rangan hátt. Ég skil ekki hvers vegna. Það er misskilningur, að ég hafi talað um lofaðan fjárstuðning frá öðrum en bæjarráðinu. Þó að hv. þm. V.-Sk. heyri til mín allt annað en ég segi, get ég ekki við heyrn hans gert, né heldur því, hvað heitur hann verður út af því, sem honum heyrist. Umr. mun nú senn lokið, og legg ég eindregið til að samþ. þál. í því formi, sem n. leggur til. Hitt, að vísa till. til ríkisstj., bæri að vísu að sama brunni, en mér finnst ástæðulaust að hafa þá aðferðina.

Sigurjón Á. Ólafsson: Herra forseti. — Ég er undrandi yfir öllum þessum umr. um ekki flóknara mál eða stærra en þetta er. Að sjálfsögðu er þetta þarft mál, og er ástæðalaust að snúa út úr till. allshn., eins og gert hefur verið á hinn fáránlegasta hátt. Allir aðilar, sem spurðir voru, viðurkenndu þörfina, sem er á því að fá hér myndarlegt og fullkomið gistihús.

Hv. 2. þm. Eyf. taldi það réttustu meðferðina að vísa málinu til ríkisstj., þ. e. í raun og veru að drepa málið á lúalegan hátt, þó að kurteislegri þyki en beint að fella. Þetta er það, sem hann stefnir að, því að framkvæmdir um bygging slíks húss eigi að vera verkefni manna úr hans stétt. Hvers vegna hafa þá þeir ágætu menn sofið á þessu máli hingað til? Ég býst við, að flm., hv. þm. S.-Þ., hafi haft í huga, að nú yrði að koma til kasta ríkisstj. og félagssamtaka, fyrst þessum athafnamönnum hafði ekki hugkvæmzt að leysa vandræðin. Það var niðurstaða n., að rétt væri að fá málið athugað í samráði við bæjarráð Reykjavíkur, og mér virðist það eina rétta leiðin.

Ég skal ekki blanda mér inn í deilur hv. þm. V.-Sk. og hv. 2. þm. Rang., en ég sé ekki, að ásakanir á n., að hún skýri svörin í bréfunum ranglega, hafi við nein rök að styðjast. Reynslan sker úr um það, hverjir leggja fé af mörkum, en almennur vilji virðist kominn upp um, að úr framkvæmdum verði. Ekkert er til fyrirstöðu að samþ. till. n., og samþ. hennar getur valdið því, að eitthvað verði aðhafzt í málinu til gangs og því síðan hrundið í framkvæmd.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 98. fundi í Sþ., 28. febr., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. frá 2. þm. Eyf. um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 25:10 atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Lágmarkslaun fiskimanna.

Á deildafundum 17. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um skipun nefndar til að undirbúa tryggingar lágmarkslauna fiskimanna (A. 6).

Á 14. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. — Við flm. þessarar þáltill. fluttum á síðasta þingi þáltill., sem var að kalla samhljóða þessari, en hún náði þá ekki fram að ganga vegna tímaleysis. Við höfum flutt þessa till. nú aftur sökum þess, að við álítum, að efni það, sem till. fjallar um, sé þess eðlis, að það megi ekki dragast, að sérstakar ráðstafanir séu gerðar í þessu efni, sem till. fjallar um. Við vitum, að hlutarsjómönnum, sem hér eiga aðallega hlut að máli, leikur hugur á því, að þær ráðstafanir verði gerðar, sem till. fjallar um, og þeir hafa sjálfir lýst sig því fylgjandi í samþykktum sínum.

Aðalefni þessarar till. er um það, að skipuð skuli þriggja manna n., sem geri till. um, hvernig bezt megi fyrir koma tryggingastarfsemi, sem gæti tryggt fiskimönnum, sem ráðnir eru fyrir aflahlut, og smáútvegsmönnum lágmarkslaun. Það er svo ráð fyrir gert í till., að starf þessarar n. sé aðallega tvíþætt: Í fyrsta lagi geri n. till. um tryggingastarfsemi, sem kostuð sé með fjárframlögum frá útgerðinni og ríkinu til þess að tryggja hlutarfiskimönnum og smáútvegsmönnum ákveðin lágmarkslaun, eins og segir í till., og í öðru lagi, að n. geri till. um framlög úr ríkissjóði til að tryggja fiskimönnum lágmarkslaun, þar til tryggingarnar taka til starfa, og reglur um, hvernig greiðslum þessum skuli hagað. Þessu verki skal n. hafa lokið og ríkisstj. hafa lagt þær till. hennar, sem að því lúta, fyrir Alþ. eigi síðar en 1. maí 1944.

Áður en ég fer frekar inn á efni þáltill., þykir mér rétt að fara nokkrum orðum um aðalástæðurnar til þess, að þáltill. er fram komin.

Það mun nú flestum vera orðið ljóst, að launakjör hlutarráðinna fiskimanna og svo smáútgerðarmanna eru nú orðin einhver lélegustu launakjör, sem vinnandi menn í landinu eiga við að búa. Samkv. athugunum nokkrum, sem fram hafa farið á þessu, sýnir sig, að víða hefur útkoman orðið sú síðasta ár, að þessir menn hafa haft frá 4000 til 8000 kr. í kaup yfir árið, og geta menn af þeim tölum séð, að launakjör þeirra eru orðin mun lakari en flestra annarra vinnandi manna í landinu. Ástæðurnar til þess, að launakjör þessara manna eru orðin svona léleg, eru ýmsar, en m. a. þær, að fisksölusamningur sá, sem gilt hefur um alllangan tíma, er í raun og veru smáútgerðinni óhagstæður, auk þess sem sá samningur gerir ráð fyrir, að fiskverðið sé fastbundið þrátt fyrir sívaxandi útgerðarkostnað. Og því hafa launakjör þessara manna farið versnandi. Þá hefur einnig verið gengið þannig frá þessum samningi, að verðið á aflafiski smáútgerðarinnar er í raun og veru og hefur verið miklum mun verra en á fiski stórútgerðarinnar, miðað við gæði. Samningurinn gerir ráð fyrir, að um fisktegundir, sem smáútvegurinn framleiðir, svo sem þorsk og ýsu, skuli gilda sama verð og ufsa, sem stórútgerðin framleiðir sérstaklega. Með fisksölusamningnum er þannig gerð verðjöfnun á fiskinum smáútveginum í óhag. — Þessar ástæður liggja til þess, hve launakjör þessara manna eru slæm. Auk þess býr smáútvegurinn við ófullkomnari framleiðslutæki, og á einnig þess vegna erfiðara með að veita samsvarandi lífskjör og aðrir sjómenn hafa.

Samtök sjómanna hafa haft talsvert með þessi mál að gera upp á síðkastið, og þeim hefur verið ljóst, að svona getur þetta ekki haldið áfram til lengdar, að sjómenn þeir, sem stunda aðalatvinnuveg þjóðarinnar, séu orðnir mun lægra settir á bekk um launakjör en aðrar vinnandi stéttir í landinu. Og því hafa samtök sjómanna fjallað um þessi mál og gert sínar samþykktir um þau. Á síðasta hausti var hér á vegum Alþýðusambands Íslands fjölmenn ráðstefna fulltrúa frá samtökum sjómanna víðs vegar af landinu, og sú ráðstefna gerði m. a. ályktun þá, sem ég skal nú lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstefnan lítur svo á, að framar öllu beri að keppa að því, að sjómönnum sem öðrum launþegum í landinu verði sem bezt tryggð lífvænleg atvinna og að ekki endurtaki sig það ófremdarástand frá síðustu kreppuárum, að hlutarsjómenn gangi slyppir og snauðir frá borði í lok vertíða eftir erfitt og áhættusamt úthald.

Telur ráðstefnan, að lágmarkskauptryggingin sé eina öryggisleiðin, sem fær getur talizt í þessu efni, eins og nú horfir málum.

Jafnframt gerir ráðstefnan sér ljóst, að smáútvegurinn hér á landi getur komið til með að berjast mjög í bökkum, hvað afkomu snertir, en verður þó að teljast ómissandi þáttur í atvinnulífi þjóðarinnar. Fyrir því telur ráðstefnan sanngjarnt, að ríkissjóður létti áhættu vegna lágmarkskauptryggingar af herðum smáútvegsmanna að nokkru og taki á sig greiðslu hennar að svo miklu leyti sem útgerðinni væri sannanlega um megn að rísa undir henni. — Þetta gæti talizt nauðsynleg ráðstöfun til viðhalds atvinnulífinu í landinu og gegn atvinnuleysinu, á meðan ekki hafa gengið í gildi l. um hlutar- eða kauptryggingu, sem samtök alþýðunnar geta sætt sig við."

Eins og menn sjá, er aðalkrafa samtaka sjómanna í þessu efni sú að reyna að koma á fót sérstöku tryggingakerfi, sem geti tryggt sjómönnum lágmarkskaup. Mér er kunnugt um það, að samtök sjómanna hafa sett sér það markmið að reyna að fá lágmarkskauptryggingu, sem ekki væri lægri en svaraði ¾ af fullum launum verkamanna, meðan á úthaldinu stendur. Og ég hygg, að flestir gætu orðið sammála um það, að sú krafa sjómanna sé ekki óeðlileg og ekki ósanngjörn, að þeim séu tryggð laun, sem nemi ¾ af því, sem verkamenn fá í laun, samkv. kaupsamningum sínum, meðan á úthaldstímanum stendur. En jafnframt því, sem sjómannasamtökin hafa gert sér ljóst, að þau geta í mörgum tilfellum komið fram þessari lágmarkstryggingu, — og hafa fengið hana á ýmsum stöðum viðurkennda, — þá hafa sjómannasamtökin séð, að smáútgerðin í landinu er víða þannig á sig komin efnahagslega, að hún á erfitt með að standa undir þessari lágmarkstryggingu í ýmsum tilfellum. Og því er ekki óeðlilegt, að ríkið aðstoði smáútveginn að einhverju leyti, t. d. með því að skipuleggja tryggingastarfsemi, sem hlaupi þarna undir bagga og leggi fram einhvern hluta til slíkrar tryggingastarfsemi, til þess að smáútvegurinn geti einnig tryggt sínum mönnum einhver sæmileg lágmarkskjör.

Sú þáltill., sem hér liggur fyrir, er flutt alveg í þeim anda, sem ályktun sjómannaráðstefnunnar var samþ. í s. l. haust og ég gat um. Við flm. þessarar þáltill. gerum ráð fyrir, að n. sú, sem kosin yrði samkv. þáltill., hefði sem aðalhlutverk að grundvalla sérstakt tryggingakerfi, sem haldið væri uppi fjárhagslega þannig, að útgerðin greiddi ákveðinn hundraðshluta og ríkið einnig í þennan tryggingasjóð, sem svo hlypi undir bagga, til þess að sjómenn hafi sæmilega lífsafkomu í öllum tilfellum. En vegna þess að við flm. búumst við því, að það geti tekið n. nokkurn tíma að koma fram till. sínum um þetta tryggingakerfi, þá höfum við lagt til, að n. gerði sérstakar till. um það, hvernig fyrir mætti koma stuðningi ríkisins við þá aðila, sem hér um ræðir, þangað til tryggingakerfið sjálft tæki til starfa, og er það von okkar, að n. gerði þær till. sínar til ríkisstj. og þingsins hið allra fyrsta.

Ég býst við því, að hv. þm. verði að viðurkenna það, út frá því, hvernig nú er málum komið, að þingið hefur haft að mjög miklu leyti forystu til að tryggja bændum landsins ákveðin laun, og þar sem hins vegar liggur fyrir, að verkamenn hafa nú í flestum tilfellum allmikla vinnu og sæmileg launakjör vegna þess, þá sé ekki nema rétt, að hæstv. Alþ. hugsi um að tryggja sjómönnum, sem drýgstan auð bera í land, samsvarandi kaupkjör á við aðra vinnandi menn í landinu. Slík krafa er mjög eðlileg, og það verður varla komizt hjá því að verða við henni.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þessa till. nú að sinni, en vil óska þess, að till. verði vísað til hv. allshn. og að hún verði afgreidd til síðari umr. nú.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 30 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 10. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 6, n. 180 og 181).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

2. Birting skjala um samband Íslands og Danmerkur.

Á 7. fundi í Sþ., 19. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um birtingu skjala varðandi samband Íslands og Danmerkur (A. 10).

Á 9. fundi í Sþ., 26. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. fundi í Sþ., 27. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 11. fundi í Sþ., 1. febr., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Till. á þskj. 10, sem liggur hér fyrir, er flutt af þm. Alþfl. og skýrir sig í raun og veru mjög mikið sjálf. Þar er tekið fram, að Alþingi feli ríkisstj. að birta þau skjöl, sem þar eru nánar nefnd. En mér þykir þó hlýða að gera grein fyrir því, hvers vegna till. þessi er komin fram og við hvaða rök það styðst, og fara um málið nokkrum almennum orðum.

Það er í raun og veru alllangt síðan það bar á góma í þeirri n., sem kjörin var af Alþ. til að fjalla um utanríkismál, utanrmn., hvort rétt væri að birta þá þegar þau skjöl, sem um ræðir í þessari till. Þá höfðu verið birt af hv. þm. G.-K. nokkur af þessum skjölum. Ég hafði einnig tekið upp úr einu skjalanna í grein, sem ég reit í Alþbl. En á fundi í utanrmn. 23. júlí s. l. eða fyrir hálfu ári var þessu máli fyrst hreyft af hv. 2. þm. Reykv., sem síðan lét skýra frá því í flokksblaði sínu, að það hafi

verið hann, sem fyrstur hafi vakið máls á þessu efni. Um þetta mál var nokkuð rætt á þessum fundi, en engin ákvörðun tekin. Og ég tel líka rétt að skýra frá því, að á síðasta fundi þessarar n. var þetta mál rætt allýtarlega, og skildist mér á þessu stigi málsins, að meginþorri þeirra manna, sem skipa n., væri þeirrar skoðunar, að ekki yrði hjá því komizt, að þessi skjöl yrðu birt. Og mér skildist líka á ríkisstj., sem átti þar sæti, að hún væri til þess fús, ef utanrmn. ákvæði um það, og var þá jafnvel svo langt komið, að hæstv. forsrh. hafði í undirbúningi að leggja fyrir n. till., ef hún tæki ákvörðun um, að þetta skyldi endilega gert. En svo lognaðist málið niður og var ekki upp tekið um skeið. En þegar það var kunnugt, að því var slegið föstu, að á þessu ári, sem nú er að byrja, mundi lögð undir dóm þjóðarinnar till. í því formi að fella niður sambandslagasáttmálann frá 1918 og einnig ákvörðun um skipun íslenzka lýðveldisins, þá fannst okkur Alþfl.-mönnum, að sjálfsagt væri, þegar jafnmikilsverð málefni væru lögð fyrir þjóðina, að menn ættu þess kost að fá að sjá öll þau skjöl, sem gætu gefið um þetta einhverjar upplýsingar. Um þetta þarf ekki að deila. Það er kunnugt, að það hefur orðið hér nokkur skoðanamunur um það, hver væri hin rétta og örugga leið til lausnar þessu máli, en ég ætla nú ekki að fara út í það.

Þegar það þess vegna var sýnt, þegar ríkisstj. hafði lagt fram sínar till. um niðurfelling sambandslagasáttmálans og einnig frv. að lýðveldisstjórnarskrá, að Alþ. mundi fjalla um þetta mál að meira eða minna leyti og þjóðin mundi líka verða um það spurð, hvernig hún vildi svara þeim spurningum, sem Alþ. vildi leggja fyrir hana, þá virtist okkur Alþfl.mönnum, að óhjákvæmilegt væri, að þessi skjöl yrðu fyrst og fremst birt öllum þm. og í annan stað þjóðinni sjálfri. Því höfum við flutt till. í tveim liðum, í fyrsta lagi að því sem snýr að þinginu og svo að þjóðinni. Okkur er kunnugt um það, að ekki allir þm. hafa átt þess kost að sjá þessi skjöl. Og því er mönnum ekki gefinn kostur á að sjá þessi skjöl, þegar það er ljóst, að æði margir þm. hafa fengið að kynnast skjölunum, og gert það rækilega?

En í sambandi við þetta mál skal ég strax geta þess, að raddir hafa heyrzt um það utan þings, að óviðurkvæmilegt kunni að vera að birta þessi skjöl og hér væri um að ræða skjöl, sem væru að nokkru leyti um viðkvæm utanríkisviðskipti og vafasamt, að ættu að fá að sjá dagsins ljós. Ég hygg, að þessi viðbára sé byggð á allmiklum misskilningi. Ég játa að vísu, að við Íslendingar erum skammt á veg komnir í framkvæmd utanríkismála okkar og rétt og hyggilegt, að við gætum að hverju okkar skrefi, að það verði okkur ekki til vansa og brjóti ekki í bága við viðteknar og viðurkenndar reglur erlendra þjóða, sem hafa í þessum efnum mikla æfingu og kunnáttu. En ég held, þegar litið er til málsmeðferðar erlendis um svipuð efni, að það komi í ljós, að óhætt sé að slá því föstu, að eftir að þeirri hulu einvalds var svipt í burtu í meðferð utanríkismála, sérstaklega ef litið er til dæmis til Bandaríkjanna í Norður-Ameríku, þá hefur ekki verið talin goðgá að birta almenningi mjög mikilsvarðandi skjöl, sem höfðu farið á milli ríkja, heldur var það talin sjálfsögð lýðræðisskipulagsleg skylda, til þess að almenningur ætti kost á því að fella rétta dóma um þau málefni, sem skjölin sérstaklega snertu.

Mér er sérstaklega minnisstætt tvennt, sem kom fyrir í nágrannaríkjunum, einmitt eftir að yfirstandandi styrjöld hófst. Eins og alkunnugt er, brauzt út styrjöld seint á árinu 1939 milli Finna og stórveldisins Rússlands. Finnar áttu þá mikla samúð frændþjóða sinna á Norðurlöndum, og keppt var að því af sumum þessara ríkja að hjálpa Finnum í styrjöldinni, einkum með því að hjálpa bágstöddum almenningi í Finnlandi, sem styrjöldin kom hart niður á. Og það var beint rætt um það, að Svíar hefðu slíka hjálp með höndum, þannig að valdir væru sjálfboðaliðar í Svíþjóð til þess að hjálpa Finnum í baráttu þeirra. Það lék á því nokkur grunur um það skeið, að erlend stjórnarvöld hefðu skipt sér af því, hvað Svíar vildu gera í þessum efnum, og það hefur orðið til þess, að ekki varð úr því, að sænska ríkisstj. greiddi beinlínis fyrir því, að sjálfboðaliðar frá Svíþjóð færu til Finnlands. Ekki var þó hljótt um þetta mál, heldur var mikið um það rætt og misjafnir dómar um það felldir af almenningi. Og ekki var almenningi ljóst um þetta mál, fyrr en sænska ráðuneytið birti skjöl og viðræður um málið við stjórnir erlendra ríkja. En þá varð ljóst, að frá Moskvu og Berlín höfðu borizt svo strangar aðvaranir til sænskra yfirvalda gagnvart því, að sænskir sjálfboðaliðar færu til Finnlands, að það varð til þess, að sænska ríkisstj. taldi ekki rétt vegna hlutleysisafstöðu sinnar að stuðla að þessu máli á nokkurn hátt. Um þetta voru viðkvæm skjöl birt opinberlega í Svíþjóð.

Annað dæmi frá Norðurlöndum vil ég nefna. Það var eftir að vetrarstyrjöldinni lauk milli Rússa og Finna. Þá hófust viðræður, sem upp munu hafa verið teknar í Svíþjóð, um það, hvort Norðurlönd, fleiri eða færri, skyldu mynda hernaðarbandalag sín á milli. Um þetta urðu viðræður við Finna, Norðmenn og jafnvel Dani. Það virtist vera mikill áhugi á því meðal ráðamanna þar, að þessi lönd mynduðu einhvers konar hernaðarbandalag, hvort sem það væri mjög fastbundið eða ekki. Í þessum löndum, sem liggja svo nærri hvert öðru, eru svo skyldar þjóðir, að frá því sjónarmiði var þetta nokkuð eðlilegt. Þá komu enn aðvaranir frá Moskvu og Berlín, og ekkert varð úr þessu bandalagi. Allar viðræður, sem um málið höfðu fram farið, urðu að engu, og málið datt niður. — Mega menn af þessu ráða, að Íslendingar eru ekki eina þjóðin, sem kann að fá aðvaranir stórveldanna, ef þeim mislíkar eitthvað, sem gert er. — Um þetta bandalag var mjög mikið rætt meðal Norðurlandaríkjanna allra, sem þá voru hlutlaus í styrjöldinni. Þetta mæltist misjafnlega fyrir, og spunnust út af þessu alls konar sögusagnir, sem gerði það að verkum, að ríkisstj. Svíþjóðar, sem upptökin átti að þessu máli, þótti sjálfsagt að láta birta blá eða hvíta bók um þetta efni með skjöl og viðræður milli ríkja um þetta mál.

Ég nefni aðeins þessi dæmi, af því að þau eru frá síðustu tímum og af því að þau eru frá þjóðum,

sem nærri okkur eru og hafa svipað stjórnskipulag og Ísland, fullkomna lýðræðisstjórn, og hafa fengið orð fyrir að kunna fótum sínum forráð í meðferð utanríkismála.

Það er því ekki um það að ræða, að það sé varasamt að birta aðvaranir frá stórveldum, þegar um það er að ræða að upplýsa mál fyrir kjósendum í landinu, sem nauðsynlegt er, til þess að um þau verði felldur réttlátur dómur, til þess að hægt sé að halda uppi einhug þjóðarinnar út af málefnum, sem fram hafa komið. Ég held því, að það sé byggt á mjög miklum misskilningi, sem heyrzt hefur, að það sé vafasöm háttvísi af stjórn íslenzkra utanríkismála að birta skjöl um viðskipti við önnur ríki, skjöl, sem sumpart hafa verið birt áður og um hefur verið rætt í landinu mjög mikið. Ég hygg, að ekki væri farið inn á neinar óvenjulegar brautir, þó að slíkt væri gert. — Þetta tek ég fram út af því almenna viðhorfi í þessum málum.

Því næst skal ég snúa mér að þeim fjórum höfuðatriðum, sem ætla mætti, að birtingu skjalanna snerti sérstaklega; því að eins og háltill. ber með sér, er ætlazt til þess, að birt verði þau skjöl og skilríki, sem fram hafa farið á milli íslenzka ríkisins annars vegar og hins vegar í fyrsta lagi stjórnarvalda Dana, í öðru lagi stjórnarvalda Bretlands, í þriðja lagi Bandaríkjanna og í fjórða lagi fulltrúa Íslands erlendis.

Í fyrsta lagi álít ég rétt að birta það, sem snerti viðskipti Íslands og Danmerkur í apríl 1940, og þau viðskipti, sem fóru fram, snertandi sama efni, milli íslenzka ríkisins og Bretlands. Nú er það alkunnugt, því að það hefur ekki farið leynt, heldur hefur verið rætt um það opinberlega á Alþ., í blöðum og á opinberum fundum — og væntanlega þá einnig í útvarpinu —, að það voru viss afskipti og skilaboð, sem íslenzka ríkið fékk í byrjun ársins 1942 frá brezku stjórninni um hendur umboðsmanna hennar hér á landi. Og ég tel mjög nauðsynlegt, að það nákvæmlega rétta komi í ljós um það, hvernig þessi afskipti voru og hverju íslenzkir aðilar svöruðu, ef þeir hafa svarað. Ég tel, að það skipti verulegu máli, þegar verið er að ræða um það, hvernig eigi að hegða sér og hvaða aðferðum eigi að beita til þess að stofna lýðveldi á Íslandi og ganga formlega frá sambandsslitum Íslands og Danmerkur. Og þar sem nú þegar er búið að segja frá þessu í meira og minna ákveðnum orðum með meiri eða minni nákvæmni, þá á þjóðin — og ekki sízt náttúrlega þingmennirnir — hreina heimtingu á að fá að vita um þetta sem allra nákvæmast, sannast og réttast. Og ekki gæti það verið óþægilegra fyrir Bretastjórn, ef litið er á þá hlið málsins, að sagt væri alveg nákvæmlega og rétt og umbúðalaust frá málsmeðferðinni, heldur en sagt sé frá því á þann veg, að tilefni gefist til þess, að kviksögur myndist um þessi viðskipti, eins og oft er, þegar sagt er aðeins undan og ofan af um merkileg málsatvik, eins og þau, er snerta þessi samskipti íslenzkra stjórnarvalda og Bretastjórnar.

Þá eru það skjölin viðkomandi því, sem fór á milli ríkisstj. Íslands og Bandaríkjanna árið 1942. Þegar hafa verið birtir opinberlega, bæði í blöðum og útvarpi og annars staðar, verulegir þættir af þeim skilríkjum, sem fóru á milli Íslands annars vegar og Bandaríkjanna hins vegar í sambandi við fyrirhuguð sambandsslit 1942. Þó hafa ekki öll þau skilríki verið birt, og skortir nokkuð þar á. En einmitt það, að það hefur ekki verið birt allt umbúðalaust og rétt, er það, sem á skortir til þess, að þjóðin fái sem réttasta, nákvæmasta og sannasta mynd af því, sem skeði þá hér á landi í sambandi við þetta mál 1942. En þar sem birtur hefur verið verulegur hluti af þessum skilríkjum, en þó ekki þau öll, þá liggur það svo opið við, að það muni vera eðlilegast að birta það einnig, sem á skortir til þess, að þessi skilríki séu öll birt, og það mun ekkert vera við það að athuga af hálfu stjórnar íslenzkra utanríkismálefna né af hálfu þess stórveldis, sem hlut átti og á að máli út af þessum viðskiptum.

Þá er það í þriðja lagi, hvað farið hefur á milli stjórnarvalda Íslendinga og Dana út af þessu máli. Og þar er það líka svo, því miður, að þar hefur verið birt sumt, en ekki allt, og að mínu viti verið farið mjög háskasamlega að. Þar hafa ekki verið birt þau beinu „nótu"-skipti, sem farið hafa á milli íslenzkra og danskra stjórnarvalda árið 1941, árið 1942 eða yfirleitt frá því, að þetta mál kom til. Það er t. d. út af deilunni um, — ef koma ætti inn á þá deilu, — hvort rétt væri og lögformlegur háttur að fella úr gildi sambandslagasáttmálann, hvað tímatakmark snertir, eftir 19. eða 20. maí 1944, þá hefur það þýðingu fyrir alþjóð nú, hvað farið hefur á milli ríkjanna síðari hluta maímánaðar 1941 og í júní sama ár. En þetta hefur ekki verið birt opinberlega. Menn hafa rætt um það og ályktað og sumir án þess að hafa átt þess kost að sjá þessi skjöl. — Sjá ekki hv. þm., hve háskalegt það muni vera í umr. um þetta mál, að öllum almenningi, sem á að taka afstöðu til deilumáls, sé ekki gefinn kostur á að fá í hendur þau skjöl, sem deilunni valda að verulegu leyti?

Um þessi skjöl, sem farið hafa á milli íslenzkra stjórnarvalda og danskra, er það að segja, að sumt af því hefur verið birt, sem í þeim stendur, en annað í þeim hefur ekki verið birt. Það var birt hér á Íslandi t. d. í einu blaði og í útvarpinu bréf frá þáv. forsrh. Dana, Buhl, sem var svar til íslenzku ríkisstj. í þessu máli á sínum tíma. Þar hefur verið birt aðeins eitt bréf af fleirum en einu, sem farið hafa í milli þessara aðila í þessu að mínum dómi viðkvæma og vandasama máli. Ég tel það því skyldu og sjálfsagt, að öll slík skjöl séu birt, ekki aðeins öllum hv. þm., heldur og þjóðinni sjálfri.

Það hefur verið talað um það hátt og í hljóði, að fulltrúar Íslands erlendis hafi fengið það hlutverk með höndum árið 1942 að ræða við dönsk stjórnarvöld um þær fyrirætlanir, sem Ísland hafði þá á prjónunum það ár, og að þessar viðræður hafi farið fram. Þetta er alþjóð manna kunnugt, að viðræður hafa farið fram, að eitthvað meira eða minna hafi verið þar sagt. Og meira eða minna hefur verið frá því skýrt, en þó ekki birt þau gögn, sem drógu í burtu allan vafa um það, hvað hefur verið í því

sambandi sagt af Íslands hálfu og hvað af hálfu danskra stjórnarvalda. Ég tel það líka öldungis sjálfsagt, að öll slík skjöl verði birt, þar sem um það er að ræða, að málið er almenningi kunnugt, en þó of lítið kunnugt meðal þjóðarinnar, til þess að hún viti, þegar hún fellir sinn dóm, hvort það, sem þá hefur skeð, hefur nokkra þýðingu, og þá um það, hvernig við eigum að ljúka viðskiptum okkar við danska ríkið.

Þá er í fjórða lagi að geta þess, að birtar hafa verið skýrslur og álitsgerðir fulltrúa Íslands í Danmörku og víðar erlendis um álit þeirra á því, hvernig álit stjórnarvöld þeirra ríkja, þar sem þeir störfuðu, hefðu á þessum sambandsslitum Íslands og Danmerkur. Ég tel líka nauðsynlegt, að alþjóð manna fái um þetta fullar upplýsingar. Hér er um að ræða merka trúnaðarmenn íslenzka ríkisins, sem gegna vandmeðförnum störfum erlendis og gefa skýrslur til ríkisstj. sinnar, að sjálfsögðu eftir beztu samvizku og allajafna af mikilli þekkingu og eftir nákvæma athugun. Okkur skiptir það verulegu máli að vita, hvað þessir trúnaðarmenn íslenzka ríkisins skýra frá hug og ætlun þeirra erlendu ríkja, sem skipta kann máli viðvíkjandi sambandsslitum Íslands og Danmerkur. Ég álít því sjálfsagt, að þetta verði einnig birt.

Þá hef ég rakið þau fjögur höfuðatriði, sem eru í þessum skjölum. Og mér dettur ekki í hug annað en fram fari nákvæm athugun á því af hálfu ríkisstj. og við skulum segja utanrmn., hvort það gæti verið nokkurt skjal, sem væri óþarft að birta eða væri þess eðlis, — of persónulegt t. d., án þess þó að það skipti mjög verulegu máli, — að rétt væri, að það væri ekki birt, ef birting þess skipti ekki máli til þess að upplýsa þjóðina og þm. um þetta mál, sem um er að ræða. Ef það þannig skipti litlu máli, en væri kannske eitthvað viðkvæms eðlis, þá gæti komið til athugunar ríkisstj. og allra flokka, sem fulltrúa ættu í utanrmn., hvort eitt eða tvö skjöl hefði ekki þýðingu að birta. Ég tek þetta fram til þess, að það verði ekki skoðað of bókstaflega, að ég tiltek, að öll þessi skjöl, sem hér koma til greina, þurfi að birta.

Ég álít sem sagt, að þegar við byrjum okkar sjálfstæðu utanríkismálastarfsemi, þegar við ætlum að fara að byggja upp nýtt lýðveldi, þar sem á að ríkja fullkomið lýðræði, þá sé það eitt af ekki veigaminnstu þáttunum í meðferð slíkra veigamikilla mála, að ekki sé höfð óþörf hula um þau mál, sem snerta viðskipti Íslands og annarra þjóða, ekki sízt ef þjóðin er kvödd sem dómari og á að skera úr um það, hvað hún vill láta gera í þessum málum. Þjóðin á þá beina heimtingu á því að fá öll gögn og skilríki, sem geta gefið upplýsingar um þau mál, sem hún er um spurð. Ég tel því fyrir allra hluta sakir, að það sé ekkert óeðlilegt eða vafasamt spor stigið, heldur spor, sem ég tel, að eigi að vera táknrænt fyrir það unga, frjálsa íslenzka ríki í meðferð utanríkismála, að þjóðin sé ekki leynd málefnum, sem hún þarf að vita um, þegar hún er kvödd til úrskurðar um sömu málefni.

Ég vænti þess því, að þessi þáltill. okkar muni eiga góðum undirtektum að fagna hér á hæstv. Alþ., og ég geri hiklaust ráð fyrir því, að svo verði, ekki sízt eftir þær umr., sem ég hef heyrt í utanrmn. frá öllum flokkum um birtingu þessara skjala.

Hermann Jónasson: Herra forseti. — Það hefur hvað eftir annað af hv. flm. þessarar þáltill. verið vísað til þess, að við í utanrmn., sem áttum þar sæti og eigum þar sæti enn, höfum virzt vera því sammála, að þessi skjöl, sem um ræðir í þáltill., verði birt. Það er rétt, að þessi mál hafa verið talsvert *mikið rædd í utanrmn.*, hvort ætti að birta þessi skjöl, og er það ekkert launungarmál. Það hefur einnig verið rætt mjög um það í blöðum, hvort birta ætti þessi skjöl. En hitt er ekki rétt hermt, að menn hafi verið á einu máli í utanrmn. um það, að rétt væri að birta þessi skjöl. Og tilefnið til þess, að umr. hófust um þetta mál í n., var fyrst og fremst það, að í tveimur dagblöðunum hér í bænum hefur verið birt sumt af þessum skjölum, án þess að leyfi ríkisstj. um það lægi fyrir eða utanrmn. Ef ég man rétt, þá var birtur útdráttur úr álitsskjali Jóns Krabbe, sem var svar við bréfum, sem honum voru send 1942. Og jafnframt hefur verið birt eitthvað af yfirlýsingum Bandaríkjanna viðvíkjandi afstöðu þeirra um sjálfstæðismál okkar, að ég hygg úr skeytasendingum frá 1942. Birting þessara skjala gaf tilefni til þess að ræða þessi mál í utanrmn. Og eins og hv. þm. vita, þá voru einmitt um sama leyti ákaflega harðvítugar deilur um sjálfstæðismálið í heild, og einmitt það, að þær deilur, sem þá stóðu, voru mjög harðar, sjálfsagt miklu harðari en þær eru nú um þetta mál, var tilefnið til þess, að þessi skjöl voru birt. Og þegar rætt var um þetta í utanrmn., þá var það, *eins og gengur, þegar tveir aðilar, sem deila,* hafa birt skjöl, sem vafi getur leikið á, að þeir hafi heimild til að birta, — að hvor deiluaðilinn fyrir sig telur, að það sé gefið mál og eðlilegt vegna vígstöðunnar, að öll skjölin séu birt, ef till. kemur fram um það frá öðrum aðilanum.

Ég lét þessar deilur fara fyrir ofan garð og neðan, tók undir það á vissu stigi, að þessi skjöl væru birt, — það er bezt að segja það eins og það er, — en sagði, þegar til atkvgr. kom í n., að ekki kæmi til mála, að öll þessi skjöl væru birt, enda veit ég ekki til, að nein þjóð hafi birt öll skjöl um meðferð utanríkismála sinna. Og sá hiti, sem um þetta mál kom fram í utanrmn. og ég er ekki að lá neinum, hann kemur alls ekki fram í flutningi þessarar þáltill. á þessu stigi, og það gleður mig mjög; því að eins og hv. 1. flm. tók fram, þá er hann því samþykkur, að skjölin verði aðgreind þannig, að ekki verði birt þau skjöl, sem gæti verið viðkvæmt mál einhvers aðila, hvort birt yrðu, þó að ekkert sé málefnalega við það að athuga og ef ekki hefur verulega þýðingu að birta þau. — Ég hef verið andvígur því, að þessi skjöl væru birt. En áður en þessi þáltill. fer til n., vil ég taka fram, að ég tel, að viss skjöl, sem upplýsa mál, en særir engan, þó að þau séu birt, geti vel komið til mála að birta.

En ég hefði ekki farið að minnast á þessar umr. í utanrmn., ef ekki hefði gefizt sérstakt tilefni til

þess frá hv. flm. þessa máls. En þær geta ekki heldur talizt nein launung þessar umr. í utanrmn., eins og ég tók fram í upphafi, vegna þess að þær voru nákvæmlega á sama stigi og umr. um þessi mál voru þá í blöðum um svipað leyti. En það skal tekið fram, að ég get mjög vel, þótt ég hafi haft með þessi mál að gera, talað um þau alveg hlutdrægnislaust frá því sjónarmiði, að það skiptir mig engu máli, hvaða skjöl eru birt, því að leyfi er til fyrir því að birta skjal, ef á þarf að halda. Ég hygg, að enginn, og enginn ráðh., mundi vilja ganga þannig frá málinu að birta viðtöl, sem erlendir sendiherrar eiga við menn, án þess að hafa leyfi hlutaðeigandi manna til þess. En eins og frsm. gat um í sambandi við þetta mál, finnst mér eðlilegt, að það geti komið til athugunar fyrir nefnd að birta skjöl, sem engin deila getur verið um, að megi birta, og í annan stað gætu þau sömu skjöl verið upplýsandi fyrir málið. Ég álít það alveg rétt, að skeytaskipti við Danmörku 1941, þau geti verið upplýsandi fyrir málið, t. d. það símskeyti, sem ríkisstj. sendi með þeim till., sem Alþ. hafði gengið frá, og svar, sem við fengum við þeim skeytasendingum, að ríkisstj. svaraði því í engu. Það er rétt frá sjónarmiði sumra manna í þessu landi, að þetta er mjög upplýsandi fyrir málið og verulega rætt. Það hefur heyrzt, að menn hafi rætt um þetta á einum fundi, og sýnir það, að þeir telja það skipta máli.

Það er ekkert á móti því að birta álit Englendinga á sjálfstæðismálinu 1941. Það liggur fyrir í samtali við ráðh., sérstaklega í samtali við þáv. forsrh. Það er tekið upp af skrifstofustj. í utanrrn. og leyfilegt, að það verði birt. Það er ekkert á móti því að birta það og á margan hátt upplýsandi. Ég tek það ekki upp hér, en það er mjög upplýsandi fyrir málið. — Það verður ekki heldur séð, að neitt sé því til fyrirstöðu að birta skeyti Bandaríkjanna 1942, svar þeirrar nefndar, sem svaraði ríkisstj., sem var svar nefndar allra flokka, sem þá stóðu að skeytasendingum, og þá viðurkenningu Bandaríkjanna, að þeim þætti það vel farið, að Ísland stofnaði lýðveldi 1943.

En svo fer að verða mjög vafasamt, hvað hægt er að ganga lengra, þegar kemur út í bréfaskipti við sendiherra okkar, þar sem þeim eru gefnar fyrirskipanir um það, hvernig þeir eigi að haga orðum sínum við erlenda stjórn; t. d. þegar erlendur sendiherra ræðir við íslenzkan sendiherra, hverju íslenzki sendiherrann hafi þá svarað. Þá erum við komnir út fyrir þau takmörk, sem leyfileg eru ríki, sem vonast eftir sjálfstæði sínu. Það er ekki hægt fyrir neinn ráðh., sem á tal við erlendan sendiherra, þar sem orð falla frjálst, að birta þau viðtöl fyrir öllum heimi án þess að fá leyfi þess ríkis, sem hlut á að máli, til að birta samtölin. Þannig getum við ekki byrjað sjálfstæði okkar. Við getum ekki, án þess að það skaði okkur, gefið okkur fyrirskipun um það, hvað eigi að segja við þessa ríkisstjórn eða konung. Þá erum við komnir út fyrir þessi takmörk.

Það gladdi mig mikið, að hv. frsm. þessa máls taldi upp atriði, sem hægt er að birta og eru upplýsandi fyrir málið, en gekk fram hjá þeim atriðum, sem við ættum öll að geta orðið sammála um að láta liggja í þagnargildi, a. m. k. þangað til við höfum fengið leyfi til að birta þessi skjöl. Ég held því, að það megi koma sér saman um það að láta n. skera úr því, hvaða skjöl séu svo upplýsandi fyrir sjálfstæðismálið, að þau séu heppileg til birtingar, ef þau eru þess eðlis, að við getum birt þau eftir almennum siðalögmálum í utanríkismálum, og tek ég undir það með hv. flm. þessa máls, að vert sé að birta þau atriði, sem ég hef talið upp, og að þau séu upplýsandi fyrir þetta mál. Ég vil því óska eftir því, að sú n., sem tekur málið til athugunar, vilji fyrst og fremst athuga, hvort ekki muni vera hægt að ná sameiningu um það, hvaða skjöl sé eðlilegt að birta í sjálfstæðismálinu, því að þó að ekki séu birt öll skjöl í sjálfstæðismálinu, er það engan veginn gert til þess að leyna neinu mikilvirki, sem þar hefði verið unnið. T. d. tel ég ekki, að ég hafi unnið neitt mikilvirki í sjálfstæðismálinu með þeim samtölum, sem ég hef átt við hlutaðeigandi sendiherra um það mál, en mundi þó standa móti því, að samtölin við sendiherrana væru birt, ef ég hefði ekki skriflegan samning af þeirra hálfu fyrir því, að mér væri það heimilt.

Sama er að segja um þá fulltrúa okkar erlendis, sem hafa rekið vel þau erindi, sem við höfum lagt fyrir þá. Þeir mundu telja sig illa leikna, af samtöl þeirra væru birt, hvernig þeir taka til orða. Til þess verður að fá leyfi hlutaðeiganda — og alveg jafnt fyrir það, þó að þessir fulltrúar erlendis hafi unnið verk sitt vel og eftir öllum fyrirmælum fengnum héðan að heiman. Ég held því, að það sé hægt að ná samkomulagi um þetta atriði, og vona ég, að bæði umr. og ákvarðanir fari vel úr hendi. Við verðum að gera okkur ljóst, að nauðsynlegt er fyrir þetta mál, að samkomulag náist um lausn þess.

Ég styð till. frsm., að málinu verði vísað til nefndar.

Forsrh. (Björn Þórðarson): Stjórninni kom ekki á óvart, að till., sem hér liggur fyrir, mundi koma til umræðu á hæstv. Alþ., því að það heyrðust s. l. sumar háværar raddir um það, að nauðsynlegt væri að birta þau skjöl varðandi þetta mál, sem væru í vörzlu stj. Í sumum blöðum var jafnvel veitzt að stj. fyrir það, að hún hæfist ekki handa um að birta skjölin. Ég get að vísu vitnað til þess, sem hv. frsm. og hv. þm. Str. hafa sagt um meðferð þessa máls. En ég skal taka það fram, að stjskrn., sem starfaði hér s. l. ár, breytti eftirritinu af þessum skjölum til sinna nota og stj. lét hana fá eftirritið, svo að forráðamenn allra flokkanna hafa fengið þessi skjöl. Enn fremur lágu skjöl fyrir hjá utanrmn., svo að þeir eru margir, sem hafa haft skjölin í höndum eða átt þess kost að sjá þau.

Nú gekk stj. út frá því, að n., sem hér hefur verið skipuð í Sþ., mundi beiðast þess eða fara þess á leit, að stj. léti n. í té máske frumrit sitt og til afnota fyrir sig. En nú kemur það til greina, að n. sú, sem kemur saman til að athuga það mál, verður þess vísari, að mörg af þessum skjölum hafa misst gildi sitt. Skjöl, sem höfðu töluvert gildi 1942, þegar það var áformað að stofna lýðveldi á Íslandi, hafa ekk-

ert gildi 1944. Í skilnaðarnefnd í sameinuðu Alþ. eiga allir flokkar fulltrúa, og þá gefst þeim færi á að moða úr því, sem hefur nokkurt gildi. Sum skjöl væri skylt að birta, skjöl, sem danska stj. hefur birt í blöðum í Danmörku, en ekki hafa verið birt hér. Það eru tvö bréf frá forsrh. Dana. Svo geta verið önnur skjöl, sem kemur líka til mála að birta, af því að þau hafa þýðingu fyrir málið. En önnur skjöl, sem ekki hafa þýðingu fyrir málið, er engin ástæða til að birta.

Það var þetta, sem ég vildi taka fram.

Ólafur Thors: Í sambandi við framsöguræðuna um till. þykir mér rétt að segja örfá orð.

Ég get ekki neitað því, að ræðan vakti nokkra undrun hjá mér, því að mér finnst ekki mikilvægi málefnisins gefa tilefni til hátíðlegra umræðna. Það er staðreynd, að allir þingflokkar hafa fengið öll þessi skjöl í sína vörzlu. Eins og hæstv. forsrh. gat um, þá afhenti ríkisstj. þessi skjöl í fjórum eintökum handa þingflokkunum, eitt handa hverjum flokki. Hygg ég því, að það sé sannmæli, að allir þeir, sem haft hafa áhuga á málinu, hafi getað kynnt sér hvert orð þess. Hv. þm. geta því kynnt sér hvert einasta atriði skjalanna, ef þeir vilja hafa fyrir því. Og varðandi þjóðina þá vil ég bara segja það, að þær umr., sem fram hafa farið í ræðu og riti um málið, hafa upplýst hana um allt, sem máli skiptir, og allt, sem til mála getur komið að birta í þessum efnum. Ég tel því, að í skjölum sé ekkert, sem geti gefið neinar sannanir í þessu mikla máli. En ég viðurkenni, að ef öll þessi skjöl yrðu birt, þá gæti verið, að í þeim væru atriði, sem væru viðkvæm út á við.

Nú hefur hv. flm. varpað fram þeirri hugmynd að birta einhver af þessum skjölum, og undir það hafa tekið hæstv. forsrh. og hv. þm. Str. En er til þess kemur að athuga, hvað eigi að birta og hvað ekki, veit ég ekki nema það geti orðið ágreiningsefni eins og margt annað, og ég held, að ég fari ekki með neitt launungarmál, þó að ég segi, að einnig þetta bar á góma í utanrmn., án þess að menn gætu orðið á sama máli, hvað sjálfsagt væri að birta og hvað ekki.

Hv. þm. Str. tók eitt dæmi um það, hvað heppilegt væri að birta, og gat um viðtal, sem fram fór við þáv. forsrh., hann sjálfan, af hálfu brezks sendiherra 1941. Hann hafði þá, eins og rétt var af honum, látið skrifstofustjóra í utanrrn. skrá þetta samtal og löggilda það sem birtingarhæft. Ég er hins vegar ekki viss um, að sú ísl. skoðun, sem kom fram gagnvart birtingu á þessu augnabliki, komi öll fram í þessari samræðu. Sendiherrann birti viðtal, fyrst við tvo ráðherrana, en seinna við þann þriðja, sem var áður veikur, og ég get trúað því, að þetta skipti einhverju máli hjá Englendingum og að það kæmi þá í ljós, hvað fram fór, bæði milli þeirra ráðherra og einnig hins þriðja. Hins vegar er það samtal ekki skráð á sama hátt og borið undir sendiherrann, sem núv. forsrh. lét skrá og birta, þó að það liggi fyrir í aðalatriðum í þeim blöðum, sem hér er um að ræða.

Ég tek þetta dæmi, því að fyrrv. forsrh. taldi það sem merki um, hvað heppilegt gæti verið að birta. Ég tek það sem vott um, að það sé ekki alveg víst. Ég held því fram, að þótt öll skjölin væru birt, fengi þjóðin engar raunverulegar upplýsingar, sem gætu varpað ljósi yfir málið, en fengi þar á móti á sig skrælingjabrag, og ég staðfesti það með orðum hv. þm. Str., að engri þjóð gæti dottið í hug að birta skjöl undir þessum kringumstæðum.

Einar Olgeirsson: Ég álít, að þjóðin hafi rétt til þess að fá þessi skjöl birt og að væri því aðeins rétt að halda þessum skjölum frá henni, að Alþ. áliti það hættulegt fyrir hana, að þau kæmu í ljós.

Hv. þm. Str. (HermJ) var að „sortéra“, hvað af skjölunum mundi mega birta, svo að hann teldi það sæmilegt og óhætt, og hvað ekki. Eitt hið mikilvægasta í þessu máli er, að þjóðin geti séð svart á hvítu afstöðu þess manns, sem verið hefur konungur hennar. Hv. þm. Str. nefndi einmitt þau skjöl sem ein hin viðkvæmustu, og jafnvel er ég ekki óhræddur um, að það hafi verið gögnin, sem hv. þm. G.-K. minntist á í lok ræðu sinnar. Ég held, að þegar búið er að birta part úr þeim orðsendingum, sem þá fóru milli sambandslandanna, megi ekki láta neitt af þeim vera hulið, ef sannleikurinn á að sjást í réttu ljósi, en sá er tilgangur birtingarinnar. Vel veit ég, að það þýðir, að Kristján X. dragist meir en áður inn í deilurnar á Íslandi, og ég býst við, að breytingin í Danmörku 10. ág. s. l. valdi nokkru um, að menn kysu hjá því að komast. Samt sem áður tel ég ófært, ef birt eru hin svörin frá Danmörku, að stinga þessum undir stól. Þó að hættulegt geti verið að birta skjöl um milliríkjamál, gegnir hér öðru máli, því að orðsendingar milli konungs og þegna hans eða þjóðar verða að teljast innanríkismál.

Ég tel sjálfsagt, að till. fari til skilnaðarn. En þar sem ég þykist vita, að þar muni mikið verða deilt um sum atriðin, skal ég ekki orðlengja, því að fylgi mitt við till. er eindregin og afstaðan, sem ég lýsi, ætti að vera orðin þm. ljós.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Það eru vitanlega a. m. k. tvær hliðar á þessu máli, og aðeins önnur þeirra snýr inn á við. Eins og hv. frsm. tók fram, má e. t. v. gera ráð fyrir, að það hefði einhver áhrif á íslenzka menn við ákvörðunina um skilnaðarmálið, ef ýmis skjöl yrðu birt. En hin hliðin er þannig vaxin, að ég tel nauðsyn, að utanrmn. fjalli um hana og eigi aðeins skilnaðarn. Ef birta á skjöl, sem snerta erlenda aðila, skiptir ákaflega miklu að kunna háttvísi í skiptum við erlendar þjóðir. Til þess hefur verið vísað, að Bandaríkjastjórn og Norðurlandastjórnir kynnu þessa háttvísi, en við þyrftum að kunna hana engu síður fyrir því. Það yrði ekki talin háttvísi að birta öll þessi skjöl, og með því að slíkar aðgerðir mundu koma til baka hingað og skapa utanrmn. verkefni, þá ætla ég það eðlilegt, að sú n. fjalli um málið annaðhvort ein eða jafnhliða því, sem því yrði vísað til skilnaðarnefndar. *(PZ:* Eingöngu til utanrmn.).

Flm. (Stefán Jóh. Stefánsson): Ég get að nokkru leyti þakkað þær undirtektir, sem till. hefur fengið, því að undantekningarlaust að kalla hefur komið fram það álit, að sum a. m. k. af þeim skjölum, sem snerta sjálfstæðismálið, sé eðlilegt og nauðsynlegt að birta. Ég tel það ekki tímabært né eðlilegt að rökræða það mjög í þingræðum, hvaða skjöl það kunni að vera, sem varhugavert sé að birta. En þar sem bæði er sá hængur á og hins vegar enga þá vitneskju að fá, sem ekki fæst annars staðar, er ekki vert að birta, og vitanlega þarf vel að gæta áhrifa, sem birtingin gæti haft út á við gagnvart fleiri en einni þjóð. Það ætti að vera hægt að „sortéra" þessi skjöl. Ég er þeirrar skoðunar, að það þurfi ekkert deilumál að verða, nema einhverjir þættust sjá sér hag í að blása upp deilumál út úr því. Afstaða mín og flokksmanna minna til þessa atriðis er eindregin og ljós og mun ekki valda árekstrum.

Ég tek undir það með hæstv. utanrrh. (VÞ) og vil fyrir mitt leyti styðja að því, að till. verði athuguð af utanrmn.

Hermann Jónasson: Út af aths. hv. þm., síðan ég talaði, get ég tekið fram, að ég held ég hafi þá talið upp allt hið helzta, sem máli skiptir að birta, og þjóðin veit raunar, hver gangur málsins hefur verið í aðalatriðum.

Það á að birta skeytaskiptin við Dani 1941, þegar þeim voru sendar þál. og símskeyti með, svar kom við því frá þáv. forsrh. Dana og ríkisstj. sendi aftur svarskeyti héðan. Eins og hv. forsrh. benti á, hefur sumt af þessum skeytum þegar verið birt í Danmörku. Þarna er hægt að birta skeytin orðrétt, og samkvæmt alþjóðavenjum er leyfilegt að birta þessi skeyti.

Viðvíkjandi áliti ensku stjórnarinnar, þá kemur það fram í viðtali við forsrh. Þar með er ekki víst, að fram komi sú skoðun Íslendinga, sem fram var haldið af sendiherra Íslands í London. En hitt er jafnframt auðvelt að sýna, sem alls staðar kom fram í íslenzkum blöðum og annars staðar, að Íslendingar töldu málið Bretastjórn óviðkomandi.

Frá Bandaríkjunum fengum við 1942 skeyti frá stj. Því skeyti var svarað með ýtarlegu símskeyti, sem var ekkert launungarmál og allir þingflokkarnir stóðu að. Við því símskeyti kom það svar, að Bandaríkjastjórn hefði ekkert við það að athuga, að við leystum sambandið og stofnuðum lýðveldi eftir árslok 1943.

Hér er hægt að gefa fullar upplýsingar um málið innan þessa ramma. Þess gerist alls ekki þörf að svala frekar forvitni einhverra manna, sem til kunna að vera, og vænti ég, að hér sé enginn sá flokkur manna, sem geri það að sínum málstað til að reyna að græða eitthvað á því.

Það er opinbert mál, að búið er að skýra konungi frá málavöxtum, skrifa honum bréf, og ég held það sé ekki heldur neitt launungarmál, að konungur hefur ekki sagt af sér.

Ég held, að grundvallaratriði málsins séu ekki fleiri en þessi.

En þegar á önnur skjöl er litið, þá skiptir í tvö horn. Samtal sendiherra okkar við forsrh. erlendrar þjóðar er ekki ráð að birta án leyfis hans og staðfestingar. Eins og hv. þm. G.-K. minntist á, hefði mér aldrei til hugar komið að birta viðtal við sendiherra Breta án þess að bera undir hann, hvað ég mætti birta. Sendiherrann tók sér meira að segja dagsfrest til að íhuga, hvað óhætt væri að hafa eftir honum. Því er torvelt að treysta, sem menn skrifa hjá sér úr samtölum, þegar þeir koma heim í skrifstofu sína. Við megum ekki hætta á að fá e. t. v. leiðréttingar frá erlendum aðilum á því, sem við birtum. Og svo er það hitt, að engin vitneskja um sjálft málið fengist með birtingunni önnur en sú, sem viðar eru heimildir um og þegar er á almanna vitorði. Ef menn vilja taka á málinu út frá þessu sjónarmiði, er sjálfsagt hægt að ná um það samkomulagi og birta þau skjöl, sem skipta máli fyrir þjóðina, og það án þess að ganga nokkurs staðar lengra en okkur er fullkomlega sæmandi.

ATKVGR.

Till. vísað til skilnaðarnefndar með 29 shlj. atkv. með þeim fyrirvara, að hún bæri málið undir utanrmn. að því leyti, er þykja kynni að þurfa.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

3. Tollalækkun á nauðsynjavörum.

Á 10. fundi í Sþ., 27. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um afnám og lækkun tolla á nauðsynjavörum (A. 21).

Á 14. fundi í Sþ., 10. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Þóroddur Guðmundsson): Herra forseti. — Ég sé ekki ástæðu til að bæta miklu við það, sem segir í grg. fyrir þeirri till., sem er á þskj. 21. — Þessi till. er í fjórum liðum: 1) að fella niður tolla á nauðsynjavörum; 2) að lækka og fella niður tolla á ýmsum þeim vörum, sem atvinnuvegir landsmanna þarfnast; 3) að fella niður tolla á þeim vörum, sem hafa áhrif á verðlag í landinu, og 4) að ríkisstj. sé falið að nota heimild í gildandi tollalöggjöf og hætta að heimta tolla af stríðsfarmgjöldum.

Það hefur verið svo mikið rætt um þessi dýrtíðarmál, að ég tel, að það mundi vera sú bezta leið til þess að vinna bug á dýrtíðinni, sem hér er stungið upp á. Því er þessi till. flutt, að það hefur verið bent á ýmsar aðrar leiðir. Ég álít, að þær séu allar verri en þær leiðir, sem hér hefur verið bent á til þess að lækka dýrtíðina. — Ein af þeim leiðum, sem bent hefur verið á, er sú, að það beri að lækka grunnkaupið hjá launþegum og jafnhliða afurðaverðið til bænda. Ég álít, að það þýði ekki að tala

um þessa leið, hana sé ómögulegt að fara. Það er ekki þýðingarlítið í því máli, að það er mjög óréttlátt, eins og nú standa sakir.

Fyrir skömmu voru samþ. ekki svo lítil fjárútlát, upphæðin ekki nefnd, heldur heimild fyrir ríkisstj. að ráða niðurlögum dýrtíðarinnar með fé úr ríkissjóði. Ég skal ekki fullyrða, hvað það mundi vera mikið, en líklega ekki minna en 15 millj. kr., og það er rakið í grg., hvað það er mikið, sem dýrtíðin fæst niður með þessum greiðslum, og líka bent á, að með því að fara þá leið að afnema tolla á nauðsynjavörum mundi hvert vísitölustig, sem dýrtíðin færist niður, kosta ríkissjóð meira en helmingi minna samanborið við það, sem fæst með þeim ráðstöfunum, sem nú eru gerðar, með því að greiða hana niður. Það sér því hver maður, að ef verja á fé úr ríkissjóði til þess að greiða niður dýrtíðina, þá er það miklu eðlilegri leið, sem hér er bent á.

Þegar sú þál., sem ég gat um áðan, var til umr., tók ég til máls og gerði grein fyrir henni. Tel ég því ekki ástæðu til að ræða hana aftur, þar sem svo stutt er um liðið, en legg til, að þessu verði vísað til síðari umr. og fjvn. til athugunar.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég ætla ekki að ræða neitt um þá breyt., sem hér er farið inn á með þessari ályktun, en ég get ekki annað en leiðrétt missögn, sem kom fram í grg. till., þar sem því er haldið fram, að ríkissjóður hafi notað 15 millj. króna til þess að lækka vísitöluna um 14—15 stig. Þetta er ekki rétt, því að eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, þá hefur kostnaður ríkissjóðs við dýrtíðarráðstafanir á s. l. ári verið um 10 millj. kr., og þó að við vitum ekki, hversu áfram verður haldið á þessu ári, má vel vera, að um svipaða upphæð verði að ræða. Hér er því vafalaust af vangá tekið fram, að um 15 millj. kr. sé að ræða og að ríkissjóður kaupi þar niður dýrtíðina um 14—15 stig. Ef hætt væri þessum niðurgreiðslum nú, mundi vísitalan hækka um 15 stig, en auk þess verður niðurgreiðslan til þess að lækka dýrtíðina enn um 5—6 stig, ef tekin eru með þau óbeinu áhrif, sem slíkar niðurgreiðslur hafa, svo að þar er um 20—21 stig að ræða. Það er líka tekið fram í nál. sex manna n., að það mundi kosta 8½ millj. kr. í niðurfærslu á tollum að ná svipuðum árangri. Eftir nákvæmum útreikningum þess hagfræðings, sem við þetta átti, er um 13,7 stig að ræða, en þar er ekki um nein óbein áhrif að ræða í þessu sambandi, því að óbein áhrif eru þegar komin í ljós með þeirri niðurfærslu, sem nú er. Til þess að óbein áhrif kæmu í ljós, þyrfti að hækka vísitöluna um 20 stig og lækka hana svo aftur, til þess að þessi áhrif kæmu í ljós.

Því er þetta mjög vandasamt, sem hér er sett fram. Það er líka tekið fram og mun tekið eftir nál., að þetta sé um 8½ millj., en hagfræðingurinn, sem áætlunina gerði, segir, að þar sé nánast um ágizkun að ræða.

Ég vildi bara vekja athygli á þessu. Hins vegar skal ég geta þess í sambandi við l. lið till., að það sé látin fara fram endurskoðun á lögum tollskrárinnar og þá sér í lagi með það fyrir augum, hvaða breyt. beri að gera í ljósi þeirrar reynslu, sem fengizt hefur, síðan tollskráin var sett, og með þörf allra framleiðenda fyrir augum. Ég held, að niðurstaða þeirrar n. muni koma bráðlega, og er þá gert ráð fyrir, að slíkar till. verði lagðar fyrir Alþ.

Flm. (Þóroddur Guðmundsson): Það voru örfá atriði í ræðu hæstv. fjmrh., sem ég vildi minnast á. — Hann gengur út frá því, að ef þessum niðurgreiðslum væri haldið áfram, mundi það nema um 10 millj. kr. Það er nú svo, að það getur enginn sagt um það með vissu, hvað þetta getur orðið mikil upphæð að lokum. Fer það mikið eftir því, hvað magnið er mikið, sem endurgreiðslan nær til. Ég skal ekki fara út í neinar deilur um þetta, en eftir þeim upplýsingum, sem ég get aflað mér, mundi þetta verða um 15 millj. kr. Reynslan sker úr því, hve stór þessi upphæð verður, en jafnvel þótt þetta reyndist rétt hjá hv. fjmrh., þá raskar það ekki því, að ef velja ætti milli þess að hætta þessum niðurgreiðslum og afnema tolla á nauðsynjavörum, er það engum vafa bundið, að það síðara yrði miklu betra fyrir ríkissjóð. Þó þarf ekki að vera um annað hvort að ræða. Það væri hægt að gera hvort tveggja. Er því óþarft að tala eins og það sé ekki hægt að gera neinar aðrar ráðstafanir.

Þá var það annað atriði, þar sem gætti misskilnings hjá hæstv. fjmrh. Hann segir, að þarna sé um beina lækkun, 15 stig, á vísitölunni að ræða og þar á eftir eigi að koma þau óbeinu áhrif, sem orsaki meiri lækkun. Ég álít, að þetta sé mjög hæpin fullyrðing.

Þá er það viðvíkjandi þeim útreikningi, sem hagstofan gerði og sá hagfræðingur, sem þar átti hlut að máli. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh., að hagfræðingurinn áætlaði, að tap ríkissjóðs með því að afnema tolla á nauðsynjavörum mundi nema um 15 millj. kr. Það er tala, sem að nokkru leyti er ágizkun, en á sínum tíma er hægt að fá það útreiknað, og það skal viðurkennt, að svo gæti farið, að tap ríkissjóðs við þessar ráðstafanir yrði eitthvað meira en þetta, en þó ekki miklu meira. Og ég hygg, að það, sem hagstofan hefur fengið út með þessari áætlun, sé það, hvað tollar af nauðsynjavörum séu mikill hluti af öllum tolltekjum.

Ég get svo lýst ánægju minni yfir því, að hæstv. fjmrh. er því samþykkur, að fram fari sú athugun, sem áformuð er í þessari till., og þakka honum fyrir það, að hann tekur vel á því, að þessi till. verði samþ.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

4. Höfundarlaun handa Gunnari Gunnarssyni.

Á deildafundum 4. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. þál. um höfundarlaun handa Gunnari Gunnarssyni (A. 29).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

5. Bátasmíð innanlands.

Á 39. fundi í Sþ., 6. sept., var útbýtt:
Till. til þál. um efnis- og vélakaup til bátasmíða innanlands (A. 285).

Á 40. fundi í Sþ., 11. sept., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 41. fundi í Sþ., 14. sept., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Emil Jónsson): Herra forseti. — Efni þessarar þáltill., sem flutt er af hv. þm. Ísaf., hv. 9. landsk. og mér á þskj. 285, er í sjálfu sér ekki nýtt. Það hefur verið rætt nokkrum sinnum áður hér á Alþ. í svipuðu formi. En ástæðan til, að ég tel rétt, að það komi hér fram að nýju, er sú, að svo má heita, að stöðvun sé á skipasmíðum innan lands. Ég ætla, að það sé mjög lítið af skipum, sem nú er í smíðum samanborið við það, sem áður var, og því full ástæða til að athuga, hvort möguleikar séu á að auka það frá því, sem nú er.

Önnur ástæða fyrir því, að við berum fram till., er sú, að líkur hafa virzt til, að ráðizt yrði í að kaupa erlend skip inn í landið í stríðslok og því fé, sem Alþ. hafði ætlað til að styðja að nýsmíðum skipa, yrði ráðstafað að mjög verulegu leyti til þeirra skipakaupa. En einn megintilgangur till. er að tryggja, að ekki yrði loku fyrir það skotið, að einhver styrkur mætti verða eftir til skipasmíða innan lands.

Hér á Íslandi eru nú starfandi 26 skipasmíðastöðvar, sem smíða skip og báta. Þær hafa á síðustu þrem árum smíðað 44 skip, samtals hátt á annað þúsund smálesta, og er það meginið af þeim fiskveiðiskipum, sem landsmenn hafa fengið, síðan stríðið hófst. Innflutningur á skipum átti sér síðast stað árið 1939. Þá voru flutt inn 13 skip. Þau voru 30 ára að meðaltali, svo að ekki var um ný skip að ræða. Við þessar skipasmíðar innan lands hafa unnið á undanförnum árum hátt á fjórða hundrað manns, bæði af faglærðum og ófaglærðum mönnum. Það er bersýnilegt, að það er hætta á ferðum, ef þessi vinnubrögð leggjast niður að meira eða minna leyti, hvað þessa menn snertir, því að þetta er ekki svo fámennur hópur. Enn fremur er mér kunnugt um, að á þessu ári hafa skipasmíðastöðvarnar lagt í aukakostnað, og veit ég til þess, að 5 eða 6 af þeim hafa í undirbúningi smíði á nýjum dráttarbrautum og hafa notað þá möguleika, sem þær hafa öðlazt nú, til að verða samkeppnisfærar. Afkastageta í smíðum auk viðhalds á skipastólnum hefur verið áætluð 1000—1500 smálestir á ári, en vitaskuld væri hægt að auka það verulega samkvæmt þessu frv., ef meiri kraftur væri í það lagður.

Ég vil svo í örfáum orðum lýsa því, sem er næsta aðalatriðið í málinu, en það er verðlagið á innlendum skipum samanborið við verð á þeim skipum, sem við eigum kost á að fá frá Svíþjóð. Samkvæmt skýrslu, sem skipasmiðir gáfu hér á móti, sem þeir héldu í marzmánuði síðastliðnum, var talið, að smíðakostnaður hér heima á fullbúnu 50 smálesta skipi mundi verða milli 9 og 10 þús. kr. á smálestina eða að meðaltali 9500 kr., og ætla ég það ekki mjög fjarri sanni. Nú er hins að gæta, að öll þessi starfsemi hefur verið að meira eða minna leyti óskipulögð, t. d. efniskaup og annað, sem þurft hefði til að bæta árangurinn, svo að ég hygg, að þessar tölur mætti færa niður, ef góð forysta fengist í málinu einhvers staðar frá og við með þessari till. ætlumst til, að komi frá ríkisstj. Þess er líka að geta, að í þessum 9500 kr. er talið, að séu innifaldar 3000 kr. í farmgjöld, toll og vátryggingu á efninu, sem til bátanna þarf að kaupa. En þetta yfirlit var samið, áður en farmgjöldin lækkuðu, og sú lækkun mun nema um 1000 kr. á smálest, þannig að verðið ætti ekki að þurfa að vera nema 8500 kr. á smálest eftir þessum útreikningi. Verðlag á þeim skipum, sem nú er talinn kostur að fá frá Svíþjóð á næstunni, er þannig, að tilboð í 50 smálesta bát er 210 þús. sænskar kr., en það má ætla, að með kostnaði við heimflutning yrði 350—360 þús. ísl. kr., þannig að hver smálest ætti að vera eitthvað á 8. þús. kr. Virðist þá kostnaðarmunur á erlendum skipum og skipum smíðuðum hér heima ekki vera nema 1 þús. kr. eða tæplega það, eins og málin standa nú. En ég stend í þeirri meiningu, að ef aðgerðir í þessum málum yrðu samræmdar, t. d. efniskaup gerð í einu lagi og stórum stíl að stríðinu loknu, mætti enn færa kostnaðinn niður. Það hefur nú verið svo, að menn eru misjafnlega trúaðir á þessa hluti, og flestir hafa takmarkaða trú á þessari starfsemi hér heima. Hefur þó komið í ljós, að hér á Íslandi hafa skipasmiðir verið samkeppnisfærir og afkastað verulega miklu til að auka íslenzka skipastólinn. Og ég álít það mikin skaða, ef þessi starfsemi þyrfti annaðhvort að dragast saman eða falla niður.

Ég vil taka það skýrt fram, að með þessari till. er ekki verið að setja fótinn fyrir þá viðleitni að reyna að fá erlend skip, heldur eingöngu að reyna, hvort ekki mætti auka að verulegu leyti þennan iðnað í landinu og tryggja, að sú aðstoð, sem ríkið hefur ákveðið að veita til skipakaupa, verði ekki eingöngu notuð til styrktar innflutningi erlendra skipa, án þess að skipasmíðar innan lands komi þar til greina. Till. er fyrst og fremst áskorun til ríkisstj. að reyna að koma þessum málum fram, og að rannsókn lokinni, ef niðurstaða hennar reynist vera eitt-

hvað nálægt því, sem ég get til, þá hefjist aðgerðir þær, sem í till. segir, um efnis- og vélakaup undir forystu ríkisstj.

Ég skal ekki fara um þetta fleiri orðum, en það mætti vel vera, að rétt væri að fresta umr. og vísa málinu til n. á þessu stigi.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Í sambandi við þá till., sem hér liggur fyrir til þál., vil ég lýsa yfir, að ég er tillögumönnum samdóma um, að þessi athugun, sem farið er fram á í till., er æskileg og sjálfsögð. Vil ég upplýsa, að fyrir alllöngu sendi ég uppdrátt að skipum til nokkurra helztu skipasmíðastöðva í landinu og bað um tilboð og áætlun skipasmiða um, hvað þeir gætu tekið að sér að smíða slík skip fyrir mikið, miðað við verðlag á efni, sem nú er völ á frá Vesturheimi.

Ráðuneytið símaði einnig til Svíþjóðar og bað um að afla tilboða um efnivið til smíði slíkra skipa, bæði þar í landi og nágrannalöndunum, svo að hægt væri jafnhliða að fá gerða áætlun hjá skipasmíðastöðvum um, hvað skipin mundu kosta smíðuð hér, þegar skandinavískt efni fengist að stríðinu loknu.

Það skiptir miklu máli að hafa þær upplýsingar líka, því að trjáviður hefur fram að þessu verið ódýrari þaðan en þar, sem við höfum keypt. Þess vegna vildi ég upplýsa, að meginatriðið, sem till. fer fram á, að athugað sé, er komið í athugun fyrir nokkru. Ég vildi aðeins láta hæstv. Alþ. téðar upplýsingar í té og hef ekki frekar um málið að segja að svo stöddu.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

6. Skattsvik.

Á deildafundum 12. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um undirbúning löggjafar eða annarra ráðstafana til þess að koma í veg fyrir skattsvik (A. 419).

Á 54. fundi í Sþ., 13. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 55. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Ég leyfi mér að flytja hér till. á þskj. 419 um að koma í veg fyrir skattsvik. Varla er nokkur þundur eða þing svo haldið, að þar sé ekki klifað á því, hve skattsvikin séu almenn og stórkostleg og að árlega skaðist ríkissjóður um hundruð þús. kr. af þeim sökum. Ef þetta væri rétt, þá er í rauninni níðzt á hinum fáu samvizkusömu borgurum, sem rétt telja fram, og raunar kann að vera, að skattarnir séu óþarflega háir, ef allt er fram talið.

Nú er öllum kunnugt, að afla þarf ríkissjóði tekna, og væri þá ekki úr vegi að athuga þetta. Kynni þá svo að fara, að viðbótarskattarnir þyrftu ekki að vera eins háir.

Ég hygg, að óþarft sé að halda um þetta langa ræðu. Flestir munu sammála um nauðsyn þess að koma í veg fyrir skattsvik og því augljós nauðsyn endurbóta á þessum málum.

Ég sé, að ákveðin hefur verið ein umr. um till. Ég get og sætt mig við, að henni verði vísað til n., þótt mér þætti eðlilegra og réttara, að hún væri afgreidd nú þegar, svo sjálfsögð sem hún er, en ég legg þetta þó á vald forseta. Verði till. vísað til n., legg ég til, að hún fari til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

7. Verðlagsvísitala.

Á 54. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um athugun á grundvelli verðlagsvísitölunnar (A. 428).

Á 55. fundi í Sþ., 16. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 56. fundi í Sþ., 17. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Það er kunnugt, að landbúnaðarvörurnar, s. s. mjólk, smjör, kjöt og egg, hafa meiri áhrif á vísitöluna en aðrar vörur og meiri að margra hyggju en sanngjarnt getur talizt. Það vakti athygli, að 45% lækkun á flutningsgjaldi hjá Eimskipafélaginu munaði svo sem engu til lækkunar á vísitölu. Að vísu vó þar móti nokkur hækkun á innkaupsverði vara erlendis, en þetta sýndi þó berlega, að innfluttu vörurnar eru ekki þýðingarmesti liðurinn við vísitöluútreikninginn. Ég tel rétt, að það sé athugað, hvort sá grundvöllur er réttlátur, sem vísitöluútreikningurinn byggist á.

Það er ekki eðlilegt, að vörur, sem ekki eru fáanlegar, s. s. egg, skuli hafa áhrif á vísitölu. Sama má a. n. l. segja um smjörið, sem miklu minna magn fæst af en gert er ráð fyrir í vísitöluútreikningum. Er nokkurt vit í því að láta vörur, sem eru ófáanlegar, hækka vísitöluna? Þá er annað, sem ég tel nauðsyn að athuga. Kvartað var mikið undan

því, að ekki fékkst nýtt dilkakjöt í Reykjavík í sumar. Það var eðlilega vegna þess, að hefði það komið á markaðinn þá og verið selt sanngjörnu verði, hefði það hækkað vísitöluna um 10—20 stig. Betra væri, að Reykvíkingar fengju kjötið, en hætt yrði að taka sumarverðið með í útreikningi vísitölunnar. Þegar fáeinir kartöflupokar hækkuðu vísitöluna um 15 stig, sáu menn, hvílík fávizka það var að láta aðra eins smámuni valda stórkostlegri röskun á atvinnulífi landsins. Hvers vegna á þá ekki að lagfæra vísitöluútreikninginn þannig, að óeðlilegir hlutir sem þessir hafi ekki lengur áhrif á kann?

Þörfin á þessari athugun er svo augljós, að till. mín verður e. t. v. samþ. án langra umr. eða nefndar, og þætti mér það eðlilegast. Um hana var ákveðin ein umr. En vel gæti ég sætt mig við, ef óskað er, að umr. yrði frestað og till. vísað til allshn.

Brynjólfur Bjarnason: Þessi till. verður sjálfsagt athuguð í n., og engin ástæða er til, að hún verði samþ. án breytinga. Það er að vísu rétt, að af mörgum aðilum hefur verið véfengt, að vísitalan væri rétt út reiknuð. En eigi að fara fram athugun á grundvelli vísitölunnar, verður vitanlega að gera hana víðtækari en hér er ráðgert og ekki í þeim einum tilgangi að taka út úr reikningnum þær vörutegundir, sem hér eru nefndar, til þess að lækka á þann hátt vísitöluna. Niðurstaða rannsóknar, sem fram fór í fyrra, varð sú, að vísitalan væri nokkuð rétt út reiknuð, miðað við neyzlu almennings, en það, sem það væri, ætti hún fremur að vera hærri en lægri en hún var.

Ég er því sammála, að öðru hverju þurfi að rannsaka vísitöluna með því að athuga búreikninga, helzt á nokkurra mánaða fresti. Það er tilgangur vísitölu að finna jafnóðum, þegar dýrtíð vex eða minnkar. Hins vegar skilst mér, að tilgangur þessarar till. sé dálítið annar. Hv. flm. hefur ekki fært nein rök fyrir því, að neyzla á landbúnaðarvörum hafi minnkað. Hann vill taka kjötverð á sumrin út úr vísitölureikningi, en það væri auðvitað ekkert annað en fölsun á vísitölunni.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Ég þarf ekki að bæta mörgum orðum við það, sem ég hef áður sagt. Vitanlega vakir það fyrir mér að fá vísitöluna sem réttasta, en það var eins og hv. síðasti ræðumaður vildi gefa annað í skyn. Það leiðir af sjálfu sér, að það er engin fölsun á vísitölunni, þó að verð á kjöti um sumarmánuðina sé ekki tekið með við ákvörðun vísitölunnar, enda er það ekki almennings fæða, meðan það er selt 40—50% yfir haustverð. Þó er annað, sem ég gerði meira úr, þegar vörur eins og t. d. egg, sem hvergi fást, verða til að hækka vísitöluna. Ég hef ekki nákvæma vitneskju um þetta, en eggin munu hafa orðið til að hækka vísitöluna um 10—20 stig, þó að enginn neytandi geti fengið þessa vörutegund hér í bænum. Það væri ekki fölsun á vísitölu, þótt eggjunum væri sleppt. En það er fölsun að taka þær vörur með, sem ekki eru fáanlegar eða ekki nauðsynjavörur. Ég býst við, að ég geti sætt mig við, að sú n., sem fjallar um till., geri ýmsar breytingar. En það, sem fyrir mér vakir, er ekki það, að vísitalan sé fölsuð, heldur að koma í veg fyrir fölsun eins og þá, sem á sér stað í því dæmi, sem ég tók um eggin.

Ég mun ekki hafa orð mín fleiri. Till. fer sennilega til n., og mun því síðar gefast tækifæri til að ræða þetta nánar.

Brynjólfur Bjarnason: Ég er þeirrar skoðunar, að það þyrfti endurskoðunar á vísitölunni, ef um það er að ræða, hvað eru lúxusvörur, eins og dilkakjöt. Ég veit ekki, hvað er nauðsynjavara, ef ekki kjötið. Það er að vísu dýr vara, en ekki lúxusvara. Hv. þm. nefndi annað dæmi, sagði, að eggin hefðu orðið til að raska vísitölunni, þótt þau væru ófáanleg. Ég veit ekki betur en egg komi lítið inn í vísitöluna. Ástæðan til þess, að þau hafa orðið til að hækka vísitöluna, er sú, hve gífurleg verðhækkun hefur orðið á þeim. Nú er það svo, að þó að þau fáist ekki tímum saman, koma þau þó einstaka sinnum á markaðinn, og hljóta þau því að hafa nokkur áhrif á vísitöluna. Auk þess er eitthvað selt á ólöglegum markaði, þó að það komi ekki inn í það magn, sem reiknað er með. Hins vegar er til fjöldi af vörum, sem ekki koma inn í vísitölugrundvöllinn, þegar hann er reiknaður. Þó að eggin væru ekki með og það mundi orsaka nokkra lækkun, þá er ég hræddur um, að þær vörur mundu valda ekki minni hækkun, væru þær teknar með. Annars er gott að vita, að við hv. flm. erum sammála, þar sem hann segir, að fyrir sér vaki að fá sem réttasta vísitölu, og þá er líka rétt, að till. verði þannig orðuð, að þessi tilgangur komi greinilega í ljós. Slíkri endurskoðun væri ég ekki á móti.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Mér skilst, að hér sé um misskilning að ræða. Það er svo, að meðan vísitalan byggist á árlegu neyzlumagni, en ekki mánaðarlegu, hlýtur að koma fram skekkja. Það er augljóst mál, að neyzlan er ekki söm á hverri vörutegund hvern mánuð, og kemur þetta greinilegast í ljós með kjöt á haustin, þegar slátrun er hafin, því að þá seljast yfir 1000 tonn á innlendum markaði á mánuði, en í júní, júlí og ágúst hefur þetta farið niður í 40—60 tonn. Nú er jafnt kjötmagn látið ganga inn í vísitöluna á hverjum mánuði. Það er ekki rétt. Það ætti að vera vinnandi vegur að sjá, hvað er meðalmagn á hverjum mánuði. Og eins er með fleira en kjötið, t. d. grænmeti. Þegar um er að ræða vörutegundir, sem eru sérstaklega dýrar ákveðna mánuði, þá kemur út sú skekkja, sem hv. 2. þm. Rang. minntist á. Annars mun þetta ekki nema miklu, og vafasamt hvort þörf er breytinga þess vegna.

Bjarni Benediktsson: Ég held, að það væri vandkvæðum bundið að reikna vísitöluna eftir reglum hv. 2. þm. N.-M., ef ég hef skilið hann rétt, og það mundi hafa í för með sér verulegar sveiflur á verðlagi innan lands, en það er einmitt þverófugt við það, sem vakir fyrir hv. 2. þm. Rang., sem vill

haga útreikningi vísitölunnar svo, að þar verði sem minnstar sveiflur, er hafi áhrif á atvinnulíf landsmanna. Það, sem kom mér til að taka til máls, voru hinar fjandsamlegu móttökur, sem till. fékk hjá hv. 5. þm. Reykv. Það er höfuðgalli í sambandi við útreikning vísitölunnar, að neytendur eiga þess stundum engan kost að fá vörur, sem þar koma til greina. Mér skildist, að af tvennu illu væri betra, að menn fengju vöruna fyrir eitthvað hærra verð, án þess þeir eigi þess kost að fá þetta að fullu bætt, en að þeim sé alveg varnað að fá vöruna. Síðast liðið sumar var það svo, að Reykvíkingar áttu þess engan kost að fá kartöflur eða kjöt á þeim tíma, er einna mest þörf var á nýmeti. Það er vísitölufyrirkomulagið, sem þessu veldur. Það þarf endurskoðunar við, og þess vegna hljótum við fulltrúar neytenda að fagna því, að við þessum málum er hreyft. Ef hv. 2. þm. Rang. hefði ákveðna lausn í málinu, þá hefði hann komið fram með hana, en ekki borið fram till. eins og hún er. Ég fagna því, að þetta út af fyrir sig sé tekið til athugunar, hvernig vísitöluútreikningurinn er, af því að neytendur hljóta að finna, að það versta við fyrirkomulag vísitöluútreikningsins er það, að menn fá ekki þær vörur, sem verða að teljast til lífsnauðsynja þeirra.

Brynjólfur Bjarnason: Það er ekki vísitölufyrirkomulaginu að kenna, að við fáum ekki nýmeti á sumrin. Það er vandamál út af fyrir sig, sem ekki verður leyst með því að breyta útreikningi vísitölunnar. Og ég vildi ekki sæta þeirri lausn að fá vöruna gegn því að samþykkja beina fölsun vísitölunnar. Hitt er annað mál, að gera þarf ráðstafanir til að neytendur geti fengið nýmeti á sumrin. En það er, sem sagt, vandamál út af fyrir sig, sem ekki er rétt að blanda inn í þetta mál.

Jón Pálmason: Í þeim umr., sem hér hafa farið fram, hefur verið bent á ýmis atriði, sem sanna, að vísitöluútreikningurinn er á ýmsan hátt gallaður, og ég held, að svo hafi verið alllangan tíma og hlýtur að verða svo með því skipulagi, sem er á þessum málum. Það er ekki furða, þótt mönnum fari að ofbjóða, þegar vísitölupólitíkin gengur svo langt, að það er sölubann á aðalframleiðsluvörum um margra vikna skeið, af því að verið er að halda niðri vísitölunni. Eina ráðið, sem gæti komið í veg fyrir þessar misfellur, er það, sem frá upphafi hefði átt að taka, að reikna vísitöluna fyrir lengra tímabil í einu. Það er rétt, sem hv. 2. þm. N.-M. sagði, að neyzlan er mjög misjöfn eftir árstíðum, en þegar tekið er inn í vísitöluna sama magn á hverjum mánuði, hlýtur að leiða af því skekkju, og þessi skekkja væri ekki, ef vísitalan væri reiknuð fyrir styttri tíma í einu. En ég hef þó ekki trú á, að hægt væri að fá rétta vísitölu með því að reikna hana svo oft, og tel því rétt að taka til athugunar, hvort ekki væri rétta leiðin að fara að reikna vísitöluna fyrir lengri tímabil í einu. Nú er ætlunin að halda vísitölunni sem fastastri, og því ætti þetta að koma að minni sök en ella mundi. Og það ætti að mega finna einhver ráð til að tryggja það án róttækra aðgerða, að alltaf væru til þær innlendu framleiðsluvörur, sem fólkið vill kaupa. Ég vil benda þeim á þetta, sem fá þessa till. til afgreiðslu.

Einar Olgeirsson: Mér virðist umr. vera farnar að snúast um það, hvernig á því muni standa, að ýmsar þær vörur, sem lagðar eru til grundvallar í útreikningi vísitölunnar, skuli ekki fást, og hér hafa komið fram þær furðulegu skoðanir, að ef menn fái ekki keypt smjör, þá eigi að klípa af launum. Það eigi að svipta menn launahækkun, sem gerði þeim fært að kaupa aðrar vörur, er bættu þeim upp skortinn á þeim vörum, sem ófáanlegar eru. Það er furðulegt, að þetta skuli koma fram hjá þeim mönnum, sem ráða því, hve mikið kjöt er á markaðinum hvert sinn og hve dýrt það er selt. Þeirra röksemd er það, að ekki sé þörf að fá vísitöluna upp fyrir þær vörur, sem ekki er hægt að fá keyptar. En ætli það væri ekki nær að athuga, hvernig stendur á því, að landbúnaðurinn íslenzki er á því stigi, að ekki er hægt að fá keypt smjör? Það eru settar heilar n. til að ákveða verðlagsvísitöluna. En ég held, að full þörf væri að skipa n. til að athuga, hvernig stendur á því, að lögð eru 300% á ameríska smjörið, þegar það kemur hingað, og hvaða aðilar ráða þessu verðlagi. Það er furðulegt, að menn skuli koma með þá röksemd, að fyrst fólk getur ekki fengið smjör, þá eigi að refsa því með því að lækka laun þess, og það einkennilega er, að þetta kemur frá þeim mönnum, sem vinna að því að sprengja upp kjötverðið í landinu og segja sem svo: Það nær engri átt að láta menn kaupa þessa lúxusfæðu, það sé bezt að lækka hjá þeim kaupið. Út af því, sem hv. þm. A-Húnv. sagði, vil ég geta þess, að ég held einmitt, að róttækra ráðstafana muni þurfa með til að lagfæra þetta. Hér er ekki aðeins að ræða um skort á smjöri, nýju kjöti og kartöflum á sumrin, heldur einnig á mjólk, rjóma og skyri. Ég býst við, að full þörf sé á, að þessi till. fari til n. og fái góða athugun og henni verði breytt í þeirri n. Ég vil fyrir mitt leyti mæla með því, að hún fari til n.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Hv. 2. þm. Reykv. talar um, að óréttlátt sé að refsa fólki með því að klípa af kaupi þess. En hv. þm. veit, hvernig útreikningi vísitölunnar er háttað. Hann er miðaður við þær vörur, sem fólkið neytir. Þær vörur, sem ekki eru fáanlegar, geta því ekki gengið inn í vísitöluna. Það væri fölsun á vísitölunni. Hv. þm. talar um, að menn ættu að gera sér grein fyrir, hvers vegna þær vörur, sem almenningur þarfnast, eru ekki fáanlegar. Hann á ef til vill erfitt með að gera sér grein fyrir, hvers vegna ekki er alltaf nóg af landbúnaðarvörum til í landinu. En á því er afar einföld skýring. Því fólki, sem vinnur að landbúnaði, er alltaf að fækka. Það er kunnugt, hve erfitt er að fá fólk til starfa í sveit. Það er oft, að hjónin eru ein að sjá um búið, og þótt bóndinn vilji fá sér fjósamann, er það ekki hægt. Af þessum sökum hefur framleiðslan á feitmeti minnkað. Ég hélt, að hv. 2. þm. Reykv. væri þetta kunnugt, og þegar hann er að tala um þátt minn og annarra í verðlagsmálunum, ætti hann að muna

eftir þeim styttum, sem hann hefur reist sér í launamálum í landinu. Hann talar ekki um, hvað hann og hans flokkur hafa gert til að taka fólkið úr sveitunum og setja það á mölina í Reykjavík, þegar lítil atvinnuskilyrði voru fyrir hendi.

Það er náttúrlega ekki í fyrsta sinn, sem ég heyri á það minnzt, að betra sé að fá smjör frá Ameríku en framleiða það á Íslandi. Ef ég og hv. 2. þm. Reykv. gæfum okkur tóm til að tala um þessa hluti, þá munum við komast að raun um, að hér á Íslandi borgar sig ekki að framleiða neitt. Smjör, sem fæst frá Ameríku fyrir 6 til 7 krónur, kostar hér 21 krónu. Föt, sem kosta 200 krónur frá Ameríku, eru á 6 til 7 hundruð krónur hér í Reykjavík. Og við munum komast að raun um, ef okkur vantar húsgögn í heimilið, þá má kaupa fyrir 2 þús. kr. frá Ameríku, það sem kostar 10 til 20 þús. kr., ef það er keypt hér, o. s. frv. Við munum komast að raun um, að á Íslandi borgar sig ekki að framleiða neitt. Við munum báðir gera okkur ljóst, að þetta er mikið vandamál, því að eitthvað þurfa Íslendingar að vinna og eitthvað að gera.

Ég býst við, þó hv. 2. þm. Reykv. kæmi með upp ástungu um, að Íslendingar stunduðu bara síldveiðar, því að það borgaði sig bezt og nógur markaður væri fyrir síldina í Ameríku, þá get ég bent á, að ekki er hægt að stunda síldveiðar nema 5 til 6 vikur á árinu, og þó mikið sé upp úr því að hafa, þá er ekki gott að ganga aðgerðalaus í 46 vikur og lifa á því, sem maður vinnur sér inn á 5 til 6 vikum.

Þá mundi hv. 2. þm. Reykv. vilja láta vinna að þorskveiðum og útgerð yfirleitt, beina fólkinu að sjónum og hætta að hugsa um sveitabúskap á þessu kalda Íslandi, ef við getum fengið eins og við viljum af þessum margumtöluðu landbúnaðarvörum frá Ameríku. En þar komum við aftur að vandamáli, ef eingöngu á að stunda útgerð, og það er, að eftir stríð og jafnvel áður en því lýkur, lækkar fiskurinn í verði, og ef við kæmumst að þeirri niðurstöðu, að það borgaði sig ekki heldur að framleiða fisk, þá yrðum við sammála um, að á Íslandi væri helzt ekki hægt að lifa. Ég held samt, að við slíkar samræður yrðum við sammála um, að á Íslandi verðum við að lifa þrátt fyrir allt. Ísland er ekki verra en önnur lönd og er jafnvel auðugra og betra en mörg önnur. Við erum báðir svo sanngjarnir að viðurkenna þetta, ef við töluðum tveir saman. Við viðurkennum ekki einungis, að landbúnaðarvörurnar eru orðnar of dýrar í þessu landi, heldur öll framleiðsla. Fiskinn verður að selja á of háu verði til að þola samkeppni við aðrar þjóðir. Iðnaðarvörurnar eru of háar til að þola samkeppni og landbúnaðarvörurnar of háar til að þola samkeppni við útlent afurðaverð, og þetta stafar allt saman af kröfum þeim, sem hv. 2. þm. Reykv. og hans flokkur hafa gert um hækkað kaupgjald hér á landi.

Þó að gangi erfiðlega að fá hv. 2. þm. Reykv. til að viðurkenna þetta hér á Alþ., þá er ég sannfærður um, að hann viðurkennir þetta með sjálfum sér.

Ég sé, að hv. 2. þm. Reykv. er að nótera niður ýmislegt, sem ég segi, en vona, að hann mótmæli ekki gegn betri vitund, því að ég veit, að undir niðri er hann svo sanngjarn, að hann viðurkennir, að þær kröfur, sem hann hefur átt þátt í að gera í kaupgjaldsmálum undanfarin ár, eru þess valdandi, að öll framleiðsla á Íslandi er of dýr til að standast samanburð við útlenzka framleiðslu. Þess vegna er nauðsynlegt að byrja nú þegar að lækka kaupgjaldið og gera það, áður en atvinnuleysið knýr að dyrum.

Umr. frestað.

Á 57. fundi í Sþ., 18. okt., var fram haldið einni umr. um till.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Það er út af till. um grundvöll verðlagsvísitölunnar, á þskj. 428, sem ég kvaddi mér hljóðs.

Það hefur mikið verið um það mál deilt hér, og hafa umræður um það verið á þá lund, að verðlagsvísitalan væri óhagstæð launþegunum.

Hér kemur fram annað viðhorf. Hv. flm. telur, að hlutföll þau, sem hún er byggð á, séu ekki rétt, verðlag innlendra afurða of hátt. Ég held, að þetta sé ekki aðalatriðið. Ég held, að þungamiðjan sé það, á hvern hátt þessir menn geti rýrt lífsafkomu verkalýðsins og launþeganna yfirleitt.

Það er nokkuð hart álit að líta á verkamennina sem verzlunarvöru. Það á að verzla um, hvað við eigum að fá fyrir vinnu okkar. Bændur kvarta um, að vinnuafl sé of dýrt. En mörg vinna er þannig, að gróði atvinnurekandans fer ekki eftir því, hvort hann borgar mikið eða lítið kaup. Ég vil í því sambandi benda á félag eitt, sem grætt hefur óhemju mikið, þótt það hafi borgað margfalt kaup, þegar svo hefur borið undir, að það hefur verið nauðsynlegt, t. d. við affermingu skipa að næturlagi.

Það er ríkisvaldið, sem hefur orsakað hækkun vísitölunnar. Það er talað um of hátt kjötverð. Ríkið borgar uppbætur á kjötið, hvort sem það svo er seljanlegt eða ekki. Það sjá allir, hvaða afleiðingar það hefur að borga uppbætur á óseljanlega vöru, en bændum er tryggt með ríkisstyrk sama verð fyrir kjötið, hvort sem tekst að selja það eða ekki. Þeir, sem stjórna kjötsölunni, vilja hafa rétt til að hækka verðið, þegar eftirspurn er eftir kjöti, og gera neytendum með því erfiðara fyrir. En eins og áður er sagt, borgar ríkið fullar verðbætur á kjötið, þegar eftirspurnin er engin.

Þá vil ég minnast á ameríska smjörið. Það kostar ekki nema þriðja part þess verðs, sem það er selt á hér. Það er mikið talað um, hvað framleiðslan sé dýr hér og þess vegna verði að selja smjör og aðrar framleiðsluvörur svo dýrt sem raun ber vitni. Ég veit ekki, við hvaða kjör það fólk á að búa, sem að framleiðslu smjörsins vinnur vestur í Ameríku, en um þau hefur verið mikið rætt af þeim, sem telja sig þekkja þau. En hitt vita allir, að lífsafkoma manna er mikið komin undir verðlagi þeirra vara, sem það þarf að kaupa.

Nú vil ég spyrja þá, sem þessu verðlagi ráða, hvort þeir álíti lífsafkomu fólksins hér of góða, og hvort þeir þess vegna telji óhætt að setja verðið svona

hátt. Ég er vel kunnugur aðbúnaði fólks hér og veit vel, að hann er ekki öfundsverður, að minnsta kosti er aðbúnaður þeirra, sem neyðast til að búa í bröggum, ekki upp á marga fiska, og hygg ég, að enginn geti öfundað þá af híbýlum sínum.

Það er viðurkennt, að útlendar vörur eru langtum ódýrari en innlendar, og stafar það af því, að tæknin er meiri erlendis. Hér hefur verið rætt mikið um, að erlend húsgögn, fatnaður og fleira væri ódýrari en innlent. En þess ber vandlega að gæta, að kaupandinn er sjálfráður, hvort hann kaupir heldur fatnað eða húsgögn frá útlöndum eða þau, sem hér á landi eru framleidd. Öðru máli gegnir um smjörið. Um það er ekki hægt að velja, því að sama verð er á ameríska og íslenzka smjörinu.

Eins og ég sagði áðan, er þessi tillaga ekkert annað en enn ein tilraun til þess að traðka á verkalýðnum, rýra lífsafkomu hans.

Það hefur verið reiknað út, hvað lífsafkoma fólks í Reykjavík væri dýr. En hún er miklu dýrari en áætlað var samkvæmt útreikningi verðlagsvísitölunnar.

Fyrir 15—20 árum neytti fólkið innlendrar fæðu meira en nú er. Mjólkurneyzla var meiri, og ætti það ekki að vera verra fyrir landið, að mjólkurneyzlan yrði mun meiri en nú er.

Eitt verður að taka til greina í sambandi við mjólkurmálið, sem er mjög athyglisvert. Þegar íslenzka smjörið var óseljanlegt, voru samin lög um, að því skyldi blandað saman við smjörlíki að vissum hluta. Það var þannig ákveðið með lögum, að hvort sem fólkið gæti eða ekki, skyldi það samt verða að kaupa smjörið. Þegar svo er farið að, er engin furða, þótt lendi í hörðum átökum milli framleiðenda og neytenda.

Hv. 2. þm. Rang. talaði um, að kaupgjald í bæjum ylli flótta fólksins úr sveitunum, það fengi hærra kaup í bæjunum. Það er bara vitleysa, að kaup til sveita sé lægra en annars staðar. En fólkið vill ekki vinna í sveitunum, heldur fer það í kaupstaðina. Þar unir það betur hag sínum og getur lifað þægilegra lífi.

Ég veit ekki, hver munur er á nýmjólkurpottinum þar, sem hann er dýrastur og ódýrastur, en hann er talsverður. Ég er ekki frá því, að rétt væri að reyna, hvað væri hægt að framleiða ódýrasta vöru. Mjólkurframleiðslan er of lítil og verður að auka hana til muna, til þess að hún svari þörf neytendanna. Kjöt er framleitt á stöðum, þar sem ekki ætti að framleiða einn bita af kjöti. Þetta þarf leiðréttingar, og þarf að skipuleggja framleiðsluna þannig, að á hverjum stað sé framleitt það, sem bezt á við með tilliti til landshátta og markaðsmöguleika.

Á síðasta Alþ. kom fram frumvarp um að verðbæta hrossakjöt, og var það fellt. Það er eðlilegt, þegar athuguð er afstaða þeirra, sem þessa vöru framleiða. Í Húnavatnssýslum, Skagafjarðarsýslu og Rangárvallasýslu eru helztu hrossaræktarhéruð hér á landi, en framleiðendur þessara héraða standa ekki jafnt að vígi. Í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum hrynur sauðfé niður úr pestinni, sem þar gengur, en í Rangárvallasýslu er engin fjárpest. Markaðurinn er yfirfylltur hrossakjöti úr Rangárvallasýslu. Hvaða réttlæti hefði nú verið í því að verðbæta hrossakjötið, þegar litið er á sauðfjáreign framleiðenda í þessum sýslum? Það er talað um, að kaupendur hafi við of góð skilyrði að búa, og að einn sérstakur flokkur beri einkum hag bænda fyrir brjósti. Ég veit ekki betur en að þetta sé alveg rangt, og að allir flokkar séu sammála um að berjast fyrir bændur.

Það er enginn vafi á því, að við höfum gert það, sem við höfum getað til þess að ná sem beztum kjörum, en við höfum ekki leitað til löggjafans um afskipti af slíkum málum. Löggjafarvaldið hefur í mesta lagi gripið til þess að sætta aðila. En svo á með till. þessari að eyðileggja gerða samninga. Ég veit ekki, hvernig því væri tekið, ef tveir aðilar hefðu gert með sér samning, en svo kæmi löggjafarvaldið og rifti samningunum, af því að einhver annar aðili skaðaðist á samningnum. Við verkamenn vorum búnir að berjast fyrir leiðréttingu á vísitölunni á annan hátt. En ég held, að þessi till. eigi engan rétt á sér, eins og hún liggur fyrir.

Einar Olgeirsson: Hv. flm. þessarar till. virðist telja það góðar og gildar röksemdir hjá sér, að vegna þess að innlendar neyzluvörur vanti nokkurn tíma ársins, þá þurfi að breyta til um útreikning verðlagsvísitölunnar. Það er alveg einstakt með þá menn, sem hafa með framleiðsluvörur að gera, að þeim skuli ekki detta í hug einfaldara ráð en þetta. Hvernig stendur á því, að ekki skuli vera til kjöt allan ársins hring? Eins og ekki séu til nægilega margar aðferðir til þess að geyma kjöt í eitt eða tvö ár, svo að það sé eins og nýtt. Eins og nokkur þurfi að segja, að ekki séu nægilega mörg frystihús í landinu til þess að frysta allt kjötið. Ef þeir menn, sem stjórna þessu, fylgjast með því, sem gerist í öðrum löndum, ættu þeir að ráða við slík vandamál sem þetta. Við höfum orðið að upplifa það, að það er fyrst þegar landið er hertekið, að menn, sem unnið hafa hjá ríkinu, fara að læra. Hvernig er með þá menn, sem stjórna kjötsölunni? Hafa þeir ekki látið tugi tonna af kjöti eyðileggjast, en heimta svo, að verðlagsvísitölunni sé breytt, af því að þeir hafa ekki kunnað að geyma það? Er ekki nær fyrir þessa menn, sem kvarta um, að kjötið sé ekki fáanlegt, að læra að geyma þessa vöru? Hvers konar stjórn er á þessum málum? Það væri bezt að rannsaka það. Það er ekki nóg með það, að framleiðslan á landbúnaðarafurðum sé í ólagi og minni en eftirspurnin, heldur er sumum landbúnaðarvörum fleygt í stórum stíl, en neytendur kosta stórfé til þess að halda uppi landbúnaðinum með því að veita stóra styrki til hans, og þeir eiga heimting á því, að það, sem hægt er að framleiða, sé látið í té allt árið um kring. Það er ekki nóg að segja: Hér er ég, ég heimta að allt sé keypt af mér, — það þarf að skipuleggja framleiðsluna með tilliti til þarfa neytenda, ef kaupa á alla framleiðsluna. Þessi þáltill., sem hv. 2. þm. Rang. flytur um breytingar á útreikningi kaups í stað þess að

gera ráðstafanir til þess, að fólk geti fengið vörurnar allt árið, er fyrir neðan allar hellur. Við höfum upplifað það, að þessar vörur hafa verið seldar á svörtum markaði eða að þær hafa verið seldar pólitískum vildarvinum, þegar aðrir urðu að vera án þeirra. *(BBen:* Hverjir hafa fengið þær?) Það er talað um, að nokkrir þm., þar á meðal form. Framsfl., hafi fengið þessar vörur þegar aðra hefur vantað þær. Þegar menn neyðast til að kaupa vörurnar á svörtum markaði, vegna þess að þær hafa ekki fengizt með öðru móti, á samkv. þessari till. að lækka vísitöluna vegna þess, að minna sé að kaupa. Við skulum hugsa okkur þetta framkvæmt á húsaleiguvísitölunni. Það er til húsaleiguvísitala, og það eru margir, sem ekki geta fengið húsnæði. Má ekki strika út húsaleiguvísitöluna, ef menn hafa ekkert húsnæði? Margir verða að greiða margfalda leigu móts við hina, sem greiða húsaleigu samkv. húsaleiguvísitölunni. Enn einn svarti markaðurinn. Verðlagsvísitalan er fölsuð, og hún lækkar verkamönnum í óhag. Þær n., er voru settar af ríkisstjórninni, komust að þeirri niðurstöðu, að rannsaka þyrfti, hvernig bæta mætti úr þessu óréttlæti. Svarti markaðurinn og skortur á húsnæði eru þættir, sem komið hafa mikið við sögu og báðir slæmir fyrir launþega, en úrbætur hv. flm. eru þær, að lækka verðlagsvísitöluna. Þetta nær ekki nokkurri átt.

Hv. 2. þm. Rang. var að barma sér yfir fólksfæðinni í sveitunum og að menn færu burt frá hinu lífræna starfi, eins og hann komst að orði. Hv. þm. verður að venja sig á að hugsa lífrænna en hann gerir nú. Menn hverfa ekki frá lífrænni framleiðslu, þótt þeir hætti að framleiða kjöt eða mjólk. Það að framleiða fisk er engu síður lífræn framleiðsla. Það á ekki að líta á sjávarútveginn sem framleiðslu, er standi svo langtum neðar landbúnaðinum, að ekki sé hægt að tala um hann nema með mestu fyrirlitningu. Ég býst við, að fólksfækkunin í sveitunum sé eitt af þeim atriðum, sem óbeinlínis kemur til með að ýta undir framleiðsluna í sveitunum. Það knýr bændur til þess að koma á vélabúskap, og álít ég þó slíka aðferð engan veginn heppilega, langt frá því. Það á ekki að láta þetta lögmál þjóðfélagsins koma þannig fram. Það væri miklu betra að framkvæma þetta í skipulegu starfi milli aðila eða láta þetta frjálsa viðskiptalögmál valda því, að menn dragist þangað, sem kaup er betra. Það skapar mjög mörgum bændum vandræði, sem verða ýmsum þeirra ofviða að yfirstíga. Hv. 2. þm. Rang. kom inn á það, að betra væri að fá smjör frá Ameríku, þar væri ódýrara að framleiða það. En þetta er ekki rétt. Við Íslendingar stöndum það mikið betur að vígi að framleiða fisk, að við getum keppt við aðrar þjóðir. Ég held, að við getum líka framleitt smjör, mjólk og kjöt með fullkomnari framleiðslutækjum. Ég reikna það út frá því, að lífsafkoma okkar er nú, með þeirri krónutölu, sem miðað er við á mann, samsvarandi tekjum Englendinga, og vita þó allir, að kaupmáttur íslenzkrar krónu er minni hér en í Englandi. Gera má ráð fyrir, að þetta tiltölulega mikla krónukaup færi launþegum ekki eins mikið fyrir vinnuna og enskum verkamönnum. Árstekjur Íslendinga eru því minni en árstekjur Englendinga. Ég efast ekki um, að okkar land sé eins gott, og ég efast ekki um, að ísl. verkamenn afkasti eins miklu við sömu skilyrði og enskir verkamenn. Ég veit, að tækin, sem enska þjóðin notar, eru mjög góð, en ég efast ekki um, að við getum eignazt jafngóð tæki og þeir, og þá verður ekki aðeins möguleiki á samsvarandi lífsafkomu, heldur jafnvel betri. Ég efast ekki um, að við gætum þess vegna framleitt þessar vörur með því að nota fullkomnari tæki en nú. Það er auðvitað ekki útilokað, að eitthvað það gerist, er hindri framleiðsluna, eins og t. d. að kúgun verði beitt í sambandi við verðlagsákvæði á þeim vörum, sem við þurfum að flytja út, en ég fer ekki út í það að svo stöddu. Hv. 2. þm. Rang. ætti að vita manna bezt, hver hækkaði vísitöluna 1942 um 40 stig með því að hækka verðið á ull og kjöti. Sú hækkun var svo stórkostleg, að nærri liggur, að um haustið hafi verið teknar 10 millj. kr. af neytendum fram yfir það, sem hefði verið, ef þá hefði verið fylgt 6 manna n. samkomulaginu, sem síðar varð. Þá var sú stytta reist, sem íslenzku þjóðinni hefur reynzt erfiðast að ráða við. Það var gert af hv. 2. þm. Rang. sem formanni kjötverðlagsn. Þá voru íslenzku þjóðinni skapaðir erfiðleikar, sem hún hefur ekki enn getað ráðið fram úr. Þetta var eingöngu gert til þess, að hann sem frambjóðandi stæði betur að vígi en andstæðingar hans, og með þessu gat hann flaggað í þeim átökum, sem þá fóru fram. Ég býst við, að það sé dýrasta athæfið, sem framið hefur verið af ísl. embættismanni, og mig skal ekki undra, þótt hann hugsi ekki um annað síðan en hvernig eigi að lækka verðlagsvísitöluna og komi því með till. um, hvernig eigi að falsa hana.

Sveinbjörn Högnason: Mér þykir það furðulegt, að kommúnistar þurfa alltaf að láta ljós sitt skína, þegar talað er um landbúnaðarmál hér á Alþ. Ég hef verið að velta því fyrir mér, hvernig á þessu stendur, og kom helzt í hug við ræðu hv. 2. þm. Reykv.: þeir segja mest af Ólafi konungi, sem hvorki hafa heyrt hann né séð. Hv. 2. þm. Reykv. staðaðist á þeim ágöllum á ísl. landbúnaði og framleiðslumistökum, sem þar eiga sér stað, en minntist ekki á nokkra ágalla á þeim sviðum, sem hann ætti bezt til að þekkja, og væri þó eðlilegra, að hann talaði um þá. Hann talaði um það sem voða, að vörur væru seldar á svörtum markaði. Ég held þó, að það sé í smærri stíl en hann gefur í skyn. Vill hann ekki líka fræða menn um það, hve mikil landbúnaðarvinna er seld á svörtum markaði. Ég hugsa, að sá vinnukraftur, sem landbúnaðurinn hefur notað á s. l. sumri, sé afar víða dýrari en það, sem verkalýðsfélögin hafa ákveðið. Kaupamenn hafa fengið 4 til 5 hundruð kr. um vikuna fyrir utan fæði og húsnæði, og ég vil spyrja hv. 2. þm. Reykv., hvort hér sé fylgt taxta verkalýðsfél. Þetta ætti hann að vita, og það er víðar en þarna, sem svartur markaður er. Það er mjög mikið af iðnvinnu, sem þannig er greidd, að ekki fæst sundurliðaður kostnaður, en öll vinna langt fyrir ofan allan kauptaxta. Hvernig stendur á því, að hv. 2. þm. Reykv. fræðir okkur

ekki um þetta? Ég veit, að það eru aðrir kunnugri landbúnaðarmálum en hann, en svo setur hann upp merkissvip og spyr: Hvernig stendur á, að þetta á sér stað? Af hverju eru ekki til nægilegar landbúnaðarvörur, kjöt og mjólk? Gætu bændur ekki komið og sagt: Hvernig stendur á, að ekki er nógur vinnukraftur fyrir landbúnaðinn, og hvaða heimtingu eiga fulltrúar verkamanna á að koma með slíkar kröfur, ef þeir vinna ekki að framleiðslu? Hvað hefur hv. 2. þm. Reykv. gert til þess að stuðla að því, að hægt sé að halda uppi framleiðslunni í landinu?

Þá segir hv. þm., að neytendur í landinu veiti stóra styrki til þess að halda uppi landbúnaðinum hér á landi. Það vantar svo sem ekki! Bændurnir eru *þá líklega* orðnir ölmusulýður þeirra, *sem í kaupstöðunum búa*. Ætli það sé þó ekki réttara að segja, að bændur landsins leggi á sig margfalt erfiði og óþægindi á við það, sem gerist í kaupstöðunum, til þess að geta haldið lífinu í þessu fólki, sem ekki vill vinna að landbúnaði landsmanna? Ég hygg líka, að sjómenn leggi á sig margfalt erfiði til þess að halda lífinu í þessum hv. þm. Hvaða styrki hafa þeir menn, sem ekki vinna að framleiðslunni í landinu? Hvaða fé hafa þeir handa þeim, sem hafa verðmætin í höndum? Það eru þeir, sem að framleiðslunni vinna, sem halda lífinu í þjóðinni, en ekki þeir, sem sitja og skrifa blaðagreinar og flytja álíka erindi um framleiðsluna eins og nú hefur af þessum hv. þm. verið gert. Þeir vinna ekki handarvik að framleiðslunni. En svo segja þeir: Það erum við, sem berum fram styrki handa bændum, svo að þeir geti lifað. — Ég held, að hv. 2. þm. Reykv. sé hollara að líta á þetta frá einhverju sjónarmiði, sem *hann þekkir, en vera ekki að fara út á það djúp*, sem hann er sokkinn á, áður en hann veit af, þ. e. a. s. ef hann fer að ræða málin, eins og hann hér hefur gert nú.

Jú, hv. 2. þm. Reykv. vantaði ekki ráðleggingarnar til þess að bæta úr þessum ágöllum landbúnaðarins, sem hann talaði um. Hann sagði: Það eru erfiðleikarnir í sveitinni, sem knýja fram umbætur. Það á sem sé að láta þetta fólk eiga nógu erfitt. Vill hann þá ekki einnig segja því fólki, sem hann er forsvarsmaður fyrir, að það þurfi að eiga við nógu mikla erfiðleika að etja? Hann þykist vera að vinna fyrir fólkið, sem veitt hefur honum umboð. Það kynni þá kannske að vera, að hann sjálfur væri þeir erfiðleikar, sem það fólk á við að stríða. Ég hélt nú, að þessi hv. þm. og aðrir hv. alþm. ætluðu að létta fólkinu erfiðleikana.

Hv. 1. landsk. þm. (SG) hafði líka úrræði, sem virtust frá hans sjónarmiði vera allra meina bót, nefnilega að greiða *nógu há laun*. T. d. sagði *hann*, að það félag, sem hefði greitt helmingi hærra kaup en tilskilið var, hefði grætt allra manna mest. En þar sem vitað er, að kaupgjald er svo að segja allur framleiðslukostnaðurinn á sumum sviðum, verður þetta hæpin kenning. Mér virðist því þetta úrræði hv. 1. landsk. þm. vera álíka hált eins og erfiðleikaráðið fyrir sveitirnar, sem hv. 2. þm. Reykv. var að bjóða upp á. Og ég hygg, að þeir, sem eiga að vinna að landbúnaði, séu sammála um það, að hinn mesti erfiðleiki við að halda uppi framleiðslunni í sveitinni sé hátt kaupgjald. Og það veit hver maður, að það er það, því að kaupgjaldið í sveitinni hefur hækkað hlutfallslega meira heldur en við önnur framleiðslustörf, því að í sveitinni var það lægra heldur en annars staðar, en nú er það jafnvel hærra en við aðra framleiðslu, eins og t. d. við heyskap á sumrin. — Ég held því, að það sé ekki gott ráð, sem hv. 1. landsk. þm. kemur með, að hafa kaupið bara ennþá hærra, þá sé vandamálið leyst í þessu efni.

Þá voru þessir báðir hv. þm. að ræða um kjötverðið, að það væri óeðlilegt. Hv. 1. landsk. minntist á það á þann veg, að ríkið tryggði verð fyrir kjötið og bændur vildu fara með það þangað, sem eftir*spurnin væri mest, og fá enn þá hærra verð*. — Hver er svo sannleikurinn í þessu? Kjötið, sem fram kemur á markaðinn seinni part sumars og hv. þm. eru alltaf að fjargviðrast út af, að ekki hafi komið á markaðinn, er af dilkum, sem ekki eru fullvaxnir. Þar af leiðandi verður að selja þá með nokkru hærra verði heldur en að miða við kjötverð við haustslátrun, ef nokkurt vit á að vera í því að slátra þeim fyrir þá, sem það gera. Það er ekkert annað, sem myndar það háa verð á kjötinu, sem selt er seinni part sumars. Það er ekki verið að fara fram á hærra verð fyrir það kjöt heldur en annað, nema frá því sjónarmiði, að kjötið er ekki fullframleitt, þegar slátrað er, þegar dilkar t. d. hafa hálfan þunga á við það, sem vera mundi af þeim komnum af afrétt að haustinu, og þegar líka er tekið tillit til þess, að vinnukraft verður að taka til þess að ná í dilkana af afrétt og að vinnuaflið er jafndýrast að sumrinu. Það væri fjarstæða að ætlast til þess, *að þetta kjöt væri selt með sama verði og kjöt af* haustslátrun. Hitt væri jafnmikil fjarstæða, að ætlast til þess, að þó að það komi nokkur hundruð dilkaskrokkar hingað til Reykjavíkur að sumrinu, framleiddir við þær aðstæður, sem ég hef lýst, sem fáar fjölskyldur kaupa, þá eigi verðlagið á þeim að teljast það kjötverð, sem ráðandi sé gagnvart vísitölunni.

Um hitt skal ég svo ekkert segja, að verið getur, að vísitalan sé reiknuð óhagstætt neytendum á öðrum sviðum. Það getur verið þarft að athuga það. En að neytendur og framleiðendur séu að rífast um vissa hluta þess, sem hefur áhrif á vísitöluna, aðeins eftir því, hvað þeim kemur sjálfum í hag, það er ekki grundvöllur, sem til mála getur komið að byggja á. Nú er því haldið fram, að endurskoða þurfi vissa liði vísitölunnar, af því að hún sé ekki rétt út reiknuð eftir þeim eins og nú er gert. Og hvers vegna er hættulegt að rannsaka það? Ég sé ekki annað en *að það sé rétt að athuga þessi efni, hverjir sem á* það benda.

Þá talaði hv. 1. landsk. þm. um ameríska smjörið. Það er nú orðinn nokkurn veginn fastur liður, hvað sem þessir menn ræða um, að nefna það, svipað eins og Cato gamli endaði allar sínar ræður á því að segja, að hvað sem öðru liði, áliti hann, að Karþagó bæri að eyðileggja. Þannig virðast allir hv. þm. þessa flokks komast að því í sambandi við hvaða umr. sem eru um landbúnaðarmál að minnast á

ameríska smjörið, það eigi að nota það, þar sem hægt sé að selja það fyrir þriðjung verðs á við íslenzkt smjör. En það er langt frá því, að það sé hægt, þegar búið er að leggja á það allan kostnað við dreifingu. *(KA:* Hvað kostar það?). Það kostar meira, og er ekki hægt að selja það fyrir um 7 kr. í útsölu. En þó að það væri rétt, þá er sennilega meir en þrefalt ódýrara en hér að framleiða smjör suður í löndum.

Hv. 1. landsk. þm. sagði réttilega — og hann ætti að muna eftir því oftar en í þetta eina skipti — þegar hann ræddi um verkamenn, að lífsframfæri verkamanna er komið undir því, hvað vörurnar kosta. Þetta er rétt, og það er gott, að hann hefur nokkurn skilning á því. En hann verður þá líka að gæta að því, að það er ekki eina ráðið til að bæta lífskjör verkalýðsins að hafa kaupið sem hæst, heldur líka, að hægt sé að framleiða vörurnar í landinu þannig, að ekki þurfi að borga of mikið fyrir þær. — Hv. 1. landsk. þm. sagði í því sambandi, að ef smjörið kostaði ekki nema 50 aura kg, þá skildist mér, að auðvelt væri fyrir verkalýðinn að komast af með lægri laun. Og ef sá hv. þm. stuðlar að því, að verkakaupið í landinu verði þannig, þá er spursmál, hvort ekki er hægt að framleiða smjör fyrir það verð, þar sem 90% af öllum kostnaði við framleiðslu smjörsins er kaupgjald. — Hv. 1. landsk. þm. var líka að tala um það, að allir vildu berjast fyrir betri kjörum. Það er rétt, og ekki neinum að lá. En menn eiga líka að hafa þann skilning á kjörum annarra manna, að þeir ekki endilega vilji troða niður aðrar stéttir til þess að koma einni stétt upp, og þar sem þá líka er um stétt að ræða, sem nauðsynleg er, til þess að hinar geti lifað. Þessi hv. þm. virtist ekki hafa neitt annað fyrir augum en það, að það væri ekki of mikill lífsstandard þess fólks, sem flytur í setuliðsskálana. En hann veit, að fjöldi sveitafólks, sem vinnur í sveit, lifir ekki við betri kjör, hvað húsakynnum við kemur. Hann veit það vegna þess, að hann er einn af þeim fáu fulltrúum verkamanna hér, sem hefur verið í sveit, og hann veit, að talsvert af því fólki, sem í sveit vinnur, vildi skipta á húsum sínum og setuliðsskálum, ef hægt væri, án þess að talað hafi verið um af þessum mönnum, að það þurfi að bæta hlut þess fólks, áður en farið er að hækka meira og meira kaup fólks annars staðar.

Það var nú ýmislegt annað, sem vitanlega væri full ástæða til að ræða nánar í þessum efnum. En af því að þetta er svo margþvælt hér á Alþ., þessi söngur kommúnista um landbúnaðinn, þessi síniðrandi söngur um fólkið, sem á erfiðasta aðstöðuna í landinu, og tillögur um að rýra aðstöðu þess og draga kaup þess niður, verðið á afurðum, sem það framleiðir, jafnhliða því, sem heimtað er meira og meira fyrir aðrar stéttir, og það er hrein plága að eiga að sitja undir því dag eftir dag gagnvart þeirri stétt, sem er undirstaða þjóðfélagsins, — þá ætla ég ekki að fara um þetta fleiri orðum. Maður er orðinn svo vanur að heyra þennan söng kyrjaðan af fulltrúum kommúnista. Þeir verða sjálfsagt ekki betur vandir. En ég vildi minna þá á það enn einu sinni, sem ég hef sagt hér, ef ske kynni, að einhvern tíma gæti einhver vitglóra komizt að hjá þeim viðkomandi kjörum þeirrar stéttar, sem hefur erfiðari kjör heldur en nokkur önnur stétt í þessu landi.

Sigurður Guðnason: Herra forseti. — Hv. þm. V-Sk. hefur nú haldið sína venjulegu prédikun um þessi mál og hefur óskað eftir því, að hann kannske þyrfti nú ekki að gera það oftar. En ég skil ekki, að hv. þm. V-Sk. geti farið að finna að þekkingu bæði minni og annarra um landbúnaðarmál, sem hafa talað hér fyrir hönd verkamanna. Því að okkur finnst a. m. k., að hann hafi litla þekkingu á málum verkamanna. Og það verður alltaf sama viðkvæðið hjá honum, að það hafi enginn þekkingu á málum landbúnaðarins og sveitamanna annar en hann og hans flokksmenn. En ég ætla bara að benda á eitt, þegar hann talar um svartan markað á vinnu. Hann telur það svartan markað fyrir vinnu, þegar manni er borgað hærra kaup heldur en umsamið er hjá verkalýðsfélagi. En hjá hvaða verkalýðsfélagi? Hjá því, sem hefur hæst kaup, eða því, sem hefur lægst kaup? Það er hvergi lögákveðið kaup yfir allt landið, og það er samningsatriði á hverjum stað. Og það er hart, að þetta skuli skolast til í höfði annars eins kennimanns og þessa manns, hv. þm. V-Sk. Það er sitt hvað, lögboðið verð og samningsbundið kaup. Það er lögboðið verð á mjólkinni. Og meira að segja, eftir mjólkursölul. eru þeir, sem með þau mál fara, skuldbundnir til hafa fyrir hendi nægilega mjólk á markaðinum. Það hefur verið lesið yfir hv. þm. V-Sk. hér, að eitt af skilyrðunum fyrir einkasölu samsölunnar á mjólk sé, að hún eða þeir, sem hana framkvæma, hefðu á boðstólum nægilega mjólk.

Svo kom sami hv. þm. inn á það, að ég hefði haldið því fram, að heppilegast væri að borga hátt kaup. Það getur oft komið fyrir, að það sé ávinningur fyrir þá, sem vinnu kaupa, að kaupgjaldið sé hækkað. Það er fyrsta skilyrðið til þess, að það borgi sig vel að kaupa vinnuorkuna, að hún sé notuð heppilega, hvort sem hún er dýr eða ekki. Og hv. þm. kom inn á þetta dæmi, sem ég tók fram. Ég er alveg sannfærður um, að það var hárrétt. Því að þó menn hafi litla trú á viðskiptaráði, þá er ég sannfærður um, að það hefur fengið skýrslur um, hvernig það fyrirtæki, sem ég nefndi, hefur verið rekið. Og þeir mundu ekki hafa látið það við gangast, að Eimskipafél. Íslands græddi 18 millj. kr., ef þeir hefðu búizt við því. En að svo fór, var af því, að vinna við skipin hefur gengið fljótar heldur en búizt var við, og það var af því, að þeir, sem fyrir henni stóðu, borguðu hana með dýrari taxta. En ég veit ekki, hvort það er af skilningsleysi eða öðru, að sú sérkennilega vinsemd kemur fram hjá hv. þm. V-Sk. gagnvart verkalýðnum, sem menn vita um og þarf ekki að ræða.

Hitt er annað mál, að það mættu bæði hann og aðrir athuga nokkuð um mennina, sem hafa flutt úr sveitinni, og undirstöðuástæðurnar fyrir því, að þeir hafa flutt þaðan burt. Og mig langar til að spyrja hv. bændur hér á þingi, hvort þeir myndu nú ekki til þess, að það gæti verið nokkuð margt,

sem þar væri vert að athuga. Ég er kominn ofan úr sveit og hef verið þar. Og ég veit ekki betur en að þar hafi menn hjálpað allmörgum fjölskyldum til þess að komast á mölina, þó að þeir ærist svo yfir því að fá ekki vinnukraftinn í sveitina aftur, þegar börnin, sem þaðan fluttust, eru orðin þroskuð. Það er ekki svo langt bil á milli mín og þeirra, sem þetta hafa reynt. Ég get hafa átt samstöðu við þessa menn, og þeir hafa sagt mér sannleikann um sína afkomu og þessi viðskipti sín, sem ég hef getið, og þau eru ekki svo falleg, að það sé rétt að *hafa háreysti um þessa menn út af því, að þeir* hafi ekki fórnfýsi til að fara að vinna í sveit, þegar viðskilnaðurinn er þá svo, að það er varla hægt, að *þeir geti fengið verra líf heldur en þeir eru búnir* að fá andlega við þessa meðferð.

Þá sagði hv. þm. V-Sk., að við ættum að vera þakklátir fyrir allar leiðréttingar á vísitölunni, við hefðum ekki svo lítið barizt fyrir því að fá hana rétta. Það getur vel verið. En hv. þm. V.-Sk. má ekki verða hissa, þó að við tökum það ekki svo ákaflega alvarlega, að þessu sé haldið fram af hans hendi af einskærri ást á því, sem rétt er. *(SvbH:* Er það skilyrðið fyrir að vera með málinu?) Nei, en ég tek þetta svona bara fram.

Lengst var gengið árið 1942 af fulltrúum sveitanna gagnvart verkalýðnum, því að þeir, sem landbúnaðinn stunduðu, héldu þá, að þeir fengju ekki nógu mikið vinnuafl, og þá var mikið verið að tala um kaupgjaldið. Og þá var farið til þess aðila, sem mest notaði vinnuorkuna, sem var setuliðið, og það komst það langt, að samið var við það um, hvað það mætti taka marga menn til vinnu. Á sama tíma skrifaði *Dagsbrún til þáverandi landbrh. og bauðst til* þess að vinna að skipulagningu vinnunnar í samráði við þáverandi ríkisstjórn. Því bréfi hefur ekki verið svarað enn. En ef samvinna hefði verið höfð þá við verkalýðinn, þá hefði margt farið betur en komið er á daginn. Þegar barið er á allt, sem verkalýðurinn býður fram, og því ekki anzað, þá er það nokkuð furðulegt, þegar þessir menn koma, hv. þm. V.-Sk. og slíkir, og telja, að þeir séu að gera allt fyrir verkalýðinn, en ekkert fyrir sjálfa sig.

Umr. frestað.

Á 58. fundi í Sþ., 19. okt., var enn fram haldið einni umr. um till.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Það er tilgangslaust að eyða miklum tíma í það að ræða við þá hv. þm., sem hér hafa tekið til máls af hálfu sósíalista, þar sem þeir hafa engan skilning sýnt *á því máli, sem hér er til umr.*, og þar sem ég hef ekki nema athugasemdartíma, þá mun ég stikla á stóru. Ég vil, sem dæmi um röksemdafærslu þessara manna benda á þá röksemd hv. 1. landsk. þm., að Eimskipafélag Íslands hafi grætt 20 millj. kr. á síðastliðnu ári, vegna þess að það hefði borgað svo hátt kaup, og því væri um að gera að borga sem allra hæst kaup til þess að græða sem mest. Þegar menn koma fram með svona röksemdafærslur, þá er tilgangslaust að eyða miklum tíma í það að svara þeim. Þessi sami hv. þm. taldi rangt að breyta grundvelli verðlagsvísitölunnar vegna þess, að verkalýðsfélögin semdu um ákveðið kaup. En verkalýðsfélögin semja ekki samkvæmt vísitölu, heldur semja þau um ákveðið grunnkaup, svo að þetta skiptir engu máli. Hann taldi og, að hér í Reykjavík væri kaupið of lágt, vegna þess að hér þyrfti fólkið að búa í bröggum, en þetta sannar einmitt, að kaupið er hærra hér en annars staðar, vegna þess að annars vildi fólkið ekki vinna það til að þurfa að búa hér í bröggum. Þetta sýnir því, að *fólkið vill heldur vinna hér á mölinni en við* framleiðsluna. Verð landbúnaðarafurðanna er ekki nógu hátt til þess að borga það kaup, sem hér er greitt.

Ég skal svo ekki eyða fleiri orðum að þessum hv. þm., en skal nú víkja nokkrum orðum að hv. 2. þm. Reykv. Hann beindi þeirri spurningu til mín, hvernig stæði á því, að ekki væri til nóg kjöt á markaðinum allan ársins hring. Hann krafðist skýringar á þessu máli og sagði, að neytendur ættu heimtingu á því að fá nægilegt kjöt og aðrar landbúnaðarafurðir allt árið. En hvað hefur þessi hv. þm. gert til þess að stuðla að því, að landbúnaðurinn gæti framleitt nógar afurðir? Hann hefur gert allt, sem hann hefur getað, til þess að hindra slíkt. *(BrB:* Það er þarfaverk að vinna að því, að ekki sé framleitt meira kjöt). Hv. þm. veit það, að ef nýtt kjöt á að koma á markaðinn að sumrinu, þá verður það að vera af dilkum, sem ekki eru fullvaxnir, og það verður því að vera miklu dýrara *þá en að haustinu, til þess að bændur skaðist ekki* á því að selja það svona snemma. Ef kjöt væri svo selt að sumrinu við miklu hærra verði en endranær, *þá mundi það hafa mikil áhrif* til hækkunar á vísitöluna, og hv. þm. veit, að stjórnarvöldin mundu ekki láta slíkt afskiptalaust. Ef hv. þm. vill samþ. mína till., um að kjötverð að sumrinu verði ekki látið koma inn í vísitöluna, þá vinnur hann þar með að því að tryggja það, að kjöt kæmi á markaðinn að sumrinu. Þá sagði hann, í sambandi við það, sem ég var að tala um fólksstrauminn úr sveitunum, að þetta fólk færi til þess að vinna að framleiðslunni við sjóinn, það stundaði útgerð og sækti björg í skaut hafsins. Þetta er ekki rétt. Fólksfjölgunin við sjóinn er meiri en sem samsvarar vexti útgerðarinnar, og hvað er að segja um þá staði, þar sem útgerðin hefur gengið saman, þótt fólkinu hafi fjölgað, eins og t. d. hér í Reykjavík? Ekki hefur fólkið flutzt þangað til þess að vinna við útgerðina. Nei, *þetta fólk hefur farið að stunda setuliðsvinnu*, en ekki til þess að vinna að framleiðslunni, og þessi hv. þm. hefur gert allt, sem í hans valdi hefur staðið, til þess að draga fólkið frá framleiðslunni og í setuliðsvinnuna, en hann hefur ekki gert sér grein fyrir því, hvað við muni taka, er setuliðsvinnan hættir. Þá mun þetta fólk sitja eftir atvinnulaust og heimta atvinnuleysisstyrk af ríkinu. Heldur þessi hv. þm., að þetta sé til hollustu fyrir þjóðfélagið? Hvað ætlar hann að gera við þetta fólk, þegar setuliðið fer, sem það vonandi gerir bráðum? Hefur hann ekkert hugsað fyrir því, eða ætlar hann bara að hafa það til þess að kjósa flokk sósíalista?

Svo kemur þessi hv. þm. og segir, að neytendur eigi kröfu á því að fá nægilegar landbúnaðarvörur allt árið um kring, en hann telur ósanngjarnt að fara fram á það, að verkafólk bæjanna fari út í sveitirnar til þess að vinna þar að framleiðslustörfum, og hann telur, að það sé bezt að láta bændur eiga sem allra erfiðast fyrir, en í sömu andránni segir hann, að neytendur eigi kröfu á því að fá nægilegar landbúnaðarvörur allt árið. Það er tilgangslaust að ætla sér að ræða við menn, sem viðhafa slíkan málflutning. En það var eitt atriði í ræðu þessa hv. þm., sem sýnir það, að það er að berast ljósglæta inn í huga hans og að hann muni ef til vill vera að hverfa eitthvað frá villu síns vegar. Það hefur oft komið fram frá sósíalistum, að Ísland væri ekki hæft til þess að stunda þar landbúnað, en þessi hv. þm. sagði hér í gær, að það mætti jafnvel framleiða hér landbúnaðarvörur í samkeppni við önnur lönd. Það er gott, að þessi skoðanaskipti skuli hafa orðið hjá þessum hv. þm., því að það er fyrsta skilyrðið til þess, að við getum lifað hér, að við höfum trú á landinu, og ef þessi hv. þm. er nú búinn að fá trú á landinu, þá er gott til þess að vita, og þess má þá vænta, að hann reyni að útbreiða þessa trú sína.

Hv. þm. sagði einnig, að við mundum geta framleitt hér fisk í samkeppni við England, og ég er honum sammála í þessu, því að fiskimið okkar eru frjórri og betri en flest önnur. Það er ekki landinu að kenna, að við getum ekki látið framleiðslu okkar bera sig, heldur hitt, að við höfum ekki nógu gott stjórnarfar. *(EOl* og *BrB:* Heyr!) Hv. þm. sagði, að árið 1942 hefði landið skaðazt um margar millj. kr. vegna þess, að verðið á kjötinu hefði verið of hátt. Þessi plata er nú orðin gömul, og ég hélt sannast að segja, að hún væri orðin svo slitin, að ekki væri hægt að spila hana lengur. *(BÁ:* Jú, ef skipt er um nál.) Þessi hv. þm. er samt svo þrautseigur, að hann reynir að fá hljóð úr plötunni eins lengi og hægt er. En þetta eru engin rök hjá háttv. þingm., því að sannleikurinn er sá, að kjötverðið 1942 var ekki of hátt. *(EOl:* Já, 10 millj. eru vitanlega ekki neitt). Hagstofan taldi, að bændur þyrftu að fá 3,69 kr. fyrir kg af kjötinu, en þá fengu þeir 3,80 kr. fyrir kg. Þetta munar því ekki nema 11 aurum á kg, og það gerir ekki margar millj. kr., þótt hv. 2. þm. Reykv. leyfi sér að fullyrða það. Það er ekki undarlegt, þótt hv. þm. furði sig á því, að fulltrúar bænda skyldu hækka kjötverðið árið 1942, þegar hann beitti sér fyrir því að hækka grunnkaup um land allt þetta sama ár. Hann mun hafa ætlazt til þess, að bændur og fulltrúar þeirra svæfu þá á verðinum og gerðu ekki neitt, en fulltrúar bænda svöruðu þessum grunnkaupshækkunum á hinn eina rétta hátt, með því að hækka verðið á landbúnaðarvörunum, og það varð til þess, að landbúnaðurinn er nú ekki kominn í auðn, og það er því að þakka, að þessi hv. þm. og neytendur almennt geta nú fengið mjólk og skyr handa sér og sínum börnum. *(EOl:* Viltu ekki senda mér skyr á morgun? Það hefur ekki fengizt síðustu vikur). Forseti hefur ekki gefið mér nema athugasemdartíma, og ég er því búinn að tala mig dauðan sem kallað er. Það er ekki heldur ástæða til þess að tala meira við þennan hv. þm., þar sem hann hefur ekki borið fram nein rök, þótt hann hafi talað um mál, sem ég veit, að hann hefur hæfileika til þess að skilja, en virðist ekki vilja skilja.

Einar Olgeirsson: Herra forseti. — Það er ekki mikil ástæða til þess að svara hv. 2. þm. Rang., það lítið, sem hann sagði af viti, tók hann upp eftir mér, en hitt var þannig, að því er varla hægt að svara.

Það er ekki óeðlilegt, að þessi hv. þm. komi fram með svipaðar skoðanir og þm. þess flokks, sem hann er nú á leið í. Hann talaði um það, hvort sanngjarnt væri, að neytendur ættu heimtingu á því að fá kjöt allt árið um kring, og taldi það fjarstæðu eina.

Ég held, að þegar það eru neytendurnir, sem borga afurðirnar, þá eigi þeir kröfu á því að fá það til sín, og það er engin ósvífni af þeim að heimta það, að kjötið verði heldur selt þeim en að það sé eyðilagt og flutt suður í Hafnarfjarðarhraun eða á haf út eða að það sé selt úr landi fyrir sáralítið verð. Það ætti ekki að vera til of mikils mælzt, þótt þess væri vænzt, að kjötið væri geymt þannig, að hægt væri að selja það einnig að sumrinu. Það er framleitt hér nóg kjöt til þess, að hægt sé að hafa hér nýtt kjöt allt árið um kring, ef það væri ekki eyðilagt eða sent úr landi. Það þyrfti því ekki að láta neytendur vera hér kjötlausa tvo mánuði ársins, og það er engin ósvífni að fara fram á, að það verði ekki gert. Þá var hv. þm. að tala um það, að menn vildu heldur flytja hingað til Reykjavíkur og stunda daglaunavinnu en að vinna að framleiðslunni. Hann gerir ráð fyrir því, að daglaunamenn vinni ekki að framleiðslustörfum. Nú er meira en helmingur landsmanna daglaunamenn, og yfirgnæfandi meiri hluti þeirra vinnur að framleiðslustörfum, en þessi hv. þm. virðist ekki sjá neina framleiðslu aðra en landbúnað og sjávarútveg. Hann heldur, að það sé ekki hægt að framleiða hús, að byggingarverkamenn vinni ekki að framleiðslu. Hann telur iðnaðinn ekki framleiðslu og að ekki sé hægt að framleiða klæðnað o. s. frv.

Ég held, að allir hv. þm., jafnvel hv. 2. þm. Rang., ættu að gera sér það ljóst, að menn þurfa fleira en mjólk, þeir þurfa líka hús og föt og margt fleira, en þessi hv. þm. gerir sér ekki grein fyrir því, að það sé framleitt neitt af þessu.

Það eru sumir menn svo þröngsýnir, að mestu furðu gegnir. Daglaunamenn eru einmitt stærsta stéttin, sem vinnur að framleiðslunni. Þeir menn, sem búa í bröggum hér í Reykjavík, gera það ekki vegna þess, að þeir vilji ekki vera annars staðar, heldur vegna þess, að þeir eiga ekki völ á öðru.... En þessi hv. þm. virtist ekki gera sér grein fyrir því, hvernig þetta fé hefur skapazt. Þeir menn, sem hafa unnið í setuliðsvinnunni, hafa skapað þetta fé, það kemur fram í erlendum gjaldeyri, sem við fáum út á þessa vinnu. Og þeir menn, sem í setuliðsvinnunni hafa verið, hafa því framleitt handa okkur þennan erlenda gjaldeyri á sama tíma og landbúnað-

urinn hefur framleitt vöru til útflutnings, sem þurft hefur að gefa með. En hins vegar hafa þeir, sem í setuliðsvinnunni voru, framleitt gjaldeyri, sem við nú getum notað til þess að endurskapa landbúnaðinn. Þess vegna er það furðulegt, að menn eins og hv. 2. þm. Rang. skuli tala eins og kjánar um svona mál og tala um það með fyrirlitningu, að það skuli hafa skapazt erlendur gjaldeyrir handa Íslendingum á sama tíma og sendar voru vörur út úr landinu fyrir sama og ekkert verð, af því að þeir, sem stjórnuðu kjötmálunum, höfðu ekki vit á *því að tilreiða vöruna þannig, að landsmenn gætu* neytt hennar. Svo var hv. þm. að tala um hátt kaupgjald, það ætlaði allt að drepa. En má ég spyrja: Hvað er lagt til grundvallar í samkomulagi sex manna nefndarinnar? Það er einmitt það, að það átti að tryggja bændum sama kaup fyrir sína vinnu eins og verkamönnum. Hafa bændur þá kvartað yfir því að hafa of hátt kaupgjald? Er hv. 2. þm. Rang. að mótmæla því, að bændur eigi heimtingu á þessu kaupi? Eru það aðalerfiðleikarnir, að bændum eru ætlaðar 14500 kr. í kaup. Þessir menn ættu að athuga betur, hvað þeir eru að segja. Það er alveg sama, hvað hv. þm. Rang. og hv. þm. V-Sk. reyna að snúa út úr því, sem ég var að segja um þá erfiðleika, sem bændur eiga við að etja. Þessir erfiðleikar muna knýja fram meiri vélanotkun í sveitunum. Ég tók það sérstaklega fram, að það væri óæskilegt, að þróunin í vélanotkuninni þyrfti að vera á þennan hátt. En hverjum er það að kenna? Það er þeim að kenna, sem hafa stjórnað þessum málum. Fyrir tveim árum skrifaði verkamannafélagið Dagsbrún þáverandi landbrh., Hermanni Jónassyni, bréf í sambandi við það að reyna að tryggja vinnuafl fyrir landbúnaðinn til nauðsynlegrar framleiðslu. Við þm. Sósfl. fluttum þáltill. 1941 og 1942 um það að skora á stjórnina að taka upp slíka samvinnu við Dagsbrún um þetta. En þessu bréfi Dagsbrúnar var ekki svarað. Hæstv. þáverandi landbrh. virti það ekki svars, þó að 3 þús. manna verkalýðsfélag byðist til að tryggja það, að landbúnaðarframleiðslan gæti fengið nóg vinnuafl. Svona var ofstækið og þröngsýnin hjá þeim mönnum, sem hv. 2. þm. Rang. sver sig í ætt við og er vafalaust að ganga í flokk með. Þess vegna ferst þessum mönnum ekki að tala um erfiðleika landbúnaðarins, það hefur ekki staðið á verkamönnum. En það hefur staðið á þeim forráðamönnum, sem hafa sölsað undir sig völdin yfir þessum aðilum, að hafa samstarf við þá menn, sem hafa getað leyst úr þessum vandamálum. Ég skal svo ekki ofbjóða þolinmæði hæstv. forseta, þó að full ástæða væri til að segja miklu meira.

Sveinbjörn Högnason: Herra forseti. — Ég skal ekki vera langorður. Ég álít ekki rétt, úr því verið er að svara þeim fjarstæðum, sem hv. 2. þm. Reykv. og hans flokksbræður hafa komið með, að láta ýmis ummæli algerlega óathuguð, þó ég telji víst, að það séu gagnvart landbúnaðinum ómagaorð. Hv. 2. þm. Reykv. sagði, að neytendur ættu heimtingu á að fá landbúnaðarvörur, þar sem þeir borguðu þær alveg eins og þeir borguðu þær landbúnaðarvörur, sem ekki séu til. En ég veit ekki til, að neytendur borgi aðrar vörur en þær, sem þeir fá, og ég veit ekki til, að þeir borgi einu sinni það, sem þeir fá, heldur láta þeir ríkið borga þær fyrir sig. Þessir styrkir eru ekki til neins hagræðis fyrir bændur, þvert á móti, þetta verður aðeins til þess fyrir þá, að þeir fá vörurnar ekki greiddar að fullu fyrr en löngu eftir á. En vegna þess að Alþ. hefur gert sér það ljóst, að það er þjóðarnauðsyn að reyna að vinna gegn dýrtíðinni, þá hefur verið farið inn á *þessa braut. En það getur þessi hv. þm. ekki skilið.* Fulltrúar bænda hafa ekki einblínt á sinn hag, eins og ljóslega hefur komið fram nýlega, þar sem þeir hafa boðið fram það, sem þeim bar samkv. l., og það á sama tíma og þessi hv. þm. telur það lífsskilyrði fyrir verkamenn að heimta meira og meira, þó að þjóðfélagið þoli það ekki, og það þýði ekkert annað en atvinnuleysi, tjón, skaða og skömm fyrir alla, sem að því standa. Það er þess vegna alveg víst, að neytendur hafa alls ekki borgað allar þær vörur, sem þeir hafa fengið, hvað þá meira, þar sem það opinbera borgar verulegar upphæðir til þess að halda verðinu niðri fyrir neytendur. En heimti neytendur að fá nægar landbúnaðarvörur, verða þessir sömu menn að viðurkenna, að bændur eiga heimtingu á að fá nógan vinnukraft. Hins vegar ætla ég, í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, að lýsa því sem minni skoðun sem fulltrúa bænda hér á þingi, að ef sú þröngsýni á að koma fram gegn fórnarvilja bænda, að fulltrúar verkamanna heimta meira og meira fyrir sig, hlýtur sú krafa að koma fram, að ekki sé lengur verið að lögbinda verðlag landbúnaðarvara, og að bændur fái sama rétt um það að mega hafa óbundnar hendur um verð á framleiðslu sinni og aðrar stéttir, þangað til allir eru komnir í sama fenið. Því að verkamenn heimta ekki einungis að fá að hafa óbundnar hendur um kaupið, heldur standa þeir í stöðugum verkföllum til að fá hærra verð fyrir sína vinnu. *(BrB:* Ég er sammála hv. þm.). Það er náttúrlega gott að eiga von á þeim stuðningi, það hefur venjulega ekki verið stuðnings að vænta frá þessum hv. þm. í þessum efnum. En það virðist vera, að hv. þm. óski eftir því, að hrunið komi sem fyrst, ef hann ætlar að styðja ríkisstj. til þess að dýrtíðin geti aukizt enn hraðar næstu mánuði en nokkru sinni fyrr. Enda vita það allir, sem þekkja hann, að hann vill það.

Þá sagði hv. 2. þm. Reykv., að landbúnaðarvörurnar hefðu verið keyptar eingöngu fyrir það, að hægt hefði verið að nota til þess nokkurn hluta af gjaldeyri, sem setuliðsvinnan hefði skapað, og þess vegna hefði verið hægt að veita þessa ölmusu til bænda. Hvers konar málfærsla er þetta? Hvar væri þessi gjaldeyrir og hvar væri líf þessara manna, ef þeir hefðu ekki fengið matvæli? Það, að hægt hefur verið að skapa erlendan gjaldeyri, er vitanlega fyrir það eitt, að bændur hafa getað, með miklu erfiði vitanlega og þrátt fyrir það að þá vantaði vinnuafl, framleitt matmæli handa þeim, sem stunduðu setuliðsvinnuna. Þetta er svo augljóst mál og

rétt, að ég sé, að hv. 5. þm. Reykv. getur ekki á það hlustað og gengur burt.

Þá var hv. 2. þm. Reykv. að tala um það, hvílíkt geysilegt miskunnarverk þeir hefðu unnið bændastéttinni í sex manna n., en þeir áttu einn mann í henni, sem kunnugt er. Ég heyri sagt, að nú eigi að fara að skapa nýja sex manna n. (ríkisstj.) og þar eigi að vera 2 kommúnistar, og það má nærri geta, hverjir það verða í þessari sex manna n., sem bjarga föðurlandinu. Þó að þessi einj kommúnisti í sex manna n. léti til leiðast að samþ., að bændur skyldu fá 14500 kr. árslaun, þá hafa þeir á allan hátt reynt að torvelda það, að bændur gætu fengið það, sem þeim var lofað. Þegar átti að koma til framkvæmdanna, hafa fulltrúar kommúnista stuðlað að því, að bændum væri ómögulegt að fá það, sem þeim bar, 14500 kr. árslaun, þar sem vörurnar hafa selzt miklu lægra verði á erlendum markaði en áætlað var. Þá talaði hv. 2. þm. Reykv. um það, að það væru miklir erfiðleikar í sveitunum, og nú ætti að fara að umskapa sveitirnar, og hann gaf um það fyrirheit á síðasta fundi á Alþ. Hann var nú að reyna að breiða yfir þau ummæli sín með því að segja, að erfiðleikarnir hefðu verið skapaðir af okkur fulltrúum bænda á undanförnum árum. Ég verð nú að segja það, að ég er alveg sammála honum um þetta, að þeir erfiðleikar, sem nú er við að stríða í sveitunum, eru að miklu leyti okkur að kenna eða þakka, sem höfum á undanförnum árum starfað fyrir bændur. Ef þetta starf hefði ekki verið lagt fram, væru engir erfiðleikar í sveitunum, því að þar væri þá allt komið í auðn. Hv. 2. þm. Reykv. veit það vel, að hefði ekki verið haldið uppi öruggri málsvörn fyrir sveitirnar og barizt fyrir mörgum framkvæmdum, með þeim árangri, sem orðið hefur, að þrátt fyrir það, þó að fólkinu hafi fækkað í sveitunum, hefur framleiðslan aukizt, og véltækni er víða notuð, þá væru íslenzkar sveitir nú komnar í auðn. Það er því rétt, sem hv. 2. þm. Reykv. var að tala um, að þessir erfiðleikar mundu ekki vera til, ef þessari löggjafarstarfsemi hefði ekki verið haldið uppi hér á hæstv. Alþ.

Skúli Guðmundsson: Ég skal ekki lengja þessar umr. En það er aðeins eitt atriði í ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem ég vildi ekki láta ómótmælt. Hann hélt því fram í sinni ræðu, að ríkissjóður greiddi verðuppbætur á kjöt, sem hefðj skemmzt og hefði verið fleygt, og jafnvel skildist mér á honum, að neytendur yrðu að greiða fyrir þessa vöru. Þetta er vitanlega tilhæfulaust með öllu. Ríkissjóður borgar engar uppbætur á þá vöru, sem skemmist og ekki er söluhæf og verður að fleygja, og enginn einstaklingur hefur heldur greitt svo mikið sem einseyring fyrir þessa vöru.

Sigurður Guðnason: Hv. 2. þm. Rang. og hv. þm. V.-Sk. hafa haldið því fram, að ég teldi, að hátt kaup eingöngu væri trygging fyrir góðri afkomu. Ég álít, að það geti oft verið svo, að það sé ekki aðalatriðið, að lítið sé borgað fyrir hlutina, heldur hitt, hvað mikil afköst fáist fyrir kaupið. Þetta virðist hafa komið við þá, því að þeir hafa báðir tekið þetta sem aðalrök á móti því, sem ég sagði. En viðvíkjandi fólkinu í „bröggunum", að það hafi komið hingað vegna þess, hvað hér er góð afkoma, þá vil ég segja það, að ég álít, að þeir menn, sem alltaf eru að öfunda fólkið hér á mölinni, mundu ekki öfunda það, ef þeir yrðu að búa við sömu kjör og það. Hitt er annað mál, að verkamenn hafa samið við atvinnurekendur um kaup og kjör, um þau kjör, sem þeir hafa komizt að samkomulagi um. En sveitamenn hafa hins vegar aldrei samið við þessa verkamenn. Þó að það hafi komizt til tals hjá Alþýðusambandinu og Búnaðarfélaginu að semja um kaup og kjör í sveitavinnu, þá hafa fulltrúar bænda aldrei verið tilbúnir til að semja við verkamenn. Hv. þm. V.-Sk. sagði, að neytendur borguðu ekki einu sinni þær vörur, sem þeir fengju sjálfir. En mig langar til að spyrja. Eftir afurðasölul. er ákveðið, að nýmjólk, hvort sem hún er seld, geti borgað hlutföllin í þeirri mjólk, sem unnin er, og hvert smjörpund, sem framleiðendur flytja heim til sín. Þetta er sama sem það, að neytendur hér í Reykjavík borgi hluta úr því, sem framleiðendur sjálfir nota. Ég er því tilbúinn að greiða atkv. með því, að afurðasölul. verði lögð niður, svo að framleiðendur verði frjálsir með þessar vörur og sjái þá, hvar þeir eru komnir.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Símastöðin í Vestmannaeyjum.

Á 66. fundi í Sþ., 20. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um stækkun símastöðvarinnar í Vestmannaeyjum (A. 518).

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar, en flutt var brtt. á þskj. 566.

9. Brúargerðir á nokkur stórvötn.

Á 67. fundi í Sþ., 24. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um brúargerðir á nokkur stórvötn (A. 540).

Á 68. fundi í Sþ., 30. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 71. fundi í Sþ., 6. des., var till. aftur tekin til fyrri umr. (A. 540, 556, 568, 569, 574, 590, 595, 599).

Flm. (Jónas Jónsson): Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta langt mál. Grg., sem fylgir málinu, skýrir sig sjálf.

Ég hef rætt um þetta við nokkra verkfræðinga, sem hafa unnið að brúargerð fyrir landið. Og í raun og veru hef ég í samráði við þá komizt að þeirri niðurstöðu, að það væri vinnandi verk að taka nú skorpu og brúa á nokkrum árum þær stórár, sem fram að þessu hefur verið gengið framhjá.

Nú hafa aðrir komið með till. um fleiri ár, sem flestar má telja nauðsyn að brúa. Tvær til þrjár þeirra eru þó smáár, sem falla ættu undir venjulegar brúarframkvæmdir. Ég geri ráð fyrir því, að í þessum till. verði ekki teknar aðrar brýr en þær, sem væru 50 metrar og þar yfir og mikil nauðsyn væri að taka.

Ég geri ráð fyrir, að þessu máli verði það vel tekið, að því verði vísað til n. ásamt þeim brtt., sem þegar eru fram komnar. Síðan ræðst það, hvort hæstv. Alþingi og ríkisstj. vilja ekki gera eins konar 5 ára áætlun. Mér sýnist sú áætlun gæti vel fallið inn í þá stóru áætlun, sem framkvæma á að öðru leyti.

Páll Zóphóníasson: Herra forseti. — Ég hef flutt brtt. við till. þá, sem hér liggur fyrir á þskj. 540. Hún er á þskj. 568. Ég hef bætt þar við, ásamt hv. þm. S.-M., nokkrum brúm, sem við teljum að eigi að koma inn í þessa áætlun, ef hún verður samþ.

Það má deila um það, hvað séu stórbrýr og hvað ekki. Ég tel, að tvær brýr í aðaltill. séu ekki stórbrýr. Og í minni till. eru tvær, sem eru ekki heldur stórbrýr. En ég tel það aukaatriði, og enginn getur úr því skorið, nema binda sig við eitthvað, t. d. ákveðið vatnsmagn. En það liggur hér ekki fyrir. Ég óska þess, ef þessi till. verður samþ., þá nái mín einnig fram að ganga. Ég nefni fimm brýr í N.-Múlasýslu af 14, sem eftir er að byggja. Ég tel þær eigi ekki allar að koma þarna hjá, þótt sumra þeirra sé meiri þörf en þessara, en þær eru allar minni. Miðað við eðlilega brúaþörf í landinu, tel ég, að ein brúin í till. sé aftarlega í röð þeirra, sem byggja skal í náinni framtíð. En ég vænti, að brtt. verði samþ., því að þegar farið er að gera áætlun um þetta, verður að taka þær með. Þó að við tækjum 3 brýr á ári til að vinna að í Norður-Múlasýslu, hefðum við nóg í 5 ár, þótt þessar séu þar fyrir utan.

Forseti (GSv): Sá háttur mun hafður á þessu máli, að umr. verður frestað og málinu vísað ásamt brtt. til n. Og þurfa þm. því ekki að mæla fyrir till. meir en þeim virðist nauðsyn á.

Ingólfur Jónsson: Ég get orðið við ósk hæstv. forseta og verið stuttorður. Ég hef flutt tvær brtt., önnur er um, að bætt verði við einu stórfljóti, Tungnaá, þar sem hún fellur í Þjórsá. Nú er bílfær vegur frá Galtalæk upp að Tungnaá, og þaðan mundi vera bílfært upp að Fjórðungakvísl sunnan við Sprengisand. Ef brú væri komin á Tungnaá, mundi Fjórðungakvísl ekki lengi verða farartálmi úr því, og gert mundi verða við það, sem þarf á nokkrum stöðum á Sprengisandsvegi. Og væri þá von bráðar kominn bílvegur milli Suðurlands og Norðurlands. Þessi stórbrú er aðalatriðið í þeirri vegagerð. Brúin yrði ekki eins löng og dýr og ætla mætti eftir vatnsmagni að dæma, því að Tungnaá rennur þarna í þröngu gljúfri, og brúarstæði má teljast gott. Vegamálastjóri hefur athugað brúarstæðið og hefur áhuga á málinu.

Ég veit, að margur mun segja, að fyrst beri að keppa að því að byggja brýr í byggðum, en síðar í öræfum. Og er mikið satt í því. En hér er undantekning, því að Tungnaárbrú mundi tengja saman landsfjórðunga. Þegar málið kemur fyrir n., verður þessari till. vitanlega vísað til vegamálastjóra, og mun hann segja álit sitt, hvort eigi muni rétt að taka þessa brú í áætlun þessa, ef gerð verður.

Þá hef ég flutt aðra brtt. á þskj. 574 við brtt. frá hv. 1. þm. Rang. Hann lagði til, að Þverá skyldi brúuð móts við Þykkvabæ, en það var málvilla, því að áin heitir þar Djúpá eða Hólsá. Og er það leiðrétt í annarri brtt. En í brtt. minni er lagt til, að brúin sé sett hjá Ártúni eða öðrum þeim stað, þar sem hún kemur að beztum notum og brúarstæði er álitið bezt. Um þessi brúarstæði er margt búið að ræða. Verkfræðingar hafa skoðað staðina, og þeim hefur ekki litizt á brúarstæði móts við Þykkvabæ. Þeim hefur ekki heldur litizt alls kostar vel á brúarstæði ofan við Ártún, en öllu betur niður frá Ártúni fyrir neðan Djúpós eða einhvers staðar eigi langt þaðan. Ef brtt. mín er samþ., ætti að vera tryggt, að bezta brúarstæðið verði valið. Og er þá að sjálfsögðu alls ekki útilokað, að brúin verði móts við Þykkvabæ, þar sem hv. 1. þm. Rang. vill hafa hana.

Eiríkur Einarsson: Ég á enga brtt. við frumtill., en vildi láta í ljós, að ég harma, að slík skrípaaðferð skuli höfð við svo mikið málefni sem áætlun um gerð stórbrúa er. Samkv. brúarl. er ákveðinn mikill fjöldi brúa, sem bíða eftir fjárveitingum og framkvæmdum. Ég vil ekki segja, að eigi þurfi að breyta brúarl. eftir nýrri þekkingu og þörfum. En í till. á þskj. 540 er talað um 5 ára áætlun um byggingu stórbrúa eins og brúarl. væru ekki til eða sú aðferð að gera lög um þetta efni væri úrelt. Með því að hafa þetta aðeins þáltill. og flytja hana í Sþ. er fyrir girt, að brúin geti komið til athugunar í samgmn., heldur verður að vísa henni til fjvn. eða allsh.n.

Mér þykir það mjög að fara aftan að siðunum að taka upp þessa hætti. Það væri allt annað mál, ef

verið væri með góðum og gildum l. að knýja fram nauðsynlegar framkvæmdir eins og t. d. brúargerðir á eitt eða tvö fljót, sem ekki mættu bíða, og sjá, hvort Alþ. gæti ekki fallizt á það. Hitt, að rita upp heilar syrpur til áréttingar brúarl., er mér alveg óskiljanlegt. Þær brýr, sem brúarl. ákveða, að gerðar verði á stórár, en ekki eru nefndar í þáltill., eiga þá kannske ekki rétt á sér, kannske það eigi að sjá til þess, að fólk komist þurrum fótum yfir stór fljót, eins og Ísraelslýðurinn í fyrndinni? Ég vil skjóta því til þeirrar hv. n., sem fer með þessa till., að hún athugi þetta málefni rækilega, og ég vona, að n. komist að þeirri niðurstöðu, þótt málefnið í sjálfu sér sé hið merkilegasta, þá sé formið svo afkáralegt, að það geti ekki staðizt að neinu leyti, og þó að ég verði til þess að fordæma þetta form, eins og ég hef lítillega drepið á, þá leiðir það til þess, að ef taka á þetta í alvöru og afgreiða þetta mál, koma auðvitað margar brýr við síðari umr. til viðbótar til þess að minna á, að enn eru margar ár óbrúaðar. Ég vildi aðeins segja þessi almennu orð um brtt., sem ég játa, að eru komnar fram í góðu skyni og sem afleiðing þáltill.

Þegar farið verður að ræða málið nánar af hv. n., þá vildi ég óska þess, að hv. n. líti á það frá líku sjónarmiði og ég hef hér drepið á og afgreiði heildartill. einnig í samræmi við það, að ekki er verið að rjúfa ákvæði brúarl. með nýrri niðurröðun á brúarframkvæmdum, enda má ætla, að það sé öllum ljóst, að fyrst verður að byggja þær brýr, sem nauðsynlegastar eru, en láta ekki handahóf ráða. Hér sýnist vera losað um reipin í stað hins, að þetta mikla mál sé tekið föstum tökum og haldið örugglega til framkvæmda.

Jón Sigurðsson: Þær till., sem hér liggja fyrir, má nánast skoða sem yfirlýsingar frá þm. um, hvaða ár þeir telji nauðsynlegt að brúa í þeirra kjördæmum. Það er í raun og veru ekki nema eðlilegt, að till. eins og þessar komi fram, þótt ekki sé nema að litlu leyti tekið tillit til óskanna, sem á bak við liggja, vegna þess að fáir eru svo kunnugir um allt land, að þeir geti sagt til um það, hvar þörfin er mest. Sannast hér sem oftar, að sá veit gerst, hvar skórinn kreppir að, sem hefur hann á fæti. Þess vegna er eðlilegt, að við þm. Skagf. og aðrir komi fram með óskir okkar um rannsókn á þessum málum.

Þær tvær brýr, sem hér er um að ræða og við óskum eftir, að verði teknar í tölu þeirra brúa, sem byggja skal á næstu árum, er brú á Jökulsá eystri og á Norðurá í Skagafirði. Eins og mörgum mun kunnugt, þá eru Héraðsvötnin brúuð undan Völlum. Alla leið þaðan og fram í jökul er engin brú, eða á Jökulsá austari. Þetta stórvatn sker í sundur héraðið þar fyrir framan. Þessi till. er því fram borin til þess að tengja saman byggðina austan Héraðsvatna og vestan, svo að héraðsbúar hafi fullt samband sín á milli. Á þessari leið eru að vísu tvær kláfferjur til bjargar gangandi fólki. Brúin á Norðurá á að koma skammt frá póstleiðinni, þar sem hún liggur um Silfrastaðafjall upp Öxnadalsheiði. Brúarstæði mun vera þar sæmilegt, og þegar sú brú er komin og brúin á Jökulsá austari, tengja þær saman byggðina austan Héraðsvatna og vestan í eina framsveit. Eins og sakir standa, verða mjólkurbifreiðir, sem aka fram í dalinn, að snúa við aftur. Með þessum brúm opnast möguleikar á því, að ekki þurfi að snúa aftur, heldur megi fara hring, ofan í byggðina hinum megin og taka mjólkina á allri leiðinni og fara með hana til Sauðárkróks, og yrði það mikill sparnaður. Með fyrirhugaðri stækkun mjólkursvæðisins í Skagafirði er slíkur akstur nauðsynlegur. Þetta mun því létta stórkostlega fyrir aukinni mjólkurframleiðslu í héraðinu og verða getbreytandi fyrir byggðina að ýmsu leyti.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að mæla fyrir þessu frekar. Ég hygg, að þessi rök nægi til þess að sýna fram á nauðsyn þessa máls.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Kaup á Fríkirkjuvegi 11 í Reykjavík.

Á 68. fundi í Sþ., 30. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um, að ríkið kaupi húseignina nr. 11 við Fríkirkjuveg í Reykjavík (A. 583).

Á 71. fundi í Sþ., 6. des., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Fyrir nokkrum árum var töluvert um það rætt á Alþ. að kaupa þetta hús, sérstaklega vegna væntanlegs ríkisstjóra- og forsetaheimilis. Skömmu áður hafði deild úr góðtemplarareglunni eignazt það með góðum kjörum og þó leigt það öðrum, að mestu leyti ríkinu. Aldrei hefur orðið samkomulag um það með templurum, hvort þeir gætu notað það fyrir sitt aðalheimili, og þess vegna hafa þeir ekki lagt í mikinn kostnað í því skyni, en þó gert nokkrar umbætur og nota það nokkuð nú um stund. Þeir eru jafnþurfandi fyrir aðalheimili eftir sem áður. Mælir nú margt með því, að ríkið eignist húsið, eins og rakið er í grg., sérstaklega það, að þá ætti ríkið eða gæti auðveldlega átt lóðirnar þaðan með Fríkirkjuvegi og Lækjargötu allt norður fyrir Arnarhól. Næst norðan við Fríkirkjuveg 11 og Kvennaskólann stendur gamalt íshús, sem verður ekki haft þar til eilífðar, og getur ríkið þá eflaust fengið ráð yfir þeirri lóð. En nú mun vera nokkuð fast sótt af erlendum aðila að kaupa Fríkirkjuveg 11, og ef úr því yrði, mundu þau eignarráð verða varanleg og mundi ekki þykja henta að taka eignina aftur með eignarnámi, eins og nú væri hægt. Ef húsið verður þannig selt, má

búast við, að skrifstofur ríkisins verði að víkja þaðan, og er ekki að vita, hve mikill kostnaður af því hlytist. Þess vegna hygg ég, að ekki sé umtalsmál, að Alþ. eigi að samþ. þessa till. og vera ekki smásýnna en það var 1931, þegar það heimilaði að kaupa fyrir ½ milljón kr. lóðina milli Laugavegs og Amtmannsstígs. Þessi lóð, sem keypt var einungis til framtíðarnota og hefur ekki enn orðið ríkinu nema til skaða, þótti of mikilsverð til að sleppa henni. Ég legg til, að þessi eign verði einnig tryggð íslenzka ríkinu fyrir framtíðina.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 26 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PO, SB, SÞ, SkG, StJSt, SvbH, ÁkJ, ÁÁ, BG, EmJ, EystJ, FJ, GÞ, GJ, GÍG, HelgJ, IngJ, IngP, JJós, JPálm, JJ, JörB, LJós, PZ, ÞÞ, GSv.

SigfS, SG, StgrA, ÞG, ÁS, BrB, EOl, JakM greiddu ekki atkv.

18 þm. (SEH, SK, ÞÞ, BSt, BÁ, BBen, EE, GG, GTh, HG, HermJ, JS, KA, LJóh, MJ, ÓTh, PHerm, PM) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til fjvn. með 30 shlj. atkv.

Á 82., 83., 86., 87., 88. og 89. fundi í Sþ., 9., 15., 24., 26. og 30. jan., var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 90. fundi í Sþ., 2. febr., var till. enn tekin til síðari umr. (A. 583, n. 768).

Frsm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Þetta mál lýtur að því, að haldið verði áfram þeirri stefnu, sem tekin var upp fyrir 14 árum, að ríkið keypti nokkrar lóðir við Lækjargötu og þar í grennd.

Nú stendur þannig á, að húsið Fríkirkjuvegur 11 fór nýlega úr einkaeign og komst þá í hendur templara, en hefur síðan verið leigt ríkinu. Þegar hið æðsta vald var flutt inn í landið, kom til mála að kaupa þetta hús fyrir ríkisstjórabústað, og hefði orðið, ef Bessastaðir hefðu ekki boðizt með þeim hætti sem kunnugt er.

Nú álít ég það samt sem áður æskilegt, að ríkið eigi þessa lóð. Ég tala um það fyrst og fremst sem lóð, þar eð þetta er timburhús, sem innan tíðar gengur úr sér. Ríkið á nú lóðir þarna í nágrenni, og væri æskilegt, að það gæti eignazt sem flestar. Nú er þessi lóð auðvitað allmiklu dýrari en hún var, þegar hún var síðast seld, en við því er ekkert að segja.

Fjvn. hefur ekki þótt rétt að orða till. eins ákveðið og gert var í upphafi. Það er lagt á vald ríkisstj. að gera þessi kaup, ef viðunandi samningar takist. En mér virðist, að þótt n. hafi nú kannske ekki fé aflögu til þessara kaupa, þá liggi ekkert á að gera þau, einungis ef það er ákveðið, að það skuli gert í framtíðinni.

Það getur verið freisting fyrir templara að selja einhverjum þetta nú þegar, og þegar þess er gætt, að nú vilja margir leggja fé í fasteignir, virðist nokkur hætta á, að þessi lóð lendi nú í einstaklings eign aftur og þar með missi ríkið húsnæði, sem það hefur haft fyrir skrifstofur.

En ég þekki af eigin reynslu, síðan ég var í bæjarstjórn, að bærinn á mjög erfitt með að fá lóðir. Til dæmis gekk illa að fá lóð undir hina fyrirhuguðu ráðhúsbyggingu, og nú mun bærinn vera að hugsa um að reisa skrifstofubyggingu á mjög leiðinlegum stað.

Enn fremur mun nú vera nokkur hætta á, að þessi eign verði seld útlendingum, ef ekkert er að gert. Svo mun þó háttað, að mörgum í reglunni er húsið ekki útfalt. Þeir hafa lagt mikið á sig til að eignast það, en samt mundu þeir helzt kjósa, að það færi til ríkis eða bæjar, ef það yrði selt, og þeir mundu þá ekki gera það að neinu skilyrði, að kaupin yrðu gerð strax, einungis ef það væri tryggt, að þau yrðu gerð af þessum aðilum.

Ég vænti, að þessu verði vel tekið af hæstv. ríkisstj., sem hefur miklar ráðagerðir að ýmsu leyti, en læt nú þessi orð nægja að sinni.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég hefði fyrir mitt leyti verið því fylgjandi, að ríkið keypti þessa húseign. Það átti kost á henni fyrir skömmu á 136 þús. kr. Þá var háttv. flm. þessarar till. erlendis, að öðrum kosti hefðu þessi kaup þá verið gerð, ef að líkum lætur. Ég sjálfur gat þá ekki beitt mér fyrir þessu máli, þar eð ég er sonur þess manns, sem átti eignina.

En þótt ég hefði getað aðhyllzt kaup á þessari eign fyrir lágt verð, þá er ekki víst, að ég fallist á að kaupa hana á 1½ millj. kr., og mun hún þó vart föl við því verði. Ég álít, að þeir hugsjónamenn, sem réðust í að kaupa þessa eign, eigi mestan rétt á henni — og þeir einir.

Ég er hins vegar ekki viss um, að síðar kunni ekki að verða álitið, að óhyggilegt hafi verið að slá þessum kaupum frá, en allt um það er ég ekki reiðubúinn að greiða atkvæði með því að kaupa á þessu verði. Ég held, að þeir, sem nú eiga eignina, eigi að eiga hana á meðan þeir ekki, af fúsum vilja, kjósa að láta hana af hendi. Þetta er mín skoðun sem alþingismanns. Sem utanrrh. vil ég segja það, að ég dreg mjög í efa, að það sé talin eðlileg ráðstöfun þeirrar samkundu, sem í mörg ár hefur átt kost á að kaupa þessa eign fyrir lítið af því, sem nú á að borga fyrir hana, að hún taki frumkvæðið að því að kaupa eignina með þeim rökum einum, að umboðsmaður vinnuveitenda þjóðarinnar vilji kaupa hana.

Ég tel því vel farið, að ef meiri hl. hæstv. Alþ. leikur hugur á að kaupa eignina, yrði þetta mál ekki útkljáð í dag, en rætt betur á þeim vettvangi, sem við getum hispurslaust talað um öll drög málsins. Mun ég svo greiða mitt atkv. eins og ég hef gert grein fyrir.

Ég met þá tilhneigingu, sem fram kemur í till. hv. þm., að geyma ríkinu til handa verðmæta eign, sem ég álít, að það ætti að eiga, en tel utanrrh.

skylt að óska eftir frekari viðræðum við hv. þm., og þá á öðrum vettvangi, áður en endanleg ákvörðun verður tekin.

Vildi ég svo óska, að ekki færu fram um þetta langar sérstakar umr. að þessu sinni.

Forseti (GSv): Hæstv. forsrh. hefur óskað eftir því, að málið yrði ekki öllu meira rætt á þessum vettvangi. Vil ég beina þeirri áskorun til þeirra hv. þm., sem taka til máls, að vera sem allra stuttorðastir.

Sigurður Kristjánsson: Herra forseti. — Ég hef skrifað undir nál. með fyrirvara, en eins og hv. flm. tók fram, hef ég ekki gefið út sérstakt nál., en það stafar af því, að ég er sammála hv. flm. um það, að mjög sé æskilegt, að ríkið eða Reykjavíkurbær eignist þessa lóð með það fyrir augum að byggja þar myndarlegt hús, helzt mjög glæsilega byggingu, vegna staðarins, sem húsið stendur á, en ekki vegna hússins sjálfs, því að það er gefinn hlutur, að ef Reykjavíkurbær kaupir eignina, mundi það verða til þess að setja þar niður annað hús eða breyta þessu húsi mikið, vegna annarra nota, og hefur reynzt ærið kostnaðarsamt að breyta byggingum til nýrra nota.

Af þessum ástæðum hef ég ekki farið að kljúfa n., en lét mér nægja að skrifa undir nál. með fyrirvara.

Ég vil taka það fram, að ég hef verið á þingi áður, þar sem talað hefur verið um kaup á þessari eign. Þegar við höfðum þarna skrifstofur S.Í.F., var þeim félagsskap boðin þessi eign til kaups. Var gert ráð fyrir, að hún mundi kosta okkur svo sem 160 þús. kr., en ég taldi það tilboð um að gefa okkur eignina, því að hún átti að greiðast í 6% greiðslum á 30—40 árum, og voru það taldir mjög hóflegir vextir þá. Sótti ég þá fast, að þessi félagsskapur keypti eignina með þessum vildarkjörum, en lenti þar í minni hl. Mun það vera svo, eins og ég held, að hæstv. forsrh. hafi tekið fram, að ríkið hafi síðar átt kost á því eins og aðrir að fá eignina fyrir þetta fé, en hafi aldrei sýnzt að notfæra sér það. Nú fór samt sem áður svo, að það fundust nógu hyggnir menn til að kaupa þessa eign. Mér er ekki enn þá ljóst, hverjir eru eigendur þessarar eignar nú. Í grg. segir, að góðtemplarareglan eigi hana, en hvort það er reglan í heild, einstakir menn úr henni eða einstaka deildir liggur ekki ljóst fyrir, og það er erfitt að tala um seljendur, meðan maður ekki veit, hver seljandinn er.

Það, að ég get ekki greitt atkv. með þessari till., er í fyrsta lagi af því, að hún er þannig orðuð, að hæstv. ríkisstj. mundi geta ráðið því sjálf, hvort hún keypti eða ekki, því að ef eignin fæst með viðeigandi samningum, verður að sjálfsögðu að meta þessa lóð, og það gæti máske orðið 1½ millj. kr., sem e. t. v. þætti nokkuð mikið fé fyrir eina lóð, þótt falleg sé, einkum þegar við það er miðað, að eignin hefur staðið til boða fyrir ekki neitt fyrir fáum árum.

Í öðru lagi, ef reglan er orðinn eigandi og verður seljandi að eigninni, er ég ekki viss um, að komizt verði hjá svikum í kaupunum, því að þar sem þessir menn koma inn einum fingri, hafa þeir getað komið inn allri hendinni, og er lítið við það, að hið opinbera ljái þeim nokkurs fangs á sér, því að mér finnst þeir mjög ágengir við okkur í fjvn. og vilji nota sína aðstöðu til að þoka sínum hagsmunum áfram.

Mun ég af þessum ástæðum ekki greiða atkv. með till., enda þótt mér hefði þótt æskilegt, að annaðhvort ríkið eða Reykjavíkurbær hefði átt lóðina, til þess að geta reist þar virðulega og fallega byggingu.

Sigurður Bjarnason: Herra forseti. — Ég er sviparðar skoðunar og hv. flm. um það, að æskilegt sé, að opinber aðili, ríkið eða Reykjavíkurbær, eigi í framtíðinni að eiga þá lóð, sem um ræðir í þessari till.

Ég hef þess vegna ekki af þeim rökum, sem fram hafa verið færð í þessu máli nú, getað sannfærzt um það, að brýna nauðsyn beri til, að ríkið fari að taka á sig milljónaútgjöld í þessu sambandi.

Meginröksemdir hv. flm. eru tvær. Í fyrsta lagi, að hætta sé á því, að þessi glæsilega húseign á þessum fallega stað muni lenda í braski, og í öðru lagi, að hætta sé á því, að einhver ótiltekinn erlendur aðili muni komast yfir hana. En mér finnst hér skjóta nokkuð skökku við hjá hv. flm., þar sem hann annars vegar ræðir um það í grg. till. á þskj. 851, hve merkilegur og þjóðnýtur aðili eigi hér hlut að máli, þ. e. templarafélagið, en hins vegar vill hann svo, að þeir selji húsið ofan af sér.

Ég held, að ef það er þannig, sem ég efast ekki um, að reglan, sem á húsið, eða einstakir menn innan hennar, starfar á jafnvíðsýnum grundvelli og þar er gefið í skyn, þá sé mjög óvarlega ályktað hjá hv. flm. að telja svo mjög mikla hættu á því, að þeir menn láti þessa glæsilegu eign lenda í braski, og ég álít, að hv. þm. verði beinlínis að telja þann möguleika mjög fjarlægan, að hin virðulega stofnun, sem á þetta hús, fari að braska með það. Þessi stofnun hefur notið ríkisstyrks um langt skeið, og ég held, að það mundi ekki þykja heiðarlegt af reglunni, sem komizt hefur nú yfir þessa ágætu eign, að fara í gróðabrall með hana. Ég er viss um, að reglan mundi við það bíða mikinn hnekki meðal almennings í landinu, ef hún færi út á slíka braut, og er þó svo að sjá, sem hv. flm. sé sannfærður um, að þetta sé yfirvofandi og núverandi eigendur hússins muni ætla sér að leggja á næstunni út í mjög varhugavert gróðabrall með þessa eign.

Ég er því þess vegna mótfallinn, að hæstv. ríkisstj. verði heimilað að gera jafnlítilmannlega og raunar heimskulega ráðstöfun.

Þá kem ég að öðru atriði þessa máls, og það er fjárhagsleg hlið þess. Hæstv. forsrh. lýsti yfir því, að um það hefði verið rætt að selja húseignina við Fríkirkjuveg 11 fyrir 1½ millj. kr., og ef ríkið færi að kaupa hana nú, yrði það að greiða það verð fyrir hana. Ég vil benda á, að það er ekki eingöngu þetta fé, sem hæstv. ríkisstj. mundi koma til kostnaðar, ef till. yrði samþ., því að jafn-

hliða því, að hv. flm. flytur þessa till. um að heimila ríkisstj. að kaupa þessa eign, flytur hann aðra till., sem er líkleg til þess að geta kostað ríkissjóð annað eins eða jafnvel meira. Þessi till. á þskj. 851 fer sem sé fram á stuðning til handa templurum, og er sú till. afleiðing hinnar fyrri. Þegar ríkið er búið að kaupa Fríkirkjuveg 11 fyrir 1½ milljón kr., á það að fara að byggja fyrir templara. Þá eru þeir komnir svo á vonarvöl, að ríkissjóður verður að hlaupa undir bagga með þeim og byggja yfir þá. Við vitum, hvað myndarleg fundarhúsbygging kostar nú á tímum í þessari borg. Ég vil benda á, að afleiðing þess að fylgja till. hv. þm. S-Þ. í þessum efnum, mundi verða a. m. k. 3 millj. kr. útgjöld fyrir ríkissjóð.

Þetta er atriði, sem einnig verður að líta á í þessu sambandi.

Aðferðin er einkennileg út af fyrir sig, og mætti um hana fara nokkrum orðum, en ég vil þó ekki gera það tímans vegna.

Skal ég svo ekki fara um þetta fleiri orðum, en legg til, að þetta mál verði betur athugað, áður en þær till. hljóta samþykki, sem fram eru bornar af hv. þm. S-Þ.

Frsm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Ég mun, ekki sízt út af ræðu hv. þm. N-Ísf., gera mér far um að koma því til leiðar, að mál þetta verði að lokum rætt á opnum fundi, því að mér sýnist koma fram straumar, sem ástæða sé til að athuga.

Umr. frestað.

Á 91. fundi í Sþ., 6. febr., var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

11. Fjórðungsspítalar.

Á deildafundum 7. des. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um fjórðungsspítala á Akureyri, Ísafirði og í Múlasýslum (A. 624).

Á 75. fundi í Sþ., 13. des., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Sþ., 15. des., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég hef leyft mér að hreyfa þessu máli í þáltill., af því að það hefur gengið nokkuð seint fyrir Alþ., sérstaklega Nd., að komast að niðurstöðu, hvernig ætti að haga þessum málum. Eins og ég tek fram í grg., hefur Akureyrarspítali í raun og veru verið landsspítali frá því um aldamót. Á síðustu árum hefur þetta verið mjög áríðandi, því að í vissum veikindatilfellum hafa menn leitað þangað hvaðanæva. En spítalinn er gamall og nú úreltur, þó að hann væri góður einu sinni. Og það er eiginlega engin hugsanleg leið til að komast hjá því að endurbyggja þennan spítala.

Nú er hins vegar alveg ljóst, þegar við athugum það, að Landsspítalinn í Reykjavík er rekinn með árlegum tekjuhalla fyrir ríkissjóð, að það er ekkert vit að ætlast til þess, að Akureyri taki á sig að byggja spítala, sem verður a. m. k. eins og helmingur af Landsspítalanum með rekstrarkostnaði. En í raun og veru krefst þörfin á Norðurlandi eins og víðar, að þarna sé slíkur spítali. Nú hefur þetta mál haft mikið fylgi á Akureyri, og þar hafa verið gefnar stórar upphæðir, bæði af einstökum mönnum og sérstaklega Kaupfélagi Eyfirðinga. Málið hefur og almennan stuðning frá Skagfirðingum, Eyfirðingum, Þingeyingum og jafnvel sumum Austfirðingum, þannig að það er hafið yfir allar flokka á Norðurlandi, að þessu máli vilja menn fram koma. Hins vegar hefur ekki frá Alþ. verið vikizt undir þetta. Það hefur verið tregt til fjárveitingar í þessu efni. Þess vegna, þegar þm. Ak. bar fram frv. á þeim grundvelli, að á Akureyri yrði annar af tveimur landsspítölum, eða einn af fjórum, þá var því ekki vel tekið. Um sama leyti var starfandi n., sem landlæknir átti sæti í og fleiri merkir menn, og komst hún að þeirri niðurstöðu, sem ég hygg, að Akureyringar og menn úr öðrum landsfjórðungum muni sætta sig við, nefnilega að ríkið kosti byggingu þessa spítala að ¾, en ¼ komi annars staðar frá. Þetta var líka í raun og veru réttlátt hlutfall, borið saman við Reykjavík og Landsspítalann, þegar hann var byggður. En sjálfsagt er, að ef fjórðungsspítali kemur á Akureyri, þá eigi líka að koma hliðstæðir spítalar á Vesturlandi og Austurlandi. Ég nefndi áðan, að landlæknir hafi verið í þessari n. En af einhverjum ástæðum hefur heilbrigðismálaráðh. ekki séð fært að fylgja þessari till., heldur hefur beitt sér fyrir nokkru erfiðara fyrirkomulagi um framlag til slíks spítala heldur en Akureyringar vilja ganga inn á og landlæknir fyrir sitt leyti. Nú er að vísu hugsanlegt, að á þessu þingi gangi fram frv. nokkurt, sem hefur komið úr n., eftir að ég skrifaði till. mína. Fari svo, þykist ég vita, að Norðlendingar muni til að byrja með sætta sig við þessa lausn, en ekki nema til þess að byrja með, því að sú tilhögun er ranglát og ekki skynsamlegt að halda það, að t. d. Akureyringar og Eyfirðingar eigi að bera meira en ¼ af svo stórum spítala, sem þar um ræðir. Ég hef þess vegna með þessari till. viljað halda fram því, sem kalla mætti ýtrustu varatill. Norðlendinga í þessu máli. Og allt, sem minna er en þetta, verður að líta á sem nauðungarsætt. Málinu verður haldið áfram engu síður, að ég hygg, til réttra laga. Ég vildi svo óska, að málinu verði að lokinni þessari umr. vísað til n., og þykist ég vita, að það muni, vegna hins góða málstaðar, styrkjast með ýtarlegri rannsókn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

12. Lendingarbætur í Flatey á Skjálfanda.

Á deildafundum 14. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ríkisábyrgð fyrir láni til lendingarbóta í Flatey á Skjálfanda (A. 699).

Á 76., 77., 80., 81. og 82. fundi í Sþ., 15. og 16. des., 4., 5. og 9. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Þessu máli er þannig háttað, að ríkissjóður er eigandi Flateyjar á Skjálfanda. Þarna eru góð fiskimið, og hafa eyjarbúar unnið að því um nokkurra ára skeið að gera viðunanlega bryggju og lendingarbætur fyrir vélbáta.
Þar sem ríkið er eigandi eyjarinnar, er ekki ósanngjarnt, að það gangi í ábyrgð fyrir láni, er nemi þriðjungi tilkostnaðar við verkið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Ég vil benda á, að ef sú leið væri farin, sem hér er lagt til, þá er algerlega breytt út af því, sem venja er til í slíkum málum sem þessu. Og ætti hv. fjvn. að athuga það.

Flm. (Jónas Jónsson): Það er að vísu rétt hjá hv. þm., að það gæti verið eðlilegra að fara aðra leið í þessum efnum, en þó er þetta sérstætt, þar sem ríkið er eigandi eyjarinnar. En það, að ég fór þessa leið, var sökum þess, að Flateyingar ætla að vinna að þessu í sumar, en það væri útilokað, ef svo væri, að farið væri að eins og venja er til.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

13. Fjölgun hæstaréttardómara.

Á 77. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt:
Till. til þál. um, að fullnægt verði fyrirmæli 4. gr. hæstaréttarlaganna um fjölda dómara í hæstarétti (A. 715).

Á 80., 81. og 82. fundi í Sþ., 4., 5. og 9. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Till. þessari fylgir ýtarleg grg., og sé ég eigi ástæðu til þess að bæta nokkru þar við, ef mótmæli koma ekki fram. Ég vil aðeins minna á það, að hæstiréttur er nú búinn að starfa í 25 ár, eða aldarfjórðung, og er því fremur en ella ástæða til þess að framfylgja þessu lagaákvæði. Ég tel óþarft að vísa málinu til n., en læt það þó afskiptalaust.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 28 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. vísað til síðari umr. með 28 shlj. atkv. og til allshn. með 27 shlj. atkv.

Á 86., 87., 88. og 89. fundi í Sþ., 24., 26. og 30. jan., var till. tekin til síðari umr. (A. 715, n. 893, 905 og 938).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

14. Atvinnuréttur sérmenntaðra Íslendinga í Ameríku.

Á 82. fundi í Sþ., 9. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um atvinnurétt íslenzkra manna, sem stundað hafa nám í Ameríku (A. 776).

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 84. og 86. fundi í Sþ., 16. og 24. jan., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Sþ., 24. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Eins og tekið er fram í grg. þessarar þáltill., er hún komin fram af því, að það verða sýnilega nokkrir erfiðleikar á því fyrir suma af þeim mörgu námsmönnum, sem nám hafa stundað í Ameríku, að verða samflota við stéttarbræður sína hér heima. Má gera ráð fyrir, að takmörkunum í vissum greinum sé öðruvísi hagað vestan hafs en menn hafa vanizt hér. Og þetta er í raun og veru ekki alveg nýtt mál. Það hefur verið mjög erfitt t. d. fyrir handiðnamenn íslenzka, sem koma að vestan, að fá aðstöðu til þess að starfa að iðn sinni hér, af því að þar hafa verið aðrar

reglur og önnur próf en menn hafa vanizt hér. Samt er hér aðeins um það að ræða að beina þeirri ósk til ríkisstj., að hún reyni með löggjöf eða öðruvísi að tryggja, að fólk, sem lærir vestan hafs, fái full starfsréttindi hér heima. Það er ástæða til þess að athuga það að reyna að láta mönnum íslenzkum, sem læra vestan hafs, standa opna möguleika til starfs hér heima. En það getur verið hætta á ferðum fyrir okkur, ef við missum skarpa og efnilega menntamenn, vegna þess að sótt væri eftir þeim vestan hafs eftir stríðið eða fyrr; og gæti svo farið, ef ekki væri lipurlega tekið á málum þeirra í þessum efnum. Og ég geri ráð fyrir, að það muni takast með meðmælum Alþ. hjá hæstv. ríkisstj. að taka svo á þeirra málum sem þörf er á.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 98. fundi í Sþ., 28. febr., var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 776, n. 1215).

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

15. Rafveitur til kauptúna í Árnessýslu.

Á deildafundum 12. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um heimild fyrir ríkisstjórnina til kaupa á efni í rafveitu til kauptúna í Árnessýslu (A. 817).

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

16. Útgáfa Alþingistíðinda.

Á 83. fundi í Sþ., 15. jan., var útbýtt:

Till. til þál. um breytta tilhögun á útgáfu Alþingistíðindanna (A. 819).

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 86. fundi í Sþ., 24. jan., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 87. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Eins og tekið er fram í grg. þessa máls, er þetta mál ekki nýtt hér, heldur hefur það verið til meðferðar áður fyrir nokkrum árum. Og þessi breyting, sem hér um ræðir, er ekki annað en eðlileg afleiðing af þeim framförum, sem hafa orðið á tækni á margan hátt. Það er okkur öllum ljóst, að Alþingistíðindin í núverandi mynd eru ekki sönn mynd af því, sem gert er á Alþ., þó að starfsmenn þingsins geri skyldu sína eftir því, sem hægt er að búast við eftir núverandi kringumstæðum. Það má segja, að það er úrelt aðferð, sem beitt er í þessu efni, jafnvel þó að hraðskrift sé á því. En með því eina móti að taka ræðurnar upp á hljóðnema nást þær eins og þær eru talaðar, þá er engin breyting. Ég hygg, hvort sem þetta mál verður samþ. eða ekki, þá verði því ekki neitað, að þróunin gengur í þessa átt. Ef menn vilja gefa út Alþingistíðindi og hafa heimildir, verður að vanda til þeirra á þennan hátt, en ekki annan.

Ég leyfi mér að vona, að málinu verði vísað til n. að þessum umr. loknum.

Gunnar Thoroddsen: Herra forseti. — Með þessari till. er skorað á ríkisstj. að undirbúa fyrir næstu útgáfu Alþingistíðinda, að ræður þingmanna verði framvegis teknar á hljóðnema og síðan prentaðar eftir því handriti, sem þannig fengist. Í grg. till. er farið mörgum orðum um það ólag, sem er á útgáfu Alþingistíðindanna og réttum þingræðum. Þar er vissulega margt rétt fram tekið, og býst ég við, að þm. og starfsmenn þingsins séu sammála um, að slíkt sé óviðunandi. Það er orðið tízka, að ræður þm. séu prentaðar, án þess að þær séu lesnar yfir og leiðréttar af þm. sjálfum. Það er svo, að í staðinn fyrir að áður þótti rétt að merkja við þær ræður, sem ekki voru lesnar yfir, er nú orðið mikill meiri hl. þeirra ólesinn og fellur þá þessi athugasemd niður. Hitt er líka, að langur tími líður frá því ræðurnar eru fluttar og þar til þær eru prentaðar. Þetta stafar fyrst og fremst af annríki í prentsmiðjunum, og þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir til þess að bæta úr þessu. Auk þess er því ekki að leyna, að margt er rétt af því, sem flm. till. segir um það, hvernig ræður eru stundum af þingskrifurunum misskildar, og jafnvel koma fram í handritunum aðrar skoðanir á þýðingarmiklum atriðum heldur en þm. halda fram, og ætla ég, að þar sé um ýmis þýðingarmeiri atriði að ræða heldur en Shakespeare og Schiller. Hitt er svo annað mál, hvort sú leið, sem hv. þm. leggur til í till. sinni, muni bæta úr öllu í þessu efni. Vissulega er það rétt, að tækni hefur fleygt stórkostlega fram, og hljóðnemar, diktafónar og slík tæki eru mikið notuð af kaupsýslumönnum og öllum þeim, sem á slíkum tækjum þurfa að halda. Hins vegar er mér ekki kunnugt um, að á þingum hafi sú aðferð verið tekin upp. Ef ætti stranglega að fylgja því að prenta ræðurnar nákvæmlega eins og þær væru teknar á hljóðnemann, ætla ég, að enginn þm. mundi vera ánægður með þá útgáfu. Það er vitað, að við umr. koma fyrir hjá beztu ræðumönnum endur-

tekningar, mismæli o. s. frv., sem óhjákvæmilegt er, að þeir, sem höndum fara um ræðurnar, lagfæri og leiðrétti með einhverju móti, ef tilgangurinn er ekki sá, að fá ræðurnar nákvæmlega orðréttar og eins og þær eru fluttar. Í nágrannalöndum okkar ætla ég, að ræður séu hvergi teknar á hljóðnema, heldur séu þær teknar upp af hraðriturum. Það er alger misskilningur hjá hv. flm., að það sé úrelt aðferð að láta rita ræðurnar, en hinn sorglegi sannleikur er sá — og á það ekki sérstaklega við þingskrifarana, sem nú eru, heldur hefur verið um fjöldamörg ár — að fjöldi þeirra nær ekki nógu vel þeim ræðum, sem fluttar eru í þinginu. Hitt er annað mál um vel æfða hraðritara, að þeir ná ræðum þm. fyllilega, svo viðunandi er.

Ég hefði viljað gera að till. minni, — og er út af fyrir sig þakklátur hv. þm. S-Þ. að hafa hreyft þessu nauðsynjamáli, — að þetta mál yrði tekið til rækilegrar athugunar fyrir næsta þing, en ekki bundið við, eins og í till., að taka ræðurnar á hljóðnema, heldur undirbúa nýtt skipulag um ritun þingræðna yfirleitt og prentun þeirra. Ég tel ekki viðlit, að þingskrifarar afskrifi ræður í einu eintaki. Það má til með að taka upp tvírit, og væri þá annað eintakið lagt á lestrarsal, en hitt í mesta lagi að 2 til 3 dögum liðnum lagt á borð þm. Hann mundi þá lesa ræðurnar yfir og leiðrétta þær, meðan málið væri honum í fersku minni, og er það ólíkt auðveldara en þegar langur tími, jafnvel mánuðir eru liðnir frá því málið var rætt. Enn fremur yrði að gefa þm. ákveðinn frest til þess að lagfæra og leiðrétta ræðurnar, og ef hann gerði það ekki, yrðu þær prentaðar, án þess að hann fengi að fara höndum um þær. Ýmsar fleiri ráðstafanir, sem ég aðeins nefni sem lítil dæmi, mætti gera til þess að lagfæra það skipulag, sem nú er, en auk þess mætti vafalaust gera stórfelldar breyt. á þeirri prentsmiðju, sem hefur með þetta verk að gera. Virðist sem hún sé algerlega ofhlaðin störfum, svo annaðhvort verður að bæta við prentvélum og starfsfólki eða fá aðra prentsmiðju til liðsinnis.

Ég held nú, að við athugun þessa máls komist menn að þeirri niðurstöðu, að heppilegra verði, að minnsta kosti á næstunni, meðan ekki koma alveg ný teknisk atriði til greina, að halda áfram að láta rita ræðurnar, hvort sem það yrði með venjulegri hraðritun eða vélahraðritun, og ég ætla, að reynsla í ýmsum öðrum þingum bendi til þess, en hitt er svo annað mál, að þingið verður að tryggja, að þeir hraðritarar séu starfi sínu vaxnir. Vitaskuld þýðir ekki að taka inn í þingið og láta skrifa ræður hraðritara, sem ekki hafa náð þeim hraða, að þeir nái sæmilega ræðum þm. eða séu svo lítið inni í málum og fylgist svo lítið með, að hinar herfilegustu missagnir geti komizt inn í handrit þeirra. Hvernig hægt er að tryggja þetta, skal ég ekki segja. Ef til vill væri hægt að vinna að því með námskeiðum, sem ríkið eða þingið efndi til í þessu skyni, eða ef til vill með því að bæta kjör þingskrifara, að fastráða þá t. d., en láta þá ekki alla vera lausráðna upp á viku- eða dagkaup þing eftir þing.

Ég vildi aðeins láta þessar athugasemdir koma fram. Ég er ekki trúaður á þær endurbætur, sem hv. flm. stingur upp á, en teldi mjög æskilegt, að einhverjum mönnum, sem þessum málum eru kunnugastir, t. d. skrifstofustjóra Alþ. og fulltrúa hans, væntanlega einhverjum úr hópi þingskrifara, sem mesta reynslu hefði þar, og einhverjum þm., yrði falið þetta mál til athugunar til haustsins og að gera ákveðnar till. til umbóta í þessu máli. Ég býst við, að helzt mætti vænta árangurs af því, en ekki slá því föstu nú strax að ekki meira undirbúnu máli, hvaða leið skuli í þessu farin.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég vil taka fram út af ræðu hv. síðasta ræðumanns, að ég hef enga löngun til að gagnrýna þingskrifarana, hvorki þá, sem nú eru, eða hafa verið, og að vissu leyti tel ég verk þeirra mjög fullkomin, svo að ég er alls ekki að ásaka þá, heldur það skipulag, sem komið er á og sérstaklega vegna þess, að þm. eru hættir að ganga í gegnum ræðurnar. Út af því, sem hv. þm. Snæf. sagði, að hugsanlegt væri að fá æfða menn til að skrifa, þá vil ég að vísu ekki neita, að það mundi vera hægt, en mér skilst samt, að hörgull hafi verið á skrifurum, eins og í raun og veru fólki til annarra starfa, og það hafa verið beinlínis erfiðleikar á því síðustu árin að fá nægilega marga og þá væntanlega nægilega undirbúna skrifara til að vinna hér. Ég býst við, að hv. þm. hafi ekki rekizt á það, því það var fyrir hans daga hér á þingi, að þá gerði ég till., sem ekki náði fram að ganga, um að knýja þm. til að leiðrétta sínar ræður með því að prenta ekki ræður, sem ekki væru leiðréttar af þm. Þetta vildi hv. Ed. ekki sætta sig við og kom heldur ekki með nein önnur ráð, þannig að málið liggur nú þar sem það var áður.

Ég get ekki sannfærzt af rökum hv. þm. um það, að út af fyrir sig væri nokkuð út á það að setja, þó að ræðurnar kæmu frá hljóðnemanum eins og þær eru, vegna þess að eins og honum mun vera kunnugra en mér, þar sem hann starfar stundum eins og dómari, þá er gagn að þingtíðindunum kannske að allmestu leyti fyrir dómara, og það skiptir ekki neinu máli fyrir þá, að ræðurnar séu ákaflega fullkomnar sem ræður og þó endurtekningar séu og ýmislegt, sem getur komið fyrir, heldur það, sem mestu máli skiptir, er, að þær séu fyrir framan dómarann eins og þær hafa verið haldnar. Eins og ég tók fram, hefur einn af helztu lögfræðingum, sem nú situr á þingi, sagt við mig, að hann hafi orðið hræddur við að sjá ræðu, sem hann hafði haldið fyrir nokkrum árum.

Ég álít eðlilegt, að þetta mál sé rætt frá ýmsum hliðum og til bóta, að hv. þm. Snæf. skyldi koma fram með nokkrar aths. Málið er vandasamt, og ég býst í raun og veru ekki við, þó till. sé orðuð þannig, að nýtt skipulag verði komið á fyrir næsta haust, en ég álít, að hv. þm. ættu að vera sammála um að hætta ekki við þetta mál, fyrr en þingtíðindin frá þeirra hendi verða eins og menn eru nokkurn veginn ánægðir með.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 92., 94., 97. og 98. fundi í Sþ., 7., 16., 26. og 28. febr., var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 819, n. 1032, 1104).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

17. Templarahús í Reykjavík.

Á 84. fundi í Sþ., 16. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um stuðning til templara í Reykjavík í sambandi við fundahúsbyggingu þeirra. (A. 851).

Á 86. fundi í Sþ., 24. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 87. fundi í Sþ., s. d., var till. aftur tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Ég þarf ekki að fjölyrða um þetta mál, vegna þess að það hefur verið tekið til meðferðar í blöðunum í Reykjavík. Þess utan er það skýrt á þskj. 851.
Ég óska, að því sé vísað til n.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 27 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 94., 97., 98. og 99. fundi í Sþ., 16., 26. og 28. febr., 2. marz, var till. tekin til frh. fyrri umr. (A. 851, n. 1099).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

18. Rafveitulán fyrir Hofshrepp.

Á 88. fundi í Sþ., 26. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Hofshrepp í Skagafjarðarsýslu (A. 956).

Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Sigurður Þórðarson): Herra forseti. — Ég hef leyft mér, ásamt hv. 2. þm. Skagf., að bera hér fram till. til þál. um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Hofshrepp í Skagafjarðarsýslu, á þskj. 956. — Þarna hagar svo til, að hugsað er að veita saman tveimur ám, önnur er Hofsá, sem rennur í gegnum Hofsós, en hin áin rennur til sævar mjög skammt frá kauptúninu. Og þegar þessum tveimur ám hefur verið veitt saman, er hugsað, að hægt verði að fá 550 hestafla orkustöð.

Það er gert ráð fyrir, að orkustöðin, sem um ræðir í þáltill., kosti um 1.400.000 kr. — Það er þéttbýlt í kringum Hofsós, en kauptúnið er lítið. Og hugsað er, að þetta afl nægi fyrir næsta nágrenni kauptúnsins, Óslandshlíðina. Og þess er vænzt, eftir þeim útreikningum, sem Rafmagnseftirlit ríkisins hefur gert, — og þessir útreikningar eru prentaðir sem fylgiskjal með þáltill. —, að kostnaðaráætlunin komi til með að standast nokkurn veginn.

Þörfin fyrir að fá rafmagnið þarna er mikil. Og við flytjum þessa till. samkvæmt endurteknum áskorunum. Málið hefur verið flutt fyrr, en ekki náð fram að ganga. Og við höfum ekki séð ástæðu til annars en að flytja þessa till., samkv. ósk kauptúnsins og nágrennis þess, enn hér á hæstv. Alþ., þótt nokkuð sé liðið á þingtímann, og væntum við þess, að málið fái svipaða afgreiðslu og nú á þessu þingi hefur verið höfð um svipaðar ábyrgðarbeiðnir.

Ég óska svo, að málinu verði, að lokinni þessari umr., vísað til hv. fjvn., og býst ég við, að hv. fjvn. reyni að stilla svo til að geta afgreitt það svo fljótt sem hægt verður, svo að það nái fram að ganga, áður en þessu þingi lýkur.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

19. Rafveita Húsavíkur (till. KA).

Á deildafundum 29. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um efniskaup til rafveitu frá Laxárvirkjuninni til Húsavíkur og Reykjahverfis (A. 960).

Á 89. fundi í Sþ., 30. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

20. Hæstaréttarhús.

Á deildafundum 9. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um byggingu vegna hæstaréttar (A. 1078).

Á 93. fundi í Sþ., 12. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég hef leyft mér að flytja þessa till. á þskj. 108 til þess að minna Alþingi og ríkisstj. á húsnæðisvandræði hæstaréttar. Nú stendur svo á, að þessi stofnun á 25 ára afmæli sitt eftir fáa daga. Væri þá vel viðeigandi, að þing og stj. gæti með þessum hætti eða öðrum tekið ákvörðun á þann veg, að Hæstaréttur fengi þolanleg starfsskilyrði, en það hefur hann aldrei haft. Það má segja, að það hafi verið vítalaust, þó að ekki hafi verið byggt yfir hæstarétt þegar á hans fyrstu árum, en nú er drátturinn á því orðinn óhæfilega langur.

Það eru því miður ekki neinar líkur til, að hægt sé að ganga þannig frá þessu máli nú, að hægt sé að hefja byggingu á framtíðarhúsnæði fyrir Hæstarétt, en samt sem áður eru menn í þessum bæ, þótt þeir séu ekki frá Hæstarétti, sem eru kunnugir húsakynnum dómstólsins, sem álíta framkvæmanlegt að byggja við Arnarhvol viðbótarbyggingu, þar sem Hæstiréttur gæti fengið sæmilegt bráðabirgðahúsnæði, en þessi bygging yrði að öðru leyti notuð fyrir skrifstofur fyrir opinberar stofnanir. Nú mun hafa verið um það talað, sem mér er ekki kunnugt um, að hæstv. stj. hafi í hyggju að byggja fljótlega á þessum stað viðbót við stjórnarráðið bráðabirgðabyggingu eins og Arnarhvoll er. Getur það farið saman, því að lóðin er það stór, að allt, sem hæstv. stj. kynni að vilja byggja á þessum stað, rúmast þar, þó að Hæstiréttur sé þar líka. Hann þarf ekki gífurlegt húsrúm, en það þarf að vera sniðið eftir þörfum réttarins og frambærilegt fyrir þjóðina.

Ég held, að ég verði að segja tvennt viðvíkjandi þessu húsnæði. Fyrst er það, að það er svo þröngt, að það fer óhæfilega illa um dómarana og málafærslumennina, og þeir fáu gestir, sem þar koma til að hlusta á dóma, þjást af loftleysi. Aðstaða þarna er þannig, að dómararnir geta ekki látið sjá sig á þessum stað með mönnum, sem gera kröfur til, að dómar hafi sæmileg húsakynni. Það hefur einstöku sinnum komið fyrir, að dómarar frá útlöndum hafa komið hingað til að hitta sína líka hér, og þá hefur það verið úrræði þeirra að taka á móti þeim á einkaheimilum sínum, af því að þeir hafa ekki með nokkru móti viljað láta þessa ókunnu menn sjá þá íbúð og þau skilyrði, sem okkar æðsti dómstóll hefur við að búa. Þetta tvennt, að þessi húsakynni eru óhæf fyrir dómara, málfærslumenn og áheyrendur og að óhugsandi er að láta nokkurn aðkomumann sjá réttinn, sýnir glöggt, að ekki verður lengur við þetta unað. Það getur verið, að þing og stjórn sjái einhver önnur betri úrræði en það, sem ég sting upp á hér, en þá er komin hreyfing á málið, og ef hæstv. stj. hugsar sér að byggja hvort sem er, þó að það sé ekki mitt að leggja henni ráð, þá getur hún útvegað sér þinglega heimild um leið til að láta reisa þessa byggingu.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Húsnæði það, sem Hæstiréttur hefur við að búa, er algerlega óviðunandi. Það er mjög mikill raki í þessu húsi, og hefur verið rottugangur um allt þetta hús, og þegar þeir, sem eru óvanir að búa þar, sem rotta er, koma inn í hæstaréttarsalinn, má svo að orði kveða, að þeim slái fyrir brjóst. Nú er verið að gera við hegningarhúsið og verður haldið áfram, þar til því er lokið. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til að eyða rakanum og rottunni úr húsinu. Í fjárl. þessa árs eru 140 þús. kr. ætlaðar til þessara viðgerða, sem ég hygg, að muni hrökkva langt til að gera húsnæðið það viðunandi fyrir þá fanga, sem þar eru, og dómara, að húsnæðið ætti að verða viðunanlegt og íbúðarhæft. Annað mál er það, að menn greinir á um, hvort rétt muni að útvega Hæstarétti bráðabirgðahúsnæði í húsi, sem komið hefur til orða að reisa við Arnarhvol á þessu ári, ef unnt væri. Ég veit m. a. frá hæstaréttardómurunum, að þeir óska ekki eftir að fá þetta bráðabirgðahúsnæði, heldur að fá viðunanlegt frambúðarhúsnæði fyrir Hæstarétt. Ef byggt yrði við Arnarhvol í sumar, mundu skrifstofur sakadómara, borgardómara og borgarfógeta fá þar húsnæði og flytja úr því húsnæði, sem þeir hafa nú í fangahúsinu, og í Arnarhvol. Við það mundi rýmkast um vinnuskilyrði fyrir hæstaréttardómarana, þó að ekki sé hægt að gera neina viðunanlega breyt. til bóta á sjálfum dómssalnum.

Ég tel þetta mál ekki það undirbúið, að hægt sé að samþ. þessa till. eins og hún liggur fyrir, og mundi hún ef til vill þurfa nánari athugunar og undirbúnings við. En það er ekki nema vel, að hv. flm. vekur máls á þessu, og þó að það hafi verið svo, að einn fyrrv. dómstjóri Hæstaréttar hafi verið dómsmrh. í tvö ár og ekki séð ástæðu til að flytja till. um að fá úr þessu bætt, þá er það ekki nema vel, að á það sé bent af öðrum, því að það er vissulega full þörf á því, að Hæstarétti sé sýndur nokkur sómi, ekki sízt þegar svo stendur á, að nú á að fara að halda upp á 25 ára afmæli réttarins.

Hermann Jónasson: Ég held, að það sé full þörf á að minna á það, eins og nú hefur verið gert, að lagfæra þurfi húsakynni Hæstaréttar. Það er að vísu ekki neinn ágreiningur um það, enda kemur það fram af þeim ræðum, sem þeir hafa flutt, hv. þm. S-Þ. og hæstv. dómsmrh., að húsakynni þar upp frá eru algerlega óviðunandi.

Það er aðallega tvennt, sem ég vil minna hér á, án þess að hefja langar umr., því að um það eru allir sammála, sem til þekkja, að þarna er umbóta þörf. En viðkomandi því, sem hæstv. dómsmrh. sagði, vil ég segja það, að ég efast um, að hægt sé að lagfæra gamla fangahúsið, ég efast um, að hægt sé að gera það að sæmilegu skrifstofuhúsnæði fyrir Hæstarétt eða yfirleitt að viðunandi húsnæði. Stafar það af því, að þetta hús er þannig byggt, eins og það hús, sem við nú dveljum í, að það er mikill

vafi, að hægt sé að koma í veg fyrir það loft, sem er í þessu húsi og maður verður var við í báðum þessum húsum og enn þá meira í húsinu þar upp frá. Það stafar af jarðraka, sem löngu er fyrirbyggður í nýtízku byggingum, en erfitt er að fyrirbyggja í fangahúsinu. Það eru allir sammála um það, sem hafa starfað þarna í ár eða áratugi, eins og ég hef gert, að þeir finni þar til óvenjulegrar þreytu, og undan því kvarta allir, sem þar starfa, bæði dómarar og málfærslumenn. Þetta stafar af saggalofti, sem kemur af raka úr steininum, sem þetta hús er byggt úr. Þetta er eitt af því, sem reynt er að fyrirbyggja í nýtízku húsum, en þó verður stundum vart við það í steinhúsum, að þetta tekst ekki.

Svo er annað, og það er það, að *salirnir*, sem eru til umráða í þessu húsi, eru svo litlir, að þeir eru allsendis óviðunandi fyrir Hæstarétt. Og þó að lögmaður og sakadómari fari úr húsinu og bæjarþingstofan, sem er hinum megin í því, þá verður húsnæðið samt sem áður óviðunandi fyrir Hæstarétt vegna þrengsla, og í þriðja lagi er það ákaflega leiðinlegt, svo að ekki sé meira sagt, að hafa húsakynni Hæstaréttar í fangahúsi. Það eru því þrjú atriði, sem gera þetta algerlega óviðunandi, og það er mjög leiðinlegt, þó að við höfum orðið að búa við það, og getur þar enginn öðrum láð. Og ef á að stækka dómssalinn við það, að sakadómari og borgardómari hverfa burt úr húsnæðinu hinum megin við ganginn, þá vita gluggarnir á dómssalnum út að fangagarðinum, þar sem fangarnir fá að ganga um vissan tíma á dag, en nú vita skrifstofur réttarins út að þessum garði. Það er því margt, sem veldur því, að þarna getur ekki orðið viðunanlegt húsnæði fyrir Hæstarétt, jafnvel þótt tækist að útrýma rakanum, sem ég efast mjög um. Þetta húsnæði er því, hvernig sem á þetta er litið, alveg óviðunandi og verður að breyta til.

Svo er annað, sem ég vil beina til hæstv. ríkisstj., að nú er verið að tala um að byggja við Arnarhvol, og er ekki nema gott eitt um það að segja, því að þetta er mjög viðunanleg lóð, og vil ég þá beina því til hæstv. ríkisstj., hvort nú sé ekki hægt að ljúka svo áætlunum og teikningum fyrir skrifstofubyggingu þá, sem á að reisa í Lækjargötunni, svo að það sé hægt að byrja á að byggja það hús, undireins og stj. byrjar á að reisa skrifstofubyggingar. Það ætti ekki að þurfa að byggja það allt í einu, en mætti byggja það smátt og smátt. Ég sé sérstaka ástæðu til að vekja athygli á þessu vegna þess, að það stendur nú til að taka eitt af þessum húsum, sem er við Lækjargötu, Gimli, og gera við það. Kunnugir menn fullyrða, að viðgerðin á því muni kosta mikið á þriðja hundrað þúsund krónur. Það er eins og menn vita, að þegar verið er að gera við gömul hús, þá kostar slík viðgerð ótrúlega mikinn hluta af því, sem kostar að byggja að nýju. Þetta er skiljanlegt, þegar tekið er tillit til þess, að það er ekki meira en ¼ af kostnaðarverði húss að gera það fokhelt, hitt er vinna við innréttingar og annað slíkt, og þegar farið er að gera við hús eins og Gimli, þá veit maður, að sú viðgerð kostar nærri því eins mikið og að byggja nýtt hús. Húsin á þessum lóðum eru því öll þannig, að þau eru raunverulega ónýt hús. Maður sér því, þó að ekki sé athugað annað en þetta, að það er ekki undarlegt, sem hæstv. dómsmrh. upplýsti, að lítils háttar viðgerð á fangahúsinu mundi kosta 140 þús. kr.

Ég vil þess vegna beina því til hæstv. stj., hvort hún gæti ekki látið ganga frá áætlunum og teikningum af þeim byggingum, sem reisa á við Lækjargötuna, og þegar hafizt verður handa um skrifstofubyggingar fyrir ríkið, þá verði byrjað þar, og ég er því einnig sammála, að einmitt þar verði húsakynni Hæstaréttar. Það er hægt að koma miklu fyrir á þessum lóðum, og þarf ekki að rekja *það hér, en ég vil einmitt gjarnan, ef hæstv. dóms*mrh. er við því búinn, að hann gæti gefið upplýsingar um, hvort þessi hlið málsins hefur verið athuguð, að ef skrifstofubygging verður reist, þá verði það í Lækjargötu. Það má segja, að það sé mjög aðkallandi að breyta Lækjargötu á þann hátt, sem gera á, hún er ein af fegurstu götum bæjarins og væri mikil bæjarprýði, ef það væri gert. Það má enn fremur bæta því við, að það verður að opna augu manna fyrir því, sem menn virðast almennt vera blindir fyrir, að mikið af byggingunum í miðbænum eru ónýtar byggingar, þar eru í raun og veru lóðir með verðlitlum timburhúsum og mundi áreiðanlega margborga sig fyrir eigendur þeirra húsa að rífa þau og byggja upp aftur þau hús, sem á við á þessum lóðum, og ég hygg, að ef ríkið hefst handa að rífa þessa kumbalda við Lækjargötuna, þá mundi ýmislegt fleira þar á eftir koma, sem koma þarf viðvíkjandi byggingum í miðbænum.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég held, að hæstv. dómsmrh. hljóti að hafa fengið eitthvað villandi frásagnir um vilja hæstaréttardómaranna í þessu efni, því að þótt mér komi þetta mál ekki sérstaklega við meira en öðrum þm., hefur það borizt í tal milli mín og dómaranna, og þeir hafa lýst með sterkum orðum sinni miklu óánægju yfir, hvað óhæfilegt húsnæði rétturinn hefði. Ég hef ekki haft ástæður til að ræða við þá um, hvers konar bygging ætti að koma í staðinn, en ég held, að það sé misskilningur hjá hæstv. ráðh., eins og líka hefur komið fram hjá kunnugum manni, hv. þm. Str., sem oft hefur starfað í réttarsölunum í þessu húsi, og það er enginn vafi, að þetta er algerlega óboðlegt fyrir Hæstarétt, og það er minnkun fyrir þjóðina að hafa réttinn í þessu húsi.

Við sjáum, hve seint gengur með allar opinberar stórbyggingar. Við vitum, að Háskólinn var húsnæðislaus í 25 ár og var þrengt upp á þessa stofnun, svo að hér var óstarfandi fyrir þingið, og má heita tilviljun, að bygging fyrir Háskólann skuli vera komin upp. Stjórnarráðshúsið er algerlega óboðlegt, og þó er ekkert um það hugsað, og enn fremur, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, á ríkið lóðir við Lækjargötuna, sem ekki hafa fengizt ákvarðaðar, beinlínis af því, að bærinn getur ekki enn ákveðið skipulag sitt og n., sem starfar að rann-

sóknum á því, hvernig eigi að nota þessar lóðir, hefur orðið að hætta störfum undanfarin tvö ár til að bíða eftir, að skipulagsn. bæjarins gæti gert skyldu sína. Það stendur beinlínis á yfirvöldum bæjarins að ljúka einföldum mælingum og skera úr um till., sem liggja fyrir. Og þegar á allt þetta er litið og þegar er ekki einu sinni hægt að gera neitt við Lækjargötuna og ekki hægt að gera neitt við ríkislóðirnar þar, af því að forráðamenn bæjarins geta ekki lokið þessum mælingum af, þá gæti ég hugsað, að hæstaréttardómararnir væru farnir að grána í kollinum, áður en þeir gætu fengið fyrir Hæstarétt það framtíðarhúsnæði, sem talað hefur verið um, að Hæstiréttur fengi í þessari stórbyggingu við Lækjargötuna, og það er óhugsandi, að hægt sé að láta þá búa þangað til við það húsnæði, sem þeir verða nú að hafa í fangahúsinu, en ef á hinn bóginn verður byggt við Arnarhvol, ætti Hæstiréttur að geta fengið þar sæmilegt bráðabirgðahúsnæði. Það, sem mér fannst vera mest athugavert við ræðu hæstv. dómsmrh., var það, að um leið og hann gefur fyrirrennara sínum í stj. verðskuldað olnbogaskot fyrir tómlæti hans í þessu máli, þá skuli hann, þessi ungi eftirmaður hans, vilja ganga í sömu sporin og standa á móti því, að farin verði sú eina framkvæmanlega skipun, sem líkur eru til, að fyrir hendi sé nú fyrst um sinn. Ég get þar vitnað til þess, hvernig ástatt er nú hjá Reykjavíkurbæ. Hvar eru hans opinberu byggingar, og hvar eru opinberar byggingar ríkisins hér í bæ? Mig furðar, ef hæstv. ráðh., sem hefur mikinn og réttlátan metnað fyrir þjóð sína, eins og allir dugandi menn, getur unað því, eins og kom fram í ræðu hans, að Hæstiréttur eigi að hafa áfram það húsnæði, sem er svo bágborið, að ekki er hægt að sýna það nokkrum aðkomumanni, en er á móti því, að réttinum sé séð fyrir viðunanlegu húsnæði á nýjum stað.

Ég vil enn fremur spyrja hæstv. ráðh., fyrst um þessi mál er rætt hér, hvaða form hann ætli að hafa á því, þegar þingið er búið að sitja meira en ár og hæstv. stj. er búin að sitja nokkra stund, ef ekki á neitt að tala um það við þingið, ef nú á að fara að reisa stórbyggingu við Arnarhvol. Það er alveg ástæðulaust að fara svo að, þar sem þingið hefur ekki fram að þessu sýnt hæstv. stj. neina sérstaka móthyggju. Það er því eðlilegt, að hæstv. stj. leitaði heimildar hjá þinginu, áður en ráðizt er í þessa framkvæmd.

Ég vil svo að lokum sérstaklega óska eftir því, þegar þessari umr. er lokið nú, að málinu verði vísað til n. og n. leiti álits Hæstaréttar, vegna þess að ég hef allt aðra sögu frá hæstaréttardómurunum en hæstv. ráðh. Það getur verið að hann hafi þar á réttu að standa, en ef hæstaréttardómararnir vilja endilega vera í tugthúsinu, þá mega þeir það mín vegna.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Það getur verið, að metnaður minn fyrir mína þjóð sé ekki mikill *(JJ:* Ég held einmitt, að hann sé það.), en ég hygg, að það sé nokkuð það sama um þá tvo hv. þm., sem nú hafa talað hér, að þeir hafa báðir verið dómsmrh., annar í átta, en hinn í tvö eða þrjú ár, og það sé hægt að gera samanburð á mínum metnaði og þeirra fyrir þjóð okkar gagnvart Hæstarétti. *(HermJ:* Ég var ekki að deila á hæstv. ráðh.) Ég er ekki heldur að deila á hann, en bendi aðeins á þetta út af ummælum hv. þm. S-Þ., að þessir ágætu fyrirrennarar mínir hafa ekki haft þann metnað fyrir þjóð sína að byrja á fyrstu mánuðum sinnar embættistíðar að undirbúa dómssal handa Hæstarétti. Þeir hafa báðir til samans verið dómsmrh. í 11 ár *(JJ:* Talsvert meira.), en það hefur samt ekki verið nógu langur tími til að opna augu þeirra fyrir þessu mikla metnaðarmáli fyrir þjóðina, eins og hv. þm. S-Þ. tók til orða. Ég er þeirrar skoðunar engu síður en hv. þm. S-Þ., að á málinu þyrfti að gera bráðar umbætur. En einn fyrsta daginn, sem ég gegndi ráðherraembætti, kom til mín dómstjóri Hæstaréttar og flutti frá réttinum skilaboð, að mér virtist, um að dómararnir óskuðu ekki eftir að komast í bráðabirgðahúsnæði. Vitanlega erum við aðeins tveir til frásagnar um þetta, og hér segi ég einn frá, svo að hv. þd. þarf ekki að gera meira með frásögn mína en hún vill, meðan ókomin eru skrifleg svör Hæstaréttar. Ég neita því að hafa farið hér með villandi upplýsingar. Það var lögð áherzla á, að húsnæði réttarins væri óviðunandi, en ekki óskað eftir öðru húsnæði nema það gæti orðið vandað og réttinum algerlega samboðið.

Hv. þm. Str. talaði um, hvort húsameistari ríkisins gæti nú ekki lokið uppdráttum ríkisbyggingarinnar við Lækjargötu og þar mætti ætla Hæstarétti stað. Ég hygg, að það væri æskilegur staður. En ég get ekki séð, að húsameistari, sem unnið hefur nokkuð að þeim uppdrætti undanfarin missiri, geti með neinu móti lokið honum nú. Staðið hefur á því í marga mánuði, að hann gæti lokið uppdrætti af fæðingardeild Landsspítalans. Því verki var lokið fyrir mánaðamótin. Þá fól ég húsameistara að gera útboðslýsing fæðingardeildarinnar, en við það þarf hann stoð iðnlærðra manna, og tekur það tíma. Þá kemur á lóð Landsspítalans hjúkrunarkvennaskóli, og ekki má dragast til næsta árs að reisa viðbótarbygging við Klepp. Þetta bindur starf húsameistarans á næstunni. Leitazt hefur verið við að fá honum aukna aðstoð, en innan lands er það ekki hægt, að ég hygg. Leitað hefur einnig verið meðal pilta, sem byggingarnám stunda erlendis, en engir fengizt fyrir þau laun, sem ríkisstj. hyggst að greiða fyrir þessa aðstoð.

Hv. flm. spyr, hvaða form ríkisstj. ætli að hafa á því, ef hún reisi stórbyggingu við Arnarhvol. Ef úr því verður, mun stjórnin leita fyrir sér, hvort slík framkvæmd hafi þingfylgi.

Mér væri sönn ánægja að því að hafa forgöngu um, að sæmilega yrði byggt yfir Hæstarétt, þegar Alþ. veitir til þess fé. En þessa till. er tæplega hægt að afgr. án þess að heimila annaðhvort fjárgreiðslur eða lántöku til framkvæmda.

Ég styð það, að umr. verði frestað og till. vísað til nefndar.

Flm. (Jónas Jónsson): Ég efa ekki, að hæstv. ráðh. segi rétt frá samtali sínu við einn dómarann. En ég hef talað við tvo dómaranna. Ég get látið álit Hæstaréttar í heild, þangað til það verður lagt fyrir n. Annaðhvort verða þeir að sætta sig við að verða þarna áfram eða byggja þarf strax þau húsakynni, sem vel mega sóma í bráð. Þetta er svo umtalað mál, að einn af duglegustu hrmflm. bæjarins hefur sagt, að ekki veitti af, að mflm. tækju sig til og byggðu yfir réttinn. Í bráð nægir tilhaldslaus skrifstofubygging eins og Arnarhvoll. Borgarstjórinn í Reykjavík verður að sætta sig við venjulega, tilhaldslausa skrifstofu og það í leiguhúsnæði. Meiri hl. ráðh. verður að láta sér lynda skrifstofur í Arnarhvoli, og þeir sjá ekki ástæður til annars. Hæstiréttur mundi geta sætt sig við eitthvað svipað. Ef Hæstiréttur óskar ekki að flytjast þaðan, sem hann er, gæti Alþ. samt sagzt hafa metnað fyrir hans hönd og samþ. till. Að óreyndu trúi ég ekki, að Hæstiréttur uni við að vera þar, sem hann er.

Gísli Jónsson: Það hefur tvívegis komið fram, annað skiptið frá dómsmrh., að fyrrv. dómsmrh. (EA) hafi ekki frekar en aðrir gert neitt til þess að fá húsnæði yfir Hæstarétt. Hann (EA) gerði þó alveg ákveðna till. í þá átt í skattatill. 1943, þar sem gert var ráð fyrir 5—25% aukaskattinum og skyldi ákveðið, að 10% af honum rynnu til þess að reisa hús yfir ráðuneytin og aðrar æðstu stofnanir ríkisins. Mér þykir rétt að láta þetta koma fram vegna ummæla, er varða háttstæðan embættismann, sem hér er ekki til andsvara.

ATKVGR.
Frv. vísað til fjvn. með 28 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

21. Raforkumál.

Á deildafundum 13. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um raforkumál (A. 1097).

Á 94. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 97. og 98. fundi í Sþ., 26. og 28. febr., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

22. Gistihúsið við Geysi.

Á deildafundum 15. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ábyrgð ríkissjóðs fyrir láni til stækkunar gistihússins við Geysi (A. 1121).

Á 94. fundi í Sþ., 16. febr., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Jörundur Brynjólfsson): Ég skal ekki tefja þetta fundarhald með mörgum orðum fyrir þessari till. Ég sé, að fyrir þessum fundi liggja mörg og mikil verkefni, og ég get skírskotað til þeirrar grg., sem fylgir till. Ég vil gera að till. minni, að þessari umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Forseti (GSv): Þetta mál þurfti einmitt að komast til n., eins og hv. flm. tók fram, og verður þessari umr., ef ekki fleiri kveðja sér hljóðs, frestað og gengið til atkv. um að vísa málinu til fjvn.

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 30 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

23. Ríkisskuldir Íslands.

Á 16. fundi í Ed., 26. febr., var útbýtt:
Till. til þál. um athugun á því, hversu unnt má vera að fullgreiða ríkisskuldir Íslands með sérstökum skatti (A. 80).

Á 17. fundi í Ed., 28. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 19. fundi í Ed., 1. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Þetta mál hefur áður verið til athugunar, án þess að það hafi borið sýnilegan ávöxt. Og ef svo verður haldið áfram sem hingað til, ríkisskuldirnar ekki greiddar, heldur beðið eftir kreppunni, mundi það þykja nokkur skortur á búmannshæfileikum þessa þings. Það er eðlilegt, að leitazt sé við að finna það hjá fulltrúum þjóðarinnar, öðrum en þingmönnum, hvort það sé ekki vilji hennar, að ríkisskuldirnar séu greiddar, þegar allar aðrar skuldir eru greiddar. Það mætti hafa skoðanakönnun um það, hvort það sé vilji þjóðarinnar að greiða ríkisskuldirnar og leggja til þess nokkuð af hinum nýfengna stríðsgróða, sem hefur safnazt saman nú um tíma. Er þess að vænta, að þeim vilja þjóðarinnar verði sómi sýndur með skjótri lausn þessa máls.

Bjarni Benediktsson: Þetta er mikið mál og hefur verið rætt mikið. Nú er það borið fram hér í nokkuð nýstárlegu formi. Gert er ráð fyrir, að það verði borið undir bæjar- og sveitarstjórnir. Mér skilst, að hér sé um að ræða eignaraukaskatt, sem nemur 150 millj. króna, sem er meira en fulltrúar Sósfl. hér í deildinni hafa lagt til, að tekið yrði af eignum manna. Till. hv. þm. S-Þ. er þetta róttækari. Það má kannske segja, að rétt sé að taka stór skref, ef ganga á inn á þessa braut á annað borð.

Ef talið er, að ríkið skilji of mikið eftir af eignum manna, þegar það hefur tekið það, sem það hefur talið sig þurfa, þá er ranglátt að láta það fé renna í ríkissjóð, heldur í bæjar- og sveitarsjóði þar, sem það hefur safnazt. Ríkisvaldið er engum bundið við skattaálagningu. Það hefur margbreytt skattal. til þess að sjá um, að enginn haldi eftir of miklu af sínum eignum. Jafnframt hafa miklar hömlur verið lagðar á framkvæmdir bæjar- og sveitarstjórna í þessu efni og séð um, að þær gætu ekki lagt of mikið á.

Við skulum taka dæmi í þessu sambandi: Ríkið er búið að segja til um, hvað mikið það vill taka í sinn hlut af, við skulum segja, 200 þús. kr. aflahluta. Ef ríkið álítur, að einstaklingar og félög eigi of mikið eftir, þegar það hefur tekið þennan skatt, álít ég, að það, sem enn yrði tekið, ætti að renna til bæjar- og sveitarfélaga. Ef þessi skattur yrði lögleiddur, álít ég, að ríkið ætti ekki að taka hann.

Veit ég, að svo viðsýnn maður og hv. flm. er fellst á, að rétt sé að athuga þetta mál betur áður en lengra er farið, að umr. verði frestað og málinu vísað til n. til enn frekari athugunar.

Haraldur Guðmundsson: Ég hef verið að leita að því í huga mér, hvað fyrir hv. þm. S-Þ. hafi vakað, er hann greiddi atkv. móti frv. um eignaraukaskattinn. Sú afstaða var í beinni mótsögn við skrif hans undanfarna mánuði. Nú hygg ég, að ég hafi fundið skýringuna á því, hvers vegna þessi hv. þm. var á móti því frv. Mér skilst, að hún hafi verið sú, að hann hafi litið á það frv. sem kák. Hér er gert ráð fyrir að taka í einu lagi nægilega mikið til að greiða allar ríkisskuldirnar, en til þess að fullgreiða þær þarf um 50 millj. kr. Nú liggja ekki fyrir tölulegar upplýsingar í þessu efni. En 1942—1943 var eignaraukaskatturinn um 140 þús. kr.

Þótt vafasamt væri að gera sér vonir um, að allt kæmi fram til skatts, þá er það vitað, að síðan hefur bætzt við, og með setningu nýrrar löggjafar mætti ná til þess gróða. Með því móti væri hægt að ná til um 150—200 þús. kr. Ég álít, að ef tölur þessar eru nærri lagi, sé fullkomlega gerlegt að leggja á skatt, sem þessu nemur, til greiðslu ríkisskuldanna að fullu.

Mér eru lítt skiljanlegar þær krókaleiðir, sem hv. þm. S-Þ. vill fara í þessu máli með því að leita álits sýslu- og bæjarfélaga. Ég tel, að Alþ. ætti að geta tekið ákvörðun um það efni án þess. Um það eru allir sammála, að það kemur sveitarfélögunum að liði eigi lítið, að ríkissjóður sé skuldlaus, en það atriði er hægt að fara nánar út í síðar.

Ég vil á þessu stigi málsins bera fram skriflega brtt., sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa upp:

„1. Í stað orðanna: „leitast nú... meira en 60 þús. kr." í meginmáli till. komi: undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. til l. um eignaraukaskatt á gróða, sem myndazt hefur eftir árslok 1939, aðallega á eignarauka, sem nemur meira en 100 þús. kr.

2. Aftan við tillgr. bætist: Í frv. séu skýr ákvæði til tryggingar réttum eignaframtölum og réttu mati fasteigna og verðbréfa.

3. Fyrirsögn till. verði: Tillaga til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um eignaraukaskatt til greiðslu á ríkisskuldum Íslands."

Það er gert ráð fyrir, að hér sé um 5 ára eignaraukaskatt að ræða.

Ég sé ekki ástæðu til að leggja út af fyrir sig til, að till. verði vísað til n. En verði það gert, þá er sjálfsagt, að mínar till. fylgi með til n.

Forseti (StgrA): Borizt hafa brtt. frá hv. 3. landsk. Þær eru skriflegar og of seint fram komnar, og þarf því tvöföld afbrigði.

ATKVGR.

Afbrigði um skrifl. brtt. (sjá þskj. 124) leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Jónas Jónsson): Hv. borgarstjórinn í Reykjavík var ekki alls kostar ánægður með till. mína, því að ef hún næði fram að ganga, gengi hún á rétt og hag bæjarfélaganna og þá náttúrlega fyrst og fremst Reykjavíkur.

Ég þykist þess fullviss, að margir vilja undirgangast að bera þennan skatt til þess að greiða með honum ríkisskuldirnar. Ég hreyfði þessu máli snemma í vetur, til þess að vita, hvort ekki væri hægt að fá fylgi úr öðrum flokkum henni til stuðnings. En þá virtist sú hugmynd, að greiða ríkisskuldirnar, ekki eiga mikið fylgi.

Hv. 3. landsk. fann að því, að farnar væru krókaleiðir í þessu máli. En á það ber að líta, að þetta er mjög óvanalegt mál. Ég tel því eðlilegt, ef á að leggja svo stóran skatt á og hér er um að ræða, þá eigi ekki að knýja það fram með meirihlutavaldi hér í þinginu.

Ég held, að hv. 3. landsk. ætti ekki að eyðileggja þetta mál með sínum velviljuðu till. Það er sama og að fella till. að vísa henni til n. Ég get ekki annað en greitt atkv. á móti því að vísa henni til n., þótt ég hefði ekki gert það undir öðrum kringumstæðum.

Þá hefur síðasti ræðumaður vikið að því, að hann væri hissa á því, að ég hafi ekki getað fylgt frv. í vetur. En þar sem ég geri nokkra grein fyrir því í þessari grg., og það er öllum kunnugt, sé ég ekki ástæðu til að fara ýtarlega út í það. Ég vil aðeins minna hv. þm. á það, að þegar málið var hér til umr. fyrir jól, bar ég fram till. um það, að lágmarkið lækkaði úr 100 þús. í 60 þús kr.,

sem gengju til að borga ríkisskuldirnar. Þessi till. mín var felld með öllum greiddum atkv. hér í d., og þannig markaðist aðstaðan, og skal ég koma að því síðar. Ég álít, gagnstætt því, sem hv. síðasti ræðumaður heldur fram, að það eigi ekki eingöngu að miða þetta við eins háan gróða og hann segir, ef hugsa á um ríkisskuldirnar. Hv. þm. veit það, að mþn., sem fjallaði um málið í sumar, gerði ekki ráð fyrir, að það fengjust nema 8—9 millj. kr. upp úr skattinum, og þar sem þetta var frekar alvöruleysi og þessi hv. d. vildi ekki setja þetta í samband við ríkisskuldirnar, hætti ég að hafa áhuga á málinu.

Ég vil svo víkja nokkuð að því, sem okkur ber á milli um eignaraukaskattinn. Ég hygg, að í frv., eins og það var fyrst í fyrravor, hafi verið gert ráð fyrir 80 þús. kr. lágmarki, en hafi svo verið hækkað í 100 þús. kr. Ég gerði tilraun til að færa þetta niður í 60 þús. kr., en það var fellt. Ég vil segja það hér, að ég álít í rauninni, að það, hvernig litið er á þetta mál, fari eftir því, hver tilgangurinn er. Ef það vakir fyrir síðasta ræðumanni að taka eitthvert brot af meiri háttar gróða, getur verið rétt að fara upp í 100 þús. kr., en ef menn vilja borga ríkisskuldirnar, eins og ég vil gera, teldi ég réttast, að það yrði sérstaklega lagt á mikinn gróða, en sé ekki annað en það sé líka rétt að fara niður, eða leggja eitthvað af skattinum til hliðar. Þess vegna er ég að mótmæla þessu hækkaða hlutfalli, því hér á landi er mikið af gróða fyrir neðan 100 þús. kr., sem má koma til greina gagnvart ríkisskuldunum.

Ég fer ekki út í það, sem kom fram, þegar fyrst var rætt um þetta frv., hvort bæjarfélögin og ríkið hefðu lagt of mikið á. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína, að skattal. séu að vísu ægileg á pappírnum, en ekki að sama skapi í framkvæmd, og þess vegna sé í rauninni ekkert því til fyrirstöðu að líta þannig á, að svona átök mætti gera til þess að ná þessu takmarki. Hins vegar er ég sammála hv. síðasta ræðumanni um það, að einmitt vegna þess að skattal. eru mjög ófullnægjandi og ófullkomin í framkvæmd, væri nauðsynlegt að hafa þar á meiri undirbúning. Ég vil aðeins, til þess að gleðja borgarstjórann í Reykjavík, sem þarf að halda, að það sé alltaf til meira í vösum borgaranna heldur en þarf að grípa til, með því að segja honum, að ég hygg, að meginið af þeim verðbréfum, sem eru í gangi á Íslandi, sleppi undan skatti. En aðalhugmyndin í þessari till. er sú, hvort við eigum að borga ríkisskuldirnar eða ekki.

Bjarni Benediktsson: Það voru mér nokkur vonbrigði, að hv. þm. S-Þ. skyldi ekki geta fallizt á að vísa þessu máli til n., og eru það mér því meiri vonbrigði, þar sem ég veit ekki annað en hann hafi réttilega snúizt á móti þessu frv., vegna þess að það sé frekar borið fram af léttúð en alvöru, og frv. hefur ekki fengið þá þinglegu meðferð, sem það hefði átt að fá. Þess vegna sýnist mér, þar sem hann vill leggja fastan grundvöll undir þessa skattálagningu, rétt að leggja nú öruggan hornstein að því, að málið fái reglulega meðferð. *(JJ:* Hvenær gæti nál. komið?). Það gæti t. d. komið á næsta hausti, kannske líka í næstu viku. Ég hélt líka, að skoðanabræður hv. þm. væru hér í meiri hl.

Ef hv. þm. meinar það, að hér sé eingöngu um skoðanakönnun að ræða, þá má benda honum á, að það fer tvennum sögunum af þeirri skoðanakönnun, sem sagt er, að hafi átt sér stað í sambandi við núverandi ríkisstj. Einn fyrrv. ráðh. upplýsti nýlega, að þessi hv. þm. hefði stofnað til skoðanakönnunar til styrktar núverandi stj. á s. l. þingi í tímariti einu, en þessi hv. þm., sem stóð að þessu, bar fyrrv. ráðh. ekki vel söguna í því sambandi. Sú skoðanakönnun bendir í þá átt, að það beri að gjalda nokkuð varhuga við því, þegar þessi hv. þm. vill stofna til slíkra ráðstafana, enda er það svo í því máli, sem hér liggur fyrir, að hv. þm vill fá álit sveitarfélaga út um landið um það, hvort ekki sé rétt að taka þetta fé til þess að greiða með ríkisskuldirnar. Ef þau mæltu með þessu, mundi það verða málinu mikill stuðningur. Nú horfir málið þannig við, að ef of mikið fé hefur verið skilið eftir í vösum borgaranna af gróða undanfarandi ára, þá er það ekki sízt vegna þess, að stærstu kaupstöðunum, eins og Reykjavík, hefur með sérstakri löggjöf verið bannað að neyta síns skattálagningarvalds til fulls, og þess vegna er ríkisvaldið þeirrar skoðunar, að þarna hafi ekki nóg verið tekið, og sýnist þó liggja í augum uppi, að þessi sömu sveitarfélög eigi rétt á þessu fé. Nú vill þessi hv. þm. fá öll hin sveitarfélögin til þess að mæla með því, ekki að þessi sveitarfélög fái féð, heldur að ríkið fái það. Sem sagt að féð sé tekið af þeim, sem ganga þó næst þeim réttu eigendum, og fengið í hendur öðrum aðila, sem þegar er búinn að lýsa því yfir, að hann sé búinn að fá nóg i sinn vasa. Það er alveg rétt hjá þessum hv. þm., að það mundi greiða fyrir framgangi þessa máls, ef sveitarfélögin almennt skoruðu á þingið að setja slíka löggjöf, en það álít ég ekki hlutlaust, vegna þess að það mundi verða til þess að takmarka skattálagningarmöguleika fyrir tiltölulega fá sveitarfélög, til hags fyrir landið allt og þar með hin smærri sveitarfélög, sem vitanlega eru fleiri en þau stóru, sem ætti að fara að beita ranglæti í þessum efnum. Ég veit, að þegar hv. þm. athugar þetta, þá muni hann sjá ekki síður annmarka á þessari skoðanakönnun og niðurstöðu hennar heldur en ráðh., sem hann studdi í fyrra, sá á þeirri skoðanakönnun, sem þessi hv. þm. kom af stað þessum ráðh. til styrktar. Það hlýtur þess vegna að styðja þá kröfu, að málið fái þinglega meðferð og athugun í nefnd.

Hv. þm. sagði, að það væri sérstök ástæða til þess að greiða ríkisskuldirnar með þessu fé, engu minni ástæða heldur en að greiða skuldir bæjar- og sveitarfélaga. Nú er það svo, að ríkisskuldirnar, miðað við núverandi tekjur ríkisins, eru orðnar næsta litlar og hafa fjárhagslega litla þýðingu fyrir ríkið eins og sakir standa. Aftur á móti hafa sum sveitarfélög, eins og t. d. Reykjavík og Siglu-

fjörður, staðið í miklum framkvæmdum á þessu stríðstímabili, framkvæmdum, sem allir hafa verið sammála um, að yrði að hrinda áfram, úr því sem komið var. Ég á við hitaveitu Reykjavíkur. En þetta hefur orðið til þess, að safnazt hafa verulegar skuldir á þetta fyrirtæki, þó að fjárhagur bæjarins sé góður. Þess vegna sýnist eðlilegt, að þetta fé yrði notað til þess að borga niður þennan kostnað, ef það yrði tekið með þeim hætti, sem hér er ráðgert, því að þessar skuldir hafa hækkað vegna stríðsins. Ef á annað borð á að taka þetta fé, sýnist liggja í hlutarins eðli, að það sé eðlilegt að nota það til þess að borga þær skuldir, sem hafa orðið hærri vegna verðmunar, en ekki að fara að borga skuldir, sem nú eru tiltölulega þýðingarlausar varðandi afkomu landsins í heild. Mér sýnast því öll rök hníga að því, að þessi skoðanakönnun, sem hér er ráðgerð, muni verða hlutdræg og villandi og beinlínis sé til þess efnt að veifa framan í sveitarfélögin úti á landi óréttmætum gróða þeim og ríkissjóði til handa á kostnað bæjar- og sveitarfélaga. Ég veit, að hv. þm. muni sannfærast um það, þegar hann athugar málið, að það sé rétt, að það gangi til nefndar.

Varðandi ummæli hv. 3. landsk., þar sem hann ráðgerir að bæta við nokkrum árum til skattálagningar í þessu skyni, þá væri gaman að spyrja: Hvernig hefði hann farið að, ef þessi hugmynd hefði verið samþ., þegar málið var fyrst fram borið? Mig minnir, að þá teldi Alþýðublaðið, að þetta væri skattur, sem einu sinni ætti að leggja á, þetta væri skattur í eitt skipti fyrir öll. Þá var miðað við það, sem hafði safnazt á árunum 1941 og 1942. Mér skilst, að frá sjónarmiði þessa hv. þm. hefði það verið mesta ógæfa, ef málið hefði verið samþ. strax og hann bar fram þessa ágætu hugmynd. Nú telur hann sjálfsagt að bæta þrem árum við þetta. En ef honum sýnist það nú ráðlegt að bæta við þrem árum, gagnstætt því, sem hann fyrst ætlaði sér, mundi þá ekki rökrétt framhald af þeirri hugsun hans vera það að bíða enn dálítinn tíma og sjá, hvað mikið yrði eftir af þessum stríðsgróða, þegar verðbólgan væri horfin? Þá fyrst er tími til kominn að gera upp þetta dæmi, hverjir hefðu hagnazt á stríðinu, hverjir hefðu komið ríkir út úr því. Mér sýnist, að hér væri þá tekin upp sú hugmynd, sem sjálfstæðismenn hafa getað fellt sig við, að slíkur skattur yrði tekinn í eitt skipti fyrir öll til þess að lækna verðbólguna, sem þáttur í viðtækum ráðstöfunum, sem gerðar væru. Því ekki að taka ⅓ af öllu því, sem menn hafa eignazt umfram það skattskylda lágmark? Mér finnst engin ástæða til að taka tillit til eigin sjónarmiða í þessum efnum, það er auðvitað sjálfsagt að miða við það, sem er fram yfir 10 þús. kr., ef á annað borð á að leggja á þennan skatt. Þetta finnst mér að þyrfti að taka til athugunar, ef málið færi til n.

Gísli Jónsson: Vegna þess að þetta mál er hér á dagskrá aftur í þessari hv. d., vildi ég leyfa mér að gera þá fyrirspurn, fyrst og fremst til flm. og því næst til hv. 3. landsk. þm. og þeirra annarra, sem bera málið fyrir brjósti, hvort þeir hafi gert sér það ljóst, hvernig hæstiréttur mundi líta á þetta frv., ef að l. yrði. Á þinginu 1941 var skattal. breytt þannig, að skattfrelsi var afnumið hjá iðnaðarfyrirtækjum á Íslandi. Einn aðilinn vildi ekki hlíta lagabreytingunni og fór í mál út af skattinum, sem lagður var á eftir l. frá 1941. Gekk dómur hæstaréttar á móti þinginu, svo l. frá 1941 voru ekki talin ná til þeirra fyrirtækja, sem áður hefðu fengið þessi fríðindi með eldri l. Hæstiréttur leit svo á, að hér hefði Alþ. gengið of langt, þar eð þessi l. brytu í bága við ákvæði stjskr. Ég held, að þessi dómur sé lærdómsríkur fyrir þá, sem ætla að fara þessa leið í skattamálum. Hins vegar er aðra leið að fara, sem er auðveldari, og hún er sú að taka allar tekjur af mönnum eitthvert ákveðið tímabil og lofa þeim að lifa á því, sem þeir hafa grætt áður, þ. e. á þeim eignum, sem þeir hafa sparað saman. Það er a. m. k. ekki stjskr.brot að reyna þá aðferð, og sú leið er miklu hreinni að fara til þess að ná þessu fé inn, sem þessir hv. þm. þola ómögulega að til sé sem þjóðarauður á meðal landsmanna. Ég er ekki alveg viss um, að það yrði öruggt, að ríkið fengi þennan skatt, þó að farin yrði sú leið, sem hv. þm. S-Þ. vill fara, miðað við þær staðreyndir, sem fengizt hafa með dómi frá hæstarétti í máli því, er ég minntist á hér áðan.

Ég þarf ekki að ræða um það atriði, af hverju þetta er borið fram, hv. 6. þm. Reykv. hefur skýrt það, en mér finnst það dálítið einkennileg leið af Alþ. að ætla að íþyngja þeim, sem hafa ekki svikið skatt, til þess að ná til hinna, sem svíkjast undan skatti. Ég vil svo benda á það, að þegar mál eins og þetta er flutt með öðrum eins rökvillum og fram komu hjá hv. 3. landsk., — að þetta yrði til þess að ríkið gæti stutt atvinnuvegina í framtíðinni, — þá er náttúrlega ekki hægt að taka þessi mál alvarlega. Röksemdir hv. 3. landsk. eru sambærilegar við það, að maður, sem ætti mótorbát, færi að selja hann rétt fyrir vertíðina, af því að hann skuldaði eitthvað í honum. Eða maður, sem ætti 100 kindur í fjárhúsi, færi að slátra þeim rétt áður en þær bæru, til þess að borga einhverja skuld. Ég held, að það mundi bezt styrkja atvinnuvegina í framtíðinni og ríkissjóð, að til séu í landinu einhverjir menn, sem eiga fé og vilja halda því í atvinnufyrirtækjunum, bæði þegar vel gengur fyrir þeim og er illa lætur í ári. Það er mín skoðun, að ríkið eigi að hjálpa mönnum til þess að halda uppi atvinnulífi í landinu; þess vegna er ég á móti því, að það sé gengið á það lagið að skera niður bústofninn, svo að hann geti ekki haldið áfram að gefa þjóðarbúinu arð, eða þrengja svo að öðrum framleiðendum með ranglátum og alls óþörfum sköttum, að þeir dragi saman atvinnurekstur sinn eða jafnvel hætti honum alveg.

Haraldur Guðmundsson: Hv. þm. S-Þ. telur það skipta miklu máli, að þetta takmarkist við 60 þús. kr., en ekki 100 þús. Ég tel þetta ekki skipta miklu máli, en tel óheppilegt að setja markið lægra en 100 þús., ef um eignaraukaskatt er rætt, eins og

hér er gert. Ástæðan til þessa er sú, að ég býst ekki við, að þetta mundi auka mjög mikið tekjuöflunarmöguleikana, hins vegar mundu erfiðleikarnir við framkvæmdir skattsins vaxa mikið. Gjaldendum mundi fjölga mikið, og þyrfti því að skerpa eftirlitið með framkvæmd l. mjög mikið, ef þau ættu að koma réttlátlega niður á gjaldendunum. Ef miðað yrði við 100 þús., mundu 100—200 menn verða skattskyldir, miðað við tekjuaukninguna fram til ársins 1944, og þeim mundi fjölga verulega, ef takmarkið væri fært niður í 60 þús. kr. Önnur meginástæðan er sú, að 20 þús. kr. gróða á ári að meðaltali er varla hægt að telja sérstakan stríðsgróða — og alls ekki 10—12 þúsund kr. Hins vegar skal ég játa, að það er ýmislegt, sérstaklega af því, sem hv. 6. þm. Reykv. drap á í sinni ræðu, sem er því til stuðnings, að skattur sé á lagður, ekki til að mæta sérstökum þörfum í þjóðfélaginu, heldur sem heildarátök þjóðarinnar til að greiða skuldir ríkissjóðs upp.

Ef sú leið verður farin að skattleggja gróða, sem ekki nemur nema 10—20 þús. kr. á ári, þá er óhugsandi að láta menn, sem fyrir stríð hafa safnað hundruðum þúsunda, komast hjá skatti. Þessu hef ég ekki hreyft í till., af því að ég vildi ekki slá málinu á dreif, en mér þykir rétt, að það komi fram hér í umr., að mér er ljóst, að það hníga ýmis rök að því, að fleiri gjaldendur komi til greina en gert er ráð fyrir.

Hvað það snertir að leita álits sýslunefnda og bæjarstjórna á málinu, þá er mín skoðun sú, að það mundi aðeins verða til tafar. Hins vegar er ekkert á móti því, að ríkisstj. leiti, ef til kemur, álits þar, sem henni sýnist bezt. Hv. 6. þm. Reykv. taldi mig mikinn lánsmann, og það er ég að ýmsu leyti, en hann meinti að því leyti, að ekki var samþ. 1943 að leggja á eignaraukaskatt. Þetta er kannske rétt að nokkru leyti. Því lengri tíma, sem auður hefur safnazt, því meira fæst upp úr skattinum.

Annars vil ég minna á, að þegar þetta frv. var flutt 1943 og miðað við gróða til ársloka 1942, var tekið fram í grg., að jafnframt þyrfti að taka til endurskoðunar skattalöggjöfina í heild og reikna eftir raunverulegu verði fasteigna, sem gengju kaupum og sölum. Einnig var minnzt á í frv. um eignaraukaskatt, að ríkisstj. skyldi setja vissar reglur til tryggingar réttum framtölum. Allt þetta hefði getað orðið til þess að afla ríkissjóði mjög mikilla tekna og því verið óþarfi að leggja marga eignaraukaskatta á þjóðina.

Hv. 6. þm. Reykv. gaf yfirlýsingu, sem mér þótti vænt um að heyra og vil endurtaka. Hún er sú, að Sjálfstfl. geti verið með slíkum skatti sem þessum, ef hann væri notaður til lækningar á dýrtíðinni, eins og hann komst að orði, og væri liður í slíkri alhliða ráðstöfun. Ég fagna þessari yfirlýsingu frá hv. þm., treystandi því, að meira megi marka þetta en það, sem áður hefur heyrzt frá hans flokksbræðrum í þessu efni.

Hv. þm. sagði, að í frv. um eignaraukaskatt væru engar ráðstafanir gerðar til þess að ná til þeirra, sem skattarnir kæmu léttast niður á, en það er beinlínis tekið fram í frv., að gera eigi ráðstafanir til að tryggja rétt framtöl og miða eigi við sannvirði fasteigna, það verð, sem þær eru keyptar og seldar fyrir.

Ég vil mæla með því, að till. hv. þm. S-Þ. verði samþ. með breyt., sem ég hef lagt til, að gerðar verði, og vænti þess, að hann geti fallizt á að styðja það. Ég vil taka undir það með honum, að það væri ánægjulegt, ef takast mætti að greiða ríkisskuldir þjóðarinnar um leið og lýðveldið verður endurreist.

Flm. (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Hv. 6. þm. Reykv. áleit, að skoðanakönnun í þessu máli yrði ekki réttlát, og taldi það ósanngjarnt, ef sýslufélög og bæjarstjórnir væru fengin til að dæma um þetta. Það er ekki rétt, og ég hygg líka, að t. d. í kjördæmi hv. þm. Barð. muni vera menn, sem eru með þeim tekjuhæstu á landinu. Ég lít á þessa till. um skoðanakönnun sem tilraun til að fá að vita frá leiðandi mönnum þjóðarinnar, hvað sé þeirra álit á málinu.

Út af hinni sögulegu skýringu hv. 6. þm. Reykv. á mislukkaðri skoðanakönnun, þá er það vitanlega rétt, að skoðanakannanir geta verið mismunandi, eftir því hversu vel þær eru framkvæmdar, en hv. þm. vitnar þar í ráðh. einn, sem hafi gagnrýnt þær mjög. Ég vil benda á þann misskilning, að þessi maður var eiginlega aldrei ráðh., aðeins tökubarn í nokkrar vikur, og var aldrei talinn með, enda voru þessi ummæli hans tóm vitleysa, eins og annað, sem frá honum kom.

Þá ætla ég að víkja að hv. þm. Barð. Hann bendir á, að ekki sé víst, að slík löggjöf sem þessi standist hæstarétt. Að vísu hefur það komið fyrir hjá stærri þjóð en Íslendingum, að hæstiréttur hafi ómerkt löggjöf. Það kom fyrir í Bandaríkjunum. Um slíkt verður ekki vitað fyrirfram. Hv. þm. Barð. heldur, að hættulegt sé að setja þessi lög. Ég held það ekki, en við vitum ekki, hvað kemur á morgun, þá getur verið, að bæði háttv. þingmaður Barð. og ég verðum dauðir, en við látum þó eins og við munum ekki aðeins lifa þá, heldur miklu lengur.

Það, sem hv. 3. landsk. heldur fram, er, að það sé ófært að vísa frv. til atkvgr. í sveitarfél. og bæjarstjórnum, en slík skoðanakönnun sýnir hug manna. Ég sé ekkert að því, að þetta væri borið undir atkv., ef fáir samþ., væri bara ekki fitjað upp á því framar.

Það kom fram hjá hv. 6. þm. Reykv., að þessari till. um atkvgr. í vor væri vísað til n. Ég er andvígur því, því að ég vil, að atkvgr. fari fram í vor, og mun halda mig við þá ósk. Ef hv. þm. vilja vísa til n., þá get ég verið sammála hv. 3. landsk. um, að til greina komi ýmsar till., t. d. till. frá hv. 6. þm. Reykv. að teygja sig lengra niður og skattleggja ekki aðeins meiri háttar gróða, eins og ég hef upphaflega haldið mér við.

Forseti (StgrÁ): Komið hefur fram till. um að vísa þáltill. með brtt. til fjhn. og fresta umr. Haft verður nafnakall um þessa till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 7:5 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EE, GJ, GÍG, LJóh, ÞÞ, BBen, StgrA.

nei: HermJ, IngP, JJ, PHerm, BSt.

HG, BrB greiddu ekki atkv.

3 þm. (KA, MJ, PM) fjarstaddir.

Umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

Fyrirspurnir.

1. Þormóðsslysið.

Á 21. fundi í Nd., 28. febr., var útbýtt:
Fyrirspurn til dómsmálaráðherra út af birtingu skýrslu um rannsókn Þormóðsslyssins (A. 95).

Á 22. fundi í Nd., 29. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 21 shlj. atkv.

Á 27. fundi í Nd., 7. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar„ með því að dómsmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn til að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Finnur Jónsson): Eins og öllum þm. er kunnugt, skipaði ríkisstj. sérstakan sjódóm til að rannsaka Þormóðsslysið. Dómur þessi vann af mikilli elju og hafði lokið rannsókn sinni 3. ágúst sl. Þá var honum falið viðbótarverkefni, en aðalrannsókninni var lokið snemma í ágúst, eins og ég sagði, og sendi þá sjódómurinn rannsókn sína til atvmrn. ásamt sérstakri skýrslu. Þetta mál lá síðan í stjórnarráðinu til 19. febr., er send var út skýrsla til birtingar af stjórnarráðinu um þetta hörmulega slys.

Margir hafa litið svo á, að skýrsla sú, er stjórnarráðið lét birta, væri skýrsla sjódómsins sjálfs, en ég hef fengið upplýsingar um, að hún er að miklu leyti búin til í stjórnarráðinu sjálfu. Ég fékk viðtal við borgardómara, hr. Árna Tryggvason, sem er formaður sjódómsins, og spurði hann eftirfarandi spurninga:

1. Er skýrsla sú um Þormóðsslysið, sem birt hefur verið í blöðunum, skýrsla sjódómsins sjálfs?
2. Teljið þér, að öll aðalatriði úr skýrslu sjódómsins hafi komið fram í skýrslu ríkisstjórnar?

Fyrri spurningunni svaraði Árni Tryggvason á þessa leið: „Það er hluti úr henni og sums staðar vikið við.“ Seinni spurningunni svaraði hann þannig: „Það má um það deila. Ráðuneytið hefur dregið sínar ályktanir af rannsókn sjódómsins.“

Ofangreindar spurningar lagði ég síðan fyrir Hafstein Bergþórsson og Jón Axel Pétursson, sem báðir eiga sæti í sjódómnum. Hafsteinn Bergþórsson svaraði þannig: 1. „Ekki eins og hún var send frá okkur.“ 2. „Ekki fyllilega.“

Svör Jóns Axels Péturssonar voru þannig: 1. „Nei, það er hrafl úr henni.“ 2. „Nei, mjög veigamiklum atriðum er sleppt.“ Ég spurði hann þá, hvað hann teldi veigamest af því, sem vantaði í skýrslu dómsmrn. „Álit sérfræðinga um ástand skipsins,“ svaraði þá Jón Axel Pétursson.

Auk þessa upplýsti Hafsteinn Bergþórsson, að skoðanagerð hinna dómkvöddu manna hafi verið á þá leið, að Þormóður hafi ekki uppfyllt þær kröfur, sem gerðar eru um nýbyggingu fiskiskipa. Þetta var um 100 tonna skip, keypt frá Bretlandi 1939 á 400 £, eða um 8.800 kr., eftir því sem segir í skýrslu þeirri, er birt hefur verið. Til samanburðar á verðinu má geta þess, að rúmlestin kostar nú 10 til 11 þús. kr., þótt ekki sé með öllu við það miðandi. En auðsýnt er, að skipið hefur verið selt ódýrt. Eftir skýrslunni að dæma hefur skip þetta verið hér síðan í förum við land og milli landa í tvö ár samtals, og er í skýrslunni getið um, að leki hafi þrettán sinnum komið að því. Það fórst svo í fjórtánda skiptið.

Nú er það kunnugt af upplýsingum, er hér liggja fyrir, að sjódómnum var sérstaklega falið að rannsaka, í hvaða ástandi skipið hefði verið. Það hefur rekið flak, sem sannað þykir, að vera muni úr því, og eftir þeim upplýsingum, er það gefur, hafa kunnáttumenn gert uppdrátt að skipinu, eins og það sannast verið hafa eftir þessu rekaldi, og aðra teikningu, eins og skipið hefði átt að vera, ef það hefði uppfyllt þær kröfur, sem skipaskoðuninni hér ber að gera. Ég hef þessa uppdrætti fyrir framan mig, og bera þeir með sér eftirfarandi upplýsingar:

Byrðingur skipsins hefur verið úr 2 tommu borðum í stað 2¾.
Styrktarplankar voru 2½ tomma í stað 3½.
Kjölur var 10×12 tommur í stað 11¾×15¾.
Innri súð var úr 2 tommu borðum í stað 2¾.
Bil milli banda var 10½ tomma í stað 8.
Böndin voru 3½×3½ tomma í stað 5×5.

Um skýrslu þá, er birt var, hefur nokkuð verið rætt í blöðunum. Nú síðast ræðir Þjóðviljinn hana, sem er vinveittur hæstv. dómsmrh., eins og kunnugt er. Er blaðið með hugleiðingar í sambandi við hana og veltir því fyrir sér, hvort þetta muni skýrsla sjódómsins eða ekki, og virðist helzt hallast að því, að svo sé. Ég tel það nú aftur á móti sannað, að skýrsla þessi gefi ekki rétta hugmynd um sjódómsrannsóknina, og styðst þar við ummæli dómendanna. Er þetta því verr farið sem þetta mun

alfyrsta rannsókn hér af þessu tagi, sem reynir að grafast fyrir hörmulegt slys. Ég tel vissulega illa farið að rýra gildi slíkrar rannsóknar með því að gefa almenningi villandi upplýsingar um niðurstöður hennar.

Nú er að vísu ekki hægt að fullyrða, að orsakir slyssins hafi verið þær, að skipið hafi ekki verið útbúið lögum samkvæmt. En margt bendir til þess, að svo hafi verið, m. a. það, að skipið virðist alltaf hafa verið að sökkva, síðan það kom til landsins.

Með því að nú er upplýst, að skýrsla sú, sem birt hefur verið, er ekki skýrsla sjódómsins og upplýsir ekki fyllilega, hvað rannsóknin leiddi í ljós, þá leyfi ég mér að skora á hæstv. dómsmrh. að birta skýrslu sjódómsins sjálfs eða senda blöðunum hana til birtingar. Það er hætt við, að menn verði tregir til að leggja verk í slíkar skýrslur í framtíðinni, ef á að gefa um þær rangar hugmyndir eða notfæra sér ekki þær niðurstöður, sem að gagni mættu koma. Öryggis vegna verður svo að krefjast þess, að það komi ekki fyrir, að skip, sem eru jafnlangt frá því að vera útbúin lögum samkvæmt og Þormóður virðist hafa verið, fái haffærisskírteini.

Ég vil svo að síðustu endurtaka, að ég skora mjög eindregið á hæstv. dómsmrh. að birta skýrslu sjódómsins í heild.

Dómsmrh. (Einar Arnórsson): Skýrsla sú, er birt hefur verið og hv. fyrirspyrjandi talar um, var gerð í ráðun., en vitanlega hef ég ekki gert hana, til þess hefði ég engan tíma haft. Formanni sjódómsins, Árna Tryggvasyni, var sýnd skýrslan, svo að hann ætti þess kost að segja álit sitt um hana, hvort hún mætti vera þannig, og gerði hann aðeins litlar athugasemdir við hana, sem allar voru teknar til greina, eftir því sem ég bezt veit.

Ég get svarað áskorun hv. þm. Ísaf. á þá leið, að það er langt í frá, að ég hafi nokkuð á móti að birta skýrsluna í heild með leyfi sjódómsins, sem mun fást óefað, og atvmrn., sem fékk skýrsluna, því að undir það heyrir eftirlit með öryggi skipa. Það er svo langt frá, að ég hafi nokkuð á móti þessu, að ég vil gersamlega verða við því.

Mér hefur skilizt, að einkum þyki vanta álit þeirra sérfróðu manna, sem dómkvaddir voru til að athuga skipsrekaldið. Ég hygg, að það sé aðalatriðið, sem ber á milli, og e. t. v. greinargerðir skipaskoðunarstjóra og dómenda fyrir mismunandi skoðunum þeirra á styrkleika skipsins. Þetta ætla ég, að vanti einkum, og mun væntanlega bætt úr því bráðlega.

Ég þarf svo raunverulega ekki að hafa fleiri orð út af þessari fyrirspurn, því að auðvitað er ég ekki fær um að tala um styrkleika skipsins við hv. fyrirspyrjanda eða aðra fróða menn í þeim efnum.

Mig minnir, að allri rannsókninni væri lokið 5. nóv. s. l., þótt aðalrannsókninni væri lokið snemma í ágúst, eins og hv. þm. sagði.

Ég vænti þess svo, að hv. fyrirspyrjandi hafi fengið þau svör frá mér, sem hann kaus helzt að fá.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Í tilefni af orðum hæstv. dómsmrh. um, að leita þyrfti til atvmrn. um leyfi til birtingar á skýrslu sjódómsins, þá stendur ekki á því. Ef hæstv. dómsmrh. telur, að samþykki atvmrn. þurfi til, þá er það fyrir hendi, og hefur aldrei á því staðið.

Fyrirspyrjandi (Finnur Jónsson): Þar sem það mun koma í ljós við væntanlega birtingu á skýrslu sjódómsins, hvað vantar í skýrslu þá, er dómsmrn. hefur gefið út, get ég lokið umr. um þetta.

Eftir því sem mér er kunnugt, er skýrsla sjódómsins dags. snemma í ágústmánuði, og hefur aðalrannsókn þá verið lokið. Mér skilst því, að þeir tveir hæstv. ráðh., er hafa haft þetta mál með höndum, hafi lofað, hvor í sínu lagi og báðir saman, að skýrsla sjódómsins verði birt. Ég vænti þess því fastlega, að þeir aðstoði hvor annan í því, að þetta loforð verði uppfyllt sem allra fyrst.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Ég verð að taka það fram út af síðustu ræðu hv. þm. Ísaf., að ég get ekki aðstoðað neitt í þessu máli. Það er á valdi hæstv. dómsmrh., hvenær skýrsla sjódómsins verður birt. Ég hef ekki tafið þetta mál og mun ekki tefja það.

2. Fiskiskipakaup frá Svíþjóð.

Á 36. fundi í Nd., 15. júní, var útbýtt:

Fyrirspurn til atvinnumálaráðherra um fiskiskipakaup frá Svíþjóð (A. 252).

Á sama fundi var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Of skammt var liðið frá útbýtingu fsp. — Afbrigði leyfð og samþ. með 24 shlj. atkv.

Fyrirspurnin leyfð með 23 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 16. júní, sendi forseti Nd. atvmrh. fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hann teldi sig við því búinn að svara henni.

Við bréfi þessu barst aldrei svar, og var fsp. ekki á dagskrá tekin framar.

3. Vegur yfir Hellisheiði og Svínahraun.

Á 48. fundi í Nd., 12. sept., var útbýtt:

Fyrirspurn til samgöngumálaráðherra um athugun á steinsteyptum vegi og breyttu vegarstæði yfir Hellisheiði og Svínahraun (A. 300).

Á 49. fundi í Nd., 13. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 22 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að samgmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn til þess að svara.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Það var á haustþinginu í fyrra, að 15 þm. báru fram svofellda þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvað kosta muni að gera steinsteyptan veg yfir Hellisheiði og Svínahraun.

Jafnframt fari fram athugun á kostnaði við nauðsynlegar breytingar á legu vegarins og gerð á þessari leið með tilliti til flutninga að vetrarlagi."

Þar sem ég hef ekki heyrt neitt um það, hvað gert hefur verið í þessu máli, er þessi fyrirspurn borin upp fyrir hæstv. atvmrh. Það er óþarft að fjölyrða um þál. Hún er skýr og samkv. henni er ríkisstj. falið að láta athugun fara fram. Ég veit, að hæstv. atvmrh. skýrir nú frá því, hvað gert hefur verið í þessu máli, og þeim árangri og niðurstöðum, sem fengnar eru. Væntum við austanmenn, sem lítum á samgöngumálin sem okkar aðalmál, þar sem þau eru enn óleyst og ótrygg og samgöngur stöðvast oft langan tíma hvern vetur, að úr þessum málum verði bætt. Við væntum þess líka, að samhliða nýrri vegargerð verði gert kleift að byggja nýjar brýr yfir Ölfusá og Þjórsá og útvega stærri flutningatæki, svo að flutningar geti orðið ódýrari. Það væri mikill munur, ef nota mætti á þessari löngu leið 5—10 tonna flutningabíla. Þá mundi kostnaðurinn lækka til muna frá því, sem nú er, þar sem ekki má nú hafa meira en 2—3 tonn á bílnum. Mér þykir ekki ástæða til að fjölyrða um þetta mál, en vil heyra það, sem hæstv. atvmrh. hefur fram að færa.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Sú fyrirspurn, sem hér er borin upp, er, eins og hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir, í tilefni af þál., sem samþ. var á Alþ. 2. nóv. 1943 og hljóðar eins og hann las upp. Strax og þessi þál. hafði borizt ráðuneytinu, var hún send til vegamálastjóra með fyrirlagi um að láta gera það, sem í þál. felst, svo fljótt sem við yrði komið. Í tilefni af því, að þessi fyrirspurn hefur verið borin fram, hefur ráðuneytið fengið upplýst hjá vegamálastjóra, að athugunum í þessu máli, á steinsteyptum vegi og breyttu vegarstæði yfir Hellisheiði og Svínahraun, er nú alllangt komið ásamt ýmsum undirbúningi til að leggja veginn. Það er komið nokkuð langt að vinna að þessum mælingum, en áætlanir ekki fullgerðar. Ég vil geta þess, að önnur þál., sem hér liggur fyrir og gerð var á Alþ. 10. marz 1943, er um svipað efni, en miklu víðtækari, og væri því ekki óeðlilegt, að þessi þál. væri að nokkru leyti til athugunar hjá þeirri n., sem skipuð var með þeirri þál. Með þessu vildi ég hafa skýrt, hvar máli því er komið, sem nú er spurt um.

4. Samgöngubætur frá Reykjavík austur í Ölfus.

Á 48. fundi í Nd., 12. sept., var útbýtt:

Fyrirspurn til samgöngumálaráðherra um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus (A. 301).

Á 49. fundi í Nd., 13. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 22 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að samgmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn til þess að svara.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Eins og hæstv. atvmrh. gat um, er sú fyrirspurn, sem hér um ræðir, um svipað efni og sú, sem hann var að svara. Þál., sem hér er vitnað til, var samþ. á vetrarþinginu 1944 og er á þessa leið, eins og marga hv. þm. rekur minni til:

„Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd að rannsaka og skila rökstuddu áliti um það, á hvern hátt verði hagkvæmast og með mestu öryggi tryggðar samgöngur milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendisins, enda ljúki nefndin störfum svo fljótt sem auðið er.

Nefndinni ber að semja kostnaðaráætlun um þær samgöngubætur, er hún leggur til, að gerðar verði.

Fjórir nefndarmenn skulu kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, en vegamálastjóri vera fimmti maður í nefndinni og formaður hennar.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Samkv. þál. var skipuð nefnd, og er mönnum kunnugt, hverjir eiga sæti í henni. Það hefur nú, eins og kunnugt er, í meira en 20 ár verið rætt mikið um samgöngubætur austur yfir Hellisheiði, og nú á þessu ári hafa verið samþ. tvær till. í þessu skyni, en það var einhver þm. hér áðan, sem sagði, að það væri auðséð, að ég væri ekki þingvanur, þar sem ég gerði fyrirspurnir um till., sem fram væru komnar, og taldi, að sjaldan væri von um að fá árangur af því að bera fram slíkar fyrirspurnir. Væri það helzt gert vegna kjósendanna, til þess að láta líta svo út, sem verið væri að vinna fyrir þá. Það má vel vera, að það sé gert vegna kjósendanna og það sé af því, að ég sé lítt þingvanur, að ég ber fram slíkar fyrirspurnir og ætlast til, að eitthvað sé meira gert í þessu máli en að bera fram till. og ræða þær hér innan veggja þingsalanna. Ég er eins og umbjóðendur mínir fyrir austan fjall, sem eiga hagsmuna að gæta í þessu máli, að ég geri jafnvel kröfur til aðgerða. Nú er það svo, að ég býst við, að n., sem skipuð var samkv. þessari þál., hafi unnið, þó að mér sé ekki ljóst, hver árangur hefur orðið af störfum hennar eða hve langt hún er komin í störfum sínum, fyrr en ég hef fengið upplýsingar um það hjá hæstv. atvmrh. Þar sem þessi mál hafa verið til umr. á Alþ. í 20—30 ár

og enn ekki komin í höfn eða hafa verið leyst á neinn þann hátt, sem við getum sætt okkur við, er ljóst, að sá tími er kominn, að farið verði að krefjast aðgerða, en ekki látið sér nægja umtal. Ég er hæstv. atvmrh. þakklátur fyrir það, að hann ætlar nú að svara þessari fyrirspurn, og sé ekki ástæðu til að fjölyrða meira um hana, fyrr ég hef heyrt svarið.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, var þál. um ákvörðun og framkvæmd gagngerðra samgöngubóta frá Reykjavík austur í Ölfus samþ. á Alþ. 10. marz 1944. Eins og ég gat um áðan, er þessi till. yfirgripsmeiri en sú fyrri, en að efni til eru þær mjög svipaðar, og var því auðsætt, að eðlilegt væri, að bæði þessi mál væru meðhöndluð í einu lagi af einni og sömu n. Í samræmi við þessa þál. skipaði svo hæstv. Alþ. 5 manna n., og voru fjórir þeirra kosnir hlutbundinni kosningu í sameinuðu þingi, en vegamálastjóri var fimmti maður í n. og formaður hennar. Af þessum ástæðum er það, að ráðuneytið hefur ekki haft mikil bein afskipti af þessari þál. eða störfum n. Eigi að síður, í tilefni af þessari fyrirspurn, sem hér er borin fram, og af því að formaður n. er embættismaður, sem heyrir undir ráðuneytið, hef ég spurzt fyrir um, hvað nefndarstörfum líður og hvenær líkur séu til, að þeim ljúki. Svar við þessu er á þá leið, að n. hefur nokkuð rætt þessi mál. Mælingum er að mestu lokið á þeim leiðum, sem líklegastar eru taldar. Nokkuð hefur verið unnið úr mælingum, annazt upplýsingar um flutningamagn og gerður undirbúningur að kostnaðaráætlun. Þetta er það, sem n. hefur þegar unnið í sambandi við þessa þál. Vegamálastjóri gat þess, að störf n., undirbúningsrannsóknir og kostnaðaráætlun, séu mjög umfangsmikil og hljóti að taka langan tíma. Hann segir og, að þessum athugunum miði seinna áfram fyrir það, að mjög skorti aðstoð verkfróðra manna í sinni þjónustu. Eigi að síður er það ætlun hans sem formanns n. að láta halda þessu verki áfram svo hratt sem kostur er. Þetta er það, sem ég get upplýst um málið.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Ég vil þakka hæstv. atvmrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann hefur gefið í þessu máli, og eins og menn hafa nú heyrt, hefur n. unnið nokkuð að athugunum, sem að þessu lúta. En eftir því, sem ég bezt heyrði, er tæplega von á, að þessum rannsóknum eða störfum ljúki að svo stöddu, af því að vegamálaskrifstofuna vantar verkfræðilega aðstoð. Ég vil því eindregið óska þess, að hæstv. atvmrh. hlutist til um, að þar verði bætt við vinnukrafti, svo að mögulegt verði að ljúka þessu sem fyrst og hægt verði að fá úr því skorið, hvað er heppilegast til framfara í þessu máli. Ég til enn fremur óska eftir því, að hæstv. atvmrh. hlutist til um, að sá embættismaður, sem heyrir undir ráðuneytið og er formaður n., sofi ekki á verðinum í þessu máli, heldur leggi fram þá krafta, sem hann hefur yfir að ráða, til þess að ljúka þessu sem allra fyrst. Ráðh. veit, að þeir, sem hagsmuna eiga að gæta í þessu máli, munu fylgjast með því, hvað gerist, og þeir munu ekki sætta sig við það, að ekki verði hrundið af stað framkvæmdum þessara mála svo fljótt sem kostur er. Ég fjölyrði ekki um þetta, en vil mega treysta því, að áfram verði haldið, svo að rannsóknum megi ljúka sem fyrst.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég vil aðeins taka fram út af síðustu ræðu, að töf stafar ekki af því, að ráðuneytið hafi ekki viljað fallast á að ráða fleiri verkfróða menn til vegagerðar, heldur hefur verið sú ekla á byggingarverkfræðingum, að þeir hafa ekki fengizt til verksins þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ráðuneytisins. Þá hefur ráðuneytið gert ráðstafanir til að ráða verkfræðinga, sem nýlokið hafa prófi í Skandinavíu. Einn slíkur hefur verið fastráðinn og kemur heim strax og hann kemst milli landanna. Tveir ágætir verkfróðir menn hafa kosið að hverfa úr þjónustu ríkisins til einkareksturs. En von er um, að skarðið fyllist og úr þessum vandkvæðum muni brátt rætast.

Ég get fullvissað þm. um, að málið sofnar ekki. Ráðuneytið hefur fullan hug á, að n., sem að málinu vinnur, ljúki störfum svo fljótt sem kostur er á.

5. Viðgerð á Ölfusárbrú.

Á 50. fundi í Nd., 15. sept., var útbýtt:
Fyrirspurn til samgöngumálaráðherra um viðgerð á Ölfusárbrúnni (A. 321).

Á 51. fundi í Nd., 18. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 19 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að samgmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn til þess að svara.

Fyrirspyrjandi (Ingólfur Jónsson): Það vill nú svo vel til, að ég hef þegar fengið svar við þessari fyrirspurn. Vegamálastjóri segir mér, að Ölfusárbrú verði opnuð til umferðar á morgun. Það er ánægjulegt, að sá árangur hefur náðst. Ég vil nota tækifærið til að þakka vegamálastjóra, verkfræðingum, verkstjóra og öðrum, sem þar áttu mestan hlut að. Þegar brúin fór niður, voru margir kvíðandi um, að ekki tækist að ná henni upp. Og kvíðvænlegt var að hugsa til, hvernig haustflutningar mundu þá ganga. Nú er ástæða til að vona, að brúin endist, þangað til búið er að smíða nýja brú. Þótt brúin sé komin upp, er hún ekki til frambúðar, svo mikil notkun sem hlýtur að verða á henni. En flytja má þessa gömlu brú á annað fljót, þar sem umferð er minni, og gæti hún komið þar að fullu gagni.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Enda þótt fyrirspyrjandi hafi tekið af mér ómakið að svara fyrirspurn-

inni, vil ég taka fram, að fjárrekstrar yfir Ölfusá eru þegar byrjaðir, og brúin verður opnuð á morgun til umferðar með þungaflutning. Telja þeir, sem gerst vita, að brúin eigi nú að vera a. m. k. eins sterk og hún hafi sterkust verið áður.

Viðvíkjandi þál. um nýja brú á staðnum vil ég skýra frá því, að unnið er að útvegun efnis, sem erfitt er að fá, einkum járnið, og þarf það að fást frá Bretlandi, ef unnt á að vera að hefjast handa við bygginguna á þessu hausti. Gegnum stjórnarleiðina er verið að reyna að fá það, og undirbúningurinn er í fullum gangi.

6. Veðurfregnir.

Á 46. fundi í Sþ., 21. sept., var útbýtt frá Nd.:
Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um veðurfregnir (A. 338).

Á 54. fundi í Nd., 22. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 18 shlj. atkv.

Á 58. fundi í Nd., 29. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að ríkisstj. hafði tjáð sig reiðubúna til þess að svara.

Fyrirspyrjandi (Pétur Ottesen): Á öndverðu þessu ári, 17. febr. s. l., var samþ. hér á Alþ. svo hljóðandi þál.: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að freista þess að fá því til vegar komið, að veðurstofan fái aðstöðu til að láta landsmönnum í té veðurfregnir og veðurspár, er að haldi megi koma."

Ástæðan til þess, að þessi þál. var borin fram og samþ., var sú, að um nokkurt árabil hafði veðurstofan búið við þær aðstæður, að hún hafði verið svipt aðstöðu til að afla veðurfregna frá Noregi, Bretlandseyjum, austurströnd Ameríku og Grænlandi. Einnig var henni fyrirmunað að fá nokkrar fregnir frá skipum á hafinu milli Ameríku og Bretlandseyja. En af veðurfregnum frá þessum slóðum hafði veðurstofan að mestu dregið ályktanir sínar um veðurútlit hér.

Einu heimildirnar, sem veðurstofan hefur síðan haft við að styðjast, hafa verið fregnir frá stöðvum hér á landi. En svo takmörkuð vitneskja hrekkur skammt til að draga af þær ályktanir, sem að verulegu gagni mega koma.

Íslendingar hafa af þessum sökum verið sviptir því öryggi, sem veðurstofan getur veitt, ef starfsemi hennar væri ekki hneppt í dróma.

Samfara þessu hefur mjög verið takmarkað, að hve miklu leyti veðurstofunni er leyft að birta veðurspár sínar almenningi. Landinu er skipt í 8 svæði, og má birta veðurspá hvers svæðis um sig innan takmarka þess, en ekki annars staðar. Veðurspárnar berast símleiðis þangað frá veðurstofunni. Fyrir skip og útilegubáta er þetta vitanlega mjög slæmt, og veðurfregnir koma nú almennt að litlum notum.

Jafnframt er kunnugt, að erlendu hernaðaryfirvöldin hér hafa mjög fullkomnar veðurfregnir og styðjast við fréttir frá öllum þeim stöðum, sem veðurstofan hafði áður sambönd við. Í höndum sérfræðinga þeirra liggur sú þekking, sem miklum hluta landsmanna er brýn nauðsyn, en hernaðarvöldin hafa svipt okkur. Þess vegna fólst í þál. áskorun til ríkisstj. um að reyna að fá framgengt annaðhvort því, að veðurstofan fengi sömu aðstöðu og hún hafði áður til að afla veðurfregna, eða að hernaðaryfirvöldin hér létu veðurfræðinga sína, er hér starfa, láta veðurstofunni í té alla vitneskju, sem varðað getur veðurútlit við Ísland, jafnóðum og hún berst þeim í hendur, — í öðru lagi, að rýmkað yrði um útsending veðurspánna.

Ég hef borið fram þessa fyrirspurn til að gefa ráðh. tækifæri til að skýra frá, hvað gert hefur verið í þessum málum, sem miklu skipta allan þorra þjóðarinnar. Nú virðist siglingahættu hafa verið bægt frá höfunum kringum Ísland, svo að hernaðarviðhorf málsins sé breytt, og þola þá aðgerðir af okkar hálfu ekki bið, ef unnt væri að koma þessu í betra horf.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Hv. þm. Borgf. hefur lýst því réttilega, hvernig ástandið hefur verið um öflun og dreifingu veðurfregna, og það er vissulega lítt við unandi. Bæði fyrrv. ríkisstj. og núv. hafa gert miklar tilraunir til rýmkunar og það eigi síður fyrir 17. febr. en eftir. Ríkisstj. bar fram fyrir fulltrúa herstjórnarinnar öll þau rök, sem fyrir hendi voru, þ. á m. þau rök, sem hv. þm. Borgf. hefur flutt, en allt kom fyrir ekki. Þó að hinir erlendu fulltrúar hafi tekið með vinsemd á málinu, hefur það jafnan strandað á kröfunni um öryggi hernaðaraðgerða, seinast á s. l. vori, og mun synjunin þá hafa komið frá æðri heryfirvöldum en hér eru. Það var þá enn algert afsvar um nokkra breytingu. En með því, að hernaðarafstaðan hefur síðan breytzt, hefur ríkisstj. tekið málið fyrir að nýju, og er það komið til athugunar hjá þeim háu herrum. Finnst mér, eins og nú horfir í styrjöldinni, nokkur von um, að breytingar fari að fást á þessu sviði.

En til marks um, hvað Bretar telja leynd veðurfregna alvarlegt mál, má geta þess, að síðustu missiri hafa þeir engar veðurfregnir látið sjómönnum sínum í té.

Málinu verður fylgt fram, og við verðum að vona, að ekki líði langt til breytinga.

Fyrirspyrjandi (Pétur Ottesen): Ég get þakkað hæstv. ráðh. fyrir svörin. Ég efast ekki um, að hann hefur gert það, sem hægt var að gera í málinu, en það er sorgarsaga, hvernig synjað hefur verið um allar úrbætur og hvað af hefur hlotizt. En nú þegar ástandið á höfum Íslands og hér í nánd er gerbreytt, er undarlegt, ef það hefur ekki áhrif á hernaðaryfirvöldin í máli þessu, ekki sízt ef veðurfregnunum verður ekki meira slegið út en nú hefur verið gert

um skeið. Rýmkun á fréttaöfluninni hefði mikla þýðing fyrir bátaflotann, þótt ekki væri hægt að láta talstöðvar hafa fregnirnar.

Ég veit, að ríkisstj. muni áfram halda fast á þessu máli.

7. Verkamannabústaðir og byggingarsamvinnufélög.

Á 62. fundi í Nd., 10. okt., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun laga um verkamannabústaði og um byggingarsamvinnufélög (A. 409).

Á 64. fundi í Nd., 12. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 19 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 12. okt., sendi forseti Nd. atvmrh. fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hann teldi sig við því búinn að svara.

Við bréfi þessu barst aldrei svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar.

8. Ákvæðisvinna.

Á 86. fundi í Nd., 4. des., var útbýtt:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um söfnun erlendra heimilda um fyrirkomulag ákvæðisvinnu (A. 597).

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 18 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 12. des., sendi forseti Nd. fyrirspurnina til ríkisstj. og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hún teldi sig við því búna að svara.

Við bréfi þessu barst ekki svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar, en á 128. fundi í Nd., 13. febr., utan dagskrár, mælti

Skúli Guðmundsson: Herra forseti. — Það mun hafa verið 4. des. 1944, sem hér var útbýtt í þessari d. fyrirspurn frá mér til hæstv. ríkisstj., og var þessi spurning um öflun heimilda um fyrirkomulag ákvæðisvinnu erlendis. Þessi fyrirspurn var svo leyfð, sem svo er kallað, á þingfundi 12. des. Nú er alllangt liðið síðan þetta var, komið annað ár og senn liðinn hálfur annar mánuður af því. Ég vil mælast til þess við hæstv. forseta, að hann hlutist til um, að svo miklu leyti sem það stendur í hans valdi, að þetta mál verði innan skamms tekið á dagskrá, svo að fyrirspurnin fengist borin upp og rædd.

Forseti (JörB): Mér er ekki kunnugt um, að svar hafi borizt frá hæstv. stj. um það, hvenær hún telji sig tilbúna til að svara fyrirspurninni, en þegar mér verður kunnugt um það, mun ég taka málið á dagskrá til umr.

Samgmrh. (Emil Jónsson): Af því að enginn annar er hér til andsvara, þá vil ég geta þess, að ég skal koma þessu áleiðis til þeirra, sem fyrirspurnina hafa fengið Mér hefur hún ekki borizt, og sennilega er ekki ætlazt til, að ég svari henni. Ég skal sjá um, að þessi orð hv. þm. V.-Húnv. verði flutt rétta boðleið. *(SkG:* Þökk fyrir.)

9. Olíugeymar.

Á 74. fundi í Sþ., 11. des., var útbýtt frá Nd.:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um olíugeyma o. fl. (A. 656).

Á 90. fundi í Nd., 12. des., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 21 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 12. des., sendi forseti Nd. atvmrh. fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hann teldi sig við því búinn að svara.

Við bréfi þessu barst aldrei svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar.

10. Reki og rekaréttur.

Á 82. fundi í Sþ., 9. jan., var útbýtt frá Nd.:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um undirbúning löggjafar um reka og rekarétt (A. 780).

Á 101. fundi í Nd., 10. jan., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 21 shlj. atkv.

Með bréfi, dags. 10. jan., sendi forseti Nd. dómsmrh. fyrirspurnina og beiddist jafnframt vitneskju um, hvenær hann teldi sig við því búinn að svara.

Við bréfi þessu barst aldrei svar, og var fyrirspurnin ekki á dagskrá tekin framar.

11. Flugferðir milli Íslands og annarra landa.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz., var útbýtt frá Ed.:

Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um flugferðir milli Íslands og annarra landa (A. 126).

Á 21. fundi í Ed., 4. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 11 shlj. atkv.

Á 49., 51. og 52. fundi í Ed., 25., 28. og 29. sept., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að ríkisstjórnin hafði tjáð sig reiðubúna til þess að svara.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 53. fundi í Ed., 5. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. — Við hv. þm. Barð. höfum leyft okkur að bera fram þessa fyrirspurn í tilefni af þál., sem Alþ. samþ. 9. febr. árið 1943, en ekki 1942, eins og stendur í þskj.

Í áskorun Alþ. 9. febr. 1943 var bent á, að áskilið væri, að hæstv. ríkisstj. athugaði, hvort ekki væri gerlegt að útvega flugvélar frá Ameríku eða Bretlandi til að halda upp flugsamgöngum við Ísland.

Það mun nú auðsætt, að helzta samgöngutæki framtíðarinnar og það, sem einkum mun annast fólksflutninga yfir Atlantshaf, eru flugvélar. Okkur Íslendingum mátti þegar vera ljós nauðsyn þess að hafa flugsamgöngur, þar sem erfiðleikar og hættur við flutninga sjóleiðis höfðu margfaldazt. Nú er að vísu versti tíminn liðinn hjá, og þótt flutningar sjóveginn fari ef til vill að verða auðveldari, þá mun brýn þörf fyrir flugvélar til að annast póst- og farþegaflutninga.

Nú er mér sagt, að búið sé að festa kaup á flugvél til millilandaflugs, enda þótt ég viti ekki sönnur á, að hún sé til þess ætluð. Ekki er mér kunnugt um, hvort ríkisstj. hefur staðið að þessum kaupum eða átt þar hlut að máli, en mér þykir líklegt, ef hún hefði lagt allt kapp á þetta mál í byrjun, að við hefðum ekki þurft að bíða svo lengi sem raun hefur á orðið.

Nú nýlega hefur verið rætt um póstsamgöngurnar og á hvern hátt það vandamál yrði leyst, en á því væri einnig ráðin bót, ef nefnd till. bæri árangur.

Nú er það auðvitað góðra gjalda vert, að herstjórnin hefur leyft að flytja sjúklinga og einstaka opinbera starfsmenn með herflugvélunum, en þó mun nokkuð á skorta, að allir hafi notið þess, sem þó munu hafa haft þess fulla þörf, því að eðlilega þurfa fleiri en opinberir starfsmenn að fara landa á milli. Ég lít svo á, að hafnbannið hafi verið sett vegna dvalar setuliðsins hér, og tel þess vegna, að það hefði átt að ráða bót á þessu, sem það og hefur gert að nokkru leyti, en ekki svo sem æskilegt hefði verið. Mér er og sagt, að stjórn setuliðsins hér muni hafa gert sitt bezta í þessu efni, en æðri stjórnarvöldum sé um að kenna.

Nú töldum við þó rétt að ýta við ríkisstj. og fá vitneskju um, hvað hún hefði gert í þessu máli, og vænti ég nú, að hún gefi skýrslu sína.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég er á sama máli og fyrirspyrjendur um nauðsyn flugsamgangna, meðan á stríðinu stóð. Þegar eftir að þáltill. kom fram, var rætt við ríkisstjórnir beggja nefndra landa og þess farið á leit, að Íslendingar gætu fengið far milli landa. En þrátt fyrir að við bárum fram hin sömu rök og nú voru greind fengum við þau svör, að slíkt væri ekki hægt vegna takmarkaðs flugvélakosts. Síðar, þegar aðstaðan breyttist og flugvélaframleiðslan jókst, var aftur rætt um þetta, en við fengum enn hin sömu svör. Þó skal þess getið, að allmargir hafa verið fluttir í flugvélum hersins. En allir samningar hér að lútandi hafa borið neikvæðan árangur.

Viðvíkjandi kaupum á flugvélum til landsins er því til að svara, að tekizt hefur, sem kunnugt er, að fá nokkrar smávélar, en stórar hafa ekki fengizt til skamms tíma. En nú hefur tekizt að festa kaup á vél til millilandaflugs, sem rúmar 24 farþega, og hefur ríkisstj. látið flugfélaginu í té þá aðstoð, er þurfti til þessara kaupa.

Það skal loks upplýst, að á allan hátt hefur verið reynt að fá frekari lausn á þessu máli, en án árangurs. Ég legg ekki dóm á, hvort unnt hefði verið með einhverjum ráðum að ná frekari árangri, slíkt er og verður álitamál, þótt ég telji það mjög vafasamt.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Benediktsson): Ég þakka hæstv. ráðh. þessar upplýsingar. Ég dreg ekki í efa, að gert hafi verið það, sem auðið var, þótt árangur hafi ekki orðið meiri, og sé ég ekki ástæðu til að segja fleira hér um.

---

12. Bændaskóli Suðurlands.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt frá Ed.: *Fyrirspurn til landbúnaðarráðherra um bændaskóla Suðurlands* (A. 137).

Á 21. fundi í Ed., 4. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að landbrh. hafði tjáð sig reiðubúinn til að svara.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var fyrirspurnin tekin til meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Hæstv. landbrh. hefur góðfúslega orðið við því að svara hér fyrirspurn þeirri, sem prentuð er á þskj. 137.

Það er nú langt síðan bændaskólal. var breytt með ákvörðun um, að bændaskóli skuli reistur á hinu mikla jarðræktar- og framleiðslusvæði Suðurlandsundirlendisins, þar sem þau l. eru frá því í júní 1942. Það eru því margir orðnir langeygðir eftir að sjá árangurinn af þeim l. og hvar skól-

anum verður ákvarðaður staður. Eins og l. bera með sér, er staðurinn ekki ákvarðaður í þeim, heldur skotið til þess úrskurðar, að landbúnaðarráðuneytið skuli ákveða skólastaðinn að fengnum till. frá Búnaðarfélagi Íslands. Þetta er ekki ennþá komið í dagsbirtuna, en ég geri ráð fyrir, að þótt þessi dráttur sé orðinn þetta langur, undir ýmsum kringumstæðum óeðlilega langur, þá munu liggja til þess orsakir, sem ég tel, að sé engan veginn sök landbrh. eða Búnaðarfélags Íslands. Það er kunnugt mál, þó að því hafi ekki verið hreyft opinberlega, að Búnaðarfélag Íslands valdi þrjá menn í n. til þess að gera till. fyrir sína hönd og jafnframt, að þegar hún tók til starfa, þá kom ágreiningur í ljós. Þessu starfi n. lauk svo með því, að ekki varð samkomulag um málið, og skilaði n. tveim nál., sem vísa sitt í hvora áttina. Það er að segja, n. klofnaði um þetta mál. Þetta hefur orðið til tafar málinu, því að hefði þessi undirbúningsn. orðið sammála og á eitt sátt, þá hefði málið verið miklu auðveldara til endanlegrar ákvörðunar fyrir ríkisstj.

Það er vitað mál og gerir ekkert til, þó að þess sé getið hér, að n. klofnaði á þann veg, að tveir nm. lögðu til að reisa búnaðarskólann í Skálholti í Árnessýslu, en þrír lögðu til, að hann yrði reistur í Kálfholti í Rangárvallasýslu. Ég ætla ekki — og það á ekki við — á nokkurn hátt að leggja dóm á réttmæti hvorrar till. um sig. Ég geri ráð fyrir, að hver hafi um það sínar skoðanir og bíði þar átekta. En eitt er víst — og ég legg áherzlu á það — að almenningur, sem á að þessu að búa, hefur áhuga á því, að þetta komist til frekari framgangs. Fólkið er farið að bíða eftir svari.

Ég veit nú til, að þessi klofna n. hefur nú skilað þessum álitum í hendur ráðuneytisins. En sem sagt, úr því að n. gat ekki orðið á eitt sátt, þá er afstaðan örðugri fyrir ráðuneytið og eðlilegra, að einhver dráttur hefur orðið á endanlegri niðurstöðu. Ég vil segja það sem þm. einnar þeirra sýslna, sem að skólanum eiga að búa, að ég veit það og vil, að ráðh. megi heyra það, að allir hinir víðsýnni menn þar eystra, a. m. k. þeir, sem ég þekki, eru ekki haldnir neinni þröngsýni eða hreppapólitík um það, hvar þessum skóla verði ákvarðaður staður. Sá áhugi, sem þeir menn hafa, er allur um það að ákvarða skólanum stað, hvort sem hann verður í Árnessýslu eða Rangárvallasýslu, því að frá sjónarmiði allra víðsýnna manna er það aukaatriði, en hitt aðalatriðið, að ákvörðunin komi og honum verði fenginn staður, sem samboðinn er honum og til framtíðar. Þetta eru þau atriði, sem allir víðsýnir menn leggja mesta áherzlu á.

Í l. er það tekið fram, að við staðarval skuli tekið tillit til þess, sem sérstaklega snertir jarðargróður og að hann komi að sem beztum notum. Á það er vitanlega lögð áherzla, að það verði fjölbreytt gæði, sem koma þar til greina, þ. e. a. s., að saman fari þar fjölbreytni og miklir jarðræktarmöguleikar. Það er þetta, sem fólkið leggur áherzlu á, og ég vænti, að hæstv. ríkisstj. sjái svo um, að þessum skilyrðum verði fullnægt, án tillits til þess, í hvaða sýslu skólinn verður. Fólk er farið að lengja eftir þessari ákvörðun, og til þess að afla skýrra upplýsinga um það, hvenær mætti vænta úrslita í þessu efni, gerði ég þessa fyrirspurn til hæstv. ráðh., og hefur hann góðfúslega lofað að svara henni hér.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Eins og fyrirspyrjandi tók fram, þá hefur gangur þessa máls verið sá, að n. var skipuð til þess að athuga um væntanlegan stað fyrir bændaskóla Suðurlands. En n. klofnaði.

Forsaga þessa máls er sú, að ríkisstj. fól Búnaðarfélagi Íslands að gera till. um skólastað, en stjórn Búnaðarfélagsins fól það aftur þrem mönnum, og tvo menn tilnefndi ríkisstj. sjálf. Þessi n. starfaði síðastliðið sumar og skilaði áliti stuttu fyrir síðustu áramót. En með því að n. klofnaði og eins stjórn Búnaðarfélagsins, eftir að hún hafði fengið álitið, í tvennt eða þrennt, þá hefur þetta orðið til þess, að ráðun. telur sig þurfa að gera enn nokkrar athuganir, áður en það tekur ákvörðun um það, hvar skólanum skuli valinn staður. Það var ætlun mín, að þessi athugun færi fram milli jóla og nýárs, en vegna þess að þá gerði snjókomu og snjóalög, þá tafðist málið, og það verður ekki hægt að gera þessar athuganir, fyrr en snjóa tekur aftur að leysa af Suðurlandsundirlendinu. En það er ætlun mín, að þá strax og hægt reynist skuli þessi athugun fara fram og ákvörðun um skólastað tekin. Að sjálfsögðu, þegar þar að kemur, mun verða reynt að taka þá ákvörðun með það fyrir augum, að sem beztur staður fáist fyrir þennan skóla, sem bændur á Suðurlandsundirlendinu sjálfsagt geta borið miklar vonir til. Sem sagt, þetta mál skal ekki dragast að óþörfu, eftir að snjóa leysir í vor.

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir greinileg og góð svör um þetta mál.

13. Rafveitumál.

Á 25. fundi í Sþ., 3. marz, var útbýtt frá Ed.: *Fyrirspurn til atvinnumálaráðherra um rafveitumál.* (A. 138).

Á 21. fundi í Ed., 4. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 11 shlj. atkv.

Á 25. fundi í Ed., 9. marz, var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn til þess að svara.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 26. fundi í Ed., s. d., var fyrirspurnin tekin til meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Þessi fyrirspurn til hæstv. ráðh. er að því leyti borin fram

af mér í sama skyni og síðast rædda fyrirspurn (þ. e. fsp. um bændaskóla Suðurlands), að ég tel æskilegt að leita upplýsinga um viðhorfið þangað, sem helzt er að leita þeirra, þ. e. a. s. hjá ráðh. þeim, sem fer með rafveitumál. Ég skal hafa þessi orð mín ekki nema örfá, því að það er nóg að vísa til þess, sem lengi hefur búið í hugum fólksins og rætt hefur verið um manna á milli, að geta notað hinn mikla aflgjafa, Sogið, til að lýsa byggðunum í námunda virkjunarinnar. Þetta hefur allrækilega verið rannsakað af fagmönnum í því skyni, og er málið komið á þann rekspöl, að jafnframt því, sem kunnugt er, að á síðasta ári heimilaði ríkisstj.....

Nú hefur maður heyrt utan að sér, en ekki þó með glöggum skilum, að af hálfu hæstv. stj. og trúnaðarmanna hennar hér heima og sendimanna í Ameríku sé verið að leitast fyrir um þetta. En þá er spurning mín: Hvað gengur því? Eru líkur til, að horfi vel og efni fáist og útflutningsleyfi? Fólk er spurult og vill sem von er vita, hverjar líkur séu fyrir, að þessu fáist framgengt og hvort þess megi vænta, áður en langt um líður, að það efni fáist, sem þetta byggðarlag þarf.

Ég vil svo láta máli mínu lokið, því að forsaga þessa máls er svo kunn, að ég tel, að ekki þurfi að ræða það frekar, áður en hæstv. ráðh. gerir svo vel að svara því, sem spurt er um.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. — Ég verð því miður að upplýsa, að það lítur ekki sérstaklega vel út með það, að fljótt fáist leyfi fyrir efni því, sem hér er rætt um, frá Ameríku.

Það varð nú einhvern veginn svo á síðasta ári, þegar verið var að reyna að fá leyfi fyrir Reykjaneslínuna, Árnessýslulínuna og Húsavíkurlínuna, þá fékk partur af Reykjaneslínunni frekast náð fyrir augum þeirra, sem valdið hafa í þessum málum vestur í Ameríku. Var talið í haust sem leið, að fengið væri leyfi fyrir efniskaupum til línu til Keflavíkur, sem er nokkuð mikill hluti Reykjaneslínunnar, en þá var ekki hægt að fá leyfi fyrir Árnessýslu- eða Húsavíkurlínurnar. En þó varð það svo, að Keflavíkurlínan fengi frekast náð fyrir augum þeirra, sem útflutningsleyfið veittu vestur í Ameríku, að nú í dag hefur fengizt leyfi fyrir efniskaupum fyrir aðeins 35000 $ af um 150000 $ verði til Keflavíkurlínunnar. Það vantar því enn mikið á, að leyfi hafi fengizt fyrir allt efni til þeirrar línu, sem þó fann helzt náð fyrir augum þeirra, sem leyfin veita þar vestra. Og þó að við vonum, að viðbótin til þessarar línu fáist kannske áður en langt um líður, þá er samt ekki vitað, hvenær það verður. Af þessu má sjá, að það er ekki sérlega létt fyrir að fá nauðsynleg útflutningsleyfi til þessara hluta. Ég verð að viðurkenna, að mér sýnist lítil von til, að útflutningsleyfi fáist fyrir efni til Árnessýslulínunnar næstu vikur eða mánuði. Ég vil hins vegar taka fram, að ég er mjög hlynntur því, að hægt yrði að undirbúa það mál, að Árnessýslulínan gæti komizt upp svo fljótt sem hagkvæmt er. Ég hafði vegna þess þegar á liðnu ári spurzt fyrir um í Svíþjóð, hvert verð væri á efni, sem notað væri í slíkar línur, og fékk það svar, að slíkt mundi kosta lítið meira en helming á við það, sem sams konar efni kostar vestra, en hins vegar eru meiri erfiðleikar á að fá efni frá Ameríku en ég bjóst við. Nú hafa á ný verið gerðar fyrirspurnir til Svíþjóðar, hvort hægt sé nú að fá þar sambönd um slíkt efni og með hvaða kjörum, og vona ég, að ég fái svör við þessu áður en margir dagar líða. Og ef þau verða á svipaðan hátt og upplýsingar þær, sem komu þaðan í fyrra, sýnist mér, að vel geti verið álitlegast að gera ráðstafanir til að kaupa frá Svíþjóð efni í þessa línu og aðrar línur, er gera þarf nú á næstunni, í von um, að stríðinu létti bráðum eða svo fljótt, að efnið fáist flutt inn frá því landi eins eða svo að segja eins snemma og möguleikar verða til að fá það að vestan.

Ég get því miður ekkert frekar upplýst um þetta nú, en málinu skal verða fylgt eftir svo sem hægt er, og verður lögð meginháherzla á að fá sem beztar upplýsingar um möguleika á að fá þetta efni frá Svíaríki. Það styrkir von okkar í þessu efni, að eins og hv. d. er kunnugt, hafa nú verið keyptar þar vélar til stórrar virkjunar fyrir Suðvesturland með árangri, sem er glæsilegur samanborið við Ameríkuverð. Málinu skal vera haldið áfram og öllum leiðum haldið opnum, sem einhverja von geta gefið, en eins og nú horfir við, tel ég, að hagkvæmustu kaupin á slíku efni verði gerð í Svíþjóð.

Fyrirspyrjandi (Eiríkur Einarsson): Ég skal ekki eyða mörgum orðum.

Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir vingjarnleg og góð svör, sem hann gaf við minni fyrirspurn, og ég leyfi mér að leggja þá merkingu í hans umsögn, að sú viðleitni, sem ég þóttist vita, að væri fyrir hendi til að gera það, sem unnt væri til að útvega þetta efni, sé raunverulega fyrir hendi. Og þegar hann hefur látið þess getið, að þetta sé nokkuð þungt í togi að fá innflutningsleyfi frá Ameríku, þá er það ekki nema æskilegur hlutur, sem sýnir mikinn vilja til framkvæmda á málinu, að leitað hafi verið fyrir sér á fleiri en einum stað, og er ekki nema gott að fá samanburð til að komast að raun um, hvað bezt gefst. Ég veit, að þeim, sem eiga að þessu að búa og hafa mikinn áhuga á þessu, leikur mikill hugur á, að þarna sé fylgt fast og ósleitilega á eftir, og vænti ég, að svo verði gert, þangað til sigur vinnst í framkvæmd málsins, og vænti ég, að það verði svo fljótt sem frekast er unnt.

14. Erlendar innstæður.

Á 41. fundi í Sþ., 14. sept., var útbýtt frá Ed.: *Fyrirspurn til fjármálaráðherra um 580 milljónir króna í erlendum innstæðum* (A. 304).

Á 43. fundi í Ed., 15. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspurnin leyfð með 9:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: LJóh, MJ, PHerm, BSt, BBen, EE, IngP, JJ, KA.

nei: GJ, StgrA.

Sex þm. (PM, ÞÞ, BrB, GÍG, HG, HermJ) fjarstaddir.

Á 46. og 47. fundi í Ed., 20. og 21. sept., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að fjmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn til þess að svara henni.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 48. fundi í Ed., 22. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Þessi fyrirspurn er orðin dálítið gömul vegna annríkis d., en efni hennar er svo mikill undirstöðumatur, að ekki mun saka.

Einn hv. þm. og flokksformaður hefur í útvarpsræðu frá þinginu, birtri í Þjóðviljanum 13. sept., talað um 500 eða 580 millj. kr., sem ríkisstj. eða Alþ. ætti yfir að ráða og nota mætti til svo margra hluta, að ég fer ekki að telja það allt, t. a. m. til að byggja hafnir, verksmiðjur, skip, brýr og umbylta jörðinni á mjög stórkostlegan hátt.

Ég hef alllanga hríð átt sæti í fjvn., og mér finnst það vanræksla hjá hæstv. fjmrh., ef honum hefur láðst að skýra n. frá því, að ríkið eigi þessa fjárhæð til ráðstöfunar, ef hann skyldi hafa leynt þessu, hulið það, dregið það undan án þess að láta þessa vesalings n. neitt af þessu vita, en sífellt er gengið í skrokk á henni, og hún hefur ekki úr miklu að moða. En ef hitt yrði reyndin, að þessi hv. flokksformaður hefði farið með staðleysur einar um þetta fé, finnst mér það svo ósæmilegt, að ekki megi kyrrt liggja. Úr því að þessum hundruðum milljóna átti að mega ráðstafa á pólitískan hátt, hljóta þær að vera taldar eignir landsins, ellegar þetta eru aðeins skýjaborgir. Ég hygg, að fyrir honum hafi vakað, að Alþ. hefði vald yfir öllu þessu fé, ekki að láni, því að ekkert samþykki er fengið fyrir því, heldur rétt til að taka það og ráðstafa eftir vild.

En hefði þetta nú verið misgáningur hjá hv. þm. þessum, er heppilegt, að það komi fram frá fjmrh., hvernig málinu er varið. Það er ákaflega vel fallið til að glöggva menn á eðli þess og sýna þeim fram á, hvort vera kunni, að þessi ríkiseign sé hvergi til. Ég vænti þess að heyra frá ríkisstj., hvort hún er svo mikill búmaður, að hún eigi þessar 580 millj. í laumi á kistubotninum.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Fyrirspurn sú, sem hv. þm. S-Þ. hefur sett hér fram: „Hvenær og með hverjum hætti hafa ríkissjóði áskotnazt 580 millj. kr., ... án þess að þessarar fjárhæðar sé getið í skjölum Alþingis," — virtist mér í fyrstu nokkur gáta. Það hvarflaði að mér, hvort ég hefði framið stórkostleg embættisafglöp að leyna eða tapa þessari upphæð í völundarhúsi ríkissjóðsins. En þó að þar sé leitað eftir henni með logandi ljósi, er hún ekki til staðar. Þess vegna er ekki um það að ræða, að þessu fé verði ráðstafað á þann hátt, sem spurt er eftir í síðari hluta fyrirspurnarinnar. En samkv. tilvitnun hv. þm. til útvarpsræðu fulltrúa Sósfl. svipar upphæðinni mjög til þess fjármagns, sem ríkið eða landsmenn eiga í erlendum innstæðum. Það fé er þó nokkuð ólíks eðlis. Það er ekki eign bankanna né ríkisins, heldur eign sjómanna, verkamanna, útgerðarmanna, bænda og fjölmargra fleiri landsmanna, og þessum eignum verður ekki ráðstafað án samþykkis eigenda, nema ríkisvaldið ætli að taka þær traustataki til að ráðstafa þeim á líkan hátt og gert virðist ráð fyrir í fyrirspurninni.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Það fer líkt fyrir mér og fyrir Alþ. fyrrum, þegar hundrað þúsundirnar útreiknuðu fundust hvergi, eins og getið er um í grg. Mér eru það vonbrigði, en gat þó við þessu búizt, að allt væri staðleysa, sem umræddur þm. hélt fram um þessa glæsilegu fjárhæð ríkisins. Það á ekki einn eyri af henni. Það kemur fram, að ríkið og Reykjavíkurbær eru hér um bil þau einu í landinu, sem hafa ekki getað borgað niður skuldir sínar undanfarin ár.

En þá get ég ekki komizt hjá að lýsa yfir hryggð minni út af því, að ríkið skuli ekki hafa þessa peninga handbæra. Sérstaklega er það, þegar ég hugsa til hv. þm. Barð. (GJ), hve nauðsynlegt hefði verið að geta lagt ríkisfé í fyrirtæki eins og bryggjuna í Flatey, sem þm. ætlaði að byggja fyrir síðustu kosningar, en ekkert hefur orðið úr síðan, eins og raunar fleiri hlutum, sem menn hafa hætt við. Ég efast ekki um, að hann byrji á henni aftur fyrir næstu kosningar, en mér hefði þótt vænt um, ef hægt hefði verið að leggja fram eitthvað af þessari upphæð til þess, að verkið þyrfti ekki að stanza milli kosninga. Ég vonast til, að hann taki þetta ekki illa upp, þegar hann sér, að það kemur af góðum vilja.

Hæstv. fjmrh. veik að því, að sparifjárinnstæður landsmanna erlendis mundu vera eign h. u. b. 100 þús. manna og ríkið fengi þær ekki til ráðstöfunar nema með eignarnámi. En sumir menn hafa fengið um þetta allt aðrar hugmyndir. Á s. l. vetri mun sjálfvalin margmenn n. hafa rætt málið. Undir vetrarlokin sýndi maður mér blöð með ráðagerðum n., þar sem ráðgert var að fella krónuna um 25% og láta ríkisvaldið taka 25% erlendra innstæðna, — það mundi þá hafa gert um 100 millj. kr. — Féð skyldi nota á líkan hátt og útvarpsræðumaðurinn ráðgerði. Ég tel, að Alþ. ætti ekki að láta óátalinn slíkan kjafthátt í útvarpsumr. Til þess að þessir peningar, sem eðlilega hafa safnazt fyrir, meðan ekki var hægt að framkvæma neitt verulegt fyrir þá, komi þjóðarbúinu að notum, þarf traustið á gengi krónunnar að haldast og sá blær að vera á aðgerðum þings og ríkisstj., að menn óttist ekki rýrnun og glötun þessara söfnuðu verðmæta, hvað sem á dynur. Þá notar þjóðin þessar innstæður til að byggja upp landið á þann hátt, sem henni þykir bezt við horfa. En ef ófriður og ránskapur

er rekinn, verður reynt að flytja peningana úr landi, því að það er alltaf hægt, þótt stj. reyni að sporna við því, eða menn eyða þessum peningum í ekkert, þegar þeir eru farnir að hugsa sem svo: Mér auðnast aldrei að rækta fyrir þetta fé, aldrei að byggja fyrir þessar þúsundir, og þá læt ég þær fjúka. Hræðslan við, að féð verði að engu, eyðileggur allt.

Mér þykir illt, að svo sé, að við skulum ekki hafa þetta fé til að byggja landið.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Skeytið, sem hv. þm. S-Þ. beindi til mín, stafar af því, að ég leyfði mér þá dul að greiða atkv. móti því, að þessi marklausa fyrirspurn yrði leyfð. Hann var að tala um kjafthátt, sem Alþ. mætti ekki láta óátalinn. Ég tel Alþ. sitja hér til alls annars en þvæla um annan eins kjafthátt og fyrirspurn þessa hv. þm. er. Hann talar um misnotkun útvarps og hefur þó sjálfur einn allra þm. gengið á það lagið að misnota útvarp þannig að semja langar grg. og nál. til lestrar í útvarpi og einskis annars, einkum eftir að ekki þótti lengur fært, að hann setti slíkt og þvílíkt efni í flokksblað sitt. Til dæmis má benda á þskj. 700 á Alþ. 1943, þar sem hann skrifar nál., sem fyllir þéttletraðar 17 síður í þingtíðindum og er að miklu leyti skammir, rangfærslur og rógur um einstaka menn, án þess að neitt af því snerti frv., sem um var rætt, og þm. gleymir alveg af einskærum áhuga á þessari iðju að taka fram í nál., hvort hann leggi til, að frv. verði samþ. eða fellt. Þess er skemmst að minnast, að hann óð með dæmalausum hroka upp á sér yngri þm. til að kenna honum, hvaða skoðun hann mætti halda fram hér á Alþ. Þannig mætti áfram telja, og ég álít, að Alþ. sæmi ekki fleipur eins og fyrirspurn þessi er.

Ummæli hv. þm. og flokksblaðsins Tímans um framkvæmdir í Barðastrandarsýslu eru með þökkum þegin, ef þau skyldu vera stórmerkilegur áttaviti eða veðurviti nálægra kosninga. Og gott er til þess að hyggja, þegar ég kann að leita til fjvn. um fé til hafnargerðar, að þá verði þar ekki andúð að mæta.

En við afgreiðslu á fjárl. þessa þings vildi ég minna á, að það er annar réttur, sem Barðstrendingar eiga fyrst og fremst til fjvn. að sækja, það eru framlög til vega í sýslunni, því að satt að segja er ástand þeirra til lítils sóma þeim, sem þar réðu fyrr á árum, og allra minnst fyrrv. þm. sýslunnar.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Ed., 25. sept., var fyrirspurnin tekin á dagskrá til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 51. fundi í Ed., 28. sept., var umr. fram haldið.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Það er nú svo langt liðið, síðan þetta mál var hér síðast til umr., að ég man tæplega öll þau atriði, sem ég ætlaði að svara, og í rauninni er þessi fyrirspurn ekki þess verð, að verið sé að ræða um hana hér í Alþ. Ég get verið sammála hv. þm. Barð. um það, að ekki sé rétt að leyfa umr. um slíka fyrirspurn. Hæstv. forseti taldi heiður hv. d. í veði, en greiddi þó atkv. á móti afbrigðum. Hins vegar má líta á það, að hv. þm. S-Þ. á nú hvergi lengur inni með blaðakost, eins og hv. þm. Barð. hefur lýst, og væri þá reyndar hart að meina honum að koma með þetta mál inn á Alþ., fyrst þingið er eini vettvangurinn, þar sem skotið er skjólshúsi yfir hann, og þess vegna greiddi ég með glöðu geði atkv. með þessu.

Þessi fyrirspurn er í fyrsta lagi reist á útúrsnúningum og rangfærslu á ræðu hv. 2. þm. Reykv. Ég hef bæði hlustað á ræðuna og lesið hana prentaða, og þar stendur hvergi, að þessar mörgu milljónir séu eign ríkissjóðs. Orðrétt segir hv. 2. þm. Reykv., með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta fé er eign íslenzku bankanna, og þeir eru ríkiseign, en út á þessar 500 millj. skulda svo bankarnir þær sparisjóðsinneignir, sem fólkið á hjá þeim.“

En síðan vill svo enginn kannast við þessar 500 millj. kr., og kemur nú hver af öðrum og neitar, að sú stofnun, sem hann er við riðinn, eigi umráðarétt yfir þessari miklu upphæð. Hv. þm. S-Þ. t. d., sem er sjálfur í bankaráði Landsbankans og fjvn. Alþ., vill ekki við þær kannast, og í rauninni er það svo, að þetta gæti orðið fyrirsögn í leikriti: 500 milljónirnar leita að eiganda. — Annars er ekki úr vegi að reyna að komast að einhverri niðurstöðu um það, hver er hinn rétti eigandi, þó að fyrirspurnin sé raunar svo barnaleg, að hún sé tæpast svara verð. En nú hefur það gerzt, að hæstv. fjmrh. hefur talið það virðingu sinni samboðið að standa hér upp og svara fyrirspurninni í alvöru. Hæstv. ráðh. segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem þessari upphæð svarar, svarar mjög til þeirrar upphæðar, sem ríkið, réttar sagt landsmenn, eiga inni í erlendum innstæðum. En það má taka fram, að þetta eru ekki eignir bankanna, heldur eignir sjómanna, verkamanna, útgerðarmanna, bænda og margra annarra. Þessum eignum verður ekki ráðstafað án samþykkis eigendanna, nema ríkisvaldið ætli sér að taka þær traustataki og ráðstafa þeim á þann hátt, sem gert virðist ráð fyrir í fyrirspurninni.“

Hæstv. fjmrh. neitar því sem sagt, að þetta fé sé eign bankanna. Mér þótti því rétt að athuga, hvað bankarnir segja sjálfir um þetta, og tók því með mér nýjustu Hagtíðindin. Þar stendur meðal annars í efnahagsyfirliti seðlabankans í júlílok 1944: „Inneign hjá erlendum bönkum 202.123.000 kr.“, — og í öðrum eignalið: „Erlend verðbréf 287.896.000 kr.“ — En á móti þessu stendur fé sparisjóðseigenda í skuldalið. Þetta vita allir menn, og það er einmitt það, sem hv. 2. þm. Reykv. sagði í ræðu sinni. Þess vegna fer hæstv. fjmrh. með beinar rangfærslur, er hann segir, að þessar 500 millj. kr. séu ekki eign bankanna. Þessar eignir eru hér færðar inn á eignalið Landsbankans. Þetta þarf ekki skýringar við. Það er ljóst, að bankinn hefur

fullan umráðarétt þessa fjár. Hvað mundi stoða fyrir einstaka sjómenn, verkamenn eða aðra einstaklinga, sem fé eiga inni í Landsbankanum, að ganga til erlendra banka, benda á þessar inneignir sínar í Landsbankanum og krefjast þess að fá þær greiddar? Hins vegar má vera, að hæstv. fjmrh. viti um einhverjar inneignir erlendis, sem eru raunveruleg eign einstaklinga, þar sem hann segir, að þar séu til innstæður, sem ekki séu eignir bankanna, heldur sjómanna, verkamanna o. s. frv., og vil ég gjarnan biðja hann að skýra það nánar.

Þetta er um það atriði, hver eigi þessar innstæður. En hvernig er með umráðaréttinn yfir þessu mikla fé? Hæstv. fjmrh. segir, að þessum eignum verði ekki ráðstafað, nema ríkisvaldið ætli sér að taka þær traustataki. Það er einkennilegt, að því er líkast sem þessir menn viti hvorki um gjaldeyrisl. né viðskiptaráð, og er hæstv. ráðh. þó húsbóndi viðskiptaráðs. Vitanlega er umráðarétturinn, ef ekki í bönkunum einum, þá sameiginlega í bönkunum og viðskiptaráði. Fyrirspyrjandinn er sjálfur í bankaráði Landsbankans, og hann telur, að ekkert megi gera við þetta fé nema með leyfi þeirra, sem það eiga. Þessi hv. þm. er vinsamlegur Rauðku á Siglufirði. Við skulum segja, að það komi beiðni frá Rauðku um bankalán, segjum 1 eða 2 millj. Mundi hann þá sem bankaráðsmaður spyrja sparisjóðseigendurna, hvort hann megi lána þessa upphæð eða ekki? Ég held ekki. Umráðarétturinn er hjá bönkunum og viðskiptaráði sameiginlega. Sparifjáreigendur leggja upphæðirnar inn til að ávaxta þær, en Alþ. og bankastj. eiga að sjá um, að fénu sé varið til hagsmuna fyrir þjóðina í heild. Um þetta er engum blöðum að fletta. Hitt er annað mál, að sjálfsagt er, að trygging sé fyrir því, að þessar sparisjóðsinneignir séu einhvers virði og eignir bankanna erlendis í fullu gildi.

Það, sem felst í fyrirspurninni, er alger gjaldþrotayfirlýsing gagnvart þessari inneign erlendis. Hv. þm. S-Þ. á sæti í fjvn. og sér þarna 500 millj. kr., sem hann nær ekki til. Það hefur verið reynt með ýmsum aðferðum að ná til þessa fjár, t. d. með tollum og sköttum. Ríkisstj. kvartar um, að fé vanti til ýmissa hluta, en þarna eru margar milljónir, sem hún gefst upp við að ná til. Og svo vilja þessir aðilar loka augunum fyrir því, að nokkuð sé hægt að gera. *(BBen:* Er það víst, að ekki sé hægt að ná til þess fjár?) Það er eins og þeir hafi gefizt upp við það. Nú er það öllum ljóst, að eitt af mestu vandamálum og viðfangsefnum þingsins og stj. er að athuga möguleika á því, að þetta fé, sem þjóðin hefur aflað sér, geti komið að sem beztum notum fyrir þjóðfélagið í heild. Ýmsir eru þeirrar skoðunar, að þetta fé eigi aðeins að nota til að kaupa atvinnutæki til að efla atvinnulíf landsmanna. Það er áreiðanlegt, að meiri hl. þm. og þjóðin sjálf eru þeirrar skoðunar, að þessu fé beri að verja til að leggja nýjan grundvöll að atvinnulífi Íslendinga. Ég veit ekki betur en það sé eitt af þeim atriðum, sem rædd hafa verið í sambandi við stjórnarmyndunina, hvernig unnt sé að tryggja þetta sem bezt. Hvers vegna er þá þessa fáránlega fyrirspurn fram komin? Jú, hún kom fram eftir ræðu hv. 2. þm. Reykv. við síðustu útvarpsumræður, þar sem hann bendir á, hve gífurlegt fjármagn hér er um að ræða, og sýnir, hvernig umskapa mætti atvinnuvegina, þótt ekki væri varið til þess nema helming þessa fjármagns. Hún er komin fram einmitt vegna þess bergmáls, sem þessi ræða hlaut, og af því að sparifjáreigendur skilja, að þessari fjáreign mundi bezt varið með því að verja henni til atvinnuframkvæmda í landinu. En þótt hv. þm. S-Þ. viti betur en svo, að bankarnir hafi ekki ráðstöfunarrétt þessa fjár, heldur hann, að hann geti varpað ryki í augu almennings í þessu efni. Það er hart að þurfa að vera að ræða þetta atriði hér, svo einfalt og augljóst sem það er.

Hv. þm. S-Þ. byrjar grg. sína með því að segja frá aðstoðarmanni fjvn. á Alþ., sem reiknaði tekjulið fjárl. 100 þús. kr. hærri en búizt hafði verið við, og hæðir þennan mann mjög. En sjálfur kemst hann að þeirri niðurstöðu, að eina leiðin til, að ríkissjóður geti eignazt þetta fjármagn, sé sú að gerfella íslenzku krónuna, svo að hún verði einskis virði. Reikningslist hv. þm. sjálfs er þá sú, að hann kemst að þeirri niðurstöðu, að þessar 500 millj. séu ekki annað en smámunir einir.

En þetta er aðeins gamansama hliðin á málinu og sú eina, sem kemur til greina í sambandi við þessa fyrirspurn. Hins vegar er það alvöruhlið málsins, að þjóðin hefur nú yfir miklu fjármagni að ráða og að nú er séð fyrir lok þessarar styrjaldar. Með öllum öðrum þjóðum er farið að gera ráðstafanir til að tryggja atvinnulíf þjóðanna. Hvert alþjóðaþingið er haldið af öðru og ýmsir nefndarfundir, sem gera till. um bætta atvinnuhætti eftir stríð og hvernig skipta skuli mörkuðum o. s. frv. Og það er ekki vafi á því, að einmitt nú er okkar tími einnig til þess að gera ráðstafanir um það, hvernig við getum bezt tryggt okkur markaði fyrir framleiðsluvörur okkar erlendis og jafnframt það, hvernig við getum sem mest aukið atvinnulífið í landinu og tryggt grundvöll þess og hvernig við getum tryggt það, að atvinna verði fyrir alla Íslendinga á næstu árum. — Í afgreiðslu sjálfstæðismálsins varð niðurstaðan sú, að það varð einhuga samkomulag allra þingflokka um það mál, og einhugur þjóðarinnar var þar alger. Aldrei hefur verið á Íslandi staðið eins glæsilega saman og við afgreiðslu þess máls. Og einmitt afgreiðsla þess gaf þjóðinni miklar vonir um, að sá einhugur, sem lýsti sér hér á Alþ. í því máli, gæti líka komið fram varðandi framtíðaröryggi hins nýstofnaða lýðveldis. Og kjarni þessara mála er vitanlega trygging atvinnulífsins í landinu og trygging markaða erlendis fyrir markaðsvörur okkar. Og þar sem svo stendur á, að íslenzka þjóðin á margfalt meira fjármagn en hún hefur nokkru sinni áður átt, þá ber Alþ. vitanlega fyrst og fremst skylda til þess að tryggja það, að þetta mikla fjármagn fari ekki til einskis, heldur verði því ráðstafað þjóðinni til heilla.

Ég hafði nú haldið og vonað það og bjóst við því, að það yrði framkvæmt um eða fyrir 17. júní s. l. að gera þessar tryggingar, þannig að við gæt-

um tekið út úr einhver þau aðalmál og mest aðkallandi, sem við allir hér á Alþ. gætum komið okkur saman um, að þjóðinni væri allri til heilla, og að flokkadrættir þyrftu ekki að snerta þau mál og að við gætum sameinazt um að tryggja framgang þeirra. Og ég er fjarri því að vera vonlaus um það enn þá, að þetta geti tekizt. En þá er einmitt þetta eitt aðalatriðið, það, að þessu fjármagni, sem hér er verið að leita að eigendum að, sé varið til þess skynsamlega að leggja nýjan grundvöll að atvinnulífi Íslendinga. Og hv. 2. þm. Reykv. hefur sýnt, að vísu í stórum dráttum, hvílík ósköp mætti gera hér á landi, þótt aðeins væri varið helmingnum af þessum innstæðum erlendis til þess að kaupa fyrir atvinnutæki og önnur efni, sem þarf til þess að leggja hér nýjan grundvöll að atvinnulífi. Hann hefur sýnt fram á, að það má tvöfalda og jafnvel margfalda afköst atvinnuveganna með aðeins helmingi þessarar fjárhæðar, sem hér er um að ræða. Hann hefur komizt að þeirri niðurstöðu, þar sem hann ritar um þetta í Þjóðviljann, að fyrir þessar millj. megi margfalda getu okkar á flestum framleiðslusviðum, og þar er upptalning á öllu því mikla, sem kaupa má fyrir þessa fjárupphæð. Ég veit, að allir hv. þm. hafa lesið það, og því er óþarfi að telja það upp hér. En hvers vegna í ósköpunum getum við þá ekki orðið sammála um það atriði að mynda hér framkvæmdastjórn og tryggja góðan framgang þessara mála? — Þetta er alvöruhlið málsins.

Hins vegar virðist hv. þm. S-Þ. leggja alla áherzlu á það með einhverjum ráðum að geta komið í veg fyrir, að nokkuð gagnlegt sé gert fyrir þessa fjárupphæð. Og þegar hann heyrir það eftir ræðu hv. 2. þm. Reykv. í útvarpið á dögunum, að það sé stemning fyrir því í landinu og krafa þjóðarinnar, að þessu fé sé ráðstafað á líkan hátt og hv. 2. þm. Reykv. nefndi, þá kemur hann með þessa fyrirspurn til þess, ef hægt væri, að kasta ryki í augun á landsmönnum til þess að koma þeim til að halda, að engin leið sé fyrir ríkið að hafa með að gera ráðstöfun á þessu fé. Og það eru fleiri en þessi hv. þm., sem þetta reyna. Ef aðeins hv. þm. S-Þ. reyndi þetta, þá væri e. t. v. ekki tekið mikið mark á því. En hæstv. fjmrh. þóttist hafa leitað með logandi ljósi að þessum peningum og hvort hann hefði ekki reiknað allt skakkt við undirbúning og afgreiðslu fjárlfrv. og leitað í ríkissjóði og hvergi fundið þetta fé. Hann segir, að þetta fé sé ekki eign bankanna, heldur einstaklinga. Þarna virðast vera samtök um það með öllum mögulegum ráðum að reyna að sanna, að Alþ. og ríkisstj. geti engan umráðarétt haft yfir þessu fé, við þetta fé sé ekkert hægt að gera af hendi hins opinbera. Hins vegar er það trú mín, að Alþ., áður en langt um líður, takist að leysa þetta mál á þann hátt einmitt, að þessar fjáreignir erlendis verði ekki látnar fara svo sem hv. þm. S-Þ. segir, að sé eina leiðin, að gera þær að engu, — bíða eftir því, að þær verði að engu. En ég held, að það verði ekki með nokkurri ráðdeild beðið eftir því, að þessu fjármagni verði ráðstafað til gagns fyrir þjóðina.

Fjmrh. (Björn Ólafsson): Herra forseti. — Ég hafði ekki hugsað mér að blanda mér neitt í þessar umr., eftir að ég hafði svarað fyrirspurn þeirri, sem hér liggur fyrir. En út af þeim orðum, sem féllu hjá hv. 7. landsk. þm. (KA), þá get ég ekki komizt hjá því að leiðrétta þann misskilning, sem þar kemur fram. Þessi hv. þm. virðist líta svo á og þeir menn, sem eru sömu skoðunar og hann, að hægt sé að taka erlendar innstæður landsmanna, nota þær til þess að kaupa skip, vélar og önnur tæki, án þess að greiðsla komi einhvers staðar annars staðar fram til greiðslu á gjaldeyrinum. Þetta er sú meginfirra, sem málflutningur þeirra byggist á, því að að sjálfsögðu er hægt að nota gjaldeyrinn til þess að kaupa fyrir vélar og skip og annað frá útlöndum. En það er ekki hægt að kaupa gjaldeyrinn, nema fé komi til þess einhvers staðar frá. Þetta fé er eign einstaklinga í landinu. Ef þeir vilja kaupa skip og vélar og annað, sem um er að ræða, þá geta þeir keypt gjaldeyrinn, sem þarf til þessara hluta. En að löggjafarvaldið geti gert þetta, það get ég ekki séð, því að það á sér ekki stað nema því aðeins, að það sé ákveðið með l., að þetta fé sé tekið af einstaklingum, sem eiga það nú. Því aðeins gæti ríkið ráðstafað þessum gjaldeyri, að það skaffi fé til þess að greiða fyrir gjaldeyrinn. Bankarnir eru ekki annað en fjárhaldsmenn fyrir landsmenn og þá sérstaklega fyrir þá, sem þeir ávaxta fé fyrir. Það er að vísu rétt, að formlega séð færa bankarnir gjaldeyrinn til eignar í reikningum sínum. Og það er í þeirra verkahring að kaupa hann. En þeir geta ekki keypt hann nema með því að hafa sparifé landsmanna til þess að kaupa hann fyrir, svo að hinir raunverulegu eigendur þessa fjár, sem eru erlendu innstæðurnar, eru þeir menn, sem eiga fé í bönkunum, og það eru mestmegnis sparifjáreigendur, svo sem framleiðendur, sjómenn, verkamenn og aðrir, sem hafa lagt fé til hliðar.

Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að þessi mál eru allt annað í teoríu en í framkvæmd. Þetta, sem hv. 7. landsk. þm. er að tala um, er teoría, sem er alls ekki framkvæmanleg, nema fé landsmanna sé lagt undir ríkissjóðinn með sérstökum ákvæðum á Alþ., eða, eins og sumir hafa slegið fram, að gjaldeyrir landsmanna yrði lækkaður um helming og að það, sem fengist þá fyrir erlendu innstæðurnar í afgang, yrði yfirtekið af ríkinu. Það mætti hugsa sér þá leið. En mér virðist sú leið ekki óskyld hinu, að taka af mönnum fé þeirra og inneignir. — Þess vegna er ekki hægt að ráðstafa erlendum gjaldeyri bankanna, nema fyrir hann komi fjármunir frá þeim einstaklingum, sem fjármuni eiga í bönkunum.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Það er nú nokkuð síðan þetta mál var til umr., og þá var það hv. þm. Barð., sem ræddi það. En af því að það var ekki alveg kjarni málsins, sem kom fram hjá honum, þá er ég að hugsa um að láta bíða að svara honum, þangað til ég hef vikið að ræðu hv. 7. landsk. þm.

Það gætir nokkurs ósamræmis í málsmeðferð hv. 7. landsk. viðvíkjandi þessari fyrirspurn. Hann sagði fyrst, að það hefði átt að neita henni á Alþ., en síðar segir hann, að það sé heiður, að fyrirspurnin sé rædd hér. Hann styður hana og flytur um hana klukkutíma ræðu. Og það hefur sannarlega verið til góðs, að vanþekking hans hefur komið fram hérna. Þess vegna held ég, að hann ætti að vera glaður yfir því, að hæstv. forseti gerði það með glöðu geði að styðja að því, að þessar umr. færu fram um fyrirspurnina hér í dag. — Annars hefur ræða hv. 7. landsk. þm. orðið til þess, að það hefur komið í ljós, — eins og reyndar mátti búast við eftir ræðu hv. 2. þm. Reykv., — að það vakir fyrir þm. Sósfl. að koma því inn hjá mönnum, að það sé orðin bylting hér. Þetta hefur skýrzt fyrir hinum flokkunum við ræðu hv. 7. landsk. í þessu máli. Þeir vilja koma því inn, að þm. ráði hér yfir fé einstakra manna og geti gert við það hvað sem þeir vilja. En það er töluverður galli eða misskilningur, að þeir skuli ekki vera alveg vissir um það, hvort byltingin er orðin eða ekki. Og það veit ég, að faðir Lenin hefur ekki haldið, að byltingin í Rússlandi væri orðin, áður en hún varð.

Hæstv. fjmrh. tekur þetta mál eins og allur þorri skynsamra manna á landinu gerir. Hann veit, að ríkissjóður á ekkert af þessum 580 millj. kr., heldur einstakir menn. Hann veit, að þessu fé verður ekki ráðstafað nema af þeim sjálfum, sem eiga féð, svo framarlega sem hér sé ekki orðin bylting. En ræða hv. 2. þm. Reykv. í útvarpið á dögunum gerir ráð fyrir hinu, alveg eins og ræða hv. 7. landsk. þm. nú. Í þessari ræðu hv. 2. þm. Reykv., sem birtist í Þjóðviljanum 13. sept., gengur ræðumaðurinn hiklaust að því að raða niður, til hvers á að verja þessu fé. Og það er ekki neinn efi á því, að það á að fá fyrir það 20—30 nýja diesiltogara af beztu gerð, 200—300 nýtízku vélbáta. Fyrir þessa upphæð eigum við að kaupa á næstu 4—5 árum hentug millilandaskip. Svo eigum við líka að koma upp verksmiðjum fyrir þetta fé, hraðfrystihúsum og niðursuðuverksmiðjum. Svo á að gera byltingu í landbúnaðinum og rækta á 4—5 árum meira en ræktað hefur verið á öllu landinu allt til þessa, síðan landið byggðist. Svo á enn fremur fyrir þessar milljónir að kaupa miklu stórfelldari raforkuvélar en keyptar voru til Sogsvirkjunarinnar og Laxárvirkjunarinnar. Þá á einnig að koma upp fyrir þær áburðarverksmiðju og sementsverksmiðju, — og fyrir nokkur hundruð milljóna á svo að kaupa eldhústæki og innanhústæki til þess að létta lífið fyrir húsmæðrunum, o. s. frv.

Þegar við athugum, að þessi ræða er flutt á sjálfu hæstv. Alþ. og henni er útvarpað, og það er verk Alþ. að ráðstafa ríkissjóði, — það hefur heimild til þess undir því þjóðskipulagi, sem nú er, en ekki fé einstakra manna, — þegar því einn hv. þm. talar um þessi firn og fádæmi í þingsalnum og fyrir landslýðnum sem þingmaður, þá er ekki vafi á því, að það er gert í þeim tilgangi, að alþýða manna geri ráð fyrir, að þetta heyri undir ráðstafanir þingsins, — þarna séu peningar, sem ríkið hafi með að gera. Þess vegna spyr ég um þetta, og hæstv. ráðh. svarar því, að þetta hjá hv. 2. þm. Reykv. sé allt tóm vitleysa og sömuleiðis hjá hv. 7. landsk. þm., sem talaði hér í dag, því að þessir fjármunir séu einkaeign landsmanna, margra sparifjáreigenda. Af þessu leiðir, að ræður þessara hv. þm. falla allar um sjálfar sig, að því er snertir þetta efni, allur þessi umbúnaður svona upp settur, að Alþ. hafi með þetta að gera.

Það er nú talið, að flokkur hv. 7. landsk. þm. geri út færeyskt skip hér við land, — ég veit ekki, hvað það heitir. Það er dregið í efa, að það sé sjófært. Og það er rekið með færeyskum sjómönnum, af því að þeir eru ódýrari en þeir íslenzku. Það er talið, að flokkur hv. 7. landsk. þm. hafi þetta með höndum. Nú vil ég vita, hvað hv. 7. landsk. þm. sagði um það, að Alþ. færi að ráðstafa þessu færeyska skipi, ef við í fjvn. tækjum gróða þess, sem ég þykist vita, að sé mikill. — Vinur okkar á Húsavík sendi okkur ljósmynd af þessu skipi, þar sem það var hlaðið upp fyrir öll hleðslumerki, svo að gera má ráð fyrir, að gróðinn sé mikill af þessu skipi. Og ef við í fjvn. segðum: Þetta er of mikill gróði, skipið er hlaðið upp fyrir öll hleðslumerki, og ekkert er líklegra en allir Færeyingarnir drukkni, við ætlum að ráða yfir þessum gróða, — þá býst ég við, að útgerðarmennirnir mundu vitna í stjórnarskrána og alls konar „úrelta“ löggjöf og segja: Þetta kemur ykkur ekkert við. — Og eigandi eða umráðamaður þessa skips er, að mér skilst, flokksbróðir hv. 7. landsk. þm. Hann vann við að ráða verkamenn til setuliðsins og græddi svo mikið á því, að hann varð að greiða 67 þús. kr. í útsvar það ár. Eftir skilningi hv. 7. landsk. þm. þá hefði Alþ. og ríkisstj. getað rokið til og sagt: Hér er stórfé, sem þessi maður hefur grætt, við skulum byggja fyrir það fæðingardeild við Landsspítalann — eða eitthvað þvílíkt. Ef sósíalistar vilja láta hið opinbera ráðstafa annarra eignum, þá geta þeir átt á hættu, að farið verði að tala um þá sjálfa og eignir þeirra líka.

Annars hygg ég, að tilgangur hv. 2. þm. Reykv. hafi verið aðeins sá að gefa þjóðinni falska skýrslu um málið. Og þessi fyrirspurn er komin fram til þess, að málið skýrist, og til þess, að sú blekking, sem hún stefnir að, verði síður ráðandi í landinu. — Og það er alls ekki í fyrsta skiptið, sem þessi skoðun kemur fram, að erlendar inneignir séu allt annars eðlis en þær eru. Því var lengi haldið fram manna á milli, að það væru fáeinir auðmenn, sem ættu þetta. Og frá sjónarmiði kommúnista var auðvitað sjálfsagt að taka þetta fé allt af auðmönnunum. Svo var það, að einn bankastjóri Landsbankans, sem á sæti hér í hv. d., hélt fyrirlestur um þetta. Ég geri ráð fyrir, að það hafi verið af því, að hann hafi álitið, að þessar villandi kenningar væru ekki til bóta fyrir fjármálalífið í landinu. Hann skýrði frá, að meiri hluti þessa fjár væri sparisjóður, og hann sagði, að 47 þús. sparisjóðsbækur væru til um inneignir í Landsbankanum. Og þegar svo eru teknir aðrir sparisjóðir og hinir bankarnir, þá er kannske ekki ósennilegt, að sparisjóðsbækurnar verði 100 þús., en náttúrlega er ekki víst, að eigendurnir séu

jafnmargir. — Eftir þessa ræðu varð óhægra að halda því fram, að það væru svo sem aðeins 2—3 milljónerar, sem ættu erlendu innstæðurnar. Og það kom líka fram óánægja yfir þessari ræðu hjá sósíalistum, sem sást á því, að snúið var út úr ræðunni, og á fleiru, vegna þess að menn eins og hv. 7. landsk. voru óánægðir yfir því, að þessi skýring kom fram. Ég heyrði einu sinni verkamann úr Reykjavík, sem átti að vita betur, halda því fram á almennum bændafundi, að það mætti taka 60 milljónir af þessum erlendu innstæðum og leggja í landbúnaðinn. Og maður hefur líka heyrt talað um það í sambandi við uppbætur á verði landbúnaðarafurða, að það mætti standa undir þeim með þessum erlendu innstæðum.

Það er svo langt frá því, að það sé tilgangslaust að tala um þetta mál. En sá misskilningur hygg ég, að hafi komið fram hjá hv. þm. Barð., því að það ríkir ekki aðeins hjá Sósfl. misskilningur um þetta mál, heldur víðar. Maður tekur það ekki svo mjög alvarlega, þótt viðvaningar eins og hv. 7. landsk. taki málið eins og hann hefur talað hér. Það er verið með ýmsar bollaleggingar um, hvernig eigi að ná þessu fé, og maður heyrir stundum það í því sambandi, sem getur verið dálítið til skemmtunar. T. d. er það, að maður, sem til skamms tíma var flokksbróðir hv. 7. landsk., tók sér fyrir hendur í vetur að mynda um sig nokkurn hóp áhugamanna til þess að finna, hvernig bjarga ætti atvinnulífinu í landinu. Honum var ljóst, að ekki var hægt að ganga að þessum 500 milljónum úti í löndum eins og væru þær eign hins opinbera. En til þess að ná þessum peningum undir umráð ríkisvaldsins og Alþ. þá vildi hann fella krónuna um 25%. Hann skildi sambandið á milli innstæðnanna hér í bönkunum og inneignanna erlendis. Þess vegna ætlaði hann að minnka krónuna svo mikið, að nokkuð af erlendu innstæðunum yrði eign bankanna. Þegar hann væri búinn að ná þessu fé undir bankana, býst ég við, að hann hafi viljað með einhverjum skattakúnstum ná þessu fé frá bönkunum í ríkissjóðinn. Hann sýndi þetta ýmsum mönnum, m. a. mér. *(BBen:* Var hann þá í Kommúnistaflokknum enn þá?) Hann hefur verið þar á sínum tíma. En hann kom til mín sem gamals manns, og ég svaraði honum eins og sómdi minni elli. Svo ætlaði hann að láta landbúnaðinn fá nokkuð af þessu fé. Og sá landbúnaður átti að vera eftir rússneskri fyrirmynd. Þar áttu 10 fjölskyldur að búa á einni jörð og ráðsmaður vera yfir, ráðinn til 10 ára af ríkisstj., og húsmæðurnar áttu að elda til skiptis í eldhúsinu. Þegar ég hafði hlustað á þennan unga mann, sagði ég við hann: Ég þakka þér fyrir þessa skemmtun. — Það fór eins og oft, þegar ellin getur ekki samsinnt æskunni, og ég átti erfitt með að trúa, að það gæti gengið vel. að 10 húsmæður elduðu hver ofan í aðra. — En þessar og þvílíkar bollaleggingar eru alltaf á gangi í landinu út af þessu stöðuga umtali kommúnista um, að þarna séu peningar í erlendum innstæðum, sem þing og stj. geti ráðstafað. Og án þess að ég ætli að svara hv. 2. þm. Reykv. út af ræðu hans, ætla ég aðeins að segja það, að þótt þessar 580 milljónir væru teknar, sem hann taldi, að væru fyrir hendi í erlendum innstæðum, — en þær eru ekki svo margar til, enda talaði hann stundum um 500 millj., — þá er kostnaðurinn við að gera þessa hluti, sem hann talaði um, svo mikill, að t. d. til þess að hægt væri að smíða hér togara, þá mundi það eftir núgildandi verðlagi kosta 7 millj. kr., eins og útvegsmenn vilja hafa þá hér. Og þessir 200—300 vélbátar mundu kosta hlutfallslega eins mikið fé. Og dálítil umbót á Sogsvirkjuninni mundi kosta 40 millj. kr., sem þó mundi ekki leysa vandamál Reykjavíkur og næsta nágrennis um raforkumál. Það væri þannig ekki hægt að gera nema lítinn hluta af því, sem kommúnistar tala um, þó að þessu fé væri ráðstafað.

Niðurstaða mín í því, sem ég vil segja við hv. 7. landsk. þm., er þetta, að til þess að nokkur brú sé í kenningum hans í þessum efnum, þurfa þeir, sem þeim halda fram, að byrja á því að upphefja eignarréttinn, sem einstaklingar hafa á þessum milljónum. En þeir eru ekki búnir að gera það, og meðan það er ekki gert, er allt tal þeirra í þessum efnum ekkert annað en munnfleipur. Og þó að ég og mínir ástkæru vinir á Húsavík vildum fá þessa peninga til þess að kaupa fyrir vélbáta, þá yrði ekki tekið tillit til þess frekar en þótt hv. 7. landsk. kæmi og beiddi um slíkt. Bankastjórarnir eru trúnaðarmenn þeirra, sem eiga þetta fé, þ. e. almennings, og á þeim hvílir ábyrgð á því að vinna á móti því, að þessar villandi kenningar séu uppi, sem hv. 7. landsk. heldur hér á loft um það, að taka megi þessa peninga og ráðstafa af alveg óviðkomandi mönnum.

Ég álít, að tilgangi mínum með fyrirspurn þessari sé náð á þann hátt, að þar sem þessi blekkingarræða var flutt á Alþ. í útvarpi, þá hafi þessar umr. hér, sem að vísu er ekki útvarpað, haft sína þýðingu. Það var ekki svarað í útvarpi þessum blekkingum, sem bornar voru fram um sparifjáreign almennings í landinu. Og þess vegna áleit ég rétt, úr því að búið var að gera þetta að þingmáli, að það væri skýrt, eins og nú er orðið, ekki síst fyrir tilverknað hæstv. fjmrh.

Fyrir utan sjálft málið hefur svo verið ýmislegt gamansamt, sem fram hefur komið hjá hv. þm., svona eins og blómkögur í kringum sjálft málið til fegurðar. — Eins og vænta mátti frá svo áhugasömum þm. og hv. þm. Barð., þá lét hann þetta til sín taka. Hann byrjaði með því að taka ákaflega illa þessari fyrirspurn, þegar hún kom fram, og lét í ljós nokkra gremju þá strax yfir því, að hún var fram komin. Þetta var mér torskilið vegna þess, að ef hér var fast land undir fótum, þá hefði hans prýðilega kjörd æmi haft gott af því. En ég hygg, að það hafi komið í ljós síðar, að hv. þm. hafi komið þar fram sem „ambassadör" eða sem sérstakur sendimaður kommúnistadeildarinnar í flokki sínum til þess að sýna samúð þeim í Sósfl., sem hafa orðið þarna fyrir nokkru spaugi. Þetta er kannske ekki svo ákaflega erfitt fyrir hv. þm. Barð., af því að hann mun hafa hallazt að nazistískum trúarlærdómum á fyrri árum, meðan sú skoðun hafði meira veraldargengi en nú. Og af því að ekki er svo ákaflega langt á milli

kommúnismans og nazismans, hafa þessi ambassadörsspor ekki verið eins ákaflega erfið fyrir þennan hv. þm. og ef lengra bil hefði verið þar á milli.

Svo fór hv. þm. Barð. að kenna í brjósti um mig fyrir það, að ég gæti hvergi skrifað í blöð og þess vegna hefði ég viljað koma máli mínu á framfæri í útvarpi. Ég þakka hv. þm. umhyggju hans í þessu efni. En hann er áreiðanlega allra manna duglegastur í að auglýsa sig, og enginn auglýsir sig eins og hann. Það er talið, að hann hafi töluverðan skrifarahóp í kringum sig, — eins og þegar tornæmir nemendur hafa kennara í kringum sig. Og þegar hann kemur að vestan úr kjördæmi sínu, þá koma þessi prýðilegu viðtöl frá verksmiðju hans, sem framleiðir skrifin, þannig að þegar hann kemur að vestan, þá segir hann einhver stórtíðindi, eins og t. d. það, að kjósendur hans bíði eftir því, að eitthvað verði gert í dýrtíðarmálinu, og þá ætli þeir að fallast á það. — Hann hefur kannske ekki nægilegt yfirlit yfir þennan skrifarahóp. —

En það má nú ekki teljast neitt fjarska mikið, þó að einn þm. komi með fyrirspurn, þegar mánuður er liðinn af þingi. Ég hef nú verið svo óduglegur að koma ekki að öðru leyti með neitt þingmál, síðan þing byrjaði að þessu sinni. Hv. þm. Barð. veit, að honum þykir nokkuð miklu skipta auglýsingastarfsemi, og honum hefur dottið í hug sú fjarskalega fjarstæða, að það væri auglýsing fyrir mig að koma með eina fyrirspurn.

Þá minntist hv. þm. Barð. á eitthvert þskj., sem hann tiltók, að hefði verið frá mér og verið allt of langt. Ef ég hef skilið þennan hv. þm. rétt, þá átti hann við frv., sem honum þótti, að mér virtist. leiðinlegt. Það er eitt með fleiri þskj., sem gefin hafa verið út í sérstakri bók og selzt mikið og verið lesin mikið úti um land. Ég vil ekki særa hv. þm. Barð. út af rithöfundartilhneigingu hans. En þó að hann vildi gefa út þau skjöl, sem hann ungar út með sínum prýðilegu hjálparkokkum, þá mundu þau ekki seljast eins og þetta þskj. mitt, sem ekki aðeins hefur orðið til gamans, heldur til þess að skýra málið, sem það var um. Og úr því að hann minntist á, að ég fengi ekki að skrifa í blöð, þá er því til að svara, að ég er nú orðinn aldraður maður og er ritstjóri að tveimur tímaritum, og annað þeirra er fjölkeyptasta og fjöllesnasta tímarit á landinu. Og kraftar mínir eru þannig, að ég anna ekki meiru nema með því að fá mér skrifara, sem ég hef ekki gert. — Og þar að auki vill svo til, að þegar ég var á gangi hér inni í þingsal, þá segir maður við mig, að þetta þskj. sé komið út í Vísi. Og var það, án þess að ég hefði nokkuð um það beðið. En þetta þskj. þótti svo gott, að Vísir tók það upp.

Nú vil ég, að hv. þm. Barð. reyni að gera svo góða fyrirspurn, að Tíminn taki hana sem leiðara. Ef það má ekki verða, þá vil ég samt sem áður, að hann geti haft fullan svefn fyrir því, að ég eigi ekki eins bágt í þessu efni og hann hefur haldið.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Ég skal ekki þreyta mikið umr. lengur. — Það er hart að þurfa að hlusta hér á þessa þvælu hér í þingsölum, bæði að því er snertir ræðu hæstv. fjmrh. og ræðu hv. þm. S.-Þ.

Hæstv. fjmrh. lagði mikla áherzlu á, að það væri ekki hægt að kaupa neitt fyrir þessar inneignir landsmanna, nema samþykki sparifjáreigenda innan lands fengist til þessara kaupa. Og hv. þm. S.-Þ. hélt, að það þyrfti sósíalistíska byltingu fyrst til þess að framkvæma þessa hluti. Hæstv. fjmrh. talaði einnig um, að eitt væri teoría og annað praxís í þessum efnum, og þó að bankarnir væru skráðir eigendur þessara peninga, þá væru hinir raunverulegu eigendur þessa fjár einstakir landsmenn.

En hver mundi svo þessi praxís verða? Hver ástæða er til að halda það, að eigendur þessa fjár hér í sparisjóðum og bönkum innan lands vildu ekki verja því fjármagni til þess að tryggja atvinnu í landinu? Það þarf áreiðanlega enga byltingu hér í landinu til þess að fá þetta fé. Það hefur ekki staðið á landsmönnum hingað til um að koma á framkvæmdum í landinu, heldur þeim, sem fara með gjaldeyrismálin og bankamálin. Það stóð ekki á byggingamönnum hér um árið um að byggja hér í landinu, heldur gjaldeyrinum og leyfi til þess að fá að flytja inn efni til bygginga. Og enn mundi svo vera, að það stæði ekki á eigendum fjárins til að framkvæma fyrir það nytsama hluti. Það er ekki nokkur maður, sem talar í alvöru um, að það þurfi að taka þetta fé eignarnámi til þess að því verði varið til framkvæmda í landinu. Það er það, sem þjóðin þráir, að ávaxta fé sitt á þann hátt, að það verði jafnframt til þess að auka framleiðsluna. Hvernig er hægt að ávaxta þetta fé betur en einmitt með því að byggja upp atvinnulífið í landinu? Það er vitanlega á margan hátt hægt að gera slíkt. Menn vita, að öll útboð, sem gerð hafa verið undanfarið, hafa gengið þannig, að eftirspurnin hefur verið margföld á við framboðið á skuldabréfum. Og hvort sem hlutafélög væru stofnuð til þess að koma framleiðsluframkvæmdum á eða bæjarfélög eða aðrar stofnanir gengjust fyrir því, þá er áreiðanlegt, að þá mundi ekki standa á mönnum innan lands um að leggja fram féð. Það er á gjaldeyrisyfirvöldunum og þeim, sem umráðarétt hafa yfir þessu fé, sem allt stendur, en ekki þeim, sem „raunverulega eiga þetta fé“, svo að tekin séu upp orð hæstv. fjmrh. Það er einmitt krafa almennings, sem á þetta fé, að því sé varið til þess að tryggja afkomu landsmanna. Það er ekkert annað en fáránaháttur að vera að tala um annað eins og það, að þetta fé fáist ekki til framkvæmdanna.

Hv. þm. S.-Þ. talaði um gamansemi hjá mér í þessu máli. Það má líka tala um gamansemi hjá honum. Það er hart, að maður, sem er í fjvn. og í bankaráði Landsbankans, skuli koma með slíka firru hér fram eins og þessa fyrirspurn. En það er líka allt annað, sem liggur á bak við hjá þessum mönnum. Þeir vita, að það er vilji hjá almenningi til framkvæmda í landinu, en þessir menn, sem að þessari fyrirspurn standa, vilja hindra það, að atvinnulífið blómgist. Þeir vilja, eins og kemur fram í grg., að þessar inneignir verði að engu og atvinnuleysi haldist, svo að þeir geti í skjóli þess atvinnu-

leysis komið fram ofbeldisráðstöfunum sínum. Þessir menn sjá ekkert annað en ofbeldi og eignarán í öllum hlutum, og þeim dettur aldrei í hug, að það sé nein samkomulagsleið til um það að fullnægja vilja og óskum sparifjáreigenda um það, að stjórn þessara mála hafi með höndum að gera ráðstafanir til þess, að þessu fjármagni sé varið til framkvæmda í landinu. Hitt er aftur á móti reikningslist og jafnframt draumur hv. þm. S.-Þ., að þetta fjármagn geti orðið að engu. Hann kemst að þeirri niðurstöðu, að hér sé aðeins um 500 millj. kr. að ræða, og hann sér ekkert ráð til þess að verja þeim til framkvæmda annað en gera þær verðlausar. Aðrir sjá önnur ráð. Og eftir þeim ráðum mundi verða heilladrýgra að fara.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Þegar ég skýrði afstöðu mína til þessa máls við atkvgr., þá greiddi ég atkv. á móti fyrirspurninni, af því að ég áleit, að það væri ekki samboðið heiðri þessarar hv. þd., að fyrirspurnin væri borin upp og rædd hér á hæstv. Alþ. — Ég hef nú hlustað á allar umr. um hana, og finnst mér eftir það, að skoðun mín í upphafi hafi verið rétt. Það hefur ekkert komið fram í þeim umr., sem bendi til þess, að það sé til sóma fyrir hæstv. Alþ. að eyða tíma sínum til þess að ræða þetta mál þannig af sækjanda og verjanda. Ég ætla ekki að blanda mér í sjálfar deilurnar, sem hér hafa farið fram, mér finnst það ekki þess vert.

En ég vil vísa á bug því, sem hv. þm. S.-Þ. beindi til mín, að ég hafi komið fram hér í hv. þd. sem sendiherra kommúnistadeildar í Sjálfstfl., því að ég veit ekki til þess, að þar sé nein kommúnistadeild til. Ef kommúnistadeild er til í nokkrum flokki, þá er hún í Framsfl., en hún minnkar því meir sem hv. þm. S.-Þ. fjarlægist þann flokk.

Sami hv. þm. lýsir yfir því, að hann hafi náð tilgangi sínum með fyrirspurn þessari. Og það sannar einnig það, sem ég hélt fram, að þessi hv. þm. væri með fyrirspurninni að þjóna hér einhverju öðru eðli en þingmannseðli, eins og almennt er álitið hjá þjóðinni, að það eigi að vera.

Svo vil ég svara fyrirspurn hv. þm. S.-Þ., sem hann beindi til mín út af þessu máli, hvort ég vildi ekki útbúa þskj., sem þannig væri úr garði gert, að Tíminn tæki það upp og flytti það, eins og Vísir hefur flutt þetta þskj., sem hér er um að ræða. En ég mun ekki vera fær um að semja slíkt þskj., því að það þyrfti að vera svo samantvinnað af því orðbragði og málflutningi, sem þessi hv. þm. temur sér, að ég treysti mér ekki til þess með öllum mínum verksmiðjum, hvort sem þær starfa að útungun þskj. eða öðru. Býst ég ekki við, að ég næði þeim Tímastíl, að það kæmist í blaðið.

Fyrirspyrjandi (Jónas Jónsson): Herra forseti. — Það er aðeins örstutt aths.

Þegar hv. 2. þm. Reykv. flutti sína miklu ræðu um það, hve mikið væri hægt að gera fyrir sparifé almennings af ríkisstj., þá vakti það vonir, sem gátu bent á það, — sem ég gat um, — að hægt væri að leggja peninga í hafnargerðir, sem fé vantar til. Nú hefur sá tilgangur náðst, að samherji hv. 2. þm. Reykv., sem talaði hér í hv. þd., hefur játað það, sem þurfti að játa, að þetta væri sparisjóðsfé, sem væri í einkaeign, og að bankastjórar væru fjárhaldsmenn almennings um þetta fé. Þannig hefur þá botninn dottið úr þessari blekkingatilraun hv. þm. sósíalista. Og svo er hv. 7. landsk. (KA) kominn út á frjálsu leiðina hér, og auðvitað er það hún, sem á að fara, þannig að menn komi í bankann og fái lán eða taki út innstæður sínar og leggi í fyrirtækin, og jafnframt eru teknar innstæðurnar erlendis. Á þann hátt á þetta að fara. En þetta gerist bara allt utan við þingið og kemur því ekkert við. Hv. 7. landsk. þarf ekkert að bera kvíðboga fyrir því, að þetta fé fáist ekki á hreyfingu. En það gerist ekki fyrir hann eða hans nóta, fyrr en þeir gerast bankastjórar eða byrja á einhverju fyrirtæki. Þeir hafa nú byrjað með útgerð færeyska skipsins, og mér er sagt, að það eigi að kosta upp á það einni millj. kr. Þá er ekki óeðlilegt, að þeir fari í bankann, og ef þeir hafa næga tryggingu, má gera ráð fyrir, að þeir fái lán þar. Og svona gengur þetta með öll fyrirtæki. En það er ráðlegast fyrir hv. 7. landsk. þm. að hætta öllu tali um ráðstöfun á þessu fé hér á Alþ. Við höfum ekkert vald yfir því sem alþm.

Hv. þm. var að tala um það, að flokkur hans elski friðinn og telji það höfuðnauðsyn, að þjóðin standi nú saman. En ég vil nú spyrja þennan hv. þm., hvort hann telji, að flokkur hans sýni nú þennan friðarvilja sinn og sameiningarhug með þeim aðgerðum, sem flokksmenn hans beita nú og hafa beitt í vinnudeilum. Það er m. a. eitt gott og nærtækt dæmi um þennan friðarvilja og það, hve mjög þeir beri alþjóðarhag fyrir brjósti. Ölfusárbrúin, sem tengt hefur saman fjölbyggðustu héruð þessa lands og þurft hefur að flytja um mikið af daglegum nauðsynjum Reykvíkinga, bilaði nú um daginn. Hérna lá lífið við að tengja þegar saman aftur hina slitnu samgönguæð. En þá bannar flokkur þessa hv. þm., að fjórir smiðir, sem áttu í verkfalli hér í Reykjavík, færu austur til þess að vinna að viðgerð brúarinnar. Það mun hafa verið sagt réttilega frá því í Morgunblaðinu, að svo gæti farið, ef mikið hvessti, að brúin slitnaði alveg niður, þannig að hún eyðilegðist þá með öllu. Það gat því riðið á einni klukkustund, hvort brúin eyðilegðist eða ekki og hvort yrði þannig sambandslaust við meginhluta Suðurlandsundirlendisins í allan vetur eða ekki. En samt bannaði þessi flokkur fjórum smiðum að fara austur til þess að vinna að viðgerðinni. Hv. þm. ætti að geta gert sér ljóst, að almenningur hefur fundið þann samstarfsvilja, sem í þessu atviki felst. Þetta eina atvik vegur meira á metaskálum almenningsálitsins en allar þeirra fölsku friðaryfirlýsingar og innantóm orð þeirra um, að þeir vilji koma á allsherjarsamstarfi.

Við hv. þm. Barð. hef ég lítið að segja. Hann sagði, að hann væri ekki neinn „ambassadör", eins og ég vildi vera láta, en ég vildi gera veg hans sem mestan með þessu. — Að því leyti, sem hann var að tala um skáldskaparhæfileika sína, þá held

ég, að hann hafi gert of lítið úr sjálfum sér. Til þess að sýna hæfileika sína í þessu efni vildi ég ráða honum til þess að skrifa ræðu þá, sem hann hélt á framboðsfundi fyrir vestan, þar sem hann upplýsti, að Gústaf Svíakonungur væri að verða keisari yfir öllum Norðurlöndum og að ákveðinn bankastjóri í Reykjavík væri að vinna að því að koma Íslandi undir erlend yfirráð. Ég held, að honum væri heppilegt, ef hann vantreystir hæfileikum sínum við ritsmíðar, að skrifa niður þessa ræðu um Gústaf V. Svíakonung.

Kristinn Andrésson: Herra forseti. — Ég vil aðeins neita því, að nokkur hafi hrakið það, sem Einar Olgeirsson sagði í útvarpsræðu sinni um eignarréttinn á þessu fé. Hann sagði, að þetta fé væri eign bankanna, en bankinn er eign ríkisins, og má því segja, að Alþ. hafi umráð yfir eignum bankans eins og öðrum eignum ríkisins og geti sett reglur um meðferð þeirra. Það ætti að vera hægt, eins og þegar Alþ. setti reglur um meðferð erlends gjaldeyris og vöruinnflutning.

Varðandi það, sem hv. þm. S.-Þ. var að tala um ófrið í sambandi við viðgerð Ölfusárbrúar, þá verð ég að segja það, að ég get ekki séð, að það standi í neinu sambandi við þetta mál. Ég veit ekki heldur neinar sönnur á þessari ófriðarsögu.

15. Línurit um vegi.

Á 47. fundi í Sþ., 26. sept., var útbýtt frá Ed.:
Fyrirspurn til ríkisstj. um línurit um vegi (A. 362).

Á 50. fundi í Ed., 27. sept., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 12 shlj. atkv.

Á 55. fundi í Ed., 9. okt., var fyrirspurnin tekin á dagskrá, með því að atvmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn til þess að svara.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 56. fundi í Ed., 10. okt., var fyrirspurnin tekin til meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Herra forseti. — Í desember 1943 var afgreidd í sameinuðu þingi þál., þar sem ríkisstj. var falið að láta gera línurit yfir vegi landsins í hverri sýslu. Nál., sem samið var þá af allshn., gerði nokkru ýtarlegri skil á þessu máli en fyrst var hugsað í upphafi og tók meira fram um það, hvernig upplýsingarnar skyldu vera. Og það eitt út af fyrir sig sýnir, að n. hefur talið brýna nauðsyn bera til þess, að þessar upplýsingar lægju fyrir. N. varð þá og sammála um það, að þessar upplýsingar væru lagðar fyrir Alþ. það, er nú situr, ekki síðar en 15. febr. s. l. Að þessi dagur var ákveðinn í þessu sambandi, var m. a. vegna þess, að það þótti nauðsyn, að þessar upplýsingar lægju fyrir, áður en fjallað væri um fjárl. fyrir árið 1945, svo að hv. fjvn. gæti haft mikinn og mikilsverðan stuðning af þessum upplýsingum, þegar ákveðið væri, hvernig skipta skyldi fé til vegagerða á landinu.

Nú er mér ekki kunnugt um, að þetta hafi verið lagt fyrir hæstv. Alþ., og vildi því gjarnan spyrja hæstv. samgmrh., hvort búið sé að ljúka þessu verki og hvort þess sé að vænta, að þetta línurit verði afhent alþm. nú innan skamms tíma, eða hvort það sé í undirbúningi eða jafnvel ekki byrjað á því, og ef svo er, hvenær þess má vænta, að þessu verði lokið, svo að alþm. geti átt þess kost að kynna sér þessi mál og vita, á hvaða stigi þau eru í landinu.

Atvmrh. (Vilhjálmur Þór): Herra forseti. Þál. sú, eða efni hennar, sem hér er gerð fyrirspurn um, hvað líði framkvæmd á, var send strax, þegar hún barst ríkisstj. frá hæstv. Alþ., til vegamálaskrifstofunnar með fyrirmælum um að framkvæma þetta verk svo fljótt sem nokkur tök væru á.

Ég hef fyrir nokkru spurzt fyrir um það, hvað þessu verki líði, og verð, því miður, að upplýsa, að verkinu er ekki lokið. Undirbúningsverkið til þess að fullnægja þessari þál. er mér tjáð af vegamálastjóra, að sé mjög mikið. Hann á að gera línurit af öllum vegum, þjóðvegum, sýsluvegum og hreppavegum. En til þess að hægt sé að fá öll þau gögn fram til þess að vinna að þessu línuriti, þarf mikið verk. Að því verki hefur verið unnið með þeim árangri, að efnið til þess að gera línuritið um meginvegina lá fyrir á síðasta vori. En efni til þess að gera línurit um smærri vegi hafði ekki unnizt tími til að ná saman. Vegamálastjóri upplýsir, að ástæðan fyrir því, að ekki var hægt að klára þetta fyrir samkomudag Alþ. á síðasta vetri, hafi verið sú, að hann sé svo fátækur af hjálparliði, eins og raunar hefur verið skýrt frá hér á Alþ. fyrir nokkrum dögum í sambandi við annað mál, og sé þetta einnig ástæðan fyrir því, að verkinu er enn ekki lokið.

Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess, að gangskör verði að því gerð að ljúka þessu verki, og skal verða lögð áherzla á, að svo verði gert.

Mér þykir fyrir, að þetta þarfa verk hefur ekki getað klárazt, en orsakirnar eru þær, sem ég hef greint. En áherzla verður lögð á að ljúka verkinu svo fljótt sem nokkur tök verða á.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, nota tækifærið til þess að svara fyrirspurn, sem sami hv. þm. skaut fram í gær viðvíkjandi athugun og endurskoðun á hafnarl. Það er rétt, sem sá hv. þm. hafði heyrt, að það hafi verið tekin til yfirvegunar og athugunar allsherjarathugun á hafnarlagasetningu í landinu. Milliþn. í sjávarútvegsmálum hefur haft þetta mál til meðferðar, og liggur það fyrir til athugunar hjá vitamálastjóra, sem mun innan skamms geta sinnt því, og er von til, að það komist á rekspöl, þegar útiönnum hans og starfsmanna hans er lokið.

Fyrirspyrjandi (Gísli Jónsson): Ég vil þakka hæstv. atvmrh. greinagóð svör við fyrirspurninni um

línurit yfir vegi og vona, að því verki verði hraðað. En því vildi ég beina til hans, að jafnvel þótt ekki fengist á þessu þingi yfirlit yfir annað en aðalvegina, væri það mikilsvert. Þótt annað yrði að bíða, væri það minni skaði. Ég hygg, að vegamálastjóri hafi mest af því, sem þarf, í sínum fórum og í skýrslum, enda sá ég, að hann hefur gefið út vegakort í tilefni af lýðveldisstofnuninni.— Ég þakka einnig hæstv. ráðh. svör hans í þessu sambandi um mál, sem var hér á dagskrá í gær.

16. Lagasafn.

Á 134. fundi í Ed., 22. febr., var útbýtt:
Fyrirspurn til ríkisstj. um útgáfu lagasafns (A. 1179).

Á 135. fundi í Ed., 23. febr., var fyrirspurnin tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fyrirspurnin leyfð með 9 shlj. atkv.

Á 140. fundi í Ed., 2. marz, var fyrirspurnin tekin til meðferðar, með því að dómsmrh. hafði tjáð sig reiðubúinn til að svara.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Benediktsson): Ég get í einu og öllu látið mér nægja að vísa til þeirrar skrifl. grg., sem er komin fram við þessari fyrirspurn. Hef ég að svo stöddu engu við að bæta.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Svo mun vera, að Ólafur Lárusson prófessor hefur haft með höndum undirbúning þessa verks, og mun handritið hafa verið tilbúið í júní 1943. En þá er mér sagt, að þáv. dómsmrh. hafi talað um, að ekki væri rétt að byrja á prentun lagasafnsins, meðan lýðveldisstjórnarskráin væri ekki tilbúin. Síðan var handritið aftur tilbúið s. l. haust, en þá var ekki unnt að fá það prentað vegna anna í prentsmiðjunni, enda kom þá prentaraverkfallið, sem stóð í einn mánuð. Það er öllum kunnugt, að einkum á síðari hluta ársins eru mjög miklar annir í öllum prentsmiðjum, vegna þess, hve óvenjulega mikið er þá gefið út af bókum hér á landi, og margar prentsmiðjur eru þátttakendur í bókaútgáfufyrirtækjum og taka þess vegna ekki við prentun hjá öðrum. Um ríkisprentsmiðjuna er það að segja, að hún hefur vegna annarra anna ekki treyst sér til að byrja á verkinu. Ég átti tal um þetta við prentsmiðjustjórann nokkru fyrir áramót, og vildi hann þá freista að athuga, hvort ekki væri hægt að byrja prentunina í janúar eða febrúar. Úr þessu hefur þó ekki orðið, m. a. vegna þess, að nú eru heldur færri vélsetjarar í prentsmiðjunni en áður. Hún hefur miklum störfum að sinna. Þar er prentað ákaflega mikið daglega fyrir ýmis ríkisfyrirtæki, auk þess sem hin langa seta Alþingis tekur upp ákaflega mikið af starfstíma prentsmiðjunnar. Ég hafði, áður en þessi fyrirspurn kom fram, eða um miðjan janúar, átt tal við prentsmiðjustjóra ríkisprentsmiðjunnar, og hann hefur komið að máli fyrir mitt tilstilli við forstjóra einnar stærstu prentsmiðjunnar hér í bæ, og hún hafði lofað að taka til athugunar, hvort hún mundi ekki geta tekið að sér prentun lagasafnsins. Það varð dráttur á að fá svar um þetta, þangað til nú fyrir nokkrum dögum, að prentsmiðjustjóri þessarar prentsmiðju tjáði prentsmiðjustjóra ríkisprentsmiðjunnar, að hann gæti ekki tekið að sér þetta verk. Er nú um tvennt að ræða, annaðhvort að fá ríkisprentsmiðjuna til að byrja á þessu verki nú, þegar Alþingi lýkur, og freista þess, hvort hægt verður að koma því af, áður en Alþingi kemur saman aftur, sem prentsmiðjustjórinn telur mjög óvíst, eða reyna að koma lagasafninu í aðra prentsmiðju, og er þetta nú til athugunar. Ég get fullvissað hv. 6. þm. Reykv. um það, að dómsmrn. hefur fullan áhuga fyrir því að koma þessu nauðsynjamáli í framkvæmd, og ef ekki verður hægt að fá nokkurn veginn vissu fyrir því, að hægt sé að ljúka verkinu fyrir haustið í ríkisprentsmiðjunni, þá verður reynt að koma því fyrir annars staðar.

Jónas Jónsson: Það er mjög ánægjulegt að heyra, að hæstv. ráðh. er að þoka þessu máli áfram, því að það hefur verið mjög óþægilegt fyrir bæði lögfræðinga, alþm. o. fl., að bók þessi hefur ekki verið til. En fyrst þetta mál er til umr., vil ég spyrja hæstv. ráðh., hvort hann áliti ekki rétt að gera ráð fyrir, að bókin verði gefin út með heldur stuttu millibili, 5—6 ára fresti, og geyma stílinn. Það var ætlazt til þess upprunalega, en það leið svo langur tími, að lítið gagn var að eiga það. Ég hygg, að það verði alltaf svo mikil eftirspurn eftir þessari bók, að skynsamlegt sé að gera ráð fyrir, að hún verði gefin út með stuttu millibili. Eins og nú er ástatt fyrir ríkisprentsmiðjunni hvað vinnuafl áhrærir, þar sem hún hefur allt of lítið starfsfólk til sinna mörgu verkefna, þá vil ég heldur mæla með, að reynt sé að semja við aðra prentsmiðju. Það er ótrúlegt, þegar maður lítur á, hve mikið er prentað af lítt nauðsynlegum bókum, að hæstv. stj. skuli ekki geta fengið einhverja prentsmiðju til að vinna þetta verk.

Þá er annað, sem ég vil skjóta til hæstv. ráðh., og það er það, að þegar fyrst var verið að undirbúa þessa bók, þá var ætlazt til, að við þingið væri sérstök laganefnd. Það urðu um það deilur þá, og þessi n. var aldrei skipuð. En þótt það væri ekki nauðsynlegt vegna bókarinnar, þá held ég, að allir geti verið mér samdóma um, að heppilegt væri, að slík samræmingarnefnd viðvíkjandi löggjöf væri á Alþingi. Þetta er engin formleg fyrirspurn til hæstv. ráðh., og ég veit, að hann muni ekki segja neitt um það, en það getur verið, að hann ætti að nota þessa gömlu heimild bæði til léttis fyrir þingið og að lagasmíðar verði greiðari aðgangs en verið hefur nú að undanförnu.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Benediktsson): Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir góð og greið svör, sem

sýna, að hann hefur þegar verið búinn að taka þetta mál upp. Ég vona, að sú hvöt, sem liggur í þessari fyrirspurn, verði sízt til að draga úr áhuga hans fyrir, að lagasafnið verði gefið út á ný fyrir næsta haust, því að það er áreiðanlegt, að menn fást ekki til að trúa því, að allar prentsmiðjur landsins séu í svo miklum önnum, að þær geti ekki annað þessu verki. Og ef ríkisprentsmiðjan getur ekki bætt því á sig, þá er engin ástæða til að binda sig við hana eina um það. En fyrst svo lengi hefur dregizt að prenta þetta lagasafn, þá vil ég vænta þess, að farið verði yfir handritið og felld þar inn í þau l., sem síðan hafa verið samþ., en ekki að taka ársgamalt handrit, fyrst á annað borð hefur dregizt svo lengi að framkvæma þetta verk.

Félags- og dómsmrh. (Finnur Jónsson): Ég mun að sjálfsögðu taka til athugunar bendingu hv. þm. S-Þ. um að geyma stílinn að lagasafninu, því að þótt að vísu verði miklar breyt. á l., þá má þó gera ráð fyrir, að mikið verði þar um uppprentun, þegar bókin verður gefin út aftur.

Út af aths. hv. 6. þm. Reykv. um að færa inn í lagasafnið þær breyt., sem gerðar hafa verið á löggjöfinni, síðan handritið var fullgert, skal ég að sjálfsögðu taka þá bendingu til athugunar, en ef það ætti að kosta frestun á prentun lagasafnsins enn um eitt ár, þá veit ég ekki, hvort hv. 6. þm. Reykv. mundi óska þess, því að að sjálfsögðu er talsvert verk að koma lagasafninu enn í nýtt form eftir þeim l., sem samþ. hafa verið nú á s. l. ári, og ef ekki væri hægt að ljúka því af á stuttum tíma, þá getur það orðið til að valda nýjum fresti á útgáfunni, og þá er síður von til, að hægt verði að ljúka prentuninni af yfir sumarið. Ef maður lítur út fyrir ríkisprentsmiðjuna, þá er aðeins veik von um að fá lagasafnið prentað í einni prentsmiðju í bænum, fleiri koma þar ekki til mála, eftir að hafa fengið þá neitun frá öðru fyrirtæki, sem við fengum fyrir nokkrum dögum. Ég veit, að hv. þm. eru þessar ástæður mjög ljósar, blöðin hafa stækkað mjög mikið og prentsmiðjurnar yfirleitt upptéknar við að prenta blöðin og aðrar við prentun bóka, sem þær sjálfar eiga meira og minna í og láta þær því ganga fyrir öllu öðru. Fyrir utan það, að verið er nú að athuga um eina prentsmiðju í bænum, þá er verið að athuga möguleika á að fá lagasafnið prentað utan bæjar, á Akureyri, en ég veit ekki enn, hvaða árangur verður af þeirri athugun, en ég skal fullvissa hv. þm. um, að dómsmrn. lætur einskis ófreistað að koma þessu þarfaverki í framkvæmd sem allra fyrst.

Fyrirspyrjandi (Bjarni Benediktsson): Ég vil ekki gera lítið úr þeim örðugleikum, sem eru á að fá þessa bók prentaða, en það er ofmælt, að prentsmiðjurnar séu aðallega uppteknar við að prenta blöðin. Ég veit, að stærsta blaðið er ekki prentað í aðalprentsmiðjunni, sem gefur það út, heldur er það útibú, sem sér um það, en það er að vissu leyti mjög merkileg menningarleg upplýsing, sem er ágætt, að komi fram, ef það er ómögulegt fyrir ríkið að fá prentaðar nytsamar bækur á þeim bókaflóðstímum, sem nú eru, og það er gott, að stjórnarvöld landsins láti það eitthvað til sín taka, eins og mér skilst, að hæstv. dómsmrh. sé hér að gera, og ég þakka honum fyrir áhuga hans í þeim efnum.

VIÐBÆTIR

Alþingisreikningur 1944.

(Yfirlit.)

[Með árinu eru einnig taldir aðalkostnaðarliðir þess hluta þingsins 1944—45, er háður var eftir áramót, svo sem þingfararkaup, laun lausra starfsmanna, prentun, ræsting, símanot þingmanna o. fl.]

Tekjur:

I. Fyrir seld Alþingistíðindi			kr. 884,00
II. Ávísað úr ríkissjóði samkv. ávísana- og gjaldabókum þingsins:			
a. Alþingiskostnaði	kr. 2096014,77		
b. Fyrir yfirskoðun ríkisreikninga	— 13154,37		
			— 2109169,14
		Samtals	kr. 2110053,14

Gjöld:

A. Samkv. 9. gr. l. í fjárlögum (alþingiskostnaður):

I. Þingfararkaup alþingismanna:			
a. Þinghald jan.—marz 1944 (sjá fylgiskjal I)	kr. 255781,02		
b. — í júní s. á. (sjá fylgiskjal II)	— 63486,55		
c. — sept. 1944—marz 1945 (sjá fylgiskjöl III—IV)	— 756307,82		
			kr. 1075575,39
II. Goldið starfsmönnum:			
a. Föst laun o. fl. [laun skrifstofustjóra kr. 28210,15, fulltrúa P.L. kr. 24426,40, fulltrúa E. P. 25626,40, húsvarðar kr. 14382,65]	kr. 92645,60		
b. Lausum starfsmönnum:			
1. Þinghald jan.—marz 1944 [skrifst. og prófarkalestur kr. 17165,00; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 4004,00; lestrarsalsgæzla kr. 4990,00; innanþingsskriftir kr. 41094,10; þingfréttamaður í útvarpi kr. 2345,00; dyra- og pallavarzla kr. 24962,00; þingsveinsstörf kr. 5321,00; símavarzla kr. 4472,00; fatagæzla kr. 3348,00]	kr. 107701,10		
2. Þinghald í júní	— 18144,16		
3. Þinghald sept. 1944—marz 1945 [skrifst. og prófarkalestur kr. 23304,00; skjalavarzla og afgreiðsla kr. 11523,00; lestrarsalsgæzla kr. 9114,00; innanþingsskriftir kr. 113269,75; þingfréttamaður í útvarpi kr. 6650,00; dyra- og pallavarzla kr. 63313,00; þingsveinsstörf kr. 16116,00; símavarzla kr. 10248,00; fatagæzla kr. 9882,00]	— 263419,75		
4. Keypt orlofsmerki	— 22000,00		
		— 411265,01	
			— 503910,61
III. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda og önnur prentun:			
a. Útgáfukostnaður Alþingistíðinda:			
1. Skjalapartur og þingskjöl [niðurlag A-deildar 1943, 28 arkir, kr. 25361,90; 1.—180. örk A-deildar 1944 kr. 151213,60; fjölritun þingskjala vegna prentaraverkfalls kr. 5500,00; pappír kr. 13485,55]	kr. 195561,05		
2. Umræður [niðurlag B-deildar aðalþings 1942, 23¾ arkar, kr. 18829,25; D-deild sama þings, 21½ örk, kr. 16514,45; B-deild sumarþings s. á. 30 arkir, kr. 23506,70; B- og C-deildir sama þings, 15¼ arkar, kr. 12452,10; pappír kr. 4352,95]	— 75655,45		
3. Útsending [burðareyrir kr. 3647,00; afgreiðsla kr. 3133,65; akstur kr. 63,62]	— 6844,27		
		kr. 278060,77	
b. Önnur prentun [dagskráa kr. 7350,30; laga og þál. kr. 13343,10; þingmanna-, mælenda- og nefndaskráa, bréfhausa o. fl. kr. 2332,75; fjölritun kr. 632,20]		— 23658,35	
			— 301719,12
		Flyt:	kr. 1881205,12

	Flutt:		kr. 1881205,12
IV. Bókband (kr. 2494,25), bækur (kr. 64,00), ritföng (kr. 3414,99) ..		—	5973,24
V. Ljós o. fl., hiti, ræsting og kostnaður af húsi og munum:			
a. Ljós og önnur raforka (kr. 4652,32), ljósfæri (kr. 2962,01)	kr. 7614,33		
b. Hiti [koks og kol 1. jan.—31. maí kr. 7868,00; hitaveitugjald 1. júní —31. des. kr. 6540,10; hitagæzla kr. 5327,26]	— 19735,36		
c. Ræsting [ræstingarvinna kr. 32998,15; ræstingarvörur kr. 1844,02] ..	— 34842,17		
d. Kostnaður af húsi [heimæðargjald til hitaveitunnar kr. 10000,00; breytingar á hitalögn kr. 8008,98; aðrar breytingar, aðgerðir o. fl. kr. 10810,06]	— 28819,04		
e. Kostnaður af munum [rafmagnsdæla, reiknivél, kaffivél og eldhúsáhöld, útvarpsviðtæki, ýmsir munir, aðgerðir o. fl.]	— 10785,10		
		—	101796,00
VI. Önnur gjöld:			
a. Aðstoð og aukavinna [aðstoð söngflokks og orgelleikur við þingsetningarmessu kr. 400,00; þóknun til Péturs Lárussonar f. umsjón með bókasafni þingsins kr. 2008,75; ýmisl. aðstoðar- og aukavinna kr. 984,00]	kr. 3392,75		
b. Kostnaður af einstökum nefndum [til ritara fjárveitinganefndar, Friðjóns Sigurðssonar, kr. 5720,00; til ritara utanríkismálanefndar, Agnars Kl. Jónssonar, kr. 8135,00; risnukostnaður fjárveitinganefndar kr. 1715,70]	— 15570,70		
c. Símagjöld Alþingis [afnotagjald af símum o. fl. kr. 5554,42; símtöl og símskeyti frá skrifstofunni kr. 161,20]	— 5715,62		
d. Símanot þingmanna	— 48709,07		
e. Þinghúsgarðurinn	— 7769,87		
f. Opinber gjöld o. fl. [vatnsskattur kr. 959,03; brunabótaiðgjald kr. 679,90; iðgjald af jarðskjálftatryggingu kr. 922,40; slysatryggingariðgjald fyrir ræstingarkonur og þingsveina kr. 453,50]	— 3014,83		
g. Ýmis gjöld [dvalarkostnaður forseta Sþ. í Rvík ásamt ferðakostnaði vegna undirbúnings þjóðhátíðarinnar kr. 4507,27; rekstrarstyrkur til veitinga í alþingishúsinu kr. 6750,00; veitingar í næturfundahléum kr. 6395,75; risnukostnaður forseta Sþ. kr. 3494,55; ökukostnaður kr. 603,50; eirmynd af Bjarna Jónssyni frá Vogi kr. 3000,00; þingmannamyndir kr. 141,00; ýmislegt kr. 859,50]	— 23751,57		
		—	107924,41
			kr. 2096898,77
B. Samkv. 9. gr. 2. í fjárlögum (yfirskoðun ríkisreikninga):			
VII. Laun yfirskoðunarmanna RR 1942 [grunnlaun 3×kr. 1250,00 = aukauppbót, 30%, kr. 1125,00 + verðlagsuppbót, 169⅝%, kr. 8279,37]	kr. 3750,00 +	—	13154,37
		Samtals	kr. 2110053,14

Skrifstofu Alþingis, 15. apríl 1945.

Jón Sigurðsson.

Fylgiskjal I.

Þingfararkaup alþingismanna jan.—marz 1944.

	Nöfn	Dagpeningar og uppbætur.						
		Dag-peningar 15 kr. á dag	Verðlags-uppbót	30% uppb. á dagpen. ásamt verðlags-uppbót	25% uppb. á undanfarna liði samkv. ákv. þingfar-arkaupsn.	Dag-peningar og uppbætur alls	Ferða-kostnaður o. fl.[1])	Þingfarar-kaup alls
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1	Áki Jakobsson, þm. Siglf.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
2	Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
3	Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm. ..	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
4	Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.	1020,00	1653,60	802,08	868,92	4344,60	3663,00	8007,60
5	Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.	930,00	1508,70	731,61	797,58	3962,89	900,00	4862,89
6	Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv. ..	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
7	Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv. ..	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
8	Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
9	Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
10	Emil Jónsson, þm. Hafnf.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	900,00	4862,98
11	Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
12	Finnur Jónsson, þm. Ísaf.	960,00	1556,40	754,92	817,83	4089,15	1120,00	5209,15
13	Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
14	Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
15	Gísli Jónsson, þm. Barð.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
16	Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.	1215,00	1970,25	955,58	1035,20	5176,03	4019,00	9195,03
17	Guðm. Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
18	Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
19	Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
20	Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.	915,00	1486,05	720,32	780,34	3901,71	1896,00	5797,71
21	Hermann Jónasson, þm. Str.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
22	Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.	945,00	1532,55	743,27	805,21	4026,03	1740,00	5766,03
23	Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.	1230,00	1995,90	967,77	1048,42	5242,09	1164,00	6406,09
24	Jakob Möller, 3. þm. Reykv.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
25	Jóhann Þ. Jósefsson, þm. Vestm.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
26	Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.	990,00	1605,90	778,77	843,67	4218,34	1800,00	6018,34
27	Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.	975,00	1583,25	767,48	831,43	4157,16	1400,00	5557,16
28	Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
29	Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn. ..	1020,00	1653,00	801,90	868,73	4343,63	1200,00	5543,63
30	Kristinn E. Andrésson, 7. landsk. þm.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
31	Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
32	Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.	1230,00	1995,90	967,77	1048,42	5242,09	1300,00	6542,09
33	Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
34	Ólafur Thors, þm. G.-K.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
35	Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.	1320,00	2141,40	1038,43	1124,96	5624,79	1840,00	7464,79
36	Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
37	Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.	1185,00	1920,15	931,55	1009,18	5045,88	1854,70	6900,58
38	Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
39	Pétur Ottesen, þm. Borgf.	975,00	1582,05	767,12	831,04	4155,21	1350,00	5505,21
40	Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
41	Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.	1095,00	1776,45	861,44	933,22	4666,11	1250,00	5916,11
42	Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm. ..	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
43	Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
44	Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
45	Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
46	Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.	990,00	1607,70	779,31	844,25	4221,26	1400,00	5621,26
47	Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv. ..	960,00	1557,00	755,10	818,02	4090,12	1062,00	5152,12
48	Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.	930,00	1508,70	731,61	792,58	3962,89	„	3962,89
49	Steingr. Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.	1035,00	1678,05	813,92	881,74	4408,71	3202,00	7610,71
50	Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.	1020,00	1653,60	802,08	868,92	4344,60	1250,00	5594,60
51	Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.	1005,00	1629,15	790,25	856,10	4280,50	1997,00	6277,50
52	Þóroddur Guðmundss., 2. landsk. (vara) þm.	1080,00	1751,40	849,42	920,21	4601,03	2481,80	7082,83
	Samtals	50925,00	82608,15	40060,00	43398,37	216991,52	38789,50	255781,02

[1]) Í ferðakostnaðinum er fólginn húsnæðiskostnaður í Reykjavík um þingtímann fyrir þá, er í gistihúsi dvöldu, eftir reikningi, en fyrir aðra 300 kr. á mánuði til hvers, hvort tveggja samkvæmt úrskurði þingfararkaupsnefndar.

Fylgiskjal II.

Þingfararkaup alþingismanna í júní 1944.

	Nöfn	Dagpeningar og uppbætur. Dagpeningar 15 kr. á dag	Verðlagsuppbót	30% uppb. á dagpen. ásamt verðlagsuppbót	25% uppb. á undanfarna liði samkv. ákv. þingfararkaupsn.	Dagpeningar og uppbætur alls	Ferðakostnaður o. fl.[1])	Þingfararkaup alls
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1	Áki Jakobsson, þm. Siglf.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
2	Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
3	Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
4	Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.	225,00	382,50	182,25	197,44	987,19	1400,00	2387,19
5	Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	300,00	1023,94
6	Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
7	Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
8	Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
9	Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
10	Emil Jónsson, þm. Hafnf.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	300,00	1023,94
11	Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
12	Finnur Jónsson, þm. Ísaf.	285,00	484,50	230,85	250,09	1250,44	745,00	1995,44
13	Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
14	Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
15	Gísli Jónsson, þm. Barð.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
16	Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.	495,00	841,50	400,95	434,36	2171,81	1642,00	3813,81
17	Guðm. Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
18	Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
19	Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
20	Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.	180,00	306,00	145,80	157,95	789,75	624,10	1413,85
21	Hermann Jónasson, þm. Str.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
22	Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	450,00	1173,94
23	Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.	285,00	484,50	230,85	250,09	1250,44	746,50	1996.94
24	Jakob Möller, 3. þm. Reykv.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723.94
25	Jóhann Þ. Jósefsson, þm. Vestm.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
26	Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.	210,00	357,00	170,10	184,28	921,38	460,00	1381.38
27	Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.	270,00	459,00	218,70	236,93	1184,63	540,00	1724.63
28	Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723.94
29	Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn.	210,00	357,00	170,10	184,28	921,38	600,00	1521,38
30	Kristinn E. Andrésson, 7. landsk. þm.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
31	Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723.94
32	Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.	375,00	637,50	303,75	329,06	1645,31	1336,40	2981,71
33	Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
34	Ólafur Thors, þm. G.-K.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
35	Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.	285,00	484,50	230,85	250,09	1250,44	1100,00	2350,44
36	Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.	255,00	433,50	206,55	223,76	1118,81	700,00	1818,81
37	Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.	225,00	382,50	182,25	197,44	987,19	879,90	1867,09
38	Pétur Magnússon, 8. landsk. þm.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
39	Pétur Ottesen, þm. Borgf.	195,00	331,50	157,95	171,11	855,56	522,00	1377,56
40	*Sigfús Sigurhjartarson*, 8. þm. Reykv.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
41	Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.	300,00	510,00	243,00	263,25	1316,25	740,00	2056,25
42	Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
43	Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
44	Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
45	Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
46	Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.	210,00	357,00	170,10	184,28	921,38	750,00	1671,38
47	Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv.	105,00	178,50	85,05	92,14	460,69	350,00	810,69
48	Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.	165,00	280,50	133,65	144,79	723,94	„	723,94
49	Steingr. Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.	270,00	459,00	218,70	236,93	1184,63	933,00	2117,63
50	Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.	180,00	306,00	145,80	157,95	789,75	600,00	1389,75
51	Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.	240,00	408,00	194,40	210,60	1053,00	700,00	1753,00
52	Þóroddur Guðmundss., 2. landsk. (vara) þm.	285,00	484,50	230,85	250,09	1250,44	1591,10	2841,54
	Samtals	10365,00	17620,50	8395,65	9095,40	45476,55	18010,00	63486,55

[1]) Sjá nótu neðanmáls við fskj. I.

Fylgiskjal III.

Þingfararkaup alþingismanna sept. 1944—marz 1945.

	Nöfn	Dagpeningar og uppbætur. Dagpeningar 15 kr. á dag	Verðlagsuppbót	30% uppb. á dagpen. ásamt verðlagsuppbót	25% uppb. á undanfarna liði samkv. ákv. þingfararkaupsn.	Dagpeningar og uppbætur alls	Ferðakostnaður o. fl.[1])	Þingfararkaup alls
		kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
1	Áki Jakobsson, þm. Siglf.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
2	Ásgeir Ásgeirsson, þm. V.-Ísf.	2205,00	3761,55	1789,97	1939,13	9695,65	„	9695,65
3	Ásm. Sigurðsson, 11. landsk. (vara)þm.	975,00	1670,25	793,58	859,71	4298,54	1501,60	5800,14
4	Barði Guðmundsson, 5. landsk. þm. ..	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
5	Bernharð Stefánsson, 1. þm. Eyf.	2850,00	4883,85	2320,16	2513,50	12567,51	9080,00	21647,51
6	Bjarni Ásgeirsson, þm. Mýr.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	1950,00	14050,00
7	Bjarni Benediktsson, 6. þm. Reykv. ..	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
8	Brynjólfur Bjarnason, 5. þm. Reykv. ..	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
9	Einar Olgeirsson, 2. þm. Reykv.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
10	Eiríkur Einarsson, 2. þm. Árn.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
11	Emil Jónsson, þm. Hafnf.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	1950,00	14050,00
12	Eysteinn Jónsson, 2. þm. S.-M.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
13	Finnur Jónsson, þm. Ísaf.	2430,00	4175,55	1981,67	2146,80	10734,02	1410,00	12144,02
14	Garðar Þorsteinsson, 2. þm. Eyf.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
15	Gísli Guðmundsson, þm. N.-Þ.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
16	Gísli Jónsson, þm. Barð.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
17	Gísli Sveinsson, 10. landsk. þm.	3090,00	5294,25	2515,28	2724,88	13624,41	8697,20	22321,61
18	Guðm. Í. Guðmundsson, 9. landsk. þm.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
19	Gunnar Thoroddsen, þm. Snæf.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
20	Haraldur Guðmundsson, 3. landsk. þm.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
21	Haraldur Jónasson, 2. (vara)þm. Skagf.	990,00	1719,00	812,70	880,43	4402,13	1200,00	5602.13
22	Helgi Jónasson, 1. þm. Rang.	2730,00	4676,25	2221,88	2407,03	12035,16	6594,50	18629.65
23	Hermann Jónasson, þm. Str.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100.00
24	Ingólfur Jónsson, 2. þm. Rang.	2775,00	4753,35	2258,50	2446,72	12233,57	2300,00	14533.57
25	Ingvar Pálmason, 1. þm. S.-M.	2910,00	4983,45	2368,04	2565,37	12826,86	2532,00	15358.86
26	Jakob Möller, 3. þm. Reykv.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100.00
27	Jóhann Jósefsson, þm. Vestm.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100.00
28	Jón Pálmason, þm. A.-Húnv.	2850,00	4880,25	2319,08	2512,33	12561,66	2200,00	14761,66
29	Jón Sigurðsson, 2. þm. Skagf.	1845,00	3138,75	1495,13	1619,72	8098,60	1500,00	9598.60
30	Jónas Jónsson, þm. S.-Þ.	2745,00	4701,15	2233.85	2420,00	12100,00	„	12100.00
31	Jörundur Brynjólfsson, 1. þm. Árn. ..	2805,00	4804,35	2282,81	2473,04	12365,20	2300,00	14665.20
32	Kristinn E. Andrésson, 7. landsk. þm.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
33	Lárus Jóhannesson, þm. Seyðf.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100.00	„	12100.00
34	Lúðvík Jósefsson, 6. landsk. þm.	2895,00	4964,55	2357,87	2554,36	12771,78	6638,00	19409.78
35	Magnús Jónsson, 1. þm. Reykv.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100.00
36	Ólafur Thors, þm. G.-K.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100.00	„	12100.00
37	Páll Hermannsson, 1. þm. N.-M.	3030,00	5198,25	2468,48	2674,18	13370,91	9940,00	23310,91
38	Páll Zóphóníasson, 2. þm. N.-M.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100.00
39	Páll Þorsteinsson, þm. A.-Sk.	2880,00	4932,45	2343,74	2539,05	12695,24	3734,60	16429.84
40	Pétur Magnússon, 9. landsk. þm.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
41	Pétur Ottesen, þm. Borgf.	2790,00	4778,25	2270,48	2459,68	12298,41	2010,00	14308.41
42	Sigfús Sigurhjartarson, 8. þm. Reykv.	2745,00	4701,15	2233.85	2420,00	12100,00	„	12100,00
43	Sigurður Bjarnason, þm. N.-Ísf.	2880,00	4931,25	2343,38	2538,66	12693,29	2400,00	15093.29
44	Sigurður Guðnason, 1. landsk. þm.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
45	Sigurður E. Hlíðar, þm. Ak.	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
46	Sigurður Kristjánsson, 7. þm. Reykv. ..	2745,00	4701,15	2233,85	2420,00	12100,00	„	12100,00
47	Sigurður Thoroddsen, 11. landsk. þm.	1875,00	3213,45	1526,54	1653,75	8268,74	„	8268.74
48	Sigurður Þórðarson, 1. þm. Skagf.	2835,00	4857,75	2307,83	2500,15	12500,73	2750,00	15250,73
49	Sigurjón Á.Ólafsson, 4.(vara)þm.Reykv.	690,00	1199,10	566,73	613,96	3069,79	„	3069.79
50	Skúli Guðmundsson, þm. V.-Húnv. ..	2775,00	4754,55	2258,86	2447,10	12235,51	2150,00	14385,51
51	Stefán Jóh. Stefánsson, 4. þm. Reykv.	2055,00	3502,05	1667,12	1806,04	9030,21	„	9030,21
52	Steingr. Aðalsteinsson, 4. landsk. þm.	2805,00	4804,35	2282,81	2473,04	12365,20	4846,00	17211,20
53	Sveinbjörn Högnason, þm. V.-Sk.	2775,00	4752,15	2258,15	2446,33	12231,63	2300,00	14531,63
54	Þorsteinn Þorsteinsson, þm. Dal.	2880,00	4933,65	2344,10	2539,44	12697,19	5143,00	17840,19
55	ÞóroddurGuðmundss.,2.landsk.(vara)þm.	2805,00	4809,15	2284,25	2474,60	12373,00	5880,40	18253,40
56	Þórður Benediktsson, 2. landsk. þm., dagpeningar alla þingdaga á tímabilinu frá 12. des. 1942 til 3. marz 1945	„	„	„	„	„	„	30355,58
	Samtals	144030,00	246705,15	117220,79	126989,00	634944,94	91007,30	756307,82

[1]) Sjá nótu neðanmáls við fskj. I.

Fylgiskjal IV.

Skjöl varðandi greiðslu þingfararkaups til Þórðar Benediktssonar.

1.

Reykjavík, 22. sept. 1944.

Ég leyfi mér hér með að fara þess á leit við hæstvirta forseta Alþingis, að þeir ákveði alþm. Þórði Benediktssyni frá Vestmannaeyjum þingfararkaup fyrir kjörtímabil það, sem hann er kosinn fyrir.

Ástæður eru þær, að ég tel hinn kjörna þingmann eiga rétt á þessu, þar sem hann hefur verið kosinn, jafnvel þótt veikindi hamli þingsetu, og mun það verða viðurkennt í framkvæmdinni þegar um einmenningskjördæmakosna þingmenn er að ræða. Hinir svo nefndu landskjörnu þingmenn eru hér tiltölulega nýtilkomnir, og því ekkert fordæmi fyrir því, hversu þá skal með fara, ef slíkur þingmaður forfallast og annar kemur í hans stað.

En ég býst við, að álíta beri alla þá, sem af þjóðinni eru kosnir sem þingfulltrúar, hafa jafnan rétt á Alþingi og til allra þeirra fríðinda, sem þingið leggur til, og þar á meðal dagpeninga, þann tíma sem kosning þeirra nær til, þ. e. kjörtímabilið. Þar sem viðurkennt er, að sjúkur þingmaður úr einmenningskjördæmi eigi rétt á greiðslu þingfararkaups, virðist, ef ekki á að gera upp á milli þingmanna og meta þá minna, sem hlutfallskosnir eru, verða að viðurkenna, að sá hlutfallskosni eigi rétt á þingfararkaupi alveg óháð því, þótt annar maður taki sæti hans.

Í hinu daglega lífi kemur það oft fyrir, að starfsmenn veikjast jafnvel um lengri tíma og húsbóndinn lætur þá halda kaupi sínu, jafnvel þótt hann verði að kaupa aðra í þeirra stað.

Þá mun það ekki óþekkt fyrirbrigði um opinbera starfsmenn bæði ríkis og bæja, að þeir haldi launum alllengi, þótt þeir veikist og aðrir vinni verk þeirra. Er þá og oft litið nokkuð á ástæður viðkomandi manns.

Þórður Benediktsson hefur lengi átt við heilsuleysi að stríða og ekki getað unnið fyrir heimili sínu, og er því næsta nauðsynlegt að líta nokkuð á þá hlið málsins. Margra ára hælisvist sökum sjúkleika hefur lagt efnahag hans í rústir, á það vil ég benda sérstaklega.

Ég vil nú fela þetta mál hæstv. forsetum Alþingis, og treysti ég á víðsýni þeirra og réttdæmi í þessu máli.

Virðingarfyllst

Jóhann Þ. Jósefsson.

2.

Alþingi, 7. okt. 1944.

Á fundi milliþinganefndar um launakjör alþingismanna, höldnum 6. þ. m., var rædd fyrirspurn forseta Alþingis til nefndarinnar varðandi greiðslu þingfararkaups til 2. landskjörins þingmanns, Þórðar Benediktssonar.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir lágu, taldi nefndin réttmætt að greiða nefndum þingmanni þingfararkaup fyrir kjörtímabil hans.

Virðingarfyllst

F. h. milliþinganefndar um launakjör alþingismanna.

Bernharð Stefánsson.

/Sig. Kristjánsson.

Forsetar Alþingis.

3.

Alþingi, 12. okt. 1944.

Á fundi þingfararkaupsnefndar 11. þ. m. var samþ. með 2:1 atkv. að mæla með því, að Þórði Benediktssyni, 2. landskjörnum þingmanni, verði greitt þingfararkaup kjörtímabil hans. Fjarverandi voru: Ásgeir Ásgeirsson og Sigurður E. Hlíðar. Hefur fyrrnefndur tjáð formanni, utan fundar, að hann geti mælt með greiðslunni með þeim fyrirvara, að settar verði sem fyrst ákveðnar reglur um greiðslu þingfararkaups í veikindaforföllum. — Síðarnefndur hefur tjáð sig andstæðan því, að greiðslan fari fram.

Virðingarfyllst.

F. h. þingfararkaupsnefndar Alþingis.

Sigurður Kristjánsson.

Forsetar Alþingis.

Eftirrit

úr gerðabók forseta Alþingis.

Árið 1944, þriðjudaginn 17. okt., áttu forsetar Alþingis fund með sér í skrifstofu þingsins. Allir á fundi.

Tekið var aftur til meðferðar erindi það frá Jóhanni alþm. Jósefssyni, dags. 22. f. m., er lagt var fram á síðasta fundi forseta, 3. þ. m., um þingfararkaup til handa Þórði Benediktssyni, 2. landsk. þm., og lesnar upp umsagnir, er forsetum hafa borizt um málið frá milliþinganefnd um launakjör alþingismanna, dags. 7. þ. m., og frá þingfararkaupsnefnd Alþingis, dags. 12. þ. m.

Vegna þeirra sérstöku atvika, að Þórður Benediktsson veiktist eftir að hann var setztur á þing og hefur ekki getað tekið þingsæti sitt síðan sakir sjúkleika, og einnig með tilliti til fjárhagsástæðna hans, samþykktu forsetar, að fengnu áliti nefnda þeirra, er að framan getur, að greiða Þórði þingfararkaup sem öðrum þingmönnum á kjörtímabilinu.

Jafnframt taka forsetar það fram, að þetta beri ekki að skoða sem neitt fordæmi fyrir slíkum greiðslum til þingmanna, er eigi sækja eða geta sótt þingfundi til langframa, og ekki heldur þingfararkaupsgreiðslu þá, sem innt hefur verið af höndum til annars sjúks þingmanns, Gísla Guðmundssonar, þm. N-Þ.

Fundi slitið.

Gísli Sveinsson.

Jörundur Brynjólfsson. Steingrímur Aðalsteinsson.

Reikningur Alþingissjóðs 1944.

(Skipulagsskrá sjóðsins er prentuð í Alþt. 1936, B. 1452—1453).

Tekjur:

1.	Eign við árslok 1943: Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	3775,43
2.	Vextir 1944 af innstæðu í Söfnunarsjóði	—	188,56
3.	Verðlaun úr Vaxtabæti Söfnunarsjóðs	—	7,52
	Samtals	kr.	3971,51

Gjöld:

	Eign við árslok 1944: Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	3971,51
	Samtals	kr.	3971,51

Skrifstofu Alþingis, 15. apríl 1945.

Jón Sigurðsson.